Hæstaréttardómar 1986 - 2. bindi

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar gallar á bls. 708, 948, 986, 1005, 1033, 1050, 1208, 1214, og 1229 á prenteintaki.
Minniháttar galli á bls. 884 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1986

Efnisskrá til bráðabirgða

2. hefti

Bls.

Ábyrgð stjórnarmanna 1371
Ábyrgð vátryggjenda 1121
Aðfinnslur 822
Aðild 799, 916
Áfengislög 966, 1258, 1613
Áfrýjun 768, 779, 780, 793, 1284
Ákæra 750, 980, 1258
Alm. hegningarlög, 94. gr. 1287
Alm. hegningarlög, 200. gr. 1427
Alm. hegningarlög, 209. gr. 1613
Alm. hegningarlög, 220. gr. 847
Alm. hegningarlög, 221. gr. 847
Arfur 958, 962
Atvinnurekendur, skylda til greiðslu opinberra gjalda 1241
Ávana- og fíkniefni 675, 900
Bifreiðar:
a) einkamál 840, 1128, 1422
b) opinber mál 728, 971, 1258, 1507
Björgun, björgunarsamningur 941
Blóðrannsókn, bifreiðar 971, 1258, 1507
Brenna 1071
Brot í opinberu starfi 1258
Brottvikning úr starfi 1695
Börn 780, 1613
Dómkvaðning matsmanna 668, 691
Dómsátt úr gildi felld 1608
Eignarupptaka 675, 993, 1258
Endurgreiðsla 1219
Erfðaskrá, skýring á 1626
Farbann 777
Farmflutningar 916
Farmskírteini 916
Fasteign 808, 1109, 1386
Fasteignakaup 1109, 1702, 1742, 1759, 1770
Félög 1095
Firma 770
Fjárdráttur 722
Fjárnám 1068, 1681, 1683
Fjársvik 657, 750, 1064, 1613, 1666
Fjölbýlishús 808

Bls.
Fógetaréttur, valdsvið 1434
Framburður, rangur 722
Framleiguréttur 1386
Frávikning úr starfi 1534
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 799, 880, 927, 980, 1231, 1686, 1688
b) frá Hæstarétti 671, 779, 780, 793, 1118, 1241
Frestur 704, 779, 896, 1118, 1610, 1611, 1625
Fyrirvari 1219
Fyrning 742
Gallar 1702, 1770
Geðheilbrigðisrannsókn 673, 956
Gjafsókn 1657
Gjaldþrotalög 762, 1154, 1161, 1168
Gjaldþrotaskipti 1455, 1464, 1492
Greiðslustöðvun 699, 762, 1511
Gæsluvarðhald 673, 678, 680, 688, 689, 697, 740, 806, 905, 907, 910, 914, 935, 956, 1030, 1051, 1053, 1151, 1385, 1453, 1532, 1623, 1668
Hafning máls 1033, 1230
Hald 1034, 1149, 1214
Heimvísun 721, 818, 835, 1141, 1513, 1621
Heiti 770
Hlutafélög 1371
Húsaleiga 1386
Húsleit 1119
Höfundaréttur 993
Iðgjald, greiðsla 1121
Innsetningargerð 1434
Ítrekun 1507
Kaupgjaldsmál 822, 1248
Kosningarréttur 935
Kröfugerð 1410, 1414, 1418
Kröfulýsing 1105
Kröfulýsingarfrestur 1154, 1161, 1168, 1455, 1464
Kvaðaarfur 958, 962
Kvittun 1128
Kærufrestur 1385
Kærumál:
1) Áfrýjun, þýðing 768
2) Dómkvaðning matsmanna 668, 691
3) Dómsátt úr gildi felld 608
4) Farbann 777
5) Frávísun frá héraðsdómi 880, 1231, 1686
6) Frestur 704
7) Geðheilbrigðisrannsókn 673, 956
8) Gjaldþrotalög 762, 1154, 1161, 1168
9) Gjaldþrotaskipti 1455, 1464
10) Greiðslustöðvun 699, 762, 1511
11) Gæsluvarðhald 673, 678, 680, 688, 689, 697, 740, 806, 905, 907, 910, 914, 935, 956, 1030, 1051, 1053, 1151, 1385, 1453, 1532, 1623, 1668
12) Hald 1034, 1149, 1214
13) Heimvísun 1141

Bls.
14) Húsleit 1119
15) Kröfulýsingarfrestur 1154, 1161, 1168, 1455, 1464
16) Kærufrestur 1385
17) Matsmenn, dómkvaðning 668, 691
18) Ómerking 1141
19) Réttarfarsvítur 1119
20) Sératkvæði 1034, 1141, 1149, 1154, 1161, 1168, 1214
21) Skjöl, hald á 1034, 1214
22) Trygging 777
23) Útburðargerð 768
24) Verðmæti, hald á 1149
25) Vitnaskylda 1686, 1688
26) Þinglýsing 877, 1275
Laun í veikindaforföllum 1248
Lausafjárkaup 1011, 1436, 1671
Leiga 1551, 1564, 1571, 1576, 1580, 1585, 1589, 1594
Lífeyrissjóðir 1055
Lífsgjöf 1043
Líkamsárás 847, 884, 983, 1287
Líkamstjón 1128, 1601
Lögbann 993
Lögsaga 916
Lögtak 958, 962, 1241, 1361, 1633
Málamyndagerningur 1551, 1564, 1571, 1576, 1580, 1585, 1589
Málskostnaður 1033, 1230, 1258, 1410, 1414, 1418
Manndráp 1071
Matsmenn, dómkvaðning 668, 691
Meðdómendur 1513
Misneyting 1318
Myndbandssnælda 993
Nauðgun 1427
Neyðarvörn 1287
Nytjastuldur 1184
Okur 1723
Ómaksbætur 672, 821, 1406, 1407, 1409
Ómerking 721, 799, 818, 835, 927, 980, 1141, 1513, 1621
Opinber gjöld 1241
Opinberir starfsmenn 1258, 1534, 1657
Opinbert starf, brot í 1258
Rán 1482
Rangur framburður 722
Réttarfar 721, 1434
Réttarfarsvítur 1119, 1551, 1564, 1571, 1576, 1580, 1585, 1589, 1594
Reynslulausn 750
Riftun 1109, 1492, 1498, 1702
Sakarkostnaður 1258
Sameign 742, 1386, 1551, 1564, 1571, 1576, 1580, 1585, 1589, 1594
Sameignarfélög 1498
Samningar 1176, 1473, 1498
Sératkvæði 706, 714, 770, 793, 803, 835, 927, 935, 958, 962, 980, 983, 1004, 1022, 1034, 1043, 1055, 1095, 1121, 1128, 1141, 1149, 1154, 1161, 1168, 1206, 1214, 1284, 1287, 1361, 1371, 1422, 1473, 1601, 1657, 1666, 1702, 1723, 1742, 1759, 1770

Bls.
Sjálfskuldarábyrgð 1105
Sjómannalög 757, 1248, 1252
Sjómenn 757, 1695
Sjóveð, sjóveðréttur 757, 1695
Skaðabótamál, skaðabætur 742, 780, 884, 916, 1128, 1206, 1318, 1371, 1422, 1427, 1534, 1601, 1702
Skattar 706, 714, 958, 962, 1022, 1095, 1361, 1396
Skilorð 682, 1280, 1507
Skiptamál 835
Skírlífisbrot 682, 1427
Skjalafals 1515
Skjöl, hald á 1034, 1214
Skuldajöfnuður 1109, 1436
Starfsheiti, lögverndun 927
Stjórnarskrá 706, 714
Stjórnsýsla 1657
Svik 974
Söluhagnaður 1022
Söluskattur 1653
Sönnun 728, 1176, 1236
Tékkar, tékkalagabrot 657, 1064, 1318
Tolllög 1258
Tómlæti 770
Trygging 777
Tryggingarbréf 1410, 1414, 1418
Umboð 1671
Umferðarlög 728, 971, 1258, 1507
Umferðarréttur 808
Ungmenni 1613
Uppboð 793, 1349
Uppboðsafsal 803
Uppsögn 1690
Útburðargerð 671, 768
Útivistardómar, útivist 672, 821, 938, 939, 940, 1033, 1224, 1225, 1226, 1227, 1228, 1229, 1230, 1406, 1407, 1408, 1409, 1609
Vátrygging 840, 1121, 1236
Vátryggingarsamningar 1004
Veðskuldabréf 1349
Veiðiréttur 1473
Veikindaforföll, laun 1248
Verðbreytingarfærsla 1095, 1396
Verðmæti, hald á 1149
Verðtrygging 1742, 1759
Verkfall 1206
Verksamningar 896, 1541
Vextir 1770
Viðtökudráttur 1011
Viðurkenningardómur 927
Vinnusamningar 757, 1252, 1520, 1690, 1695
Vitnaskylda 1686, 1688
Víxlar 1410, 1414, 1418
Þinglýsing 877, 1275, 1551, 1564, 1571, 1576, 1580, 1585, 1589, 1594
Þjófnaður 847, 974, 1071, 1184, 1280, 1515, 1677

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXVII. árgangur. 2. hefti. 1986

Mánudaginn 24. mars 1986.

Nr. 101/1985. **Ákæruvaldið**
(Jónatan Sveinsson saksóknari)
gegn
Pétri Einarssyni
(Örn Clausen hrl.)

Fjársvik. Tékkalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var með stefnu 17. apríl 1985 áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. f.m.

I. Ákæra 23. nóvember 1983.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn er varða þessa ákæru. Meðal þeirra er vottorð Ragnars Halldórs Hall skiptaráðanda um að bú Framtíðarhúsa h/f hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar 30. mars 1983. Vottorði skiptaráðandans fylgja ýmis gögn. Þá hefur verið lagt fram afrit af skeyti Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns til ákærða, sendu 7. október 1982, þar sem hann krefur ákærða um endurgreiðslu á fé því sem hann hafi komist yfir frá Róbert Alfreðssyni vegna verksamnings um Hagaland 14, svo og svarskeyti ákærða. Þá hafa skýrslur verið teknar eftir uppsögu héraðsdóms af vitnunum Ómari Kristvinssyni, Emmu Þórunni Blomsterberg, Róbert Erni Alfreðssyni og Kristni Einarssyni hæstaréttarlögmanni, og voru ákærði og verjandi hans viðstaddir yfirheyrslurnar.

Ákærði, sem haft hafði milligöngu um kaup Ómars Kristvinssonar og Emmu Þórunnar Blomsterberg á húseign af Róbert Erni Alfreðssyni, fékk Emmu Þórunni nokkru eftir að kaupin voru gerð til þess að afhenda sér víxla að fjárhæð samtals 350.000,00 krónur er ganga skyldu upp í kaupverð eignarinnar. Ekki verður séð að ákærði hafi haft samráð við seljandann um þessar greiðslur og ekkert umboð hafði hann til þess að kalla eftir þeim. Þá verður að telja sannað að hann hafi ekki staðið Róbert Erni skil á fé því er hann fékk fyrir víxlana. Ákærði, sem hefur haldið því fram að féð hafi runnið til Róberts Arnar, þannig að það hafi komið fram sem greiðslur frá Róbert til Framtíðarhúsa h/f, hefur enga grein gert fyrir því hvernig það hafi gerst, og samkvæmt gögnum frá skiptaráðanda er ekki í bókhaldsgögnum Framtíðarhúsa h/f að finna neinn viðskiptareikning Róberts Arnar. Um tvo af víxlum Emmu Þórunnar, þá er féllu í gjalddaga 15. desember 1982 og 15. janúar 1983, er sannað að Útvegsbanki Íslands keypti þá af ákærða, sbr. kaupnótu bankans 9. nóvember 1982.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður að líta svo á að ákærði hafi fengið Emmu Þórunni til þess að afhenda sér víxlana með því að vekja hjá henni þá hugmynd að hún væri þannig að greiða af skuld sinni samkvæmt kaupsamningnum en fyrir ákærða hafi vakað að nota andvirði víxlanna í eigin þarfir, svo sem kom á daginn. Ber þannig að refsa ákærða að þessu leyti fyrir fjársvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ákæra 28. mars 1984.

Í héraði var ákærði sýknaður af fyrra þætti þessarar ákæru er laut að fjársvikum í viðskiptum við Sóma s/f. Fyrir Hæstarétti hefur verið lýst yfir því af hálfu ákæruvalds að krafist sé staðfestingar á þessu dómsákvæði. Að svo vöxnu máli verður því eigi haggað.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærði hafi unnið til refsingar samkvæmt 73. gr. laga nr. 94/1933 sbr. lög nr. 35/1977 með því að nota í viðskiptum þá fjóra tékka sem um ræðir í síðara þætti þessarar ákæru, en tékkarnir reyndust án innistæðu við sýningu.

Samkvæmt bréfi Útvegsbanka Íslands til Rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 7. þ.m., sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, hefur ákærði greitt kröfu bankans sem dæmd var í héraðsdómi. Af hálfu ákærða hefur þess verið krafist, að verði hann sakfelldur fyrir notkun tékka þeirra sem um ræðir í þessum þætti ákæru, verði ákvæði héraðsdóms um bætur til handa Arnmundi Backman hæstaréttarlögmanni og Jóni Ingólfssyni héraðsdómslögmanni staðfest. Héraðsdómur dæmdi bætur til Arnmundar Backman ásamt dráttarvöxtum, án þess að tilgreina vaxtafót nánar, og hann var heldur eigi tilgreindur í kröfunni. Verður að ómerkja þetta vaxtaákvæði héraðsdóms og vísa vaxtakröfunni frá héraðsdómi. Að öðru leyti verður þetta fébótaákvæði dómsins staðfest, þó þannig að bætur verða dæmdar Trésmiðafélagi Reykjavíkur, en lögmaðurinn gerði kröfuna fyrir hönd félagsins. Bótakrafa Jóns Ingólfssonar var gerð fyrir hönd Völundar h/f, og með þeirri athugasemd má staðfesta úrlausn héraðsdóms um þá kröfu, þó svo að vextir verði þeir er í dómsorði greinir.

III. Viðurlög.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun svo sem þau eru ákveðin í héraðsdómi. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Einarsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði greiði Trésmiðafélagi Reykjavíkur 13.806,00 krónur. Einnig greiði ákærði Völundi h/f 15.305,00 krónur ásamt mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 12. nóvember 1982 til greiðsludags, og skulu vextir vera þeir er Seðlabanki Íslands ákveður hverju sinni, þó eigi hærri en 5% á mánuði.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar í héraði, þar með talin málsvarnarlaun eins og þau eru ákveðin í héraðsdómi. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknar-

laun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. mars 1985.

Ár 1985, föstudaginn 15. mars, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 191/1985: Ákæruvaldið gegn Pétri Einarssyni, sem tekið var til dóms 4. þessa mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 23. nóvember 1983, gegn ákærðum, „Pétri Einarssyni forstjóra, Brúarenda við Starhaga í Reykjavík, fæddum 11. janúar 1929 í Reykjavík, fyrir fjársvik en til vara fyrir fjárdrátt, með því að hafa þann 20. maí 1982 fengið Emmu Blomsterberg, Breiðvangi 4, Hafnarfirði, til að samþykkja og afhenda sér þrjá víxla samtals að fjárhæð kr. 350.000,00, kr. 100.000,00 í gjalddaga 15. september 1982, kr. 100.000,00 í gjalddaga 15. desember 1982 og kr. 150.000,00 í gjalddaga 15. janúar 1983, með því að vekja hjá henni ranglega trú um að hún væri þar með að inna af hendi gildar greiðslur á sömu gjalddögum og víxlarnir upp í kaupsamning, dagsettan 18. maí 1982, við Róbert Örn Alfreðsson um 4ra herbergja íbúð í Breiðvangi 4, sem fasteignasalan Húsamiðlun sf., Templarasundi 3, Reykjavík, sem ákærði rak, hafði haft milligöngu um. Ákærði, sem hafði enga heimild til að ganga eftir greiðslunum með framangreindum hætti, gaf síðan sjálfur út víxlana og seldi þá í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, og hagnýtti sér andvirði þeirra, en nefnd Emma og eiginmaður hennar, Ómar Kristvinsson, voru síðan krafin um þessar sömu greiðslur á gjalddögum þeirra samkvæmt kaupsamningnum af lögmanni seljandans.

Framanlýst háttsemi ákærða telst aðallega varða við 248. gr. en til vara við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málið er einnig höfðað á hendur ákærðum með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 28. mars 1984, „fyrir fjársvik og tékkasvik, svo sem hér verður nánar rakið:

I. *Fjársvik.*

Ákærða er gefið að sök að hafa þann 29. júlí 1982, í nafni Íslensk-Kanadíska Verslunarfélagsins hf., Reykjavík, þar sem ákærði var bæði stjórnarformaður og framkvæmdastjóri með prókúruumboði, selt firmanu Sóma sf., Hamraborg 10, Kópavogi, 100 kassa af svokölluðum hamborg-

ararelish fyrir kr. 51.596,40 og fengið söluverðið þá þegar greitt í formi tveggja víxla, samþykktum af kaupanda í gjalddaga 15. september og 15. nóvember 1982, en þá sviksamlega leynt því, að hann hafði þá ekki tök á að afhenda vöruna nema að hluta, þ.e. 15 kassa, en 85 kassa hefur kaupandinn eigi fengið afhenta en ákærði eigi að síður hagnýtt sér andvirði víxlanna, sem kaupandi hefur báða greitt.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. *Tékkasvik.* (sic)

Þá er ákærða gefið að sök að hafa á árinu 1982 gefið út og notað í viðskiptum eftirgreinda tékka í nafni Íslensk-Kanadíska Verslunarfélagsins á tékkareikning þess nr. 2853 við Útvegsbanka Íslands, Austurstræti 19, Reykjavík, án þess að nægileg innistæða væri fyrir hendi á reikningnum, þegar tékkarnir voru gefnir út eða sýndir í greiðslubankanum, sem lyktaði með því, að reikningnum var lokað vegna misnotkunar þann 29. október 1982.

1. Tékki nr. 1552167, að fjárhæð kr. 6.778,00, dagsettur 27. október 1982, útgefinn til Kristjáns Sigurðssonar, Vesturvangi 28, Hafnarfirði, til greiðslu á vinnulaunum.

2. Tékki nr. 1552168, að fjárhæð kr. 7.028,00, dagsettur 27. október 1982, útgefinn til Jóns Jóelssonar, Reynimel 48, Reykjavík, til greiðslu á vinnulaunum.

3. Tékki nr. 1552163, að fjárhæð kr. 71.000,00, útgefinn 20. október 1982 til handhafa og afhentur lögfræðideild Útvegsbanka Íslands til greiðslu á skuld við Ómar Kristvinsson, nnr. 6898-0097, sem jafnframt framseldi tékkana.

4. Tékki nr. 1552165, að fjárhæð kr. 15.305,00 með útgáfudagsetningunni 10. nóvember 1982, gefinn út til Timburverslunarinnar Völundar til greiðslu á verslunarskuld.

Framanlýst atferli ákærða, sem lýst er í II. kafla hér að framan, telst varða við 73. gr. laga um tékka nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

III. *Dómkröfur.*

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærðs hefur hann sætt kærum og refsingum svo sem hér segir:

[Sakavottorð ákærða tilgreinir fimm refsidóma, þar af tvo fyrir brot gegn 248. og 261. gr. alm. hegningarlaga (1964 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi og 1972 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi) og auk þess 10 sektir samkvæmt dómsátt, þar af eina (1971) fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga.]

— — —

Málsatvik eru þessi:

I.

Hinn 18. maí 1982 var á skrifstofu fasteignasölunnar Húsamiðlunar sf. að Templarasundi 3 í Reykjavík gerður kaupsamningur um 4 herbergja íbúð í húsinu Breiðvangi 4 í Hafnarfirði. Ákærður rak fasteignasöluna á þessum tíma og annaðist samningsgjörðina. Seljandi var skráður Róbert Örn Alfreðsson og kaupandi Ómar Kristinsson, en rétt nafn hans er Ómar Kristvinsson.

Kaupverð íbúðarinnar var krónur 1.150.000. Emma Þórunn Blomsterberg, eiginkona nefnds Ómars, en þau hjón voru búsett á Akureyri, greiddi að nokkru við undirskrift og að nokkru tveim dögum síðar krónur 200.000 upp í kaupverðið. Róbert Örn ritaði kvittun fyrir fjárhæðinni og lét hana þá þegar renna til fyrirtækisins Framtíðarhúsa hf. sem ákærður veitti forstöðu. Fyrirtæki þetta hafði tekið að sér að reisa einbýlishús fyrir Róbert Örn að Hagalandi 14 í Mosfellssveit. Jafnframt samþykkti Emma Þórunn þrjá víxla samtals að fjárhæð krónur 350.000 og fékk samtímis í hendur kvittun undirritaða af ákærðum fyrir hönd Húsamiðlunar sf., þar sem skýrt kemur fram, að um sé að ræða víxla til efnda á tilgreindum greiðsluliðum samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 19. (sic) maí 1982, um íbúð Róberts Arnar Alfreðssonar að Breiðvangi 4. Ákærður ritaði nafn sitt sem útgefanda á alla víxlana og seldi þá í Útvegsbanka Íslands, hinn fyrsta þeirra, að fjárhæð krónur 100.000, hinn 1. júlí 1982, og var hann greiddur hinn 22. október 1982. Hina tvo, samtals að fjárhæð krónur 250.000, seldi ákærður bankanum hinn 20. september 1982, og voru þeir báðir greiddir hinn 17. desember sama ár. Í kaupsamningnum frá 18. maí 1982 kemur ekki fram á hvern hátt eða hvar greiðslur þessar, að fjárhæð krónur 350.000, skyldu goldnar.

Samkvæmt kvittunum, sem lagðar hafa verið fram í málinu, greiddi Ómar Kristvinsson síðan Róbert Erni Alfreðssyni að kröfu hans krónur 115.000 hinn 25. febrúar 1983, krónur 100.000 hinn 10. maí 1983 og krónur 90.000 hinn 8. júní 1983. Í öllum kvittunum er tekið fram að fjárhæðirnar séu inntar af hendi með þeim fyrirvara að fasteignasalan Húsamiðlun sf. hafi ekki haft nægilegt umboð til að veita viðtöku víxlum samkvæmt kvittun fasteignasölunnar, dagsettri 20. maí 1982.

Hjónin Emma Þórunn Blomsterberg og Ómar Kristvinsson hafa þannig tvígreitt krónur 305.000 af umsömdu kaupverði íbúðarinnar að Breiðvangi 4 í Hafnarfirði, þrátt fyrir að þau hefðu undir höndum kvittun fasteignasölunnar, sem kaupin annaðist, þess efnis að greiðslurnar hefðu þegar verið reiddar af höndum.

Lagður hefur verið fram í málinu ódagsettur verksamningur um byggingu

hússins nr. 14 við Hagaland í Mosfellssveit. Samningur þessi er undirritaður af Róbert Erni Alfreðssyni sem verkkaupa og ákærðum f.h. Framtíðarhúsa hf. sem verktaka. Orðrétt hljóðar 6. gr. samningsins þannig: „fyrir verkið greiðir verkkaupi kr. 1.400.000.- fyrir Húsið, ásamt lóð þannig: A. Samkv. kaupsamningi dags. 18. maí 1982 milli verkkaupa og Ómars Kristinssonar á Breiðvangi 4. Hafnarfirði. — B. Húsnæðismálalán — C. Endanlegt uppgjör fer fram á milli aðilja síðar."

Vitnið Emma Þórunn Blomsterberg húsmóðir, Breiðvangi 4, Hafnarfirði, kvað Ómar eiginmann sinn hafa átt tal við ákærðan í síma áður en af kaupum varð og óskað eftir breytingum á greiðslukjörum þeim sem áður hafði verið rætt um. Taldi ákærður ekkert því til fyrirstöðu þar sem hann ætti að fá greiðslurnar, en óskaði jafnframt eftir, að samþykktir yrðu víxlar fyrir þremur fyrstu afborgunum. Um leið og kaupsamningur var undirritaður sagðist vitnið hafa spurt ákærðan hvenær ganga ætti frá víxlunum, og hafi hann sagt best að ganga frá þeim þegar vitnið kæmi með viðbótargreiðslu tveim dögum síðar. Vitnið kvaðst ekki vita hvort Róbert Örn Alfreðsson hafi heyrt þessi orðaskipti, „því hann hafi einskis spurt". Vitnið taldi fullvíst að ákærður hefði haft heimild til að veita víxlunum viðtöku sem greiðslum þar sem það vissi að seljandi íbúðarinnar hafi verið að kaupa innflutt hús af ákærðum. Vitnið kvaðst hafa fengið íbúðina afhenta hinn 1. september 1982 og stuttu síðar borist tilkynning frá Útvegsbankanum um gjalddaga fyrsta víxilsins. Nokkru seinna hafi Róbert Örn hringt og gengið eftir greiðslu afborgana af íbúðinni. Vitnið kvaðst hafa sagt honum að búið væri að greiða afborganirnar með víxlum, en hann hafi ekkert sagst vita um þá víxla. Síðar hafi lögfræðingur á vegum Róberts Arnar krafið þau hjónin um greiðslur samkvæmt kaupsamningi, og hafi þau reynt að greiða þær eftir getu. Voru hér um sömu greiðslur að ræða og þau höfðu áður greitt með víxlunum.

Vitnið Róbert Örn Alfreðsson verkstjóri, Hagalandi 14, Mosfellssveit, kvaðst við undirskrift kaupsamningsins á fasteignasölu ákærðs hafa ráðstafað þeim 200.000 krónum, sem þá guldust, á þann hátt sem að framan er rakið. Við undirritunina hafi ekkert verið rætt um hvar eða hvernig aðrar greiðslur samkvæmt kaupsamningnum færu fram. Vitnið kvaðst ekkert annað hafa haft í huga en kaupendur íbúðarinnar, Ómar og Emma Þórunn, létu vitnið vita þegar þau væru tilbúin með greiðslu og það gæti þá vitjað hennar til þeirra eða á fasteignasöluna. Aldrei hafi verið rætt við vitnið um að greiðslur yrðu í formi víxla. Vitnið kvaðst þá fyrst hafa komist að því að greitt hefði verið með víxlum þegar það hafi farið að lengja eftir greiðslu og haft samband við kaupendur íbúðarinnar. Hafi vitnið þá snúið sér til lögfræðings og falið honum að fá greiðslur þær frá ákærðum sem

hann hafði fengið með víxlunum, og jafnframt hafi lögfræðingurinn krafið kaupendur íbúðarinnar um greiðslur samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins.

Um sama leyti og vitnið var að selja íbúðina að Breiðvangi 4 kvaðst það hafa verið að kaupa lóð af fyrirtæki sem ákærður veitti forstöðu, og hafi hann jafnframt átt að sjá um byggingu húss á lóðinni en vitnið greiða honum að því er það minnti krónur 1,4 milljónir í gagngjald. Vitnið kvaðst hafa haft í huga að greiða ákærðum fjárhæð þessa eftir því sem verkinu miðaði áfram og hafa ætlað að nota fjárhæðir þær sem inn kæmu fyrir sölu íbúðarinnar við Breiðvang til þessa, en framkvæmdir hefðu orðið stopular af hendi ákærðs. Vitnið hefði því rift samningnum við Framtíðarhús hf. í desembermánuði 1982.

Í bréfi ríkissaksóknara til dómsins, dagsettu hinn 23. nóvember 1983, er eftirfarandi tekið fram: „Varðandi ætlaðan hlut Róberts Arnar Alfreðssonar, Bakkaseli 20, Reykjavík, í máli þessu, þá er eigi krafist frekari aðgerða að því er hann varðar."

Ákærður hefur staðfastlega haldið fram að jafnframt því sem Róbert Örn hafi falið sér að annast sölu íbúðarinnar að Breiðvangi 4 hafi hann falið ákærðum fjármögnun framkvæmda að Hagalandi 14, og greiðslur fyrir íbúðina átt að greiðast til Húsamiðlunar sf. en síðan yrðu þær yfirfærðar til Framtíðarhúsa hf. Ákærður fullyrti að hann hefði fært andvirði víxla þeirra, sem málið snýst um, á viðskiptareikning Róberts Arnar hjá Framtíðarhúsum hf., og fjárhæðir þeirra hafi runnið til byggingaframkvæmda í þágu Róberts Arnar að Hagalandi 14. Ákærður staðhæfði að Róbert Erni hefði verið fullkunnugt um víxlana sem og á hvern hátt andvirði þeirra var ráðstafað.

Frekari könnun hefur ekki farið fram á fjárskiptum þeirra ákærðs og Róberts Arnar Alfreðssonar.

Bókhald fyrirtækjanna Húsamiðlunar sf. og Framtíðarhúsa hf. að því er varðar viðskipti þessi hefur ekki sætt rannsókn.

Gegn eindreginni neitun ákærðs og með vísan til viðskiptatengsla hans og Róberts Arnar Alfreðssonar og vættis Emmu Þórunnar Blomsterberg og annarra þeirra gagna sem rakin hafa verið hér að framan verður ekki talið að lögfull sönnun sé fram komin fyrir því að ákærður hafi gerst sekur um háttsemi þá sem hann er sakaður um. Ber þannig að sýkna hann af refsikröfu ríkissaksóknara í ákæru, dagsettri 23. nóvember 1983, fyrir brot gegn 248. og 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Skaðabótakrafa hefur ekki verið gjörð í máli þessu, en Þórður S. Gunnarsson hæstaréttarlögmaður kærði í upphafi málið til Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Ríkissaksóknari hefur ekki óskað eftir frekari rannsókn varðandi ákæru-

lið þennan, og slík ósk hefur ekki komið frá ákærðum eða verjanda hans.

Almennt verður að gera ráð fyrir að ákæru ríkissaksóknara fylgi þau sönnunargögn, sem unnt er að afla á frumstigi og til stuðnings lúta kröfum þeim sem hann vill koma fram, en hann geti ekki vænst þess að dómari málsins, jafnvel án atbeina hans eða kröfu, eigi á síðara stigi máls frumkvæði að öflun þeirra, ákærðum til sakfellis. Ekki síst á þetta við þegar játning liggur ekki fyrir. En dómari hlýtur að skirrast við að seilast um of inn á rannsóknarvaldsvið ríkissaksóknara og rannsóknarlögreglu, enda þá vísast að hæfni hans til að kveða upp óvilhallan dóm í málinu skerðist.

Með dómi sakadóms, sem upp var kveðinn hinn 9. janúar 1984, var máli samkvæmt ákærulið þessum ex officio vísað frá dómi. Með því vildi dómarinn veita ríkissaksóknara kost á að afla fyllri sönnunargagna, en frumrannsókn málsins var ekki talin viðhlítandi.

Ríkissaksóknari hlutaðist ekki til um frekari rannsókn málsins en kærði frávísunardóminn þess í stað til Hæstaréttar Íslands, sem taldi frumrannsókn málsins viðunandi.

Jafnframt höfðaði ríkissaksóknari fyrir Hæstarétti mál gegn dómaranum persónulega. Dómaranum er ekki kunnugt um hvaða sökum hann var borinn, en samkvæmt 20. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála fer ríkissaksóknari með ákæruvaldið og í 1. gr. sömu laga segir að öll þau mál, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laganna. Sjálfur taldi dómarinn sig vera að skera úr um réttarfarsatriði, og er þess að vænta að dómara fýsi lítt að fjalla um þau eftirleiðis, eigi þeir sjálfir yfir höfði sér málshöfðun fyrir vikið.

Í Hæstarétti, en dóm þar kváðu upp hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen, hlaut mál þetta þannig endurskírn hinn 2. mars 1984. Breyttist frá því að heita: „Ákæruvaldið gegn Pétri Einarssyni", eins og lögskylt er samkvæmt 120. gr. laga nr. 74, 1974, og fékk nafngiftina: „Ríkissaksóknari gegn Ármanni Kristinssyni sakadómara og Pétri Einarssyni". Var dómaranum þar með skipað á sama bekk og ákærðum í málinu. Dómara er ekki ljóst á hvaða lagarökum nafnbreyting þessi er reist.

Til álita hlýtur af þessum sökum að koma hvort dómaranum beri að víkja sæti að því er varðar ákærulið þennan, en samkvæmt 1. tl. og 7. tl. i.f. 36. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74, 1974 þykja eftir öllum atvikum ekki alveg nægjanleg rök hníga til þess og hefur því efnisdómur verið kveðinn upp.

II.

Hinn 15. desember 1982 kom á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins maður að nafni Bjarni Sveinsson og skýrði frá því að hann hefði hinn 29.

júlí 1982 samið við ákærðan um að kaupa „af honum eða fyrirtæki hans" varning, svo sem nánar er rakið í I. kafla ákæru, dagsettrar 28. mars 1984.

— — —

Fram er komið, að ákærður annaðist ekki sjálfur sölu þá, sem um er fjallað í ákæru. Að öðru leyti eru atvik máls þessa í ýmsum atriðum óljós. Í refsimáli gegn ákærðum verður talið varhugavert að líta svo á, að nægar sannanir séu fram komnar fyrir því, að ákærður hafi gerst sekur um hátt-semi þá, sem í ákæru er lýst, og verður hann því sýknaður af refsikröfu ákæruvalds. Með vísan til 146. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála verður af sömu sökum eigi í máli þessu dæmt um skaðabætur varð-andi ákærulið þennan.

III.

Ákærður hefur skýlaust játað að hann hafi á tímabilinu frá 20. október til 10. nóvember 1982 gefið út fjóra tékka á reikning nr. 2853 við Útvegs-banka Íslands, samtals að fjárhæð krónur 100.111, og notað þá í viðskipt-um enda þótt innistæða reikningsins væri eigi nægileg til að mæta greiðsl-um þeirra, allt svo sem rækilega og réttilega er lýst í II. kafla ákæru, dag-settrar 28. mars 1984.

Af hálfu ákærðs hefur því verið haldið fram að hann hafi á þessum tíma átt innistæður á öðrum reikningum bankans til að greiða nefnda tékka með. Bankastarfsmenn, sem yfirheyrðir voru í málinu, báru að þeir fjármunir hafi verið til tryggingar öðrum og óskyldum fjárskuldbindinum ákærðs.

Samkvæmt 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35, 1977 bar ákærðum að sjá til þess að fullnægjandi innistæða væri fyrir hendi á reikningi þeim sem hann gaf tékkana út á.

Með eigin játningu ákærðs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað að hann hafi gerst sekur um brot gegn nefndu ákvæði tékka-laga, og þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 30 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Arnmundur Backman héraðsdómslögmaður hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærðs að fjárhæð krónur 13.806 auk dráttarvaxta eins og þeir eru á hverjum tíma frá 27.10. 1982 til greiðsludags og kr. 110 í innheimtu-kostnað. Ákærður samþykkti kröfuna sem tekin verður til greina að undan-skildum innheimtulaunum.

Útvegsbanki Íslands hefur krafið ákærðan skaðabóta að fjárhæð krónur 71.000 með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 22. október 1982 til 1. nóvember s.á., en með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags. Ákærður hefur mótmælt skaðabóta-

kröfunni. Þar sem krafan er nægilega rökstudd verður ákærður dæmdur til greiðslu hennar, þó þannig að dráttarvextir verði eigi hærri en heimilt er á hverjum tíma.

Loks hefur Jón Ingólfsson héraðsdómslögmaður krafist skaðabóta úr hendi ákærðs að fjárhæð krónur 15.305 með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 12.11. 1982 til greiðsludags. Ákærður samþykkti kröfuna og verður hann dæmdur til að greiða hana, þó þannig að dráttarvextir verði eigi hærri en heimilt er á hverjum tíma.

Með vísan til 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að dæma ákærðan til að greiða ⅓ hluta alls sakarkostnaðar og eru þar með talin 20.000 króna málsvarnarlaun Gissurar V. Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda hans, en ⅔ hlutar greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærður, Pétur Einarsson, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 30 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Ákærður greiði Arnmundi Backman héraðsdómslögmanni krónur 13.806 auk dráttarvaxta eins og þeir eru á hverjum tíma frá 27.10. 1982 til greiðsludags, Útvegsbanka Íslands krónur 71.000 með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 22.10. 1982 til 1.11. 1982, en með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags, þó þannig að dráttarvextir verði eigi hærri en heimilt er á hverjum tíma, og Jóni Ingólfssyni héraðsdómslögmanni krónur 15.305 með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 12.11. 1982 til greiðsludags, þó þannig að dráttarvextir verði eigi hærri en heimilt er á hverjum tíma.

Ákærður greiði ⅓ hluta alls sakarkostnaðar, og eru þar með talin 20.000 króna málsvarnarlaun Gissurar V. Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda hans, en ⅔ hlutar skulu greiddir úr ríkissjóði.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. mars 1986.

Nr. 75/1986. **Karl J. Steingrímsson**
gegn
Reykjavíkurborg

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 19. febrúar 1986, er barst Hæstarétti 28. febrúar, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að dómkveðja matsmenn á grundvelli matsbeiðni frá 25. nóvember 1985. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að hann hyggist leita réttar síns fyrir dómstólum vegna ágreinings við varnaraðila um land sitt, Brekku við Grafarvog. Telur hann að mat skuli fara fram á grundvelli 3.mgr. 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 og skuli matsmenn kvaddir til matsins samkvæmt almennum reglum einkamálalaga enda eigi matsnefnd eignarnámsbóta samkvæmt lögum nr. 11/1973 ekki að framkvæma mat samkvæmt því lagaákvæði.

Ekki þykja lög nr. 11/1973 standa í vegi fyrir því að sóknaraðili geti fengið dómkvadda matsmenn samkvæmt ákvæðum laga nr. 85/1936 til að leggja mat á hvort staðfest skipulag á svæði því þar sem land hans er valdi því að hann geti ekki nýtt það á þann hátt sem í 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga segir.

Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og á dómkvaðning matsmanna samkvæmt framansögðu að fara fram.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. febrúar 1986.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 4. þ.m., er beiðni Eiríks Tómassonar hrl., f.h. Karls J. Steingrímssonar, Laugarásvegi 35, Reykjavík, nnr. 5514-4818, með vísun til 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir matsmenn til þess að leysa úr þessu álitaefni:

„Hefur Reykjavíkurborg ákveðið, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, að eignarland matsbeiðanda, „Brekka við Grafarvog", skuli tekin til almenningsnota með þeim afleiðingum að matsbeiðandi geti ekki nýtt hana eins og eðlilegt er miðað við allar aðstæður, m.a. hagnýtingu fasteigna í næsta nágrenni?"

Magnús Óskarsson borgarlögmaður hefur f.h. matsþola Reykjavíkurborgar gert þær réttarkröfur, að beiðni þessari verði synjað og að matsþola verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Dómarinn leitaði sátta með aðiljum en þær reyndust útilokaðar.

Matsbeiðandi styður beiðni sína þeim rökum, að þegar erindi matsþola Reykjavíkurborgar um að matsnefnd eignarnámsbóta úrskurðaði bætur vegna holræsalagningar um landið hafi verið fyrir nefndinni, hafi matsbeiðandi einnig gert þá kröfu fyrir nefndinni að Reykjavíkurborg yrði gert skylt að kaupa eignarland hans „Brekku við Grafarvog", og jafnframt að honum yrði úrskurðað endurgjald fyrir landið á grundvelli 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Matsnefnd eignarnámsbóta hafi hafnað þessari kröfu matsbeiðanda með úrskurði uppkveðnum 10. maí 1985. Hann telji nú, eftir nánari athugun á skipulagslögum og lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms, að þetta úrlausnarefni heyri ekki undir matsnefnd eignarnámsbóta, heldur matsmenn, sem dómkveðja skuli með venjulegum hætti. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 11/1973 sé matsnefndinni ætlað að skera úr ágreiningi um eignarnámsbætur og annað endurgjald, en virðist ekki hafa verið fengið vald til þess að leysa úr öðrum álitaefnum, nema slíkt byggist á sérstakri heimild í lögunum. Í 3. mgr. 29. gr. skipulagslaga sé gert ráð fyrir því að dómkvaddir matsmenn leggi mat á það hvort fasteignareigandi geti nýtt sér fasteign sína með eðlilegum hætti. Í því mati felist ekki ákvörðun um eignarnámsbætur og þess vegna sé vafasamt að matsnefnd eignarnámsbóta hafi haft vald til þess að kveða upp úr um þetta.

Andmæli sín við beiðni matsbeiðanda styður matsþoli þeim rökum, í fyrsta lagi að mat það sem hér sé um beðið hafi þegar verið framkvæmt lögum samkvæmt. Nákvæmlega sama úrlausnarefni hafi verið lagt fyrir matsnefnd eignarnámsbóta sem kveðið hafi upp úrskurð sinn 10. maí 1985. Lögin um framkvæmd eignarnáms hafi komið í stað eldri lagaákvæða um það efni, og sé 29. gr. skipulagslaganna skýrt dæmi. Matsnefnd eignarnámsbóta komi í stað þeirra dómkvöddu matsmanna, sem áður hafi verið

tilgreindir í eldri lögum, og hún hafi fjallað um þetta mál og úrskurðað á löglegan hátt. Hér eigi því 138. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 við, og dómkvaðning matsmanna óþörf og andstæð lögum.

Í öðru lagi bendi matsþoli á, að synja bæri um dómkvaðningu matsmanna skv. 3. mgr. 29. gr skipulagslaga þar eð lagaforsendur slíks mats skorti. Ekki hafi komið til álita að taka land matsbeiðanda til almenningsnota. Frestur skv. 4. mgr. 29. gr. hafi auk þess löngu verið liðinn. Matsbeiðandi hafi og samþykkt það skipulag sem hér um ræði.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er með aðiljum að matsnefnd eignarnámsbóta hafi í úrskurði 10. maí 1985 metið það sem hér er beðið um að dómkvaddir menn meti. Hins vegar telur matsbeiðandi vafa leika á því hvort nefndin hafi í raun haft úrskurðarvald um álitaefni það sem hann nú sérstaklega tilgreinir.

Ekki verður annað séð en að matsnefnd eignarnámsbóta skv. lögum nr. 11/1973 hafi verið ætlað að koma í stað þeirra dómkvöddu manna, sem tilgreindir eru í 29. gr. laga nr. 19/1964. Mat nefndarinnar hefur farið fram og yrði dómkvaðning matsmanna því andstæð 138. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að synja um beiðni þessa, en rétt þykir að hvor aðilja beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Beiðni matsbeiðanda um dómkvaðningu matsmanna með vísan til 3. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1964 er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 25. mars 1986.

Nr. 108/1985 **Olga Björk Guðmundsdóttir og Guðrún Álfgeirsdóttir**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Guðnýju Jóhannsdóttur
(Jóhann H. Níelsson hrl.)

Útburðargerð. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Hinn áfrýjaða úrskurð kvað upp Þorsteinn S. Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. maí 1985 og krefjast þess aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur en til vara að hann verði úr gildi felldur. Þá krefjast þær málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Stefnda krafðist þess með bréfi til borgarfógetaembættisins 1. apríl 1985 að áfrýjendur yrðu ásamt sameigarfyrirtæki sínu, Ísbjörgu sf., bornar út úr húsnæði sem þær höfðu á leigu í húsnæði stefndu á Laugavegi 72 hér í borg. Hefðu þær eigi greitt leigu fyrir mánuðina janúar, febrúar og mars 1985 og eigi sinnt greiðsluáskorun sem þeim hafði verið birt 22. mars.

Málið var tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 9. apríl. Áfrýjendur mótmæltu framgangi gerðarinnar. Úrskurður fógetaréttar, sem kveðinn var upp 29. apríl 1985 af Þorsteini Thorarensen borgarfógeta, er án forsendna og hljóðar svo:

„Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda."

Fram hefur komið við flutning málsins fyrir Hæstarétti að gerð þessi fór aldrei fram og fluttust áfrýjendur úr umræddu húsnæði án þess að til hennar kæmi. Kveður lögmaður stefndu áfrýjendur hafa rýmt húsnæðið án fyrirvara hinn 20. maí 1985 og hafa eigi komið fram mótmæli gegn því af hálfu áfrýjenda.

Eins og nú er komið þykja áfrýjendur eigi hafa lögmæta hagsmuni af því að kveðið verði á um réttmæti hinnar fyrirhuguðu útburðargerðar. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 29. apríl 1985.

Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþolar greiði in solidum gerðarbeiðanda kr. 5.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför.

Miðvikudaginn 2. apríl 1986.

Nr. 77/1986. **Geir Viðar Vilhjálmsson**

gegn

Friðrik G. Friðrikssyni

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Geir Viðar Vilhjálmsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Friðrik G. Friðrikssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta 1.500,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. apríl 1986.

Nr. 118/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhanni Þórissyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 27. mars sl. er barst Hæstarétti 1. þ.m. Krefst hann þess að úrskurðinum verði hnekkt. Kæra er heimil samkvæmt 1. og 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. mars 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 27. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með vísan til 1., 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 gert þá kröfu, að kærði Jóhann Þórisson, fæddur 27. júní 1959, Miðbraut 18, Seltjarnarnesi, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. apríl nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn 232., 233. og 257. gr. alm. hegningarlaga. Jafnframt er þess krafist, að kærði verði úrskurðaður til að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn samkvæmt d-lið 2. tl. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði hefur mótmælt gæsluvarðhaldskröfunni.

Málavextir:

Kærði var í sambúð með Laufeyju Jóhannsdóttur, Álftamýri 15, Reykjavík, í um 4 ár, uns Laufey flutti frá kærða í september 1984. Hinn 15. júní 1985 ól Laufey dóttur þeirra kærða, og hefur barnið dvalið hjá móður

sinni, sem nú býr hjá foreldrum sínum. Eftir sambúðarslitin hefur kærði margítrekað veist að Laufeyju og fjölskyldu hennar, fyrst í september 1984, síðan í október og nóvember 1985 og í janúar, febrúar og mars 1986. Hann hefur haft í hótunum við fjölskyldu Laufeyjar, m.a. líflåts- og sprengjuhótunum, og ennfremur valdið margvíslegum skemmdum á eignum fjölskyldunnar. Hafa síðustu aðgerðir hans virst ofstopafyllri en áður. Auk þess hefur kærði valdið þessu fólki verulegu ónæði með símhringingum, jafnt um daga sem nætur, þar sem hann hefur m.a. haft í frammi óviðeigandi orðbragð og hótanir.

Kærði hefur ekki gefið aðrar skýringar á framkomu sinni en þær, að hann geti ekki sætt sig við hvernig forræði barns þeirra Laufeyjar er háttað og að fjölskylda hennar hafi stíað þeim í sundur.

Lögreglan hefur oft þurft að hafa afskipti af kærða af þessum sökum. Hinn 15. janúar sl. var honum veitt lögregluáminning samkvæmt 1. mgr. 232. gr. alm. hegningarlaga, en í skýrslu, sem hann gaf hjá RLR nokkru áður þann dag og hefur staðfest fyrir dómi, lýsti hann því yfir, að hann væri „staðráðinn í að ná sér niðri á þessu fólki."

Fyrir dómi í gær kvaðst kærði ætla að fela lögmanni að ná fyrir sig samkomulagi um forræði barnsins.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 232., 233. og 257. gr. alm. hegningarlaga. Kærði hefur við yfirheyrslur hjá lögreglu játað brot sín greiðlega, og eru málin þannig vaxin, að ekki þykja vera fyrir hendi skilyrði til að beita gæsluvarðhaldi á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Á hinn bóginn þykir háttsemi kærða, bæði áður og eftir að hann sætti lögregluáminningunni, svo og einbeittur og yfirlýstur vilji hans, sem fram kemur í skýrslum hans, til að vinna fjölskyldu Laufeyjar Jóhannsdóttur tjón, gefa ástæðu til að ætla, að kærði muni ekki láta af þessari háttsemi ef hann verður látinn laus meðan málum hans er ekki lokið. Þykir því rétt, með vísan til 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, að taka gæsluvarðhaldskröfuna til greina að fullu.

Framferði kærða og skýringar hans á því eru þess eðlis, að rétt þykir að taka einnig til greina kröfu RLR um að kærði verði látinn sæta geðheilbrigðisrannsókn.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhann Þórisson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. apríl 1986 kl. 17:00.

Kærði skal gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.

Fimmtudaginn 10. apríl 1986.

Nr. 34/1986. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ólafi Þorkeli Þórissyni
(Páll A. Pálsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 13. nóvember 1985 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 19. f.m.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeirri athugasemd að í stað 2. gr. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 koma nú sömu greinar reglugerðar nr. 16/1986.

Ákærða ber að dæma til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. september 1985.

Ár 1985, þriðjudaginn 10. september var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 115, Rvík., af Guðjóni St. Marteinssyni ftr., kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 321/1985: Ákæruvaldið gegn Ólafi Þorkeli Þórissyni.

Málið er höfðað á hendur Ólafi Þorkeli Þórissyni, fæddum 15. ágúst 1961, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni:

„með því að hafa 31. október 1984 keypt rúm 2,3 kg af hassi í Amsterdam og flutt efnið hingað til lands í því skyni að selja það hér á landi í hagnaðarskyni, en tollverðir fundu efnið í farangri ákærða við komu hans til Keflavíkurflugvallar 1. nóvember 1984."

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á 2,32 kg af hassi samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Sakarferill ákærða samkvæmt sakavottorði dagsettu 11. júlí 1985 þykir ekki skipta máli í máli þessu.

Verjandi ákærða flutti munnlega vörn í málinu í gærdag 9. sept. og gerði þær dómkröfur að ákærði hljóti þá vægustu refsingu er lög leyfa og að dæmd verði hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins.

Málsatvik:

Ákærði var handtekinn við komu hingað til lands 1. október 1984. Ákærði reyndist hafa í fórum sínum 2,32 kíló af hassi.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1984. Ákærði kvaðst hafa haldið til Amsterdam 25. október 1984 með tæplega 13.000 hollensk gyllini í fórum sínum. Ákærði kvað förina aðallega hafa verið farna til kaupa á bifreið í Hollandi.

Ákærði kvaðst hafa haft orð á því við unnustu sína og bróður að vegna verkfalls tollvarða gæti verið vænlegur kostur að festa kaup á fíkniefnum í Hollandi með það í huga að flytja efnin hingað til lands og selja með hagnaði.

Ákærði kvaðst hafa fest kaup á bifreið í Hollandi 31. október og kvaðst ákærði hafa haft tæplega 11.000 hollensk gyllini til ráðstöfunar er ákærði hafði greitt staðfestingargjald vegna bifreiðarkaupanna. Ákærði kvaðst þá hafa ákveðið að kaupa fíkniefni fyrir 10.500 hollensk gyllini og kvaðst ákærði hafa hitt sölumann fíkniefna á bar í Amsterdam 31. október 1984 og samið við hann um kaup á 2,4 kílóum af hassi. Efnið kvaðst ákærði hafa flutt hingað til lands falið í ferðatösku sinni og hafi ætlunin verið sú að selja efnið hér á landi.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 8. ágúst 1985 og hafði þá ekki athugasemdir fram að færa varðandi efni ákæruskjals. Ákærði kvaðst hafa fest kaup á rúmlega 2,3 kílóum af hassi í Amsterdam í lok október 1984 og flutt efnið hingað til lands í því skyni að endurselja það hér á landi.

Niðurstöður:

Dóminum þykir sannað með framburði ákærða sem rækilega er studdur af öðrum gögnum málsins að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá er í ákæru greinir. Ákærði keypti þannig 2,32 kíló af hassi í Amsterdam hinn

31. október 1984. Ákærði flutti efnið hingað til lands í því skyni að selja það hér á landi í hagnaðarskyni. Tollverðir fundu efnið í farangri ákærða við komu hans til Keflavíkurflugvallar 1. nóvember 1984.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. nú lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Ákærða verður í máli þessu gerð refsing eftir lögum nr. 13/1985, þó þannig að ekki verður beitt þyngri viðurlögum en heimil voru fyrir gildistöku laganna sbr. meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í 7 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga komi 3 dagar sem ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 2,32 kíló af hassi merkt efnaskrá nr. 1266 nú í vörslum dómsins. Vísast til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 vegna upptökunnar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað þar með talin málsvarnarlaun kr. 12.000,00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Þorkell Þórisson, fæddur 15. ágúst 1961, nú til heimilis að Glaðheimum 21 hér í borg, skal sæta fangelsi í 7 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 3 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 2,32 kíló af hassi merkt efnaskrá nr. 1266 í vörslum dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 12.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 10. apríl 1986.

Nr. 122/1986. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ásbirni Andrasyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 3. þ.m., er barst Hæstarétti 7. þ.m. og krafist þess aðallega að úrskurðurinn verði felldur úr gildi en til vara að gæsluvarðhaldsvist verði stytt. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. apríl 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 2. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að Ásbirni Andrasyni, fæddum 4.12. 1962, sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald þann 21.03. sl. og rennur út í dag kl. 17:00, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. maí nk., vegna gruns um brot gegn 2. mgr. 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Málavextir:

RLR rannsakar nú innbrot víða á höfuðborgarsvæðinu og á Suðvesturlandi nú undanfarið. Veruleg verðmæti hafa horfið úr innbrotunum, rúmlega 1.000.000,00 króna, auk verulegra skemmda sem unnar hafa verið. Kærði hefur viðurkennt að hafa í félagi við kunningja sína brotist inn á verkstæði og verkfæraverslanir þar sem þeir hafi stolið verkfærum til að

opna peningaskápa á bensínstöðvum. Síðan hafi hann ásamt vinkonum sínum brotist inn í hús ýmissa fyrirtækja og stolið m.a. ávísanaheftum og gefið út falsaðar ávísanir og selt.

Verulegt misræmi er milli fjárhæðar þeirra er kærði kveður hafa komið í sinn hlut úr innbrotunum og verðmætis þess sem horfið hefur af þeim stöðum sem brotist var inn á.

Kærði losnaði úr afplánun 30.12. sl. og hefur enga vinnu stundað en m.a. aflað sér fjár með auðgunarbrotum. Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann 6 sinnum verið sakfelldur fyrir þjófnað á árunum 1983-1985. Kærði hefur verið dæmdur samtals í 24 mánaða fangelsi fyrir refsilagabrot. Hjá ríkissaksóknara eru til meðferðar kærumál á hendur kærða vegna fíkniefnamisferlis, ölvunaraksturs og hraðaaksturs. Kærði var dæmdur í 20 daga fangelsi fyrir nytjastuld og ölvunarakstur með dómi sakadóms Kópavogs þann 25. mars sl.

Brot þau er kærði er grunaður um geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsókn máls þessa er hvergi nærri lokið og með vísan til sakaferils kærða þykir rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. maí nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ásbjörn Andrason, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. maí 1986 kl. 17:00.

Fimmtudaginn 10. apríl 1986.

Nr. 123/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Helga Aðalsteinssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Guðjón St. Marteinsson, fulltrúi við sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 6. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag. Hann krefst þess að úrskurðinum verði hrundið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákæruvalds er krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hinn kærða úrskurð. Kærumálskostnður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 5. apríl 1986.

Málsatvik:

Hinn 3. apríl sl. var Erlingur Skúlason handtekinn á Keflavíkurflugvelli og fundust í fórum hans tæplega 340 grömm af ætluðu amfetamíni.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi lýsti Erlingur utanför sinni með Helga Aðalsteinssyni og kvaðst Erlingur hafa haldið flugleiðis til Luxemburg hinn 26. mars sl. ásamt Helga Aðalsteinssyni er Erlingur kvaðst hafa hitt fyrir tilviljun og orðið samferða allan tímann er Erlingur dvaldist ytra. Erlingur kveðst ekki hafa vitað um fíkniefni þau er hann flutti með sér til landsins hinn 3. apríl sl. Erlingur bar við lögregluyfirheyrslu í dag að hafa samferðamann sinn Helga Aðalsteinsson grunaðan um að hafa komið fíkniefnunum fyrir í vindlingalengjum þeim er efnin fundust falin í. Erlingur kvað þá Helga hafa dvalið á sömu hótelherbergjum og Helgi því sá eini sem hafði greiðan aðganga að vindlingalengjum er Erlingur

kvaðst hafa geymt á hótelberbergjum er dvalið var í í Luxemburg og Amsterdam.

Erlingur bar við lögregluyfirheyrslu að hafa fyrir tilviljun hitt Helga Aðalsteinsson á öðrum degi dvalar í Amsterdam og þeir þá ákveðið að verða samferða. Helgi Aðalsteinsson hefur borið að ákveðið hafi verið í flugvélinni á útleið að þeir félagar yrðu samferða ytra.

Helgi Aðalsteinsson var handtekinn við komu til landsins í gærdag föstudaginn 4. apríl. Við yfirheyrslu hér fyrir dómi í dag lýsti Helgi því er fundum þeirra Erlings bar saman í janúar sl. er Helgi kvaðst hafa tattóverað mynd á Erling. Helgi Aðalsteinsson hélt utan í janúar sl. til London og Erlingur Skúlason hélt sömuleiðis í ferð til London í janúar sl. Í byrjun febrúar bárust lögreglu ítrekað upplýsingar um meinta fíkniefnadreifingu Helga Aðalsteinssonar.

Við dómsyfirheyrslu í dag lýsti Helgi fjármögnun utanferða sinna á þessu ári en Helgi er tekjulaus og kvaðst vinna heimilisstörf en sambýliskona sín afli tekna til heimilisins og kvað Helgi sambýliskonu sína hafa lánað fé til utanfarar þeirrar er Helgi kom úr hinn 4. apríl. sl. Helgi kvaðst hafa dvalið á Litla Hrauni allt sl. ár og þá heldur engar tekjur hafa haft.

Helgi kvað það tilviljun að Þeir Erlingur skyldu hafa haldið í samskonar utanför á dögunum og kvaðst Helgi þegar hafa ákveðið sína utanför er hann frétti af fyrirhugaðri för Erlings.

Helgi Aðalsteinsson hefur neitað að ferð sín, er hann kom heim úr sl. föstudag, hafi verið tengd fíkniefnakaupum og/eða innflutningi og kvað Helgi ferðina hafa verið skemmtiferð og ætluð til fatakaupa og ekki kvaðst Helgi vita hvað varð um fé það er hann hélt með í ferðina.

Niðurstöður:

Helgi Aðalsteinsson er, svo sem fram kemur í kröfugerð lögreglu á dómskjali nr. 1., á skrá fyrir fíkniefnamisferli en Erlingur Skúlason ekki.

Ósamræmi er í framburðum þeirra Helga og Erlings.

Helgi Aðalsteinsson er samkvæmt eigin framburði tekjulaus maður en hefur sem af er þessu ári haldið í tvær utanferðir sem grunur leikur á að tengist fíkniefnakaupum.

Helgi kveðst ekki vita hvað varð um fé það er hann hélt með í framangreinda utanferð. Vísa má hér til framburðar Helga í heild sem, eins og fram kemur í kröfugerð lögreglu, er mjög ótrúverðugur.

Verið er að rannsaka meint brot Helga Aðalsteinssonar á lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 og gæti meint sök, ef sönnuð þætti, varðað Helga fangelsisrefsingu og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Svo sem rakið var þykir fram kominn rökstuddur grunur um aðild Helga

Aðalsteinssonar að innflutningi á þeim 340 grömmum af amfetamíni er lögreglan lagði hald á sl. miðvikudag.

Eftir er að yfirheyra Helga mun ítarlegar um alla þætti máls þessa svo sem fjármögnun utanferða svo og að yfirheyra hugsanleg vitni og/eða samseka og er rannsókn málsins á algjöru frumstigi.

Með vísan til alls framanritaðs og með vísan til framlagðra skjala og jafnframt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að verða við kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um gæsluvarðhald yfir Helga Aðalsteinssyni, fæddum 23.3.1954. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður allt að 30 dagar frá því kl. 15.45 í dag laugardaginn 5. apríl 1986 að telja.

Úrskurðarorð:

Helgi Aðalsteinsson, fæddur 23.3.1954, nú til heimilis að Breiðvangi 14, Hafnarfirði, skal sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 daga frá því kl. 15.45 í dag laugardaginn 5. apríl 1986 að telja.

Fimmtudaginn 10. apríl 1986.

Nr. 21/1986. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Gísla Guðnasyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Skírlífisbrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var af hálfu ákæruvalds áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar sl. til ákvörðunar refsingar samkvæmt ákæru, en ákærði hafði viljað hlíta dóminum. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 28. febrúar sl.

Enda þótt gögn málsins bendi mjög til þess að það hafi eigi getað

dulist ákærða hvernig andlegu ástandi K var háttað, þykir þó varhugavert að telja það sannað gegn framburði ákærða sem kveðst eigi hafa áttað sig á því fyrr en eftir á að ekki væri allt með felldu um gáfnafar stúlkunnar. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu að refsa beri ákærða samkvæmt 195. gr. sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði, en rétt er að fullnustu ⅔ hluta refsingarinnar verði frestað skilorðsbundið til tveggja ára.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Guðnason, sæti fangelsi 3 mánuði. Fresta skal fullnustu tveggja mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. desember 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 5. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 677/1985: Ákæruvaldið gegn Gísla Guðnasyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. febrúar 1984, gegn ákærða Gísla Guðnasyni bifreiðarstjóra, Sogavegi 152 í Reykjavík, fæddum þar í borg 8. júní 1943, fyrir að hafa föstudaginn 15. apríl 1983 haft samræði utan hjónabands við stúlkuna K, fædda ... 1963, sem ekki gat spornað við samræðinu vegna greindarskorts og vanþroska, í húsnæði bifreiðaverkstæðisins „Vélarinnar" við Kænuvog í Reykjavík.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í máli þessu var kveðinn upp dómur í sakadómi Reykjavíkur 13. desember 1984, en sá dómur var ómerktur með dómi Hæstaréttar 11. október 1985 og málinu vísað heim í hérað á ný.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

— — —

[Sakavottorð tilgreinir dóm fyrir brot gegn 244. og 259. gr. hegningarlaga (1961), dóm fyrir brot gegn 155., 244. og 259. gr. hegningarlaga (1963) og dóm fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga (1965), ennfremur 6 sektir samkvæmt dómsátt.]

Málsatvik eru sem hér segir:

Föstudaginn 15. apríl 1983 um kl. 19 var stúlkan K á gangi á Laugavegi í Reykjavík nálægt húsi nr. 17. Bar þá að Ólaf Guðbjartsson í bifreið sinni og bauð hann K að setjast inn í bifreiðina hjá sér og þáði hún það. Í framburðum sínum ber þeim ekki saman.

K segir að Ólafur hafi stöðvað bifreiðina og kallað til sín að koma inn í bílinn, viðurkennir samt að hún hafi veifað til hans í kveðjuskyni. Ólafur segir hins vegar að K hafi gefið sér bendingu um að stansa. Ljóst er að K fór inn í bílinn án líkamslegs mótþróa, enda kveðst hún hafa þekkt Ólaf og ekkert vera hrædd við hann.

Við yfirheyrslu hjá RLR 17. apríl 1983 skýrir K frá því að hún hafi nokkrum sinnum farið í bíltúra með Ólafi og þau haft samfarir að frumkvæði Ólafs, einu sinni úti í Laugarnesi og tvisvar úti á Seltjarnarnesi, alltaf inni í bílnum.

Eftir að hafa hleypt K inn í bíl sinn á Laugaveginum ók Ólafur inn á Sogaveg. Tók hann upp í bílinn ákærða Gísla Guðnason, en þeir eru vinnufélagar á Steypustöðinni. Var síðan ekið að verkstæði við Súðarvog, sem heitir Vélin sf. Fóru þau öll inn að uppástungu Ólafs. Þar var fyrir Þorsteinn Guðni Guðnason, bróðir ákærða. Einnig Ómar Sævar Árnason frá Neskaupstað, sem er frændi Þorsteins Guðna. Voru þeir báðir að gera við bíl.

Frásögn K er sú að eftir stutta dvöl á verkstæðinu hafi ákærði boðið henni upp á loft til að sjá hvar gert væri við mótorhjólin. Fóru þau upp. Kveðst K ekki hafa viljað fara upp en ákærði hafi sagt sér að vera ekki hrædd. Í herbergi á loftinu var dívan, borð og stólar. Tók ákærði þar að fara höndum um stúlkuna á nærgöngulan hátt og losa um föt hennar. Kveðst K hafa verið hrædd og hálfgrátandi en þó hvorki hafa kallað á

hjálp né veitt líkamlegt viðnám. Ákærði læsti dyrunum „þegar allt virtist vera í lagi", svo að notuð séu hans eigin orð og hafði samfarir við stúlkuna á dívaninum. Segir ákærði að K hafi ekki verið neikvæð gagnvart þessu. Hins vegar kveðst hann hafa farið að þessu „eins diplomatiskt og hægt er". Bendir það til þess, að K hafi ekki verið sérstaklega viljug til samfara.

Í yfirheyrslu hjá RLR 4. maí 1983 segir ákærði: „Eftir samfarirnar tók ég eftir því að það var ekki allt með felldu varðandi gáfnafar stúlkunnar" og vitnar hann þar í samtal þeirra. Nokkurt samtal fór fram fyrir kynmökin, en ekki verður fullyrt að ákærði hafi þá þegar gert sér hugmynd um gáfnafar hennar. Segir hann þó: „Hins vegar virkaði hún ekki gáfuleg að sjá."

Síðan fóru ákærði og K niður. Eitthvert áfengi var haft um hönd og smakkaði K á því, eitt glas. Ólafur Guðbjartsson telur að ákærði og K hafi verið uppi á loftinu um 5 mínútur. Ómar Sævar Árnason telur þennan tíma hafa verið 15-20 mínútur.

Þá vildu piltarnir lofa K að keyra mótorhjól en hún vildi það ekki. Ók Þorsteinn Guðni með hana stuttan spöl. (K misnefnir hann Bjarna í framburði sínum). Ultu þau á hjólinu og K meiddi sig í hægri öxl og hendi og hlaut skrámur á olnboga. Ekkert meiðslanna var alvarlegt. Ákærði fór á brott eftir stutta stund ásamt Ómari Sævari.

Ólafur Guðbjartsson ók síðan K og Þorsteini Guðna frá verkstæðinu. Skildi hann við Þorstein Guðna í Fossvogi og ók þaðan með K á bílaþvottastæði í Álfheimum. Urðu þar orðaskipti um að þau K hefðu samfarir. Ber frásögnum þeirra ekki saman, kenna þau hvort öðru um að hafa hafið máls á þessu. Óku þau inn í Laugarnes og höfðu þar samfarir í framsæti bílsins. Sleit K þeim samförum, því að hún kvaðst þurfa að kasta af sér vatni og vætti hún bílsætið lítilsháttar. Enn óku þau vestur á Granda og áttu þar samræður um kynmök en ekkert varð úr þeim. Ólafur ók þá K til baka á Grettisgötu. Sérstakt sakamál hefur verið höfðað gegn Ólafi vegna þessa.

K er trúlofuð pilti sem nefnist I og er hann talinn treggáfaður. Fór K heim til hans og gisti hjá honum og höfðu þau samfarir um kvöldið.

K er 21 árs stúlka, talin þroskaheft frá fæðingu. Ekki er vitað um fæðingarerfiðleika né heldur hvort ættingjar eru vangefnir. Stúlkan fluttist til Svíþjóðar með foreldrum sínum um 6 ára aldur og gekk hún þar í skóla fyrir þroskaheft börn. Foreldrar hennar skildu og kom hún heim með móður sinni 18 ára gömul. Hefur hún síðan gengið í Öskjuhlíðarskólann, sem er sérskóli fyrir vangefna. Hún er af skólastjóra og sálfræðingi skólans talin greindarskert. Einnig talin standa fremur illa að vígi ef miðað er við nemandahóp skólans en að mörgu leyti eðlileg hvað varðar útlit og hegðun.

Móðir K, V, skýrir svo frá í yfirheyrslu hjá RLR að K hafi sagt sér frá ofangreindum atburðum daginn eftir. Hún athugaði K líkamlega en fann

ekkert athugavert utan þau meiðsli er hún hlaut við fallið af mótorhjólinu. Móðirin telur K líkjast vitsmunalega 7 ára gömlu barni. Hún er hrædd við fullorðið fólk sem hún þekkir ekki. Verður hún stíf og þögul í návist þess og gerir það sem henni er sagt ef við hana er talað í ákveðnum skipandi tón. Segir móðirin að við slík tækifæri reyni K hvorki að koma sér burtu né kalla á hjálp.

Guðmundur Gígja rannsóknarlögreglumaður ber að í viðtali hafi hann orðið að tala við K eins og barn og nota einföld hugtök. Ekki var hægt að lesa henni skýrslu á venjulegan hátt, heldur varð að segja innihald hennar á einföldu máli.

K er þó fær um að vinna í fiskvinnslustöð fullt starf og ræður sjálf yfir vinnutekjum sínum.

Fyrir liggur skýrsla um rannsókn geðlæknis, Högna Óskarssonar, dagsett 7. febrúar 1984. Telur geðlæknirinn K hafa litla hæfileika til sjálfstæðra hugsana. Hugsanaferill hennar sé bundinn í fastmótað form og geta hennar að ráða við nýjar eða flóknar aðstæður sé lítil. Telur læknirinn að þetta leiði til þess að hún sé mjög háð þeim sem með henni er hverju sinni og hún eigi erfitt með að standast beiðni eða skipun. Vitnað beint í ummæli læknisins, kemst hann svo að orði: „Vanfærni hennar kemur fljótlega fram í samræðum við hana." Og síðar í skýrslunni: „Lítill vafi er á því að þessir eiginleikar eða öllu heldur skortur á andlegu atgervi K ættu ekki að fara framhjá neinum sem ræðir við hana eins og aðra einstaklinga á hennar aldri."

Í viðtali við geðlækninn kom fram að K hefur reynslu í kynlífsmálum og veit þeirra sæmileg skil. Sagði hún lækninum að nokkuð oft væri leitað á sig kynferðislega en kvaðst yfirleitt ýta þannig málaleitunum frá sér og vilja vera trú I, kærasta sínum.

Þá liggur fyrir rannsókn sálfræðings, Baldvins H. Steindórssonar, unnin í janúar 1984. Gerði sálfræðingurinn greindarpróf (Wechsler) fyrir fullorðna. Niðurstöður prófsins sýna heildargreind vera á mörkum þroskaheftra (Grv. 55-70) og mjög þroskaheftra (Grv. 45-55). Telur sálfræðingurinn möguleika einstaklinga í þessum hópi til að bregðast við fjölbreytni í umhverfinu vera mjög skerta. Þó kom K einna best út úr þeim þætti prófsins er mælir skilning á félagslegum aðstæðum, enda hefur hún aðlagast í starfi. Sálfræðingurinn telur K þroskahefta stúlku sem ber það þó ekki með sér í útliti sínu. Hennar besta er viss einfaldur skilningur á félagslegum aðstæðum. Greind hennar er svo skert að sálfræðingurinn telur að hún muni eiga erfitt með að bregðast sjálfstætt við flóknum ástæðum eða aðstæðum, sem fylgir mikið álag. Þá telur sálfræðingurinn „að enginn, sem talist getur hafa eðlilega greind og vera ábyrgur gerða sinna, geti verið sam-

vistum við þessa stúlku einhvern tíma án þess að gera sér grein fyrir verulegum greindarfarslegum takmörkunum hennar.“

Kynni ákærða Gísla af K voru engin fyrr en þau hittust á ofannefndu vélaverkstæði. Ekki er ljóst hvað þeim fór á milli áður en farið var upp á loftið. K virðist ekki hafa verið fús til samfara. Sjálf segist hún hafa verið „hrædd og kjökrandi“. Ákærði kveðst hafa hagað sér „diplomatiskt“ við að fá hana til samfara. Telur hann að eftir samfarirnar hafi þau talað saman og þá hafi honum fundist „ekki allt með felldu“ varðandi gáfnafar stúlkunnar. Hins vegar virðist samtal þeirra hafa verið aðallega fyrir samfarir, en eftir á hafi þau farið fljótlega niður af loftinu. Í þessu efni verður ekki talið sannað að ákærði hafi gert sér fulla grein fyrir gáfnatakmörkunum stúlkunnar. Hins vegar hefur hann ekki sýnt þá varkárni sem ætlast má til af honum.

Með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan um andlegt heilbrigði K verður talið að þannig hafi verið ástatt um hana greint sinn að hún hafi ekki eins og á stóð getað spornað við samræði við ákærða í skilningi 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Jafnframt því verður litið svo á, að ákærði hafi sýnt af sér gáleysi þannig að brot hans verður fært undir 204. gr. nefndra laga.

Rétt þykir að fresta ákvörðun refsingar ákærða og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði amennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sína, Arnar Höskuldssonar hdl., kr. 6.000,00.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Gísla Guðnasonar, er frestað og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Höskuldssonar hdl., kr. 6.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. apríl 1986.

Nr. 126/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Pétri Ingólfssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 5. þ.m. er barst Hæstarétti 8. þ.m. og gert þær kröfur að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Varnaraðili er sakaður um brot gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en við brotum gegn þeirri grein liggur fangelsi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 5. apríl 1986.

Ár 1986, laugardaginn 5. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Pétri Ingólfssyni, áður til heimilis að Birkimel 10 hér í borg, nú búsettur að Tinggården 45, Holsterbro, Danmörk, fæddum 06.10. 1936 í Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. apríl nk. kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þann 4. febrúar sl. óskaði ríkissaksóknari eftir því að RLR rannsakaði ætluð skilasvik kærða Péturs Ingólfssonar. Meðfylgjandi var bréf Ragnars H. Hall borgarfógeta dags. 16.janúar sl., ásamt fylgigögnum. Þar er gerð grein fyrir stöðu og meðferð þrotabús kærða Péturs þar sem fram kemur að þrotamaður hafi farið af landinu skömmu áður en hann varð gjaldþrota,

og er nú búsettur í Danmörku, en áður selt nánast allar eigur sínar og fengið í sínar hendur í peningum og verðbréfum samtals kr. 9.307.818,00. Kærði lýsti því síðan yfir fyrir skiptarétti að hann væri með öllu eignalaus, enda notað fyrrgreinda fjármuni til greiðslu skulda áður en hann fór af landinu. Framkomnar kröfur í þrotabú kærða voru að fjárhæð 5.067.074,75.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá skiptarétti, RLR og fyrir dómi að mjög takmörkuðu leyti gert grein fyrir hvaða lánardrottnum hann greiddi og hefur hvorki lagt fram né vísað á greiðslugögn (kvittanir) máli sínu til stuðnings. Ríkissaksóknari hefur mælt svo fyrir að rannsókn skuli miða að því að upplýsa hvort og þá hvernig kærði hefur varið fyrrgreindum fjármunum.

Brot það er kærði er grunaður um getur varðað fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykir rétt að taka kröfu RLR til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. apríl nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Pétur Ingólfsson, skal sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 23. apríl 1986 kl. 17:00.

Föstudagur 11. apríl 1986.

Nr. 127/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Inga Rafni Bæringssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag, og krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. apríl 1986.

Ár 1986, mánudaginn 7. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir að föstudaginn 28. mars sl. var kærði, Ingi Rafn Bæringsson, atvinnulaus, fæddur 10.03. 1955, óstaðsettur í hús en sagður með dvalarstað að Skipasundi 88, Reykjavík, úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til mánudagsins 7. apríl 1986 kl. 17:00 vegna viðamikillar rannsóknar á innbrotsþjófnuðum. Í þessu sambandi er kærði sakaður um að hafa veitt viðtöku töluverðu magni þýfis frá þeim sem grunaðir eru um aðild að framangreindum innbrotsþjófnuðum. Ennfremur að hafa afhent til sölu hluti sem taldir eru þýfi.

Frá því kærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald hafa verið teknar af honum 3 rannsóknarlögregluskýrslur, þ.e. þann 1., 4. og 5. þ.m. Í skýrslum þessum kemur fram að kærði neitar alfarið sök. Jafnframt hefur hann ekki viljað upplýsa RLR um dvalarstaði sína að undanförnu.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR. Einnig hefur hann bent á að hann sé að finna á vísum stað ef til hans þurfi að leita í sambandi við rannsókn málsins.

Ljóst þykir af gögnum málsins sem lögð hafa verið fyrir dóminn að rannsókn þess er nokkuð á veg komin þótt ekki sé henni að fullu lokið. Ber í þessu sambandi að líta til þess að nauðsynlegt er að fram fari samprófanir kærða og annarra grunaðra í málinu sem óhjákvæmilegt er að taki nokkurn tíma.

Með hliðsjón af framansögðu og með skírskotun til 1. og 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir ekki verða hjá því komist að framlengja gæsluvarðhaldið yfir kærða og skal hann sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi eins og sú krafa er fram sett í beiðni RLR, þ.e. allt til mánudagsins 14. apríl 1986 kl. 17:00.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi þessu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ingi Rafn Bæringsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 14. apríl 1986 kl. 17:00.

Mánudaginn 14. apríl 1986.

Nr. 59/1986. **Pólarhús h/f**
gegn
Ragnari Tómassyni og
Þorsteini Steingrímssyni

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 11. febrúar 1986, er barst Hæstarétti 21. sama mánaðar, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Hann gerir þær kröfur „að úrskurðinum verði hrundið og breytt og lagt verði fyrir héraðsdómara að framkvæma hina umbeðnu dómkvaðningu, en til vara að lagt verði fyrir héraðsdómara að framkvæma endurupptöku matsmálsins og leggja fyrir matsmenn að meta verð Vatnsstígs 11 og önnur þau atriði sem í bréfi umboðsmanns matsbeiðanda til borgardómara dags. 08.01. 1986 greinir og á þeim grundvelli og miðað við þær forsendur sem í nefndu bréfi greinir, að niðurstöðu úrskurðarins um málskostnað verði hrundið og breytt á þá lund að kæranda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi gagnaðila svo og hæfilegur kærumálskostnaður að mati Hæstaréttar."

Varnaraðilar hafa hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerðir.

Beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna sem fjallað er um í máli þessu er rituð 8. janúar 1986 og lögð fram á bæjarþingi Reykjavíkur 9. s.m. Er meginefni hennar rakið í hinum kærða úrskurði en upphaf hennar er svohljóðandi:

„Með vísan til meðfylgjandi afrits af beiðni minni f.h. Pólarhúss hf. um endurupptöku matsmálsins: Pólarhús hf. gegn Ragnari

Tómassyni hdl. og Þorsteini Steingrímssyni löggiltum fasteigansala, sem hér með er afturkölluð samkvæmt ábendingu dómarans, leyfi ég mér hér með í samræmi við viðræður dómara og lögmanna málsaðila í síðasta þinghaldi að fara þess á leit með skírskotun til þess sem á eftir verður rakið, að dómkvaddir verði matsmenn til að framkvæma mat (undirmat) samkvæmt X. kafla laga nr. 85/1936. Tekið skal fram að beiðni þessi um nýtt mat og afturköllun fyrri beiðni um endurupptöku er gerð á þeirri forsendu að lögmaður matsbeiðanda lítur svo á að niðurstöður eigi, hvort heldur um er að ræða nýtt undirmat eða endurupptöku, að hafa sama sönnunargildi, enda er gengið út frá að sömu matsmönnum verði falið matsviðfangsefnið svo sem um var rætt."

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði hefur sóknaraðili áður fengið dómkvadda matsmenn til að meta markaðsverð fasteignarinnar nr. 11 við Vantsstíg hér í borg miðað við nokkrar gefnar forsendur. Er sú matsbeiðni í fimm liðum og eru fjórir fyrstu liðirnir, sem hér skipta máli, svo hljóðandi:

„1. Markaðsverð (gangverð) húseignarinnar nr. 11 við Vatnsstíg í nóvember 1982 í núverandi ástandi. Mat verði miðað við venjuleg greiðslukjör í fasteignaviðskiptum bæði 70 og 75% útborgunarhlutfall á einu ári. Er þess óskað að verð hverrar íbúðar í húsinu komi fram í matinu.

2. Mismunur á verðmæti eignarinnar annars vegar sem geymslu- og verksmiðjuhúsnæðis í niðurníðslu og hins vegar sem nýstandsetts íbúðarhúsnæðis, samkvæmt lýsingu Pólarhúss hf., á húsnæðinu að Vatnsstíg 11 eins og það var við afhendingu til kaupenda.

3. Markaðsverð sbr. lið 1. miðað við staðgreiðsluverð í nóvember 1982, þ.e. að fullnaðargreiðsla í peningum fari fram samdægurs kaupum.

4. Metin verði töluleg afsláttaráhrif leigukvaðar þeirrar sem leiðir af húsaleigusamningum við Reykjavíkurborg dags. 11. nóvember 1982 og 6. nóvember 1982, ef slík afsláttaráhrif verða talin einhver. Við þennan matsþátt óskast hliðsjón höfð af meðfylgjandi leigukvittunum og skýrsla matsbeiðanda héraðlútandi, sem afhent verður matsmönnum síðar."

Í matsbeiðni sóknaraðila, sem hér er til úrlausnar, kemur fram

að hann telur matsmennina vegna misskilnings þeirra ekki hafa framkvæmt matið í samræmi við óskir sínar. Þá er þess nú einnig óskað að matsmennirnir meti markaðsverð eignarinnar með hliðsjón af því að varnaraðilar hafi í ársbyrjun 1983 fengið 550.000,00 krónur sem fyrirframgreidda húsaleigu.

Í hinum kærða úrskurði er gerð grein fyrir úrlausn matsmannanna að því er varðar svonefnda leigukvöð.

Af hálfu varnaraðila hefur því verið mótmælt að greiðsla að fjárhæð 550.000,00 krónur sé hluti af fyrirframgreiddri húsaleigu. Hafi hér verið um að ræða greiðslu sem varnaraðilar hafi fengið til að greiða kostnað við að fullgera íbúðir sem sóknaraðilum hafi ekki tekist að ljúka samkvæmt samningi.

Þegar af þeirri ástæðu, sem greinir í hinum kærða úrskurði, ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 31. janúar 1986.

Þann 12. nóvember 1985 ritaði Þórólfur Kristján Beck hæstaréttarlögmaður bréf til undirritaðs dómara þar sem hann fór þess á leit að fyrra matsmál milli aðila matsmáls þessa væri endurupptekið. Það matsmál hafði verið rekið sem aukamál bæjarþingsmáls milli sömu aðila og m.a. verið grundvöllur dóms í því máli, sem uppkveðinn var 1. apríl sl. Beiðni þessi var tekin fyrir í bæjarþingi þann 18. desember sl. og urðu þá um það umræður hvernig að þessari matsbeiðni væri staðið bæði að dómur hefði þegar verið kveðinn upp í málinu og beiðnin væri óskýr. Varð að ráði að matsbeiðandi bæði um nýtt mat teldi hann eitthvað ómetið í fyrri matsgjörð en fyrir lá að hann vildi ekki æskja yfirmats. Lögmaður matsbeiðanda tók sér síðan umhugsunarfrest til 9. janúar sl. og lagði þá fram beiðni um nýja dómkvaðningu matsmanna, þá sem hér er til meðferðar. Frammi liggur í réttinum dómur bæjarþingsins í málinu nr. 7914/1983 milli aðilanna frá 1. apríl sl. Í dóminum eru tíunduð þau atriði sem þegar eru metin, bæði matsbeiðni og úrlausn matsmanna. Matsmenn voru: Kristinn Ó. Guðmundsson hrl., Pétur Stefánsson verkfræðingur og Stefán Ingólfsson verkfræð-

ingur. Þá liggur frammi endurrit yfirheyrslna yfir matsmönnum. Skjöl bæjarþingsmálsins eru einnig til sýnis. Af bréfi matsbeiðanda er ljóst að forsendur hans eru þær að sömu matsmenn verði nú dómkvaddir og fyrr. Beiðni hans er svohljóðandi:

„Mat það, sem óskast framkvæmt, varðar matsþætti (markaðsverð eignarinnar nr. 11 við Vatnsstíg miðað við tilteknar forsendur), sem eigi var lagt mat á í fyrra mati en matsbeiðandi gekk útfrá að matsþættir þessir innifælust í upphaflegri matsbeiðni hans dags. 31.01. 1984, þ.e. 4. lið hennar, en vegna misskilnings matsmanna var mat samkvæmt þessum 4. matslið eigi framkvæmt í samræmi við óskir matsbeiðanda. Kom þetta eigi í ljós fyrr en við aðalflutning málsins. Er hins nýja undirmats beiðst í tengslum við og í beinu framhaldi af matsgerð í fyrra matsmálinu.

Eins og í beiðninni um endurupptöku dags. 12.11. 1985 greinir er ástæða til að mats þessa er nú óskað sú, að í framburði matsmannsins Péturs Stefánssonar verkfræðings, sbr. endurrit þinghalds frá 18.03.1985, kemur fram (bls. 6 efst) sbr. og framburð matsmannsins Stefáns Ingólfssonar fyrir dómi, sem fram kemur í endurriti sama þinghalds (bls. 16-18), að tillit hefur eigi verið tekið til (jákvæðra) áhrifa húsaleigusamningsins við Reykjavíkurborg við mat á verði hússins, en annars staðar kemur fram í framburði Péturs að hann telur að húsaleigusamningur þessi geri húsið að mjög arðbærri fjárfestingu vegna tekna þeirra og góðra ávöxtunarmöguleika sem felast í leigusamningnum. Þess skal getið að 4. lið matsbeiðni minnar mátti skilja svo að gengið væri út frá því að áhrif leigusamnings þessa á verð hússins væru eingöngu neikvæð og hefur það e.t.v. leitt til þess með hvaða hætti tekið var á þessum þætti málsins. Ennfremur kemur fram í fyrrgreindum tilvitnunum að matsmenn hafa eigi tekið tillit til þess við mat sitt (eigi lagt mat á) hversu háa fyrirframgreiðslu og til hve langs tíma seljandi eignarinnar hafði fengið greidda leigu fyrirfram samkvæmt leigusamningum við Reykjavíkurborg fyrir tímabilið eftir afhendingardag eignarinnar 15. nóvember 1982. Matsmenn hafa heldur eigi tekið tillit til þeirra leigugreiðslu sem kaupendur eignarinnar móttóku strax eftir áramót 1982/1983 að fjárhæð kr. 550.000,-. Ljóst er að inntak leigukvaðar þeirrar, sem óskað var mats á sbr. 4. lið fyrri matsbeiðni og töluleg (afsláttar)áhrif hennar, verða eigi metin nema áður sé reiknað út og lagt mat á fyrir hve langt tímabil eftir afhendingardag seljandi hafði móttekið fyrirframgreidda leigu.

Með vísan til þessa er þess farið á leit að lagt verði fyrir matsmenn að meta atriði þau, sem tilgreind eru í 1. 2. og 3. lið í upphaflegri matsbeiðni dags. 31.01. 1984 með fullri hliðsjón af (jákvæðum) verðáhrifum húsaleigusamnings þess, sem kaupendur tóku við, svo og með fullri hliðsjón af þeirri fyrirframgreiddu leigu, sem seljandi hafði móttekið vegna eignarinnar, fyrir tímabilið eftir afhendingardag hennar, svo og með fullri hliðsjón af þeirri

fyrirframgreiddu húsaleigu, sem kaupendur fengu greidda með eigninni í ársbyrjun 1983, að fjárhæð kr. 550.000,-.

Þess er og óskað að matsmenn miði mat sitt við samningsbundið afhendingarástand Vatnsstígs 11, samkvæmt kaupsamningi aðila dags. 15.11.1982 og viðaukasamningi dagsettum sama dag. Er sértaklega vísað til viðaukasamningsins um afhendingarástand 4ra íbúða, sem eigi skyldi afhenda fullkláraðar.

Þess er og óskað að lagt verði fyrir matsmenn að reikna út fjárhæð mánaðarlegrar húsaleigu eftir húsaleigusamningnum við Reykjavíkurborg frá 06.10.1982 - miðað við þær breytingar sem orðið hafa á vísitölu húsnæðiskostnaðar frá 06.10.1982 - til matsdags.

Óskað er eftir því, að lagt verði fyrir matsmenn að gefa aðilum kost á að gæta réttar síns með venjulegum hætti við framkvæmd matsgerðarinnar svo og að ljúka hinu umbeðna mati innan hæfilegs frests, en ætlunin er að leggja það fram sem nýtt gagn í Hæstarétti.

Áskilinn er réttur til að óska yfirmats svo og til að endurnýja beiðni um endurupptöku fyrra matsmáls, ef beiðni þessari um dómkvaðningu matsmanna verður einhverra hluta vegna synjað."

Af hálfu matsþola er sótt þing í málinu og gerðar þær dómkröfur að synjað verði um hina umbeðnu dómkvaðningu matsmanna. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi matsbeiðanda að mati dómsins.

Matsþoli gerir svofellda grein fyrir mótmælum sínum:

„Matsliðir eru taldir upp á bls. 2 í matsbeiðni. Liður 1 lýtur að endurmati kaupverðs fasteignarinnar. Matið hefur þegar farið fram og við það gætt réttra sjónarmiða. Alltént átti sóknaraðili þess kost á öllum stigum mats og bæjarþingsmáls að lagfæra það, sem hann telur nú að hafi farið úrskeiðis. Aðrir liðir lúta að staðreyndum, sem aðilar deila um og gagnslaust að biðja matsmenn að meta á grundvelli umdeildra staðreynda, sem dómur hefur ekki tekið afstöðu til. Síðasti liður víkur að vísu að útreikningi einföldustu gerðar samkvæmt tiltekinni vísitölu og þarf ekki sérfróða menn til.

Mótmælt er að matsbeiðandi hafi ekki átt að afhenda allar íbúðir fullgerðar. Jafnframt er ítrekað að umbj.m. fengu kr. 550.000 til að greiða kostnað við að fullgera íbúðir sem matsbeiðanda tókst ekki sjálfum að fullgera skv. samningi. Sú fjárhæð kemur því ekkert húsaleigu eða kaupverði eignarinnar við."

Lögmenn aðila gerðu síðan frekari grein fyrir málsástæðum sínum í þinghaldi í dag. Ítrekaði þá matsbeiðandi kröfu sína um dómkvaðningu og krafðist þess að honum yrði dæmdur málskostnaður að mati dómsins. Að gefnu tilefni lýsti hann því yfir að hann gerði ekki að svo stöddu kröfu til þess að dómkvatt yrði til að reikna út fjárhæð mánaðarlegrar húsaleigu eins og nánar greinir í beiðninni, kæmist dómurinn að þeirri niðurstöðu

að synja ætti um dómkvaðningu að öðru leyti. Þá kom fram að af hálfu matsbeiðanda væri talið að dómur bæjarþings Reykjavíkur frá 1. apríl 1985 ætti ekki að vera viðmiðun varðandi afhendingarástand hússins í nýja matinu. Af hálfu matsþola voru kröfur og málsástæur ítrekaðar. Aðilar lögðu málið síðan í úrskurð.

Álit dómsins:

Eins og að framan greinir eru í dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 1. apríl 1985, í máli milli aðila matsmáls þessa, tíunduð þau atriði, sem þegar eru metin, bæði matsbeiðni og álit matsmanna. Í úrlausn matsmanna segir um 4. lið í matsbeiðni:

„Í þessum lið matsbeiðninnar er matsmönnum fyrirlagt að meta töluleg afsláttaráhrif leigukvaðar þeirrar, sem leiðir af húsaleigusamningnum við Reykjavíkurborg frá 11. nóvember 1981 og 6. október 1982. Í forsendum matsmanna við útreikning og mat á leigukvöðinni er leigutímabilið talið vera til 30. september 1998, ávöxtunarkrafa 5% nettó og fyrirframgreiðslufjárhæðir svo sem segir í kaupsamningi. Með því að núvirða allar leigugreiðslur til kaupenda að frádregnum árlegum rekstrarútgjöldum ásamt staðgreiðsluverði íbúðanna og kjallarans í okt. 1998 á verðlagi 1. nóv. 1982 þar sem staðgreiðsluverðið er talið 15% lægra en staðgreiðsluverð í nóv. 1982 vegna væntanlegrar efnislegrar rýrnunar á tímabilinu, er niðurstaða matsmanna sú að staðgreiðlsuverðmæti hússins með áhvílandi leigukvöð sé nánast það sama og fram kemur í lið 1 hér að framan, þ.e. kr. 5.382,00. Töluleg afsláttaráhrif leigukvaðar eru því engin."

Samkvæmt framburði matsmannsins, Péturs Stefánssonar, frá 18. mars 1985 (bls. 6) hefði staðgreiðsluverðmætið fremur átt að hækka en lækka, ef eitthvað væri, vegna „leigukvaðarinnar". Samkvæmt framburði Stefáns Ingólfssonar, matsmanns, í sama þinghaldi (bls. 15) mætti áætla þessi mörk. Af framburðunum er ljóst að hér er nánast um að ræða einhver skekkjumörk. Þannig verður ekki annað ráðið af matsgerðinni og framburðum matsmanna en þeir hafi þegar framkvæmt það, sem matsbeiðandi fer nú fram á, að aðallega verði metið. Í mati sem þessu verður eðlilega að líta til niðurstöðu með einhver skekkjumörk í huga, ætti því ekki að vera þörf á nýju mati þar sem sérstaklega sé tekið tillit til „leigukvaðarinnar."

Í dómi bæjarþingsins frá 1. apríl 1985 er talið fram komið hvert hafi verið söluverð eignarinnar að Vatnsstíg 11 og hvað hafi átt að greiða fyrir hana skv. kaupsamningi aðila frá 15. nóvember 1982, þ. á m. er greiðsla sem innt var af hendi með ónýttri fyrirframgreiddri húsaleigu. Þá er talið fram komið við hvaða ástand kaupverðið var miðað og að kaupendur hefðu fengið skv. viðbótarsamningi kr. 550.000, - af leigugreiðslum til að þeir

stæðu straum af standsetningu sem seljendur áttu að annast samkvæmt aðalkaupsamningi. Samkvæmt yfirlýsingu matsbeiðanda í þinghaldi í dag ætlast hann ekki til að matsmenn miði nýja matsgerð við niðurstöðu dómsins um þessi atriði og verður ekki af matsbeiðni ráðið við hvaða ástand hann vill miða matsgjörð. Telja verður að í matsbeiðninni verði hann að tíunda nákvæmlega hvað meta á og við hvaða forsendur á að miða þar sem þær virðast enn vera umdeildar. Matsbeiðnin er þannig allt of óskýr.

Þegar af ofangreindum ástæðum þykir verða skv. kröfu matsþola að synja um dómkvaðningu samkvæmt framlagðri beiðni eins og hún er úr garði gjörð. Rétt þykir með tilliti til niðurstöðu að matsbeiðandi greiði matsþola kr. 8.000,- í málskostnað.

Hrafn Bragason, borgardómari, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Synjað er um hina umbeðnu dómkvaðningu.

Matsbeiðandi, Pólarhús hf., greiði matsþolum, Ragnari Tómassyni og Þorsteini Steingrímssyni, kr. 8.000,00 í málskostnað.

Mánudaginn 14. apríl 1986.

Nr. 130/1986. **Ákæruvaldið**

gegn

Páli Konráð Konráðssyni Þormar

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. þ.m. er barst Hæstarétti 11. þ.m., og krefst hann þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 9. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Páll Konráð Konráðsson Þormar, fæddur 2. júlí 1953, til heimilis að Rauðarárstíg 28, Reykjavík, verði úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald, allt til miðvikudagsins 23. apríl nk. kl. 17:00.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir eru þeir að hinn 28. f.m. var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til kl. 17:00 í dag með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, en af hálfu RLR hafði verið farið fram á gæsluvarðhald til 16. þ.m. kl. 17:00.

Úrskurður sá var kveðinn upp í þágu rannsóknar innbrotsþjófnaðar sem framinn var hinn 17. f.m. í söluskála og bensínafgreiðslu Skeljungs í Þorlákshöfn, en þar höfðu verð unnin nokkur spjöll og m.a. brotinn upp peningaskápur. Úr skápnum var stolið kr. 79.000 í reiðufé auk kr. 34.600 í óframseldum tékkum. Þá var einnig stolið vörum, einkum tóbaksvörum og filmum að innkaupsverði u.þ.b. 150.000,00 kr.

Tekist hefur að afla ítarlegra upplýsinga um 6 þeirra tékka sem stolið var og kom einn fram í banka hinn 26. f.m. Tókst RLR að rekja hvernig tékkinn komst í banka og leiddi það til handtöku kærða og Grétars Péturs Sigurðssonar. Telur RLR að kærði hafi hinn 24. f.m. notað tékkann til greiðslu ökugjalds leigubifreiðar. Hefur leigubifreiðastjóri sá, sem veitti tékkanum viðtöku við sakbendingu, haldið því fram að kærði sé sá maður sem hafi notað umræddan tékka til greiðslu ökugjalds.

Rannsókn á skóm kærða og Grétars Péturs leiðir mjög ákveðnar líkur að því, að það séu sömu skórnir og markað hafa tvenn þeirra skófara, sem fundust á vettvangi.

Kærði hefur margítrekað við yfirheyrslur neitað sök í málinu. Jafnframt hefur gætt tregðu hjá honum til að upplýsa rannsóknaraðila um ferðir sínar og gerðir vikuna fyrir handtöku, svo og haldið undan upplýsingum um bifreiðaeign sína, en í tveimur bifreiðum, sem hann kveðst eiga, hafa fundist gögn sem gefa til kynna vísbendingu um innbrotið.

Loks er þess að geta að hinn 4. þ.m. játaði Grétar Pétur Sigurðsson að hafa í félagi við kærða framið umræddan innbrotsþjófnað og í því sambandi sagt þá hafa farið til Þorlákshafnar í bifreið kærða. Hafi hann, þ.e.

Grétar, fengið u.þ.b. kr. 20.000 í reiðufé, en kærði hafi ætlað að sjá um að henda þýfinu og tékkunum.

Eins og nú hefur verið rakið eru komnar fram skýrar vísbendingar um aðild kærða að sakarefni þessu þrátt fyrir staðfasta neitun hans. Þó hefur enn ekki þótt tímabært að samprófa kærða og Grétar Pétur. Þá er einnig lögð á það áhersla af hálfu RLR að hafa uppi á þýfinu úr innbrotinu. Enn er þess að geta að grunur leikur á að hér hafi þrír menn verið að verki. Þegar allt framanritað er virt er sýnt að sú hætta er fyrir hendi að kærði nái að spilla sakargögnum verði hann nú látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Samkvæmt þessu og með skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 verður krafa RLR tekin til greina og skal kærði sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. apríl nk. kl. 17:00.

Brot það, sem kærði er hér sakaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga, ef sannaðist, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. apríl 1986 kl. 17:00.

Mánudaginn 14. apríl 1986.

Nr. 128/1986. **Búnaðarbanki Íslands og Halldór Jónsson — Vogafell hf.**
gegn
Árna B. Guðjónssyni

Kærumál. Greiðslustöðvun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Búnaðarbandi Íslands kærði 24. mars sl. til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 18. mars, en úrskurður þessi var þannig:

„Árna G. Guðjónssyni, nnr. 0515-6653, Akraseli 27, Reykjavík, er veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrjá mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar þessa að telja.“

Hinn 25. mars kærði Halldór Jónsson - Vogafell hf. þennan sama úrskurð.

Kæra úrskurðarins er heimil eftir 1. mgr. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Lögmenn aðila hafa sent Hæstarétti greinargerðir.

Búnaðarbankinn krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að synjað verði um greiðslustöðvunina. Þá krefst bankinn kærumálskostnaðar.

Halldór Jónsson - Vogafell hf. krefst þess aðallega að greiðslustöðvunarbeiðni varnaraðila verði vísað frá skiptarétti. Til vara krefst fyrirtækið þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað um greiðslustöðvun, en til þrautavara að greiðslustöðvunartíminn verði styttur verulega. Loks er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Úrskurður skiptaréttar er án forsendna samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981. Héraðsdómarinn, Jón Finnbjörnsson fulltrúi yfirborgarfógeta, sendi Hæstarétti kærurnar 10. þ.m. og lét fylgja athugasemdir sínar eftir 27. gr. laga nr. 73/1975. Þar segir:

„Með bréfi dagsettu 18. mars 1986 fór Hjalti Steinþórsson hdl. þess á leit f.h. Árna B. Guðjónssonar, að honum yrði skv. heimild í 7. gr. laga nr. 6/1978 veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrjá mánuði.

Í beiðninni gerir lögmaðurinn nokkra grein fyrir ástæðum fjárhagserfiðleika umbjóðanda síns. Skv. gögnum, sem lögð voru fram, námu skuldir samtals kr. 4.881.190,-. Er greiðslustöðvunarbeiðnin var tekin fyrir í skiptarétti kvað lögmaðurinn þær lítillega vanáætlaðar og taldi heildarskuldir rúmlega 5 milljónir króna. Eignir umbjóðanda síns kvað lögmaðurinn vera einbýlishúsið að Akraseli 27, en brunabótamat þess væri kr. 6.689.728,-. Þá ætti Árni Guðjónsson ýmsar kröfur í þb. Árfells hf., en bú þess félags var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum 16. janúar 1986.

Skv. hinum framlögðu gögnum var ljóst að Árni B. Guðjónsson ætti í verulegum fjárhagserfiðleikum. Vafasamt virtist hvort hann ætti eignir umfram skuldir, en lausafjárstaða hans var greinilega mjög erfið. Jafnframt lá fyrir yfirlýsing Hjalta Steinþórssonar hdl.

um að hann væri reiðubúinn að aðstoða Árna á greiðslustöðvunartíma við að koma nýrri skipan á fjármál hans. Skv. því voru uppfyllt meginskilyrði 7. gr. laga nr. 6/1978 til greiðslustöðvunar. Að öðru leyti virtist líklegt að þau úrræði er greind voru, þ.e. sala fasteignarinnar Akrasel 27 á frjálsum markaði, gætu leitt til þess að unnt væri að greiða úr skuldum Árna B. Guðjónssonar. Jafnframt var ljóst að ekki yrði fengin niðurstaða um kröfur Árna í þb. Árfells hf. fyrr en að nokkrum tíma liðnum, og þá jafnframt hverjar horfur væru um greiðslu upp í þær við úthlutun úr búinu. Að þessu athuguðu þótti rétt að veita hina umbeðnu greiðslustöðvun, og virtist þá heldur ekki sérstök ástæða til að marka henni skemmri tíma en þrjá mánuði."

Í greinargerð Margeirs Péturssonar, lögmanns Búnaðarbanka Íslands, segir að tilgangur Árna B. Guðjónssonar, er hann beiddist greiðslustöðvunar, hafi verið sá að fá frestað nauðungaruppboði á fasteigninni Akraseli 27 í Reykjavík, en það fái ekki samrýmst tilgangi ákvæða gjaldþrotalaga um þetta réttarúrræði „enda vart annars að vænta en að viðunandi boð fáist í eignina á slíku uppboði, þar sem hún virðist fullveðsett...". Þá segir í greinargerðinni: „Varnaraðili hefur eigi heldur fært nein rök fyrir því hvernig hann hyggist selja eignina á frjálsum markaði, en það virðst eigi framkvæmanlegt nema öftustu veðhafar og fjárnámshafar ... fáist til að aflýsa réttindum sínum af eigninni." Þá er sagt í greinargerðinni að yfirlit það yfir eignir og skuldir varnaraðila, sem beiðninni um greiðslustöðvun fylgdi, sé „ónákvæmt og hroðvirknislega unnið" og er það skýrt.

Í greinargerð Atla Gíslasonar, lögmanns Halldórs Jónssonar — Vogafells hf., er lýst skiptum þessa sóknaraðila og varnaraðila, vanefndum varnaraðila á dómsátt sem gerð var 26. júní 1984 og afturköllun á uppboðsbeiðni í maí 1985. Telur lögmaður greiðslustöðvun þá, sem heimiluð var með hinum kærða úrskurði, ekki samrýmast tilgangi gjaldþrotalaga, enda hafi varnaraðili haft tíma og ráðrúm til að koma nýrri skipan á fjármál sín og selja Akrasel 27. Verði nýrri skipan ekki komið á fjármál varnaraðila úr þessu með samningum við lánardrottna vegna þess, hve mikil vanskil eru og hvernig til hefur tekist á síðustu árum. Þá telur lögmaðurinn að beiðnin um greiðslustöðvun hafi verið vanreifuð og villandi.

Í greinargerð Hjalta Steinþórssonar lögmanns varnaraðila segir m.a.:

„Fallast verður á það með sóknaraðila að skuldir varnaraðila hafi verið stórlega vantaldar þegar beiðni um greiðslustöðvun var lögð fram.

Varnaraðili fól viðskiptafræðingi sem annast hefur skattskil hans að gera samantekt um skuldir ...

Vegna einhverra mistaka er sýnt að skuldir eru þar verulega vantaldar.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að þrátt fyrir þessi mistök beri að staðfesta hinn kærða úrskurð, enda séu öll sömu rök til að veita honum heimild til greiðslustöðvunar þótt skuldir hans hafi reynst verulega hærri en í fyrstu var talið og telur varnaraðili að greiðlsustöðvun hefði verið heimiluð í upphafi þótt réttar upplýsingar hefðu legið fyrir um skuldirnar.

Umrædd mistök hafi því eigi haft áhrif á niðurstöðu skiptaráðanda.

Svo sem í beiðni varnaraðila kemur fram er tilgangur hans með greiðslustöðvun tvíþættur.

Í fyrsta lagi hyggst hann freista þess að selja fasteign sína að Akraseli 27 í Reykjavík en eignin er metin til söluverðs á 6,5-7 milljónir króna.

Óttast varnaraðili að við nauðungarsölu sé hætta á að eignin verði seld fyrir verulega lægra verð.

Í öðru lagi er það von varnaraðila að á greiðslustöðvunartímanum fáist úr því skorið hvaða úrlausn kröfur hans í þrotabú Árfells hf. fá, en varnaraðili telur sig eiga þar veruleg verðmæti í vændum vegna óuppgerðra verksamninga sem hann var persónulega aðili að ásamt þrotabúi Árfells hf. ...

Varnaraðili telur fulla ástæðu til að ætla að afstaða verði tekin til krafna hans á greiðslustöðvunartímanum, enda er innköllunarfrestur í bú Árfells hf. nú liðinn og skiptafundur ákveðinn hinn 22. apríl nk.

Fallast má á það með sóknaraðila að erfitt geti reynst að selja fasteignina Akrasel 27 með þeim veðböndum sem á henni hvíla. Þetta gerir varnaraðli sér vonir um að geta leyst með samningum við öftustu veðhafa á eigninni þegar í ljós er leitt hvaða önnur verð-

mæti hann getur boðið fram til tryggingar eða greiðslu skulda.

Tilgangur varnaraðila með greiðslustöðvun samrýmist fyllilega markmiðum II. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Viðleitni hans miðar öll að því að sem mest verðmæti fáist fyrir eignir hans og að tryggja það að lánardrottnar hans fái fullnustu svo enginn beri skarðan hlut frá borði.

Verði hinn kærði úrskurður hins vegar felldur úr gildi og varnaraðila synjað um greiðslustöðvun má búast við að nauðungarsala á eignum hans leiði af sér gjaldþrot hans og verulegt tjón fyrir þá kröfuhafa sem ekki hafa viðhlítandi tryggingar fyrir kröfum sínum."

Með greinargerð lögmanns varnaraðila til Hæstaréttar fylgdi nýtt yfirlit viðskiptafræðings um skuldir varnaraðila miðað við 29. janúar sl. Eru þær taldar 6.545.304 krónur, en tekið fram, að flestar skuldirnar séu „í vanskilum og í lögfræðilegri innheimtu og því háðar stöðugum breytingum." Með greinargerðinni fylgdi ennfremur ljósrit kröfulýsingar, þar sem lögmaðurinn f.h. varnaraðila lýsir 6.000.000 króna kröfu í þrotabú Árfells hf.

Ekki eru efni til að sinna framkominni frávísunarkröfu.

Þar sem enn er ekki fram komið hvort varnaraðila verði greitt fé úr þrotabúi Árfells hf. þykir rétt að heimila greiðslustöðvun í allt að tvo mánuði frá 18. mars 1986.

Rétt er að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Varnaraðila, Árna B. Guðjónssyni, er veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að tvo mánuði frá 18. mars 1986.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 17. apríl 1986.

Nr. 129/1986. **Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf.**
gegn
Útvegsbanka Íslands

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með heimild í j-lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 18. mars 1986 sem barst Hæstarétti 11. þ.m. Hann krefst þess að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að halda áfram aðalflutningi málsins.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Sóknaraðili höfðaði mál þetta á hendur varnaraðila fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu 11. mars 1985 til greiðslu á 3.531.377 krónum með 19% ársvöxtum frá 21. febrúar 1985 til greiðsludags auk málskostnaðar. Um málavexti segir svo í stefnu: „Hin umstefnda skuld er skv. niðurstöðu í gerðardómsmálinu: Hraðfrystihús Þórkötlustaða h/f gegn Skipasmiðjunni Herði h/f. Dómur í því máli var kveðinn upp 12. febrúar sl. Gerðarorðið hljóðaði svo: „Varnaraðili, Skipasmiðjan Hörður h/f, Njarðvík, greiði sóknaraðila, Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða h/f, Grindavík kr. 2.941.960,- ásamt 19% ársvöxtum frá 29.6. 1984 til greiðsludags. Varnaraðili greiði kostnað af störfum gerðardómsins, kr. 228.000,-.“

Með yfirlýsingu Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f (sic), dagsettri 29. júní 1984, „ábyrgist Útvegsbankinn að þær dagsektir sem gerðardómurinn ákvarðar skuli greiddar ...“ Með bréfi undirritaðs, dagsettu 20.2. 1985, var Útvegsbankinn krafinn um dagsektir skv. gerðardómnum auk vaxta og kostnaðar við dóminn, alls kr. 3.531.377,-. Útvegsbankinn hefur svarað kröfunni og neitar að greiða fjárhæðina.“

Hefur varnaraðili krafist sýknu af framangreindum dómkröfum sóknaraðila.

Með stefnu 22. mars 1985 höfðaði Skipasmiðjan Hörður hf. mál fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur á hendur sóknaraðila, Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf. og krafðist þess „að staðfest verði með dómi bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur, að stefnanda sé ekki skylt að greiða stefnda dagsektir vegna tafa sem urðu á framkvæmd breytinga á m/s Þórkötlu II GK-197, sem gerðar voru í samræmi við samning stefnanda og stefnda þar um, dags. 11. júlí 1983..."

Í stefnunni kemur einnig fram að meginrök stefnanda þess máls fyrir kröfum þessum séu tvíþætt: „Lýtur annar þátturinn að því að stefnanda hafi ekki verið og sé ekki skylt að greiða dagsektir en til vara ekki eins háar dagsektir og dómur gerðardómsins segir.

Hinn þátturinn lýtur að því að gerðardómurinn hafi farið gróflega út fyrir verksvið sitt þegar hann vék einum dómendanna úr dómnum og hafi hann verið óstarfhæfur eftir það, nema valin hefði verið sú leið að skipa að nýju oddamann, sérfróðan um smíði stálskipa. Einnig að það hafi verið utan verksviðs gerðardómsins að fjalla um dagsektir, þar sem ákvæðum sem tengdust þeim hafi verið breytt með samkomulaginu frá 30. desember 1983."

Samkvæmt þessu hefur með sérstöku dómsmáli verið gerð krafa um að Skipasmiðjunni Herði hf., sem varnaraðili er í ábyrgð fyrir, sé óskylt að hlíta gerðardóminum sem um ræðir hér að framan. Varða úrslitin verulega um mál það sem hér um er fjallað. Þykir því eftir 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 mega staðfesta þá ákvörðun héraðsdómara að fresta meðferð þessa máls.

Dómsorð:

Ákvörðun héraðsdómara um að fresta meðferð málsins nr. 2173/1985 á bæjarþingi Reykjavíkur á að vera óröskuð.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. mars 1986.

Í máli þessu liggja fyrir á dskj. nr. 16 stefna og dskj. nr. 20 framhaldsstefna í málinu nr. 412/1985: Skipasmiðjan Hörður hf. gegn Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf. sem rekið er fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur. Eins og skjöl þessi bera með sér snýst það mál m.a. um gildi gerðardóms þess sem byggt er á í máli þessu, fyrir aðilja hans, sem og reikningskil þeirra.

Úrslit þess máls teljast geta varðað verulega um úrslit í máli þessu og þykir því rétt með vísan til 2. mgr. i.f., 117. gr. l. nr. 85/1936 að fresta máli þessu ex officio þar til endanlega hefur verið skorið úr því deiluefni sem framangreint mál fjallar um.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er frestað ex officio þar til endanlega hefur verið skorið úr því deiluefni, sem um er fjallað í bæjarþingsmáli Keflavíkur og Njarðvíkur nr. 412/1985: Skipasmiðjan Hörður hf. gegn Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf.

Föstudagur 18. apríl 1986.

Nr. 133/1984. **Thor R. Thors**
Richard Thors
Þórður Thors
Unnur Thors og
Jóna Íris Thors
(Jón St.Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Eyjarhreppi
(Hjalti Steinþórsson hdl.)

Stjórnarskrá. Skattar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1984. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og greiðslu málskostnaðar óskipt bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeim breytingum að vextir verði dæmdir 2,75% á mánuði frá 1. september 1984 til 1. febrúar 1985, 3,75% á mánuði frá þeim tíma til 1. mars s.á., 4% á mánuði frá þeim tíma til 1. júní s.á., 3,5% á mánuði frá þeim tíma til 1. september s.á., 3,75% á mánuði frá þeim tíma

til 1. mars 1986 og 2,75% á mánuði frá þeim tíma til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti féllu áfrýjendur frá þeirri málsástæðu að afstaða fyrirsvarsmanna stefnda við skattlagninguna hafi verið ómálefnaleg.

Telja verður að veiðiréttindi áfrýjenda í Haffjarðará falli undir 5. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, áður 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972. Nýtingu hlunnindanna ber að skoða sem atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi af hálfu áfrýjenda í þessu tilviki. Enginn þeirra hefur búsetu í Eyjarhreppi og verður samkvæmt málflutningi aðila að telja, að áfrýjendum hafi verið gert að greiða tekjuútsvar af arði af veiðihlunnindunum eftir því sem 22. gr. laga nr. 73/1980 mælir fyrir um.

Gjald það er málið snýst um er lagt á jafnframt hinum almenna fasteignaskatti og á sama gjaldstofn, þ.e. virðingarverð hlunnindanna við fasteignamat. Gjaldskyldan nær aðeins til hlunninda í eign utansveitarmanna. Þótt gjaldið sé að formi til lagt á sem fasteignaskattur benda matsreglur gjaldstofnsins, sbr. 5. tl. 7. greinar reglugerðar nr. 406/1978 um fasteignaskráningu og fasteignamat, fremur til þess að virða beri það í raun sem skatt á tekjur. Til þess bendir einnig að gjaldstiginn er með ólíkindum hár ef aðeins væri um að ræða árlegan skatt á verga eign. Af framangreindu leiðir að tekjur áfrýjenda af hlunnindunum hafa verið skattlagðar bæði eftir búsetu þeirra og einnig af stefnda.

Um langa hríð var í lögum heimild til að leggja utan heimilissveitar útsvar á gjaldendur, er stunduðu atvinnu eða atvinnurekstur í öðrum hreppum eða sveitarfélögum en heimilissveit sinni. Jafnframt þessari heimild gilti sú regla, margítrekuð með lögum, að ekki skyldi leggja á sama gjaldstofn nema í einu sveitarfélagi. Með þessari meginreglu var komið í veg fyrir misræmi við álagningu vegna búsetu gjaldandans.

Í máli þessu veltur gjaldskylda áfrýjenda á búsetu þeirra eins og fyrr greinir. Þegar til þess er litið hversu mjög jafnræði þeirra er raskað með þessum skatthættum þykir með tilvísun til grunnreglu 67. gr. stjórnarskrárinnar, samhliða fyrri venju í löggjöf um hliðstæð efni, eigi vera gild lagaheimild fyrir álagningu gjaldsins.

Samkvæmt framanrituðu ber að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjendum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti 50.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Thor R. Thors, Richard Thors, Þórður Thors, Unnur Thors og Jóna Íris Thors, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Eyjarhrepps, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjendum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 50.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar, Guðmundar Jónssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Skattur sá, sem lögmæltur er í 5. mgr. 3. greinar laga nr. 73/1980, áður 4. mgr. 3. greinar laga nr. 8/1972, er lagður á sem viðbót við hinn almenna fasteignaskatt samkvæmt 2. málsgr. sömu greinar en aðeins á hluta af gjaldstofni hans, þ.e. á virðingarverð hlunninda af fasteign svo sem þau eru sérstaklega metin að fasteignamati samkvæmt matsreglum 5. greinar og 7. greinar reglugerðar nr. 406/1978 um fasteignaskráningu og fasteignamat, og þó því aðeins að þau séu eign utansveitarmanna.

Skattauki þessi er því skattur af eign eins og hinn almenni fasteignaskattur samkvæmt 2. málsgrein 3. greinar laganna. Breytir það þessu ekki þó að í 5. tl. 7. greinar reglugerðarinnar sé mælt fyrir um að hlunnindi skuli metin við fasteignamat eftir arðsemi þeirra, svo sem segir nánar í því ákvæði, og ekki heldur það að skattaukanum kann að einhverju leyti að vera ætlað að bæta sveitarfélögum upp tekjumissi af útsvarsgreiðslum vegna þess að utansveitarmenn, sem útsvarsskyldir eru í öðru sveitarfélagi, eiga og nýta hlunnindi af fasteignum í sveitarfélaginu.

Fasteignaskattsaukinn samkvæmt 5. mgr. 3. greinar á hlunnindi í eigu utansveitarmanna er hár af árlegum skatti á verga eign að vera og margfalt hærri en sá fasteignaskattur af hlunnindum sem þeim og öðrum eigendum hlunninda ber að greiða samkvæmt 2. málsgr. greinarinnar. Sá mikli munur á gjaldhæð fasteignaskatts að þessu leyti ræðst samkvæmt lögunum eingöngu af búsetu gjaldenda. Verður að telja að hin stórfellda mismunun gjaldenda með þessum hætti samrýmist ekki lögmætum skattlagningarsjónarmiðum og að eignaskerðing sú, sem leiðir af 5. mgr. 3. greinar laganna, fái ekki staðist gagnvart 67. grein stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt þessu erum við samþykkir dómsorði meiri hluta dómenda.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 28. júní 1984.

Stefnandi málsins er Svanur Guðmundsson (8635-0416) oddviti f.h. Eyjarhrepps (1762-7848), Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Stefndu eru Thor R. Thors (8884-3371), Hamarsgötu 8, Seltjarnarnesi, Richard Thors (7346-4994) til heimilis í Bandaríkjum Norður-Ameríku, Þórður Thors (9529-3956), Langholtsvegi 118 A, Reykjavík, Unnur Thors (8999-4098), Bergstaðastræti 84, Reykjavík og Jóna Íris Thors (5239-4147), til heimilis að Snöflingegatan 7, 43139 Mölndal, Svíþjóð.

Málið er rekið og dæmt í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sem mál nr. 27/1983.

Stefna í málinu er gefin út 8/6 1983, löglega birt og fallið frá stefnufresti.

Málið er þingfest 10. júní 1983 og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 20. júní 1984. Dómurinn er kveðinn upp í sýsluskrifstofunni í Stykkishólmi af Jóni S. Magnússyni ftr.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 72.669 með vöxtum eins og ákvarðanir Seðlabanka Íslands segja til um á hverjum tíma.

Stefndu gera þær dómkröfur að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til þess að greiða þeim málskostnað.

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig: Skuldin er vegna vangoldins fasteignaskatts af hlunnindum Haffjarðarár fyrir árin 1980-1982, en stefndu eru eigendur árinnar. Stefnandi hefur lagt á eigendur árinnar svonefndan „hlunnindaskatt" sem nemur 4% af fasteignamati hlunninda árinnar hálfrar, en áin liggur á mörkum Kolbeinsstaðahrepps og Eyjarhrepps. Skatt þennan hafa stefndu alfarið neitað að greiða. Skuldin sundurliðast sem hér segir:

1)	Álagning 1980 gjaldd. 1/5 1980	kr. 15.698
2)	Álagning 1981 gjaldd. 1/5 1981	— 22.841
3)	Álagning 1982 gjaldd. 1/5 1982	— 34.160
	Samtals	kr. 72.669

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þau að krafa hans sé byggð á niðurlagsákvæði 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Með því ákvæði sé sveitarstjórn heimilað að leggja skatt á hlunnindi, sem eru í eigu utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra. Þessarar heimildar hafi stefnandi neytt enda öllum skilyrðum nefnds lagaákvæðis fullnægt. Stefndu óskuðu (sic) lögtaks fyrir umræddum skatti ársins 1980, en synjað var um framgang þess þar eð ekki hefði verið leitað úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar um ágreining aðila um gjaldskyldu gerðarþola. Í framhaldi af úrskurði fógetaréttar var leitað úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar og staðfesti nefndin gjaldskyldu stefndu. Ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1980 sé því fullnægt. Þrátt fyrir úrskurð yfirfasteignamatsnefndar hafa stefndu eigi fengist til að greiða umræddan hlunnindaskatt og verður því eigi hjá því komist að heimta skuldina með lögsókn. Stefndu hafa mótmælt greiðsluskyldu sinni en ekki hefur kröfum stefnanda verið mótmælt tölulega.

Stefndu lýsa málavöxtum þannig: Mál þetta snýst um það hvort stefnanda sé heimilt að leggja á stefndu svokallaðan hlunnindaskatt samkvæmt 5. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980 (áður 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972). Ekki er ágreiningur um staðreyndir málsins milli aðila og ekki heldur tölulegur ágreiningur.

Málsástæður stefndu eru eftirfarandi:

1. Í skattlagningunni felst slík mismunun skattborgaranna sem óheimil verður að teljast samkvæmt almennum jafnræðisreglum löggjafarinnar og sérstaklega 67. gr. stjórnarskrárinnar. Mismunun er fólgin í því að búseta skattborgara er látin ráða því hvort þeir þurfa að gjalda skattinn eða eru undanþegnir honum. Þeir sem búsettir eru í sömu sveit og hlunnindi þeirra eru staðsett í eru undanþegnir honum. Svo er að sjálfsögðu ástatt um þorra þeirra manna sem slík hlunnindi eiga, og beinist skattheimta þessi því að mjög takmörkuðum fjölda skattborgaranna, og m.a. aðeins hluta þeirra manna sem eiga fasteignahlunnindi. Samkvæmt athugun sem gerð var fyrir nokkrum árum á framkvæmd álagningar hlunnindaskattsins í sveitarfélögum, kom í ljós að í þeim sveitarfélögum, þar sem heimildin er á annað borð notuð (sem var aðeins í 46 sveitarfélögum), lendir hún til jafnaðar á aðeins 23% af eigendum hlunnindajarða, en 77% eigenda hlunnindajarða í þessum sveitarfélögum sleppa við skattinn, sbr. nánar dskj. nr. 11.

2. Ljóst er, að hlunnindaskatturinn er hreinn aukaskattur á þá aðila,

sem hlunnindi eiga utan heimilissveitar sinnar. Þessir aðilar greiða tekjuútsvar af tekjum sínum í því sveitarfélagi þar sem þeir eru heimilisfastir, þ.á m. af hlunnindatekjum sínum.

3. Þá er á það að benda að hlunnindaskatturinn verður að teljast hærri en svo, að eðlileg skattlagningarsjónarmið verði talin búa þar að baki. Að þessu leyti er skattgreiðendum mismunað eftir búsetu svo að í bága fer við grundvallarreglur um lögmæti skattlagningar.

4. Ekki verður hjá því komist að benda á og krefjast að tillit verði tekið til þess við dómsuppsögu í máli þessu, að öll afstaða fyrirsvarsmanna stefnanda í skattlagningu á umbj. m. er mjög ómálefnaleg. Við yfirheyrslu í lögtaksmáli, sem rekið var út af þessu sama ágreiningsmáli á árinu 1981, upplýsti þáverandi oddviti stefnanda, Oddur Sigurðsson, að stefnandi hafi á sínum tíma ákveðið að beita til fulls 50% álagsheimild á Haffjarðará skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972, og hafi ástæða til þess verið sú, að fyrirsvarsmenn stefnanda voru óánægðir með fasteignamat árinnar sem þeir fengu ekki breytt þrátt fyrir kæru. Þegar þetta var hafi 4% hlunnindaskattsheimildin ekki verið komin í lög, en eftir að sú heimild var lögfest og byrjað að beita henni hafi 50% álaginu eftir sem áður verið beitt. Ekki verður um það villst, að við þessar ákvarðanir hafa ekki ráðið eðlileg skattlagningarsjónarmið, heldur ósk um að ná sem mestu fé af umbj. m.

5. Þá verður að telja, að hugtakið hlunnindi í lögum nr. 73/1980 (nr. 8/1972) nái ekki til veiðiréttinda umbj. m. í Haffjarðará. Í þessu sambandi má sérstaklega á það benda að öll núverandi veiði í Haffjarðará verður rakin til ræktunar og friðunar á ánni um langt árabil og tekjur af henni verða raktar til fjárfestingar og fjárframlaga til reksturs, s.s. byggingar veiðihúss og reksturs í kringum það. Fyrir nokkrum áratugum var svo komið í Haffjarðará að áin var orðin algjörlega laxlaus, og hófust forverar umbj. m. þá handa um ræktun árinnar með seiðasleppingum og friðun. Þessi starfsemi, sem var mjög kostnaðarsöm, er undirstaðan undir þeirri laxveiði sem nú er í ánni. Hér er því ekki um náttúruleg hlunnindi að ræða, heldur afrakstur mikillar fjárfestingar.

Niðurstaða.

Málsástæður stefndu verða nú teknar til athugunar lið fyrir lið:

Um 1. Heimildir löggjafans til þess að leggja á skatta er að finna í 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Álíta verður að í þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar felist réttur löggjafans til þess að ákvarða sveitarstjórnum heimildir til þess að leggja á opinber gjöld til þarfa sveitarfélaganna. Sveitarstjórnum er og veitt visst svigrúm í álagningu gjalda, og er jafnræði þegnanna ekki talið raskað með því. Þá verður heldur ekki á það fallist að álagning hlunnindaskatts feli í sér skerðingu

á eignarréttarákvæði 67. greinar stjórnarskrárinnar. Hér er um skatt að ræða sem samkvæmt lögum telst heimilt að leggja á, og verður ekki séð að skatturinn feli í sér eignaupptöku eða eignarnám.

Um 2. Hlunnindaskattur er lagður á nettóarð af hlunnindum, sem þó skal að jafnaði meta til grunnverðs með því að tífalda árlegan nettóarð, sem af þeim fæst, eða telja má eðlilegt að af þeim mætti hafa, sbr. reglugerð um fasteignaskráningu og fasteignamat nr. 406/1978, 7. gr. 5. tl. Ekki verður heldur talið að hér sé um tvísköttun að ræða þar sem allur kostnaður við nytjar hlunnindanna hefur verið dreginn frá áður en skatturinn er álagður.

Um 3. Við skattlagningu er tíðum nokkurt álitamál hvað skattar skuli vera háir. Meginsjónarmið skattlagningar verður að teljast það, að skatturinn nægi fyrir útgjöldum þess aðila sem skatttekjurnar fær og ætlaðar eru til sameiginlegra þarfa landsmanna allra eða íbúa einstakra sveitarfélaga. Stefndu hafa ekki sýnt fram á að óeðlileg skattlagningarsjónarmið búi að baki þeirri álagningu hlunnindaskatts sem hér er deilt um, og verður þessi mótbára stefndu því ekki tekin til greina.

Um 4. Fullyrðingar stefndu varðandi afstöðu fyrirsvarsmanna stefnanda við skattlagninguna styðjast ekki við nein rök og eru með öllu ósannaðar. Þeim er því alfarið vísað á bug.

Um 5. Í lögum um tekjustofna sveitarfélag nr. 73/1980 er að finna heimild fyrir álagningu svonefnds hlunnindaskatts. Í 3. gr. laganna eru ákvæði um álagningu fasteignaskatta, og í 5. mgr. þeirrar greinar segir svo: „Auk þess skatts, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, er sveitarstjórn heimilt að leggja skatt á hlunnindi, sem eru í eign utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra.“ Það liggur því fyrst fyrir að ákvarða hvað séu hlunnindi í skilningi laganna. Í almennum skilningi eru hlunnindi allvíðtækt hugtak. Hefðbundin skýrgreining hlunninda mun vera sú að hlunnindi séu búskapargagn jarða (fasteigna) sem fellur til af öðru en venjulegum búrekstri, eða allt annað en grasnytjar eða jarðargróði. Í munnlegum flutningi málsins lýstu lögmenn aðila yfir að Haffjarðará væri fasteign, enda er hún þannig skráð í afsals- og veðmálabókum sýslumannsembættisins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, og er talin liggja hálf í Kolbeinstaðahreppi og hálf í Eyjarhreppi. Í reglugerð nr. 406/1978 um fasteignaskráningu og fasteignamat, sem sett er samkvæmt lögum nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna, eru í 5. gr. ákvæði um hvaða eignir skuli taka til sjálfstæðs mats, og segir svo í 4. tölulið: „Meta skal sérstaklega ítök og önnur fasteignaréttindi er ekki fylgja neinni ákveðinni fasteign, svo sem vatnsréttindi, námuréttindi, veiðiréttindi, beitarréttindi og jarðhitaréttindi sem seld hafa verið undan jörðum og hefðu verið metin með jörðum,

ef aðskilnaður hefði ekki átt sér stað. Því aðeins skal meta slík réttindi að þau verði talin arðgæf þegar mat fer fram.“

Í fasteignamati er fasteignin Haffjarðará ekki metin sérstaklega, heldur aðeins það sem kallað er í matinu: „hlunnindi lax/silungsveiði.“ Það er óumdeilt að eini afrakstur fasteignarinnar Haffjarðarár er veiði lax og silungs. Álitamál er hvort eini afrakstur fasteignar geti talist hlunnindi hennar. Væri þá nærri að álíta að fasteigninni Haffjarðará fylgdu engin hlunnindi. Það ber þó að túlka orðið hlunnindi í víðtækri merkingu í skilningi laga nr. 73/1980, og samkvæmt 5. mgr. 3. gr. laganna (áður 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972) ber að telja, að metin hlunnindi lax/silungsveiði í Haffjarðará séu réttur grundvöllur álagningar hlunnindaskatts. Ekki hefur verið sýnt fram á að veiði í ánni stafi af ræktun hennar og verður að telja að veiði í henni sé náttúrleg afurð.

Samkvæmt því sem hér að framan hefur verið rakið verður niðurstaða dómsins sú að stefndu verða dæmdir til þess að greiða stefnanda in solidum kr. 72.669 með vöxtum eins og krafist er. Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda kr. 41.918 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndu, Thor R. Thors, Richard Thors, Þórður Thors, Unnur Thors og Jóna Íris Thors, greiði í einábyrgð stefnanda, Eyjarhreppi, kr. 72.669 með 4,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 15.698 frá 1/6 1980 til 1/6 1981, með 4,5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 38.509 frá 1/6 1981 til 20/4 1982, með 4% dráttarvöxtum á mánuði af sömu upphæð frá 20/4 1982 til 1/6 1982, með 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 72.669 frá 1/6 1982 til 1/11 1982, með 5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/10 1983, með 4,75 dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/11 1983, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/12 1983, með 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/1 1984 og með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 41.918 í málskostnað allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudagur 18. apríl 1986.

Nr. 134/1984. **Thor R. Thors**
Richard Thors
Þórður Thors
Unnur Thors og
Jóna Íris Thors
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Kolbeinsstaðahreppi
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Stjórnarskrá. Skattar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1984. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og greiðslu málskostnaðar óskipt bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeim breytingum að vextir verði dæmdir 2,75% á mánuði frá 1. september 1984 til 1. febrúar 1985, 3,75% á mánuði frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% á mánuði frá þeim tíma til 1. júní s.á., 3,5% á mánuði frá þeim tíma til 1. september s.á., 3,75% á mánuði frá þeim tíma til 1. mars 1985 og 2,75% á mánuði frá þeim tíma til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Telja verður að veiðiréttindi áfrýjenda í Haffjarðará falli undir 5. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, áður 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972. Nýtingu hlunnindanna ber að skoða sem atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi af hálfu áfrýjenda í þessu tilviki. Enginn þeirra hefur búsetu í Kolbeinsstaðahreppi og verður samkvæmt málflutningi aðila að telja, að áfrýjendum hafi verið gert að greiða tekjuútsvar af arði af veiðihlunnindunum eftir því sem 22. gr. laga nr. 73/1980 mælir fyrir um.

Gjald það er málið snýst um er lagt á jafnframt hinum almenna

fasteignaskatti og á sama gjaldsstofn, þ.e. virðingarverð hlunnindanna við fasteignamat. Gjaldskyldan nær aðeins til hlunninda í eign utansveitarmanna. Þótt gjaldið sé að formi til lagt á sem fasteignaskattur benda matsreglur gjaldstofnsins, sbr. 5. tl. 7. greinar reglugerðar nr. 406/1978 um fasteignaskráningu og fasteignamat, fremur til þess að virða beri það í raun sem skatt á tekjur. Til þess bendir einnig að gjaldstiginn er með ólíkindum hár ef aðeins væri um að ræða árlegan skatt á verga eign. Af framangreindu leiðir að tekjur áfrýjenda af hlunnindunum hafa verið skattlagðar bæði eftir búsetu þeirra og einnig af stefnda.

Um langa hríð var í lögum heimild til að leggja utan heimilssveitar útsvar á gjaldendur, er stunduðu atvinnu eða atvinnrekstur í öðrum hreppum eða sveitarfélögum en heimilissveit sinni. Jafnframt þessari heimild gilti sú regla, margítrekuð með lögum, að ekki skyldi leggja á sama gjaldstofn nema í einu sveitarfélagi. Með þessari meginreglu var komið í veg fyrir misræmi við álagningu vegna búsetu gjaldandans.

Í máli þessu veltur gjaldskylda áfrýjenda á búsetu þeirra eins og fyrr greinir. Þegar til þess er litið hversu mjög jafnræði þeirra er raskað með þessum skatthættum þykir með tilvísun til grunnreglu 67. gr. stjórnarskrárinnar, samhliða fyrri venju í löggjöf um hliðstæð efni, eigi vera gild lagaheimild fyrir álagningu gjaldsins.

Samkvæmt framanrituðu ber að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjendum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti 50.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Thor R. Thors, Richard Thors, Þórður Thors, Unnur Thors og Jóna Íris Thors, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Kolbeinsstaðahrepps, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjendum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 50.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar, Guðmundar Jónssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Skattur sá sem lögmæltur er í 5. mgr. 3. greinar laga nr. 73/1980, áður 4. mgr. 3. greinar laga nr. 8/1972, er lagður á sem viðbót við hinn almenna fasteignaskatt samkvæmt 2. málsgr. sömu greinar en aðeins á hluta af gjaldstofni hans, þ.e. á virðingarverð hlunninda af fasteign svo sem þau eru sérstaklega metin að fasteignamati samkvæmt matsreglum 5. greinar og 7. greinar reglugerðar nr. 406/1978 um fasteignaskráningu og fasteignamat, og þó því aðeins að þau séu eign utansveitarmanna.

Skattauki þessi er því skattur af eign eins og hinn almenni fasteignaskattur samkvæmt 2. málsgrein 3. greinar laganna. Breytir það þessu ekki þó að í 5. tl. 7. greinar reglugerðarinnar sé mælt fyrir um að hlunnindi skuli metin við fasteignamat eftir arðsemi þeirra, svo sem segir nánar í því ákvæði, og ekki heldur það að skattaukanum kann að einhverju leyti að vera ætlað að bæta sveitarfélögum upp tekjumissi af útsvarsgreiðslum vegna þess að utansveitarmenn, sem útsvarsskyldir eru í öðru sveitarfélagi, eiga og nýta hlunnindi af fasteignum í sveitarfélaginu.

Fasteignaskattsaukinn samkvæmt 5. mgr. 3. greinar á hlunnindi í eigu utansveitarmanna er hár af árlegum skatti á verga eign að vera og margfalt hærri en sá fasteignaskattur af hlunnindum sem þeim og öðrum eigendum hlunninda ber að greiða samkvæmt 2. málsgr. greinarinnar. Sá mikli munur á gjaldhæð fasteignaskatts að þessu leyti ræðst samkvæmt lögunum eingöngu af búsetu gjaldenda. Verður að telja að hin stórfellda mismunun gjaldenda með þessum hætti samrýmist ekki lögmætum skattlagningarsjónarmiðum og að eignaskerðing sú, sem leiðir af 5. mgr. 3. greinar laganna, fái ekki staðist gagnvart 67. grein stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt þessu erum við samþykkir dómsorði meiri hluta dómenda.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 28. júní 1984.

Stefnandi málsins er Guðmundur Albertsson (3039-4208) oddviti, f.h. Kolbeinsstaðahrepps (5654-2817), Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Stefndu eru Thor R. Thors (8884-3371), Hamarsgötu 8, Seltjarnarnesi,

Richard Thors (7346-4994) til heimilis í Bandaríkjum Norður- Ameríku, Þórður Thors (9529-3956), Langholtsvegi 118 A, Reykjavík, Unnur Thors (8999-4098), Bergstaðastræti 84, Reykjavík og Jóna Íris Thors (5239-4147) til heimilis að Snöflingegatan 7, 43139 Mölndal, Svíþjóð.

Málið er rekið og dæmt í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sem mál nr. 28/1983.

Stefna í málinu er gefin út 8/6 1983, löglega birt og fallið frá stefnufresti.

Málið er þingfest 10. júní 1983 og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 20. júní 1984. Dómurinn er kveðinn upp í sýsluskrifstofunni í Stykkishólmi af Jóni S. Magnússyni ftr.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 72.669 með vöxtum eins og ákvarðanir Seðlabanka Íslands segja til um á hverjum tíma.

Stefndu gera þær dómkröfur að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til þess að greiða þeim málskostnað.

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig: Skuldin er vegna vangoldins fasteignaskatts af hlunnindum Haffjarðarár fyrir árin 1980-1982, en stefndu eru eigendur árinnar. Stefnandi hefur lagt á eigendur árinnar svonefndan „hlunnindaskatt" sem nemur 4% af fasteignamati hlunninda árinnar hálfrar, en áin liggur á mörkum Kolbeinsstaðahrepps og Eyjarhrepps. Skatt þennan hafa stefndu alfarið neitað að greiða. Skuldin sundurliðst sem hér segir:

1) Álagning 1980 gjaldd. 1/5 1980	kr.	15.698
2) Álagning 1981 gjaldd. 1/5 1981	—	22.841
3) Álagning 1982 gjaldd. 1/5 1982	—	34.160
Samtals	kr.	72.669

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þau að krafa hans sé byggð á niðurlagsákvæði 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Með því ákvæði sé sveitarstjórn heimilað að leggja skatt á hlunnindi, sem eru í eigu utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra. Þessarar heimildar hafi stefnandi neytt enda öllum skilyrðum nefnds lagaákvæðis fullnægt. Stefndu (sic) óskuðu lögtaks fyrir umræddum skatti ársins 1980. en synjað var um framgang þess þar eð ekki hefði verið leitað úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar um ágreining aðila um gjaldskyldu gerðarþola. Í framhaldi af úrskurði fógetaréttar var leitað úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar og staðfesti nefndin gjaldskyldu stefndu. Ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1980 sé því fullnægt. Þrátt fyrir úrskurð yfirfasteignamatsnefndar hafa stefndu eigi fengist til að greiða umræddan hlunnindaskatt og verður því eigi hjá því komist að heimta skuldina með lögsókn. Stefndu

hafa mótmælt greiðsluskyldu sinni en ekki hefur kröfum stefnanda verið mótmælt tölulega.

Stefndu lýsa málavöxtum þannig: Mál þetta snýst um það hvort stefnanda sé heimilt að leggja á stefndu svokallaðan hlunnindaskatt samkvæmt 5. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980 (áður 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972). Ekki er ágreiningur um staðreyndir málsins milli aðila og ekki heldur tölulegur ágreiningur.

Málsástæður stefndu eru eftirfarandi:

1. Í skattlagningunni felst slík mismunun skattborgaranna, sem óheimil verður að teljast samkvæmt almennum jafnræðisreglum löggjafarinnar og sérstaklega 67. gr. stjórnarskrárinnar. Mismununin er fólgin í því að búseta skattborgara er látin ráða því hvort þeir þurfa að gjalda skattinn eða eru undanþegnir honum. Þeir sem búsettir eru í sömu sveit og hlunnindi þeirra eru staðsett í eru undanþegnir honum. Svo er að sjálfsögðu ástatt um þorra þeirra manna sem slík hlunnindi eiga og beinist skattheimta þessi því að mjög takmörkuðum fjölda skattborgaranna og m.a.s. aðeins að hluta þeirra manna sem eiga fasteignahlunnindi. Samkvæmt athugun, sem gerð var fyrir nokkrum árum á framkvæmd álagningar hlunnindaskattsins í sveitarfélögum, kom í ljós að í þeim sveitarfélögum, þar sem heimildin er á annað borð notuð (sem var aðeins í 46 sveitarfélögum), lendir hún til jafnaðar á aðeins 23% af eigendum hlunnindajarða, en 77% eigenda hlunnindajarða í þessum sveitarfélögum sleppa við skattinn, sbr. nánar dskj. nr. 11.

2. Ljóst er, að hlunnindaskatturinn er hreinn aukaskattur á þá aðila sem hlunnindi eiga utan heimilissveitar sinnar. Þessir aðilar greiða tekjuútsvar af tekjum sínum í því sveitarfélagi þar sem þeir eru heimilisfastir, þ. á m. af hlunnindatekjum sínum.

3. Þá er á það að benda að hlunnindaskatturinn verður að teljast hærri en svo að eðlileg skattlagningarsjónarmið verði talin búa þar að baki. Að þessu leyti er skattgreiðendum mismunað eftir búsetu svo að í bága fer við grundvallarreglur um lögmæti skattlagningar.

4. Þá verður að telja, að hugtakið hlunnindi í lögum nr. 73/1980 (nr. 8/1972) nái ekki til veiðiréttinda umbj.m. í Haffjarðará. Í þessu sambandi má sérstaklega á það benda, að öll núverandi veiði í Haffjarðará verður rakin til ræktunar og friðunar á ánni um langt árabil og tekjur af henni verða raktar til fjárfestingar og fjárframlaga til reksturs, s.s. byggingar veiðihúss og reksturs í kringum það. Fyrir nokkrum áratugum var svo komið í Haffjarðará, að áin var orðin algerlega laxlaus, og hófust forverar umbj.m. þá handa um ræktun árinnar með seiðasleppingum og friðun. Þessi starfsemi, sem var mjög kostnaðarsöm, er undirstaðan undir þeirri

laxveiði sem nú er í ánni. Hér er því ekki um náttúrleg hlunnindi að ræða, heldur afrakstur mikillar fjárfestingar.

Niðurstaða.

Málsástæður stefndu verða nú teknar til athugunar lið fyrir lið:

Um 1. Heimild löggjafans til þess að leggja á skatta er að finna í 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Álíta verður að í þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar felist réttur löggjafans til þess að ákvarða sveitarstjórnum heimild til þess að leggja á opinber gjöld til þarfa sveitarfélaganna. Sveitarstjórnum er og veitt visst svigrúm í álagningu gjalda, og er jafnræði þegnanna ekki talið raskað með því. Þá verður heldur ekki á það fallist að álagning hlunnindaskatts feli í sér skerðingu á eignarréttarákvæði 67. greinar stjórnarinnar. Hér er um skatt að ræða sem samkvæmt lögum telst heimilt að leggja á, og verður ekki séð að skatturinn feli í sér eignaupptöku eða eignarnám.

Um 2. Hlunnindaskattur er lagður á nettóarð af hlunnindum, sem þó skal að jafnaði meta til grunnverðs með því að tífalda árlegan nettóarð sem af þeim fæst eða telja má eðlilegt að af þeim mætti hafa, sbr. reglugerð um fasteignaskráningu og fasteignamat nr. 406/1978, 7. gr. 5. tl. Ekki verður heldur talið að hér sé um tvísköttun að ræða þar sem allur kostnaður við nytjar hlunnindanna hefur verið dreginn frá áður en skatturinn er á lagður.

Um 3. Við skattlagningu er tíðum nokkurt álitamál hvað skattar skuli vera háir. Meginsjónarmið skattlagningar verður að teljast það að skatturinn nægi fyrir útgjöldum þess aðila sem skatttekjurnar fær og ætlaðar eru til sameiginlegra þarfa landsmanna allra eða íbúa einstakra sveitarfélaga. Stefndu hafa ekki sýnt fram á að óeðlileg skattlagningarsjónarmið búi að baki þeirri álagningu hlunnindaskatts sem hér er deilt um, og verður þessi mótbára stefndu því ekki tekin til greina.

Um 4. Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 73/1980 er að finna heimild fyrir álagningu svonefnds hlunnindaskatts. Í 3. gr. laganna eru ákvæði um álagningu fasteignaskatta, og í 5. mgr. þeirrar greinar segir svo: „Auk þess skatts, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, er sveitarstjórn heimilt að leggja skatt á hlunnindi sem eru í eign utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra.“ Það liggur því fyrst fyrir að ákvarða hvað séu hlunnindi í skilningi laganna. Í almennum skilningi eru hlunnindi allvíðtækt hugtak. Hefðbundin skýrgreining hlunninda mun vera sú að hlunnindi séu búskapargagn jarða (fasteigna) sem fellur til af öðru en venjulegum búrekstri, eða allt annað en grasnytjar eða jarðargróði. Í munnlegum flutningi málsins lýstu lögmenn aðila yfir að Haffjarðará væri fasteign, enda er hún þannig skráð í afsals- og veðmálabókum sýslumanns-

embættisins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og er talin liggja hálf í Kolbeinsstaðahreppi og hálf í Eyjarhreppi. Í reglugerð nr. 406/1978 um fasteignaskráningu og fasteignamat, sem sett er samkvæmt lögum nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna, eru í 5. gr. ákvæði um hvaða eignir skuli taka til sjálfstæðs mats, og segir svo í 4. tölulið: „Meta skal sérstaklega ítök og önnur fasteignaréttindi er ekki fylgja neinni ákveðinni fasteign, svo sem vatnsréttindi, námuréttindi, veiðiréttindi, beitarréttindi og jarðhitaréttindi, sem seld hafa verið undan jörðum og hefðu verið metin með jörðum ef aðskilnaður hefði ekki átt sér stað. Því aðeins skal meta slík réttindi að þau verði talin arðgæf þegar mat fer fram."

Í fasteignamati er fasteignin Haffjarðará ekki metin sérstaklega, heldur aðeins það sem kallað er í matinu: „hlunnindi lax/silungsveiði." Það er óumdeilt að eini afrakstur fasteignarinnar Haffjarðarár er veiði lax og silungs. Álitamál er hvort eini afrakstur fasteignar geti talist hlunnindi hennar. Væri þá nærri að álykta að fasteigninninni Haffjarðará fylgdu engin hlunnindi. Það ber þó að túlka orðið hlunnindi í víðtækri merkingu í skilningi laga nr. 73/1980, og samkvæmt 5. mgr. 3. gr. laganna (áður 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972) ber að telja að metin hlunnindi lax/silungsveiði í Haffjarðará séu réttur grundvöllur álagningar hlunnindaskatts. Ekki hefur verið sýnt fram á að veiði í ánni stafi af ræktun hennar, og verður að telja að veiði í henni sé náttúrleg afurð.

Samkvæmt því sem hér að framan hefur verið rakið verður niðurstaða dómsins sú að stefndu verða dæmdir til þess að greiða stefnanda in solidum kr. 72.669 með vöxtum eins og krafist er. Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda kr. 41.918 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndu, Thor R. Thors, Richard Thors, Þórður Thors, Unnur Thors og Jóna Íris Thors, greiði í einábyrgð stefnanda, Kolbeinsstaðahreppi, kr. 72.669 með 4,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 15.698 frá 1/6 1980 til 1/6 1981, með 4,5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 38.509 frá 1/6 1981 til 20/4 1982, með 4% dráttarvöxtum á mánuði af sömu upphæð frá 20/4 1982 til 1/6 1982, með 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 72.669 frá 1/6 1982 til 1/11 1982, með 5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/10 1983, með 4,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21.11 1983, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/12 1983, með 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/1 1984 og með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 41.918 í málskostnað, allt innar 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1986.

Nr. 276/1986. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Lárusi Fjeldsted Jakobssyni
(Ólafur Gústafsson hrl.)

Réttarfar. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds 6. nóvember 1985 refsingu til þyngingar en ákærði vildi una dóminum.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. janúar 1986.

Tékki sá sem í málinu greinir er útgefinn til handhafa en framseldur með nafnritun ákærða á bakhlið.

Ákærði játaði fyrir rannsóknarlögreglu að hann hefði framselt tékkann vitandi að hann var falsaður.

Mál þetta var höfðað á hendur ákærða fyrir sakadómi Skagafjarðarsýslu með ákæru útgefinni 26. febrúar 1985. Honum var birt ákæran á dómþingi í sakadómi Strandasýslu 19. júlí 1985. Hann kvaðst þá ekki vilja tjá sig um málsatvik. Eftir þetta kom hvorki ákærði né vitni fyrir sakadóm. Er rannsókn málsins samkvæmt þessu haldin þeim annmörkum að ómerkja ber hin áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til rannsóknar og dómsálagningar að nýju, sbr. 1. mgr. 75. greinar laga nr. 74/1974, sbr. 13. grein laga nr. 107/1976, enda hagar hér ekki svo til sem segir í 1. mgr. 122. greinar laga nr. 74/1974, sbr. 24. grein laga nr. 107/1976.

Allur áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, 9.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Lárusar Fjeldsted Jakobssonar, fyrir Hæstarétti, Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, 9.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Skagafjarðarsýslu 2. ágúst 1985.

Ár 1985, föstudginn 2. ágúst var í sakadómi Skagafjarðarsýslu af Hilmari Baldurssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr 102/1985: Ákæruvaldið gegn Lárusi Fjeldsted Jakobssyni, Þangsstöðum á Hofsósi, fæddum 5. janúar 1945 á Sauðárkróki, fyrir að hafa, dag einn seint í septembermánuði 1984, selt falsaðan tékka í Söluturninum Vesturgötu 14 í Reykjavík, útgefinn 19.09. 1984 á eyðublað nr. 2454688 frá Austurbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík á reikning nr. 24161, stílaðan á handhafa að fjárhæð kr. 2.500,00 með fölsuðu nafni Stefáns Ólafssonar og framsali ákærða sjálfs.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

Miðvikudaginn 23. apríl 1986.

Nr. 4/1986. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Óskari Kjartanssyni
(Jón Bjarnason hrl.)

Rangur framburður fyrir dómi. Fjárdráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1985 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. janúar 1986.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærði hafi brotið gegn 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 12. gr. laga nr. 101/1976 með röngum framburði fyrir skiptarétti Reykjavíkur 14. febrúar 1983.

Síðari liður ákæru, er fjallar um fjárdrátt, er eigi svo greinilegur sem skyldi. Er ekki fyllilega ljóst hvort ákærða er gefið að sök að hann hafi dregið sér alla innistæðu sparisjóðsbókanna, 262.971,06 krónur, eða einungis þær 80.000,00 krónur er hann hafði tekið út úr bókunum. Þykir varlegast að miða við að fjárdráttarákæran taki aðeins til lægri fjárhæðarinnar. Með þessari athugasemd ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærði hafi brotið gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga með því að draga sér samtals 80.000,00 krónur.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið til tveggja ára.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Óskar Kjartansson, sæti fangelsi 4 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 12. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 698/1985: Ákæruvaldið gegn Óskari Kjartanssyni, sem tekið var til dóms 9. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. mars 1985, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Óskari Kjartanssyni bókbindara, Karlagötu 18, Reykjavík, fæddum 4. febrúar 1925 í Vestmannaeyjum, fyrir rangan framburð og fjárdrátt.

I.

Ákærða er gefið að sök að hafa í þinghaldi í skiptarétti Reykjavíkur mánudaginn 14. febrúar 1983 við upphaf skiptameðferðar á dánarbúi Sesselju Jörundsdóttur, sem síðast bjó að Mánagötu 8, Reykjavík, og lést 15. janúar 1983, er ákærði fór með fjárreiður fyrir, borið það ranglega að „aðrar eignir..." en íbúð að Mánagötu 8, kjallara, ásamt innbúi „hafi látna ekki látið eftir sig..."

Telst þetta brot ákærða varða við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 12. gr. laga nr. 101, 1976.

II.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa, þegar ákærði skilaði af sér fjárreiðum búsins, sbr. I. lið, dregið undan skilum og haldið í vörslum sínum tveimur sparisjóðsbókum hinnar látnu við Alþýðubankann hf. sem hér greinir:

a)	Nr. 312762 með innstæðu	kr. 190.488,85
b)	Nr. 407860 með innstæðu	— 72.482,21
	Innstæða samtals	kr. 262.971,06

Af innstæðu bókar samkvæmt a) lið tók ákærði út eftirgreindar fjárhæðir og fénýtti í eigin þágu:

2. september 1983	kr. 25.000
28. nóvember 1983	— 25.000
1. febrúar 1984	— 30.000
Úttektir samtals	kr. 80.000

Endurgreiðslur ákærða og skil:

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 6. júní 1984 endurgreiddi ákærði af framangreindum fjárdrætti sínum kr. 80.000 og afhenti áðurgreindar sparisjóðsbækur, þá fyrri með innstæðu kr. 181.234,64, og þá síðari með innstæðu kr. 72.482,21, auk óinnfærðra vaxta kr. 28.628,57.

Telst brot ákærða, sem í II. kafla getur, varða við 1., sbr. 2. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta ef krafist verður, en þá að frádregnum endurgreiðslum sem í II. kafla greinir, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakvottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingum svo kunnugt sé.

Málavextir:

Upptök máls þessa voru þau að skiptaráðandinn í Reykjavík sendi RLR kæru, dagsetta 17. maí 1984. Þar segir að samkvæmt ósk Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, einkaerfingja dánarbús Sesselju Jörundsdóttur og að gefnu sérstöku tilefni, hafi Útvegsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Alþýðubankanum hf. verið skrifað bréf og spurst fyrir um afdrif bankainnstæðna sem hin látna átti og ekki komu fram við skipti á dánarbúi hennar. Ákærði hafi tekið út innstæður dánarbúsins í þessum bönkum enda þótt hann hafi lýst því yfir í þinghaldi í skiptarétti Reykjavíkur 14. febrúar 1983 að búið ætti ekki aðrar eignir en tilgreinda íbúð og innbú.

Samkvæmt endurriti úr skiptabók Reykjavíkur var þann 14. febrúar 1983 byrjuð skiptameðferð á dánarbúi Sesselju Jörundsdóttur, síðast til heimilis að Mánagötu 8, Reykjavík, sem lést 15. janúar 1983.

Mættur var í réttinum Óskar Kjartansson, Austurstræti 16, Reykjavík, ákærði í máli þessu, en hann var kunningi hinnar látnu og tilkynnti andlát hennar til skiptaréttarins 25. janúar 1983.

Að sögn ákærða voru eignir hinnar látnu íbúð að Mánagötu 8 í kjallara og innbú í íbúðinni. Síðan segir í endurritinu eftir ákærða að „aðrar eignir hafi hin látna ekki látið eftir sig og ekki skuldað neitt."

Við uppskrift á dánarbúinu þann 21. mars 1983 var mættur að tilstuðlan fógeta f.h. Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, Eiríkur Einarsson. Í endurriti segir að ekki hafi komið fram aðrar eignir en nefnd íbúð að fasteignamati kr. 220.000,00 og hlutabréf í E.Í. að nafnverði kr. 1.600,00. Þá var og réttarvotturinn skipaður til að meta innbúsmuni.

Framhald uppskriftar á dánarbúinu fór fram í skiptaréttinum 20. maí 1983, þá að viðstöddum Eiríki Ragnarssyni, skrifstofustjóra Sjálfsbjargar. Búið var þá afhent til einkaskipta þar sem skilyrði til þess voru fyrir hendi.

Sjálfsbjörg var erfingi hinnar látnu samkvæmt erfðaskrá frá 9. júní 1969 og annarri efnislega samhljóða frá 9. október 1970.

Ákærði gaf fyrst skýrslu hjá RLR 6. júní 1984. Þar kemur fram, að ákærði hafði undir höndum bankabækur hinnar látnu en lét þeirra ógetið í skiptaréttinum 14. febrúar 1983. Hann sá um útför hinnar látnu og notaði fé af áðurnefndum bókum hennar til greiðslu á kostnaði sem útförinni fylgdi. Fóru þær greiðslur að mestu fram í janúar og febrúar 1983.

Ákærði nefnir í skýrslunni að hann hafi átt að fá einhverja þóknun fyrir aðstoð sína við hina látnu í lifandi lífi hennar en hún hafi verið veik síðustu æviárin. Hann hafi hins vegar ekkert skriflegt um það frá henni. Hann tók fram að hann hafi ætlað að skila erfingjum hennar bankabókunum, en ekkert hafi heyrst frá þeim og hann því haldið að sér höndum. Ákærða var kunnugt um erfðaskrá Sesselju.

Ákærði kveðst síðan hafa tekið út af bókunum fyrir sig og lagt inn á eigin bók í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Voru það samtals kr. 80.000,00, samanber aðra skýrslu ákærða hjá RLR þann 8. júní 1984.

Ákærði nefnir að lokum að Sesselja hafi oft viljað greiða honum fyrir snúninga sem hann gerði fyrir hana, en hann aldrei viljað taka neitt fyrir þá.

Í lok síðari skýrslu ákærða hjá RLR kemur fram, að hann samþykkir að endurgreiða þessar kr. 80.000,00. Í framhaldi af því fór Guðmundur Guðjónsson, rannsóknarlögreglumaður, sama dag með honum í Sparisjóðinn og tók ákærði þar út kr. 80.000,00 og afhenti RLR og var sú upphæð strax greidd til skiptaráðanda.

Í málinu liggja fyrir reikningar sem ákærði greiddi af peningum úr bankabókum hinnar látnu, samtals kr. 17.966,00. Þá nefnir ákærði fleiri kostnaðarliði í skýrslu sinni hjá RLR.

Fyrir dómi þann 20. f.m. kvaðst ákærði hafa sagt skiptaráðanda frá hlutabréfum hinnar látnu í Eimskip og hafa vísað á þau í íbúðinni þótt það komi ekki fram í endurriti af skiptabókinni. Þá minntist hann þess ekki að hafa verið inntur svo nákvæmlega eftir eignum og skuldum hinnar látnu sem endurrit úr skiptabók virðist bera með sér. Þessar viðbárur ákærða þykja haldlausar.

Ákærði hefur haldið því fram hjá RLR og fyrir dómi, að honum hafi borið þóknun fyrir ýmsan erindrekstur fyrir Sesselju. Í dóminum taldi ákærði að nær hefðu verið 150.000 en 80.000.

Ekki verður úr því skorið í þessu máli hvort eða hve mikla þóknun ákærði hafi átt að fá eða eigi að fá af fjármunum dánarbúsins. Hitt er ljóst að hann hefur aldrei komið með neina formlega og sundurliðaða kröfu á búið og hefur aldrei rökstutt það að hann hafi unnið til 80.000 króna, hvað þá heldur 150.000 króna. Þvert á móti sagði ákærði hjá RLR þann 6. júní 1984 að hann hefði ætlað sér að skila erfingjunum bankabókum hinnar látnu, en það hefði bara ekkert heyrst frá þeim. Og í framhaldi af yfirheyrslu hjá RLR þann 8. júní 1984 fór ákærði með rannsóknarlögreglumanni í Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og tók út kr. 80.000,00 og greiddi þá fjárhæð til RLR sem kom henni strax til skiptaráðanda.

Ákærði hefur látið að því liggja að sér hafi ekki verið kunnugt um aðra

forsvarsmenn Sjálfsbjargar en Eirík Einarsson. Þessu verður ekki trúað og tómlæti ákærða sjálfs ekki afsakað með þessu.

Vitnið María Eggertsdóttir kom fyrir dóm þann 5. þ.m. svo og maður hennar, Ingólfur Einarsson. Áður hafði komið fyrir dóminn þann 20. f.m. vitnið Eiríkur Einarsson, áður nefndur. Öll komu þau fyrir dóminn fyrir atbeina ákærða og báru honum söguna vel. Hann hefði alla tíð reynst Sesselju vel og væri alls góðs maklegur. Ekki verða framburðir þeirra raktir frekar hér.

Niðurstöður:

I. kafli ákæru.

Sannað þykir, að ákærði hafi brotið gegn 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 12. gr. laga nr. 101, 1976, þegar hann í skiptarétti Reykjavíkur þann 14. febrúar 1983 skrifar undir bókun þess efnis, að aðrar eignir en þar eru greindar hafi hin látna ekki látið eftir sig, enda þótt ákærði væri með undir höndum bankabækur hinnar látnu sem höfðu að geyma verulegar fjárhæðir.

II. kafli ákæru.

Þá þykir einnig sannað að ákærði hafi gerst brotlegur við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga með því að taka út af einni bankabók hinnar látnu þann 2. september 1983 kr. 25.000,00, 28. nóvember 1983 kr. 25.000,00 og 1. febrúar 1984 kr. 30.000,00 og leggja inn á sína eigin sparisjóðsbók í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

Ákærði hefur hreint sakavottorð og því aldrei gerst brotlegur við lög. Þá hefur hann sér til málsbóta að hafa undir rannsókn málsins staðið skil á nefndum fjárhæðum, samtals kr. 80.000,00.

Með hliðsjón af þessu og atvikum öllum þykir refsing ákærða hæfileg 2 mánaða fangelsi, sem rétt þykir að fresta fullnustu á í 2 ár, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga sbr. lög nr. 22, 1955.

Engin skaðabótakrafa liggur fyrir í málinu.

Þá verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hrl., kr. 12.000,00.

Dómsorð:

Ákærði, Óskar Kjartansson, sæti 2 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hrl., kr. 12.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1986.

Nr. 17/1986. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ragnari Heimi Þórðarsyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Ásmundur Vilhjálmsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar sl. að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 28. febrúar sl.

Svo sem í héraðsdómi greinir ók ákærði bifreið frá Hótel Akranesi að Esjubraut 19 og síðan þaðan og heim til sín, og er sannað með framburði vitna að hann var undir áhrifum áfengis við aksturinn. Hefur ákærði þannig brotið gegn 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ákærði ók á leiðinni á grindverk við húsið Bjarkargrund 46 og laskaði það. Bar honum að sjá um það svo fljótt sem verða mátti að lögreglu yrði skýrt frá óhappinu og með því að láta það undir höfuð leggjast hefur hann gerst brotlegur við 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga.

Í ákæru er ennfremur vitnað til 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga en ákæra geymir eigi verknaðarlýsingu er svari til þess ákvæðis.

Refsing ákærða, sem eigi hefur áður sætt refsingum er hér skipta máli, er samkvæmt 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54/1976 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 18.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og vararefsing sektar 15 daga varðhald.

Ákærði þykir samkvæmt 81. gr. umferðarlaga hafa unnið til sviptingar ökuleyfis 8 mánuði. Með héraðsdómi var hann sviptur ökuleyfi 3 mánuði. Dómurinn var birtur ákærða 3. janúar sl. og hefur hann því nú öðlast ökuleyfið á ný. Ber því að ákveða að ákærði verði sviptur ökuleyfinu 5 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Heimir Þórðarson, greiði 18.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 15 daga varðhald í stað sektar ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti sviptingu ökuleyfis í 8 mánuði samtals, þ.e. í 5 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Akraness 11. nóvember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. febrúar 1985 „fyrir sakadómi Akraness á hendur Ragnari Heimi Þórðarsyni leigubifreiðarstjóra, Bjarkargrund 44, Akranesi, fæddum þar í bæ 31. mars 1945, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 20. janúar 1985 undir áhrifum áfengis bifreiðinni E 2520 frá Hótel Akranesi á Akranesi að Esjubraut 19, aka þaðan eftir skamma viðdvöl um götur í bænum, aka á og laska grindverk við hús nr. 46 við Bjarkargrund og halda rakleiðis heim til sín af vettvangi án þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna árekstursins.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., l.mgr. 37. gr. og 1. og 2. mgr.

41. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Kl. 03:35 sunnudaginn 20. janúar var lögreglunni tilkynnt að ákærði væri ölvaður við akstur bifreiðar sinnar. Hefði hann ekið frá Hótel Akranesi norðvestur Bárugötu og síðan norðaustur Vesturgötu.

Lögreglan hóf þegar að leita ákærða. Fór hún m.a. tvisvar heim til hans að Bjarkargrund 44, en í hvorugt skiptið var hann heima. Um kl. 04:15 veitti lögreglan því athygli að búið var að aka á grindverk við hús nr. 46 við Bjarkargrund og var það töluvert skemmt. Á árekstrarstað fundust brot úr svonefndu grilli bifreiðar. Þá var hægt að rekja þaðan slóð af vatni og frostlegi að bifreiðargeymslu við hús ákærða. Voru dyr bifreiðargeymslunnar opnar og var bifreið ákærða í geymslunni. Bifreiðin var talsvert skemmd að framan. Voru brot þau sem fundust á árekstrarstað greinilega af grilli bifreiðar hans. Vél bifreiðarinnar var heit og taldi lögreglan víst að hún hefði ekki verið búin að standa í bifreiðargeymslunni lengi. Lögreglan knúði dyra hjá ákærða en enginn svaraði.

Rétt fyrir kl. 13:00 nefndan dag var ákærði boðaður símleiðis til yfirheyrslu hjá lögreglu Akraness, rannsóknardeild. Átti ákærði að mæta í yfirheyrsluna kl. 13:00, en mætti ekki. Voru þá gerðar tilraunir til að ná í ákærða símleiðis og með því að fara heim til hans en án árangurs. Þá gerði lögreglan margsinnis tilraun til að ná tali af ákærða mánudaginn, 21. janúar en sú viðleitni bar ekki árangur. Loks náðist tal af ákærða laust fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 22. janúar, og var hann þá boðaður til yfirheyrslu. Í millitíðnni hafði lögreglan yfirheyrt dyraverði hótelsins um dvöl ákærða á hótelinu umrædda nótt. Fer vætti þeirra hér á eftir.

Baldur Ragnar Ólafsson kvaðst hafa verið við dyravörslu á hótelinu umrædda nótt. Um kl. 00:30 til 01:00 sá hann ákærða koma á hótelið. Virtist hann ódrukkinn. Baldur sá ákærða síðan af og til á dansleiknum. Talaði ákærði við hann og spurði eftir föður hans. Sagði Baldur að sér hefði þá virst ákærði greinilega vera undir áhrifum áfengis. Aðspurður um áfengisneyslu ákærða kvaðst Baldur hafa séð hann með glas í hendi og hafi verið ljósleitur (glær) vökvi í því.

Síðan sagði Baldur að ákærði hefði yfirgefið hótelið klukkan að ganga fjögur um nóttina með síðustu gestum. Sá hann þá að ákærði var greinilega ölvaður.

Aðspurður um ölvunareinkenni ákærða svaraði Baldur að hann hefði verið drafandi í tali og voteygður.

Að loknum dansleiknum sagðist Baldur hafa farið heim til sín. Hafi hann verið kominn heim um kl. 03:30. Þá hafi ákærði verið þar fyrir í heimsókn hjá foreldrum hans. Kvaðst Baldur hafa rætt við ákærða. Faðir Baldurs bað hann síðan að aka ákærða heim, en ákærði þvertók fyrir það enda þótt hart væri lagt að honum. Hafi ákærði haft á orði að hann myndi stinga lögregluna af ef hún elti sig.

Við svo búið hvarf Baldur á braut. Bifreið ákærða E 2520 stóð þá fyrir utan heimili hans. Er hann kom aftur laust fyrir kl. 04:00 var hún farin.

Baldur kom fyrir dóm 1. apríl sl. Var hann nánar spurður um kynni sín af ákærða. Kvaðst Baldur hafa þekkt ákærða frá því hann var smástrákur. Ákærði hefði unnið um árabil með föður hans í Sláturfélaginu. Þar hefði hann kynnst ákærða.

Um samskipti sín og ákærða á dansleiknum umrætt sinn var vætti Baldurs samhljóða vætti hans hjá lögreglu Akraness, rannsóknardeild. Nánar aðspurður um ölvunareinkenni ákærða sagði Baldur að hann hafi verið óstöðugur. Hann hafi verið rjóður í andliti. Framburður hans hafi verið ruglingslegur. Málfar þvoglulegt. Þá hafi hann verið rjóður í andliti.

Eins og áður segir fór Baldur heim til sín að loknum dansleiknum og var ákærði þar þá fyrir. Hafi hann spurt föður hans hvort hann ætti áfengi, en hann sagðist ekkert áfengi eiga. Bjóst ákærði þá til að fara. Þeir spurðu hann þá hvort hann ætlaði akandi í þessu ástandi, sem hann var í. Buðust þeir til að aka honum heim. Ákærði hafi þá svarað, meira í gamni en alvöru, að lögreglan skipti sér sjaldan af leigubifreiðum og ef svo illa færi að hún skipti sér af honum myndi hann stinga hana af.

Að öðru leyti var vætti Baldurs samhljóða skýrslu hans hjá lögreglu Akraness, rannsóknardeild. Staðfesti hann áðurnefnda skýrslu sína sem rétta.

Rafn Elvar Svanbergsson kvaðst hafa verið við störf á hótelinu umrædda nótt. Rafn kvaðst ekki hafa veitt ákærða athygli fyrr en að loknum dansleiknum er dyraverðirnir báðu gestina að fara út. Ákærði hafi verið með síðustu mönnum til að yfirgefa hótelið. Sagði Rafn að þá hafi hann verið greinilega ölvaður. Ekki talaði Rafn við ákærða en merkti ölvunareinkenni hans af háttalagi hans. Kvaðst hann vel kunnugur ákærða og vera handviss að í umrætt sinn hafi hann verið ölvaður. Að sögn Rafns var klukkan um 03:15 til 03:30 þegar ákærði yfirgaf hótelið. Var hann þá einsamall.

Rafn kom fyrir dóm þann 3. apríl sl. Bar hann sem fyrr að hann hefði ekki tekið eftir ákærða fyrr en undir lok dansleiksins. Var hann á tali við Eygló Önnu Sigurðardóttur.

Um ölvunareinkenni ákærða sagði Rafn að ákærði hefði verið kátur og nokkuð háværari en hann ætti að venjast. Ekki tók Rafn eftir öðrum

ölvunareinkennum í fari ákærða. Rafn kvaðst vera búinn að þekkja ákærða um árabil og í umrætt sinn hafi hann verið þess fullviss að ákærði var greinilega ölvaður.

Vitnið Ólafur Bragi Theódórsson var yfirheyrður af lögreglu Akraness, rannsóknardeild, þriðjudaginn 22. janúar sl. Kvaðst Ólafur hafa verið að skemmta sér laugardagskvöldið 19. janúar sl. ásamt kunningjum sínum. Ákváðu þeir að fara á hótelið og hringdu á leigubifreið. Skömmu síðar kom bifreiðin. Var það bifreið ákærða og var hann undir stýri.

Þegar á hótelið kom kvaðst ákærði ætla að koma með þeim inn. Varð hann samferða þeim inn að sögn Ólafs. Er inn var komið kvaðst Ólafur hafa fengið sér borð inni í sal og ekki séð ákærða á dansleiknum eftir það.

Að dansleikum loknum kvaðst Ólafur hafa farið heim. Hafi hann rétt verið kominn inn úr dyrunum þegar bankað var á þær. Fór hann til dyra og opnaði. Stóð ákærði í dyrunum. Spurði hann hvort ekki væri samkvæmi sem Ólafur neitaði og kvaðst vera að fara að sofa.

Aðspurður um ölvun ákærða umrætt sinn sagði Ólafur að hann hefði greinilega verið undir áhrifum áfengis, en ekki virst ofurölvi. Kvaðst Ólafur þekkja ákærða og vera handviss um að hann hafi verið ölvaður í umrætt sinn.

Ólafur sagði að það hefði ekki hvarflað að sér að ákærði hefði verið akandi þar sem hann var ölvaður. Hefði hann ekki frétt það fyrr en Baldur sonur sinn sagði sér það. Hefði hann talið að ákærði hefði komið samferða Baldri en hann kom heim um líkt leyti og síðan orðið samferða honum aftur. Aðspurður hvort hann bauð ákærða að láta Baldur aka honum heim mundi hann ekki greinilega.

Vitnið Ólafur Bragi Theódórsson kom fyrir dóm 2. apríl sl. Vætti hans fyrir dómi var samhljóða skýrslu hans hjá lögreglu Akraness, rannsóknardeild.

Þá var Ólafur inntur nánar um útlit ákærða er hann kom í heimsóknina. Sagði Ólafur að hann hafi virst greinilega ölvaður, þó ekki ofurölvi. Nánar aðspurður um ölvunareinkenni ákærða kvaðst Ólafur ekki hafa fundið af honum áfengislykt eða merkt að hann væri óstöðugur, en augu hans hafi verið vot. Hann hafi verið kátur og allt að því stamað.

Um kynni sín af ákærða bar Ólafur að þeir hefðu unnið saman í um 10 ár á árunum 1962 til 1972.

Nánar aðspurður um samskipti sín og ákærða umrædda nótt bar Ólafur við minnisleysi. Kvaðst hann hafa verið undir áhrifum áfengis. Hefði hann drukkið 2 til 3 glös af vodka heima hjá sér áður en hann fór á dansleikinn og síðan 4 til 5 glös á hótelinu.

Ólafi var kynntur framburður sonar síns, Baldurs Ragnars, varðandi

samræður þeirra og ákærða, hvort rétt væri að hann æki heim í því ástandi sem hann var og svör ákærða af því tilefni. Ólafur kvaðst ekki minnast slíkra orðaskipta. Hefði hann ekki frétt það fyrr en daginn eftir að ákærði hefði verið á sinni eigin bifreið er hann spurði son sin hvort hann hefði ekki ekið ákærða heim um nóttina.

Vitnið Eygló Anna Sigurðardóttir kom fyrir lögreglu Akraness, rannsóknardeild, þriðjudaginn 22. janúar sl. Kvaðst hún hafa farið á hótelið rétt eftir kl. 02:00. Var hún búin að vera nokkra stund á hótelinu þegar hún hitti ákærða. Tóku þau tal saman og ræddust við nokkra stund.

Aðspurð mundi hún ekki hvort hún hefði séð ákærða neyta áfengis umrætt sinn. Um ölvunareinkenni ákærða svaraði Eygló að sér hefði virst hann greinilega ölvaður. Nánar aðspurð kvaðst hún hafa hitt ákærða nokkrum sinnum allsgáðan. Þarna hafi hann verið greinilega ölvaður þó ekki ofurölvi.

Eygló kvað þau hafa slitið tali rétt fyrir lok dansleiksins. Eftir það hafi hún ekki fylgst með ákærða.

Eygló Anna kom fyrir dóm 3. apríl sl. Vætti hennar var þá samhljóða skýrslu hennar hjá lögreglu Akraness, rannsóknardeild. Ítrekað aðspurð um ölvunareinkenni ákærða bar hún að hann hefði verið allur kátari og léttari í lund en hún hafði áður vanist. Þá hafi hann verið rjóður í andliti.

Eins og áður segir kom ákærði fyrir lögreglu Akraness, rannsóknardeild, þriðjudaginn 22. janúar sl. eftir að ítrekað hafði verið reynt að ná tali af honum. Yfirheyrður um málavexti kvaðst ákærði hafa farið á bifreið sinni að hótelinu eftir miðnætti, sennilega að ganga eitt umrædda nótt. Hafi hann verið einn í bifreiðinni. Fór hann inn og keypti sér miða. Kveðst hann hafa átt stefnumót á hótelinu. Ekki vildi hann upplýsa við hvern. Aðspurður kvaðst ákærði hafa keypt þrjú glös af einföldu brennivíni í vatni á hótelinu umrætt sinn. Það hafi þó ekki verið fyrir hann. Ekki vildi ákærði upplýsa fyrir hvern hann keypti áfengið. Ákærði kvaðst hafa greitt fyrir áfengið með eigin fé. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis umrætt sinn. Aðspurður kvaðst hann hafa drukkið úr tveimur vatnsglösum.

Ekki vildi ákærði tilgreina fólk er hann hitti á hótelinu.

Að loknum dansleiknum kvaðst ákærði hafa farið að bifreið sinni og ekið rakleitt heim til sín. Tilgreindi hann akstursleiðina nákvæmlega. Er ákærði kom að Bjarkargrund kvaðst hann hafa ekið á of mikilli ferð. Hafi hann óttast að lenda á ljósastaur sem þarna er. Tók hann því þann kostinn að aka á grindverk við hús nr. 46.

Ekki gat ákærði upplýst hvað klukkan var þegar þetta gerðist.

Aðspurður hvers vegna hann ansaði ekki banki lögreglunnar heima hjá sér um nóttina kvaðst hann ekki hafa orðið hennar var.

Aðspurður hvers vegna hann sinnti ekki kvaðningu lögreglunnar að mæta til yfirheyrslu hjá rannsóknardeild hennar svaraði ákærði því til að hann hefði haldið að þetta hefði verið nágranni sinn að gantast við sig.

Ákærði var enn til yfirheyrslu hjá lögreglu Akraness, rannsóknardeild, daginn eftir, miðvikudaginn 23. janúar sl. Var honum þá bent á að fyrir lægi vitnaframburður, sem stangaðist verulega á við framburð hans. Neitaði ákærði þá enn að tjá sig frekar um málið. Jafnframt neitaði hann að hafa verið ölvaður umrædda nótt.

Ákærði kom fyrir dóm 28. mars sl. Var honum þá birt ákæra máls þessa og yfirheyrður um málavexti. Skýrði hann sjálfstætt svo frá að hann hefði farið á hótelið klukkan að ganga eitt, nánar tiltekið um hálf eitt, aðfaranótt sunnudagsins 20. janúar sl. Kvaðst hann hafa verið einsamall. Hafi hann ætlað að hitta kunningja sinn á hótelinu. Ákærði kvaðst hafa yfirgefið hótelið einsamall rúmlega þrjú um nóttina. Kvaðst hann hafa ekið eftir Bárugötu, Vesturgötu og að Esjubraut 19. Þar kvaðst hann hafa gert skammta viðdvöl. Átti hann orðaskipti við húsráðandann, Ólaf Braga Theódórsson. Spurði hann Ólaf hvort ekki væri samkvæmi hjá honum. Ólafur hafi svarað því neitandi. Aðspurður hvort ákærði átti orðaskipti við einhvern annan í umrætt sinn svaraði ákærði því til að sonur Ólafs hefði komið heim meðan hann dvaldi þar en hann hefði engin orðaskipti átt við hann.

Aðspurður hvers vegna ákærði hafði áður sagt lögreglunni að hann hefði ekið rakleitt heim til sín kvaðst ákærði ekki hafa viljað baka Ólafi vandræði vegna heimsóknar sinnar.

Ákærði kvaðst hafa ekið rakleitt heim til sín frá Ólafi. Á Bjarkargrund kvaðst ákærði hafa ekið of hratt í beygju. Hann hafi reynt að hemla en það ekki komið að gagni. Lenti hann því á grindverki við hús nr. 44. Aðspurður hvers vegna ákærði tilkynnti ekki um áreksturinn sagði ákærði að húsráðandinn að Bjarkargrund 46 hefði verið að skemmta sér um kvöldið. Hafi hann því haldið að hann væri annað tveggja sofnaður eða ókominn heim. Hann hafi því ekið rakleitt heim til sín og lagt bifreið sinni í bifreiðageymslunni.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa orðið var við lögregluna þegar hún knúði dyra hjá honum um nóttina. Sagði ákærði að kona sín hefði verið vakandi og hefði hún einskis orðið vör.

Aðspurður hvers vegna ákærði sinni ekki fyrirkalli lögreglunnar að mæta til yfirheyrslu hjá rannsóknardeild hennar bar hann á sama veg og áður.

Ákærði kvaðst hafa farið til kirkju eftir hádegi umræddan sunnudag. Eftir það hefði hann farið í heimsókn til kunningjafólks síns. Hann hafi því verið fjarverandi allan sunnudaginn. Á mánudeginum hafi hann farið

til Reykjavíkur að kaupa hitakerfi í bifreiðina sem skemmdist við árekstur inn.

Í þinghaldi 11. apríl sl. var ákærða kynntur framburður vitna og önnur gögn málsins.

Um vætti Ólafs Braga Theódórssonar, að ákærði hafi verið greinilega ölvaður en ekki ofurölvi, sagði ákærði að vitni þetta hefði sjálft verið ölvað og því varla dómbært um ástand þess. Þá var ákærði spurður hvers vegna hann hefði áður sagt að hann hefði farið einn á hótelið þegar fyrir lægi að hann hefði ekið Ólafi og kunningjum hans á hótelið og orðið samferða þeim inn. Ákærði kvaðst hafa skilið spurninguna þannig hvort hann hefði setið til borðs með áðurnefndu fólki, en svo hafi ekki verið.

Um vætti Baldurs Ragnars Ólafssonar sagði ákærði að hann hefði ekki viljað skýra frá því fyrr en nú að hann hefði átt samræður við Baldur, þar eð hann hefði ekki viljað baka honum óþægindi. Skýrir ákærði nú svo frá að þeir hafi átt samræður og hafi þær snúist um föður vitnisins. Kvaðst ákærði hafa haldið að hann hafi verið farinn heim þar sem hann hafði ekki séð hann í nokkurn tíma. Er þetta var sagðist ákærði hafa haldið á vatnsglasi.

Um samskipti sín og umrædds vitnis að Esjubraut 19 að loknum dansleiknum sagði ákærði að Baldur hefði boðist til að aka honum heim, en ákærði kvaðst engu hafa svarað honum.

Um framburð Rafns Elvars Svanbergssonar sagði ákærði að Rafn hefði verið dyravörður umrætt sinn. Ákærði hefði séð hann tilsýndar en engin orðaskipti átt við hann.

Þá er ákærða kynntur framburður Eyglóar Önnu Sigurðardóttur. Ákærði kvaðst hafa hitt hana þegar hann var á leiðinni út eftir lok dansleiksins í innri forstofu hótelsins að innganginum að danssalnum. Kvaðst hann hafa spurt hana hvort hún vildi ekki frekar verða samferða sér heim en manni þeim er hún var í fylgd með. Hún hafi svaraði því neitandi.

Í þinghaldi 15. apríl var ákærði nánar spurður um samskipti sín og Eyglóar Önnu. Kvað hann Eygló hafa setið í sófa nálægt innganginum í sal hótelsins. Við hlið hennar hafi setið Örn Arnar Gunnarsson. Ákærði kvaðst hafa hallað sér að Eygló og spurt hana áðurnefndrar spurningar. Hún hafi svarað neitandi eins og fyrr greinir.

Í þessu framhaldi var Örn Arnar Gunnarsson kvaddur vættis. Aðspurður mundi Örn ekki hvort hann fór í hótelið umrætt skipti. Þó væri það ekki útilokað, þar sem hann sækti gjarnan hótelið um helgar. Aðspurður kvaðst Örn rétt málkunnugur nefndri Eygló. Aðspurður hvort hann ræki minni til að ákærði ræddi við hann og Eygló umrætt kvöld svaraði Örn neitandi.

Þá var Eygló enn til yfirheyrslu vegna máls þessa þann 29. maí sl.

Aðspurð kvaðst hún rétt málkunnug nefndum Erni. Aðspurð hvort hún hefði verið á tali við Örn þegar hún hitti ákærða á hótelinu umrætt sinn svaraði hún neitandi.

Ákærði hefur verið samprófaður við Baldur Ólafsson. Ekki tókst að samræma framburð þeirra.

Að beiðni skipaðs verjanda ákærða voru haldin frekari próf í málinu 19. ágúst sl.

Vitnið Þórey Karlsdóttir, eiginkona ákærða, kvaðst hafa verið vakandi þegar ákærði kom heim. Aðspurð hvað klukkan hafi verið sagðist hún ekki hafa fylgst með tímanum.

Aðspurð um útlit ákærða þegar hann kom heim sagði Þórey að hann hefði verðið þreyttur. Aðspurð hvort hann hefði verið ölvaður svaraði hún neitandi.

Þórey kvað ákærða ekki hafa sagt sér að hann hefði farið á hótelið fyrr um nóttina.

Er ákærði kom heim kvaðst Þórey hafa farið fram. Hafi þau fengið sér hressingu. Ákærði hafi sagt henni að hann hefði ekið á grindverkið við hús nr. 46 við Bjarkargrund. Kvaðst hún hafa skoðað skemmdirnar á bifreiðinni. Síðan hafi þau farið að sofa.

Aðspurð hvort hún hafi orðið lögreglunnar vör þegar hún knúði dyra hjá þeim um nóttina svaraði hún neitandi. Sagði hún að dyrabjallan hefði verið ónýt, því hafi þau ekki alltaf heyrt þegar bankað var hjá þeim.

Þórey kvað þau hafa vaknað um kl. 10.00 um morguninn. Þá fengu þau sér morgunmat. Síðan hafi ákærði haft samband við Braga Sigurdórsson, Bjarkargrund 46, og boðið honum greiðslu vegna skemmda á grindverkinu.

Aðspurð hvort lögreglan hringdi og boðaði ákærða til yfirheyrslu sagði hún svo geta verið. Ákærði hefði þá svarað. Ekki mundi hún hvað klukkan var þegar hringt var.

Eftir hádegi gengu þau inn í hverfi og inn að mýri.

Þórey kvað þau hafa komið heim um kvöldmatarleytið. Aðspurð hvort þau hafi heimsótt einhverja umræddan dag kvað hún að þau hefðu heimsótt mann að nafni Pál Sigvaldason, Hjarðarholti 18.

Ítrekað aðspurð hvort þau hefðu gert eitthvað annað umræddan dag svaraði Þórey neitandi.

Vitnið Guðjón Haraldsson hitti ákærða á hótelinu um eittleytið umrædda nótt. Ræddust þeir við í um 2 til 3 mínútur. Aðspurður kvaðst Guðjón ekki hafa merkt að ákærði væri undir áhrifum áfengis. Aðspurður hvort hann hefði verið með glas í hendi svaraði Guðjón neitandi.

Vitnið Páll Jónsson kvaðst hafa hitt ákærða um eittleytið á hótelinu umrædda nótt. Kvaðst hann hafa hitt ákærða þar sem hann stóð við ganginn inn í sal. Virtist Páli hann vera að fylgjast með fólkinu. Ræddust þeir

við í um 2 til 3 mínútur. Kvaðst Páll hafa sagt: „Þú hér með ekkert glas!" Ákærði svaraði; „Nei, nei, maður er bara að kíkja á stelpurnar."

Aðspurður um útlit ákærða kvaðst Páll ekki hafa merkt að hann væri undir áhrifum áfengis.

Um kynni sín og ákærða sagði Páll að þeir væru búnir að þekkjast í 10 til 12 ár.

Vitnið Bragi Sigurdórsson kvað ákærða hafa komið heim til sín sunnudagsmorguninn milli kl. 10:00 og 11:00 og tilkynnt honum um ákeyrslu sína á grindverkið fyrir framan hús hans. Sagði Bragi að ákærði hefði boðist til að gera við grindverkið. Bragi kvaðst hafa spurt ákærða hvers vegna hann hefi ekið á grindverkið. Akærði hefði svarað því til að hann hefði ekið of greitt og aukinheldur verið utan við sig.

Aðspurður kvaðst Bragi ekki hafa vitað að ákærði var grunaður um meinta ölvun við akstur þegar þeir ræddust við. Hann hefði komið að öllu leyti eðlilega fram. Kvaðst hann á engan hátt hafa merkt að hann væri með timburmenn. Ekki kvaðst Bragi hafa orðið ákærða var aftur nefndan sunnudag.

Niðurstaða.

Í máli þessu er vafi hvort ákærði var ölvaður þegar hann ók bifreið sinni E 2520 frá hótelinu að loknum dansleik aðfaranótt sunnudagsins 20. janúar sl. heim til sín með viðkomu á Esjubraut 19.

Hvað vafann áhrærir hefur eftirfarandi verið upplýst.

Guðjón Haraldsson og Páll Jónsson segjast hafa hitt ákærða á hótelinu um eittleytið umrædda nótt. Þeir gátu þá ekki merkt að hann væri með áhrifum áfengis.

Vitnið Eygló Anna Sigurðardóttir ræddi við ákærða undir lok dansleiksins umrætt sinn. Segir hún að sér hafi virst ákærði vera greinilega ölvaður. Eygló er málkunnug ákærða og þetta sinn hafi hann verið kátari og léttari í lund en hún hafi átt að venjast.

Vitnið Rafn Elvar Svanbergsson fylgdist með ákærða á leiðinni út af hótelinu umrætt sinn. Segir hann að ákærði hafi verið greinilega ölvaður. Rafn er kunnugur ákærða og kveðst hann hafa merkt ölvunareinkenni af háttalagi hans. Í þetta sinn hafi hann verið kátari og háværari en hann hafi átt að venjast.

Vitnið Baldur Ragnar Ólafsson var við dyravörslu þegar ákærði kom á hótelð umrætt sinn. Síðan sá hann ákærða af og til á dansleiknum. M.a. kom ákærði fram í fordyrið og ræddi við hann. Baldur segir að ákærði hafi verið ódrukkinn þegar hann kom á hótelið, en hafi gerst ölvaður þegar leið á nóttina. Þegar hann yfirgaf hótelið hafi hann verið greinilega ölvaður. Ölvunareinkennum ákærða lýsti hann svo, að hann hafi verið drafandi í

tali. Augu hans hafi verið vot. Hann hafi verið óstöðugur. Framburður hans hafi verið ruglingslegur. Þá hafi hann verið rjóður í andliti. Loks kveðst Baldur hafa séð ákærða með glas í hendi. Í því hafi verið glær vökvi.

Baldur Ragnar Ólafsson hitti ákærða síðan að Esjubraut 19, en þangað hafði ákærði farið frá hótelinu. Var Baldur þessu nú fullviss að ákærði var undir áhrifum áfengis. Bað faðir Baldurs hann að aka ákærða heim, en ákærði afþakkaði það. Kvað hann það óþarfa þar eð lögreglan skipti sér sjaldan af leigubifreiðum og ef svo illa færi að hún elti sig myndi hann stinga hana af.

Ekki hefur tekist að samræma framburð ákærða og Baldurs hvað þetta snertir. Þá man faðir Baldurs ekki greinilega eins og hann orðar það hvort hann bað Baldur að aka ákærða heim eða ekki. Hann gefur þá skýringu á því að það hafi ekki hvarflað að honum að ákærði væri akandi. Hafi hann ekki frétt það fyrr en daginn eftir þegar hann spurði Baldur hvort hann hefði ekki ekið ákærða heim. Þá er þess að geta að ákærði bar í fyrstunni að hann og Baldur hefðu ekki átt nein orðaskipti, en síðan að Baldur hefði boðist til að aka sér heim. Kvaðst ákærði engu hafa svarað honum.

Ákærði heimsótti vitnið Ólaf Braga Theódórsson að heimili hans að Esjubraut 19 að loknum dansleiknum. Segir Ólafur að ákærði hafi þá verið greinilega ölvaður en þó ekki ofurölvi. Ólafur er kunnugur ákærða. Í þetta sinn hafi hann verið kátur og allt að því stamandi. Önnur ölvunareinkenni merkti Ólafur ekki. Hvað framburð þessa vitnis varðar ber að hafa í huga að hann var sjálfur ölvaður.

Þá er að geta vættis Þóreyjar Karlsdóttur, eiginkonu ákærða. Hún kveðst hafa verið vakandi þegar hann kom heim og ekki merkt að hann var ölvaður.

Loks er að geta vættis Braga Sigurdórssonar. Hann hitti ákærða milli kl. 10:00 til 11:00 að morgni sunnudagsins. Hann kvaðst ekki hafa séð neitt óeðlilegt við ákærða eða merkt að hann væri með timburmenn.

Með framburði vitna og að öðru leyti með vísan til gagna málsins þykir fullsannað að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis er hann yfirgaf Hótel Akranes umrætt sinn og ók heim til sín með viðkomu að Esjubraut 19. Af þeim sökum gat hann ekki stjórnað bifreið sinni E 2520 nægilega örugglega og ók á grindverk við hús nr. 46 við Bjarkargrund. Við ákreksturinn skemmdist grindverkið og bifreið ákærða. Honum bar því að gera lögreglunni viðvart. Það gerði hann ekki.

Með ofangreindri háttsemi sinni hefur ákærði því gerst brotlegur við þau ákvæði umferðarlaga, sem í ákæruskjali greinir.

Samkvæmt sakavottorði dagsettu 25.01. 1985 hefur ákærði sætt kærum og refisingum, sem hér segir:

— — —

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, hæfilega ákveðin 12.000 króna sekt til ríkissjóðs er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuleyfi. Þykir ökuleyfissvipting hans hæfilega ákveðin 3 mánuðir frá birtingu dóms þessa. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis, sbr. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Sveinssonar hdl. Þykja málsvarnarlaun hans hæfilega ákveðin 9.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Heimir Þórðarson, greiði 12.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa þar með talin málsvarnarlaun, Jóns Sveinssonar hdl., krónur 9.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 25. apríl 1986.

Nr. 143/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Einar Sverri Einarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. þ.m. er barst Hæstarétti 21. þ.m., að því er ætla verður í því skyni að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. apríl 1986.

Ár 1986, föstudaginn 18. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 krafist þess, að kærði, Einar Sverrir Einarsson, fæddur 11. ágúst 1944, með lögheimili að Safamýri 65, Reykjavík, en án fasts samastaðar, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. apríl nk. kl. 17:00 vegna gruns um innbrot og þjófnað.

Kærði hefur mótmælt gæsluvarðhaldskröfunni.

Málavextir:

Aðfaranótt 17. mars sl. var brotist inn í Söluskála og bensínafgreiðslu Skeljungs í Þorlákshöfn og stolið m.a. kr. 79.000,- í peningum, óframseldum ávísunum að fjárhæð samtals kr. 34.500,-, og ýmsum vörum, aðallega tóbaksvörum og filmum, að innkaupsverði um kr. 150.000,-. Töluverð spellvirki voru unnin í innbrotinu.

Á vettvangi fundust för eftir þrenns konar skó.

Fljótlega beindist grunur að Páli Konráð Konráðssyni Þormar og Grétari Pétri Sigurðssyni, og voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðahald, fyrst frá 28. mars til 9. apríl, en þá var gæsluvarðhald þeirra framlengt allt til 23. apríl nk., og sæta þeir því enn.

Sterk rök hníga að því, að Páll Konráð hafi átt aðild að innbrotinu, og eru þau í samræmi við framburð Grétars Péturs, sem hefur játað að hafa ásamt þeim Páli Konráð og kærða, Einari Sverri, verið þarna að verki. Kærði neitar sök.

Við frumathugun á skóm, sem kærði var í í dag, er hann var handtekinn, svo og við samanburð á þeim og skóförum, sem fundust á innbrotsstaðnum, virðast ein skófaranna geta verið eftir skó kærða.

Af hálfu RLR er nú lögð mikil áhersla á að finna sem mest af þýfinu úr innbrotinu. Hætta er á, að kærði geti spillt rannsókn málsins, ef hann heldur óskertu frelsi. Þykir því rétt, með hliðsjón af framansögðu og vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi svo sem krafist er. Brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr. alm. hegningarlaga, ef sök sannast, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarsrkárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Einar Sverrir Einarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. apríl 1986 kl. 17:00.

Mánudaginn 28. apríl 1986.

Nr. 121/1985. **Jenný Ásmundsdóttir**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Hjálmari Gunnarssyni
(Jóhann Níelsson hrl.)

Sameign. Skaðabætur. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 15. maí 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi 3. maí 1985. Dómkröfur hennar eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 205.600,00 krónur með 7% ársvöxtum af 4.600,00 krónum frá 1. janúar 1970 til 31. desember s.á., af 9.500,00 krónum frá 1. janúar 1971 til 31. desember s.á., af 15.100,00 krónum frá 1. janúar 1972 til 31. desember s.á., af 22.100,00 krónum frá 1. janúar 1973 til 1. maí s.á., með 9% ársvöxtum af 22.100,00 krónum frá þeim degi til 31. desember s.á., af 31.100,00 krónum frá 1. janúar 1974 til 15. júlí s.á., með 13% ársvöxtum af 31.100,00 krónum frá þeim degi til 31. desember s.á., af 44.100,00 krónum frá 1. janúar 1975 til 31. desember s.á., af 60.600,00 krónum frá 1. janúar 1976 til 31. desember s.á., af 80.600,00 krónum frá 1. janúar 1977 til 21. nóvember s.á., með 16% ársvöxtum af 80.600,00 krónum frá þeim degi til 31. desember s.á., af 105.600,00 krónum frá 1. janúar 1978 til 21. febrúar s.á., með 19% ársvöxtum af 105.600,00 krónum frá þeim degi til 31. desember s.á., af 205.600,00 krónum frá 1. janúar 1979 til 31. maí s.á., með 22% ársvöxtum af 205.600,00 krónum frá þeim degi til 31. ágúst s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 28. janúar 1983, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði eins og málið væri eigi gjafsóknarmál svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæsatrétti úr hendi áfrýjanda auk 15,2% ársvaxta frá uppsögu dóms Hæstaréttar til greiðsludags.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ný gögn þar á meðal tvær skoðunarskýrslur Magnúsar Guðmundssonar skipaeftirlitsmanns Siglingamálastofnunar ríkisins.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi undirritaði áfrýjandi og eiginmaður hennar skilnaðarskilmála 2. og 6. desember 1968 þess efnis, að áfrýjandi skyldi fá í sinn hlut v/b Sigurfara, enda skyldi hún taka að sér „greiðslu skulda mannsins vegna eignar og útgerðar bátsins, en konan hefur kynnt sér hverjar þær eru."

Viðbrögð stefnda voru þau, að hann lét þinglýsa yfirlýsingu dagsettri í febrúar 1969 þar sem hann gerði m.a. kunnugt, „að ég hef tekið sem mína eign hálfan vélbátinn Sigurfara SH 105, sem Karl Stefánsson ... hefur verið talinn eigandi að, fyrir þennan eignarhlut fær Karl eftirgefnar þær skuldir, sem eru bókfærðar og óbókfærðar hjá bátnum. Skuldir þessar mynduðust, er Karl hafði fjárreiður bátsins frá upphafi útgerðar hans til ársloka 1964. ... Ég mun einn bera alla ábyrgð á bátnum, greiða af honum skatta og skyldur, vera einn ábyrgur fyrir öllum aðilum, er varða útgerð hans, einnig mun ég einn hirða allar hans tekjur, hverju nafni sem þær nefnast, líta skal á yfirlýsingu þessa sem samning um slit á sameign. Ekki verður leitað eftir samþykki Karls eða neins umboðsmanna hans."

Með vísan til þessarar yfirlýsingar og atvika málsins að öðru leyti verður ekki fallist á það með stefnda, að um félagsútgerð áfrýjanda og stefnda hafi verið að ræða.

Líta ber svo á að stefndi hafi á ólögmætan hátt hindrað áfrýjanda í að nýta sér eignarhluta sinn í bátnum. Ber því að fallast á það með áfrýjanda að stefndi hafi með því fellt á sig bótaskyldu gagnvart áfrýjanda.

Í héraðsdómi er krafan um bætur fyrir afnotamissi sundurliðuð, en hún nær yfir tímabilið 1969 til 1978 að báðum árum meðtöldum. Stefna í héraði var birt 21. desember 1982. Bótakröfur áfrýjanda vegna tímabilsins fyrir 21. desember 1972 eru því fallnar niður fyrir fyrningu sbr. 4. gr. laga nr. 14/1905, en að öðru leyti þykja kröfur hans ekki fallnar niður fyrir tómlæti.

Stefndi hefur haft uppi þá mótbáru, að á miklum hluta áðurgreinds tímabils hafi báturinn verið svo illa farinn, að hann hafi ekki haft haffærisskírteini.

Gögn þau, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, benda að vísu til þess, að á árinu 1972 hafi skipaeftirlitsmaður Siglingamálstofnunar ríkisins gert það að skilyrði fyrir endurnýjun haffærisskírteinis v/b Sigurfara að veruleg viðgerð færi fram á honum. Gögn málsins um ásigkomulag bátsins, haffæri hans og notkun meðan stefndi hélt honum í umráðum sínum sem einkaeigandi eru óglögg. Ljóst er þó, að hann hélt bátnum að einhverju leyti til veiða einnig eftir árið 1972. Stefnda átti að vera í lófa lagið að upplýsa hvernig framangreindum atriðum var háttað. Þykir mega dæma áfrýjanda nokkrar fébætur vegna meðferðar og nýtingar stefnda á bátnum. Verða þær eins og hér stendur sértaklega á ákveðnar að álitum 100.000,00 krónur ásamt dómvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að sýkna stefnda af kröfu um bætur að fjárhæð 70.000,00 krónur vegna rýrnunar á verðgildi skipsins.

Með bréfi dómsmálaráðherra 24. febrúar 1983 var áfrýjanda veitt gjafsókn fyrir héraðsdómi. Laun skipaðs talsmanns áfrýjanda í héraði, 40.000,00 krónur, eiga því að greiðast úr ríkissjóði.

Eftir úrslitum málsins er rétt, að stefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 75.000,00 krónur. Þar af hljóti ríkissjóður 40.000,00 krónur, en áfrýjandi 35.000,00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Hjálmar Gunnarsson, greiði áfrýjanda, Jennýju Ásmundsdóttur, 100.000,00 krónur með dómvöxtum frá 21. desember 1982 til greiðsludags.

Laun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir héraðsdómi, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Stefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 75.000,00 krónur, þar af ríkissjóði 40.000,00 krónur, en áfrýjanda 35.000,00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 28. desember 1984.

Ár 1984, föstudaginn 28. desember, var í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu kveðinn upp svofelldur dómur í aukadómþingsmálinu nr. 5/1983.

Stefnandi er Jenný Ásmundsdóttir, 3146-7055, Sigtúnum 36, Selfossi.

Stefndi er Hjálmar Gunnarsson, 4155-6331, Hamrahlíð 1, Grundarfirði.

Málið er rekið og dæmt í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Stefna er gefin út 10. desember 1982 og birt 21. desember 1982, og málið þingfest 28. janúar 1983. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 11. desember 1984, og dómur kveðinn upp í sýsluskrifstofunni í Stykkishólmi 28. desember 1984.

Dómari er Jón S. Magnússon fulltrúi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 205.600 með 7% ársvöxtum af kr. 4.600 frá 1.1 '70, en með 7% ársvöxtum af kr. 9.500 frá 1.1 '71 - 31.12. '71, en með 7% ársvöxtum af kr. 15.100 frá 1.1. '72 - 31.12. '72, en með 7% ársvöxtum af kr. 22.100 frá 1.1. '73 - 1.5. '73, en með 9% ársvöxtum af kr. 22.100 frá þ.d. til 31.12. '73, en með 9% ársvöxtum af kr. 31.100 frá 1.1. '74 - 15.7. '74, en með 13% ársvöxtum af kr. 31.100 frá þ.d. til 31.12. '74, en með 13% ársvöxtum af kr. 44.100 frá 1.1. '75 - 31.12. '75, en með 13% ársvöxtum af kr. 60.600 frá 1.1. '76 - 31.12.'76 en með 13% ársvöxtum af kr. 80.600 frá 1.1. '77 - 21.11. '77, en með 16% ársvöxtum af kr. 80.600 frá þ.d. til 31.12. '77, en með 16% ársvöxtum af kr. 105.600 frá 1.1. '78 - 21.2. '78 en með 19% ársvöxtum af kr. 105.600 frá þ.d. til 31.12. '78, en með 19% ársvöxtum af kr. 205.600 frá 1.1. '79 - 31.5. '79, en með 22% ársvöxtum af kr. 205.600 frá þ.d. til 31.8. '79, en með 27% ársvöxtum frá þ.d. til 30.11. '79, en með 31% ársvöxtum frá þ.d. til 31.5. '80, en með 35% ársvöxtum frá þ.d. til 31.5. '81, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þ.d. til greiðsudags, svo og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá lögmanna, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi svo:

1. Afnot fyrir 50% hluta bátsins Sigurfara SH 105:

Árið	1969	kr.	4.600
—	1970	—	4.900
—	1971	—	5.600
—	1972	—	7.000
—	1973	—	9.000

— 1974	—	13.000
— 1975	—	16.500
— 1976	—	20.000
— 1977	—	25.000
— 1978	—	30.000
	Samtals kr.	135.600.

2. Skaðabætur vegna rýrnunar á verðgildi Sigurfara SH 105 frá því 1969 til 31. desember 1978 miðað við eðlilegt söluverðmæti kr. 140.000. Krafist er helmings áætlaðs söluverðs, kr. 70.000.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá lögmanna, ásamt 45% ársvöxtum af tildæmdum málskostnaði frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Málsástæður stefnanda eru þær að hann hafi öðlast eignarrétt að helmingi bátsins Sigurfara SH 105 með skilnaðarsamkomulagi við eiginmann sinn, Karl Stefánsson. Báturinn hafi þá verið í vörslum stefnda sem hafi á allan hátt varnað sér aðgangs að bátnum og gögnum er hann vörðuðu þrátt fyrir að stefnandi hafi ítrekað reynt að ná fram rétti sínum varðandi umráð og rekstur bátsins. Stefndi hafi farið með bátinn sem sína einkaeign og hirt af honum allan arð. Stefnandi telur að hann eigi, samkvæmt almennum reglum eignar- og kröfuréttar, rétt á greiðslu fyrir þessi afnot bátsins, sem hafi varað um 10 ára skeið án þess að hann fengi nokkuð að gert þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Þá kveður stefnandi að stefndi hafi rekið m/b Sigurfara SH 105 með viðhaldi sem hafi verið langt undir nauðsynlegu viðhaldi. Verðgildi bátsins hafi þannig rýrnað svo mikið að stefnandi hafi orðið fyrir skaða sem stefndi beri ábyrgð á.

Lagarök stefnanda. Stefnandi vísar til almennra reglna eignar- og kröfuréttar varðandi kröfu sína um endurgjald fyrir afnot bátsins. Varðandi kröfu um skaðabætur fyrir verðrýrnun bátsins vísar stefnandi til almennu skaðabótareglunnar svo og reglna um ábyrgð manna á geymslufé og lánshlutum, sbr. Jónsbók, þjófabálk kapítula 15 og 16.

Rök stefnda fyrir sýknukröfu.

A. Fyrning. Í fyrsta lagi er byggt á því að allar kröfur stefnanda séu fyrndar.Í því sambandi er vísað til laga nr. 14/1905, einkum 3. gr., 1. og 3. tl. Bent er á það, að eftir 1. desember 1973 fékk báturinn ekki haffærisskírteini og var ekki haldið til veiða eftir það utan nokkrar sjóferðir sem stefndi fór sér til gamans síðast í ágúst 1975, sbr. dskj. nr. 16. Allar kröfur stefnanda fyrir hugsanleg leiguafnot eru því löngu fyrndar.

B. Tómlæti. Stefnandi hefur sýnt stórkostlegt tómlæti varðandi kröfur sínar. Hann átti völ á ýmsum úrræðum, þ. á m. réttarúrræðum, til að tryggja kröfur sínar.

C. Mótmæli. Stefndi mótmælir því að með aðilum hafi verið leigusamband og að stefndi hafi haft bátshlut stefnanda á leigu með ákveðnum kjörum. Einnig er því mótmælt að viðhaldi bátsins hafi verið ábótavant og verðgildi hans rýrnað af þeim sökum.

Hinsvegar sé ljóst að verðgildi bátsins hafi rýrnað vegna aldurs og eðlilegs slits.

Reifun og niðurstaða.

Hinn 23. janúar 1956 var v/s Gunnbirni ÍS 18 afsalað Karli Stefánssyni, Grundarfirði, o.fl. Skip þetta var síðan umskráð til Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og hlaut þá nafnið Sigurfari og umdæmisbókstafi og tölur SH 105. Hinn 8. febrúar 1961 gaf Karl Stefánsson út yfirlýsingu um það að Hjálmar Gunnarsson væri meðeigandi sinn að skipinu. Þeir gerðu skipið út í sameiningu og var Hjálmar skipstjóri. Karl Stefánsson og eiginkona hans, Jenný Ásmundsdóttir, stefnandi málsins, slitu hjúskap sínum með hjónaskilnaði á árinu 1968, og í skilnaðarskilmálum þeirra, dagsettum 2. og 6. desember 1968, var tekið fram m.a.: „Eignarhluti mannsins í m/b Sigurfara S.H. 105 skal vera eign konunnar enda taki hún að sér greiðslu skulda mannsins vegna eignar og útgerðar bátsins, en konan hefur kynnt sér hverjar þær eru."

Eignaraðild stefnanda að bátnum var staðfest með dómi Hæstaréttar 13. febrúar 1978 í málinu nr. 39/1976: Hjálmar Gunnarsson gegn Jennýju Ásmundsdóttur og gagnsök. Með bréfi til stefnda, dags. 9. desember 1970, óskar lögmaður stefnanda eftir viðræðum við stefnda um rekstur skipsins, og með bréfi, dags. 21. júlí 1971, tilkynnir lögmaðurinn stefnda að sér hafi verið falið að biðja um sölu við uppboð á skipinu til slita á sameign. Uppboðsbeiðni var send sýslumanni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 24. ágúst 1971 og var uppboðsmálið þingfest hinn 16. mars 1973. Með úrskurði uppboðsréttar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 19. janúar 1976, var heimiluð uppboðssala á v/s Sigurfara SH 105 til slita á sameign. Með dómi Hæstaréttar 13. febrúar 1978 var úrskurðurinn staðfestur og fór uppboðið fram 9. nóvember 1978. Ekkert boð kom í skipið og varð ekkert úr sölu þess á uppboðinu. Hinsvegar seldi stefnandi stefnda eignarhluta sinn (½) í skipinu hinn 16. júlí 1980 á kr. 2.500. Í afsalinu er svofellt ákvæði: „Afsal þetta breytir í engu réttarstöðu aðila í ágreiningi þeirra út af kröfu seljanda á hendur kaupanda vegna sameignar þeirra á bátnum." Hinn 25. febrúar 1980 voru dómkvaddir tveir menn til þess að meta leigu og söluverðmæti skipsins. Hinn 28. ágúst 1981 voru matsmennirnir leystir undan skyldu sinni og aðrir menn dómkvaddir í þeirra stað. Matsgerð

þeirra er dagsett 11. mars 1982 og eru dómkröfur stefnanda byggðar á niðurstöðu matsgerðarinnar.

Kröfur stefnanda eru í tvennu lagi samkvæmt stefnu:

1.	Afnot fyrir 50% hluta skipsins árin 1969-1978	kr.	125.600.
2.	Skaðabætur vegna rýrnunar á verðgildi skipsins frá 1969 - 31. desember 1978, helmingur af áætluðu eðlilegu söluverðmæti	kr.	70.000
	samtals	kr.	205.600

sem er stefnukrafan.

Í matsgerð hinna dómkvöddu manna, Birgis Ásgeirssonar hrl., og Tómasar Gunnarssonar hrl., segir m.a.:

„Við ákvörðun þeirra matsatriða, sem matsbeiðnin tekur til, hefur verið miðað við það, að Sigurfari SH 105 var fjörtíu og sex brúttórúmlesta eikarbátur smíðaður á árinu 1929 með 220 ha. Caterpillarvél, sem sett var í hann á árinu 1963. Báturinn var búinn til línu- og togveiða. Þá var einnig við það miðað að báturinn hafi verið í haffæru ástandi 1. janúar 1969 og hefði getað verið það til 17. sept. 1979 án stórfellds endurnýjunar- eða viðhaldskostnaðar. Miðað er við að leiga hefði átt að greiðast í einu lagi eftir á fyrir hvert ár, þ.e. 31. des. fyrir viðkomandi ár. Fjárhæðir eru gefnar upp í gömlum krónum. Þegar leiga er ákveðin fyrir 50% Sigurfara SH 105 er miðað við að um sé að ræða hálfa leigu fyrir allan bátinn.

Matsniðurstöður:

Leiga	fyrir	50%	hluta	árið	1969	er	metin	kr.	460.000,-
"	"	"	"	"	1970	"	"	"	490.000,-
"	"	"	"	"	1971	"	"	"	560.000,-
"	"	"	"	"	1972	"	"	"	700.000,-
"	"	"	"	"	1973	"	"	"	900.000,-
"	"	"	"	"	1974	"	"	"	1.300.000,-
"	"	"	"	"	1975	"	"	"	1.650.000,-
"	"	"	"	"	1976	"	"	"	2.000.000,-
"	"	"	"	"	1977	"	"	"	2.500.000,-
"	"	"	"	"	1978	"	"	"	3.000.000,-

Eðlilegt söluverðmæti Sigurfara SH 105, þ.e. alls bátsins, miðað við staðgreiðslu 31. des. 1978 er metið gkr. 14.000.000,00. Eðlilegt söluverðmæti Sigurfara SH 105, þ.e. alls bátsins, miðað við staðgreiðslu 17. sept. 1979 er metið gkr. 17.000.000,00."

Matsgerðin var staðfest af öðrum matsmanninum við aðalflutning málsins 11. desember 1984, en hinn matsmaðurinn var þá látinn.

Eins og áður segir gerðu stefndi og Karl Stefánsson, eiginmaður stefnanda, út í sameiningu v/s Sigurfara SH 105. Líta ber svo á að það fyrirkomulag á útgerð bátsins hafi haldið áfram eftir að stefnandi varð helmingseigandi að honum, sbr. ákvæði siglingalaga um félagsútgerð, enda verður ekki fallist á það með stefnanda að leigusamningur hafi stofnast milli aðilanna um bátinn þegar stefnandi eignaðist helming hans við hjónaskilnað. Því verður ekki talið að stefnandi eigi fjárkröfu á hendur stefnda fyrir afnot af eignarhluta stefnanda í bátnum, hvorki í formi leigu né annars. Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda um greiðslu fyrir afnot af eignarhelmingi stefnanda í v/s Sigurfara SH 105.

Stefnandi heldur því fram að viðhald stefnda á bátnum hafi ekkert verið allan þann tíma sem hann var sameign aðila, eða a.m.k. langt undir því sem eðlilegt og nauðsynlegt var til þess að halda bátnum sjófærum og svo til þess að hann héldi verðgildi sínu. Þessi vanræksla hafi leitt til þess að báturinn varð nánast verðlaus. Það hafi og komið í ljós þegar selja átti bátinn á uppboði til slita á sameign að ekkert boð kom í hann.

Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi ekki sýnt fram á að viðhald á Sigurfara SH 105 hafi ekkert verið eða a.m.k. langt undir því sem eðlilegt og nauðsynlegt var til þess að halda bátnum sjófærum og til þess að hann héldi verðgildi sínu allan þann tíma sem hann var sameign aðila. Og þrátt fyrir áskoranir af hálfu stefnda hefur stefnandi ekki sannað þessa fullyrðingu sína eða að báturinn hafi rýrnað í verði fram yfir það sem leiðir af aldri og eðlilegu sliti en báturinn var orðinn 40 ára gamall þegar stefnandi eignaðist hlutdeild í honum, og 49 ára þegar uppboð á honum fór fram árið 1978. Mat hinna dómkvöddu manna á verðmæti Sigurfara SH 105 breytir engu um markaðinn, og ekkert boð kom í skipið á uppboði. Það ber því að sýkna stefnda af þessum lið í kröfugerð stefnanda.

Niðurstaða dómsins verður því sú, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, og eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gjafsóknarhafa, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 40.000, en stefnandi hefur með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 24. febrúar 1983, fengið gjafsókn í undirrétti.

Dómsorð:

Stefndi, Hjálmar Gunnarsson, skal vera sýkn af öllum kröfu stefnanda, Jennýjar Ásmundsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gjafsóknarhafa, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 40.000.

Þriðjudaginn 29. apríl 1986.

Nr. 3/1986. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Böðvarssyni
(Páll A. Pálsson hrl.)

Fjársvik. Ákæra. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 13. desember 1985, en jafnframt af ákæruvaldsins hálfu gerð krafa um að refsing ákærða verði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 28. febrúar 1986.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Ákærði vissi að ekki var innistæða á reikningi nr. 50231 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, er hann gaf út tékka þann, sem í máli þessu er fjallað um. Hann fékk Valdimar Hall Sigþórsson til þess að leggja tékkafjárhæðina inn á reikning Máttar hf. nr. 1238 við Útvegsbanka Íslands. Tékkinn var stílaður á handhafa en ekki á viðtökubankann. Hlaut ákærða því vera ljóst, að eftir venjulegum bankareglum yrði Valdimar Hallur að framselja tékkann til þess að hann yrði keyptur. Við framsalið varð Valdimar Hallur tékkaskuldari, en hann kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir hver réttaráhrif fælust í því að rita nafn sitt á bakhlið tékkans. Með þessari háttsemi gerðist ákærði brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og var

brotið fullframið er Valdimar Hallur hafði með nafnritun sinni gerst tékkaskuldari. Hegningarlagaákvæðið tæmir sök ákærða þannig að sýkna ber ákærða af ákæru vegna brots á 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977 að því er hegðun hans gagnvart Valdimari Halli varðar.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti skýrði ríkissaksóknari ákæru þannig, að með tilvísun í tékkalög í henni væri ákært fyrir brot ákærða á þeim lögum gegn Útvegsbanka Íslands með því að gefa tékkann út án innistæðu og leggja fyrir um sölu hans í bankanum. Slík skýring samrýmist ekki orðalagi verknaðarlýsingar í ákæru, sem greind er í héraðsdómi. Verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir það sérstaklega.

Brot ákærða var framið áður en honum var veitt reynslulausn á eftirstöðvum refsingar hinn 31. desember 1983. Kemur því eigi til álita að beita 1. mgr. 42. gr. hegningarlaga við ákvörðun refsingar.

Refsing ákærða, sem ákveða ber eftir reglum 78. gr. almennra hegningarlaga, þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðmundur Böðvarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. október 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 30. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 601/1985: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Böðvarssyni, sem tekið var til dóms 3. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dag-

settu 19. júlí 1984 á hendur ákærða Guðmundi Böðvarssyni verslunarmanni, Æsufelli 4 í Reykjavík, fæddum þar í borg 1. mars 1958.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir fjársvik og tékkabrot, með því að hafa þann 31. mars 1982, þá einn af forráðamönnum fyrirtækisins Máttur hf., Reykjavík, fengið Valdimar Sigþórsson, Stelkshólum 8, Reykjavík, til að fara með tékka að fjárhæð kr. 141.000,00 í Útvegsbanka Íslands, aðalbankann Reykjavík, og leggja hann þar inn á hlaupareikning félagsins nr. 1238, en greindan tékka hafði ákærði gefið út í nafni félagsins á hlaupareikning þess nr. 50231 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og stílað hann til handhafa en með sviksamlegum hætti leynt Valdimar því að eigi var næg innistæða á hlaupareikningi nr. 50231 fyrir tékkanum, allt með þeim afleiðingum að Valdimar, sem framseldi tékkann í Útvegsbankanum persónulega í góðri trú um að fyrir honum væri næg innistæða, tók þar með á sig greiðsluábyrgð á tékkanum og varð seinna að setja tryggingu fyrir greiðslu hans þar sem hvorki ákærði né Máttur hf. höfðu fjárhagslega getu til að leysa tékkann til sín.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 248. gr. en til vara við 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og ennfremur við 73. gr. laga nr. 94/1933 um tékka, sbr. lög nr. 35/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Hinn 31. mars 1982 kom Valdimar Hallur Sigþórsson sjómaður, Stelkshólum 8 í Reykjavík við í fyrirtækinu Mætti hf., umboðs- og heildverslun, sem var til húsa í Hafnarstræti 15 í Reykjavík.

Einn eigenda fyrirtækisins, ákærði Guðmundur Böðvarsson, fékk Valdimar Hall til að fara með innlegg fyrir sig í Útvegsbankann, aðalbanka, og leggja það inn á hlaupareikning fyrirtækisins í bankanum nr. 1238. Fékk Valdimar Hallur í hendur í þessu skyni tékka þann að fjárhæð 141.000 krónur sem um ræðir í máli þessu útgefinn á hlaupareikning félagsins nr. 50231 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Ritaði Valdimar Hallur innleggsnótu og framseldi tékkann með eigin nafni.

Síðar komst Valdimar Hallur að því að ekki hafði verið til innistæða fyrir tékkanum og var honum stefnt til að borga tékkafjárhæðina að frádreginni innistæðu sem var á reikningnum. Hljóðaði krafan á 116.003,88 krónur auk kostnaðar.

Hinn 4. október 1982 voru Máttur hf. og Valdimar Hallur dæmdir í Bæjarþingi Reykjavíkur in solidum til þess að greiða Útvegsbanka Íslands 116.003,88 krónur með dráttarvöxtum og 12.973,00 krónur í málskostnað.

Valdimar Hallur gaf vegna skuldarinnar út hinn 27. júlí 1983 veðskuldabréf að fjárhæð 150.000 krónur, en það var þinglýst á 5. veðrétti í íbúð

hans í Stelkshólum 8. Þá gaf ákærði út sama dag vegna skuldarinnar skuldabréf að fjárhæð 80.000 krónur með sjálfskuldarábyrgð Valdimars Halls. Átti að greiða af báðum bréfunum með 12 afborgunum á 2 mánaða fresti frá 1. október 1983. Loks gaf ákærði hinn 19. ágúst 1983 út tryggingarvíxil að fjárhæð 250.000 krónur fyrir skuldinni og lét Valdimar Hall hafa. Voru á honum ábyrgðarmenn sameigendur ákærða að Mætti hf.

Eiginkona Valdimars Halls kærði framangreinda tékkaútgáfu til Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir hans hönd hinn 16. maí 1984 og sagði veðskuldabréfið í vanskilum og árangurslaust hefði verið leitað til ákærða um að greiða af því og hvorki hann né sameigendur hans hefðu greitt af víxlinum.

Ákærði viðurkenndi hjá rannsóknarlögreglu 25. maí 1984 að hafa látið Valdimar Hall sinna framangreinu erindi fyrir sig. Kvaðst ákærði hafa vitað að ekki var til innistæða fyrir tékkanum í Sparisjóðnum. Kvaðst hann hafa átt von á peningum en þeir hefðu ekki komið og tékkinn því farið í vanskil. Neitaði ákærði alfarið að hafa misnotað Valdimar Hall í máli þessu. Hann kvað Valdimar Halli ekki hafa verið kunnugt að tékkinn væri innistæðulaus og ekki hefði hann sagt honum það.

Ákærði kvað reikningnum í Sparisjóðnum hafa verið lokað viku eftir útgáfu tékkans. Sagði ákærði að það hefði ekki verið ætlun hans að Valdimar Hallur framseldi tékkann og mistök sín að gefa hann út á handhafa. Kvaðst hann ekki hafa vitað um það, fyrr en innheimtuaðgerðir voru hafnar, að Valdimar Hallur hefði framselt tékkann.

Við meðferð málsins skýrir ákærði svo frá að sakargiftum sé rangt lýst í ákærunni og sé hann ekki sekur um fjársvik og tékkabrot.

Ákærði kannast við að hafa gefið út þann 141.000 króna tékka, sem lýst er í ákærunni. Segir ákærði að gerð tékkans sé þar rétt lýst. Ákærði kannast við að hafa vitað að ekki var næg innistæða fyrir tékkanum þegar hann gaf hann út og fékk hann Valdimar Halli í hendur hinn 31. mars 1982 í því skyni að hann færi með hann í Útvegsbanka Íslands, aðalbanka, til að leggja hann þar inn á hlaupareikning fyrirtækisins Máttar hf., en ákærði var einn af þrem prókúruhöfum fyritækisins sem allir höfðu heimild til að gefa út tékka á reikning fyrirtækisins í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

Ákærði segir að Valdimar hefði boðist til að fara með tékkann í bankann til að leggja hann inn á reikning fyrirtækisins þar sem hann átti erindi þangað sjálfur. Ákærði telur að Valdimar hafi vitað að tékkinn var innistæðulaus, en honum hafi verið kunnugt um að fyrirtækið legði inn innistæðulausa tékka á reikninga fyrirtækisins af og til vegna vöruútleysinga. Segir ákærði að Valdimar hafi haft í flimtingum, þegar hann tók við tékkanum, að hart væri að vera sendill fyrir stórgróssera með gúmmítékka. Á þessu

byggir ákærði þá skoðun sína að Valdimar hafi verið kunnugt um innistæðuleysi tékkans. Þetta kom þó ekki fram berum orðum með því að ákærði segði Valdimar frá innistæðuleysi tékkans.

Ákærði segist hafa átt von á 15.000 DM frá Deutsche Extrakt Cafee GmbH í Hamborg sem styrk vegna auglýsinga, og átti að leggja þetta fé inn á gjaldeyrisreikning fyrirtækisins í Útvegsbankanum og yfirfæra síðan á reikning fyrirtækisins í sparisjóðnum. Þessir peningar brugðust en þeirra var von næsta dag eftir útgáfu tékkans.

Ákærði kveðst nú vera búinn að greiða höfuðstól tékkans en ógreiddir séu vextir og kostnaður. Þetta kveðst ákærði hafa greitt úr eigin vasa en ekki úr sjóðum Máttar hf.

Ákærði segir, að Máttur hf. hafi ekki haft starfsemi með höndum sl. eitt og hálft ár (upplýst í janúar 1985) og því ekki haft tök á að greiða tékkann. Þá segir ákærði að fyrirtækið skuldi víðar.

Ákærði segist vera búinn að semja við Útvegsbanka Íslands um að greiða eftirstöðvar skuldarinnar á þessu ári.

Ákærði hefur staðfest skýrslu sína hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Hann tekur fram að sér hafi láðst að geta þess hjá rannsóknarlögreglunni að Valdimar Hallur muni hafa vitað um innistæðuleysið þótt ekki hafi verið rætt um það berum orðum.

Vitnið Valdimar Hallur skýrði svo frá við meðferð málsins að það hafi komið oft í heimsókn í húsakynni Máttar hf. í Hafnarstræti 15 í Reykjavík en einn eigenda fyrirtækisins er frændi eiginkonu vitnisins.

Vitnið kom í heimsókn í Mátt hf. hinn 31. mars 1982 einu sinni sem oftar. Kom fram í viðræðum ákærða og vitnisins, að það ætti erindi í Útvegsbankann. Einnig kom fram, að ákærði þyrfti að láta leggja inn á hlaupareikning fyrirtækisins þar í bankanum. Tók vitnið að sér að gera þetta og fór úr húskynnum fyrirtækisins með tékka að fjárhæð 141.000 krónur, gefinn út í nafni félagsins af ákærða á hlaupareikning fyrirtækisins nr. 50231 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Var tékkinn stílaður á handhafa. Í bankanum fyllti vitnið út innleggsnótu og ritaði nafn sitt sem innleggjanda. Vitnið afhenti gjaldkera innleggsnótuna og tékkann. Að beiðni gjaldkerans ritaði vitnið nafn sitt sem framseljandi á tékkann.

Vitnið kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því hvaða réttaráhrif fælust í því að rita nafn sitt á bakhlið tékkans.

Vitnið minnir að það hafi fyrir þennan tíma verið búið að fara með sams konar innlegg á sama reikning fyrir fyrirtækið í tvö eða þrjú skipti.

Vitnið minnir að það hafi komið af sjálfu sér að það tók að sér að reka áðurgreint erindi fyrir ákærða. Það minnist þess ekki að hafa verið beðið um eða boðist til að reka framangreint erindi.

Vitnið segir að ákærði hafi ekki beðið það sérstaklega að framselja tékk-

ann. Vitnið segir að ekki hafi komið fram hjá ákærða að tékkinn væri innistæðulaus.

Vitnið segist ekki enn hafa þurft að leggja fram fé úr eigin vasa vegna þeirrar ábyrgðar sem það tókst á hendur með framsali tékkans. Það telur að búið sé að greiða 60-70 þúsund krónur inn á tékkann. Hefur ákærði gert það einn að sögn vitnisins.

Vitnið mótmælir að hafa vitað eða grunað að ekki væri til innistæða fyrir tékkanum. Þá kannast vitnið ekki við að því hafi verið kunnugt að fyrirtækið legði inn innistæðulausa tékka af og til á reikninga sína. Ekki kannast vitnið við tal sitt um „stórgróssera með gúmmítékka."

Ákærði heyrði framburð vitnisins og segir af því tilefni að vera megi að tal hans um „stórgróssera með gúmmítékka" hafi ekki við rök að styðjast.

Ákærði vill draga þann framburð sinn til baka að hann telji, að vitninu hafi verið kunnugt um innistæðuleysi tékkans og annarra tékka.

Vitnið upplýsir að það og ákærði hafi í sameiningu samið við Útvegsbankann um greiðslu á skuldinni vegna tékkans og tryggingum vegna hennar.

Ekki hafa fengist upplýsingar frá Útvegsbankanum um greiðslur á skuldinni.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við framburð vitnisins Valdimars Halls, er sannað að ákærði fékk vitnið til að fara með greindan tékka og leggja hann inn á hlaupareikning fyrirtækis síns í Útvegsbankanum. Vissi ákærði þá að ekki væri til innistæða fyrir tékkanum. Hann skýrði hins vegar ekki Valdimar Halli frá þessu, en hann framseldi tékkann án þess að gera sér grein fyrir þeirri fjárhagslegu ábyrgð sem hann þá tók á sig og þeim afleiðingum sem henni fylgdu og raktar hafa verið. Telst þessi háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga og 73. gr. laga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir, svo og reynslulausn:

1980 15/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Sátt, 410.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga og að hluta 5. gr. sömu laga.

1980 28/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Sátt, 300.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga og 79. gr. sömu laga.

1980 4/7 í Reykjavík: Sátt, 200.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 26., og

37. gr. umferðarlaga. Ökuleyfissvipting í 12 mánuði frá 15.3. 1980.

1982 25/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Dómur: 5 mánaða fangelsi og 15.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

1982 15/11 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm upp-kveðinn 25.1. 1982: 5 mánaða fangelsi, svo og 20.000 kr. sekt.

1983 29/6 í Reykjavík: Dómur: 9.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 17.5. 1983.

1983 5/8 í Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Dómur: 1½ mánaðar fangelsi og 10.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

1983 31/12 í Reykjavík: Reynslulausn á eftirstöðvum refsingar 66 dögum í 2 ár.

Ákærða verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Hann hefur ekki rofið skilorð reynslulausnarinnar og þykir því rétt að láta þá ákvörðun standa. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Vitnið Valdimar Hallur kveðst engar fébótakröfur ætla að hafa uppi í máli þessu.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað,þar með talin máslvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Böðvarsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000 krónur.

Þriðjudaginn 29. apríl 1986.

Nr. 205/1984. **Vararkollur hf.**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Jóhannesi Ragnarssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög. Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1984. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að stefndi hefur fyrir Hæstarétti fallið frá þeirri dómkröfu, að vexti skuli leggja við höfuðstól árlega, í fyrsta sinn þann 15. ágúst 1984. Stefndi krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar þrjár lögregluskýrslur, dags. 3., 5. og 11. nóvember 1985, skráðar af Guðlaugi Wíum varðstjóra, Ólafsvík. Skýrslur þessar hafa að geyma framburði stefnda og vitnanna Jóhanns Óskarssonar og Vagns Ingólfssonar varðandi nafnritanir í skipshafnarskrá m/s Gunnars Bjarnasonar, SH 25, árið 1983.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann þó með þeirri breytingu er stefndi hefur gert á vaxtakröfu sinni.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 25.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Vararkollur hf., greiði stefnda, Jóhannesi Ragnarssyni, 48,588,00 krónur auk 42% ársvaxta frá 15. ágúst 1983 til 21. september s.á., en með 35% ársvöxtum frá þeim degi

til 20. október s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 27.600,00 krónur í málskostnað í héraði og 25.000,00 krónur fyrir Hæstarétti.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í m/s Gunnari Bjarnasyni, SH-25, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum

Dómur bæjarþings Ólafsvíkur 6. september 1984.

Stefnandi er Jóhannes Ragnarsson sjómaður (5091-8580), Hábrekku 18, Ólafsvík.

Stefndi er Vararkollur hf., Ólafsvík.

Málið er nr. 17/1983.

Dómari er Jón S. Magnússon fulltrúi.

Málið er rekið og dæmt í bæjarþingi Ólafsvíkur. Stefna í málinu var birt hinn 20. október 1983 og það þingfest hinn 28. s.m. Í stefnu er Hraðfrystihúsi Ólafsvíkur hf., Ólafsvík, og Hauki Sigtryggssyni, Ennisbraut 8, Ólafsvík, stefnt, en við aðalflutning málsins lýstu lögmenn aðilja því yfir, að þeir væru sammála um breytta aðild í málinu þannig, að í stað stefndu Hraðfrystihúss Ólafsvíkur hf. og Hauks Sigtryggssonar kæmi Vararkollur hf., Ólafsvík, sem gerir út v/s Gunnar Bjarnason, SH-25, en eigendur þess eru Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf. og Haukur Sigtryggsson. Málið var dómtekið hinn 17. ágúst 1984 að loknum aðalflutningi og dómur kveðinn upp í skrifstofu bæjarfógeta, Aðalgötu 9, Stykkishólmi, hinn 6. september 1984.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Vararkollur hf., verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 48.588 með 45% ársvöxtum frá 15.8.1983 til 21.9.1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist að í dómsorði verði kveðið svo á að vextir skuli leggjast við höfuðstól árlega, í fyrsta sinn þann 15.8.1984. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að fjárhæð kr. 27.605,73. Þess er og krafist að kveðið verði á um það í dómsorði, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti frá dómsuppsögudegi.

Loks er þess krafist, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Gunnari Bjarnasyni SH-25 fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, og að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hann hafi, í ágústmánuði árið 1982, verið ráðinn skipverji á v/s Gunnar Bjarnason SH-25, sem er 177 lesta skip gert út af stefnda, fyrst sem háseti, síðan landmaður en frá febrúar 1983 sem matsveinn. Um mánaðamótin apríl/maí innti skipstjóri hann eftir því, hvort hann ætlaði ekki að vera á bátnum um sumarið. Stefnandi kvað svo vera, enda ráðning hans ótímabundin. Þegar vorvertíð lauk þann 11. maí var óráðið, hvaða veiðar skyldu stundaðar um sumarið. Báturinn var síðan sendur suður til að yfirfara hluta vélarinnar. Af hálfu stefnda var sagt, að báturinn kæmi fljótlega, en það dróst til 18. júlí, og voru veiðar hafnar þann 2. ágúst 1983. Stefnanda var aldrei boðin vinna hjá stefnanda (sic) frá 12. maí til 2. ágúst. Honum var aldrei sagt upp störfum og hann aldrei afskráður, því að hann hafði ekki verið skráður. Stefnanda var sagt upp með bréfi, dags. 15. ágúst, en hafði þann dag hætt störfum, með samkomulagi við skipstjóra. Stefndi hefur synjað um greiðslu kauptryggingar tímabilið 12.5.-31.7.1983 og er málshöfðun því óhjákvæmileg.

Málsástæður stefnda eru þær, að stefnandi hafi verið lögskráður úr skiprúmi í vertíðarlok, hinn 13. maí 1983, á sama hátt og aðrir vertíðarsjómenn, sem á bátnum voru. Stefnandi hafi verið endurráðinn á bátinn 2. ágúst 1983. Lokauppgjör á launum stefnanda hafi farið fram hinn 13. júní 1983 fyrir vetrarvertíðina, og engin andmæli hafi þá verið höfð uppi vegna uppgjörsins. Þá sé það áralöng venja, að einungis sé ráðið á báta til einnar vertíðar í senn, nema um annað sé sérstaklega samið. Tilkynningar um skráningu og afskráningu hafi ávallt verið sendar lögskráningarstjóra.

Lagarök stefnanda:

Kröfur sínar um laun styður stefnandi við 1. gr. laga nr. 28/1930, 19. gr. laga nr. 67/1963 og 2. mgr. 18. gr. sömu laga sbr. lög nr. 49/1980 um breytingu á þeim lögum sbr. og g. lið 20. gr., 22. gr. 1. mgr. 23. gr. kjarasamnings L.Í.Ú. og Sjómannasambands Íslands. Krafan um orlof er studd við lög nr. 87/1971 með síðari breytingum sbr. einkum lög nr. 90/1982 og 31. gr. í ofangreindum kjarasamningi. Krafan um að vextir bætist við höfuðstól árlega styðst við 1. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979, enda er með þeim hætti einum hægt að tryggja markmið laganna um að haldið skuli verðgildi slíkra krafna. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 184. gr. sömu laga. Krafan um dráttarvexti á málskostnað styðst við 3. tl. 5. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands. Krafan um sjóveð styðst vð 2. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963.

Lagarök stefnda:

Stefndi vísar til laga nr. 44/1980 og 19. gr. laga nr. 63/1961.

Málsreifun og álit.

Lögskráning á v/s Gunnar Bjarnason SH-25 fyrir vetrarvertíð 1983 var með þeim hætti, að skipverjar, þar á meðal stefnandi, staðfestu skráningu

sína með nafnritun sinni í eintak skipstjóra af skipshafnarskrá, þar sem lögskráningardagur er greindur 2/1 1983, en formleg skráning hjá lögskráningarstjóra fór ekki fram. Skipstjórinn, Ríkharð Magnússon, kveðst hafa afskráð stefnanda ásamt fleiri skipverjum hinn 13. maí 1983 og tilkynnt það lögskráningarstjóra.

Er vetrarvertíð lauk hinn 13. maí 1983, var Gunnar Bjarnason SH-25 sendur til Hafnarfjarðar í vélarklössun og til breytinga fyrir togveiðar. Skipið kom úr viðgerð þessari hinn 18. júlí 1983 og hóf aftur veiðar 2. ágúst s.á.

Málið snýst um það, hvort stefnandi eigi rétt á kaupi (tryggingu) fyrir tímabilið frá vertíðarlokum og þar til skipið hóf veiðar að nýju hinn 2. ágúst, þ.e. þann tíma sem skipið var frá veiðum vegna vélarklössunar og breytinga, en stefnandi var lögskráður á skipið að nýju 2. ágúst 1983.

Stefnandi var ráðinn á skipið í ágústmánuði árið 1982, og gegndi hann ýmsum stöðum á skipinu, en frá febrúar 1983 gegndi hann stöðu matsveins. Stefnandi heldur því fram, að ráðningartíminn hafi verið óákveðinn, og að sér hafi ekki verið sagt upp og ráðningarsamningnum ekki slitið fyrr en í ágúst 1983. Þegar skipið fór í klössun, hafi verið sagt af hálfu útgerðarinnar, að það kæmi fljótlega aftur, og við fyrirspurnir stefnanda síðar hafi það verið ítrekað. Það hafi hinsvegar dregist, að skipið kæmi. Af hálfu útgerðarinnar er því haldið fram, að með afskráningu 13. maí og tilkynningu til skipverja um að skipið færi í vélarklössun og breytingar, hafi ráðningu stefnanda verið slitið.

Í 2. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, sbr. lög nr. 49/1980 segir: „Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður“, og í 22. gr. kjarasamnings Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 25. febrúar 1981 segir m.a.: „Heimilt er að ráðningartími skipverja sé ákveðinn við ráðningu, enda sé það tekið fram við lögskráningu hverju sinni.“ Ekki hefur verið sýnt fram á, að ráðningartíma stefnanda hafi verið sett ákveðin tímamörk, og gegn mótmælum af hans hálfu verður ekki fallist á, að ráðningu hans hafi verið slitið við uppsögn fyrr en 15. ágúst 1983, og skiptir afskráning skipstjóra hinn 13. maí 1983 ekki máli í því sambandi. Þá er einnig ósannað í málinu, að stefnanda hafi verið tilkynnt um þá afskráningu.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og með vísun til ívitnaðra laga og kjarasamnings verður niðurstaða dómsins sú, að stefnda beri að greiða stefnanda samningsbundna kauptryggingu frá 13. maí 1983 til 2. ágústs sama árs, sem samkvæmt þágildandi kaupskrám reiknast þannig:

maí 14.-31. kr. 15.841 × 17/31 ..... kr. 8.687
júní og júlí kr. 17.708 × 2 ..... — 35.416
orlof 10,17% ..... — 4.485

samtals kr. 48.588,

auk 42% ársvaxta frá 15. ágúst 1983 til 21. september s.á., en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, 20. október 1983, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og skulu vextir leggjast við höfuðstól árlega, í fyrsta skipti 15. ágúst 1984. Þá ber stefnda að greiða stefnanda kr. 27.600 í málskostnað, en dráttarvextir af málskostnaði verða ekki dæmdir.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í v/s Gunnari Bjarnasyni SH-25 fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Vararkollur hf., greiði stefnanda, Jóhannesi Ragnarssyni, kr. 48.588 auk 42% ársvaxta frá 15. ágúst 1983 til 21. september s.á., en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 20 október s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og skulu vextir leggjast við höfuðstól árlega, í fyrsta skipti 15. ágúst 1984.

Stefndi greiði stefnanda kr. 27.600 í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í v/s Gunnari Bjarnasyni SH-25 fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. maí 1986.

Nr. 135/1986. **Gunnar Emil Pálsson**
gegn
Stálfélaginu hf.

Kærumál. Gjaldþrotalög. Greiðslustöðvun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. tl. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 26. mars 1986 sem barst Hæstarétti 17. f.m. Sóknaraðili fékk vitneskju um úrskurðinn 24. mars. Hann krefst þess aðallega að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og verði varnaraðila synjað um heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar. Til vara krefst hann þess að tímabil greiðslustövðunar verði stytt. Sóknaraðili krefst kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Ekki hefur komið fram í málinu að fullnægt sé skilyrði 2. töluliðar 12. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 um að mjög sérstaklega standi á. Var því eigi heimilt að veita greiðslustöðvun umfram þann tíma sem markaður er í 7. gr. gjaldþrotalaga, þ.e. til 15. apríl, sbr. d-lið 1. töluliðar 12. gr. sömu laga. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila 4.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Stálfélagið hf., greiði sóknaraðila, Gunnari Emil Pálssyni, 4.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 11. mars 1986.

Með úrskurði uppkveðnum 15. janúar sl. var skuldara, beiðanda í máli þessu, heimiluð greiðslustöðvun í allt að 8 vikur samkvæmt II. kafla gjald-

þrotalaga nr. 6 frá 1978 með þeim réttindum og skyldum, sem henni fylgir. Aðstoðarmaður skuldara samkvæmt 7. gr. nefndra laga var Ólafur G. Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi.

Í fyrri beiðni skuldara, þann 14. janúar sl. sagði:

„Hér með förum við þess á leit við yður, að Stálfélaginu hf. verði veitt heimild til greiðslustöðvunar í næstu 3 mánuði skv. lögum þar að lútandi. Félagið hefur komist af ófyrirséðum ástæðum í greiðsluvanda, en stjórn félagsins telur félagið eiga útistandandi hlutafé og aðrar eignir sem gera meira en vega á móti skuldum.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 1984 fylgir hér með.

Ólafur G. Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi, vinnur nú að reikningum félagsins fyrir árið 1985, og áætlar að því verði lokið fyrir framhaldsaðalfund í lok þessa mánaðar.

Boðað var til aðalfundar í félaginu 27. desember 1985, en sá fundur reyndist ekki lögmætur og er því boðað til framhaldsaðalfundar 30. janúar nk.

Stjórn félagsins hafði fengið auglýstu uppboði hjá félaginu frestað til 15. janúar nk. Sá frestur nægir ekki til að hluthafar, sem eru um 1100 í félaginu, geti tekið afstöðu til mála.

Förum við því fram á umbeðna heimild til greiðslustöðvunar nú þegar."

Þá lagði beiðandi fram eftirfarandi greinargerð:

„Ástæðurnar fyrir beiðni Stálfélagsins hf. um greiðslustöðvun og áætlun um viðbrögð við vanda félagsins eru eftirfarandi:

1. Samkvæmt meðfylgjandi ársreikningum frá 1984 voru eignir félagsins umfram skuldir í árslok 1984 (eignir kr. 26.354.176 og skuldir 14.347.804).

2. Viðbótarskuldir frá 1985 eru samkvæmt bráðabirgðauppgjöri, sem nú er unnið að, (Ólafur G. Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi vinnur að því), ekki meiri en svo að eignir í árslok 1985 eiga að vera vel umfram skuldir.

3. Enn er ekki útséð um að viðskiptabanki fáist ekki (sic) fyrir fyrirtækið, en það er skilyrðið sem er óuppfyllt af þeim skilyrðum sem Framkvæmdasjóður setur fyrir hlutafjárframlagi sínu.

4. Framkvæmdasjóður samþykkti að leggja fram kr. 9.000.000 ef skilyrðum sjóðsins yrði fullnægt. Telur félagið öllum skilyrðum fullnægt öðrum en um gjaldeyrisbanka.

5. Óinnheimt hlutafjárloforð einstaklinga og félaga eru um 4.700.000 á verðlagi um áramótin 1985/1986.

6. Hlutafé vegna liða 4 og 5 er meir en nóg til að mæta núverandi greiðsluvanda félagsins.

7. Ef uppboð fer fram nú er mjög ólíklegt að meir en hálfvirði fáist

fyrir þær eignir félagsins sem bjóða á upp. Þá yrði félagið næstum örugglega gjaldþrota.

8. Ef greiðslustöðvun fæst verður lagt fyrir framhaldsaðalfund hvort:

a) Hlutafé sé aukið um þá upphæð er þarf til lúkningar gjaldföllnum kröfum.

b) Hvort eignir félagsins verði seldar á frjálsum markaði og kröfur borgaðar.

Ólafur G. Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi hefur tekið að sér að vera stjórn Stálfélagsins hf. til aðstoðar í þessu efni, sbr. 7. gr. gjaldþrotalaga."

Af hálfu skuldara mætti þá í réttinum við fyrirtöku framangreindrar beiðni Leifur Hannesson, verkfræðingur og stjórnarmaður félagsins, til heimilis að Laugalæk 44,Reykjavík. Hann upplýsti að skuldari, Stálfélagið hf., ætti í verulegum greiðsluerfiðleikum. Hann staðfesti framlögð gögn öll rétt hvað beiðnina varðaði og þau atriði sem máli skipta í því sambandi. Hann kvað enn eigi hafa tekist að ljúka ársreikningi fyrir 1985, en engan rekstur hafa verið það ár. Hann kvað heildarveltu árið 1985 um kr. 280.000,- samkvæmt fylgisskjölum. Um eignir og skuldir mætti því vísa til framlagðs ársreiknings 1984, en eignir og skuldir hafi á milli ára hækkað í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Vegna vanskila hafi skuldir þó jafnframt hækkað vegna refsivaxta og innheimtukostnaðar. Taldi hann að fastafjármunir hefðu hækkað milli ára um 30%. Eiginfærður undirbúnings- og stofnkostnaður væri hins vegar óviss með tilliti til þess hver yrðu afdrif félagsins.

Hann tók fram að land félagsins ásamt mannvirkjum væri auglýst á uppboði og ætti annað og síðasta uppboð að fara fram kl. 16:00 í dag. Hann kvað kröfur á því uppboði losa 5 milljónir króna og stærsta krafan væri vegna veðskuldabréfs í eigu þess aðila er selt hafi félaginu landið. Sú krafa losi nú um kr. 4.000.000. Bréfið, útgefið 1984 til 5 ára, hafi allt verið gjaldfellt vegna vanskila.

Mætti tók fram að færi greint nauðungaruppboð fram væri augljóst að félagið væri þar með gjaldþrota. Hann kvað félaginu því nauðsyn á greiðslustöðvun þar sem samningar hafi ekki tekist við uppboðsbeiðendur um frest. Jafnframt hafi ekki tekist að koma á nauðsynlegum fundi í félaginu með hinum 1100 hluthöfum þess til að taka nauðsynlegar ákvarðanir um framtíð þess. Sá fundur yrði haldinn 3. febrúar nk., en ekki 30. þ.m., eins og fram kæmi í beiðni. Hann kvað félaginu brýna nauðsyn á greiðslustöðvunarfresti til þess að fá ráðrúm til að leysa úr greiðsluerfiðleikum með þeim hætti sem ráðgert væri. Þegar á allt sé litið séu eignir umfram skuldir

og ákveðnir möguleikar á því að kröfuhafar fái sínar skuldir greiddar að fullu og að því marki stefni félagið.

Samkvæmt efnahagsreikningi skuldara 31. desember 1984 nam bókfært verð heildareigna félagsins 26.354.176 krónum, þar af nam undirbúnings- og stofnkostnaður að frádregnum styrkjum 12.079.673 krónum. Heildarskuldir námu 14.347.804 krónum og eigið fé því 12.006.372 krónum. Í skýrslu stjórnar félagsins fyrir árið 1984 kemur m.a. fram að vegna rekstarörðugleika félagsins á árinu hafi verið ógerlegt að greiða ýmsar skuldir er féllu í gjalddaga. Það kunni því að leiða af sér viðbótarkröfur sem ekki sé vitað um. Af þeim sökum sé óvissa í ársreikningnum sem m.a. leiði til þess að endurskoðendur félagsins hafi þá fyrirvara sem fram komi í áritun þeirra á reikningunum. Í áritun endurskoðenda segir m.a. að vegna óvissu um framtíð félagsins sé veruleg hætta á að ekki reynist unnt að gjaldfæra eignfærðan undirbúnings- og stofnkostnað á hæfilegu tímabili á móti rekstrartekjum. Af sömu ástæðu sé óvissa um rétmæti bókfærðs verðs varanlegra rekstrarfjármuna og allar líkur á gjaldfellingu langtímaskulda. Telja þeir í áritun sinni, sem er dagsett 24. desember 1985, að frekari gögn þurfi að leggja fram um rekstur og framkvæmdir félagsins á árinu 1984 og efnahag í árslok áður en meðfylgjandi ársreikningur sé samþykktur af aðalfundi.

Í skýringum með ársreikningnum kemur fram að hlutafjárloforð séu í formi skriflegra verðtryggða skuldbindinga með umsömdum gjalddögum. Flestöll hlutafjárloforðin hafi verið gjaldfallin í árslok 1984.

Tekið er fram varðandi bókfærðar skammtímaskuldir að þær séu allar fallnar í gjalddaga. Óvissa sé um heildarfjárhæð skammtímaskulda m.a. vegna hugsanlegra skaðabótakrafna á félagið og óvissu um heildarfjárhæð áfallinna vanskilavaxta og innheimtukostnaðar.

Meðal annarra gagna, sem skuldari hefur lagt fram í máli þessu, er erindi félagsins til ríkisstjórnarinnar, dags. 16. nóvember 1985, ásamt greinargerð um þróun mála félagsins frá maí 1981 til nóvember 1985. Upplýsingarit félagsins frá nóvember 1984 og framvindu skýrsla tímabilið 17. desember 1983 til 18. desember 1984.

Í greindu erindi til ríkisstjórnarinnar er tekið fram að málefnum félagsins sé svo komið að við blasi gjaldþrot verði ekkert að gert. Athuganir, sem stjórn félagsins hafi látið gera, bendi eindregið til þess að grundvöllur sé fyrir rekstri stálbræðslu hér á landi. Á grundvelli laga og gefinna fyrirheita fari Stálfélagið hf. fram á að ríkisstjórnin sjái til þess að núverandi vandi félagsins verði leystur þannig að hægt verði að halda áfram uppbyggingu stálbræðslu hér á landi.

Í greinargerð um þróun mála félagsins frá maí 1981 til nóvember 1985 segir í niðurlagi:

„Fyrirheit Alþingis (sbr. lögin frá 1981) voru hvati að stofnun Stálfélagsins hf. Stofnun félagsins hlaut góðar almennar undirtektir sem sést á því að yfir 1000 einstaklingar og fyrritæki hafa lagt fram áhættufé.

Í ljósi gefinna fyrirheita og almenns áhuga hóf stjórn félagsins framkvæmdir. Hinsvegar hefur dráttur á efndum fyrirheita opinberra aðila orðið til þess, að setja félaginu stólinn fyrir dyrnar í að hefja starfrækslu stálbræðslu á Íslandi. Er félaginu um megn að halda áfram án efnda gefinna fyrirheita opinberra aðila. Sú furðulega staða hefur myndast að jafnframt því sem þáttaka hins opinbera er skilyrt því að félagið hafi viðskiptabanka er tryggi rekstrarfjárþörf fyrirtækisins, fást þau bankaviðskipti ekki án þátttöku hins opinbera í stofnun fyrirtækisins. Með þátttöku sinni getur hið opinbera þannig tryggt að sínum eigin skilyrðum sé fullnægt.

Mjög alvarlegur greiðsluvandi vofir nú yfir, og er það nú háð ákvörðun stjórnvalda um efndir gefinna fyrirheita hvort félagið lifir eða deyr."

Í forsendum úrskurðarins frá 15. janúar sl. sagði m.a.:

— — —

Í dag afhenti Leifur Hannesson, formaður stjórnar Stálfélagsins hf., eftirfarandi beiðni um framlengingu greiðslustöðvunar. Í beiðninni segir:

„Hér með förum við þess á leit við yður, að Stálfélaginu verði veitt framlenging núverandi greiðslustöðvunar um tvo mánuði skv. lögum þar að lútandi. Félagið fékk 15. jan. sl. heimild til greiðslustöðvunar í allt að 8 vikur og ber nú brýna nauðsyn til framlengingar.

Stjórn félagsins hefur nú auglýst eftir tilboðum í allar eignir félagsins sbr. meðf. auglýsingu og frétt Morgunblaðsins í dag. Jafnframt hefur Búnaðarbanki Íslands tekið að sér innheimtu ógreiddra hlutafjárloforða að verðmæti ca 5 milljóna króna. Samhliða þessum ráðstöfunum hefur félagið einnig leitað aðstoðar iðnaðarráðuneytisins í formi styrks eða innborgunar einhvers hlutafjár, sbr. Lög um stálbræðslu frá 25. maí 1981.

Ólafur Sigurðsson, lögg. endurskoðandi, hefur tekið að sér að gera reikning félagsins fyrir árið 1985 og verður honum væntanlega lokið næstu daga.

Á framhaldsaðalfundi félagsins 3. febr. sl. var Þórhallur Björnsson, lögg. endursk., kjörinn endurskoðandi félagsins og tekur hann nú við af Ólafi næstu daga.

Þórhallur Björnsson, lögg. endursk., hefur nú tekið að sér að vera stjórn Stálfélagsins hf. til aðstoðar varðandi framlengingu greiðslustöðvunar sbr. 7. gr. gjaldþrotalaga.

Félagið ráðgerir að halda aðalfund eins fljótt og hægt er þegar reikningar félagsins fyrir árið 1985 liggja fyrir. Væntanlega verður sá fundur haldinn fyrir miðjan apríl nk. Hluthafar fá þá tækifæri til endanlegrar ákvörðunar-

töku um framtíð félagsins, jafnframt því sem fjallað yrði um tilboð í eignir félagsins.

Af framangreindu telur stjórn félagsins nauðsynlegt að fara fram á umbeðna framlengingu greiðslustöðvunar."

Beiðni þessari fylgdi m.a. yfirlýsing Þórhalls Björnssonar, löggilts endurskoðanda, um að hann hefði tekið að sér að vera stjórn Stálfélagsins hf. til aðstoðar skv. 7. gr. gjaldþrotalaga.

Álit réttarins:

Með sama hætti og við fyrri úrskurð verður að telja skuldara uppfylla skilyrði 7. gr. gjaldþrotalaga fyrir heimild til greiðslustöðvunar. Eigi verður annað séð en eignir hans séu umfram skuldir, en fjárþröng mikil. Samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum sem að framan greinir þykja eigi efni til annars en ætla að skuldari geri nú heiðarlega tilraun til þess að greiða úr fjárhagserfiðleikum sínum með hagsmuni kröfuhafa almennt í huga. Verður eftir atvikum öllum að telja nokkrar horfur á að skuldari geti með þeim ráðagerðum, sem hann hefur uppi, náð samningum við skuldheimtumenn sína og afstýrt þannig gjaldþrotaskiptameðferð, sem ella virðist óumflýjanleg, sbr. a) lið ur 13. gr., sbr. 14. gr. gjaldþrotalaga.

Þess er áður getið að stjórn félagsins hefur nú auglýst eftir tilboðum í allar eignir félagsins og Búnaðarbanki Íslands tekið að sér innheimtu ógreiddra hlutafjárloforða. Samkvæmt gögnum málsins virðist niðurstaða þessara tilrauna kunna að ráða úrslitum um hvort skuldara tekst að greiða skuldir sínar. Jafnframt kemur fram, að samhliða þessu hafi félagið leitað aðstoðar iðnaðarráðuneytisins. Hagsmunir þeir, sem hér eru í húfi fyrir kröfuhafa almennt og félagið sjálft, sýnast þess eðlis að framlengja beri heimild skuldara til greiðslustöðvunar og skapa honum með því réttarúrræði frið fyrir kröfuhöfum til að freista þess að ná fram raunhæfum markmiðum áætlunar sinnar.

Samkvæmt framansögðu er það álit réttarins að í máli þessu standi þannig sérstaklega á að rétt sé að taka til greina beiðni skuldara um framlengingu á greiðslustöðvunarfresti í allt að 2 mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar þessa, sbr. 2. mgr. 12. gr. gjaldþrotalaga, enda stuðli skuldari og aðstoðarmaður hans eftir mætti að því að greiðslustöðvunin leiði til sanngjarnrar niðurstöðu, sbr. niðurlagsákvæði 2. mgr. 10. gr. sömu laga.

Guðmundur Sophusson fulltrúi bæjarfógeta kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Stálfélaginu hf., nnr. 8328-8361, Hafnarfirði, er heimiluð áframhaldandi greiðslustöðvum í allt að tvo mánuði til viðbótar áður veittum 8 vikna greiðslustöðvunarfresti eða allt til og með 11. maí 1986,

skv. heimild í II. kafla gjaldþrotalaga nr. 6 frá 1978 og með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir.

Föstudaginn 2. maí 1986.

Nr. 142/1986. **Olíuverslun Íslands hf.**
gegn
Hilmari S. R. Karlssyni

Kærumál. Útburðargerð. Þýðing áfrýjunar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið úrskurði fógetaréttar Kjósarsýslu, uppkveðnum 2. f.m., til Hæstaréttar með kæru sama dag, er barst Hæstarétti 21. f.m.

Með úrskurði fógetaréttar Kjósarsýslu, uppkveðnum 28. febrúar sl., var ákveðið að varnaraðili skyldi borinn út af fasteigninni Túngötu 7 í Bessastaðahreppi. Úrskurðurinn var kveðinn upp að kröfu sóknaraðila sem fengið hafði uppboðsafsal fyrir nefndri fasteign 22. nóvember 1985 að undangengnu nauðungaruppboði 8. júlí 1985.

Með áfrýjunarstefnu 20. mars sl. skaut varnaraðili úrskurði þessum til Hæstaréttar.

Í fógetarétti Kjósarsýslu 21. mars sl. lagði varnaraðili fram áfrýjunarstefnuna. Útburðargerð var síðan frestað til 2. apríl. Er málið var fyrir tekið þann dag gerði varnaraðili þá kröfu að útburði yrði enn frestað uns Hæstiréttur hefði dæmt áðurnefnt mál.

Fógetinn, Rúnar S. Gíslason fulltrúi sýslumannsins í Kjósarsýslu, varð við kröfu þessari með úrskurði er hann kvað upp í sama þinghaldi. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo:

„Útburðargerðinni er frestað þar til niðurstaða liggur fyrir í áfrýjunarmálinu.“

Þennan úrskurð hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar sem fyrr segir. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá Hæstarétti þar sem kæruheimild skorti, en til vara að úrskurðurinn verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Kæra úrskurðar þessa, sem mælir fyrir um að frestað verði útburðargerð sem ákveðin hefur verið með úrskurði, er heimil samkvæmt 3. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Verður frávísunarkröfu varnaraðila því ekki sinnt.

Áfrýjun úrskurðar fógetaréttar Kjósarsýslu frá 28. febrúar sl. frestar eigi framkvæmd hans, sbr. meginregluna í 3. mgr. 44. gr. laga nr. 19/1887. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og dæma varnaraðila til þess að greiða sóknaraðila 3.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Varnaraðili, Hilmar S. R. Karlsson, greiði sóknaraðila, Olíuverslun Íslands hf., 3.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. maí 1986.

Nr. 165/1984. **Örn Þór**
(sjálfur)
gegn
eigendum Sigurjónsson & Thor s/f
og gagnsök
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Firma. Heiti. Tómlæti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. ágúst s.á., samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þær, að gagnáfrýjendum verði dæmt skylt að fella niður nafnið THOR úr heiti sameignarfélagsins Sigurjónsson & Thor í firmaskrá Reykjavíkur og að þeim verði dæmt óheimilt að nota orðið THOR, hvort heldur er á bréfhausum félagsins, í auglýsingum, á nafnspjöldum, eða að auðkenna sameignarfélagið á hvern hugsanlegan hátt með orðinu THOR. Þá er einnig krafist málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda in solidum, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Að endingu krefst aðaláfrýjandi sýknu af öllum kröfum í gagnsök.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1984 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Þeir gera þær dómkröfur í aðalsök, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum aðaláfrýjanda og í gagnsök, að aðaláfrýjanda verði dæmt óheimilt að nota í atvinnustarfsemi sinni á sviði einkaleyfa, vörumerkja og annarra iðnaðarréttinda orðið Thor eða annað auðkenni, sem ekki er til þess fallið að greina starfsemi hans nægjanlega frá firmanu Sigurjónsson og Thor sf., svo og að aðaláfrýjanda verði dæmt óheimilt að nota orðið Thor hvort heldur er á bréfhausum, í auglýsingum, á nafnspjöldum eða auðkenna starfsemi sína á fyrrgreindu sviði á hvern annan hugsanlegan hátt með orðinu Thor. Þá krefjast gagnáfrýjendur og málskostnaðar í aðalsök og gagnsök bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt stofnsamningi firmans Sigurjóns og Þór, einkaleyfaskrifstofa, var nafn þess svo sem að framan greinir, og tekið fram, að á ensku væri heiti þess: Sigurjónsson & Thor, Patentbureau. Á árinu 1973 seldi áfrýjandi Sigurgeiri Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni hlut sinn í firmanu frá 1. júní þess árs að telja. Enginn fyrirvari var gerður um nafn firmans, er salan fór fram. Ég tel því, að við söluna hafi áfrýjandi misst allan íhlutunarrétt um nafn firma þessa, og þar með veitt samþykki það sem um getur í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð.

Með þessum röksemdum er ég sammála niðurstöðu meiri hluta dómenda Hæstaréttar í máli þessu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. apríl 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. mars sl., höfðaði Örn Þór hrl., nnr. 9927-4328, Óðinsgötu 4, Reykjavík, gegn eigendum sameignarfélagsins Sigurjónsson & Thor, nnr. 7981-9905, Óðinsgötu 4, Reykjavík, þeim Gunnari H. Sigurgeirssyni, nnr. 3385-4498, Boðagranda 7, Reykjavík, Ingu Sigurgeirsdóttur, nnr. 4544-2098, Heiðargarði 23, Keflavík, Kristínu Sigurgeirsdóttur, nnr. 5781-2435, Birmingham, Alabama, U.S.A., Margréti Sigurgeirsdóttur, nnr. 6392-6450, Skagaseli 6, Reykjavík og Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl., nnr. 7937-4458, Seljagerði 3, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 18. mars 1983.

Stefndu höfðuðu gagnsök með stefnu birtri 7. júní 1983.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær að stefndu verði að viðlögðum dagsektum dæmt skylt að fella niður nafnið Thor úr heiti sameignarfélagsins, að þau verði dæmd skyld til að afmá orðið Thor úr heiti félagsins í firmaskrá Reykjavíkur og að þeim verði talið óheimilt að nota orðið Thor hvort heldur er á bréfhausum félagsins, í auglýsingum, á nafnspjöldum eða

auðkenna sameignarfélagið á hvern annan hugsanlegan hátt með orðinu Thor. Þá krefst stefnandi í aðalsök málskostnaðar úr höndum stefndu in solidum að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu í aðalsök eru þær að þau verði sýknuð af öllum kröfum aðalstefnanda og hann dæmdur til að greiða þeim ríflegan málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnenda í gagnsök eru þær að gagnstefnda verði að viðlögðum dagsektum dæmt óheimilt að nota í atvinnustarfsemi sinni orðið Thor eða annað auðkenni sem ekki er til þess fallið að greina starfsemi hans nægjanlega frá firmanu Sigurjónsson og Thor sf. svo og að honum verði óheimilt að nota orðið Thor hvort heldur er á bréfhausum, í auglýsingum, á nafnspjöldum eða auðkenna starfsemi sína á hvern annan hugsanlegan hátt með orðinu Thor. Þá krefjast stefnendur í gagnsök málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda í gagnsök eru þær að hann verði sýknaður og gagnstefnendum verði gert að greiða honum málskostnað.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Í ágústánuði árið 1970 stofnuðu þeir aðalstefnandi Örn Þór hrl. og aðalstefndi Sigurgeir Sigurjónsson hrl. með sér sameignarfélag. Samkvæmt stofnsamningi er tilgangur félagsins sá að annast skráningu vörumerkja, einkaleyfa og mynstra svo og að annast leiðbeiningar á sviði iðnaðarréttinda. Í 3. gr. stofnsamningsins segir: „Nafn félagsins er: Sigurjónsson & Þór, einkaleyfisskrifstofa sf. (Á ensku: Sigurjónsson & Thor, Patentbureau).

Þeir Örn og Sigurgeir voru einir eigendur félagsins og átti Sigurgeir 7 hluti en Örn 3 hluti. Þeir munu báðir hafa starfað á skrifstofu félagsins næstu ár.

Ekki kemur glöggt fram í skjölum málsins hvort stofnun félagsins var tilkynnt firmaskrárritara en gera verður ráð fyrir að svo hafi verið.

Hinn 1. júní 1973 seldi Örn Sigurgeiri sinn hluta í sameignarfélaginu og kunngerði það firmaskrárritara með svohljóðandi tilkynningu:

„Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að ég undirritaður Örn Þór hrl., Hjálmholti 12, Reykjavík, hefi selt hr. Sigurgeir Sigurjónssyni hrl., Skaftahlíð 9, Reykjavík, hlut minn í sameignarfélaginu Sigurjónsson og Þór sf. frá og með 1. júní 1973. Eru því allar skuldbindingar félagsins frá þeim tíma mér óviðkomandi."

Jafnframt er send önnur tilkynning um eigendaskipti að sameignarfélaginu svohljóðandi:

„Samkvæmt framanrituðu hefi ég undirritaður, Sigurgeir Sigurjónsson hrl., Skaftahlíð 9, Reykjavík, keypt hlut Arnar Þór, Hjálmholti 12, Reykjavík, í sameignarfélaginu Sigurjónsson & Þór sf., Reykjavík frá og með 1. júní 1973.

Jafnframt tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur að við undirrituð Gunnar H. Sigurgeirsson fulltrúi, Sólvallagötu 41, Reykjavík, Inga Sigurgeirsdóttir frú, Álftahólum 8, Reykjavík, Kristín Sigurgeirsdóttir frú, Bollagötu 14, Reykjavík og Margrét Sigurgeirsdóttir flugfreyja, Skaftahlíð 9, Reykjavík, höfum gerst félagar í nefndu sameignarfélagi frá og með 30. maí 1973.

Prókúruhafi félagsins er Sigurgeir Sigurjónsson hrl., Óðinsgötu 4, hér í borg, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Sigurjónsson og Þór sf.
S. Sigurjónsson.

Jafnframt afturkallast prókúra sú er þeir Sigurgeir Sigurjónsson og Örn Þór höfðu áður í sameiningu fyrir firmað."

Tilkynningu þessa undirrita í Reykjavík hinn 1. október 1973 Sigurgeir Sigurjónsson og hinir nýju eigendur sameignarfélagsins.

Þrátt fyrir það að aðalstefnandi seldi hlut sinn í sameignarfélaginu var hann á launum hjá því fram á árið 1976.

Á almennum fundi í sameignarfélaginu 28. janúar 1980 var samþykkt að breyta nafni félagsins frá þeim degi í Sigurjónsson & Thor sf. og var það tilkynnt firmaskrárritara með tilkynningu dagsettri sama dag.

Aðalstefnandi kveðst hafa stofnað málflutningsskrifstofu árið 1965 og rekið hana óslitið síðan. Frá árinu 1977 hafi hann aðallega starfað að skráningu erlendra einkaleyfa og vörumerkja og því sinnt sömu störfum og firmað Sigurjónsson og Thor sf. Í viðskiptum þessum, sem að langmestu leyti séu við erlenda aðila, riti hann nafn sitt og verði að rita Orn Thor þar sem stafirnir Ö og Þ séu ekki til í erlendum tungum. Símnefni sitt sé ORNTHOR.

Aðalstefnandi segir að við söluna á hlut hans í sameignarfélaginu hafi þeir Sigurgeir ekki rætt um nafnbreytingu á félaginu en hann hafi þá talið ólíklegt að ættarnafni sínu yrði haldið áfram sem firmanafni. Aðalstefnandi kveðst tvívegis hafa farið þess á leit við aðalstefnda Sigurgeir að ættarnafn sitt yrði fellt niður úr nafni félagsins, í fyrra skiptið um vorið 1977 eða 1978 og í síðara skiptið um vorið 1979, en í bæði skiptin hafi Sigurgeir hafnað þessari málaleitan. Aðalstefndi Sigurgeir kveður aðalstefnanda aldrei hafa farið þess á leit við sig.

Aðalstefnandi heldur því fram að krafa hans til þess að nafnið Thor verði fellt niður úr heiti sameignarfélagsins sé ekki fallin niður fyrir tómlæti. Hann hafi verið á launum hjá félaginu fram á árið 1976 og á því tímabili hafi hann því ekki getað krafist þess að nafnið yrði fellt niður úr heiti sameignarfélagsins. Það hafi ekki liðið nema 6 ár og 8 mánuðir frá því að hann hætti störfum hjá sameignarfélaginu þar til mál þetta hafi verið

höfðað. Enn skemmri tími sé liðinn frá því að nafni sameignarfélagsins hafi verið breytt í Sigurjónsson & Thor sf. og sé krafan að nafnið Thor verði fellt niður úr heitinu engan veginn fallin niður fyrir tómlæti. Aðalstefnandi heldur því fram að nafnið Thor í heiti sameignarfélagsins sé ættarnafn sitt ritað á ensku.

Aðalstefnandi byggir kröfur sínar á því að samkvæmt 10. gr. laga nr. 42/1903 megi enginn í firma sínu hafa nafn annars manns án hans leyfis. Í 12. gr. sömu laga segi að fari maður úr félagi með ótakmarkaðri ábyrgð megi eigi halda nafni hans nema hann hafi leyft það. Aðalstefnandi kveðst eigi hafa leyft aðalstefndu að nota nafn sitt í heiti félagsins og tvívegis fyrir málsókn þessa hafi hann krafist þess að nafn sitt yrði fellt niður úr heiti félagsins eins og að framan greinir.

Þá vísar aðalstefnandi til 30. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda.

Aðalstefnandi heldur því fram að notkun nafnsins Thor í heiti sameignarfélagsins hafi valdið ruglingi þannig að hann sé talinn vera eigandi að félaginu bæði hér á landi og erlendis, ennfremur hafi símskeyti og bréf til sín verið borin út til sameignarfélagsins.

Þess ber að gæta að aðalstefnandi og sameignarfélagið hafa skrifstofur sínar í sama húsi.

Þá getur aðalstefnandi þess að fram til ársins 1978 hafi aðalstefndi Sigurgeir verið félagi í alþjóðafélagi lögmanna og fyrirtækja er skrá vörumerki, U.S. Trademark Association, en frá þeim tíma hafi sameignarfélagið Sigurjónsson & Þór orðið meðlimur. Aðalstefnandi kveðst hafa gengið í félag þetta árið 1979. Auglýsingar sem birtist á vegum þessa félags á starfsemi sinni og starfsemi sameignarfélagsins séu hlið við hlið og valdi það ruglingi að sama nafn sé í báðum auglýsingunum. Sama máli gegni um auglýsingar sem birtar séu annars staðar erlendis um starfsemi sína og sameignarfélagsins.

Aðalstefnandi kveður rugling þennan valda sér óþægindum og fjárhagslegu tjóni.

Aðalstefnandi heldur því fram að það muni engin áhrif hafa á viðskipti sameignarfélagsins þótt nafnið Thor yrði fellt niður úr heiti félagsins því að viðskipti þess séu bundin við Sigurgeir Sigurjónsson hrl. Fjárhagslegt tjón af því yrði mjög lítið en aðalstefndu hafi ekki getað sýnt fram á annað tjón en það sem fylgi því að breyta bréfsefnum félagsins eða prenta ný en hvort heldur sem gert yrði myndi hafa smávægilegan kostnað í för með sér.

Af hálfu aðalstefndu er því haldið fram að ættarnafn aðalstefnanda Þór sé ekki lengur í nafni sameignarfélagsins. Aðalstefnandi hafi með sölu á hlut sínum í sameignarfélaginu jafnframt selt þeim réttinn til firmanafnsins enda hafi aðalstefnandi engan fyrirvara gert við söluna eða síðar um að félaginu væri óheimilt að nota firmanafnið óbreytt. Hugsanlegur réttur aðalstefnanda til þess að banna notkun á nafninu Thor sem nokkrir menn beri reyndar hérlendis sé fallinn niður vegna tómlætis aðalstefnanda í síðastliðin 9 ½ ár. Í starfsemi sinni riti aðalstefnandi nafn sitt Orn Thor og hafi gert allt frá árinu 1977. Hann hafi því breytt réttri nafnritun sinni og þar með brotið þá grundvallarreglu að menn megi ekki breyta nöfnum sínum. Aðalstefnandi hafi tekið upp ólöglega nafnið Thor úr firmanafni sameignarfélagsins og með því skapað sjálfur þá ruglingshættu sem fyrir hendi kunni að vera á milli aðila málsins. Ef aðalstefndu yrði gert að breyta nafni sameignarfélagsins hefði það mikið fjárhagslegt tjón í för með sér. Kröfur sínar í gagnsök byggja gagnstefnendur á því að gagnstefndi hafi með því að reka sams konar starfsemi og sameignarfélagið undir nafninu Orn Thor skapað ruglingshættu. Hann hafi með þessari aðferð brotið gegn 9. og 10. gr. laga nr. 42/1903, 26., og 1. mgr. 30. gr. laga nr. 56/1978, svo og gegn alþjóðlegum reglum um vernd firmanafns. Gagnstefndi hafi engan lagalegan rétt til þess að nota nafnið Thor í atvinnurekstri sínum sem upphaflega hafi verið hluti hins skráða enska nafns sameignarfélagsins, en þennan hluta nafnsins hafi gagnstefndi selt gagnstefnanda Sigurgeiri í september 1973 og þar með heimilað gagnstefnendum notkun nafnsins Þór, enda látið það óátalið síðan. Hann hafi með þessum hætti útilokað sig frá því að nota nafnið Þór eða Thor í firmanafni. Gagnstefnda sé og óheimilt að rita nafn sitt Orn Thor samkvæmt lagareglum um íslensk mannanöfn.

Gagnstefndi heldur því fram að hann beri ættarnafn sitt með fullum rétti lögum samkvæmt og er því ekki mótmælt af gagnstefnendum. Gagnstefndi kveðst ekki geta ritað nafn sitt á erlendum tungum öðru vísi en Orn Thor og það hafi hann gert allt frá því hann hóf rekstur lögmannsskrifstofu sinnar árið 1965 en þá hafi hann byrjað erlend viðskipti sem hafi gert honum þessa ritun nafnsins nauðsynlega. Lögmannsskrifstofu sína kveðst gagnstefndi hafa rekið óslitið til þessa dags, en hann hafi árið 1977 tekið að skrá erlend vörumerki og noti nafnið Orn Thor í þeim viðskiptum eins og í öðrum erlendum viðskiptum sínum. Gagnstefndi kveðst hafa látið skrásetja símnefnið ORNTHOR 8. febrúar 1974.

Forsendur og niðurstaða.

Óumdeilt er að heiti þess félags, er aðalstefnandi Örn Þór og aðalstefndi Sigurgeir Sigurjónsson stofnuðu í ágústmánuði árið 1970, var samsett af föðurnafni Sigurgeirs, Sigurjónsson, og ættarnafni Arnar, Þór, en sam-

kvæmt 3. gr. stofnsamnings félagsins fékk það heitið Sigurjónsson & Þór, einkaleyfisskrifstofa sf. Í sömu grein stofnsamnings félagsins er tekið fram að firmað sé á ensku ritað Sigurjónsson & Thor, Patentbureau.

Þá er og óumdeilt að aðalstefnandi gerði ekki kröfu til þess er hann seldi aðalstefnanda Sigurgeiri sinn hluta í félaginu í júnímánuði árið 1973 að ættarnafn hans yrði fellt niður úr heiti félagsins eða gerði fyrirvara þar um. Aðalstefnandi gerði ekki heldur kröfu í þessa átt þegar hann hætti að taka laun hjá félaginu um mitt ár 1976. Aðalstefnandi kveðst fyrst hafa gert kröfu um að ættarnafn sitt yrði fellt niður úr heiti félagsins annað hvort árið 1977 eða 1978 og síðar árið 1979, í bæði skiptin munnlega. Við þetta kannast aðalstefndi Sigurgeir ekki. Aðalstefnandi höfðar síðan mál þetta með stefnu birtri 18. mars 1983 eins og fyrr greinir.

Í janúarmánuði árið 1980 breyttu aðalstefndu nafni félagsins í Sigurjónsson & Thor sf.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð má enginn í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis, sbr. og niðurlagsákvæði 12. gr. sömu laga. Þótt nú sé notað nafnið Thor í heiti sameignarfélags aðalstefndu Sigurgeirs Sigurjónssonar og barna hans, eins og frá upphafi var gert þegar heiti félagsins var ritað á ensku, verður engu síður að líta svo á að um sé að ræða ættarnafn aðalstefnanda Arnar Þór.

Ekki er upplýst að aðalstefnandi hafi berum orðum heimilað aðalstefndu að nota ættarnafn sitt í heiti félagsins en hins vegar hefur hann látið það afskiptalaust með þeim hætti og í þann tíma að telja verður að réttur hans til þess að nafnið verði fellt niður úr heiti félagsins sé fallinn niður af þeim sökum. Ber því að sýkna aðalstefndu af kröfum aðalstefnanda.

Telja verður leitt í ljós, enda er því ekki mótmælt af gagnstefnendum, að gagnstefndi hafi í erlendum viðskiptum lögmannsskrifstofu sinnar sem hann rekur einn ritað nafn sitt Orn Thor frá upphafi. Víst er að frá árinu 1977 er hann hóf að annast milligöngu um skrásetningu erlendra vörumerkja og einkaleyfa hér á landi ritaði hann nafn sitt með þessum hætti í viðskiptum við erlenda aðila. Vitað er að í þeim erlendu tungum, sem algengast er að Íslendingar noti, er bókstafinn Þ ekki að finna og í sumum þeirra ekki heldur bókstafinn Ö. Verður af þessum sökum að telja ekki óeðlilegt út af fyrir sig né ólögmætt af gagnstefnda að nota framangreindan rithátt í viðskiptum sínum við erlenda aðila og reka lögmannsskrifstofu sína með því að kenna hana við Orn Thor.

Eins og að framan greinir er niðurstaða dómsins í aðalsök sú að aðalstefndu skuli heimilt að halda nafninu Thor í firmaheiti sínu. Það þykir þó ekki veita gagnstefnendum rétt til þess eins og atvikum málsins er háttað að gagnstefndi hætti að rita föðurnafn sitt á þann veg sem hann hefur

tíðkað í atvinnustarfsemi sinni. Ber þar m.a. að líta til þess að í báðum tilvikum er aðeins um að ræða hluta af nafni sameignarfélags annars vegar og lögmannsskrifstofu hins vegar en ekki samnefni, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903.

Samkvæmt þessu ber að sýkna gagnstefnda af kröfum gagnstefnenda.

Rétt þykir að aðilar beri sjálfir eigin kostnað í báðum sökum.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Sigurgeir Sigurjónsson, Gunnar H. Sigurgeirsson, Inga Sigurgeirsdóttir, Kristín Sigurgeirsdóttir og Margrét Sigurgeirsdóttir, skulu vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Arnar Þór.

Gagnstefndi skal vera sýkn af kröfum gagnstefnenda.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 9. maí 1986.

Nr. 145/1986. **Ákæruvaldið**

gegn

Pétri Ingólfssyni

Kærumál. Farbann. Trygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. f.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að sér verði heimilað að setja tryggingu fyrir því að hann komi hingað til lands er sóknaraðili krefst þess. Til vara er krafist styttingar á lengd farbanns. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins kann opinbert mál að verða höfðað gegn varnaraðila fyrir auðgunarbrot Er nauðsyn að tryggja að varnaraðili komi þá fyrir dóm og svari til saka. Þar sem hann á eigi lengur heimili hér á landi en hefur flust til Danmerkur þykir verða að staðfesta úrlausn héraðsdóms um að honum skuli bönnuð brottför úr landi til 1. júlí nk., enda þykja eigi skilyrði til þess að leyfa honum brottför gegn tryggingu eða ábyrgð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. apríl 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 22. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að Pétri Ingólfssyni, fæddum 06.10. 1936, til heimilis að Tinggården 45, Holsterbro, Danmörku, verði með vísan til 72. gr. laga nr. 74, 1974 gert að halda sér innan íslenskrar lögsögu og að honum verði meinuð för frá Íslandi allt til þriðjudagsins 1. júlí nk.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

RLR hefur að undanförnu unnið að rannsókn á ætluðum brotum kærða á 4. tl. 250. gr. almennra hegningarlaga samkvæmt fyrirmælum í bréfi ríkissaksóknara dagsettu þann 4. febrúar sl., en bú kærða var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum þann 7. mars sl. Við meðferð þrotabús kærða kom fram að kærði fór af landinu skömmu fyrir gjaldþrotið og telst nú til heimilis í Danmörku. Áður hafði kærði selt nánast allar eigur sínar og fengið fyrir þær í peningum og verðbréfum kr. 9.307.818,00. Kærði hefur lýst því yfir að hann hafi varið öllu þessu fé til greiðslu skulda sinna, en samkvæmt greiðslukvittunum sem liggja fyrir nema greiðslur kærða til lánadrottna aðeins rúmlega kr. 7.000.000,00. Er kærði grunaður um að hafa hagað greiðslum til hagsbóta fyrir vandamenn sína og einstaka lánadrottna.

Þann 21. mars sl. var gefin út í sakadómi Reykjavíkur skipun um handtöku kærða, sem bjó í Danmörku, og með úrskurði uppkveðnum þann 5. apríl sl. í sakadómi Reykjavíkur var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 23. apríl nk. kl. 17:00. Framangreindum úrskurði var

skotið til Hæstaréttar Íslands er staðfesti úrskurðinn með dómi uppkveðnum þann 11. apríl sl.

Kærði á lögheimili í Danmörku og er því hætta á því að hann hverfi úr landi. Til þess að fullljúka megi rannsókn málsins og auðvelda meðferð þess á síðari stigum þykir því með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 72. gr. laga nr. 74, 1974 rétt að taka kröfu RLR um farbann á hendur kærða til greina.

Úrskurðarorð:

Kærði, Pétur Ingólfsson, fæddur 06.10. 1936, nafnnr. 7097-4444, skal sæta farbanni og er honum meinuð för frá Íslandi allt til þriðjudagsins 1. júlí nk.

Föstudaginn 9. maí 1986.

Nr. 32/1986. **Björgúlfur Pétursson**
gegn
Guðjóni Styrkárssyni

Synjað um frest. Áfrýjunarheimild. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1986 til þingfestingar í marsmánuði. Fékk hann þá frest til maímánaðar. Er málið var tekið fyrir 2. maí sl. bað áfrýjandi um að málinu yrði frestað til júnímánaðar nk. Stefndi krefst þess að frestbeiðninni verði synjað og málinu verði vísað frá Hæstarétti. Báðir aðiljar gera kröfu um málskostnað.

Hinn áfrýjaði dómur er frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, kveðinn upp 3. desember 1985. Samkvæmt 21. gr. 1. tl. b-lið laga nr. 75/1973 sætti hann því kæru og bar að afhenda hana héraðsdómara innan þess frests sem settur er í 1. mgr. 22. gr. lag-

anna. Að svo vöxnu máli ber að synja um hinn umbeðna frest, vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 2.500,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Björgúlfur Pétursson, greiði stefnda, Guðjóni Styrkárssyni, 2.500,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. maí 1986.

Nr. 182/1983. **Sigurbjörn Pálsson**
(Svala Thorlacius hrl.)
gegn
Erlingi Erni Péturssyni og
Sigrúnu Skúladóttur sjálfum
og vegna og ófjárráða sonar þeirra
Péturs Arnar Erlingssonar og
(Gestur Jónsson hrl.)
Gunnari Péturssyni og
Jónínu Jónsdóttur sjálfum
og vegna ófjárráða sonar þeirra
Gunnars Inga Gunnarssonar
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Skaðabætur utan samninga. Börn. Áfrýjun. Máli vísað að hluta frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1983 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973 þann 26. ágúst 1983. Hann krefst þess að stefndu verði dæmd til að greiða sér óskipt 83.429,00 krónur með 34% ársvöxtum frá 2. febrúar 1982 til stefnubirtingardags en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eins og málið væri ekki gjafsóknarmál fyrir Hæstarétti, en áfrýjandi fékk gjafsókn hér fyrir dómi með leyfi dómsmálaráðherra 22. júlí 1983.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þau að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar en málskostnaður látinn falla niður.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu er Erlingi Erni Péturssyni og Sigrúnu Skúladóttur stefnt fyrir Hæstarétt vegna ófjárráða sonar síns Péturs Arnar Erlingssonar, en þeim er eigi stefnt sérstaklega vegna sjálfra sín. Á sama hátt er Gunnari Péturssyni og Jónínu Jónsdóttur stefnt fyrir Hæstarétt vegna sonar síns Gunnars Inga Gunnarssonar en ekki sjálfra sín vegna. Áritanir lögmanna þeirra á áfrýjunarstefnuna hinn 2. nóvember 1983 um að þeim hafi verið birt stefnan vegna allra hinna stefndu í héraði, svo og þingsókn þeirra fyrir Hæstarétti, hvort tveggja að liðnum áfrýjunarfesti samkvæmt 1. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973, svo og þeim 4 vikna fresti til að taka út áfrýjunarstefnu, sem settur var í áfrýjunarleyfinu samkvæmt 2. málsgr. nefndrar greinar, breytir engu um að málinu er ekki réttilega áfrýjað að því er tekur til þeirra Erlings Arnar Péturssonar, Sigrúnar Skúladóttur, Gunnars Péturssonar og Jónínu Jónsdóttur vegna þeirra sjálfra. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti að því er þau varðar, en rétt er að málskostnaður fyrir Hæstarétti í þeim þætti málsins falli niður.

Drengurinn Pétur Örn komst yfir eldspýtur þær sem notaðar voru til að tendra eld í nýbyggingunni. Á hinn bóginn verður ekki fullyrt hvort aðeins annar drengjanna, og þá hvor þeirra, eða þeir báðir báru eld að hinum eldfimu efnum sem þar voru geymd. Með þessari athugasemd, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta niðurstöðu hans um að ekki verði

lögð bótaábyrgð á drengina Pétur Örn og Gunnar Inga svo og um málskostnað að því er þá varðar.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 25.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er varðar Erling Örn Pétursson, Sigrúnu Skúladóttir, Gunnar Pétursson og Jónínu Jónsdóttur vegna þeirra sjálfra.

Hinn áfrýjaði dómur á að öðru leyti að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Svölu Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Sauðárkróks 13. apríl 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 13. apríl, var á bæjarþingi Sauðárkróks, sem haldið var í skrifstofu dómsins að Víðigrund 5 á Sauðárkróki, af Helga I. Jónssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu nr. 20/1982: Sigurbjörn Pálsson gegn Erling Erni Péturssyni og Sigrúnu Skúladóttur báðum persónulega og f.h. ófjárráða sonar þeirra, Péturs Arnar Erlingssonar og gegn Gunnari Péturssyni og Jónínu Jónsdóttur báðum persónulega og f.h. ófjárráða sonar þeirra, Gunnars Inga Gunnarssonar.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. mars sl., hefur Sigurbjörn Pálsson, nafnnr. 7807-2040, Nesi, Fljótum, Skagafjarðarsýslu, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. nóvember sl., á hendur Erling Erni Péturssyni, nafnnr. 2206-7095 og Sigrúnu Skúladóttur, nafnnr. 7730-2913, báðum til heimilis að Raftahlíð 9, Sauðárkróki, báðum persónulega og fyrir hönd ófjárráða sonar þeirra, Péturs Arnar Erlingssonar, sama stað og gegn Gunnari Péturssyni, nafnnr. 3380-6957 og Jónínu Jónsdóttur, nafnnr. 5315-0098, báðum áður til heimilis að Raftahlíð 13, Sauðárkróki en nú að Dalatúni 6, þar í bæ, báðum persónulega og fyrir hönd ófjárráða sonar þeirra, Gunnars Inga Gunnarssonar, sama stað, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 83.429,00 með 34% ársvöxtum frá 13. maí 1981 til stefnubirtingardags en með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. lögum nr. 56, 1979) frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ, þar með talinn matskostnaður.

Stefndu hafa aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Til vara hafa stefndu krafist þess að stefnukröfurnar verði lækkaðar verulega og málskostnaður þá látinn niður falla.

Dómarinn leitaði sátta í málinu en án árangurs.

Málavextir eru þeir að hinn 13. maí 1981 kom upp eldur í húseign í smíðum að Drekahlíð 4 á Sauðárkróki, eign stefnda í máli þessu. Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson, lögreglumaður, fór á vettvang greint sinn og segir m.a. svo í lögregluskýrslu hans um atburð þennan:

„Kl. 14:25 heyrðist í talstöð að verið var að ræsa út slökkvilið vegna elds í grunni að Drekahlíð 4. Undirritaður fór á vettvang og kom að húsinu á sama tíma og slökkvilið. Vel gekk að slökkva eldinn en hann var aðallega í einangrunarplasti og timbri.

Húsið að Drekahlíð 4 er uppsteyptur kjallari óeinangraður með steypta gólf- og loftplötu og þvervegg í miðju hússins er skiptir því í tvo helminga, norður- og suðurhelming.

Í suðurhelmingnum var geymt mikið af einangrunarplasti, sem brann allt, eitthvað af 6" plaströrum og plastfittings, sem brann að mestu, mikið af mótaflekum er skemmdust mikið, allir gluggarnir í efri hæðina (12 stk.) sótugir og blautir, uppsláttur undir svölum og þrír ísteyptir gluggar á austurhlið ónýtir, ásamt ýmsum hlutum og verkfærum til húsbygginga, einnig eitthvað af bílavarahlutum.

Auk þessa er brotið úr loftplötu svo sér í bera neðri járngrindina, einnig eru skellur í veggjum.

Raflögn í veggjum og loftplötu er trúlega ónýt, því sumstaðar eru bráðnaðar rafmagnsdósir.

Í norðurhlutanum er mikið af timbri sem sótugt er og sviðið eins og allt húsið er að meira og minna leyti."

Lögreglumaðurinn hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína.

Skömmu eftir eldsvoðann hringdu til lögreglu annars vegar stefndi Gunnar Pétursson og hins vegar stefnda Sigrún Skúladóttir og tilkynntu að eldsupptök væru af völdum sona þeirra stefndu Gunnars Inga Gunnarssonar, sem fæddur er 8. september 1975, og Péturs Arnar Erlingssonar, sem fæddur er 21. júlí s.á.

Lögreglumaðurinn Guðmundur Óli Pálsson tók síðan næsta dag skýrslur af stefndu, Sigrúnu Skúladóttur, Gunnari Péturssyni og Jónínu Jónsdóttur svo og stefnanda, Sigurbirni Pálssyni. Eigi voru teknar skýrslur af stefndu, Pétri Erni eða Gunnari Inga.

Stefnda Sigrún Skúladóttir, móðir Péturs Arnar, skýrði svo frá að hún hefði farið deginum áður eftir hádegið að heiman frá sér og yfir í næsta hús. Hafi hún verið búin að dveljast þar dágóða stund er sonur hennar,

Pétur Örn, kom þangað og sagði að kviknað væri í og hafi Pétur Örn bent á hvar eldurinn var og sagt að slökkviliðið væri að koma en það hefði svo komið á vettvang stundu síðar. Kvað stefnda son sinn hafa viðurkennt fyrir henni að hann væri valdur að eldi þessum, ásamt vini sínum, Gunnari Inga. Hefði sonur hennar skýrt frá því að hann hefði tekið eldspýtustokk heima hjá sér en skilað honum aftur á sama stað. Hefði komið í ljós að eldspýtustokkurinn var blautur og það því stutt frásögn barnsins. Búið hafi verið að rífa úr gluggum hússins að Drekahlíð 4 og eldri krakkar reist planka upp í gluggann beggja vegna þannig að yngri krakkar jafnt sem hin eldri hafi átt þar greiðan aðgang. Hefði sonur hennar skýrt svo frá að þeir vinirnir hefðu fyrst kveikt í pappaspjaldi og hefði það verið orsök eldsins. Hefðu þeir reynt að ausa vatni á eldinn en fata sú sem var nærtækust hefði lekið og eldurinn magnast.

Stefnda, Jónína Jónsdóttir, móðir Gunnars Inga, skýrði svo frá að daginn áður, um kl. 14:20, hefði nefndur sonur hennar komið til hennar og sagt að kviknað væri í litlum kofa þar fyrir ofan. Er hún hafi farið að ræða við drenginn hefði hann sagt að hann hefði ekki kveikt í og ekki verið með eldspýturnar en félagi hans, Pétur Örn, hefði náð eldspýtum inni hjá sér í stofunni. Hefði Gunnar Ingi sagt henni að þeir Pétur Örn hefðu farið á planka inn um glugga á húsi því er eldurinn kviknaði í og kveikt þar í litlu bréfi. Hefðu þeir ekki getað slökkt eldinn aftur, plastið hefði klístrast og þeir orðið hræddir og forðað sér, út um gluggann. Taldi Jónína að eldri og yngri börn hefðu verið að leika sér við Drekahlíð 4 síðustu tvo daga þar á undan. Hefði planki sá er reistur var upp í gluggann verið reistur af eldri börnum en útilokað væri að drengirnir hefðu getað gert það.

Með Jónínu mætti til skýrslugerðar eiginmaður hennar og faðir Gunnars Inga, stefndi Gunnar Pétursson, en hann var við vinnu sína er umræddur atburður átti sér stað.

Sigurbjörn Pálsson, stefnandi í máli þessu, skýrði svo frá að hann hefði verið við vinnu sína að bænum Ytri-Brekkum í Blönduhlíð umræddan dag er hringt hefði verið til hans um eða laust eftir kl. 16:00 og honum tilkynnt að neðri hæð húss þess, er hann átti í smíðum að Drekahlíð 4 á Sauðárkróki, hefði brunnið að hluta til. Kvaðst stefnandi hafa komið að byggingunni um kl. 17:00 og hefði slökkvistarfi þá verið lokið en eyðileggingin blasað við honum. Kvaðst hann hafa sl. sumar steypt gólfplötu og veggi neðri hæðar hússins, ásamt plötunni milli hæða. Hefði hann þá um haustið neglt fyrir alla glugga og dyr og sett tvöfaldan plastdúk fyrir fjóra glugga en masonitplötur fyrir hina. Dyrunum hefði hann lokað með mótakrossviði að neðan en ofan til hefði verið masonit. Fyrir einar dyr hefði hann svo sett hurð er var á lömum og læst henni með hengilás. Kvaðst hann hafa tekið eftir því um vorið að búið hefði verið að rífa úr fjórum gluggum

bæði plastið og masonitplöturnar og að farið hefði verið þarna inn og hefði hann því lokað gluggunum aftur.

Stefnandi kvað hafa verið geymt þarna inni byggingarefni og fleira og verðmæti þess mikið. Mest hefði verið af einangrunarplasti, 465 m² af 3", 50 x 100 sm að stærð, 157 m² af sökklaplasti, 1½", 100 x 300 sm að stærð og 20 m² af 1" þykku plasti, 50 x 100 sm að stærð, skólprör úr plasti, 75 m af 100 mm og 6 m af 150 mm og töluvert af alls konar greinum og tengingum við þau, alls yfir 60 stk, úlpa hans og vinnustakkur, 8 pakkar af saumi, 2½ - 3" og 4", startkaplar, 4 stk stroffureimar, 3 stk kaðalstroffur, hamar og sög, 50 m ½" vatnsslanga, fúavarnarefni, kíttistúbur, hedd á Skodavél, ásamt ventlum og blöndungi og rafmagnslukt. Auk þessa hefðu verið þarna til geymslu flekamót í eigu Búnaðarfélags Akrahrepps.

Kvaðst stefnandi hafa síðast þar á undan vitjað um húseign sína, að Drekahlíð 4, laugardaginn 2. maí 1981 og hefði þá allt verið í stakasta lagi.

Stefnandi beiddist þess síðan að dómkvaddir yrðu matsmenn til að skoða og meta eftirfarandi:

— — —

Verður nú gerð grein fyrir framburði þeirra sem munnlegar skýrslur voru teknar af fyrir dómi.

Stefnandi Sigurbjörn Pálsson skýrði frá í meginatvikum á sama veg og fyrir lögreglu. Kvað hann ástæðuna fyrir því að hann hafði ekki brunatryggt húseign sína, er umræddur bruni átti sér stað, hafa verið þá að hann hefði staðið í þeirri trú að ekki væri unnt að brunatryggja hús fyrr en þau væru orðin fokheld. Hefði hann alls ekki vitað að skylt væri að brunatryggja hús í smíðum. Stefnandi kannaðist ekki við að hafa skilið eftir eldfim efni að Drekahlíð 4 áður en bruninn átti sér stað og kvað þar aðeins hafa verið skilda eftir tóma brúsa af mótaolíu.

Stefnda Sigrún Skúladóttir skýrði frá mjög á sama veg og fyrir lögreglu. Kvaðst hún hafa umræddan dag, er hún fór eftir hádegið yfir í næsta hús, séð son sinn, Pétur Örn, vera að leika sér þar í götunni, ásamt fleiri börnum. Hefði hún talað aðeins við hann og sagt honum hvert hún væri að fara.

Stefndi Erling Örn skýrði svo frá að hann hefði verið heima hjá sér umræddan dag er sonur hans, Pétur Örn, hefði komið heim til sín og skýrt honum frá því að kviknað hefði í húsi þar skammt frá. Kvað hann eldspýtustokk þann, er Pétur Örn tók af heimili sínu, hafa verið á sófaborði í stofunni og hafi hann verið blautur á sama stað eftir að eldsvoðinn hafði orðið. Kvað stefndi son sin hafa farið út skömmu eftir hádegið og hefði hann sjálfur verið heima hjá sér að lesa í bók er sonur hans kom heim aftur. Hefði hann verið þarna inni smástund, ásamt einhverjum félaga sínum, en farið síðan aftur út. Kvaðst stefndi hafa verið inni í svefnherbergi og ekki

séð til drengsins en heyrt í honum. Stefndi kvaðst hafa heyrt í drengjunum vera að leika sér fyrir utan heimili sitt eftir að Pétur Örn fór út eftir hádegið en taldi sig ekki hafa orðið varan við drengina, eftir að þeir komu inn aftur og fóru út, fyrr en Pétur Örn skýrði honum frá brunanum. Kvaðst stefndi ekki hafa orðið var við að sonur hans hefði verið að leika sér fyrir utan hús stefnanda áður en bruninn átti sér stað. Kvaðst stefndi ekki hafa orðið var við að Pétur Örn tæki eldspýtur eða önnur eldfæri í óleyfi af heimili sínu áður en bruninn varð og hafa verið búinn að vara drenginn við þeirri hættu sem stafað gæti af ógætilegri meðferð eldspýtna.

Stefnda Jónína Jónsdóttir skýrði frá á sama veg og fyrir lögreglu. Kvaðst hún hafa séð son sinn vera að leika sér, ásamt fleiri börnum, fyrir utan Raftahlíð 13 u.þ.b. 15 mínútum áður en hann kom og skýrði henni frá eldsvoðanum. Kvað hún son sinn, Gunnar Inga, hafa skýrt henni frá því að hann hefði tvisvar áður verið að leika sér fyrir utan hús það er brann en þar hefðu krakkar verið að leika sér í tjörn sem myndast hafði í húsgrunni við hliðina á umræddu húsi að Drekahlíð 4. Hefðu krakkar sótt í nefndan húsgrunn og verið að leika sér þar á flekum.

Stefndi Gunnar Pétursson kom fyrir dóm og staðfesti að eiginkona hans, stefnda Jónína, hefði skýrt frá sannleikanum samkvæmt að því er varðar frásögn sonar þeirra, Gunnars Inga, af brunanum að Drekahlíð 4, en stefndi var í vinnu sinni er umræddur atburður varð.

Vitnið Guðmundur Óli Pálsson lögreglumaður kvaðst hafa verið fjarverandi miðvikudaginn 13. maí 1981 er umræddur bruni átti sér stað. Þegar vitnið hefði komið á vakt á lögreglustöðina á Sauðárkróki næsta dag hefðu verið 3 bókanir í dagbók lögreglunnar sem hér segir: Kl. 14:25: Bókað um að eldsvoði hefði orðið í húsi í smíðum upp í „Hverfi" rétt hjá Brennihlíð. Kl. 15:45: Gunnar Pétursson hringir og segir son sinn og son Erlings Arnar Pétursson vera valda að brunanum. Kl. 16:10: Sigrún Skúladóttir hringir og skýrir frá því sama. Kvaðst vitnið hafa af þessu tilefni hafið yfirheyrslu á aðilum málsins svo sem áður hefur verið frá greint.

Kvað vitnið hafa verið mikið um það að krakkar og unglingar færu inn í hús í smíðum á Sauðárkróki áður en eldsvoðinn að Drekahlíð 4 varð og hafi mátt segja að hálfgert vandræðaástand hafi verið í þessum efnum en eftir eldsvoðann hefði lítið sem ekkert borið á slíku og lögreglan ekki orðið vör við kvartanir af þessum sökum.

Vitnið kvaðst hafa rætt við stefnanda í janúar 1981 og þá spurt hann hvort hann væri búinn að tryggja hús sitt að Drekahlíð 4. Hefði stefnandi þá tjáð vitninu að hann teldi ekki ástæðu til að tryggja húsið. Það væru masonitplötur fyrir sumum gluggunum þar og tvöfalt plast fyrir öðrum og enginn ætti að geta komist þar inn.

Lögmenn aðila lýstu því yfir við aðalflutning málsins að þeir væru sam-

mála um að óska ekki eftir töku munnlegra skýrslna af stefndu Gunnari Inga og Pétri Erni.

Dómarinn hefur farið á vettvang að Drekahlíð 4 og skoðað aðstæður þar, m.a. glugga þann á suðurhlið hússins sem þeir Gunnar Ingi og Pétur Örn fóru inn um hinn 13. maí 1981. Einnig var athuguð fjarlægðin milli heimila drengjanna, sem voru rétt hvort hjá öðru er umræddur atburður átti sér stað, og brunastaðarins. Fjarlægðin milli staðanna er u.þ.b. 250 metrar og er yfir eina þvergötu að fara.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefndu Gunnari Inga og Pétri Erni á því að þeir hafi bakað honum tjón með saknæmum og ólögmætum hætti. Hafi drengirnir verið að leik saman og farið heim til Péturs Arnar til þess að ná í eldspýtur sem þeir hafi síðan notað við íkveikjuna. Telur stefnandi að drengirnir hafi náð það miklum þroska að þeir eigi að gera sér grein fyrir hver hætta fylgir eldspýtum og allri meðferð þeirra. Það sé eitt það fyrsta sem foreldrar brýna fyrir börnum sínum hversu mikil hætta fylgir eldi. Sú hætta sem fylgir eldi sé ein sú fyrsta sem börnum sé kennt að varast og þá jafnframt brýnt fyrir þeim að fikta aldrei með eld. Sé af þessari ástæðu talið að börn geti bakað sér skaðabótaábyrgð vegna tjóns er þau valda með eldi allt niður til 4 ára aldurs. Sé álitið að börn verði meðvituð um eldhættu mun fyrr en aðrar hættur, t.d. í umferð. Þegar á þetta sé litið sé ljóst að drengirnir, 5 ára gamlir, hafi bakað sér bótaábyrgð með því að kveikja eld í Drekahlíð 4 á Sauðárkróki.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur foreldrum drengjanna í fyrsta lagi á því að foreldrarnir hafi ekki hagað eftirliti sínu með drengjunum sem skyldi en með eðlilegu eftirliti hefði verið komið í veg fyrir að drengirnir bæru eld að byggingunni. Verði að gera enn ríkari kröfur um eftirlit foreldra með svo ungum börnum ef nýbyggingar eða aðrar hættur eru í nágrenni þess svæðis sem börnin eru að leika sér á. Sé í þeim tilvikum t.d. alltaf hætta á að börn valdi tjóni eða fari sjálfum sér að voða sé ekki strangt eftirlit með þeim. Sé tjónið í þessu tilviki, sem hér um ræðir, afleiðing þessa eftirlitsskorts og eftirlitsskorturinn orsök tjónsins. Beri foreldrar drengjanna ábyrgð á þessu tjóni stefnanda þar sem það hafi verið vítavert gáleysi af þeirra hálfu að líta ekki eftir drengjunum og athuga hvað þeir aðhöfðust.

Stefnandi telur og að stefndu, Erling Örn og Sigrún, hafi sýnt af sér vítavert gáleysi með því að skilja eftir eldspýtur á glámbekk þar sem drengirnir gátu náð þeim án fyrirhafnar og farið með þær út. Sé þetta einnig til marks um eftirlitsskort foreldranna. Sé það gáleysi af hálfu foreldra að skilja eftir eldspýtur þar sem börn geti náð til þeirra jafnt sem það sé gáleysi að skilja eftir hættuleg tæki í nálægð barna og þá sérstaklega þegar enginn er til að gæta þess að börn nái ekki til þessara hluta og leiki sér með þá.

Allir foreldrar viti að ung börn vilja oft fikta með hluti sem búið er að segja þeim að þau megi ekki vera með. Sé um hluti að ræða sem geti haft hættu í för með sér eigi foreldrarnir því að geyma þá þar sem börnin geta ekki náð til þeirra. Baki vanræksla þeirra Erlings og Sigrúnar þeim að þessu leyti ábyrgð eftir almennu skaðabótareglunni.

Þá telur stefnandi einnig koma til greina að foreldrar beri hlutlæga ábyrgð á skaðverkum barna sinna. Bendir stefnandi í því sambandi á að öll réttlætis- og sanngirnissjónarmið hljóti að leiða til þess að foreldrar barna beri fjárhagsábyrgð á tjóni sem börnin valda frekar en láta tjónþola sjálfan standa eftir slyppan og snauðan. Hafi foreldrarnir eignast börnin sér til ánægju og tekið að sér það hlutverk að ala þau upp eftir bestu getu og gera þau að sem bestum þjóðfélagsþegnum. Tjónþolinn hafi hins vegar ekkert af börnum þessum að segja og væru tjónþolar, sem verða fyrir tjóni af völdum barna, vægast sagt hryllilega settir ef talið yrði að þeir skyldu sjálfir þurfa að bera tjón sitt. Hljóti að vera mun sanngjarnara og eðlilegra að láta foreldra barna bera ábyrgðina. Megi jafna þessum sjónarmiðum við að talið sé að eigendur dýra, t.d. hunda, beri hlutlæga ábyrgð á tjóni sem dýrin valda. Sé ábyrgðarregla þessi til komin vegna þess að sanngjarnt hafi þótt að eigandinn bæri tjónið þar sem hann væri af eigin hagsmunum að halda dýr sem hættu gæti haft fyrir umhverfið. Telur stefnandi sömu rök vera fyrir hlutlægri ábyrgð foreldranna.

Stefndu, Gunnar Pétursson, Jónína Jónsdóttir og Gunnar Ingi Gunnarsson, rökstyðja kröfur sínar með því að Gunnar Ingi hafi aðeins verið 5 ára og 8 mánaða þegar bruninn varð. Þegar metið sé hvort háttsemi sé saknæm barni verði að hafa í huga aldur þess og hvers krefjast megi um háttsemi af börnum af sama aldri. Verði að telja af og frá að barnið Gunnar Ingi hafi hegðað sér öðru vísi en við mátti búast af jafn gömlum börnum. Hafi háttsemi hans verið fólgin í því að hafa farið með jafnaldra sínum, sem komist hafði yfir eldspýtustokk, inn í opna byggingu og ekki komið þar í veg fyrir að jafnaldrinn kveikti með eldspýtunum í bréfi eða pappa inni í byggingunni. Sé alveg út í hött að telja þetta barninu til sakar. Fikt með eldspýtur sé út frá sjónarhóli svo ungs barns eins og hver önnur athafnasemi til könnunar á veröldinni og undrum hennar. Sé af og frá að svo ung börn geti gert sér nokkra grein fyrir eðli þessarar athafnar og hugsanlegum afleiðingum hennar, jafnvel þó að mikið kunni að hafa verið brýnt fyrir þeim að fikta ekki með eld og eldspýtur.

Yrði talið, þrátt fyrir þessar röksemdir, að barnið Gunnar Ingi bæri ábyrgð á tjóni stefnanda verði að telja að færa eigi bótafjárhæð niður úr hans hendi með lögjöfnun frá 21. gr. 2. mgr. i.f. laga nr. 95, 1947.

Mótmælt er að stefndu, Gunnar Pétursson og Jónína Jónsdóttir, hafi ekki hagað eftirliti sínu með Gunnari Inga sem skyldi. Hafi barnið aðeins

verið að leik í næsta nágrenni við heimili sitt. Eftirlit af hálfu foreldra hefði orðið að vera fólgið í því að tjóðra drenginn fastan eða meina honum að fara undir bert loft. Sé fráleitt að gera slíkar eftirlitskröfur til foreldra. Öllum sjónarmiðum um hlutlæga ábyrgð foreldranna er og mótmælt. Enginn lagagrundvöllur sé til staðar fyrir þeirri niðurstöðu. Sé öruggt að hlutlæg ábyrgð yrði aldrei talin gilda án lagafyrirmæla. Skorti raunar öll rök fyrir þeirri skoðun stefnanda að slík skaðabótaábyrgð foreldra eigi rétt á sér. Sannleikurinn sé hins vegar sá að stefnandi geti engum öðrum en sjálfum sér kennt um brunann. Liggi fyrir í málinu að öll varsla hans með byggingunni hafi verið í lágmarki. Hafi hann sjálfur viðurkennt að hafa síðast litið eftir byggingunni 2. maí en bruninn hafi orðið 13.maí. M.ö.o. hafi a.m.k. verið liðnir 11 dagar frá því er hann sjálfur kom á staðinn. Hafi enn ríkari ástæða verið fyrir stefnanda að hafa oft og reglulega eftirlit með byggingunni þar sem henni hafi aðeins verið lauslega lokað og lokunarbúnaðurinn hafi áður verið rofinn.

Varakröfu sína um lækkun stefnufjárhæðar rökstyðja stefndu með því að stefnandinn hafi ekki fært lögfulla sönnun fyrir tjóni sínu. Sé stefnukrafan byggð á mati dómkvaddra manna sem ekki hafi verið dómkvaddir fyrr en 7. janúar 1982, eða u.þ.b. 8 mánuðum eftir brunann og hafi þá ummerki á staðnum verið allt önnur. Mat á verðmæti efnis sem brunnið hafi sé byggt á einhliða framtali stefnanda. Sé engin sönnun um afleiðingu tjóns fólgin í slíku. Skoðun matsmanna á matsefninu þann 14. maí 1981, löngu fyrir dómkvaðningu, teljist ekki skoðunargerð skv. lögum nr. 85, 1936, enda hafi stefndu ekki átt þess neinn kost að gæta þá hagsmuna sinna. Matsgerðin sé og gölluð að því leyti að fjárhæðir matsins séu allt of lítið sundurliðaðar. Einnig er mótmælt að leggja megi til grundvallar dómkröfunni verðlag í febrúar 1982 og krefjast svo verðbólginna vaxta allt frá maí 1981. Verði raunar að telja að verðlag í febrúar 1982 sé tjóni stefnanda alfarið óviðkomandi.

Stefndu Erling Örn, Sigrún og Pétur Örn rökstyðja kröfur sínar með því að ekki verði á það fallist að skaðabótaábyrgð samkvæmt almennu skaðabótareglunni eða öðrum lagasjónarmiðum verði lögð á 5 ára gömul börn. Verði í þessu sambandi að telja það meginreglu að til þess að bótaábyrgð verði lögð á börn fyrir háttsemi sem telja megi þeim saknæma þurfi þau að hafa náð þeim aldri og þroska að þau skilji að athafnir þeirra geti stofnað öðrum eða eignum annarra í hættu eða valdið tjóni.Slíkur þroski eða skilningur sé lítill eða enginn hjá 5 ára barni og sé fráleitt að telja að háttsemi sú, sem Pétur Örn hafi staðið að, hafi verið framkvæmd vitandi vits um að eldur gæti breiðst út og valdið tjóni.

Stefnandi hafi ekki heldur í málatilbúnaði sínum sýnt fram á eftirlitsskort eða gáleysi foreldra Péturs Arnar. Af og frá sé að ætla að þótt Pétur Örn

hafi komist inn í húseign stefnanda án afskipta foreldra hans sé þar með sýnt fram á eftirlitsskort af þeirra hálfu sem talinn verði þeim saknæmur. Með sama hætti sé engan veginn sýnt fram á gáleysi foreldra þótt barn komist yfir eldspýtur á heimili sínu. Ef felld yrði ábyrgð á foreldra á ofangreindum forsendum jaðraði hún við hlutlæga ábyrgð sem enga stoð eigi í íslenskum rétti í þessu sambandi. Sú eftirlitsskylda sem þannig væri lögð á foreldra sé nánast óframkvæmanleg enda mættu þá hvorki foreldrar né börn um frjálst höfuð strjúka. Viðurkenna verði visst svigrúm foreldra og barna til athafna með hliðsjón af ýmsum þáttum, svo sem sjálfsagðri þekkingaröflun barna upp á eigin spýtur, eðlilegum leikjum þeirra og útiveru og tilliti til nánasta umhverfis þeirra. Af þessum sökum verði jafnframt að gera kröfur til annarra í umhverfi barna um ákveðinn frágang og umbúnað eigna sinna. Fram komi í skjölum málsins að frágangur eða lokun á húsi stefnanda hafi ekki haldið börnum utan dyra. Hafi stefnanda mátt vera þetta ljóst áður en til tjóns kom 13. maí 1981 þar eð áður hafði verið rofinn umbúnaður og farið inn í húsið. Þrátt fyrir þetta fordæmi og geymslu á eldfimu byggingarefni innan dyra hafi stefnandi ekki gert reka að tryggilegri lokun hússins en raun hafi borið vitni. Einnig sé eftirlit stefnanda með húsinu ámælisvert, þar sem a.m.k. 11 dagar hafi liðið frá því að hann hafði komið á staðinn er bruninn varð. Hnígi ofangreind sjónarmið að því að stefnandi eigi sjálfur að bera tjón sitt eða eftir atvikum að koma til lækkunar stefnufjárhæðar eftir atvikum verði ekki fallist á sýknukröfu stefndu.

Varakrafan um lækkun stefnufjárhæðar varðandi Pétur Örn er reist á því að lögjöfnun frá 21. gr. 2. mgr. i.j. lögræðislaga nr. 95, 1947, leiði til þeirrar niðurstöðu. Að öðru leyti að því er varðar öll stefndu, er varakrafan um lækkun stefnufjárhæðar studd sömu röksemdum og fram koma hjá stefndu, Gunnari Péturssyni, Jónínu og Gunnari Inga. Hafi stefnandi ekki fært lögfulla sönnun fyrir tjóni sínu, fjárhæðir mats séu ekki nægilega sundurliðaðar og mótmælt sé að verðlag í febrúar 1982 sé lagt til grundvallar dómkröfu stefnanda með vöxtum frá maí 1981.

Álit dómsins.

Svo sem fram er komið í málinu er stefndi, Gunnar Ingi, fæddur 8. september 1975 og stefndi, Pétur Örn, 21. júlí s.á. Var Gunnar Ingi því 5 ára og 8 mánaða og Pétur Örn 5 ára og 9 mánaða er bruninn að Drekahlíð 4 varð.

Drengirnir virðast hafa komið sér inn í umrædda byggingu hindrunarlaust með því að klifra upp planka sem reistur hafði verið upp í glugga á suðurvegg hússins og skríða síðan inn um gluggann sem búið var að rjúfa

gat á. Höfðu þeir með sér eldspýtur sem Pétur Örn hafði tekið í óleyfi á heimili sínu. Kveikti Pétur Örn síðan í bréfi eða pappa þarna inni, að Gunnari Inga ásjáandi. Virðist eldur sá sem kviknaði hafa breiðst skjótlega út enda var geymt mikið af alls kyns byggingarefni á staðnum, m.a. mikið af einangrunarplasti og timbri, auk ýmissa annarra hluta. Urðu drengirnir hræddir, reyndu að slökkva eldinn en tókst það ekki og gátu þeir forðað sér út um sama glugga og þeir komust inn um.

Eigi verður talið að svo ungir drengir hafi getað gert sér grein fyrir þeim afleiðingum sem fikt þeirra með eldspýtur í umræddri byggingu gat haft í för með sér, hvorki þeirri lífshættu sem þeir stofnuðu sjálfum sér í með háttsemi sinni né tjóni því sem þeir gátu valdið. Þykir því bresta lagagrundvöll til að leggja bótaábyrgð á drengina.

Pétur Örn og Gunnar Ingi voru að leik í götunni fyrir utan heimili sín skömmu áður en þeir fóru í umrædda byggingu þar sem eldur var tendraður með fyrrgreindum afleiðingum. Var stefnda Jónína þá heima hjá sér en stefnda Sigrún hafði brugðið sér yfir í næsta hús. Drengirnir fara síðan af leiksvæði sínu í Raftahlíð yfir að Drekahlíð 4 sem er í u.þ.b. 250 metra fjarlægð þar frá. Er þarna yfir eina þvergötu að fara þar sem lítil umferð bifreiða er venjulega á þeim tíma sólarhrings sem hér um ræðir.

Telja verður að ekki sé óvenjulegt að börn á þessum aldri leiti út fyrir hin venjubundnu leiksvæði sín svo sem drengirnir Pétur Örn og Gunnar Ingi gerðu í þetta skipti. Verður það því eigi virt stefndu, Jónínu og Sigrúnu, mæðrum drengjanna til sakar að hafa ekki fylgst með hverju fótmáli sona sinna. Þykir stefnandi því eigi hafa leitt það í ljós að ekki hafi verið litið eftir drengjunum svo sem títt er að fylgst sé með börnum á svipuðu reki.

Stefndi Erling Örn var heima hjá sér er umræddur atburður átti sér stað. Virðist svo sem eiginkona hans, stefnda Sigrún, hafi annast um eftirlit með Pétri Erni og hann sjálfur ekki sérstaklega verið að líta eftir syni sínum en treyst því að eftirlit eiginkonu sinnar væri nægjanlegt og verður það ekki talið honum til sakar.

Stefndi Gunnar Pétursson var í vinnu sinni er atburður sá er mál þetta er sprottið af átti sér stað og kemur sök af hans hálfu vegna eftirlitsskorts þegar af þeirri ástæðu ekki til greina.

Það að stefndi Pétur Örn komst yfir eldspýtustokk sem skilinn hafði verið eftir á sófaborði í stofunni heima hjá honum, fór með hann, ásamt félaga sínum, inn í hina opnu byggingu þar sem mikið af all-eldfimu efni var geymt og kveikti þar í bréfi eða pappa, með svo afdrifaríkum afleiðingum, verður að telja slíka óhappatilviljum að eigi sé unnt að fella bótaábyrgð á foreldra drengsins, stefndu Erling Örn og Sigrúnu, vegna tjóns stefnanda, en stefnandi hafði eigi hirt um að brunatryggja eign sína, svo sem honum

var þó skylt, samkvæmt 2. gr. laga nr. 59, 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Eigi verður heldur talið að í íslenskum skaðabótarétti gildi hlutlæg ábyrgð foreldra á skaðabrekum barna.

Samkvæmt framansögðu eiga því stefndu öll að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Erling Örn Pétursson, Sigrún Skúladóttir og Pétur Örn Erlingsson svo og Gunnar Pétursson, Jónína Jónsdóttir og Gunnar Ingi Gunnarsson, eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurbjörns Pálssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 12. maí 1986.

Nr. 234/1985. **Lárus Haukur Jónsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Gísla Árnasyni
Sigrúnu Margréti Ragnarsdóttur
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
Landsbanka Íslands
Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins
Búnaðarbanka Íslands
Iðnaðarbanka Íslands hf.
Alþýðubankanum hf.
Útvegsbanka Íslands
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
Samvinnubanka Íslands hf. og
P. Samúelsson & Co hf.
og
Gísli Árnason og
Sigrún Margrét Ragnarsdóttir
gegn
Lárusi Hauki Jónssyni

Uppboð. Áfrýjun. Máli að hluta vísað frá Hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ., Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði með stefnu 1. nóvember 1985 „gerð uppboðsréttar Kjósarsýslu 7. október 1985, er felur í sér útgáfu uppboðsafsals á fasteigninni Arnartanga 35, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, og hverjir skuli fá uppboðsandvirði greitt og hversu mikið hver, svo og undanfarandi uppboðsgerðum í heild á nefndri fasteign, er ofangreind gerð uppboðsréttar Kjósarsýslu 7. október 1985 er leidd af og byggð á.“ Hann gerir þær dómkröfur fyrir Hæstarétti, „að útgáfu uppboðsafsalsins, úthlutunargerð uppboðsins, og uppboðsgerðinni í heild verði hrundið og þessar réttargerðir upp-

boðsréttar Kjósarsýslu verði dæmdar ómerkar og ógildar.“ Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti in solidum úr hendi gagnáfrýjenda og stefndu.

Stefndu, Gísli Árnason og Sigrún Margrét Ragnarsdóttir, gagnáfrýjuðu málinu með stefnu 14. nóvember 1985. Í gagnáfrýjunarstefnunni er aðaláfrýjanda einum stefnt. Dómkröfur gagnáfrýjenda eru þær, að hið áfrýjaða uppboðsafsal verði staðfest og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda P. Samúelsson & Co hf. hefur verið sótt þing og krafist málskostnaðar.

Af hálfu annarra stefndu hafa engar kröfur verið gerðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem að framan greinir beinast dómkröfur gagnáfrýjenda einungis að aðaláfrýjanda. Í aðalsök er öllum aðilum uppboðsmálsins gefinn kostur á að láta til sín taka. Eins og kröfugerð í gagnsök er háttað og aðild í aðalsök verður sá háttur, sem hafður hefur verið á um að stefna aðeins aðaláfrýjanda í gagnsökinni, talinn fullnægjandi.

Á nauðungaruppboðinu 5. júlí 1985 komu ekki fram önnur boð í húseignina Arnartanga 35 en boð Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns vegna gagnáfrýjenda, að fjárhæð 2.700.000,00 krónur. Krafðist hann að gagnáfrýjendum sem fjárnámshöfum yrði lögð út eignin sem ófullnægðum veðhöfum. Krafa kom og fram frá Sveini Hauki Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni vegna Samvinnubanka Íslands hf. sem samningsveðhafa og fjárnámshafa að eignin yrði slegin hæstabjóðanda. Verður að líta svo á, þótt bókun í uppboðsbók sé ekki skilrík, að uppboðsgerðinni hafi lokið er uppboðsþingi var slitið greindan dag. Leiðir af því að frestur til áfrýjunar hennar var löngu liðinn samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 þegar áfrýjunarstefna var gefin út í málinu. Verður málinu að því leyti vísað frá Hæstarétti án þess að til álita komi hvort uppboðshaldara hefði veri rétt að krefjast þess samkæmt 13. gr. tilskipunar 19. desember 1693 að gagnáfrýjendur settu tryggingu fyrir boði sínu.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti hreyfði aðaláfrýjandi því að uppboðshaldari hefði ekki sent honum frumvarp að úthlutunargerð og ekki kvatt hann á fund samkvæmt 34. gr. laga

um nauðungaruppboð áður en hann úthlutaði uppboðsandvirði.

Uppboðshaldara er ekki skylt samkvæmt nefndu ákvæði að senda hlutaðeigandi sérstaklega frumvarp að úthlutunargerð. Athugasemdir aðaláfrýjanda varðandi uppboðsafsalið og úthlutunargerðina, vegna þess að hann hafi ekki verið boðaður til fundar samkvæmt niðurlagsákvæði 1. mgr. 34. gr. uppboðslaga, komu fyrst fram við munnlegan flutning málsins svo sem fyrr var sagt. Eru þær athugasemdir um að uppboðshaldari hafi ekki gætt réttra aðferða um útgáfu uppboðsafsals og úthlutun uppboðsandvirðis svo seint fram komnar og ekki svo skýrlega á þeim byggt í málflutningi að umræddum athöfnum uppboðshaldara verði hnekkt af þessum ástæðum. Ber því að staðfesta uppboðsafsalið og úthlutunargerðina enda hefur ekki verið sýnt fram á efnisannmarka á athöfnum þessum sem leiða eigi til þess að kröfur aðaláfrýjanda verði teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Kröfu aðaláfrýjanda, Lárusar Hauks Jónssonar, um ómerkingu uppboðs 5. júlí 1985 á fasteigninni Arnartanga 35 er vísað frá Hæstarétti.

Framangreint uppboðsafsal fyrir eigninni og úthlutun uppboðsandvirðis er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meirihlutans að öðru leyti en því er tekur til afgreiðslu hans á þeim þætti málsins, er lýtur að úthlutun uppboðsandvirðis og útgáfu uppboðsafsals af ástæðum þeim, er hér fara á eftir.

Skilja verður ákvæði 34. gr. laga nr. 57/1949 svo, að meðal þeirra, sem hluta eiga að fá af uppboðsandvirði sé uppboðsþoli ef uppboðsverð hrekkur til greiðslu veðskulda. Sá skilningur, að upp-

boðshaldari eigi aðeins að kveðja þá til fundar sem „eiga að fá af uppboðsandvirði" samkvæmt frumvarpi hans að úthlutunargerð, fær eigi staðist, því þá gæti mál orðið afgreitt án vitneskju þeirra aðila uppboðsmáls, sem málið skiptir mestu, þ.e. þá sem vafi gæti verið um, hvort fengju greiðslu af uppboðsandvirði.

Það varðar uppboðsþola miklu eigi síður en veðhafa að úthlutun uppboðsandvirðis sé rétt. Skuldir, sem veð er fyrir í uppboðsandlagi, eru oftast nær jafnframt persónulegar skuldir uppboðsþola. Verður því ekki framhjá skuldara veðskulda gengið er úthlutað er uppboðsandvirði.

Uppboðshaldari kvaddi aðaláfrýjanda hvorki á sinn fund fyrir útgáfu útlagningarafsals né gaf honum kost á að taka afstöðu til frumvarps að úthlutunargerð, áður en afsal var út gefið.

Átti aðaláfrýjandi þess því ekki kost að koma að mótmælum eða krefjast úrskurðar samkvæmt 2. gr. 34. gr. uppboðslaga.

Með þessu hefur réttur aðaláfrýjanda verið svo mjög fyrir borð borinn að ómerkja ber hina áfrýjuðu úthlutunargerð og útlagningarafsal og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar að nýju.

Þinghald í uppboðsrétti Kjósarsýslu 5. júlí 1985.

Ár 1985, föstudaginn 5. júlí var uppboðsréttur Kjósarsýslu settur í húsinu nr. 35 við Arnartanga, Mosfellshreppi og haldinn þar af Einari Ingimundarsyni sýslumanni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið að selja á nauðungaruppboði öðru og síðasta húseignina Arnartanga 35, Mosfellshreppi, sem er þingl. eign Gísla Árnasonar en talin eign Lárusar Hauks Jónssonar.

Skjöl málsins nr. 1-52 liggja frammi, en uppboðshaldari leggur nú fram sem rskj. nr. 53-63, 9 sölutilkynningar, afrit af auglýsingu sem birtist í lögbirtingarblaði 21. júní sl. og afrit að auglýsingu sem birtist í DV. 2. þessa mánaðar. Skjölin fylgja.

Af hálfu uppboðsbeiðenda eru mættir Ari Ísberg hdl. v. Iðnaðarbanka Íslands, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. v. Gísla Árnasonar og Sigrúnar Ragnarsdóttur og eru þau einnig mætt sjálf, Bragi Björnsson hdl. v. Veðdeildar Landsbanka Íslands og Sveinn Haukur Valdimarsson hrl. v. Samvinnubanka Íslands.

Uppboðsþoli, talinn eigandi eignarinnar, Lárus Haukur Jónsson er mættur.

Viðstaddir umboðsmenn uppboðsbeiðenda krefjast þess að sala á eigninni fari fram hér og nú.

Þegar hér var komið mætti í réttinum Guðjón Ármann Jónsson hdl. v. Alþýðubankans.

Bragi Björnsson hdl. sýnir í réttinum frumrit 6 veðskuldabréfa Landsbanka Íslands, útgefin 9.11. 1982 og 6.12. 1983.

Eftir að veðbókarvottorð og uppboðsskilmálar voru kynnt viðstöddum var leitað boða í eignina.

Fyrsta, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. vegna áðurnefndra umbjóðenda hans kr. 2.700.000.- og krefst hann þess að eignin verði lögð út umbjóðendum hans sem ófullnægðum veðhöfum, með venjulegum skilyrðum.

Önnur og hærri boð komu ekki fram.

Sveinn H. Valdimarsson hrl. krefst þess að eignin verði slegin hæstbjóðanda.

Uppboðsþoli óskar bókað, að lagðar verði fram hér og nú sundurliðaðar kröfur uppboðsbeiðenda og veðhafa eins og þær standa í dag og kveðst að öðrum kosti mótmæla uppboðinu. Þegar hér var komið upplýsir Guðjón Ármann Jónsson hdl., að krafa Alþýðubankans í uppboðsandvirði eignarinnar (9. veðréttar) sé nú kr. 117.092.- þar af gjaldfallin 78.645.-

Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. telur rétt að bóka að kröfum uppboðsbeiðenda sé lýst í uppboðsbeiðnum þeirra sem fyrir liggja í málinu.

Þinghald í uppboðsrétti Kjósarsýslu 7. október 1985.

Ár 1985, mánudaginn 7. október var uppboðsréttur Kjósarsýslu settur á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði og haldinn af Einari Ingimundarsyni sýslumanni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að taka afstöðu til fram kominna boða í fasteignina Arnartanga 35, Mosfellshreppi, sem er þingl. eign Gísla Árnsonar, en talin eign Lárusar Hauks Jónssonar og seld var á nauðungaruppboði, öðru og síðasta, þann 5. júlí 1985.

Skjöl málsins liggja frammi.

Á nauðungaruppboði, öðru og síðasta, sem háð var þann 5. júlí, 1985 á fasteigninni Arnartanga 35, Mosfellshreppi var hæstbjóðandi og eini bjóðandi Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. f.h. þingl. eiganda eignarinnar, Gísla Árnasonar og Sigrúnar M. Ragnarsdóttur og var boð hans kr. 2.700.000,00. Krafðist hann þess við uppboðið, að umbjóðendum hans yrði lögð út eignin sem ófullnægðum veðhöfum. Reyndust skilyrði til útlagningar vera fyrir hendi og var boð bjóðenda samþykkt. — Staðin hafa nú verið skil á uppboðsandvirðinu með eftirgreindum hætti (þ.e. samið hefur verið við alla veðhafa í eigninni um greiðslu krafna þeirra).

1. Samið við Veðdeild Landsbanka Íslands um greiðslu skuldar samkv. skuldabr. útg. 11/9, 1980, og 11/2, 1981 með vöxtum og kostn. 1. veðr. samt.	Kr.	290.000,00
2. Samið um greiðslu skuldar við Samvinnubankann samkv. skuldabr. útg. 19/4 1982 með vöxtum og kostn. 4. veðr. samt.	—	260.116,45
3. Samið um greiðslu skuldar við Búnaðarbankann samkv. skuldabr. útg. 6/7, 1982 með vöxtum og kostn. 6. veðr. samt.	—	44.837,00
4. Samið um greiðslu skuldar við Iðnaðarbanka Íslands samkv. skuldabr. útg. 13/7, 1982 með vöxtum og kostn. 7. veðr. samt.	—	139.527,00
5. Samið um greiðslu á skuld samkv. skuldabr. útg. 11/8, 1982 við Lífeyrissjóð starfsm. ríkisins með vöxtum og kostn. 8. veðr.	—	14.035,05
6. Samið um greiðslu á skuld við Alþýðubankann samkv. skuldabr. útg. 8/11, 1982 með vöxtum og kostn. 9. veðr. samt.	—	123.249,54
7. Samið um greiðslu skulda við Landsbanka Íslands hvílandi á 11. og 12. veðr. samkv. 2 skuldabr. útg. 6/12, 1983 (11. veðr.) og 4 skuldabr. útg. 6/12, 1983 (12. veðr.) með vöxtum og kostn.	—	1.300.000,00
8. Samið um greiðslu skuldar við Útvegsbanka Íslands samkv. 1 skuldabr. útg. 6/12, 1983 með vöxtum og kostn., 11. veðr.	—	280.000,00
9. Samið um greiðslu skuldar við P. Samúelsson & Co. samkv. 1 skuldabr. útg. 6/12 1983 með vöxtum og kostn. 12. veðr. samt.	—	152.578,86
10. Samið um greiðslu skuldar við Samvinnubankann samkv. fjárn. 18/4, 1984 með vöxtum og kostn. samt.	—	41.969,00
11. Samið um greiðslu skuldar við Landsbanka Íslands samkv. fjárn. 28/6, 1984 með vöxtum og kostn.	—	30.000,00
12. Uppboðskaupendur fengið greitt upp í eigin kröfu samkv. fjárn. 22/4, 1985	—	23.687,10
	Samt.	Kr. 2.700.000,00

Þá hefur verið greiddur allur kostnaður, sem af uppboðsaðgerðum í máli þessu hefur leitt.

Þar sem engar athugasemdir, né mótmæli hafa komið fram gegn uppboði þessu og staðin hafa verið skil á uppboðsverðinu samkvæmt framansögðu

og uppboðsskilmálar hafa að öðru leyti verið efndir, lýsir uppboðshaldari yfir því, að fasteignin Arnartangi 35, Mosfellshreppi, þingl. eign Gísla Árnasonar, en talin eign Lárusar Hauks Jónssonar, sé héðan í frá lögleg eign uppboðskaupenda Gísla Árnasonar og Sigrúnar M. Ragnarsdóttur með öllu múr- og naglföstu og með öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber og með öllum sömu réttindum yfir eigninni og fyrra eiganda hennar báru yfir henni. — Hirði hinir nýju eigendur eignarinnar arð og greiði kostnað af eigninni frá uppboðsdegi.

Afmá skal úr veðmálabókum skuld samkv. skuldabr. útg. 7/9, 1979, Iðnaðarbanki Íslands (2. veðr.), skuld samkv. skuldabr. útg. 15/1, 1981, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, (3. veðr.), skuld samkv. skuldabr. útg. 19/4, 1982, Samvinnubankinn (5. veðr.) og skuld samkv. skuldabr. útg. 9/11, 1982, Landsbanki Íslands (10. veðr.), en öll önnur veðbönd skulu áfram standa veðtryggð í hinni seldu eign.

Þriðjudaginn 13. maí 1986.

Nr. 111/1984. **Jón Ármann Héðinsson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni
f.h. A/L Fiskernes Redskapsfabrikk
(Hákon Árnason hrl.)

Aðild. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 1. júní 1984. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda var ekki sótt þing er málið skyldi flutt munnlega fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt þar á meðal skýrsla um aðalfund A/L Fiskernes Redskapsfabrikk 3. maí 1982, skýrsla skiptaforstjóra til skiptaréttar Senju um gjaldþrotameðferð á búi Fiskernes Redskapsindustri A/S 7. maí 1984, bréf skiptaréttar Senju til lögmanns áfrýjanda 18. september 1984 og bréf Einars Steinlands f.h. skilanefndar A/L Fiskernes Redskapsfabrikk 2. október 1985 með áritaðri staðfestingu skiptaréttar Senju 3. október 1985.

Kröfu sína um sýknu byggir áfrýjandi í fyrsta lagi á því að hann sé ekki réttur aðili að máli þessu heldur hafi stefndi átt að beina kröfu sinni að Hringnót hf. enda hafi hann komið fram gagnvart stefnda sem starfsmaður þess fyrirtækis. Þá er því einnig haldið fram að A/L Fiskernes Redskapsfabrikk sé ekki réttur aðili máls þessa því félagið hafi selt Fiskernes Redskapsindustri A/S allar eignir sínar fastar og lausar, þar á meðal umrædda kröfu, þegar í októbermánuði 1982. Það félag hafi svo orðið gjaldþrota í febrúar 1984.

Um efni kröfunna er því haldið fram að andvirði nótar þeirrar, sem fjallað er um, hafi farið til að greiða kostnað við viðgerð hennar og geymslu hjá Hringnót hf.

Það kemur fram af gögnum þeim sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt að Fiskernes Redskapsindustri A/S var stofnað 14. júní 1982 til þess að sameina starfsemi A/S Fiskeredskap í Alverstraumen og A/L Fiskernes Redskapsfabrikk á Finnsnesi. Þá kemur einnig fram í gögnum þessum að á aðalfundi A/L Fiskernes Redskapsfabrikk 3. maí 1982 var samþykkt að kaupa hlutabréf í Fiskernes Redskapsindustri A/S að nafnvirði 7.000.000,00 NKR í samræmi við sameignarsamning sem gerður hafði verið. Var stjórn A/L Fiskernes Redskapsfabrikk veitt heimild til að selja í hendur Fiskernes Redskapsindustri A/S allar eignir félagsins til greiðslu á hlutafjárframlagi þess.

Samkvæmt framangreindu bréfi Einars Steinlands var krafa A/L Fiskernes Redskapsfabrikk á hendur áfrýjanda í máli þessu ein af eignum félagsins sem var framseld Fiskernes Redskapsindustri A/S 1. október 1982. Við gjaldþrot þess félags 10. febrúar 1984 varð krafan svo eign Fiskernes Bank.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu 12.

október 1983 af Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni f.h. A/L Fiskernes Redskapsfabrikk Finnsnesi í Noregi. Enginn forsvarsmanna félagsins var nefndur í stefnunni. Er áfrýjandi áfrýjaði héraðsdóminum stefndi hann með samsvarandi hætti greindum héraðsdómslögmanni fyrir hönd A/L Fiskernes Redskapsfabrikk fyrir Hæstarétt. Ritaði nafngreindur hæstaréttarlögmaður fyrir hönd Guðmundar Jónssonar á stefnuna að hún væri sér nægilega birt. Er málið skyldi munnlega flutt fyrir Hæstarétti var eigi sótt þing af hálfu A/L Fiskernes Redskapsfabrikk.

Með vísan til þess sem nú hefur verð rakið ber að ómerkja hinn áfrýjaða dómi og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Áfrýjandi sótti eigi þing í héraði og verður málskostnaður fyrir Hæstarétti því ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. mars 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febr. sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 14. október 1983 af Guðmundi Jónssyni hdl., nnr. 3084-1115, Borgartúni 33, Reykjavík f.h. norska firmans A/L Fiskernes Redskapsfabrikk, Finnsnes, Noregi gegn Jóni Ármanni Héðinssyni, nnr. 5144-6542, Birkigrund 59, Kópavogi til greiðslu skuldar að fjárhæð Nkr. 40.000,00 með 18% ársvöxtum frá 22. febrúar 1980 til greiðsludags og málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að haustið 1973 hafi Óskar Þórhallsson, útgerðarmaður í Keflavík, pantað notaða loðnunót frá stefnanda á Nkr. 70.000,00. Hafi nótin verið flutt hingað til lands með loðnubátnum Guðmundi það haust. Kaupandi hafi hafnað nótinni vegna lélegs ástands hennar og hafi orðið að samkomulagi stefnanda og stefnda að nótinni væri komið fyrir hjá firmanu Hringnót hf. í Hafnarfirði, þar sem stefndi gegndi þá stöðu framkvæmdastjóra, til viðgerðar og breytinga og til að gera hana seljanlegri. Nótin hafi verið í viðgerð í febrúarmánuði 1974 og hafi reikningur Hringnótar hf. hljóðað upp á ísl. kr. 453.071,00 og hafi hann verið greiddur. Hafi nú verið samið um að nótin yrði í vörslum Hringnótar hf. þar til nýr kaupandi fyndist. Hann

hafi ekki fundist og hafi það ekki verið fyrr en starfsmaður stefnanda hafi verið á ferð hér á landi í ársbyrjun 1980, að hann frétti að nótin hefði verið seld. Hafi stefnandi þá gefið stefnda eftirfarandi umboð til sölu nótarinnar fyrir Nkr. 40.000,00 í formi reiknings, dags. 22. febrúar 1980 fyrir andvirði nótarinnar stíluðum á stefnda. Gegn synjun stefnda á sölu nótarinnar hafi Rannsóknarlögregla ríkisins með rannsókn upplýst að stefndi hafi selt nótina vorið 1977 til fyrirtækisins Neptúnusar hf. í Reykjavík fyrir ísl. gkr. 1.281.525,00.

Stefndi hafi eigi fengist til að standa stefnanda skil á stefnukröfunni og í engu sinnt kröfum í þá átt.

Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum laga nr. 39/1921 um lausafjárkaup og skv. reglum kröfuréttarins um loforð og samninga og reki málið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skv. heimild í 2. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öðru leyti en því, að 11% ársvextir dæmast af stefnufjárhæð frá 22. febrúar 1980 til 21. apríl 1982, en 10% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 17.900,00.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir ftr. yfirborgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Ármann Héðinsson, greiði stefnanda Guðmundi Jónssyni hdl. f.h. A/L Fiskernes Redskapsfabrikk, Nkr. 40.000,00 með 11% ársvöxtum frá 22. febrúar 1980 til 21. apríl 1982, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. og kr. 17.900,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 13. maí 1986.

Nr. 146/1985. **Bjarnar Kristjánsson**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Jóni Oddssyni
(sjálfur)
Landsbanka Íslands
Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins
Alþýðubankanum h/f
Sparisjóði vélstjóra og
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis

Uppboðsafsal. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. júní 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s.m. Hann krefst þess að hinu áfrýjaða uppboðsafsali verði hnekkt og stefndi Jón Oddsson dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Jón Oddsson krefst þess að kröfum áfrýjanda verði hafnað og hann dæmdur til þess að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu annarra stefndu hafa ekki verið gerðar kröfur í málinu.

Hinn 26. október 1982 barst bæjarfógetanum í Hafnarfirði og Garðakaupstað beiðni Landsbanka Íslands, dags. 20. s.m., um að fasteignin Ásbúð 102 í Garðakaupstað, eign áfrýjanda, yrði seld á nauðungaruppboði. Beiðnin var tekin fyrir í uppboðsrétti 18. febrúar 1983 en síðan frestað nokkrum sinnum uns tekið var fyrir hinn 27. júní 1984 að selja eignina á nauðungaruppboði. Var þar sótt þing af hálfu Landsbankans og af hálfu uppboðsþola mætti þar bróðir hans Kristján Kristjánsson. Einungis eitt boð kom fram, 200 þúsund krónur. Ákveðið var eftir kröfu uppboðsþola og með samþykki uppboðsbeiðanda að fram færi annað og síðasta uppboð á eigninni í lok september næstkomandi, en nánar var uppboðið

ekki tímasett. Málið var næst tekið fyrir 26. september og þá frestað til 29. nóvember 1984. Þann dag fór fram nauðungaruppboð á eigninni. Lágu nú fyrir uppboðsréttinum fleiri uppboðsbeiðnir, m.a. frá stefnda Jóni Oddssyni. Sótti hann uppboðsþingið svo og umboðsmaður stefnda Landsbanka Íslands og af hálfu uppboðsþola Kristján bróðir hans. Á uppboði þessu komu fram boð í eignina frá Magnúsi Ragnari Bjarnarssyni, syni áfrýjanda, og stefnda Jóni Oddssyni. Gerði Magnús hæsta boð, 2.330.000 krónur en næsthæsta boð átti stefndi Jón, 2.300.000 krónur. Lauk svo uppboðsþingnu án þess að afstaða væri tekin til boðanna í eignina.

Uppboðinu var eigi áfrýjað.

Með bréfi til uppboðshaldarans dags. 18. janúar 1985 tilkynnti stefndi Jón að boð hans stæði enn og að hann vænti þess að því yrði tekið ef hæstbjóðandi stæði ekki við sitt boð.

Hinn 11. febrúar ritaði uppboðshaldari Magnúsi Ragnari Bjarnarssyni og tilkynnti honum að ef hann hefði ekki fyrir 25. s.m. staðið við uppboðsskilmálana mundi hann að þeim fresti liðnum taka næsthæsta boði í eignina eða auglýsa uppboð á henni.

Uppboðshaldari hélt síðan uppboðsrétt hinn 6. mars 1985. Er þar bókað m.a. á þessa leið.:

„Uppboðshaldari getur þess að hæstbjóðandi í hina seldu eign á áðurnefndu uppboði, Magnús Ragnar Bjarnarsson, hafi ekki greitt uppboðsandvirðið né að öðru leyti staðið við uppboðsskilmála þrátt fyrir áskoranir, og sé því boði hans hafnað. Jón Oddsson hrl., næsthæstbjóðandi í hina seldu eign, er mættur í réttinum og ítrekar hann fyrri yfirlýsingu sína um að hann sé reiðubúinn til að standa við boð sitt. Lýsir uppboðshaldari síðan yfir að boði næsthæstbjóðanda í eignina sé tekið og muni verða útgefið uppboðsafsal fyrir henni honum til handa þegar hann hefur sýnt skilríki fyrir að hann hafi greitt eða samið um greiðslu á kröfum veðhafa í eigninni eftir því sem uppboðsandvirðið hrekkur til."

Á þingi í uppboðsrétti 26. apríl 1985 gaf Einar Ingimundarson bæjarfógeti síðan út uppboðsafsal til stefnda Jóns Oddssonar. Hafði hann þá greitt eða samið um greiðslu á öllum þeim veðskuldum sem á eigninni hvíldu og greitt til uppboðshaldara mismun á uppboðsandvirði og greiddum kröfum, 12.037,10 krónur.

Áfrýjandi styður kröfur sínar í fyrsta lagi þeim rökum að upp-

boðshaldari hafi verið búinn að samþykkja boð hæstbjóðanda en síðan rift kaupunum, og hefði hann því átt skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 57/1949 að boða uppboðsaðila á dómþing og gefa þeim kost á að krefjast uppboðs að nýju. Hafi uppboðshaldara verið óheimilt að semja um uppboðskaupin við stefnda Jón Oddsson, svo sem hann gerði.

Líta verður svo á, þótt eigi sé bókað um það í lok uppboðsþinghaldsins 29. nóvember, að uppboðshaldari hafi þá tekið sér frest til þess að taka afstöðu til framkominna boða í eignina. Með bréfi 11. febrúar 1985 tilkynnti hann hæstbjóðanda að þar sem hann hefði engin skil gert á uppboðsandvirðinu mundi hann, nema hæstbjóðandi hefði gert skil fyrir 25. sama mánaðar, taka næsthæsta boði í eignina eða auglýsa uppboð að nýju. Bréf þetta verður að skilja á þann veg að uppboðshaldari hafi með því gefið hæstbjóðanda kost á því, að boði hans yrði tekið ef hann sýndi að hann gæti og vildi standa við það fyrir 25. febrúar. Áfrýjandi hefur ekki sannað að annað og meira en greint vilyrði hafi falist í því sem hæstbjóðanda og uppboðshaldara kann að hafa farið á milli frá uppboðsdegi til þess er hann móttók bréf uppboðshaldara frá 11. febrúar.

Þar sem hæstabjóðandi sinnti ekki áskorunum þeim sem fólust í bréfi uppboðshaldara frá 11. febrúar innan tilskilins frests, var uppboðshaldara rétt að hafna boði hæstbjóðanda og taka næsthæsta boði, svo sem hann gerði, sbr. bókun þá í uppboðsrétti 6. mars sem áður var rakin.

Í annan stað heldur áfrýjandi því fram að uppboðshaldari hefði átt að hefja uppboðsþingið 29. nóvember 1984 þar sem þar hafi engin krafa komið fram um að eignin yrði slegin hæstbjóðanda, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 57/1949.

Málsástæða þessi varðar framkvæmd uppboðsins sem eigi hefur verið áfrýjað, sem fyrr segir, en auk þess verður að líta svo á að krafa um uppboð á eign feli í sér kröfu um að eignin verði seld ef fullnægjandi boð fæst.

Ákvæði 2. mgr. 28. gr. laga nr. 57/1949 á einungis við ef svo stendur á sem í 1. mgr. þeirrar greinar segir.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið ber að hafna kröfum áfrýjanda í máli þessu og dæma hann til þess að greiða stefnda Jóni Oddssyni 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreint uppboðsafsal skal vera óraskað.

Áfrýjandi, Bjarnar Kristjánsson, greiði stefnda, Jóni Oddssyni, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar
og Guðmundar Jónssonar.

Sú málsástæða áfrýjanda að uppboðshaldari hefði átt að hefja uppboðsþingið 29. nóvember 1984 þar sem engin krafa hafi komið þar fram um að eignin yrði slegin hæstbjóðanda, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 57/1949, varðar framkvæmd uppboðsins sem ekki hefur verið áfrýjað. Teljum við málsástæðu þessa því ekki koma til álita við úrlausn málsins. Með þessari athugasemd erum við samþykkir dómsatkvæði meirihluta dómenda.

Miðvikudaginn 14. maí 1986.

Nr. 154/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Magnúsi Friðriki Óskarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. maí 1986, sem barst Hæstarétti 9. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. maí 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 7. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Magnúsi Óskarssyni, til heimilis að Ferjubakka 10 hér í borg, fæddum 17.09. 1948 í Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 21. maí 1986 kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn XXIII. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Málavextir.

Þann 6. maí sl. um kl. 06:43 var óskað aðstoðar RLR að Ferjubakka 10 hér í borg vegna andláts konu.

Fjórir menn voru í íbúðinni en sá fimmti hafði farið þaðan nokkru áður. Allir hafa þeir gefið skýrslu í málinu, en þeir voru undir áhrifum áfengis við handtöku.

Niðurstöður krufningar liggja eigi fyrir svo eigi er ljóst hvert banamein hinnar látnu er, en áverkar voru á líkinu og er eigi ljóst með hverjum hætti hún hefur hlotið þá.

Framburður þeirra fjögurra er voru gestkomandi í íbúðinni er í megindráttum samhljóða. Þeir hittu kærða, Magnús og Gunnhildi í Smiðjukaffi aðfaranótt þriðjudags og fóru síðan að Ferjubakka 10 þar sem sest var við áfengisneyslu. Síðla nætur hafi þau Magnús og Gunnhildur farið inn í svefnherbergi og dvalist þar góða stund. Ekki urðu gestir varir við átök en Sævar, einn þeirra, taldi sig heyra skarkala í lyftingartækjum. Þeir Sævar Erlendsson og Guðjón Kristjánsson hafa báðir borið að því næst hafi Magnús komið fram og beðið þá að athuga hvort Gunnhildur væri dáin. Hafi þeir gert það og sagt Magnúsi að hringja á sjúkrabíl strax. Grímur Grímsson hafi þá sofið ölvunarsvefni í stofu og Úlfar Theodórsson verið farinn úr íbúðinni.

Framburður kærða Magnúsar er í töluverðu ósamræmi við framburð Sævars og Guðjóns um aðdraganda andláts Gunnhildar. Einnig er misræmi í framburði þeim er kærði hefur gefið hjá RLR og fyrir dómi og því er

hann greindi lögreglu og sjúkraliði frá er kom á staðinn varðandi samskipti hans og hinnar látnu.

Brot það, er kærði er grunaður um, getur varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XXIII. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi og enn óljóst með hvaða hætti andlát Gunnhildar bar að. Verulegt misræmi er í framburði kærða og annarra og þykir því rétt með hliðsjón af framangreindu að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 21. maí 1986 kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Magnús Friðrik Óskarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 21. maí 1986 kl. 17:00.

Miðvikudaginn 14. maí 1986.

Nr. 54/1984. **Einar Guðjón Ólafsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Steingrími Jónssyni
Molly Jónsson og
Ingþóri H. Guðnasyni
(Benedikt Blöndal hrl.)

Fasteign. Fjölbýlishús.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. mars 1984. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og þeim gert að greiða honum málskostnað in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 30.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Einar Guðjón Ólafsson, greiði stefndu, Steingrími Jónssyni, Molly Jónsson og Ingþóri H. Guðnasyni, 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. desember 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 9. júní 1983.

Sóknaraðilar málsins eru Steingrímur Jónsson flugvirki, 8443-1486, Molly Jónsson húsmóðir og Ingþór H. Guðnason skrifstofumaður, 4808-7264, öll til heimilis að Hagamel 16, Reykjavík.

Varnaraðili er Einar G. Ólafsson sölumaður, Holtsbúð 5, Garðabæ.

Dómkröfur sóknaraðila eru nú þessar:

„*Aðallega:* að viðurkenndur verði með dómi óhindraður umferðarréttur sóknaraðila um innri gang í kjallara hússins nr. 16 við Hagamel til þvottahúss og til rafmagnstöflu sem staðsett er í ganginum.

Til vara: að viðurkenndur verði með dómi óhindraður umferðarréttur sóknaraðila um innri gang í kjallara hússins nr. 16 við Hagamel til þvottahúss þá daga sem íbúðir þeirra hafa til umráða þvotta- og þurrkherbergi í kjallara hússins svo og til aðgangs að rafmagnstöflu sem staðsett er í ganginum hvenær sem þurfa þykir.

Í báðum tilvikum er þess krafist að varnaraðili verði dæmdur til þess að greiða sóknaraðilum málskostnað eftir mati dómsins."

Varnaraðili krefst sýknu af öllum kröfum sóknaraðila og að sóknaraðilar verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað að mati dómarans.

Sáttaumleitanir af hálfu dómarans hafa ekki borið árangur.
Bjarni Kristinn Bjarnason, borgardómari, dæmir mál þetta.

I.

Húsið nr. 16 við Hagamel í Reykjavík er kjallari, tvær hæðir og ris. Að sögn sóknaraðila var húsið reist á árunum 1946 og 1947 af Byggingasamvinnufélagi prentara, og var húsið í 1. byggingarflokki. Upphaflega var ekki gert ráð fyrir íbúð í kjallara hússins heldur aðeins vinnuherbergjum, geymslum, þvottaherbergi og þurrkaðstöðu. Fljótlega var þó kjallarinn tekinn til afnota sem íbúð.

Kjallaríbúðin er tvö herbergi, hol (skáli), eldhús, baðherbergi, smágeymsla og „innri gangur". Fernar dyr eru á gangi þessum. Fyrstu dyrnar snúa að ytri forstofu, aðrar dyrnar eru á eldhúsi, þriðju dyrnar liggja að þvottahúsi og um þær fjórðu er gengið inn í hol (skála) en úr holinu eru síðan dyr að herbergjunum tveimur og baði. Í „innri ganginum" er rafmagnstafla með stofnöryggjum og rafmagnsmælum fyrir allt húsið.

Þegar mál þetta var höfðað var varnaraðili einn eigandi kjallaraíbúðarinnar. Hafði varnaraðili og systir hans, Alda Steinunn Ólafsdóttir, hlotið kjallaraíbúðina í arf 11. október 1982 eftir móður þeirra, Guðrúnu Ágústu Ellingsen, en skömmu eftir það keypti varnaraðili eignarhluta systur sinnar, Öldu Steinunnar Ólafsdóttur.

Sóknaraðilar Steingrímur Jónsson og Molly Jónsson eru sameigendur að fyrstu hæð hússins en sóknaraðilinn Ingþór H. Guðnason er eigandi annarrar hæðar.

Í óskiptri sameign með hæðunum og kjallaraíbúðinni og með íbúðum í húsinu nr. 14 við Hagamel, sem er sambyggt húsinu nr. 16, eru þvottahús, þurrkherbergi og kyndiklefi í kjallaranum. Útidyr eru á þvottahúsinu út í bakgarð hússins.

Byggingasamvinnufélag prentara gaf á sínum tíma út „reglugerð" fyrir 1. byggingarflokk, þ.e. fyrir húsin nr. 14, 16, 18, 20, 22 og 24 við Hagamel. Í „reglugerðinni", sem ekki mun hafa verið þinglýst, segir m.a.:

„Hin sameiginlega eign í hverri samstæðu er: Kjallaragangur, þvottahús, þurrkherbergi, miðstöðvarherbergi, þvottavélar, ytri veggir hússins, húsþak og lóðir. Ytri forstofa frá risi niður að kjallaragólfi og aðaldyr hússins er sameign hæðanna.

Óheimilt er að nota fremri gang kjallarans til annars en umgangs.

Notkun þvottahúss:

Afnot íbúa af þvottahúsi og þurrkherbergi skulu vera sem hér segir:

1. Austur-endi: Kjallari: 1. - 5.; 1. hæð: 6. - 10.; II. hæð: 11. - 15. hvers mánaðar.

2. Vestur-endi: II. hæð: 16. - 20.; I. hæð: 21. - 25.; kjallari: 26. - 30. hvers mánaðar.

Íbúar skulu gæta þess að ræsta vel og ganga snyrtilega frá þvottahúsi, þurrkherbergi og kjallaragangi að lokinni notkun. Kjallaraeiganda er heimilt að læsa hurðinni sín megin inn í þvottahúsið að loknum afnotum hæðanna í þeim enda hússins. — Eigi má geyma í þvottahúsi annað en það, er viðkemur þvottum."

Þann 15. apríl 1976 gaf stjórn Byggingasamvinnufélags prentara út yfirlýsingu sem þinglýst var 13. maí 1976. Þar segir m.a.:

„Undirrituð stjórn Byggingasamvinnufélags prentara í Reykjavík lýsir hér með yfir því, að félagið hefir byggt íbúðina á 1. hæð í fjölbýlishúsinu nr. 16 við Hagamel fyrir Árna Guðlaugsson og ekkju hans Kristínu Sigurðard. sem átt hefir íbúðina allt frá því að hún var byggð. Auk íbúðarinnar, sem er 4 herbergi eldhús og bað, á eigandinn:

a. sem séreign í kjallara: Geymslu.

b. Sameign með 2. hæð og kjallara og með íbúðum í húsinu nr. 14 við Hagamel, alls að 1/6 hluta í þvottahúsi, þurrkherbergi og kyndiklefa. Ennfremur að hálfu móti 2. hæð í nr. 16, stiga og kjallaragang.

c. Sérréttindi í kjallara: Umgagnsrétt um innri forstofu í kjallara þá daga, sem íbúðin á til umráða á þvotta- og þurrkherbergi og til aðgangs að rafmagnstöflu hússins, sem á þessum innri gangi er, og hafi lykil að þeim gangi."

Kristín Sigurðardóttir, sem fékk leyfi til setu í óskiptu búi eftir látinn mann sinn, andaðist 12. maí 1977. Við skipti á dánarbúinu 6. júní 1977 fengu börn hjónanna, Bragi Árnason og Guðrún Árnadóttir, íbúðina í arf. Í skiptayfirlýsingu dagsettri 6. júní 1977, þinglýstri 7. sama mánaðar, segir: „Húseignarhluti þessi er nánar tiltekið öll fyrsta hæð hússins, sem er íbúð, geymsluherbergi í kjallara og hlutdeild að sameign." Bragi og Guðrún afsöluðu íbúðinni 12. október 1978 til Ara Jónssonar og Ingibjarar Aradóttur. Í afsalinu segir: „Hið afsalaða: íbúð á 1. hæð með meiru í húsinu nr. 16 við Hagamel í Reykjavík, ásamt tilheyrandi hlutdeild í leigulóðarréttindum, samanber kaupsamning aðila dags. 14.10. 1977. Kvaðir: Eignin er háð ákvæðum laga um byggingasamvinnufélög." Afsalinu var þinglýst. Með afsali dagsettu 29. janúar 1982 afsalaði Ingibjörg Aradóttir ein til Grétu Jónsdóttur og Vöggs Jónssonar „íbúð á fyrstu hæð hússins nr. 16 við Hagamel í Reykjavík ásamt öllu, sem fylgir og fylgja ber þ.m.t. hlutdeild í leigulóðarréttindum. Hinn seldi eignarhluti telst vera 38% af fasteigninni Hagamelur 16 í Reykjavík. Eignin er háð ákvæðum laga um byggingasamvinnufélög." Afsalinu var þinglýst 30. september 1982. Á afsalið er áritað: „Samþykkt f.h. þrotabús Byggingasamvinnufélags prentara. Skiptaréttur-

inn í Reykjavík, 11. október 1982. Helga Jónsdóttir ftr.“ Með ódagsettu afsali, sem þinglýst var 29. nóvember 1982, afsalaði Vöggur Jónsson og Gréta Jónsdóttir til Arnar Hannesar Gestssonar ,,4ra herbergja íbúð á 1. hæð hússins nr. 16 við Hagamel í Reykjavík með tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum og öllu, sem fylgir og fylgja ber, talið 38% heildareignarinnar. Eignin er háð ákvæðum laga um byggingasamvinnufélög.“ Með afsali útgefnu 13. desember 1982 af Brynjólfi Bjarkan samkvæmt umboði f.h. Arnar Hannesar Gestssonar var ,,4ra herbergja íbúð á 1. hæð hússins nr. 16 við Hagamel í Reykjavík með tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum og öllu, sem fylgir og fylgja ber, talið vera 38% heildareignarinnar“, afsalað til sóknaraðilanna Steingríms Jónssonar og Mollyar Jónsson.

Brynjólfur Bjarkan viðskiptafræðingur hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá að hann hafi verið fulltrúi seljanda við síðastgreind kaup þegar endanleg skoðun á íbúðinni fór fram fyrir kaupin. Steingrímur Jónsson hafi við skoðunina verið þeirrar meiningar að hann hlyti að vera að kaupa rétt til að ganga í gegnum innri gang kjallaraíbúðarinnar. ,,Hins vegar vissi hann um ágreining sem um þetta var og það lá fyrir að hann myndi leita réttar síns þarna, og þó það sé ekki tekið fram í þessum samningi, að þá er meiningin sú að væru þessi réttindi fyrir hendi þá myndu þau fylgja með.“

Þann 21. júlí 1979 undirritaði Ingibjörg Aradóttir, eigandi 1. hæðar, og Guðmundur Jensson, eigandi 2. hæðar hússins, yfirlýsingu, þar sem segir: ,,Við veitum Guðrúnu Ág. Ellingsen samþykki okkar að fá íbúð sína samþykkta“. Kjallaríbúðin fékkst ,,samþykkt“ af byggingaryfirvöldum Reykjavíkurborgar.

Ingibjörg Aradóttir hefur lýst því yfir að ofangreinda yfirlýsingu ,,beri alls ekki að túlka á þann veg, að hún feli í sér neins konar afsal á rétti þeim sem íbúð þeirri, sem ég átti að miðhæð hússins, fylgir til umgangs um kjallaragang hússins en gangurinn er hluti af sameign hússins. Einnig var farið á leit við mig af hálfu Guðlaugar Ólafsdóttur fyrrverandi eiganda kjallaraíbúðarinnar, að ég ritaði undir sérstaka yfirlýsingu þess efnis, að ég afsalaði mér ofangreindum rétti mínum til gangsins. Þeirri ósk hafnaði ég.“

Guðmunda Magnúsdóttir, ekkja Guðmundar Jenssonar, fullyrðir að Guðmundur ,,leit svo á, að með undirskrift sinni undir yfirlýsingu varðandi kjallaraíbúðina í húsinu nr. 16 við Hagamel hafi hann verið að ljá kjallaraeigendum atbeina sinn til þess að íbúð þeirra yrði talin veðhæf og þar með verið að gera þeim greiða, en ekki að afsala sér réttindum þeim sem íbúð okkar fylgdi yfir kjallaraganginum sem er hluti af sameign hússins. Guðlaug Ólafsdóttir fyrrverandi eigandi kjallaraíbúðarinnar fór þess á leit við okkur hjónin að við undirrituðum formlegt afsal á ofangreindum réttind-

um. Þessari beiðni höfnuðum við að sjálfsögðu. Eftir að Guðrún Ág. Ellingsen eignaðist kjallaraíbúðina lét hún skipta um lás á ganghurðinni og hindraði þar með frekari umgang annarra íbúa hússins um ganginn. Ég vísa algerlega á bug staðhæfingu þeirri að ég hafi samsinnt því að skipt var um lás á ganghurðinni."

Vöggur Jónsson hefur m.a. skýrt svo frá: „Kjallaraeigendur skiptu með ofríki sínu um lás á ganghurð í kjallara og hindruðu þar með frekari umgang íbúa annarra hluta hússins um ganginn, sem er hluti af sameign hússins. Ég vísa algerlega á bug fullyrðingu þess efnis að ég hafi samsinnt því að skipt var um læsingu á ganghurðinni. Aflæsingunni var harðlega mótmælt af hálfu okkar hjóna."

Haukur Ottesen Jósafatsson eignaðist kjallaríbúðina, sem stundum hefur verið kölluð jarðhæð í skjölum málsins, á árinu 1947. Þann 11. júlí 1975 afsalaði hann Guðlaugu Ólafsdóttur „tveggja herb. íbúð á jarðhæð, eldhús, bað, lítil geymsla og hol. Íbúðinni fylgir geymsla á jarðhæð og ennfremur hluti í sameiginlegu þvottahúsi og hlutfallslegur eignarréttur í sameiginlegum kyndiklefa og kynditækjum." Stjórn Byggingasamvinnufélags prentara áritaði afsalið: „Samþykkjum framangreind eignaskipti sem þinglýstir eigendur. Og er þinglestur á skjali þessu heimilaður."

Haukur Ottesen Jósafatsson hefur skýrt svo frá að frá upphafi hafi húsmæður íbúðanna á fyrstu og annarri hæð hússins haft heimild til að ganga um innri gang kjallarans inn í þvottahúsið en aðeins ákveðna daga en enginn annar en þær húsmæðurnar. Hann kveðst hafa sagt Guðlaugu Ólafsdóttur um þennan gangrétt þegar hann seldi henni.

Guðlaug Ólafsdóttir afsalaði til Guðrúnar Ág. Ellingsen kjallaraíbúðinni 18. desember 1978 og í afsalinu segir: „Íbúðin er nánar tiltekið tvö herbergi, eldhús, bað, lítil geymsla og hol. Íbúðinni fylgir geymsla á jarðhæð og ennfremur hluti í sameiginlegum kyndiklefa og kynditækjum, ásamt öllu öðru sem fylgir og fylgja ber."

Guðlaug Ólafsdóttir kveðst hafa vitað um umferðarréttinn um innri gang kjallarans þegar hún keypti af Hauki. Hafi Haukur sagt að það væru gamlar reglur sem væru í gildi, en þær væru ekki notaðar. Hún segir að umferðarréttinum hafi ekki verið beitt meðan hún bjó í íbúðinni. „Að vísu var kona á 2. hæð (Guðmunda Magnúsdóttir), sem vildi fá að fara í gegn, en ég kærði mig ekki um það. En hún var með lykil til þess að komast að rafmagnstöflunni. Ég komst einu sinni að því, þegar ég var veik heima, að hún gekk í gegnum ganginn í þvottahúsið og ég skipti þá um skrá. Ég talaði við konuna á 1. hæðinni, hvort hún myndi vilja afsala réttinum til umferðar um ganginn því hún bað aldrei um að fara í gegn. En hún vildi það ekki til þess að vera ekki í ósamkomulagi við Guðmundu í húsinu." Guðlaug kveðst hafa látið Guðrúnu vita að þessi réttur væri fyrir hendi

þegar hún seldi Guðrúnu kjallaraíbúðina, og að „hún gæti átt von á því, að Guðmunda óskaði að fara í gegn, og hún sagði, að sér væri sama, hún Guðrún." Guðlaug kveðst þó hafa talið sig hafa keypt innri forstofuna (innri ganginn), þegar hún keypti kjallaraíbúðina.

Ólafur Gunnlaugsson, faðir Guðlaugar, kveðst hafa verið vitni að því, þegar Guðlaug seldi Guðrúnu kjallaraíbúðina, að Guðrúnu væri fyrir kaupin tjáð, að umferðarréttur væri um íbúðina. „Henni var sagt, að þarna væri gamall umferðarréttur um íbúðina, en hann hefði ekki verið notaður. En hún tjáði sig það engu máli skipta."

Sigríður Einarsdóttir, móðir Guðlaugar, kveðst hafa verið viðstödd, þegar Guðrún skoðaði íbúðina. „Þá tók Guðlaug fram, að íbúðirnar, þ.e.a.s. íbúar íbúðanna á hinum hæðunum hefðu aðgang að þvottahúsi í gegnum forstofu hjá henni. Þetta var það sem ég heyrði, en það var áður en kaupsamningur var undirritaður. Guðrún sagði: „Það er allt í lagi mér er alveg sama." Hún fann ekkert að þessu."

Alda Steinunn Ólafsdóttir, dóttir Guðrúnar og systir varnaraðila, kveðst hafa verið viðstödd allar viðræður um kaupin, „því að ég aðstoðaði móður mína í þessu máli." Hún segir, að ekki hafi verið minnst á einhvern umferðarrétt, sem efri hæðir hússins ættu í gegnum forstofu kjallarans, þegar undirritun fór fram.

II.

Sóknaraðilinn Steingrímur Jónsson kveðst við skoðun á íbúð sinni, áður en kaup fóru fram, hafa sagt við Brynjólf Bjarkan viðskiptafræðing, umboðsmann seljanda, Arnar Hannesar Gestssonar, að hann (Steingrímur) væri búinn að komast að því að réttur til umgangs um gang kjallaraíbúðarinnar fylgdi efri hæðunum. Ennfremur kveðst hann hafa tjáð Brynjólfi að hann myndi gera allt til þess að ná fram rétti sínum í því máli. Við þetta hafi Brynjólfur ekki gert athugasemdir. Arnar Hannes hafi fyrir kaupin lýst því yfir að honum væri ókunnugt um hvernig ofangreindum réttindum væri háttað, en hann hafi lofað að grennslast fyrir um þetta atriði og láta vita um niðurstöður. Úr því hafi ekki orðið. Vegna þessa og með hliðsjón af því að Arnar Hannes hafi átt íbúðina aðeins í skamman tíma og aldrei búið í henni og virst fáfróður um þau réttindi sem íbúðinni fylgdu, kveðst Steingrímur hafa leitað upplýsinga um þessi atriði hjá fyrri eigendum.

Því er haldið fram af sóknaraðilum að margnefndur kjallaragangur sé sameign allra eigenda hússins nr. 16 við Hagamel. Komi þetta m.a. fram í reglugerðinni sem var sett af byggingasamvinnufélaginu og yfirlýsingu varðandi íbúð 1. hæðar. Skipting eignarhlutfalla í húsinu staðfesti einnig að gangurinn sé hluti af sameign þess. Í afsölum varðandi kjallaraíbúðina sé gangurinn ekki tekinn með í lýsingu á eigninni. Guðrún Ágústa Ellingsen

hafi vitað um umgangsrétt eigenda 1. og 2. hæðar þegar hún keypti kjallaraíbúðina. Eigendur kjallaraíbúðarinnar hafi hvorki fyrir hefð né fyrir traustfang útilokað sóknaraðila frá því að neyta umgangsréttar um ganginn inn í þvottahúsið og að rafmagnstöflu. Þess megi einnig geta, að eigendur 1. og 2. hæðar í húsunum nr. 14, 18, 20, 22 og 24 við Hagamel, sem byggð séu í 1. byggingarflokki Byggingasamvinnufélags prentara, hafi óskertan umgagnsrétt um kjallaraganga í húsum sínum, en þeir séu sams konar og kjallaragangurinn í nr. 16. Sóknaraðilar þurfi ekki að sæta því að fara út á lóð hússins og ganga þar utan dyra eftir þröngum stíg og niður kjallaratröppur á bakhlið hússins í hvaða veðri sem er til þess að komast inn í þvottahús og þurrkherbergi, enda hafi aldrei verið til þess ætlast. Það hafi að vísu verið mistök hjá borgarfógetaembættinu að gefa út veðbókarvottorð um kjallaríbúðina án þess að geta um umferðarkvöðina sbr. hina þinglýstu yfirlýsingu byggingasamvinnufélagsins frá 15. apríl 1976. Það skipti þó ekki máli því að Guðrún Ágústa hafi vitað um kvöðina áður en hún keypti íbúðina.

Af hálfu sóknaraðila er bent á þann framburð Hauks Ottesen Jósafatssonar að húsfreyjur á efri hæðum hússins hafi, á meðan hann bjó í kjallaraíbúðinni í 28 ár frá 1947 til 1975, farið í gegnum innri ganginn til þvottahússins. Þessi notkun í meir en 20 ár hafi út af fyrir sig skapað eigendum efri hæðanna afnotarétt af innganginum sbr. 7. gr. hefðarlaga nr. 46/1905.

Því er sérstaklega andmælt af hálfu sóknaraðila, að yfirlýsing eigenda 1. og 2. hæðar varðandi samþykki þeirra til að Guðrún Ágústa fengi kjallaraíbúðina „samþykkta" hafi fólgið í sér tilslakanir á rétti eigenda hæðanna til að ganga í gegnum innri ganginn í kjallaranum.

Því er einnig haldið fram að hagsmunir sóknaraðila til að viðhalda rétti til umgangs um kjallaraganginn séu meiri en hagsmunir eigenda kjallarans til að útiloka þann rétt.

Verði fyrrgreind reglugerð ekki talin fullkomin heimild fyrir umgangsrétti er af hálfu sóknaraðila vísað til eðli máls, byggingarlags hússins og einnig til þess að fyrri eigendur íbúða sóknaraðila hafi haft óhindraðan og óslitinn umgang um ganginn frá því að húsið var byggt og allt til þess að skipt var um lás í ársbyrjun 1981.

Sóknaraðilar byggja varakröfu sína á því að miða beri umferðarrétt þeirra við yfirlýsinguna frá 15. apríl 1976.

III.

Af hálfu varnaraðila er á það bent að tæp 30 ár hafi liðið frá því að Árni Guðlaugsson og Kristín Sigurðardóttir eignuðust íbúð 1. hæðar þar til eignarheimild þeirra er þinglýst 13. maí 1976. Sérréttindi eigenda íbúða 1. og 2. hæðar samkvæmt yfirlýsingu stjórnar byggingasamvinnufélagsins

frá 15. apríl 1976 séu því glötuð vegna vanrækslu á þinglýsingu í tæka tíð. Þetta eigi fyrst og fremst við íbúð Steingríms Jónssonar og Mollyar Jónsson, en sama gildi einnig um íbúð Ingþórs.

Þá beri að hafa í huga að eignarheimildir fyrir kjallaraíbúðinni láti með öllu ógetið um þessi svokölluðu sérréttindi í innri forstofu kjallarans. Af því megi draga þá ályktun að Ingþór, sem beint og óbeint sé rétttaki eignarheimildanna í afsalsbréfunum á dómskjölum nr. 23, 24 og 28, eigi engan rétt sem takmarki eignarráð varnaraðila í innri forstofu (innri gangi) kjallaraíbúðarinnar.

Því er haldið fram að þær Guðlaug Ólafsdóttir og Guðrún Ágústa hafi báðar, þegar þær festu kaup á kjallaranum, haft fyrir sér veðbókarvottorð um hinn umdeilda eignarhluta þar sem ekki sé minnst á umferðarrétt um innri forstofuna né aðgang að rafmagnstöflunni. Þær hafi verið grandlausar um umferðarréttinn. Sé umferðarrétturinn því fallinn niður fyrir traustfang, hafi hann þá nokkurn tíma verið til.

Af hálfu varnaraðila er sýknukrafan einnig studd þeim rökum að Ingibjörg Aradóttir og Guðmundur Jensson hafi veitt Guðrúnu Ágústu jáyrði fyrir því að hún fengi leyfi byggingarnefndar til að fá kjallaraíbúðina samþykkta sem íbúð. Þau hafi þó engan áskilnað gert um umgangsrétt um forstofuganginn. Sé því eðlilegast að líta svo á að umferðarrétturinn hafi fallið brott um leið og byggingarnefnd samþykkti kjallarann sem íbúð.

Því er haldið fram að þörf sóknaraðila til að hafa lykil að innri ganginum til að komast að rafmagnstöflunni sé eðli máls ekki það mikil miðað við hagsmuni eiganda kjallaraíbúðarinnar að þurfa ekki að þola óþarfa umgang um ganginn, að sóknaraðilar verði að láta sér nægja að knýja læstra dyra þegar þeir þurfa að komast að töflunni.

Því er sérstaklega andmælt að skipting eignarhlutfalla í húsinu staðfesti að hinn umdeildi innri gangur sé hluti af sameign hússins.

Því er einnig mótmælt að fyrri eigendur 1. og 2. hæðar hússins hafi haft óhindraðan og óslitinn umgang um innri forstofuna frá því að húsið var byggt.

Af hálfu varnaraðila er á það bent að reglugerðin, sem byggingasamvinnufélagið hafi sett einhliða, verði að skoðast sem húsreglur en ekki samningur sem ætlað hafi verið að kveða á um eignarráð, enda hafi ákvæðum reglugerðarinnar um umferðarrétt til þvottahúss og þurrkherbergis ekki verið þinglýst sem kvöð á kjallaraíbúðina, sbr. nú 29. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1976. Yfirlýsingu stjórnar byggingasamvinnufélagsins frá 15. apríl 1976 hafi heldur ekki verið þinglýst á kjallaraíbúðina sem slíka.

Af hálfu varnaraðila er öllum málsástæðum og lagarökum sóknaraðila mótmælt og því haldið fram, að sóknaraðilar hafi hvorki sannað að þeir

eigi umferðarrétt um margnefndan gang hvorki samkvæmt eðli mála né öðrum réttarreglum. Beri því að hafna kröfum þeirra.

IV.

Aðilar málsins þeir Steingrímur Jónsson, Ingþór H. Guðnason og Einar G. Ólafsson hafa gefið skýrslur hér fyrri dómi svo og eftirgreind vitni: Guðmunda Magnúsdóttir, Ingibjörg Aradóttir, Vöggur Jónsson, Guðlaug Ólafsdóttir, Haukur Ottesen Jósafatsson, Ólafur Friðrik Gunnlaugsson, Brynjólfur Bjarkan, Alda Steinunn Ólafsdóttir, Friðbert Páll Njálsson og Sigríður Einarsdóttir.

Byggingasamvinnufélag prentara byggði á árunum 1946-1950 húsin nr. 14, 16, 18, 20, 22 og 24 við Hagamel og er hér um að ræða þrjár húsasamstæður sem eru byggðar eftir sömu teikningu. Upphaflega var ekki gert ráð fyrir íbúðum í kjöllurum húsanna. Fljótlega var þó kjöllurum allra húsanna breytt í íbúðir. Virðist stjórn byggingasamvinnufélagsins jafnframt hafa sett þær reglur að íbúar hæðanna hefðu rétt til að ganga í gegnum innri gang (innri forstofu) kjallaraíbúðanna til þess að komast til þvottahúss og þurrkherbergis innan húss. Sá sem lengst átti kjallaríbúðina að Hagamel 16, Haukur Ottesen Jósafatsson, kannast við kvöð þessa en segir að það hafi verið misjafnt hvað húsmæður á 1. og 2. hæð notfærðu sér þennan rétt. Guðlaug Ólafsdóttir fékk vitneskju um kvöð þessa þegar hún keypti kjallaraíbúðina af Hauki. Einnig er sannað með vætti Guðlaugar, Ólafs Friðriks Gunnlaugssonar og Sigríðar Einarsdóttur, að Guðrúnu Ágústu Ellingsen var tilkynnt um kvöð þessa áður en hún keypti kjallaraíbúðina af Guðlaugu. Varnaraðili og sysir hans Alda Steinunn Ólafsdóttir hlutu kjallaríbúðina í arf eftir móður sína Guðrúnu Ágústu. Gátu þau því ekki öðlast meiri rétt en móðir þeirra átti.

Telja verður að varnaraðili verði að þola kvöð þessa enda hefur hann gegn andmælum sóknaraðila hvorki sannað að kvöðinni hafi verið bægt frá fyrir hefð, skort á þinglýsingu né af öðrum ástæðum. Í því sambandi skal tekið fram að varnaraðili hefur ekki leitt í ljós, að yfirlýsing Guðmundar Jenssonar og Ingibjargar Aradóttur eða síðara samþykki byggingayfirvalda í Reykjavík hafi fellt umræddda kvöð úr gildi.

Af gögnum málsins má ráða að umferðarréttur íbúa 1. og 2. hæðar hafi ekki verið óhindraður með öllu. Er því ekki unnt að taka aðalkröfu sóknaraðila til greina. Hins vegar þykir rétt að hafa hliðsjón af áður greindri reglugerð. Verður krafa sóknaraðila því tekin til greina þannig að umferðarréttur um innri gang (innri forstofu) kjallaraíbúðarinnar, og er þá að sjálfsögðu ekki átt við skála (hol) íbúðarinnar, er viðurkenndur fyrir 2. hæð hússins dagana 16. til 20. hvers mánaðar og dagana 21. til 25. hvers

mánaðar fyrir 1. hæð hússins, og er þá haft í huga að ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að ákvæðum reglugerðarinnar hafi verið breytt hvað afnot af þvottahúsi varðar. Þá ber og að viðurkenna rétt sóknaraðila til aðgangs að rafmagnstöflu í innri gangi kjallaraíbúðarinnar þegar þeim er þörf á.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Umferðarréttur sóknaraðila, Steingríms Jónssonar, Mollyar Jónsson og Ingþórs H. Guðnasonar, um innri gang (innri forstofu) kjallaríbúðar að Hagamel 16 í Reykjavík er viðurkenndur þannig: Fyrir 2. hæð hússins dagana 16. til 20. hvers mánaðar og fyrir 1. hæð hússins dagana 21. til 25. hvers mánaðar. Þá er viðurkenndur réttur sóknaraðila til aðgangs að rafmagnstöflu í sama gangi kjallaraíbúðarinnar þegar þeim er þörf á.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 14. maí 1986.

Nr. 82/1985. **Stáliðjan hf.**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Þorbirni Eiríkssyni
(Helgi V. Jónsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Bjarni K. Bjarnason og Sigurður Líndal pófessor.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 2. apríl 1985. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hafði uppi fyrir héraðsdómi gagnkröfu til skuldajafnaðar við kröfur stefnda. Héraðsdómur hefur ekki tekið gagnkröfu þessa til efnismeðferðar í dómi sínum. Af þeirri ástæðu, og þar sem áfrýjandi hefur gagnkröfuna einnig uppi fyrir Hæstarétti, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum er rétt að stefndi greiði áfrýjanda 10.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Stefndi, Þorbjörn Eiríksson, greiði áfrýjanda, Stáliðjunni hf., 10.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 1. mars 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ.m. að loknum aðalflutningi, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Þorbirni Eiríkssyni húsasmíðameistara, nnr. 9466-8573, Digranesvegi 46, Kópavogi á hendur Helga Halldórssyni framkvæmdastjóra, nnr. 3964-6153, Sævarlandi 14, Reykjavík, f.h. Stáliðjunnar hf., Smiðjuvegi 5, Kópavogi til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 89.377,88 auk 37% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. október 1982 til 1. nóvember 1982, en 45% ársvaxta af sömu fjárhæð frá þeim degi til birtingardags stefnu en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu Stáliðjunnar hf. er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér (sic) málskostnað að skaðlausu.

Sáttatilraunir dómara báru ekki árangur.

— — —

Forsendur og niðurstaða.

Eins og málið er lagt fyrir og flutt stendur ágreiningurinn einungis um tímafjölda þann sem stefnandi vann fyrir stefnda við breytingarnar að Þverbrekku 6. Í greinargerð stefnda var töxtum þeim sem stefnandi notaði

mótmælt sem of háum. Við rekstur málsins féll stefndi frá þessum mótmælum. Jafnframt mótmælir hann ekki vinnustundafjölda starfsmanna stefnanda, heldur einungis hans sjálfs. Stefndi hefur ekki haldið uppi vörnum gegn reikningum fyrir akstur og verkfæraleigu.

Við munnlegan málflutning hefur stefndi haft uppi kröfu um að meintri ofgreiðslu sinni verði skuldajafnað við kröfur stefnanda, að því marki sem hann yrði ekki sýknaður af henni. Stefnandi hefur mótmælt að skuldajafnaðarkrafa hafi verið gerð í málinu. Dómurinn lítur svo á að krafan hafi ekki fyrr verið gerð við meðferð málsins og verður hún því ekki tekin til greina gegn mótmælum stefnanda. Eru því ekki efni til að taka afstöðu til annarra lögskipta aðila en varða þá reikninga sem stefnt er út af.

Stefndi hefur haldið fram í málinu að í dagbókinni dskj. 11 sé að finna heildartímafjölda sem unninn hafi verið í verkinu. Þegar virtur er framburður vitna og staðhæfingar stefnanda verður að telja í ljós leitt að svo sé ekki. Jafnframt verður að telja ósannaða þá fullyrðingu stefnda, að vinnuskýrslur stefnanda, dskj. 5, hafi ekki verið útfylltar jafnóðum, heldur að verkinu loknu. Fallast má á skýringu stefnanda á 3. gr. reglugerðar fyrir húsasmíðameistara, dskj. 7.

Ekki er umdeilt að stefnandi hafi að einhverju marki séð um efnisútvegun og aðrar útréttingar. Á tímabilinu 6. til 17. september 1982 voru skv. vinnuskýrslum stefnanda unnir alls 365 tímar í Þverbrekku 6, þar af 313,5 tímar í dagvinnu. Af þessum tímum vann stefnandi sjálfur 34 dagvinnustundir. Ekki verður talið að stefnda hafi tekist að sýna fram á að þetta sé meira vinnuframlag stefnanda en eðlilegt getur talist miðað við það verk, sem unnið var. Verða kröfur stefnanda því að fullu teknar til greina. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 89.377,88 ásamt vöxtum eins og krafist er og kr. 22.000,00 í málskostnað.

Dómur þessi er kveðinn upp af Guðgeiri Eyjólfssyni fulltrúa og meðdómendunum Leifi Blumenstein byggingatæknifræðingi og Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Stáliðjan hf., greiði stefnanda, Þorbirni Eiríkssyni, kr. 89.377,88 með 37% ársvöxtum frá 1. október 1982 til 31. október 1982, 45% ársvöxtum frá 1. nóvember 1981 til 20. september 1983, 37% ársvöxtum frá 21. september 1983 til 20. október 1983, 36% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 25% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 31. desember 1984 og 32% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til dómsuppsögudags, en með dómvöxtum skv. 1.mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 22.000,00 í máls-

kostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. maí 1986.

Nr. 86/1985. **Friðrik Jörgensen**
Innkaup hf. og
dánarbú Þórunnar S. Þorsteinsdóttur
gegn
Axel Thorarensen

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta skyldi munnlega flytja nú í dag var eigi sótt þing af hálfu áfrýjenda. Málsókn fellur því niður og greiði áfrýjendur 720,00 króna útivistargjald, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir stefnda, Axel Thorarensen, sem látið hefur sækja þing í málinu og krafist ómaksbóta, 4.500,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. maí 1986.

Nr. 198/1983. **Runólfur Sigurðsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
utanríkisráðherra og
fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Kaupgjaldsmál. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1983 að fengnu áfrýjunarleyfi 10 s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þær að stefndu verði f.h. ríkissjóðs gert að greiða honum 92.826,78 krónur með 16% ársvöxtum af 8.577,75 krónum frá 1. janúar 1978 til 20. febrúar s.á., en með 19% ársvöxtum frá 21. febrúar s.á. til 31. desember s.á., en af 13.358,58 krónum frá 1. janúar 1979 til 31. maí s.á., en með 22% ársvöxtum frá 1. júní s.á. til 31. ágúst s.á., en með 27% ársvöxtum frá 1. september s.á. til 30. nóvember s.á., en 31% ársvöxtum frá 1. desember s.á., til 31. desember s.á., en af 45.065,68 krónum frá 1. janúar 1980 til 31. maí s.á., en 46% ársvöxtum frá 1. júní s.á. til 31. desember s.á., en af 92.832,78 krónum frá 1. janúar 1981 til 28. febrúar s.á., en með 42% ársvöxtum frá 1. mars til 31. maí s.á., en 37% ársvöxtum frá 1. júní s.á., til 2. september 1982, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu viðurkenna varnaraðild sína í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti 30.000,00 krónur.

Mál þetta er með miklu af talnagögnum. Mjög skorti á úrvinnslu gagna þessara og nákvæma reikningsgerð, er málið var lagt fyrir héraðsdóm og var eigi úr því bætt fyrir Hæstarétti, sem átt hefði að gera, sbr. 3. tl. 44. gr. laga nr. 75/1973.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Runólfur Sigurðsson, greiði stefndu, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. mars 1983.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 23. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Runólfi Sigurðssyni deildarstjóra, nnr. 7429-1074, Skólvörðustíg 12, Reykjavík, gegn Ólafi Jóhannessyni utanríkisráðherra, nnr. 6769-0192, Aragötu 13, Reykjavík og Ragnari Arnalds fjármálaráðherra, nnr. 7155-2020, Mánaþúfu, Seiluhreppi, Skagafjarðarsýslu, f.h. ríkissjóðs, með stefnu birtri 2. september 1982.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að greiða honum kr. 92.832,78 með 16% ársvöxtum af kr. 8.577,75 frá 1.1 1978 til 20.2. 1978, en 19% ársvöxtum frá 21.2. 1978 til 31.12. 1978, en af kr. 13.358,58 frá 1.1. 1979 til 31.5. 1979, en 22% ársvöxtum frá 1.6. 1979 til 31.8. 1979, en 27% ársvöxtum frá 1.9. 1979 til 30.11. 1979, en 31% ársvöxtum frá 1.12. til 31.12. 1979, en af kr. 45.065,68 frá 1.1. 1980 til 31.5. 1980, en 46% ársvöxtum frá 1.6. 1980 til 31.12. 1980, en af kr. 92.832,78 frá 1.1. 1981 til 28.2. 1981, en 42% ársvöxtum frá 1.3. 1981 til 31.5. 1981, en 37% ársvöxtum 1.6. 1981 til 2.9. 1982, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þó eigi lægri en samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Við munnlegan flutning málsins setti stefnandi fram þá kröfu til vara að stefndu verði dæmdir til að greiða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins en sömu vexti og málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði að fullu sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim greiddur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins.

Til vara er þess krafist að stefnufjárhæðir verði lækkaðar til mikilla muna og málskostnaður látinn falla niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi reisir kröfur sínar á ráðningarsamingi sínum við flotastöð Bandaríkjanna, Keflavík (varnarliðið, er gildi tók 25. júlí 1971, um ráðningu stefnanda hjá varnaraliðinu sem aðstoðarskrifstofustjóri hjá vörumiðlunarstöð flotans og skyldi stefnanda greidd laun samkvæmt svonefndu ISkerfi, flokki 8. Samkvæmt ráðningarsamningnum skyldi 14% viðbót greiðast á grunnlaun stefnanda með launavísitölu fyrir aukavinnu umfram reglulegan vinnustundafjölda. Samkvæmt ráðningarsamningnum skyldi um önnur ráðningarkjör gilda samningur Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Vinnuveitendasambands Íslands, þar með taldar hækkanir á laun. Með samningi, er gildi tók 23. júlí 1978, milli stefnanda og starfsmannastjóra flotastöðvarinnar fékk stefnandi greiddar 34 næturvinnustundir á mánuði fyrir aukavinnu umfram reglulegan vinnustundafjölda. Samkvæmt fyrirmælum dagsettum 12. febrúar 1967 skyldu starfsmenn varnarliðsins, er bjuggu á Reykjavíkur-Hafnarfjarðarsvæðinu, fá greiddar 80 mínútur daglega vegna ferða til og frá vinnustað á gildandi yfirvinnutaxta. Stefnandi, sem nú starfi sem deildarstjóri við fjármálastofnun flotans, telur að á tímabilinu frá 1. janúar 1977 til 31. desember 1980 hafi varnarliðið eigi greitt sér sömu prósentuhækkanir á laun og samningur Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Vinnuveitendasambands Íslands fyrir greint tímabil kveði á um og félagsmönnum Verslunarmannafélags Reykjavíkur voru greiddar. Jafnframt hafi varnarliðinu borið að greiða sér 80 mínútur daglega vegna ferða til og frá vinnustað á næturvinnutaxta, en ekki eftirvinnutaxta þar sem stefnandi hafi ætíð verið búinn að skila hámarks eftirvinnustundafjölda á mánuði og tímafjölda þar umfram beri að greiða á næturvinnutaxta.

Stefnandi telur vangreiddar prósentuhækkanir sem og mismun á eftirvinnu og næturvinnutöxtum vegna greiðslu 80 mínútna daglega vegna ferða nema:

Fyrir árið 1977		kr.	8.577,75
Fyrir árið 1978		"	4.780,83
Fyrir árið 1979		"	31.701,10
Fyrir árið 1980		"	47.767,10
	Alls	kr.	92.832,78

sem er stefnufjárhæð málsins. Sundurliðun stefnukröfunnar kemur fram í dskj. nr. 7, og í því sambandi er tekið fram af hálfu stefnanda að hann hafi óskað eftir því við varnarliðið að fá afhentar launatöflur fyrir svonefnda IS-flokka vegna tímabils þess sem mál þetta taki yfir. Því hafi verið með öllu synjað. Þess vegna hafi stefnandi farið þá leið að láta útbúa launatöflur, dskj. 8 - 19, og sé þar lagt til grundvallar laun stefnanda í júlímánuði 1972, sbr. dskj. nr. 20, og sé mismunur milli hvers IS-flokks sama prósentutala og fram komi á dskj. nr. 6, en hundraðshluta mismunur milli starfsaldursþrepa sé reiknaður 2,765%, sem stefnandi telji hafa verið, þá er hann réðst í þjónustu varnarliðsins, sbr. dskj. nr. 21. Launatöflurnar á dskj. nr. 8-19 séu síðan hækkaðar til samræmis við hækkanir á taxta félaga í VR sbr. dskj. nr. 58-93. Á dskj. nr. 7 séu þannig föst laun stefnanda ásamt innifalinni yfirtíð auk greiðslna fyrir ferðatíma tekin saman fyrir hvern mánuð, en jafnframt séu á því yfirliti sett upp þau laun sem stefnandi telji sig (sic) hafa borið, þar með talin laun vegna ferðatíma og mismunur fyrir hvern mánuð færður út serstaklega og árið síðan tekið saman í heild. Um greiðsluskyldu stefndu vísar stefnandi til dóms Hæstaréttar í 30. bindi bls. 100.

Til stuðnings kröfum sínum leyfir stefnandi sér að vísa til 2. gr. laga nr. 88/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 25/1979, 1. gr. laga nr. 55/1980, sbr. 1. gr. laga nr. 9/1974, 4. tl. 6. gr., viðbætir við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra frá 5.5. 1951, sbr. 1. gr. laga nr. 110/1951, 1. gr. laga nr. 56/1979.

Af hálfu stefnanda hefur verið skorað á stefnda að leggja fram launatöflur skv. IS-kerfi fyrir allt það tímabil, sem mál þetta snýst um.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi að fullu fengið þær launhækkanir, sem honum hafi borið á starfstímabili sínu, og hann eigi ekki rétt á umkröfðum greiðslum vegna ferðatíma milli heimilis og vinnustaðar.

Segja megi að kröfugerð stefnanda sé tvíþætt. Annars vegar krefjist hann greiðslu samkvæmt næturvinnutaxta vegna ferðatíma milli vinnustaðar í Keflavík og heimilis síns í Reykjavík og Hafnarfirði á tímabilinu frá 1. janúar 1977 til 31. desember 1980, en þóknun af þessu tagi hafi hann fengið greidda með hliðsjón af eftirvinnutaxta. Hins vegar krefjist stefnandi svo enn hærri launa en hann hafi fengið greidd á kröfutímabilinu, þar eð hann hafi ekki fengið greiddar sömu prósentuhækkanir á laun og félagsmenn Verslunarmannafélags Reykjavíkur fengu á þessu skeiði.

Báðum þessum kröfuliðum sé algjörlega vísað á bug af hálfu stefndu.

Greiðsla ferðatíma til þeirra starfsmanna varnarliðsins, er eigi lögheimili og dvalarstað á Stór-Reykjavíkursvæðinu, sé hvergi samningsbundin. Á íslenskum vinnumarkaði séu engin fordæmi um slíkar greiðslur af hálfu

annarra atvinnurekenda. Sú sérstaka greiðsla, sem ýmsir starfsmenn varnarliðsins fái vegna daglegra ferða frá heimilum sínum á Stór-Reykjavíkursvæðinu til Keflavíkurflugvallar, sé því bæði umfram venjur og samningsbundna skyldu. Greiðslur af þessu tagi til starfsfólks úr nágrannabyggðarlögum Keflavíkurflugvallar, þ.e. Keflavíkur og Njarðvíkum, byggist hins vegar á samkomulagi frá fyrstu árum varnarliðsins hér á landi við verkalýðsfélög á Suðurnesjum. Þær greiðslur, sem miðist við 40 mínútna ferðatíma, hafi fyrst verið reiknaðar á dagvinnutaxta, en að boði kaupskrárnefndar var farið að greiða eftir næturvinnutaxta um mitt ár 1975 í því skyni að fylgja fordæmi í samningum milli Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og Íslenskra Aðalverktaka sf., þar sem gert hafi verið ráð fyrir ferðagreiðslu á næturvinnutaxta til Suðurnesjamanna. Þessir samningar hafi ekki tekið til starfsmanna á Stór-Reykjavíkursvæðinu, enda muni Íslenskir Aðalverktakar sf. ekki greiða starfsmönnum þaðan þóknun fyrir þann tíma er fari í akstur milli heimila og vinnustaðar.

Eins og fram komi í skýrslu starfsmannahalds varnarliðsins á dskj. 98 hafi launahækkanir til stefnanda verið í fullu samræmi við samninga og venjur hvers tíma og raunar umfram það ef nokkuð sé. Ákvarðanir um það hvernig meta skuli kjarabreytingar á samningum verslunarmanna sem notaðir hafi verið til grunnviðmiðunar til breytingar á kjörum stjórnunarmanna varnarliðsins, sem stefnandi þessa máls teljist til, hafi hverju sinni verið teknar í samráði við formann kaupskrárnefndar, fulltrúa viðkomandi kjarahóps og aðra þá aðila vinnumarkaðarins, sem ástæða hafi verið talin til. Um þessar kjaraákvarðanir muni að jafnaði ekki hafa orðið verulegur ágreiningur. Á því tímabili, sem hér um ræðir, hafi það komið fyrir oftar en einu sinni að laun stjórnunarstarfsmanna varnarliðsins hafi hækkað meira að prósentutali en almenn laun verslunarmanna. Hitt hafi einnig gerst á þessu skeiði að laun stefnanda og annarra stjórnunarstarfsmanna hafi ekki í einstökum tilvikum hækkað jafnmikið og laun verslunarmanna almennt. Til þess hafi þó jafnan legið lagalegar orsakir eða samningsbundnar venjur á þann veg að skorður hafi verið reistar gegn sömu hækkunum á hálaunatekjum og almennum launum. Hins vegar megi fullyrða og færa að því sönnur að hækkun launa stefnanda á kröfutímabilinu hafi verið jafnmikil eða meiri en hækkun þeirra launa sem greidd hafi verið samkvæmt kjarasamningum verslunarmanna. Sé þá ekki meðtalin sú umtalsverða hækkun annarra launa en mánaðarlauna er stefnandi hafi hlotið á þessu tímabili, en greiðslur fyrir óreglulega yfirvinnu og persónumatsbundin launauppbót hafi verið hækkaðar að verulegum mun. Á þessu stigi sé látið nægja að vísa til samanburðar á launum stefnanda í októbermánuði 1982 og hækkunar á þeim samkvæmt kröfugerð hans nú, er fram komi í lið 1.2b í dskj. nr. 98, en heildargreiðslur til stefnanda í október ættu

þá að hækka úr kr. 37.749,00 í kr. 46.243,00. Þá megi einnig vísa til þeirrar athugunar og samanburðar á launum nokkurra starfsmanna varnarliðsins, er fram komi í lið IV á dskj. nr. 98. Af þessum tilvísunum komi glögglega fram, þótt ekki væri annað, hversu gífurleg óbilgirni sé í kröfugerð stefnanda.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið og þeim gögnum sem fyrir hendi séu, sé því eindregið andmælt að hlutur stefnanda í launum og fríðindum hafi verið fyrir borð borinn af hálfu varnarliðsins á því tímabili sem um sé að ræða. Það hljóti raunar að vera stefnanda sjálfs að sýna fram á það með óyggjandi hætti hvenær á þessu skeiði og hversu mjög laun hans hafi verið lægri en efni og skuldbindindar stóðu til m.a. með hliðsjón af 4. tl. 6. gr. viðbætis við lög nr. 110/1951. Það hafi hann ekki gert og virðist stefnufjárhæðin að verulegu leyti áætluð. Sem slíkri sé henni raunar mótmælt sem órökstuddri. Allar upplýsingar um laun og launakjör stefnanda hverju sinni hafi þá jafnan staðið honum til boða, þ. á m. afrit af launabreytingarseðlum. Stefnandi telji sér hins vegar nauðsyn á launatöflum samkvæmt hinu svokallaða IS-launakerfi til þess að geta gert sér og öðrum grein fyrir meintu tekjutapi. Slíkt sé fjarri lagi og raunar óhöndulegur undansláttur, þar sem allar þær upplýsingar, sem hann geti átt rétt á, hafi legið fyrir með þeim hætti að honum ætti að hafa verið hægur vandi að glöggva sig á staðreyndum. Áskorun um framlagningu þessara launataflna sé vísað á bug, enda séu þær málinu bæði óviðkomandi og hafi einungis verið ætlaðar til innanhússnotkunar við starfsmannahald varnarliðsins. Stefnandi hafi verið ráðinn samkvæmt sérstökum launsamningi sbr. dskj. nr. 3, sem ranglega sé nefndur ráðningarsamningur í sóknargögnum. Hann geti ekki alhæft kröfur sínar sem rétthafa innan ákveðins kerfis. Hann verði jafnframt að virða þá trúnaðarskyldu sem ríki venju samkvæmt hjá fyrirtækjum á Íslandi milli vinnuveitenda og þeirra starfsmanna sem ráðnir séu til trúnaðarstarfa á betri kjörum en gengur og gerist samkvæmt almennum kjarasamningum.

Í stefnu málsins tilgreini stefnandi nokkur ákvæði laga til stuðnings kröfum sínum. Það sé vandséð, hvernig þessi lagaákvæði eigi að geta orðið grundvöllur kröfugerðar stefnanda og raunar verði ekki á það fallist, að á honum hafi verið brotinn nokkur sá réttur að gangi í berhögg við hin tilgreindu lög.

Á það skal bent að lokum að stefnandi hafi sýnt af sér verulegt tómlæti með því að hafast ekki að um ætlaðan rétt sinn árum saman. Þvert á móti veiti hann launum sínum viðtöku athugasemdalaust að þessu leyti allt til ársins 1981 sbr. dskj.nr. 95. Með þessu háttalagi sínu hafi hann að verulegu leyti a.m.k. firrt sig rétti, ef einhver hafi verið.

III.

Í málinu hefur verið lagður fram launasamingur við stefnanda sem tók gildi 25. júlí 1971, sem í þýðingu Erlu Guðmundsdóttur, löggilts þýðanda, er svohljóðandi:

"Hérmeð gera með sér eftirfarandi samning Flotastöð Bandaríkjanna Keflavík, Íslandi, hér eftir nefnd Vinnuveitandi, og Runólfur Sigurðsson, hér eftir nefndur Launþegi.

1. Launþeginn er ráðinn til Navy Exchange (Vörumiðlunarstöðvar Flotans) í því skyni að inna af hendi stjórnunarstarf sem greinilega er ofar 12. launaflokki Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Launþegi er skuldbundinn til að framkvæma allar þær skyldur sem staða hans kveður á um að eigin frumkvæði eða að fyrirskipun yfirboðara síns eftir því sem starfshæfni hans leyfir.

2. Launþegi samþykkir að Flotastöðin noti álíka staðalákvarðanir um stöðu hans eins og staðlanir á stöðum bandarískra ríkisstarfsmanna mæla fyrir um.

3. Launaflokkur launþegans, launagreiðslur og vinnuskilyrði eru því staðfest vera sem hér segir:

a. Launaflokkur: IS-8.
b. Stöðuheiti: Aðstoðar-skrifstofustjóri.
c. Launagreiðslur: 30.983,00 krónur á mánuði, þar í innifalin núgildandi launavísitala.
d. Lífeyrissjóður: Launþegi á rétt á aðild að lífeyrissjóði á staðnum. Framlag vinnuveitanda skal ekki fara fram yfir 6% af reglulegum mánaðarlaunum. Framlag launþega skal ekki fara fram úr 4% af reglulegum mánaðarlaunum.
e. Aukagreiðslur: Launþega verða greiddar viðbótar greiðslur sem nema 14% af grunnlaunum mánaðarlega (þar í innifalin launavísitala) sem greiðslur fyrir þá vinnu innan yfirtíðar eða helgidaga sem nauðsynleg reynist umfram venjulega 40 stunda vinnuviku. Þegar launþegi þarf að mæta til vinnu á frídegi sínum, mun hann þó fá greiddan ferðatíma og fá endurgreidd fargjöld með áætlunarvagni.
f. Vinnustundir: Vinnustundir eru byggðar á fimm daga starfi, 40 klukkustundum á viku, en af þeim eru 38 klukkustundir taldar vera reglulegar vinnustundir og 2 stundir taldar vera yfirvinna. Vinnuviku skal ljúka á fimm dögum, mánudegi til föstudags. Ef svo ber undir að nauðsynlegt er að inna af hendi yfirvinnu, næturvinnu eða helgidagavinnu til þess að störfum sé sómasamlega lokið innan verksviðs þessarar stöðu, þá skal talið að slíkt starf sé að fullu launað með

þeim heildarlaunum sem launþegi tekur við samkvæmt skilmálum þessa samnings.

g. Önnur skilyrði: Önnur skilyrði sem lúta að ráðningu þessari eru þau hin sömu og sett eru fram í samningi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur við Vinnuveitendasamband Íslands. Hækkanir og lækkanir sem til kunna að koma innan þessa samnings munu leiða af sér sambærilegar tilfæringar á greiðsluskyldum launum innan ákvæða þessa samnings, nema því aðeins að slíkar tilfæringar séu takmarkaðar við ákveðið lágmark eða hámark launa samkvæmt lögum eða staðarvenjum.

4. Gildistími samnings þessa hefst 25. júlí 1971.

5. Þessi samningur er gerður í tveim samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Runólfur Sigurðsson (sign) 10/6/71
dags.

Lawrence C. Held (sign)
dags.

Frank C. Cook (sign) 10/11/71
Yfirmaður Navy Exchange."

Þá hefur verið lagður fram í málinu samningur aðila um greiðslur fyrir fasta yfirtíð sem gekk í gildi 23. júlí 1978. Samningur þessi hljóðar svo í fyrirliggjandi þýðingu:

„Hér með gera með sér eftirfarandi samning, Starfsmannastjóri Flotastöðvarinnar, hér eftir nefndur Vinnuveitandi, og Runólfur Sigurðsson, hér eftir nefndur Launþegi.

1. *Tilgangur.* Tilgangur þessa samnings er sá að veita réttláta þóknun fyrir þá yfirtíð sem launþegi innir af höndum umfram hina fastákveðnu 40 stunda vinnuviku.

2. *Starfsstundir:* Starfsstundirnar eru miðaðar við 5 daga, 40 stunda vinnuviku, sem telur 38 stundir þar af vera reglulegan vinnutínma og 2 stundir vera yfirtíð. Starfsviku ber venjulega að ljúka á fimm dögum, frá mánudegi til föstudags. Þó geta vinnuveitandi og launþegi samið um að skilað sé inn 80 stunda tveggja vikna starfstíma á þann hátt, sem haganlegast er við úrvinnslu verkefna launþegans. Ef svo ber undir að yfirtíð, næturvinna eða vinna um helgidaga reynist nauðsynleg til þess að ljúka því starfi sómasamlega sem þessi staða krefst, þá verður litið svo á að slíkt starf hafi

verið að fullu launað með þeim heildarlaunagreiðslum sem launþegi tekur við undir skilyrðum þessa samkomulags. Launþegi er skuldbundinn til að framkvæmda vinnu á yfirtíð, sem krafist er vegna forgangs, mikilvægis verkefnis, eða eftir því sem yfirboðari ákveður. Engar frekari greiðslur verða inntar af hendi vegna sérstaks vinnuálags á einstöku tímabilum eða vegna óreglulegra vinnustunda.

3. *Skilagrein um vinnutíma og mætingar.* Launþeginn skuldbindur sig til að halda skilmerkilega skrá á tímakortum yfir mætingar sínar. Þar skal taka fram tíma þegar mætt er á vinnustað og þegar farið er af vinnustað í hvert sinn sem mætt er til vinnu.

4. *Önnur störf.* Launþeginn samþykkir að taka eigi að sér starf annars staðar eða hafa með höndum einkastarfsemi sem gæti raskað framkvæmd þeirra starfa sem hin opinbera staða hans krefst af honum. Vinnuveitandi áskilur sér rétt til að ákvarða á hvern hátt slík störf falla undir þennan lið, eða hvenær einkastarfsemi hefir áhrif á framkvæmd launþegans á opinberri stöðu sinni.

5. *Auka-greiðslur.* Launþegi mun fá greidda fyrirframákveðna upphæð á mánuði sem nemur 34 - þrjátíu og fjórum klukkustundum — á andvirði næturvinnutaxta. Þessi greiðsla skal álitin vera full laun fyrir hvert það starf innan yfirtíðar eða helgidagavinnu sem þörf er á að innt sé af hendi umfram hina fastákveðnu 40 stunda vinnuviku.

6. *Uppsögn samnings um greiðslur fyrir fasta yfirtíð.* Þessum samningi má segja upp hvenær sem er af báðum aðiljum með því að senda skriflega tilkynningu þar um innan 45 daga almanaksins. Ef vinnuveitandi segir samningnum upp þurfa að minnsta kosti 120 almanaksdagar að líða unz hægt er að gera slíkan samning milli aðilja á ný.

7. *Gildistími.* Samningur þessi gengur í gildi þann 23. júlí 1978.

R. Sigurðsson (sign) launþegi dags.

G. Jónsson (sign) Guðni Jónsson dags.

Samþykkt: "

Þá liggja fyrir í málinu svonefnd IR fyrirmæli frá 10. febrúar 1967 varðandi ferðaþóknun og greiðslur fyrir ferðatíma og segir þar svo m.a.

„2. *Almenn ákvæði.*

a. Tilvísun (b) kveður svo á um að þeir launþegar, sem eiga lögheimili á Reykjavíkursvæði, fái endurgreiddan kostnað sem svarar áætlunarvagnsgjaldi til og frá heimilum þeirra og sem samþykkt er af Varnarliðinu.

b. Launþegar, sem fara daglega til og frá lögheimili sínu á Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarsvæðum, eiga rétt á ferðatímagreiðslum eða frítíma í þess stað, að upphæð áttatíu (80) mínútum daglega. Það starfsfólk, sem vinnur

í H-3 stöð og býr í þorpinu Höfn, á rétt á 60 mínútna ferðatíma daglega. Starfsfólk frá öðrum svæðum á rétt á 40 mínútum daglega. Ef greiðsla fer fram í stað frítíma, þá verður hún einungis innt af hendi á þeim yfirvinnutaxta sem í gildi er. Þóknun til launþega á Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarsvæðum verður einungis innt af hendi ef launþegi, sem fer fram á slíka þóknun, leggur fram vottaða yfirlýsingu til starfsmannastjórans fyrir samþykki hans sem tekur fram að launþeginn eigi lögheimili á Reykjavíkursvæðinu, ferðist til og frá því svæði hvern vinnudag, og að brot muni leiða af sér uppsögn með gildri ástæðu. Hann skuldbindur sig einnig til þess að tilkynna starfsmannahaldsdeildinni þegar í stað um sérhverjar breytingar á lögheimili sínu."

IV.

Stefnandi, Runólfur Sigurðsson, hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu, svo og Guðni Jónsson, starfsmannastjóri varnarliðsins. Þá komu fyrir dóminn að tilhlutan stefnanda vitnin Guðmundur Rúnar Guðmundsson, deildarstjóri hjá verkfræðideild varnarliðsins, Grétar Kristinsson og Jónas Guðmundsson, báðir skrifstofustjórar hjá varnarliðinu.

Stefnandi skýrði frá því fyrir dómi að samkvæmt launasamingnum frá 1971 hafi átt að greiða sér laun samkvæmt launaflokki, sem hafi verið hærri en hæsti launaflokkur sem þá hafi verið til hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Launaflokkur IS-8 hafi á þessum tíma ekki verið sambærilegur við neinn launaflokk hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Samningur um fasta yfirtíð frá 1978 hafi verið gerður til leiðréttingar á kjörum vegna yfirvinnu. Fyrirmælin frá 1967 um greiðslur fyrir ferðatíma hafi verið hluti af starfskjörum sínum og eitt þeirra atriða sem sérstaklega hafi verið gerð grein fyrir við ráðninguna árið 1971. Greiðslumáti ferðaþóknunar sé þó ekki réttur, allavega ekki varðandi helgarferðir, þar sem ávallt sé greitt miðað við eftirvinnu en ekki næturvinnutaxta. Kröfu sína um vangoldin laun kvaðst stefnandi byggja á þeim samningi er gerður var er hann réðst í upphafi til varnarliðsins og á því atriði, að hann hefði ekki fengið sömu prósentuhækkanir á starfstímabili sínu og orðið hefðu hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Þetta launabil hafi aukist smátt og smátt uns starfsmannahald varnarliðsins hafi gjörbylt launakerfinu einhliða. Þeim launaleiðréttingum, sem ekki hafi verið í samræmi við hækkanir Verslunarmannafélags Reykjavíkur, hafi stefnandi mótmælt munnlega, en ekki hafi verið gerður formlegur fyrirvari af hans hálfu. Þá hafi hagsmunafélag íslenskra stjórnunarstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli sett fram mótmæli vegna félagsmanna sinna, en einnig óformlega.

Fyrir dómi skýrði Guðni Jónsson, starfsmannastjóri varnarliðsins frá því að á þeim tíma er stefnandi réðst til varnarliðsins hafi starf hans verið metið

fyrir ofan samninga verslunarmanna að því er launakjör varðaði. Svonefnt IS kerfi væri innanhúsmat varðandi niðurröðun á störfum sem sætt hefði breytingum og síðasta uppstokkun á því kerfi hafi átt sér stað eftir samninga verslunarmanna og Kjaradóm árið 1979.

Varðandi launahækkanir til stefnanda hafi ávallt verið við það miðað að hann fengi þær sömu hækkanir og verslunarmenn hefðu almennt fengið. Í því sambandi hafi verið haft samráð við kaupskrárnefnd, en sú nefnd sé skipuð af utanríkisráðuneyti og hafi það hlutverk að tilkynna varnarliðinu hvaða kjarasamningar og laun séu í gildi á hverjum tíma.

Mætti gat þess, að launasamningnum við stefnanda frá 1971 hafi ekki verið sagt upp sem slíkum, en hins vegar hafi gerst mörg atriði á starfsferli stefnanda sem hafi breytt þeim samningi, svo sem gerólíkt starf o.fl., og flest upphafleg samningsatriði séu komin inn annars staðar. Þó hafi haldist í fullu gildi ákvæði samningsins varðandi launahækkanir til samræmis við verslunarmenn. Í hvert sinn sem einhverjar launabreytingar verði séu gefnar út einhliða ráðningabreytingar af hálfu varnarliðsins. Gerður hafi verið við stefnanda sérsamningur um rekstur bifreiðar, sérsamningur um yfirvinnu o.fl., en ekki hafi verið gerður nýr samningur sem slíkur um heildarráðningarkjör.

Varðandi ferðaþóknun og greiðslur fyrir ferðatíma hafi stefnandi að sumu leyti fengið greitt í samræmi við leiðbeiningarnar þar um frá 1967. Í því efni standi mönnum á Reykjavíkursvæðinu til boða að fá 40 mín. á dag í næturvinnu eða 80 mín. á yfirvinnukaupi og hafi enginn valið fyrri kostinn, sem er lægri.

Framburðir þeirra vitna annarra, sem fyrir dóminn komu, þykja ekki hafa þýðingu fyrir úrslit málsins og verða ekki raktir sérstaklega.

V.

Svo sem fram er komið er krafa stefnanda í máli þessu tvíþætt. Annars vegar gerir hann kröfu til þess að fá hærri prósentuhækkanir á laun sín en hann fékk hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli á tímabilinu frá 1. janúar 1977 til 31. desember 1980, þar sem launahækkanir til hans á því tímabili hafi ekki verið hlutfallslega þær sömu og félagsmenn Verslunarmannafélags Reykjavíkur fengu á sama tíma. Hins vegar gerir stefnandi og kröfu til þess að fá greiddar á næturvinnutaxta í stað eftirvinnutaxta þær 80 mín. sem daglega voru greiddar honum vegna ferða til og frá vinnustað á greindu kröfutímabili.

Ágreiningslaust er að samkvæmt upphaflegum launasamningi stefnanda og vinnuveitanda hans, Flotastöðvar Bandaríkjanna, Keflavík, skyldu laun stefnanda á starfstímabili hans hækka til samræmis við þær launahækkanir sem félagsmenn í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur fengu á sama tíma

samkvæmt samningi sínum við Vinnuveitendasamband Íslands. Í greindum launasamningi er þess ekki nánar getið hvernig finna skuli út og útfæra launahækkun til stefnanda hverju sinni.

Í málinu liggur ekki fyrir umsögn kaupskrárnefndar, en hins vegar var af hálfu stefndu leitað álits kjararannsóknarnefndar varðandi kjaradeilu þá, sem málið snýst um. Sú nefnd taldi sig ekki geta veitt umsögn, þar sem það væri ekki hlutverk nefndarinnar að veita sameiginlegar umsagnir í einstaka kaupgjaldsmálum. Af hálfu kjararannsóknarnefndar var þó bent á að samanburður á sambærilegum launum verslunarmanna, er fái laun samkvæmt kjarasamningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Vinnuveitendasambands Íslands annars vegar, og á grunnkaupi stefnanda hins vegar, sé nokkrum vandkvæðum bundinn, m.a. vegna þess að birting á efri launaflokkum Verslunarmannafélags Reykjavíkur hefjist ekki fyrr en á árinu 1979 og samanburðarhæf gögn því ekki til fyrr.

Ef litið er til kröfugerðar stefnanda og gerður samanburður á þeirri hlutfallshækkun, sem varð á föstum launum hans á kröfutímabilinu og þeirrar hlutfallshækkunar, sem hann gerir kröfu til að fá á sama tíma, kemur í ljós að laun stefnanda hækkuðu um 656,33% frá janúar 1977 til ársloka 1980, en samkvæmt sundurliðun kröfugerðarinnar á dskj. nr. 7 gerir stefnandi kröfu til þess að laun sín hækki um 636,57% fyrir sama tíma.

Að þessu virtu hlýtur kröfugerð stefnanda að grundvallast á þeim launahækkunum, sem hann telur verslunarmenn hafa fengið umfram það sem hann fékk sjálfur á starfstíma sínum fyrir 1. janúar 1977.

Stefnandi hefur látið útbúa launatöflur fyrir tímabilið frá júlí 1972 til desember 1980, er hann telur sýna laun og launakerfi það, er varnaraliðið ætti að greiða honum eftir, miðað við þær hækkanir, sem orðið hafa á launatöxtum Verslunarmannafélags Reykjavíkur á því tímabili. Við athugun á launatöflum þessum kemur í ljós að stefnandi byggir launahækkanir sínar á samanburði við hæsta launaflokk Verslunarmannafélags Reykjavíkur sem birtur er hverju sinni. Sem dæmi má taka, að hinn 1. mars 1974 telur hann að laun verslunarmanna hafi hækkað um 36,184% og hækkar launatöflu sína samkvæmt því, sbr. dskj. nr. 10. Þá hækkun virðist stefnandi fá með því að bera saman laun í efsta þrepi 9. flokks hinn 1/12 '73 og laun í efsta þrepi 10. flokks hinn 1/3 '74, hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, sbr. dskj. nr. 62 og 63. Sú launahækkun, sem stefnandi fékk í raun á þessum tíma, var hins vegar í samræmi við þá hækkun, sem varð í efsta þrepi 9. launaflokks Verslunarmannafélags Reykjavíkur.

Stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á að í ofangreindu tilviki hafi honum borið meiri hækkun en hann fékk, enda metur hann ekki í kröfugerð sinni, að því er virðist, sem launahækkun, tilfærslur milli þrepa og launaflokka, sem hann hefur fengið á starfstíma sínum.

Þá þykir stefnandi og ekki heldur hafa sýnt fram á með málatilbúnaði sínum og kröfugerð að öðru leyti að hann hafi fengið lægri launahækkanir á starfstímabili sínu en félagsmenn Verslunarmannafélags Reykjavíkur almennt fengu á sama tíma.

Að þessu virtu og öðru því er að framan getur um kröfugerð stefnanda og málsatvik að öðru leyti, verður krafa hans um vangreiddar hlutfallshækkanir á laun á greindu kröfutímabili ekki tekin til greina.

Fram er komið að stefnandi hafi í raun fengið greiðslur fyrir ferðatíma í samræmi við fyrirmælin þar að lútandi á dskj. nr. 5. Þar er tekið fram, að launþegar, sem fara daglega til og frá lögheimili sínu á Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarsvæðum, eigi rétt á ferðatímagreiðslum eða frítíma í þess stað að upphæð áttatíu (80) mínútum daglega. Sé um greiðslu að ræða í stað frítíma er tekið fram, að hún verði einungis innt af hendi á þeim yfirvinnutaxta, sem í gildi sé.

Líta ber svo á, að greind ákvæði um ferðatímagreiðslur séu hluti af starfskjörum stefnanda, og þar sem fyrir liggur, að hann hefur fengið greiðslur í samræmi við þau verður krafa hans um hærri greiðslur vegna ferðatíma heldur ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að sýkna ber stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari, formaður dómsins, og meðdómendurnir Atli Hauksson löggiltur endurskoðandi, og Helgi V. Jónsson hrl., löggiltur endurskoðandi.

Dómsorð:

Stefndu, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Runólfs Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. maí 1986.

Nr. 260/1985. **Magnea Guðlaugsdóttir**
dánarbú Halldórs Guðlaugssonar
Lilja Þorbjarnardóttir
Ísak Þorbjarnarson
Helgi Vilhjálmsson
Smári Vilhjálmsson
Stefán Vilhjálmsson
Ásta Vilhjálmsdóttir
Sævar Björnsson
Eggert P. Björnsson
Skúli Magnússon
Guðlaugur Nielsen
Jón Snæbjörnsson
dánarbú Magnúsar Snæbjörnssonar
dánarbú Bergþóru Magnúsdóttur
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
Báru Kristínu Guðmundsdóttur og
(Agnar Gústafsson hrl.)
skiptaráðandanum í Rangárvallasýslu
f.h. dánarbúa Kristjáns Magnússonar
og Þorkels Óskars Magnússonar
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Skiptamál. Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Kjartan Þorkelsson fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. desember 1984 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. nóvember s.á. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Þeir krefjast þess að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og eru kröfur þeirra þessar: *„Aðal-*

lega að skrifaðar verði upp sem eignir dánarbús Kristjáns Magnússonar, Efri-Hömrum, Ásahreppi, er lést 15. september 1966, 63,35% alls lausafjár sem var í vörslum Þorkels Óskars Magnússonar, bróður Kristjáns, er hann fór á sjúkrahús í hinsta sinn í maíbyrjun 1982 og jafnframt 63,35% íbúðarhúss þess, er reist var á jörðinni Efri-Hömrum, Ásahreppi á árunum 1968-1969, og *til vara* að rannsókn fari fram af hálfu skiptaréttarins á því sérstaklega hvað hafi orðið um eignir Kristjáns Magnússonar eftir lát hans á árinu 1966. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti."

Af hálfu stefndu, Báru Kristínar Guðmundsdóttur, er krafist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi, skiptaráðandinn í Rangárvallasýslu, hefur ekki haft uppi í málinu aðrar kröfur en að synjað verði málskostnaðarkröfu áfrýjenda.

Staðfest ljósrit af skattframtali Þorkels Óskars Magnússonar 1967 hefur verið lagt fyrir Hæstarétt. Kemur þar fram, að hann hafi á árinu 1966 keypt 44 ær af dánarbúi Kristjáns Magnússonar. Ekki er getið neinna skulda hans við dánarbúið við árslok 1966.

Meðferð máls þessa er áfátt.

Um aðild málsins er þess að geta, að upplýst var við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti að áfrýjandinn Halldór Guðlaugsson hafi andast 1983 og áfrýjandinn Magnús Snæbjörnsson 1985. Ekki er nánar upplýst hvort sakaraðild þeirra hafi fallið niður eða hverjir hafi við henni tekið. Eigi er heldur ljóst hvernig fyrirsvari dánarbús Bergþóru Magnúsdóttur er háttað og um aðild af þess hálfu.

Í þinghaldi í skiptaréttinum 18. nóvember 1983 í dánarbúi Kristjáns Magnússonar var bókað, að ágreiningur væri um hverjar væru eignir dánarbúsins og hafi verið ákveðið að fjalla um hann í sérstöku skiptaréttarmáli. Í þinghaldinu lagði umboðsmaður áfrýjenda fram greinargerð í máli þessu. Af hálfu varnaraðila, Báru Kristínar, var lögð fram greinargerð í skiptaréttinum 9. desember s.á. Engin ákvörðun var þá tekin um skriflegan eða munnlegan málflutning. Af gögnum í málinu, svo sem uppskriftargerðinni frá 31. október 1966 og skattframtali 1966, má sjá að nokkrar eignir hafa verið í búi Kristjáns heitins, þegar hann andaðist. Af greinargerðum

málsaðila var ljóst að ágreiningur þeirra er einkum um það hvað orðið hafi af sumum eignanna. Í skiptaréttinum 13. júní 1984 hófst ný uppskrift á eignum dánarbúsins. Henni lauk eigi vegna áðurgreinds ágreinings aðilanna, sem létu þar bóka kröfur sínar og komu þeim í það horf, sem frá er greint í hinum áfrýjaða úrskurði. Að svo vöxnu máli var ákveðið að skiptaráðandi tæki ágreiningsefnin til úrskurðar án frekari gagnaöflunar og munnlegs málaflutnings.

Dánarbúið er í opinberum skiptum og fer búsmeðferðin eftir 4. kap. skiptalaga nr. 3/1878. Innköllun til skuldheimtumanna var ekki gefin út samkvæmt heimild í 51. gr. sömu laga. Aðilum málsins og skiptaráðanda bar að afla gagna og upplýsinga eftir föngum, svo leiða megi þrætuna til lykta í þessu sérstaka skiptaréttarmáli. Ákvörðun um uppskrift á eignum í dánarbúi Þorkels Óskars felur ekki í sér endanlegan úrskurð um að því dánarbúi sé skylt að fá þær eignir dánarbúi Kristjáns Magnússonar. Nauðsynlegt er að upplýsa hvort einhverjar sérgreindar eignir úr dánarbúi Kristjáns Magnússonar séu meðal lausafjár í dánarbúi Þorkels Óskars Magnússonar. Þá er einnig nauðsynlegt að áfrýjandinn Skúli Magnússon gefi skýrslu fyrir skiptaréttinum um afskipti þau, er fram er haldið, að hann hafi haft af eignum dánarbúsins. Þá var og heimildarlaust að fella niður munnlegan málflutning í málinu úr því að ekki hafði áður verið tekin ákvörðun um skriflegan flutning.

Af framangreindu er ljóst, að um málsmeðferð er mjög vikið frá ákvæðum IX. og XIV. kafla laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga, svo sem grein 109, 111, 114 og 115. Vegna þessa verður að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins frá og með þinghaldi 13. júní 1984 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Eftir atvikum er rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaði úrskurður og meðferð málsins frá og með þinghaldi 13. júní 1984 eiga að vera ómerk og vísast málinu heim

í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Við teljum ekki að það eigi að varða ómerkingu hins áfrýjaða úrskurðar að ekki fór fram munnlegur málflutningur fyrir skiptaréttinum um kröfur málsaðilja, þær sem í úrskurðinum greinir, en þær kröfur höfðu aðiljar reifað í skriflegum greinargerðum. Við teljum eigi heldur að aðrir annmarkar á úrskurðinum eða meðferð skiptaráðanda á ágreiningi aðilja séu slíkir, að ómerkja þurfi úrskurðinn sjálfkrafa. Athugast í því sambandi að ætla verður að ekki sé lokið uppskrift á eignum í dánarbúi Kristjáns Magnússonar, þeim er hann lét eftir sig við andlát sitt 15. september 1966.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að annarri niðurstöðu eru ekki efni til að við fjöllum efnislega um hinn áfrýjaða úrskurð.

Úrskurður skiptaréttar Rangárvallasýslu 11. júlí 1984.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 13. júní sl. Sóknaraðilar máls þessa gera eftirfarandi dómkröfur:

1) Að skrifaðar verði upp sem eignir dánarbús Kristjáns Magnússonar, Efri-Hömrum, Ásahreppi, sem lést 15. september 1966, 63,35% alls lausafjár sem var í vörslum Þorkels Óskars Magnússonar, bróður Kristjáns, er hann fór á sjúkrahús hinsta sinn í maíbyrjun 1982 og jafnframt 63,35% íbúðarhúss þess er reist var á jörðinni Efri-Hömrum, Ásahreppi á árunum 1968-1969.

2) Að skiptarétturinn láti rannsaka sérstaklega hvað hafi orðið um eignir Kristjáns Magnússonar eftir lát hans á árinu 1966, hvort hann hafi eða dánarbú hans eignast innstæðu hjá Sláturfélagi Suðurlands, Mjólkurbúi Flóamanna, kaupfélögum eða bankastofnunum í héraðinu og hver hafi orðið afdrif þeirra inneigna ef til voru. Einnig að rannsakað verði sérstaklega bankainnstæður Þorkels Óskars Magnússonar frá því í apríl 1982 til upphafsskipta og hverjir hafi tekið út af bankareikningi hans.

Varnaraðili málsins gerir þær dómkröfur að synjað verði þeirri kröfu

sóknaraðila að fyrrnefndar eignir undir tl. 1. verði taldar eign dánarbús Kristjáns Magnússonar. Varnaraðili kveðst ekkert hafa á móti því að rannsakað verði hvað varð um lausafé dánarbús Kristjáns Magnússonar en ástæðulaust sé að blanda dánarbúi Þorkels Óskars Magnússonar inn í þá rannsókn nema tilefni gefist til.

— — —

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfum sóknaraðila, Magneu Guðlaugsdóttur, Halldórs Guðlaugssonar, Lilju Þorbjarnardóttur, Ísaks Þorbjarnarsonar, Helga Vilhjálmssonar, Stefáns Vilhjálmssonar, Smára Vilhjálmssonar, Ástu Vilhjálmsdóttur, Sævars Björnssonar, Eggerts Björnssonar, Skúla Magnússonar, Guðlaugs Nielsen, Jóns Snæbjörnssonar, Magnúsar Snæbjörnssonar og dánarbús Bergþóru Magnúsdóttur í máli þessu.

Kröfu um rannsókn á dánarbúi Þorkels Óskars Magnússonar er vísað frá.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 21.maí 1986.

Nr. 27/1985. **Almennar Tryggingar h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Frímanni Sigurðssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Bifreiðar. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. febrúar 1985. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og að honum verði tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi styður sýknukröfu sína m.a. þeim rökum, að stefndi hafi fyrirgert rétti til vátryggingarbóta með því að vanrækja að færa bifreið sína til lögmæltrar skoðunar samkvæmt umferðarlögum. Telur áfrýjandi það brot á eftirfarandi varúðarreglu í 12. gr. húftryggingarskilmálanna: „Vátryggðum og þeim, sem hafa ökutækið með höndum er skylt að gæta þess, að það sé í lögmæltu ástandi. Sérstaklega ber að sjá um að öryggistæki séu í lagi.“

Ekki liggur fyrir sérstök skýrsla bifreiðareftirlitsmanna eða annarra óvilhallra manna um ástand bifreiðar stefnda eftir vátryggingaratburðinn. Í málinu kemur ekkert fram um að öryggistæki bifreiðarinnar hafi verið í ólagi eða hún hafi að öðru leyti eigi verið í lögmæltu ástandi. Því er ósannað að stefndi hafi vanrækt að gæta varúðarreglu 12. gr. skilmálanna. Verður þess vegna eigi fallist á sýknukröfu á grundvelli 51. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Ekki er leitt í ljós að stefndi hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt 22. gr. laga nr. 20/1954, en þeirri málsástæðu var af hálfu áfrýjanda hreyft við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti án mótmæla af hálfu stefnda.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 35.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, greiði stefnda, Frímanni Sigurðssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 35.000,00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 28. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Frímanni Sigurðssyni, nnr. 2501-3735, Borgarsandi 6, Hellu, Rangárvallasýslu gegn Almennum tryggingum hf., nnr. 0267-3363, Síðumúla 39, Reykjavík með stefnu birtri 5. apríl 1984.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 160.000,00 með 31% ársvöxtum frá 18. september 1982 til 31. október 1982 og þá með 37% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983 og með 32% ársvöxtum frá 21. september 1983 til 20. október 1983 og með 29,5% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983 og með 27% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983 og með 23% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984 og með 17,5% ársvöxtum frá 21. janúar 1984 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málsatvik eru þau að hinn 18. september 1982 var stefnandi að koma frá Reyðarvatnsréttum, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu, og ók hann bifreið sinni D-61 vestur Gunnarsholtsveg (Rangárvallaveg efri). Var hann skammt kominn frá réttunum er bifreið hans lenti utan vegar og valt þar. Var stefnandi einn í bifreið sinni er óhappið varð.

Lögreglunni í Rangárvallasýslu var tilkynnt um umferðarslys þetta símleiðis frá Gunnarsholti um kl. 16:00 sama dag og fór hún þegar á vettvang.

Í skýrslu lögreglunnar segir svo m.a.: „Er við komum á staðinn var bifreiðin á hliðinni sunnan vegar um 1,5 km fyrir vestan nýju réttirnar. Henni hafði sýnilega verið ekið til vesturs og sennilega farið 1½ veltu. Ökumaður var horfinn af staðnum. Við bifreiðina var tóm flaska undan brennivíni sem sennilega hefur oltið útúr bifreiðinni, önnur tóm flaska undan léttu víni var í bifreiðinni."

„Bifreiðin er mjög mikið skemmd eftir veltuna. Hún hafði ekki mætt til skoðunar á þessu ári og tókum við af henni skráningarnúmerin og verða þau send sýslumanni Dalasýslu."

Síðar kom í ljós að stefnandi, sem var ökumaður og eigandi bifreiðarinnar D-61, hafði fengið far með bifreiðinni L-809 frá slysstað og heim til sín á Hellu áður en lögreglan kom á staðinn. Þeirri bifreið hafði lögreglan mætt á leið sinni á slysstað rétt ofan Suðurlandsvegar sunnan við rimlahlið sem er á veginum.

Bifreið stefnanda var tryggð ábyrgðar- og húftryggingu hjá stefnda, Almennum tryggingum hf.

Með tjónstilkynningu dagsettri 20. september 1982 tilkynnir stefnandi stefnda, Almennum tryggingum hf., um framangreint tjón á bifreiðinni D-61 og lýsir atvikum svo, að bifreiðin hafi lent utan vegar og oltið.

Í bréfi stefnda til stefnanda dagsettu 4. október 1982 varðandi tjón þetta segir svo: „Vegna upplýsinga er félagið hefur aflað telur það sér ekki fært að greiða yður bætur vegna ofangreinds kaskótjóns án undangenginnar lögregluranns óknar. Ef þér hafið í huga að halda fast við bótakröfu yðar skorar félagið á yður að gefa nú þegar ítarlega skýrslu til lögregluyfirvalda í Rangárvallasýslu."

Tekin var skýrsla af stefnanda fyrir sakadómi Rangárvallasýslu hinn 7. október 1982 vegna rannsóknar málsins. Þar segir svo: „Mætti kveðst hafa keyrt kunningja sinn, Þorstein Þórarinsson, upp að Reyðarvatnsréttum sem var verið að vígja. Síðan fer mætti aftur af stað heim og á leiðinni lenti hann utarlega í kantinum og þar á steini með þeim afleiðingum að bíllinn endastakkst út af. Mætti kveðst víst hafa rotast en er hann rankaði við sér skreið hann út úr bílnum og eftir stutta stund hefði komið bíll. Tók mætti sér far með honum heim en bílstjóri þess bíls og eigandi er Steinar Thorarensen, Helluvaði, og með honum í bifreiðinni var fyrrnefndur Þorsteinn sem býr að Æsufelli 6, Reykjavík. Fleiri voru ekki í bifreiðinni. Keyrðu þeir mætta heim en hann kveðst hafa verið vankaður eftir þetta og lagst fyrir í ca hálftíma en síðan hringt í kunningja sinn, Karl Sigurðsson vörubílstjóra, Nestúni 3, Hellu, og beðið hann að sækja bílinn. Gerði hann það ásamt öðrum. Mætti kveður systur sína og frænku hafa verið heima er hann kom og hringdu þær í lækni og sögðu frá atburðinum og hvernig mætta liði en læknirinn taldi ekki ástæðu til að koma að svo stöddu. Við-

komandi læknir er Ísleifur á Hvolsvelli. Mætti kveður að félagar sínir hafi sagt sér að þeir hafi mætt lögreglu neðarlega á Gunnarsholtsveginum en ekki stöðvað hana því þeir hefðu ekki athugað til hvers hún var að fara. Mætti kveðst ekki hafa orðið var við lögregluna, hann hafi verið vankaður og ekki verið að fylgjast með umferðinni í kring. Mætti kveðst síðan ekkert frekar hafa heyrt frá lögreglunni þennan dag. Nánar aðspurður kveðst mætti telja að um almennan réttardag hafi verið að ræða. Mætti kveðst ekki hafa haft um hönd áfengi en fólk hefði komið inn í bílinn í réttunum sem var með áfengi. Mætti kveðst hafa verið við réttirnar í ca 1½ klukkustund. Mætti kveðst ekki geta sagt nákvæmlega fyrir um hve hratt hann hafi ekið umrætt sinn en heldur að hann hafi ekið á um 70 km hraða.''

Teknar voru skýrslur af vitnunum Þorsteini Þórarinssyni og Steinari Thorarensen hjá Rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 4. nóvember 1982. Framburður þeirra samrýmist frásögn stefnanda fyrir dómi. Bæði vitnin báru að stefnandi hafi ekki verið undir áhrifum áfengis og ekki neytt þess meðan hann var með þeim í bifreiðinni L-809.

Í bréfi stefnda til lögmanns stefnanda dagsettu 21. desember 1982 segir svo: „Félagið tilkynnir yður að það, fyrir sitt leyti, samþykkir að tjón það er varð á bifreiðinni D-61, sem er Range Rover ár. 1976, þann 18. september 1982 er hún valt á Gunnarsholtsvegi, Rangárvallasýslu, sé metið til viðgerðar á kr. 160.000,00. Um leið ítrekar félagið að það hafnar kröfu um bætur út á kaskótryggingu bifreiðarinnar vegna ofangreinds tjóns.''

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til heimtu bóta á grundvelli kaskótryggingar bifreiðarinnar D-61.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því að hann hafi keypt auk lögboðinnar ábygðartryggingar kaskótryggingu fyrir bifreið sína D-61 og ekkert sé til staðar sem undanskilji stefnda ábyrgð vegna tjónsins.

Varðandi lagarök skírskotar stefnandi um bótaábyrgð til tryggingarskilmála vegna kaskótryggingarinnar.

Málsástæður og lagarök sín byggir stefndi á skilmálum fyrir kaskótryggingu. Í 3. gr. vátryggingarsamningsins sé fjallað um þau atriði sem vátryggingarverndin nái ekki til. Samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar hafi vátryggingafélagið undanskilið sig áhættu þegar vátryggingaratburðurinn verði rakinn til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis ökumannsins eða vátryggðs. Hér falli það saman, ökumaður og vátryggður sé sami maður. Því sé haldið fram, með tilvísan til þessa liðs, að engu öðru en stórkostlegu gáleysi verði um kennt að bíllinn fór út af á beinum, breiðum og góðum vegi. Orsakirnar til þessa stórkostlega gáleysis verði fyrst og fremst sökum þess að ökumaðurinn hafi verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki vegna

undanfarandi og samhangandi áfengisneyslu allt að slysstað. Um það fjalli 2. töluliður 3. greinar vátryggingarsamningsins sbr. 18. gr. laga nr. 20/1954.

3. töluliður 3. greinar fjalli um ábyrgðarleysi tryggingarfélagsins þegar ökumaður hafi ekki gilt ökuskírteini fyrir ökutækið. Hér liggi það fyrir að skoðunarvottorð bílsins hafi ekki verið í lagi. Þetta ákvæði sé sett inn í vátryggingarsamninginn sem varúðarregla og beri þannig stefnanda, samkvæmt 51. gr. laga nr. 20/1954, að færa sönnur á það að bifreiðin hafi verið í því ástandi að vanrækslu á viðhaldi hennar verði ekki um kennt, en einmitt um það atriði hafi skoðunarvottorðið átt að bera, sbr. 12. grein vátryggingarsamningsins. Í þessu sambandi megi einnig benda á 45. gr. sömu laga. Félagið hefði aldrei tekið á sig að tryggja kaskótryggingu bifreið, sem ekki sé sýnd til skoðunar, því að sjálfsögðu stóryki það áhættu félagsins þegar lögboðnar bílaskoðanir séu vanræktar.

Aðalatriðið sé þó í þessu máli að svo sterkar líkur hafi verið færðar fram fyrir því að ökumaðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis að það stappi nærri fullri sönnun. Það helsta sem staðfesti þá skoðun sé eftirfarandi:

1. Upplýst sé og sannað að tvær vínflöskur hafi fundist á slysstað, þar af önnur undan brennivíni.
2. Upplýst sé að farþegi sá, sem stefnandi ók í réttirnar, hafi farið með sitt vín og ekki gefið stefnanda neitt af því. Hvaðan hafi þá komið þær vínflöskur sem í bílnum hafi fundist og hver hafi drukkið úr þeim?
3. Kunningi stefnanda taki hann upp í bíl sinn og keyri til Hellu. Þegar þeir mæti lögreglubílnum feli þeir sig meðan hann fer fram hjá.
4. Þegar stefnandi hafi ekki fundist á slysstað hafi lögreglan farið strax heim til hans. Þar hafi enginn maður svarað.
5. Upphringing systur hans til læknis sé grunsamleg. Hvers vegna hafi stefnandi ekki sjálfur talað við lækninn úr því ástæða var til að hafa samband við hann?

Tekið er fram af hálfu stefnda að fallist sé á að meta tjónið á kr. 160.000,00 en þar frá beri að draga sjálfsáhættu kr. 8.100,00 sbr. dskj. nr. 5.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslu stefnandinn Frímann Sigurðsson, vitnin Þorsteinn Ingibergur Þórarinsson, Steinar Thorarensen, Guðrún Marta Sigurðardóttir, Helga Hjaltadóttir, Karl Sigurðsson, svo og lögreglumennirnir Guðjón Einarsson og Valgeir Guðmundsson.

IV.

Sýknukröfu sína í málinu byggir stefndi fyrst og fremst á því, að stefnandi hafi verið undir áfengisáhrifum er hann ók bifreið sinni D-61 út af

Gunnarsholtsvegi í Rangárvallasýslu hinn 18. september 1982. Af þeim sökum sé það tjón, er á bifreið stefnanda varð, ekki bótaskylt samkvæmt 2. tl. 3. gr. almennra skilmála fyrir kaskótryggingu um undanskildar áhættur.

Stefnandi hefur neitað því fyrir dómi að hafa verið undir áhrifum áfengis tiltekið sinn. Vitnin Þorsteinn Þórarinsson og Steinar Thorarensen hafa komið fyrir dóm og staðfest skýrslur þær sem af þeim voru teknar hjá lögreglu um málsatvik og báðir borið að stefnandi hafi ekki verið undir áfengisáhrifum. Vitnin Guðrún M. Sigurðardóttir, hálfsystir stefnanda, og Helga Hjaltadóttir, frænka stefnanda, sem báðar voru staddar á heimili stefnanda er hann kom þangað eftir óhappið, hafa og báðar borið fyrir dómi, að stefnandi hafi ekki verið undir áhrifum áfengis. Hefur og ekkert vinti, af eigin raun, borið hið gagnstæða fyrir dómi.

Þegar virtir eru framburðir þeirra vitna, sem komið hafa fyrir dóminn svo og önnur gögn þessa máls, verður að telja, eins og málsatvik liggja fyrir, að ósannað sé að stefnandi hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis tiltekið sinn, enda verður ekki talið að fyrri meint eða upplýst ölvunaraksturstilfelli stefnanda geti haft sönnunargildi í þessu máli. Krafa um sýknu á þessum grundvelli verður því ekki tekin til greina.

Stefndi hefur einnig byggt sýknukröfu sína á 1. og 3. tl. 3. gr. skilmálanna um undanskildar áhættur. Svo sem fyrr getur tekur 1. tl. til þess er vátryggingaratburðurinn verður rakinn til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis ökumanns eða vátryggðs.

Um atvik að útafakstri stefnanda er ekki við annað að styðjast en frásögn hans sjálfs sem ekki þykir gefa nægjanlegt tilefni til þess að undanskilja stefnda bótaábyrgð samkvæmt greindu ákvæði tryggingarskilmálanna. Sýknukrafa verður því heldur ekki á þeim grundvelli byggð.

Samkvæmt 3. tl. 3. gr. skilmálanna nær vátryggingarverndin ekki til tjóns þegar ökumaður hefur ekki gilt ökuskírteini fyrir ökutækið og/eða notkun þess. Er hér á því byggt af stefnda hálfu að bifreiðin hafi verið óskoðuð er vátryggingaratburðurinn varð.

Ekki liggur fyrir í máli þessu að orsakasamband sé milli þess, að vanrækt var að færa bifreiðina D-61 til aðalskoðunar árið 1982 og vátryggingaratburðarins og þykir ekki heldur unnt að taka sýknu til greina á þeim grundvelli.

Ómótmælt er að kaskótrygging bifreiðarinnar D-61 hjá stefnda samkvæmt dskj. nr. 5 hafi verið í gildi þá er vátryggingaratburðurinn átti sér stað. Samkvæmt 1. tl. 1. gr. kaskóskilmálanna nær sú vátrygging til þess tjóns, sem varð á bifreið stefnanda tiltekið sinn og ber því, samkvæmt framansögðu, að dæma stefnda til bótagreiðslu vegna þeirra skemmda sem á ökutækinu urðu.

Aðilar hafa orðið ásáttir um það, að tjón bifreiðarinnar D-61 sé metið á kr. 160.000,00. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð að frádreginni umsamdri sjálfsáhættu kr. 8.100,00 eða kr. 151.900,00. Aðilar eru og sammála um það, að með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, beri að miða upphafstíma vaxta vegna tjónsins við 21. október 1982. Verður vaxtakrafa stefnanda og tekin til greina þannig breytt, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 35.000,00.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, greiði stefnanda, Frímanni Sigurðssyni, kr. 151.900,00 með 31% ársvöxtum frá 21. október 1982 til 31. október 1982, með 37% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, með 32% ársvöxtum frá 21. september 1983 til 20. október 1983, með 29,5% ársvöxtum frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, með 23% ársvöxtum frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984 og með 17,5% ársvöxtum frá 21. janúar 1984 til greiðsludags og kr. 35.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. maí 1986.

Nr. 251/1985. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Viðari Björnssyni og
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
Sólrúnu Elísdóttur
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Líkamsárás. Brot gegn 221. gr. almennra hegningarlaga. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 220. gr. alm. hegningarlaga. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. nóvember 1985, að því er ákærða Viðar varðar samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 og að því er ákærðu Sólrúnu varðar samkvæmt ósk hennar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. desember 1985.

Svo sem í héraðsdómi greinir veittist ákærði Viðar Björnsson að Sigurði Breiðfjörð Ólafssyni að tilefnislausu með hrottafenginni líkamsárás og veitti honum stórfellda áverka enda hirti ákærði ekki um það að lokinni árásinni að leita Sigurði neinnar hjálpar. Verða þessar afleiðingar árásarinnar metnar ákærða til sakar vegna gáleysis og ber því að refsa honum samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, en ákvæði þetta þykir hér tæma sök hans, þannig að honum verði ekki jafnframt refsað samkvæmt 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

Þá þykir mega staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærða Sólrún hafi unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 221. gr. hegningarlaga með því að leita Sigurði eigi hjálpar fyrr en daginn eftir árásina er það var um seinan.

Ákærði Viðar hefur gerst brotlegur við 244. gr. hegningarlaga með þjófnaði þeim á málverki sem lýst er í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Viðars og um frádrátt gæsluvarðhalds, en að auki skal gæsluvarðhald ákærða, er hann hefur sætt síðan héraðsdómur gekk, dragast frá refsingu hans.

Refsing ákærðu Sólrúnar þykir með hliðsjón af 78. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað þykir mega staðfesta. Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þannig að hvort um sig greiði málsvarnarlaun verjanda síns, en af öðrum sakarkostnaði greiði ákærði Viðar einn ¾ hluta en ákærðu in solidum ¼ hluta, allt svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Viðar Björnsson, sæti fangelsi 5 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans óslitið síðan 24. febrúar 1985.

Ákærða, Sólrún Elísdóttir, sæti fangelsi 3 mánuði. Til frádráttar komi 10 daga gæsluvarðhaldsvist hennar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur, og ákærða málsvarnarlaun verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur. Af öðrum áfrýjunarkostnaði sakarinnar, þar með töldum saksóknarlaunum í ríkissjóð, 20.000,00 krónum, greiði ákærði einn ¾ hluta, en ¼ hluta greiði ákærðu in solidum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 19. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 345-346/1985: Ákæruvaldið gegn Viðari Björnssyni og Solrúnu Elísdóttur, sem tekið var til dóms 31. f.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með tveim ákæruskjölum ríkissaksóknara dagsettum 29. apríl og 20. maí sl.

Með fyrri ákærunni er mál höfðað á hendur ákærðu Viðari Björnssyni,

heimilislausum, með skráð lögheimili að Ferjubakka 10 í Reykjavík, fæddum þar í borg 24. ágúst 1948 og Sólrúnu Elísdóttur, til lögheimilis að Ferjubakka 10 í Reykjavík, fæddri þar í borg 4. maí 1956. Í ákærunni segir svo:

„I.

Gegn ákærða Viðari er málið höfðað fyrir að hafa með stórfelldri líkamsárás og að láta hjá líða að sjá til þess að árásarþola bærist hjálp orðið valdur að dauða Sigurðar Breiðfjörðs Ólafssonar, sem fæddur var 7. júlí 1924, til heimilis að Grettisgötu 19 B, Reykjavík, með þeim hætti er hér greinir:

Ákærði hafði ásamt meðákærðu Sólrúnu um nokkurn tíma dvalið í íbúð Sigurðar Breiðfjörð á efri hæð hússins að Grettisgötu 19 B. Er líða tók á kvöld föstudaginn 22. febrúar 1985 og þau höfðu öll þrjú verið við áfengisdrykkju og voru ölvuð veittist ákærði Viðar skyndilega með hrottafengnum hætti að Sigurði Breiðfjörð, í fyrstu að honum uppistandandi en einnig útafliggjandi eftir að hann féll undan atlögu ákærða upp að vegg í rúmi sínu, slegið hann í þeirri atlögu með krepptum hnefum mörg þung högg í andlit, á enni, nef, vinstri kinn og höku, svo Sigurður Breiðfjörð hlaut af opin brot beggja vegna á neðri kjálka, alvarlega höfuðáverka og meðvitundarleysi sem þá eða síðar, eins og rakið verður, leiddu hann til dauða.

Í því ástandi og án ráðstafana þá til bjargar yfirgaf ákærði, ásamt meðákærðu Sólrúnu, Sigurð Breiðfjörð.

Um hádegi næsta dag kom ákærði ásamt meðákærðu Sólrúnu í íbúðina og komu þau þá að Sigurði Breiðfjörð útafliggjandi í sömu stellingum og hann hafði verið yfirgefinn kvöldið áður. En þrátt fyrir að ákærði Viðar héldi að lífsmark gæti þá enn verið með Sigurði Breiðfjörð yfirgaf ákærði ásamt meðákærðu Sólrúnu íbúðina og lét enn hjá líða nokkurn tíma að gera ráðstafanir til þess að Sigurði Breiðfjörð bærist hjálp, eða til kl. 15.37 þá um daginn, er meðákærða Sólrún kvaddi sjúkrabifreið á staðinn. Sigurður Breiðfjörð var þá, er að var komið litlu síðar, úrskurðaður látinn.

Atferli ákærða Viðars, sem að framan er lýst, telst varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, og 1. mgr. 220. gr. sömu laga.

II.

Gegn ákærðu Sólrúnu er málið höfðað fyrir að hafa, þrátt fyrir nærveru við framangreinda líkamsárás föstudagskvöldið 22. febrúar 1985 og komu sína aftur ásamt meðákærða Viðari í íbúð Sigurðar Breiðfjörð um hádegi næsta dag, yfirgefið Sigurð Breiðfjörð í bæði skiptin í framanlýstu ástandi og án þess að gera ráðstafanir til bjargar, þar til kl. 15.37 laugardaginn

23. febrúar að ákærða Sólrún kvaddi sjúkrabifreið á staðinn, en Sigurður Breiðfjörð reyndist þá vera látinn er að honum var komið.

Atferli ákærðu Sólrúnar telst varða við 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Dómkröfur. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með síðari ákærunni er höfðað mál á hendur ákærða Viðari, „fyrir að hafa, þriðjudaginn 6. eða miðvikudaginn 7. nóvember, þegar ákærði var gestkomandi að Vífilsgötu 10 í Reykjavík, stolið þar málverki eftir Jón Engilberts.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Ákæra dagsett 29. apríl 1985.

Laugardaginn 23. febrúar sl. um klukkan 15.37 var hringt á Slökkvistöðina í Reykjavík og beðið um að sjúkrabifreið yrði send að Grettisgötu 19 B í borginni vegna manns sem þar væri illa haldinn.

Þennan sama dag klukkan 15.45 var óskað lögregluaðstoðar á sama stað vegna mannsláts. Héldu þangað tveir lögreglumenn og er þeir komu á staðinn voru þar tvær sjúkrabifreiðar ásamt lækni og hjúkrunarfræðingi. Var lögreglumönnunum tjáð að andlát mannsins væri ekki með eðlilegum hætti þar sem hann væri með áverka á höfði og í andliti. Hinn látni reyndist vera Sigurður Breiðfjörð Ólafsson, til heimilis á 2. hæð Grettisgötu 19 B, fæddur 7. júlí 1924.

Íbúi á Grettisgötu 19 skýrði lögreglumönnunum frá því að klukkan 14 til 14.30 hefði hann séð par koma frá húsinu nr. 19 B og hefði það gengið austur Grettisgötu. Þá upplýsti íbúi á neðri hæð að Grettisgötu 19 B að á efri hæðinni hefðu verið auk Sigurðar Breiðfjörð til heimilis ákærðu Sólrún Elísdóttir og Viðar Björnsson.

Rannsónarlögreglu ríkisins var tilkynnt um málið klukkan 15.50, og hóf hún rannsókn þess. Þá kom á staðinn Heimir Bjarnason aðstoðarborgarlæknir.

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins hófu rannsókn málsins með því að fara á vettvang rannsóknarlögreglumennirnir Jónas Jón Hallsson, sem gerði skýrslu um för þeirra á vettvang, og Steindór Gunnarsson, sem annaðist myndatöku á staðnum og almenna vettvangsrannsókn.

Jónas Jón gerði skýrslu um för þeirra félaga á vettvang og segir svo í henni um hina ýmsu þætti rannsóknarinnar:

— — —

Jónas Jón rannsóknarlögreglumaður fór um kl. 17.45 umræddan dag á slökkvistöðina og hitti þar að máli Val Þorgeirsson varðstjóra, sem hafði tekið á móti beiðni um sjúkrabifreið að Grettisgötu 19 B. Hafði samtalið verið tekið upp á tónband, en það var við konu. Á upptökuna vantaði bæði byrjun og endi vegna einhverra tæknilegra ástæðna. Jónas Jón ritaði samtalið niður og var það á þessa leið, að því leyti, sem það var á bandinu:

„Konan: „Það er opið dyrnar hjá honum."

Varðst.: „Og hvert á að fara með hann?"

Konan: „Á slysadeild, eða slys..., eða Borgarspítalann, eða eitthvað svoleiðis."

Varðst.: „Er ekki búið að panta a. tal.. að tala við lækni?"

Konan: „Ég veit það ekki. Nei ég hugsa að hann, hann..., mér var sagt hann væri svo veikur. Hann liggur bara alveg bakk og hann er svolítið kaldur. Mér var sagt það."

Varðst.: „Það hefur nú e... Hefurðu ekki komið upp til hans eða hvað?"

Konan: „Nei ég, mé.., ha.., hún heitir Jóhanna sem fór þangað og mér var sagt þetta og þess vegna er ég að biðja ykkur að senda sjúkrabíl þangað að láta líta á þetta."

Varðst.: „Við skulum athuga það."

Konan: „Takk fyrir. Nít...."

Að mati Jónasar Jóns líktist rödd konunnar mjög rödd ákærðu Sólrúnar, sem hafði komið við sögu hjá rannsóknarlögreglunni áður.

Gerð var leit að ákærðu Sólrúnu og Viðari, og komu þau í leitirnar um klukkan 22.30 á Slysadeild Borgarspítalans og voru handtekin þar.

Um leið og ákærðu voru handtekin hitti Jónas Jón Hauk Ásmundsson lögregluflokksstjóra á Slysadeildinni. Upplýsti hann, að hann hefði verið sendur tvívegis kvöldið áður að Grettisgötu 19 B og í síðara skiptið um klukkan 22. Hefði Sigurður Breiðfjörð þá verið ölvaður, en ekki með neina áverka.

Í skýrslu, sem Högni Einarsson rannsóknarlögreglumaður hefur gert um leit að ákærðu og handtöku þeirra, kemur fram að þau hafi við handtökuna verið greinilega undir áhrifum áfengis eða lyfja, sljó, þvöglumælt og lítt viðræðuhæf. Var þeim báðum tekið blóð til alkóhólrannsóknar á Slysadeildinni þetta kvöld, honum klukkan 22.45 en henni klukkan 22.50. Í blóði hans reyndist magn alkóhóls 1,55‰. en hennar 1,27‰.

Ákærði Viðar var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu síðdegis þann 24. febrúar sl. Var hann beðinn að lýsa ferðum sínum og gerðum sl. föstudag.

Ákærði kvaðst hafa verið hjá Sigurði Breiðfjörð á Grettisgötu 19 B aðfaranótt föstudagsins. Hefðu þau verið þar þrjú, ákærðu og Sigurður. Hefðu þau ákærðu verið í sambúð sl. átta mánuði og fengið að dvelja hjá Sigurði í um einn mánuð.

Ákærði sagði að þau ákærðu hefðu farið eitthvað fyrir hádegið á föstudeginum og Sigurður þá verið einn heima. Fóru ákærðu í aðra hvora áfengisútsöluna, við Snorrabraut eða Lindargötu. Þau komu strax aftur til baka og var Sigurðar þá einn sem fyrr.

Ákærðu keyptu þrjár flöskur af brennivíni og eina af Kahlua. Þau settust síðan að drykkju með Sigurði fyrir hádegi þennan dag og voru við drykkju allan daginn, og kom enginn til þeirra. Ákærða Sólrún lagði sig og sofnaði, sennilega um kl. 17, og svaf í um tvo tíma. Voru ákærði og Sigurður þá tveir einir við drykkjuna.

Ákærði Viðar sagði að um kvöldmatarleytið hefði verið bankað á útidyrnar og Sigurður beðið hann að fara og opna. Ákærði kvaðst þá hafa farið niður og hleypt inn manni sem hann hefði ekki séð áður. Maður þessi hefði verið á milli fertugs og fimmtugs, dökkhærður, stór, ófríður og með alskegg, grannur en nokkuð þrekinn, í dökkum, síðum frakka úr ullarefni og dökkum jakkafötum. Bauð Sigurður manni þessum inn, en þeir virtust þekkjast. Maðurinn var með eina flösku af brennivíni eða kláravíni sem þau drukku úr. Eftir að þau voru búin að vera við drykkjuna í um eina klukkustund byrjuðu Sigurður og maðurinn, sem sagðist heita Einar þegar ákærði opnaði fyrir honum, að rífast í sambandi við einhverjar gamlar erjur þeirra á milli. Ákærði kvaðst ekki vita hvað þeim fór á milli, en rifrildið hefði byrjað út af einhverri konu sem nefnd var með nafni, en ákærði mundi ekki. Ákærði sagði að þegar þeir hefðu byrjað að rífast hefði hann farið inn í herbergi það sem ákærða hafði farið inn í og sofnað, en þeir voru í stofunni við drykkjuna. Ákærði kvaðst hafa vakið ákærðu og ákvað að best væri fyrir þau að hafa sig í burtu þar sem konan á neðri hæðinni hefði alltaf verið að kæra til lögreglunnar vegna hávaða frá íbúð Sigurðar. Kvað ákærði þau hafa ákveðið að forða sér, og sá ákærði síðast til mannsins og Sigurðar þar sem þeir sátu í þriggja sæta sófa inni í stofunni og hélt maðurinn með annarri hendi um hálsmálið á skyrtu Sigurðar. Sigurður hefði þá verið klæddur í rauðan skyrtubol, dökkar eða jafnvel brúnar buxur og gula kuldaskó, jakkalaus. Þetta kvað ákærði það síðasta sem hann hefði séð til Sigurðar á föstudeginum.

Ákærði kvað þau hafa farið beint frá Grettisgötunni að Laugavegi 158 til móðurbróður ákærðu, Péturs Einarssonar. Þar var þá fyrir móðir ákærðu Sólrúnar, Svanhildur Pálsdóttir. Ákærði kvaðst hafa skýrt Pétri og Svanhildi frá því að þau hefðu farið frá Grettisgötunni vegna látanna

milli mannsins og Sigurðar og sögðu þeim að þau hefðu óttast að lögreglan yrði kölluð á staðinn.

Ákærði sagði að ákærða hefði verið með eina flösku af brennivíni og móðir hennar með hálfa flösku, þegar þau komu heim til Péturs. Hefðu þau drukkið þetta áfengi öll fjögur fram eftir nóttu eða á meðan áfengið entist og fóru síðan að sofa.

Ákærði sagði að fyrir hádegi næsta dag hefðu þau ákærðu farið frá Pétri og komið við í búð við Hverfisgötu á leið sinni upp á Grettisgötu. Í búðinni keyptu þau sér tuttugu glös af kardimommudropum og höfðu með sér heim til Sigurðar. Þegar þau komu þangað lá Sigurður á bakinu í rúmi í svefnherberginu og var með lokuð augu. Hann var í öllum fötum og ekki hægt að sjá að fötin færu neitt illa á honum. Korraði í honum en hann talaði ekki neitt til ákærðu. Kvaðst ákærði hafa reynt að hella ofan í Sigurð kardimommudropum en hann hefði þá bandað hendinni til sín, líkt því sem hann vildi ekki drekka þá. Ákærði kvaðst þá hafa haldið að honum fyndust þeir of sterkir, enda hefðu þeir ekki verið blandaðir. Ákærði kvaðst þá hafa blandað saman við þá Coca Cola og hellt aftur upp í hann. Kom hann ekki nema helmingnum af þremur kardimommuglösum ofan í Sigurð þar sem hann tók ekki við meiru. Ákærði lagði Sigurð þá til á vinstri hliðina og breiddi sængina yfir hann. Var blóð í andliti hans en þó aðallega í munni. Reyndi ákærði að þurrka það burt. Ákærði minntist ekki að hafa séð neina sérstaka áverka í andliti Sigurðar en einu áverkarnir í andliti hans, sem hann vissi að áttu að vera, voru á enninu ofarlega fyrir miðju. Þar var Sigurður með kúlu sem ákærði taldi hann hafa hlotið við að detta.

Ákærði sagði þau ákærðu síðan hafa farið frá Grettisgötu 19 B eftir að ákærði hafði hagrætt Sigurði, og taldi ákærði að klukkan hefði verið eitthvað í kringum 12. Þau fóru þá niður í borgina og inn á Hlemmtorg. Kvaðst ákærði hafa hringt í eitthvert símanúmer sem hann fann í símaskránni og taldi að það hefði verið á Slysadeildinni. Allavega hefi hann ætlað að hringja þangað og taldi sig hafa gert það í þeim tilgangi að fá sendan sjúkrabíl til Sigurðar. Kvaðst ákærði hafa skýrt konunni, sem svaraði í símann, frá því að Sigurður væri mikið veikur og þyrfti að komast í meðferð.

Ákærði var spurður hvort hann hefði hringt til lögreglunnar í síma 11166 á föstudagskvöldið. Hann svaraði því neitandi. Ákærði var þá fenginn til að hlusta á tónbandsupptöku sem tekin var upp á fjarskiptamiðstöð lögreglunnar í Reykjavík og varðaði símtal sem átti sér stað umrætt kvöld. Þarna var um að ræða karlmannsrödd sem óskaði eftir aðstoð lögreglunnar að Grettisgötu 19 B vegna manns sem þar var sagður vera fyrir utan, grýtandi snjóboltum upp í glugga á íbúð Sigurðar, hótandi að kæra og drepa.

Ákærði var síðan spurður hvort hann kannaðist við rödd þess sem óskaði eftir lögregluaðstoðinni.

Ákærði kannaðist við þetta og væri það hann sem talaði í símann og bæði lögregluna að koma. Hefði Sigurður beðið hann að hringja, en hann verið það fullur að það hefði ekki verið tekið mark á honum.

Ákærði kvaðst hafa kynnt sig sem Sigurð Breiðfjörð Ólafsson í símann við lögregluna, þar sem hann væri húsráðandinn. Hefði hann hringt úr síma Sigurðar. Hélt ákærði að áðurnefndur Einar hefði ekki verið kominn þegar símtalið átti sér stað. Hann var ekki viss um að ákærða hefði heyrt samtalið.

Ákærða Sólrún var einnig yfirheyrð af rannsóknarlögreglunni síðdegis sama dag og ákærði.

Ákærða greindi frá því að þau hefðu verið þrjú á heimili Sigurðar Breiðfjörð umræddan föstudag að drekka áfengi og verið orðin nokkuð ölvuð. Ákærða kvaðst þó muna allt mjög vel, en upphafið hefði verið að Sigurður hefði tekið tæplega fulla flösku af áfengi, sem þau ákærðu hefðu átt, og falið hana. Hann hefði verið staddur inni í svefnherbergi í suðausturhorni hússins og verið að búa sig upp. Hún hefði farið þangað inn til hans og spurt hann um flöskuna, en Sigurðar neitað að hafa tekið hana. Hefði ákærði þá komið þar að og misst stjórn á skapi sínu og slegið Sigurð í andlitið með höndunum. Ákærða kvaðst hafa beðið ákærða að gera það ekki þar sem ákærða vissi að Sigurður var hjartasjúklingur, en ákærði sinnti því ekki og barði Sigurð fastar í andlitið, og endaði það með því að Sigurður féll og hafnaði upp að austurvegg herbergisins uppi í rúminu. Sigurður hefði reynt að verja sig í fyrstu, en það ekki dugað til. Sigurður hafi fallið þannig að hann hefði hálf-setið uppréttur við vegginn og verið máttlaus. Ákærða kvaðst svo hafa fundið flöskuna sem Sigurður hefði tekið og þau ákveðið að hafa sig á brott og farið að Laugavegi 158 til Péturs frænda ákærðu og fengið að vera þar um nóttina. Móðir ákærðu var þá þar.

Ákærða kvað ákærða hafa beðið sig að segja sögu af skeggugum (sic) manni, frakkaklæddum, þar sem hann óttaðist að hafa orðið Sigurði að bana. Þau hefðu síðan sagt móður ákærðu og Pétri að einhver maður hefði komið í heimsókn til Sigurðar og þeir lent í átökum sem orðið hefðu þess valdandi að þau hefðu forðað sér af staðnum.

Ákærða kvað þau síðan hafa farið á Grettisgötuna um hádegið næsta dag eftir að hafa verið búin að hringja þangað nokkrum sinnum án þess að svarað væri. Fundu þau Sigurð liggjandi upp í rúminu á bakinu og gátu ekki greint lífsmark með honum. Reyndi ákærði m.a. að hnoða á Sigurði brjóstið og þau hlustuðu eftir andardrætti, en voru ekki örugg um að finna neinn. Hafði ákærði á orði að Sigurður væri kjálkabrotinn.

Ákærðu voru bæði úrskurðuð í gæsluvarðhald að kvöldi 24. febrúar sl.

Í yfirheyrslum, sem fram fóru í dóminum áður en úrskurðirnir voru kveðnir upp, staðfestu ákærðu bæði áðurgreindar skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu. Hélt ákærði fast við söguna af skeggjaða manninum, en ákærða að ákærði hefði slegið Sigurð nokkrum sinnum með krepptum hnefa og beðið sig að segja lögreglunni söguna af skeggjaða manninum. Taldi ákærða að Sigurður hefði verið með lífsmarki á laugardagsmorgninum.

Ákærða var yfirheyrð á ný af rannsóknarlögreglunni 26. febrúar sl.

Ákærða skýrði svo frá að hún hefði kynnst ákærða þann 8. apríl 1984 og þau verið saman eftir það. Mikil óregla hefði verið á þeim og varla af þeim runnið, nema ef frá væri skilinn einn mánuður er þau voru í Hlaðgerðarkoti. Á þessum tíma hefðu þau haft aðsetur víða og m.a. búið í 2 mánuði í Keflavík. Þá hefðu þau einnig átt inni að Ferjubakka 10 í Reykjavík hjá móður ákærðu. Að öðru leyti hefðu þau gist þar sem þau voru niður komin hverju sinni. Þau hefðu elt uppi „partý" og oftast fengið að sofa á þeim stöðum, meðan „partýið" var í gangi.

Ákærða kvaðst hafa kynnst Sigurði fyrir nokkrum árum í gegnum frænda sinn, Pétur Einarsson. Hún hefði þó ekkert samneyti átt við hann fyrr en fyrir um hálfum mánuði.

Ákærða kvað þau ákærðu hafa þá verið að versla í áfengisverslun ríkisins á Lindargötu. Þar inni hefðu þau hitt Sigurð. Þau hefðu tekið tal saman og hefði Sigurður boðið þeim heim til sín. Eftir þetta hefðu þau að mestu dvalið heima hjá honum og þennan tíma verið stanslaus óregla á þeim. Þau hefðu drukkið áfengi, kókudropa og neytt ýmissa lyfja.

Ákærða sagði að umræddan dag hefði ákærði farið suður í Keflavík þar sem hann hefði átt að mæta hjá bæjarfógetanum vegna einhvers máls. Hafi hann því ekki komið heim á Grettisgötuna fyrr en síðdegis og þá verið í fylgd hans maður.

Áður en ákærði kom hafði móðir ákærðu komið í heimsókn og með henni nafngreindur maður.

Ákærða kvaðst hafa fengið bróður sinn til að aka með sér í áfengisverslun og þar keypt tvær flöskur af áfengi til að veita móður sinni og hinum gestunum. Nokkur háreysti var í fólkinu og vildi Sigurður losna við manninn úr Keflavík og fór hann án mótþróa. Þá stönsuðu móðir ákærðu og sá er með henni kom ekki lengi.

Ákærða taldi að það hefði verið a.m.k. 2-3 klst. eftir að móðir hennar fór frá Grettisgötunni og þau Sigurður og ákærðu höfðu haldið áfram drykkju að hún hringdi í Pétur Einarsson. Þar var móðir ákærðu stödd og ákvað ákærða að fara þangað í heimsókn. Ákærða kvaðst með engu móti geta gert sér grein fyrir hvað klukkan var er þarna var komið, en

sagði að móðir hennar hefði yfirgefið þau í björtu en er hún hringdi í Pétur hefði verið farið að rökkva.

Áður um daginn hafði ákærði falið brennivínsflösku á milli rúmdýna í svefnherberginu og ætlaði ákærða að taka þessa flösku með sér, en er hún ætlaði að taka flöskuna kom í ljós að hún var ekki lengur á milli rúmdýnanna. Þá kvaðst ákærða hafa sagt ákærða að flaskan væri horfin og hann ráðist strax að Sigurði þar sem engum öðrum var til að dreifa og Sigurður hafði áður farið inn í svefnherbergið til að skipta um nærbuxur.

Ákærða sagði að ákærði Viðar hefði tekið Sigurð og hrint honum upp í rúmið, farið á hné í rúmið og slegið hann í andlitið krepptum hnefa. Ákærði hefði verið mjög æstur og alveg „brjálaður" eins og hún orðaði það. Ákærða kvaðst hafa aðvarað ákærða þar sem Sigurður hefði verið hjartveikur og asmasjúklingur, en ákærði engum sönsum tekið. Hefði hann haldið áfram að berja Sigurð í andlitið með krepptum hnefum þar sem hann lá í rúminu.

Ákærða kvaðst nú hafa snúið sér að því að leita að flöskunni og fundið hana undir fatahrúgu við fótagafl rúmsins. Hún hefði strax sagt ákærða að hún væri búin að finna flöskuna og ákærði þá hætt að berja á Sigurði.

Ákærða kvaðst hafa séð að Sigurður var illa farinn í andliti og að úr honum blæddi. Hefði hann legið á hliðinni með höfuðið vísandi að gluggaveggnum. Ekki kvaðst ákærða telja að Sigurður hefði verið meðvitundarlaus er þarna var komið, en kvaðst þó ekki hafa séð hann hreyfa sig eða gefa frá sér hljóð.

Ákærðu yfirgáfu nú Grettisgötu 19 B og héldu fótgangandi heim til Péturs. Á leiðinni þangað sagði ákærði við ákærðu: „Ég er hræddur um að ég hafi kjálkabrotið Sigurð." Ákærða kvaðst þá hafa sagt að betra væri að svo væri ekki. Ákærði hefði hinsvegar verið hræddur um að að Sigurður mundi kæra hann fyrir líkamsárás þar sem hann hefði slasast það illa. Ákærði hefði nú beðið ákærðu að segja að skeggjaður maður hefði komið í heimsókn til Sigurðar og þeir Sigurður og sá skeggjaði lent í áflogum. Ákærða kvaðst hafa lofað að segja þessa sögu ef Sigurður kærði.

Eftir að ákærðu komu til Péturs héldu þau áfram drykkju fram á nóttina. Að endingu sváfu þau um nóttina í stofunni hjá Pétri.

Ákærða sagði að þau hefðu sagt fólkinu sögu þá sem ákærði hafði lagt fyrir ákærðu að segja um komu skeggjaða mannsins og átök hans við Sigurð.

Ákærða taldi að þau ákærðu hefðu yfirgefið Laugaveginn laust fyrir hádegi. Þaðan héldu þau gangandi niður Hverfisgötu og drukku kaffi hjá manni sem kallaði í þau. Þaðan fóru þau í Lúllabúð á Hverfisgötu og keyptu kardimommudropa. Frá Lúllabúð fóru þau á Grettisgötu 19 B.

Er á Grettisgötuna kom kvaðst ákærða hafa farið beint inn í herbergið

og komið að Sigurði þar sem hann lá í allt annarri stellingu en þau höfðu skilið við hann kvöldið áður. Hann hefði nú legið á bakinu í rúminu með hendur niður með síðum og var ekkert ofan á honum. Var sæng hans inni í stofunni eins og kvöldið áður. Ákærða kvaðst hafa kallað til ákærða, sem var inni í stofu, og hann komið inn í svefnherbergið.

Ákærða sagði að ákærði hefði byrjað á því að hrista Sigurð og því næst stungið upp í hann hjartapillu og úðað upp í hann asmalyfi. Þessu næst hefðu þau blandað kókudropum í kók og hellt því upp í Sigurð en það ekki gengið. Ákærði hefði nú reynt að nudda bringu Sigurðar og hlusta eftir hjartslætti. Ákærða kvaðst einnig hafa reynt að nudda og hlusta. Hún kvað Sigurð hafa verið kaldan viðkomu, en það hafi hann oftsinnis kvartað um sjálfur. Því hefði þeim ekki verið ljóst á þessu stigi að hann væri látinn.

Ákærða sagði þau nú hafa farið heim til Péturs að nýju en skilið eftir opið hjá Sigurði. Höfðu ákærðu lykil að íbúðinni hjá honum. Ákærða kvaðst hafa hringt á sjúkrabíl frá Pétri og tilkynnt um fársjúkan mann að Grettisgötu 19 B.

Nú fylltust ákærðu hræðslu og drukku enn meira en áður og ákærði tafsaði á því að hann væri hræddur um að hafa drepið Sigurð en ekkert frekar hefði verið rætt um þetta mál.

Ákærða kvaðst ekki vita hvað klukkan var á laugardeginum er þau yfirgáfu heimili Péturs. Þaðan fóru þau á rölt og komu m.a. við á Freyjugötu þar sem þau voru ekki velkomin og stoppuðu því stutt.

Eftir nokkurn þvæling fóru þau upp á Slysadeild Borgarspítalans þar sem ákærða var sárþjáð í fæti, en hún kvaðst hafa snúið sig fyrir nokkru.

Ákærða harðneitaði að hafa barið Sigurð hvorki á föstudaginn né í annan tíma. Hún kvaðst þó hafa lent í rimmu við Sigurð fyrir u.þ.b. viku. Þá hefði hún ætlað að hringja, en Sigurður verið því mótfallinn og hótað að hringja á lögregluna. Ákærða kvaðst því hafa tekið símann og hent honum í gólfið svo hann brotnaði. Ákærða kvaðst síðar hafa látið ákærða hafa peninga fyrir nýjum síma og hefði hann keypt síma og sett hann í stað þess brotna.

Ákærða kvaðst ekki minnast þess að hafa séð áverka á Sigurði fyrir átök ákærða við hann. Þá hafði hún ekki séð skurð á enni Sigurðar.

Ákærði var yfirheyrður á ný af rannsóknarlögreglunni 26. febrúar sl.

Ákærði kvað minni sitt ekki mjög glöggt vegna langvarandi óreglu. Hann taldi sig hafa sofið eða verið „black out" fyrri hluta föstudagsins, en vildi þó ekki fullyrða þetta.

Ákærði kvaðst telja að á föstudeginum hefðu fáir eða engir gestir komið á Grettisgötuna. Þá kvaðst ákærði muna að ákærða fór út eftir áfengi og kom aftur með tvær flöskur af brennivíni og eina flösku af Kahlua. Ákærði kvaðst ekki átta sig á því hvenær dags þetta var.

Ákærði kvað þau þrjú hafa setið að drykkju og allt verið í mesta bróðerni. Hafði ákærða falið aðra brennivínsflöskuna til þess að þau yrðu ekki áfengislaus.

Ákærði taldi að það hefði verið síðdegis eða jafnvel milli kl. 20 og 21 sem ákærða hefði fundið út að búið væri að fjarlægja brennivínsflöskuna þaðan sem hún faldi hana. Þar sem ekki hefði verið öðrum til að dreifa í þessu sambandi en Sigurði kvaðst ákærði hafa gengið fast á hann hvar flaskan væri, en hann þverneitað að hafa tekið hana.

Ákærði kvaðst þá hafa verið staddur í stofunni og upphófust stimpingar. Kvaðst ákærði hafa tekið í klæðnað Sigurðar og gefið honum einn löðrung. Átök þessi hefðu síðan færst inn í svefnherbergið og þar hefðu átökin hafist fyrir alvöru. Kvaðst ákærði hafa orðið viti sínu fjær skömmu eftir að átökin hófust.

Ákærði kvaðst hafa tekið Sigurði hálstaki og snúið hann niður í gólfið. Sigurður hefði náð að standa upp aftur og ákærði þá gefið honum fast hægrihandarhögg í kjálkann. Við högg þetta hefði Sigurður fallið aftur fyrir sig í rúmið og kvaðst ákærði þá hafa stokkið ofan á hann og slegið hann tvívegis á kjálkann með krepptum hnefa. Kvaðst ákærði hafa talið að Sigurður væri „steinrotaður" og úr munni Sigurðar hefði blætt.

Ákærði kvað Sigurð hafa legið á bakinu eftir þessi átök. Var hann með hendur niður með síðunum og lá alveg flatur á bakinu. Þegar hér var komið heyrði ákærði hróp ákærðu sem bað ákærða að hætta barsmíðunum. Sá ákærði að Sigurður andaði en var rænulaus. Kvaðst ákærði ekki hafa áttað sig á hvað hann hafði gert, fyrr en eftir á. Hefði áður komið fyrir að hann hefði tapað viti í illdeilum. Taldi ákærði samneyslu áfengis og lyfja vera þessu valdandi.

Ákærði kvað þau nú hafa leitað að flöskunni og fundið hana við fótagafl rúmsins sem Sigurður lá í. Hefði flaskan verið undir fatahrúgu.

Ákærði kvað þau nú hafa farið út úr húsinu og læst útihurðinni, en ákærði kvaðst ekki muna hvort þau slökktu ljós. Frá Grettisgötunni fóru þau fótgangandi upp á Laugaveg. Þar voru fyrir móðir ákærðu og Pétur. Var sest að áframhaldandi drykkju fram á nótt.

Ákærði kvaðst hafa gefið þá skýringu, er þau komu á Laugaveginn, að mikill ófriður væri á Grettisgötunni og slagsmál í gangi. Ekki kvaðst ákærði hafa útlistað það nánar né getið þess að Sigurður væri meiddur.

Ákærði kvað þau ákærðu hafa sofið í stofunni hjá Pétri um nóttina, en farið þaðan milli kl. 10.30 og 11 næsta morgun. Héldu þau niður á Grettisgötu, en á leiðinni keyptu þau 20 glös af kókudropum.

Þegar niður á Grettisgötu var komið opnaði ákærða með lykli. Ákærði kvaðst hafa séð að Sigurður lá í sömu stellingum og hann hafði skilið við hann í kvöldið áður í svefnherberginu.

Ákærði kvaðst hafa tekið á bringu og enni Sigurðar og fundið að hann var fremur kaldur á enninu en volgur á bringunni. Kvaðst ákærði hafa lyft höfði Sigurðar og hellt upp í hann 3 glösum af kökudropum og taldi að um helmingur þess hefði farið ofan í Sigurð en afgangur lekið út úr munni hans. Þá lét ákærði upp í Sigurð eina hjartapillu og gaf honum tvö púst af asmalyfi. Varð ákærði varð var við lítilsháttar hreyfingu á annarri hendi Sigurðar og heyrði frá honum einskonar kurr. Kvaðst ákærði þá hafa velt honum á hliðina í rúminu.

Ákærði kvað ekkert lífsmark hafa komið frekar fram hjá Sigurði og kvaðst hann ekki hafa fundið neinn hjartslátt þó að hann hlustaði eftir slíku. Ákærði kvaðst hafa nuddað svolítið brjóst Sigurðar.

Er hér var komið kvaðst ákærði hafa verið í vafa um hvort Sigurður væri lífs eða liðinn og fylltist hræðslu. Hefðu þau ákærðu nú ætt út og skilið eftir opnar útidyr. Ekki mundi ákærði hvort hann breiddi sængina yfir Sigurð er hann skildi við hann.

Ákærðu fóru frá Grettisgötunni aftur að Laugavegi 158. Ekki kvaðst ákærði minnast þess að þau hefðu minnst einu orði á hvernig ástatt var fyrir Sigurði og byrjað að drekka af kardimommudropum þeim sem þau höfðu keypt sér.

Ákærðu voru á Laugaveginum talsverðan tíma til þess að jafna sig. Sagði ákærði að þau hefðu hringt á Slysadeild Borgarspítalans hvort á eftir öðru. Ákærði kvaðst hafa sagt að á Grettisgötu 19 B lægi fárveikur maður. Ekki kvaðst ákærði hafa gefið upp deili á sér og kvaðst ekki muna viðbrögð þess sem tók á móti tilkynningunni.

Ákærði kvaðst ekki vita hvenær þau yfirgáfu heimili Péturs en þau hefðu flækst víða og endað á Slysadeildinni þar sem þau voru handtekin.

Ákærði kvaðst hafa hringt í lögreglu vegna snjóbolta sem kastað var í gluggann á föstudagskvöldinu, þar sem Sigurður var það ölvaður að hann gat það ekki. Kastað var upp í glugga íbúðarinnar og fór ákærði út í glugga. Þá sá hann pilt sem hann taldi íbúa neðri hæðar. Kallaði sá ýmsar hótanir upp í gluggann. Tók ákærði þá það til bragðs að slökkva öll ljós í íbúðinni Skömmu síðar kom lögreglan að húsinu en pilturinn var ekki sýnilegur. Ekki kvaðst ákærði muna eftir því að lögreglan talaði við neitt þeirra sem var á efri hæðinni.

Ákærði lét þess getið að Sigurður hefði verið með kúlu eða áverka á enninu áður en til átakanna kom. Ákærði kvaðst þó ekki vita hvernig Sigurður hlaut áverkann en taldi að það hefði verið daginn áður.

Ákærði kannaðist við að hafa keypt nýtt símtól fyrir Sigurð með peningum frá ákærðu sem hafði brotið símtól hjá Sigurði vegna missættis við hann. Taldi hann símtólið hafa brotnað á miðviku- eða fimmtudegi og hefði nýtt verið keypt næsta dag.

Ákærða var enn yfirheyrð af rannsóknarlögreglunni 4. mars sl. og gerð grein fyrir misræmi í framburði hennar og ákærða.

Ákærða kvaðst hafa reynt að segja frá öllu eins og hún hefði munað það, en þar sem hún hefði verið í mikilli óreglu gæti verið að hún ruglaði með tímasetningar.

Ákærðu var bent á að í skýrslu sinni segði hún að ákærði hefði farið til Keflavíkur daginn sem átökin áttu sér stað. Hið rétta væri hinsvegar að hann hefði farið til Keflavíkur þann 18. febrúar í beinu framhaldi af dvöl í Síðumúlafangelsinu. Kvaðst ákærða nú sjá að hún hefði ruglað þarna með daga og kenndi óreglu um. Hún áréttaði að áðurgreindur maður hefði þá komið með ákærða.

Ákærða sagði ákærða hafa falið flöskuna, og mundi ákærða að hún sá flöskuna milli dýna í svefnherberginu áður en hún hvarf. Kvaðst ákærða vita að ákærði setti flöskuna þar.

Ákærða endurtók að hún hefði verið að leita að flöskunni á meðan ákærði barði Sigurð liggjandi í rúminu. Hún hefði æpt á ákærða að hætta en hann hefði ekki hætt fyrr en hún fann flöskuna og kallaði það til hans.

Ákærða sagði að ákærði hefði byrjað á því að slá Sigurð í andlitið, síðan hefði hann tekið framan á föt Sigurðar og hrist hann til. Sigurður hefði í sífellu sagt: „Ég veit ekkert um flöskuna.“ Þá kvaðst ákærða muna að Sigurður gekk að fataskápnum sem er í svefnherberginu og opnaði hann. Rótaði hann eithvað í skápnum og sagði síðan: „Ég veit ekkert um flöskuna, ég tók hana ekki.“ Þetta hefði gerst eftir að ákærði barði hann a.m.k. einu sinni í andlitið. Þessu næst hefði ákærði hrint Sigurði aftur á bak í rúmið, stokkið ofan á hann og byrjað að berja hann í andlitið í sífellu. Kvaðst ákærða með engu móti geta tilgreint fjölda högga, en um hefði verið að ræða sífelld högg með báðum höndum.

Ákærða kvað Sigurð hafa verði liggjandi á bakinu í rúminu en höfuð hans verið upp við vegginn, þannig að hann hefði verið í nokkurs konar sitjandi stöðu með andlitið hallandi út til annarrar hliðar. Þó hefði hann ekki verið það uppreistur að hægt væri að segja að hann hefði verið sitjandi, en allt að því. Ákærða kvaðst muna að hún heyrði eitthvert uml í honum um það leyti sem þau yfirgáfu staðinn.

Ákærða kvað þau hafa farið úr íbúðinni samtímis og kvaðst hún muna að þau hefðu ekki lokað hurðinni á svefnherberginu en útihurðinni hefðu þau læst. Þá kvaðst ákærða ekki muna hvort þau slökktu ljósið eða ekki.

Daginn eftir er þau komu á Grettisgötuna var svefnherbergishurðin lokuð, en ekki kvaðst ákærða muna hvort ljós loguðu.

Ákærða fór inn í svefnherbergið og voru augu Sigurðar lokuð. Ákærða kvað Sigurð hafa verið fullklæddan eins og þau skildu við hann daginn

áður, en hann hefði legið í rúminu með öðrum hætti. Var ákærða alveg viss um þetta.

Ákærða kvaðst nú hafa kallað upp yfir sig, þar sem henni flaug í hug, að Sigurður hefði fengið hjartaáfall eða eitthvað í sambandi við asmaveiki hans. Ekki kvaðst ákærða þó hafa hugsað að Sigurður væri dáinn.

Hófu þau nú lífgunartilraunir þær sem áður er lýst. Ákærða kvaðst muna að ákærði hafði orð á því að Sigurður væri kaldur viðkomu. Ákærða kvaðst hafa tekið á fæti Sigurðar sem hún reyndar hafði oftsinnis gert er hann kvartaði um kulda, og hefði henni virst sem kuldi þessi væri ekki óvenjulegur.

Þessu næst bað ákærði ákærðu að sækja sæng Sigurðar sem var frammi í stofu og kvaðst ákærða hafa sótt sængina og breitt yfir Sigurð.

Ákærða kvað þau hafa verið í miklu uppnámi á Grettisgötunni á laugardeginum og hringdi síminn margsinnis en þau þorðu ekki að svara.

Ákærða taldi að hún hefði hringt á sjúkravakt um hálfri klukkustund eftir að þau komu heim til Péturs, en áður voru þau búin að hafa orð á því að Sigurður væri illa haldinn eftir átök við skeggjaða manninn. Vegna hræðslu þorði ákærða ekki að gefa upp nafn sitt.

Ákærða sagði, að er hún tilkynnti um Sigurð veikan, hefði hún talið sig fá símanúmerið hjá ákærða. Þegar hún hringdi í uppgefið númer svaraði lögreglan. Ákærða kvaðst því hafa spurt í hvaða númer hún ætti að hringja ef hún ætlaði að tilkynna um fársjúkan mann. Lögreglan hefði svarað að þetta væri númerið og kvaðst ákærða því hafa tilkynnt um Sigurð. Ákærða kvaðst aðeins hafa hringt einu sinni út af þessu og það hefði verið í lögregluna.

Ákærða kvaðst ekki minnast þess, að lögregla hefði komið á Grettisgötu 19 B kvöldið sem átökin áttu sér stað. Þá kvaðst hún ekki minnast þess, að nokkur hefði verið að ónáða þau, nema ef vera skyldi sonur konunnar á neðri hæðinni sem stundum væri að berja upp undir gólfið. Ákærða kvaðst ekki minnast þess að hafa orðið vör við að snjóboltum væri kastað í gluggana.

Ákærða harðneitaði að hafa brotið símatækið með því að slá Sigurð með því.

Ákærði var enn yfirheyrður 5. mars sl. og spurður um gerðir sínar umræddan föstudag. Kvaðst ákærði hafa hugsað þetta mál náið og komist litlu nær. Þó kvað ákærði sig minna að þau hefðu farið í áfengisverslunina við Snorrabraut til að kaupa áfengi og taldi að það hefði jafnvel verið fyrir hádegi. Dagurinn hefði farið að mestu í að sofa úr sér víndauða og er hann hefði vaknað aftur hefði hann byrjað drykkju að nýju. Þá taldi ákærði ákærðu hafa farið aftur út til áfengiskaupa síðdegis og þá komið með fyrrgreindar tvær brennivínsflöskur.

Ákærði kvaðst nú muna að hann hefði falið flöskuna milli dýnanna í rúminu í svefnherberginu. Hann kvaðst þó ekki viss hvort hér væri um að ræða sömu flöskuna því þau hefðu oftsinnis haft þennan hátt á því að vernda áfengisbirgðir, þ.e. að fela hluta þeirra einhvers staðar.

Ákærði kvaðst telja að hann hefði slegið Sigurð tvívegis með krepptum hnefa í andlitið meðan Sigurður stóð í fæturnar og tvisvar til þrisvar á sama hátt eftir að Sigurður hafði fallið aftur fyrir sig í rúmið. Ákærði kvaðst telja að falskar tennur, sem Sigurður hafði, hefðu verið á náttborði í svefnherberginu þegar átökin byrjuðu. Ákærði kvað Sigurð hafa verið með uppköst í marga daga og hafi tennurnar því illa tollað í munni hans.

Ákærða var bent á að tennur Sigurðar hefðu verið blóðugar á náttborðinu er lögregluna bar að. Ákærði kvaðst ekki minnast þess að hafa tekið út úr Sigurði tennurnar í átökunum eða eftir þau. Ef svo hefði verið myndi hann ekki eftir því. Ákærði kvaðst enga skýringu hafa á því af hverju tennurnar voru blóðugar.

Ákærði kvaðst telja að ákærða hefði stöðvað hann í frekari barsmíðum og kvaðst minnast þess, að hún kallaði: „Viddi, Viddi, hættu þessu". Kvaðst ákærði þá hafa áttað sig á því, hvað hann var að gera. Ákærði kvaðst telja, að hann hefði síðan fundið brennivínsflöskuna til fóta við rúmið undir fatahrúgu. Hann kvaðst þó ekki vera alveg viss um þetta atriði, verið geti að ákærða hefði fundið flöskuna á undan honum.

Ákærði kvaðst viss um að þau hefðu skilið við Sigurð liggjandi á bakinu í rúminu. Ákærði kvað þau hafa yfirgefið Sigurð samtímis, en þó hefði hann gengið á eftir henni út. Ekki kvaðst ákærði muna hvort þau slökktu ljós eða lokuðu hurðinni í svefnherberginu. Þau hefðu hins vegar læst útihurðinni á eftir sér. Ákærði kvaðst hafa verið í þeirri trú að Sigurður væri rotaður og ekki hvarflað að honum að hann væri í hættu. Ákærði kvaðst muna að hann heyrði Sigurð draga andann, en um hafi verið að ræða þungan andardrátt, líkt og þreyttur maður dregur andann.

Þegar ákærðu komu á Grettisgötuna opnaði ákærða með lykli sem hún hafði og þau gengu inn. Ákærði kvaðst telja að hann hefði farið á undan inn í svefnherbergið en ákærða komið fast á eftir. Ákærðu hefði þó orðið talsvert mikið um er hún sá Sigurð liggja þetta illa útlítandi í rúminu, svo að hún hefði farið aftur fram í stofu til að fá sér að drekka af kardimommudropunum.

Ákærði kvaðst hafa skilið við Sigurð á laugardeginum þannig, að hann hefði snúið líkama hans svo, að hann lá á vinstri hlið með andlit frá vegg. Nokkurt blóð var í koki Sigurðar, sem hafði komið úr vitum hans er ákærði snéri honum. Einnig kvaðst ákærði hafa þvegið blóð af munni Sigurðar með handklæði. Þá kvaðst ákærði hafa breitt sæng yfir Sigurð áður en þau fóru út úr húsinu. Ákærði taldi að Sigurður hefði legið ofan á sænginni

er þau komu að honum, en hann dregið hana undan honum til að breiða yfir hann.

Ákærðu hafa bæði borið með áþekkum hætti við meðferð málsins og staðfest áðurgreindar skýrslur hjá rannsóknarlögreglu. Ákærði Viðar telur að málavöxtum í ákæru sé að því er sig varði rétt lýst. Ákærða Sólrún hefur gert þá athugsemd eina við verknaðarlýsingu ákæru að hinn látni hafi ekki verið í sömu stellingum þegar þau komu í íbúðina um hádegi laugardaginn 23. febrúar sl. og hann hefði verið kvöldið áður, þegar þau fóru á brott.

Ákærði telur sig hafa barið Sigurð 3-4 hnefahögg, öll í andlitið þar sem hann lá ofan á Sigurði í rúminu.

Ákærði kannast ekki við að hafa heyrt ákærðu kalla til sín varnaðarorð um það að Sigurður væri hjartasjúklingur, þegar hún bað hann að hætta barsmíðunum. Hins vegar vissi ákærði að Sigurður var hjartasjúklingur.

Ákærða tekur fram vegna þessa, að hana minni að hún hafi viðhaft þau ummæli sem ákærði mótmælir. Hún vill þó ekki fullyrða þetta.

Þau ákærðu hurfu fljótlega á brott eftir barsmíðarnar, en áður hafði ákærði hugað að ástandi Sigurðar og virtist hann kjálkabrotinn. Taldi ákærði Sigurð ekki í neinni lífshættu og gerði engar ráðstafanir til að afla honum læknishjálpar.

Ákærða kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, hversu mörg högg ákærði sló Sigurð og ekki hugaði hún sérstaklega að líkamlegu ástandi hans áður en þau hurfu í brott úr íbúð hans en þaðan fóru þau fljótlega eftir að barsmíðunum lauk.

Ákærða gerði sér ekki grein fyrir því, að Sigurður væri meðvitundarlaus og heyrði eitthvað umla í honum er þau fóru. Hún segist ekki hafa séð blóð á andliti hans og sé rangt eftir henni haft hjá rannsóknarlögreglunni að hún hafi séð að Sigurður væri illa farinn í andliti og að úr honum blæddi.

Ákærðu minnir að hurðin að svefnherberginu hafi verið opin er þau hurfu á brott, en lokuð er þau komu aftur næsta dag. Ákærðu leist illa á útlitið, er þau sáu Sigurð í rúminu og gerði ákærða sér grein fyrir að hann var meðvitundarlaus. Þá hvarflaði að ákærðu að Sigurður kynni að vera látinn.

Ákærði man ekki eftir að hafa heyrt hringt í síma í íbúð Sigurðar á laugardeginum. Ákærði getur ekki upplýst um hvenær síminn var tekinn úr sambandi í íbúð Sigurðar.

Ákærða segir að það hafi ekki verið samantekin ráð þeirra ákærðu að svara ekki símanum í íbúð Sigurðar á laugardeginum þegar hann hringdi. Þau ræddu þetta ekki sín á milli. Hvorugt þeirra svaraði símanum. Minnir ákærðu að þau hafi tekið símann úr sambandi áður en þau hurfu á brott.

Ákærða ímyndar sér að þau hafi komið á heimili Sigurðar á laugardeginum milli kl. 13.30 og 14. Hún er þó ekki viss á þessari tímasetningu. Hún segir þau hafa verið ákveðin í því að hringja á sjúkralið, en brast kjark til þess þar til ákærða gerði það.

Vitnið Svanhildur Pálsdóttir, Ferjubakka 10 í Reykjavík, móðir ákærðu, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu. Vitnið vildi við meðferð málsins nýta undanþágurétt sinn frá vitnisburði, og verður framburður vitnisins hjá lögreglu því eigi rakinn.

Vitnið Pétur Ragnar Bæring Einarsson verkamaður, Laugavegi 158 í Reykjavík, skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá 23. febrúar sl. að það hefði verið á milli kl. 17 og 18 umræddan dag að ákærðu komu í heimsókn til þess. Þá var vitnið vel við skál. Ákærðu höfðu meðferðis áfengi, en vitnið vissi ekki hve mikið. Bæði voru þau vel undir áhrifum. Á meðan vínið entist var setið við drykkju. Vitnið fór inn í herbergi sitt og sofnaði þar. Vitnið mundi ekki hvað klukkan var þegar það yfirgaf ákærðu í stofunni.

Á milli kl. 9 og 10 næsta morgun vaknaði vitnið og leit inn í stofuna og sá þá ákærðu sofandi á stofugólfinu. Vitnið skipti sér ekki af þeim en rétt úr þessu fóru þau að rumska.

Vitnið heyrði að annað hvort ákærðu fór að nota símann í stofunni.

Um kl. 10.30 fóru ákærðu og höfðu orð á að þau ætluðu að kaupa „kardó". Vitnið vissi ekki hvert ferð þeirra var heitið.

Um kl. 16.30 eða á milli kl. 15 og 16 komu ákærðu aftur. Þá sagði ákærði við vitnið, svo að ákærða heyrði, hvort hann mætti trúa því fyrir leyndarmáli, og í framhaldi af því sagði hann: „Sigurður Breiðfjörð er dauður." Vitninu skildist að þau hefðu farið heim til Sigurðar frá því um morguninn. Nefndi ákærði að Sigurður hefði verið kaldur eða stirnaður. Ákærða sagði: „Hann var ekkert dauður hann var með opin augun." Bæði sögðust ákærðu hafa verið heima hjá Sigurði daginn áður og hefði þá maður komið og ráðist á Sigurð. Þau nefndu manninn með nafni þannig að þau hlutu að hafa þekkt hann. Vitnið mundi ekki nafnið og ekki gáfu ákærðu nánari lýsingu á þessari árás og sögðust hafa orðið að forða sér burt. Vitnið sagðist ekki nenna að hlusta á svona „djók". Það gaf í skyn að það vildi losna við ákærðu og fóru þau.

Vitnið hringdi í móður Sólrúnar og sagði henni undan og ofan af því sem ákærðu höfðu sagt því.

Vitnið var yfirheyrt á ný næsta dag og sagði nú, að það hefði komið heim umræddan föstudag á milli klukkan 18 og 19. Mjög fljótlega á eftir kom móðir ákærðu og minnti vitnið fastlega að mjög skömmu síðar hefðu ákærðu komið. Hefði þetta verið um mjög svipað leyti. Voru móðir ákærðu og þau með flösku meðferðis.

Vitnið taldi að drykkjan hefði staðið óslitið í stofu þess fram að miðnætti. Hefði ekkert þeirra farið út á þessum tíma.

Í þessari yfirheyrslu sagði vitnið að ákærðu hefðu farið á milli klukkan 11 og 12. Höfðu þau orð á að ná í vín eða „kardó".

Um kl. 15 komu ákærðu aftur og höfðu þá meðferðis nokkur glös af „kardó". Þá sagði ákærði vitninu áðurgreint leyndarmál og ákærða mótmælti því. Einnig sagði ákærði: „Ég kom við hann og hann var kaldur." Ákærðu sögðu vitninu að maður hefði ráðist á Sigurð og hefðu orðið hörku slagsmál og þau forðað sér.

Ákærða hringdi heimanað frá vitninu í sjúkralið eða lögreglu og sagði að eitthvað alvarlegt hefði skeð á Grettisgötunni heima hjá Sigurði. Bað ákærða að sent yrði á staðinn. Hún kynnti sig ekki með nafni sínu í símanum. Vitnið bað ákærðu að fara þar sem það þyrfti að fara á sjúkrahús og hitta eiginkonu sína. Fóru þau um kl. 16 og hafði vitnið ekki séð þau síðan. Eftir að ákærðu voru farin hringdi vitnið til móður ákærðu og sagði henni hvað ákærðu hefðu sagt því varðandi Sigurð. Þá virtist vitninu að ákærða hefði þegar hringt í móður sína og sagt henni að hún, ákærða, hefði barið Sigurð með símtækinu. Ekkert barst í tal um neitt kjálkabrot.

Vitnið Einar Elíson sjómaður, Ferjubakka 10 í Reykjavík, bróðir ákærðu, óskaði ekki eftir að nýta undanþágurétt sinn frá vitnisburði.

Vitnið skýrði rannsóknarlögreglu svo frá að það hefði komið á heimili Sigurðar umræddan föstudag, að það minnti klukkan 17 eða 17.30. Voru þar þá stödd, auk ákærðu og húsráðanda, nafngreindur maður og móðir ákærðu, öll eitthvað ölvuð.

Vitnið kvaðst hafa komið á heimili Sigurðar vegna þess að móðir þess hafði hringt í það og beðið það að sækja sig.

Vitnið kvaðst ekkert hafa stansað í þetta skipti en fór fyrir fólkið í Ríkið, og þegar það kom til baka ók það móður sinni heim og áðurgreindum manni. Þegar vitnið kom þarna í þetta skipti sá það Sigurð, en hann sat í stól, og tók vitnið ekki eftir neinu sérstöku við hann. Vitnið hafði hins vegar komið þarna daginn áður og þá tók vitnið eftir því að Sigurður var með stóran skurð á enninu og var blóðstorka í kring um hann. Vitnið tók einnig eftir því þá að síminn lá á gólfinu og var allur mölbrotinn. Þegar vitnið kom þarna daginn áður var Sigurður einn heima, en ákærðu höfðu farið út í banka eða svo sagði Sigurður vitninu. Vitnið tók eftir því að Sigurður var ölvaður þegar það kom þarna en því fannst hann ekki neitt slappur. Vitnið ákvað þess vegna að fara aftur og reyna að koma seinna til að hafa tal af ákærðu en vitnið var með peninga til hennar frá móður þeirra. Vitnið taldi að það hefði verið í burtu í um það bil einn og hálfan klukkutíma en þegar það kom til baka voru ákærðu komin. Þegar vitnið kom þarna í fyrra skiptið þennan dag sagði Sigurður að ákærða hefði

brotið símann á hausnum á sér og þannig hefði hann hlotið áverkann. Eftir að vitnið kom þarna í seinna skiptið barst þetta í tal öðru hvoru og ákærða viðurkenndi að hafa gert þetta. Á meðan vitnið var statt þarna í þetta skipti fékk Sigurður einhvers konar krampa og stífnaði upp. Mundi vitnið eftir því að það hjálpaði honum inn í svefnherbergi og lagði hann í rúmið. Ákærða sprautuðu síðan upp í Sigurð asmalyfi og á eftir sagði ákærði að henn hefði gefið Sigurði fjórar töflur af Mogadon til þess að hann sofnaði. Vitnið kvaðst ekki hafa séð þegar ákærði var að gefa Sigurði lyfin.

Eins og áður var komið fram sá vitnið símann mölbrotinn á gólfinu og vissi ekki annað en honum hefði verið hent út í ruslatunnu en vitnið hjálpaði ákærðu við að taka til í íbúðinni. Vitnið tók fram að það kynni að vera að sjálft tólið af símanum hefði verið eftir í íbúðinni, en það þorði ekki að fullyrða um það. Vitnið fór sjálft út með ruslið og gat bent á þær tunnur sem það setti þetta dót í.

Vitnið kvaðst hafa ekið móður sinni að Laugavegi 158 umrætt föstudagskvöld. Mundi vitnið ekki betur en klukkan hefði verið um 20.30 er það kom með hana þangað. Ástæðan fyrir því að vitnið taldi sig muna þetta var sú að það var lagt af stað með hana þegar hún mundi eftir því að hún hafði gleymt peningum heima og bað vitnið að snúa við og sækja þá. Vitnið gerði það og fór inn með henni, og taldi vitnið sig muna það rétt að þegar það kom inn hafi fréttirnar verið búnar í sjónvarpinu og einhver fræðsluþáttur byrjaður. Stönsuðu vitnið og móðir þess stutt heima, og vitnið ók henni beint að Laugavegi 158, en þar fór hún úr bílnum, en vitnið fór ekki inn.

Vitnið kvaðst ekki hafa hitt ákærðu eftir að það sótti móður sína til þeirra né heldur heyrt í þeim í síma.

Vitnið Ingigerður Sigurósk Guðmundsdóttir, Grettisgötu 19 í Reykjavík, skýrði rannsóknarlögreglunni frá því að það hefði hringt í lögregluna í Reykjavík kl. 21.27 umrætt föstudagskvöld og óskað þess, að hún kæmi að Grettisgötu 19 B vegna ölvaðs manns með háreysti við húsið, en hann var síðan allt í einu kominn inn í stofu til vitnisins. Var maðurinn svo ölvaður að hann gat varla mælt. Komu vitnið og maður þess manninum út og kvöddu síðan til lögregluna. Vitnið mundi ekki hvort það ræddi nokkuð við lögregluna er hún kom, og vissi vitnið ekki hvort lögreglan hafði samband við einhvern að Grettisgötu 19 B. Á þessum tíma var allt hljótt og í rólegheitum í íbúð Sigurðar, en vitnið kvaðst telja að þar hefði logað ljós. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við frekari mannaferðir við húsið þetta kvöld.

Vitnið kvaðst hafa farið á dansleik um kl. 23 um kvöldið og þá séð að ljós logaði í íbúð Sigurðar. Ekki heyrði vitnið neina háreysti þá, aldrei þessu vant. Þegar vitnið kom heim til sín aftur, laust fyrir kl. 4, var búið að

slökkva öll ljós í íbúð Sigurðar. Vitnið taldi að það hefði vaknað um kl. 10 á laugardagsmorgninum. Kvaðst vitnið ekki hafa orðið vart við neinar mannaferðir við Grettisgötu 19 B.

Vitnið Sigríður Pétursdóttir, Grettisgötu 19 B í Reykjavík, skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá að það hefði komið heim úr vinnu um kl. 18 umræddan dag og verið lasið og þreytt eftir langvarandi vökur sem íbúi á efri hæð og gestir hans hefðu valdið því. Vitnið kvaðst hafa lagt sig og nokkru síðar farið að hressast.

Um kl. 20 tók vitnið eftir að rafmagnsreikningur, sem stílaður var á Sigurð Breiðfjörð, hafði verið látinn inn hjá því. Vitnið kvaðst því hafa farið upp tröppurnar að útidyrum Sigurðar og látið reikninginn inn um lúgu á hurðinni. Er vitnið var komið niður stigann aftur kom Sigurður út úr íbúð sinni og jós yfir vitnið skömmum og hótaði að hringja á lögregluna. Vitnið kvað Sigurð hafa verið óvenju sjúskaðan og illa til reika en kvaðst ekki hafa séð á honum neina áverka. Vitnið kvaðst ekki muna hvernig hann var klæddur en taldi að hann hefði verið í eins konar blússu og dökkum buxum.

Vitnið kvaðst hafa farið frá heimili sínu í beinu framhaldi af viðtali sínu við Sigurð þar sem það var að fara í heimsókn til kunningja.

Vitnið taldi að það hefði komið heim til sín aftur skömmu eftir klukkan 20.30 þar sem það mundi eftir að hafa horft á fréttir hjá kunningjafólki sínu sem býr á Grettisgötu 36.

Vitnið kvaðst hafa heyrt umgang uppi og heyrt að einhverjir voru þar gestkomandi. Ekki hefði þó verið um háreysti að ræða, allavega ekki í fyrstu. Vitnið kvaðst hafa sest fyrir framan sjónvarp sitt og þar sem það er fremur heyrnardauft hækkaði það í sjónvarpinu, m.a. vegna síaukins hávaða sem barst frá íbúðinni á efri hæðinni.

Vitnið taldi að það hefði verið um það leyti sem sakamálamynd í sjónvarpinu hófst að miklir dynkir og hróp komu frá íbúð Sigurðar. Vitnið kvaðst þó ekki vilja fullyrða að ópin hafi komið að ofan, vel gæti verið að þau hefðu verið í sjónvarpinu. Vitnið kvaðst einmitt hafa farið fram í eldhús til að hita sér drykk er mestu ólætin voru og því erfitt að greina hvað kom frá sjónvarpinu og hvað kom frá íbúð Sigurðar. Þessu næst varð hljóðara en þó var einhver umgangur uppi. Nokkru síðar, en vitnið kvaðst ekki vita hvað tíma leið, hætti allur umgangur og virtist sem allir væru farnir út. Vitnið taldi að talsverður hluti myndarinnar hefði þá verið búinn eða klukkan allt að því 23. Var vitnið eitt heima allt kvöldið.

Vitnið sagði að þegar allt var orðið hljótt hjá Sigurði hefði maður nokkur bankað upp hjá vitninu sem kvaðst ekki hafa opnað fyrr en maðurinn hafði gengið frá og þá kallað hvað hann vildi. Maðurinn, sem var undir áhrifum vímuefna, sagði að hann væri að leita að manni og tók stökk í átt að dyrum

vitnisins sem skellti hurðinni í lás. Maður þessi yfirgaf staðinn skömmu síðar. Um leið og þetta gerðist kvaðst vitnið hafa heyrt eins og gengið væri varlega um gólf í íbúð Sigurðar, en það hefði þó ekki orðið vart við neinar mannaferðir.

Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við að fólk yfirgæfi íbúð Sigurðar um kvöldið eða að gesti bæri að garði. Það hefði einungis heyrt umganginn og ólætin, eins og áður greinir.

Vitnið kvaðst ekki þekkja ákærðu í sjón og gæti því ekki borið um veru þeirra að Grettisgötu 19 B. Hins vegar hefðu gestakomur ýmissa óreglumanna verið tíðar til Sigurðar og kvaðst vitnið ekki hafa veitt neinum sérstökum athygli í því sambandi öðrum fremur.

Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við að einhver kastaði snjó í glugga á efri hæð eða væri með hróp og köll fyrir utan húsið á föstudagskvöldinu. Á laugardeginum kvaðst vitnið hafa farið að heiman um kl. 9.30 í vinnu sína. Það vann til um kl. 14 og kom heim um kl. 15 á laugardeginum.

Samkvæmt endurriti úr dagbók D-vaktar lögreglunnar í Reykjavík var lögreglan kvödd að Grettisgötu 19 B tvívegis umrætt föstudagskvöld, kl. 20.45 og 21.27.

Þrír lögreglumenn sinntu fyrra útkallinu og einn þeirra hinu síðara. Verður nú rakinn framburður þeirra hjá rannsóknarlögreglu.

Vitnið Haukur Ásmundsson lögreglumaður, Furugerði 7 í Reykjavík, kvaðst hafa verið sendur í útkall tvívegis að Grettisgötu 19 B í Reykjavík umrætt kvöld.

Vitnið kvaðst hafa komið í fyrra skiptið um kl. 20.45 að húsinu ásamt tveim öðrum lögreglumönnum. Bankaði það hjá Sigurði, sem kom til dyra og kvaðst vera einn heima. Lögreglumennirnir skýrðu frá því að þeir væru komnir vegna kvartana frá sambýlisfólki hans, en hann sagði þeim að tala við fólkið á neðri hæðinni sem væri að henda í gluggann hjá honum.

Þegar vitnið kom þarna í þetta skipti var Sigurður greinilega ölvaður en rólegur og allt í lagi að tala við hann. Vitnið mundi ekki betur en Sigurður hefði verið klæddur í ljósgráa peysu að ofan, en vitnið tók ekki sérstaklega eftir litnum á buxunum sem hann var í, enda myrkur í stigaganginum.

Í seinna skiptið, sem vitnið fór að Grettisgötu 19 B, var klukkan um 21.20, en þá fór vitnið vegna kvartana frá fólki sem á heima í næsta húsi við Grettisgötu 19 B.

Í þetta skipti fór vitnið eitt. Það fór og bankaði hjá Sigurði sem kom ekki strax til dyra, en þegar hann loksins kom þá sagðist hann hafa verið á salerninu. Sigurður sagði vitninu þá að hann væri hættur að standa í þessu og kvaðst vera að fara að sofa. Vitnið tók ekki sérstaklega eftir klæðnaði Sigurðar í þetta skipti. Vitnið mundi eftir því að Sigurður sagði því að hann væri einn heima og það sagði hann án þess að vitnið spyrði

að því. Vitnið sá að Sigurður var ölvaður en hann var ekki meira ölvaður en þegar vitnið kom í fyrra skiptið. Vitnið sá enga áverka á Sigurði og hann kvartaði ekki yfir neinu. Gat vitnið ekki annað séð en allt væri í lagi með hann.

Vitnið fór í hvorugt skiptið upp í íbúðina til Sigurðar og gat þar af leiðandi ekki um það sagt hvort einhver var hjá honum eða ekki.

Vitnið Einar Ásbjörnsson lögregluþjónn, Flúðaseli 93 í Reykjavík, kvaðst hafa verið sent að Grettisgötu 19 B,ásamt tveim öðrum lögreglumönnum umrætt föstudagskvöld um kl. 20.45. Komið hafði beiðni frá Sigurði, að lögreglan kæmi á staðinn vegna ónæðis sem hann sagðist hafa orðið fyrir frá hendi nábúa sinna að vitnið taldi. Lögreglumennirnir knúðu dyr hjá Sigurði, og kom hann að nokkrum tíma liðnum til dyra. Var hann ölvaður og sjúskaður að sjá. Ekki sáust neinir áverkar á honum. Vitnið kvaðst ekki muna í hvernig fötum Sigurður var, en taldi að hann hefði verið klæddur dökkleitri skyrtu að ofan og jakkalaus. Sagði Sigurður að hann hefði ekki svefnfrið vegna hávaða frá nágrönnum sínum, en ekki hefði hann nefnt neinn sérstakan í því sambandi. Þeir hafi ekki aðhafst neitt frekar í máli þessu og litið á þetta sem ölvunarrugl í Sigurði, enda daglegt brauð eða því sem næst að lögreglan væri kvödd að Grettisgötu 19 B vegna ölvunar á heimili Sigurðar.

Vitnið gat þess að í þau skipti, sem það hefi farið í útkall á heimili Sigurðar, þá hefði það séð ákærðu sem dvalið höfðu um nokkurn tíma á heimili Sigurðar. Umrætt kvöld hefðu þeir ekki farið upp í íbúðina til Sigurðar og ekki heyrt í neinum uppi. Þá höfðu þeir ekki spurt Sigurð hvort einhver væri hjá honum. Fóru þeir við svo búið.

Vitnið Óskar Bjartmarz lögreglumaður, Espigerði 12 í Reykjavík, kvaðst umrætt kvöld hafa farið í „ölvunarkall" að Grettisgötu 19 B kl. 21. Íbúi efri hæðar hússins kom til dyra og sagðist hafa verið sofandi og vilja fá frið. Slæm lýsing var þarna og því gat vitnið ekki merkt hvort maðurinn var ölvaður. Vitnið gat ekki merkt neina áverka á honum. Vitnið hafði tvívegis áður farið í húsið og þekkti manninn fyrir íbúa efri hæðarinnar. Lögreglumennirnir snéru frá við svo búið og höfðu ekki frekari afskipti af þessu.

Öll framangreind vitni hafa komið fyrir dóminn við meðferð málsins, borið með áþekkum hætti og hjá rannsóknarlögreglu og staðfest skýrslur sínar hjá henni.

Vitnið Pétur Ragnar Bæring telur nú að móðir ákærðu hafi komið á heimili þess einhvern tíma í kringum kl. 20 umrætt föstudagskvöld og um svipað leyti hafi ákærðu komið. Vitnið man þó ekki hvort þau komu á undan eða eftir móður ákærðu.

Vitnið kveðst hafa talið að um brennivínsdauða væri að ræða þegar ákærði sagði því í trúnaði að Sigurður væri „dauður".

Vitnið Einar sá ekkert athugavert við Sigurð umræddan dag nema að hann var ölvaður.

Vitnið Ingigerður Sigurósk kveðst hafa heyrt einhvern hávaða við húsið Grettisgötu 19 B kvöldið 22. febrúar sl. Vitnið getur ekki tímasett þetta frekar. Þá getur vitnið ekki upplýst hvort hávaðinn kom innan úr húsinu eða var fyrir utan það. Var vitnið inni í húsi sínu þegar það heyrði þennan hávaða. Eftir þetta síðar um kvöldið kvaddi vitnið lögreglu á vettvang vegna ölvaða mannsins.

Vitnið Sigríður man ekki hvort ljós voru í íbúð Sigurðar er það kom heim aftur á föstudagskvöldinu en segir að dimmt hafi verið þegar það fór í burtu.

Vitnið sagði rangt eftir því haft í skýrslu þess hjá rannsóknarlögreglu að það hefði heyrt mikla dynki og hróp frá íbúð Sigurðar, það hefði heyrt eitt óp sem gæti hafa komið þaðan.

Vitnið Hans Sigurbjörnsson lögreglumaður, Öldugranda 5 í Reykjavík, gerði skýrslu um fyrstu afskipti lögreglunnar af málinu. Vitnið hefur staðfest hana við meðferð þess.

Vitnið Jónas Jón Hallsson rannsóknarlögreglumaður, Bergholti 11 í Mosfellssveit, hefur staðfest áðurgreindar skýrslur sínar við meðferð málsins.

Vitnið Melvin McInnes aðstoðarlæknir, Kjalarlandi 8 í Reykjavík, kom með neyðarbifreið frá Borgarspítalanum að Grettisgötu 19 B umrætt sinn. Gerði vitnið skýrslu fyrir aðstoðarborgarlækni um för sína þangað. Samkvæmt þeirri skýrslu, sem vitnið hefur staðfest við meðferð málsins, skoðaði vitnið Sigurð heitinn og úrskurðaði hann látinn en treysti sér ekki til að spá um dánarorsök né tímalengd frá andláti.

Fyrir dóminum hefur vitnið lýst þeirri skoðun sinni að andlát Sigurðar heitins hafi borið að höndum 1-6 klst. áður en vitnið skoðaði lík hans. Ekki þorir vitnið þó að fullyrða þetta.

Vitnið Heimir Bjarnason aðstoðarborgarlæknir, Vatnsholti 6 í Reykjavík, kom að Grettisgötu 19 B rétt fyrir klukkan 16 og voru þá lögreglubifreið og sjúkrabifreið við húsið. Leit vitnið á lík Sigurðar og íbúð hans. Gerði vitnið skýrslu um þetta sem það hefur staðfest við meðferð málsins. Jafnframt hefur vitnið látið uppi það álit sitt að Sigurður hafi andast 2-6 klst. áður en það sá lík hans. Ekki getur vitnið þó fullyrt þetta.

Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn, Giljalandi 4, Guðmundur Guðmundsson lögreglufulltrúi, Nesvegi 72, Steindór Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður, Ánalandi 6, allir í Reykjavík, Bjarnþór Aðalsteinsson rannsóknarlögreglumaður, Stórateigi 20, Högni Einarsson rannsóknar-

lögreglumaður, Stórateigi 12, báðir í Mosfellssveit og Sigurjón Pálsson varðstjóri, Miðvangi 105 í Hafnarfirði, höfðu allir afskipti af rannsókn málsins og hafa við meðferð þess staðfest þau verk sín.

Fatnaður ákærðu, sem þau voru í eru þau voru handtekin, var rannsakaður, svo og fatnaður sá sem hinn látni var í er að honum var komið. Gerðu vitnin Ragnar og Steindór skýrslur um rannsóknina.

Samkvæmt skýrslum vitnanna voru nokkrir blóðblettir eða blettir, sem gáfu blóðsvörun, í fatnaði ákærða, bol og gallabuxum og á hægri ermi mittisúlpu ákærðu. Þá voru samskonar blettir á skyrtu og leðurjakka, sem hinn látni hafði verið í.

Vegna framburðar vitnisins Sigríðar um hávaða frá íbúð Sigurðar heitins um það leyti, sem sakamálamynd byrjaði í sjónvarpinu, fengust þær upplýsingar frá sjónavarpinu að kvikmyndin Gaslight hefði byrjað klukkan 22.21 umrætt kvöld.

Lík Sigurðar Breiðfjörð var krufið og segir svo í skýrslu Ólafs Bjarnarsonar prófessors um krufninguna:

„Krufningin:

Líkið er af 170 cm háum karlmanni, grannholda. Líkið er alstirt og rauðbláleitir líkblettir dreifðir um aftanverðan líkamann. Ekkert sérstakt á augum að sjá. Töluvert storkið blóð er í nösum en ekkert sérstakt á ytri eyrum að sjá. Efst á enninu utanvert vi.megin er 2 cm langur skurður sem gengur aðeins yfir í hársvörðinn. Skurður þessi er með tættum börmum og gengur alveg inn í bein. Umhverfis hann er mikið blóðstorkuhrúður á húðinni. 2,5 cm ofan við miðja vi. augabrún er 0,8 cm löng skurfa sem gengur aðeins inn í húðina. Milli augabrúna eru nokkrar grunnar rispur og undir þeim mar í húðinni. Yfir vi. kinnbeini er upphlaupið mar 3,5 × 3 cm. Marblettir eru neðanvert á hökunni beggja vegna. Báðir gómar eru tannlausir en í munninum töluvert blóðlitað slím. Þegar þreifað er á neðri kjálka finnst að kjálkinn er brotinn beggja vegna um 8 cm aftan við miðja höku. Svo er að sjá sem aftari brotendi vi.megin hafi stungist í gegnum húðina 1 cm neðan við vi. munnvik og er þar 1 cm langur skurður með tættum börmum. 0,5 cm ofan við vi. munnvik er annar skurður með tættum börmum sem gengur í gegnum húð og mælist 0,7 cm á lengd. Efst á bringunni vi. megin eru dreifðir marblettir, nýlegir og ganga upp á vi. viðbein en þar er nokkur nýleg blæðing í subcutis. Umhverfis skurfurnar í andlitinu eru blóðstorkublettir. Einnig er nokkurt storkið blóð á fingrum hæ. handar. Önnur áverkamerki en að ofan getur sjást ekki við ytri skoðun á líkinu."

Í lok skýrlsunnar segir síðan svo:

„Ályktun:

Við krufninguna komu í ljós verulegir áverkar á höfði og var neðri kjálki meðal annars brotinn beggja vegna. Er augljóst að maðurinn hefir fengið mjörg þung högg í andlit (enni, nef, vinstri kinn og höku). Upplýst er að maðurinn var asthmasjúklingur og við krufninguna fannst veruleg lungnaþemba (emphysema pulmonum) og blóðfylla og bjúgur í lungunum. Einnig var hjarta stækkað og þanið. Þá hefir maðurinn að líkindum verið ölvaður er hann lést og auk þess var hann með væga digoxineitrun. Hann var og með fitulifur á háu stigi og hrörnunarbreytingar í nýrum.

Líklegast þykir að þau högg er maðurinn mun hafa hlotið í andlit hafi valdið meðvitundarleysi (maðurinn verið barinn í rot). Það er þekkt að höfuðáverkar geta valdið lungnabjúg, en í þessu tilfelli hefur lungnabjúgurinn orðið manninum að bana. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að meðvitundarleysið og hið lélega líkamlega ástand mannsins ásamt með ölvun og vægri digoxineitrun hafi leitt til lungnabjúgsins, sem síðan hafi orðið manninum að bana.“

Magn etanóls í blóði líksins var 1,70‰ og í þvagi 2,13‰ samkvæmt rannsókn Rannsóknastofu í lyfjafræði.

Ákærði Viðar gekkst undir geðheilbrigðisrannsókn. Hófst hún 9. mars sl. og var framkvæmd af Hannesi Péturssyni yfirlækni. Er skýrsla hans um rannsóknina dagsett 1. apríl sl. Í henni er rakin persónusaga ákærða, geðsaga hans, líkamlegt heilsufar, aðdragandi atburðanna, líkamleg skoðun og rannsóknir og geðskoðun. Í lok skýrslunnar segir síðan:

„Ályktun:

Að mínu áliti er Viðar Björnsson ekki haldinn formlegri geðveiki né greindarskorti. Hins vegar tel ég að hann hafi sýnt merki um skapgerðarbresti, áfengissýki og lyfjamisnotkun. Eins og fyrri sjúkraskrár greina frá, hefur Viðar oftlega á undanförnum árum vistast á meðferðarstofnunum vegna framangreindra vandamála. Persónuleikatruflana Viðars virðast hafa gætt frá barna- og unglingsárum, sem atferlistruflanir, skapgerðarbrestir og áfengis- og lyfjamisnotkun. Í þessu sambandi er vert að minna á erfið uppeldisskilyrði á unglingsárum og drykkjusýki meðal náinna ættingja. Lögbrot þau, er Viðar hefur framið á undanförnum 1-2 áratugum, virðast flest ef ekki öll vera auðgunarbrot til að fjármagna áfengiskaup vegna vaxandi drykkjusýki. Athyglisvert er þó að á þeim árum sem hann var í sambúð virðist hann hafa komið ágætlega undir sig fótum, og m.a. getað byggt sér íbúðarhúsnæði.

Skapgerðarbresta Viðars virðist helst verða vart undir áhrifum áfengis og/eða lyfja og virðist hann þá stundum eiga erfitt með sjálfstjórn, þó ekki virðist hann eiga vanda til þess að lenda í handalögmálum og hafi ekki

áður sætt kæru fyrir líkamsárás. Í sambandi við aðdragandann að ætluðu broti Viðars, þá er ljóst að hann hafði um langan tíma átt við að stríða alvarlega áfengissýki og lyfjafíkn. Einnig virðist ljóst, að Viðar hafi að öllum líkindum verið ofurölvi þegar atburðurinn átti sér stað. Þó raunveruleikamat og dómgreind Viðars Björnssonar sé annars óskert og hann teljist því sakhæfur, þá er líklegt að áfengissýki, lyfjafíkn og ölvun hafi sljóvgað dómgreind hans og sjálfstjórn þegar umrætt atvik átti sér stað."

Sigurgísli Skúlason sálfræðingur á Geðdeild borgarspítalans lagði sálfræðipróf fyrir ákærða Viðar, þ.á m. greindarpróf Wechslers fyrir fullorðna. Samkvæmt því reyndist greindarvísitala ákærða 101 og telst ákærði samkvæmt þeirri niðurstöðu í meðallagi gefinn. Telur sálfræðingurinn að kvíði og spenna hafi vafalítið dregið eitthvað úr árangri í prófinu og sé eðlisgreind því sennilega eitthvað hærri.

Með eigin játningu ákærða Viðars, sem studd er framburði ákærðu Sólrúnar og öðrum gögnum, er sannað að ákærði Viðar veittist að Sigurði Breiðfjörð Ólafssyni föstudagskvöldið 22. febrúar sl. með stórfelldri líkamsárás og þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Getur hvarf einnar áfengisflösku á engan hátt réttlætt slíka árás. Þykir í ljós leitt með endurriti úr dagbók D-vaktar lögreglunnaar í Reykjavík og framburði vitnisins Hauks Ásmundssonar, sem hvort tveggja er stutt framburði vitnisins Sigríðar Pétursdóttur, að árásin hafi átt sér stað eftir klukkan 21.27 um kvöldið. Þykja ekki marktækar ágiskanir annarra um aðrar tímasetningar.

Þá er sannað með játningum ákærðu beggja, sem studdar eru öðru því sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið, að ákærðu yfirgáfu Sigurð Breiðfjörð meðvitundarlausan án þess að gera neitt honum til bjargar þegar eftir árásina og aftur næsta dag nálægt hádegi. Gerðu þau ekkert Sigurði Breiðfjörð til hjálpar fyrr en ákærða Sólrún kvaddi til sjúkrabifreiðina, en þá var Sigurður Breiðfjörð látinn, að mati læknanna tveggja 1-2 klukkustundum og allt að 6 klukkustundum áður.

Ekki verður fullyrt hvenær lát Sigurðar Breiðfjörð bar að höndum eða hvort hann var látinn er ákærðu komu að honum nálægt hádegi á laugardeginum. Verður að telja skyldu ákærðu til að útvega Sigurði Breiðfjörð hjálp hafi verið til staðar allt þar til úrskurður læknis lá fyrir um að hann væri látinn, en ákærðu vissu að Sigurður Breiðfjörð var bæði hjarta- og asmasjúklingur.

Líkamsárás ákærða Viðars er brot á 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981. Þá hefur ákærði Viðar brotið gegn 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga með því að aðhafast ekkert Sigurði Breiðfjörð til bjargar eftir að hann hafði gert hann bjargarlausan með árásinni, hvorki þegar eftir árásina né á laugardeginum.

Ákærða Sólrún stóð ekki að árásinni og bar ekki skylda til að sjá um

Sigurð Breiðfjörð. Er hún því sýknuð af broti á 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar verður að telja athafnaleysi ákærðu í því að útvega Sigurði Breiðfjörð hjálp brot á 1. mgr. 221. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála er heimilt að beita þeirri lagagrein, þar sem málið sætti sókn og vörn með tilliti til þess, að brot ákærðu Sólrúnar gæti varðað við hana.

Ákæra dagsett 20. maí 1985.

Ákærði Viðar hefur viðurkennt að hafa miðvikudaginn 6. eða fimmtudaginn 7. nóvember sl., er hann var gestkomandi í íbúð á 3. hæð að Vífilsgötu 10 í Reykjavík, skorið þar úr ramma ca 40 ára gamalt málverk, mynd af Haukadal eftir Jón Engilberts, slegið eign sinni á það og haft á brott með sér upprúllað. Ákærði kveðst hafa fengið mann á aldrinum 60-70 ára, sem hann hitti í húsi Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg, til þess að geyma fyrir sig myndina, en hana ætlaði ákærði að selja. Ákærða Sólrún taldi að ákærði hefði látið einhvern lækni geyma fyrir sig málverkið, en inngangurinn til hans væri rétt hjá Domus Medica. Rannsóknarlögregla ríkisins hélt uppi spurnum um málverkið í heilsuverndarstöðinni, sundhöllinni og Droplaugarstöðum en enginn kannaðist við það. Hefur það ekki komið í leitirnar.

Ártal hefur falið niður í brotalýsingu ákæru og rannsóknarlögreglan hefur ekki reynt að afla mats á verðmæti málverksins né nákvæmar lýsingar á því.

Með eigin játningu ákærða Viðars og öðru því, sem fram er komið í málinu, er sannað að hann hafi stolið umræddu málverki. Enda þótt ártal hafi fallið niður í brotalýsingu ákæru er ljóst af gögnum málsins að brotið var framið á árinu 1984. Þykir þessi galli á ákærunni, ónákvæm lýsing á málverkinu og skortur á verðmætismati þess, ekki alveg næg til þess að vísa þessari ákæru frá, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974. Er þessi þjófnaður ákærða Viðars brot á 244. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Viðars hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1965 í Reykjavík: Uppvís að broti á 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 9. september 1965.

1966 31/1 í Reykjavík: Sátt: 300 kr. sekt fyrir brot á 4. gr. umferðarlaga.

1966 5/8 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár.

1969 24/6 í Kópavogi: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga.

1969 16/7 í Reykjavík: Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga.

1970 16/1 í Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot á 155. gr., 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga. (Dómur 24/6 1969 dæmdur með).

1970 12/2 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1971 4/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 155. gr. og 248. gr. hegningarlaga.

1974 4/4 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1974 4/10 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 1 ár.

1977 18/5 í Keflavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1978 14/2 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1979 26/2 í Gullbr.s.: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 244. gr. (sic) sbr. 20. gr. hegningarlaga.

1979 7/5 í Keflavík: Dómur: Sakfelldur, en eigi gjörð sérstök refsing fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1980 16/6 í Keflavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

1980 22/9 í Keflavík: Dómur Hæstaréttar: 12 mánaða fangelsi (Dómur héraðsdóms 26/2 '79).

1984 17/12 í Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

1985 5/2 í Keflavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

Ákærða var veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 255 dögum, hinn 23. júní 1982.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu Sólrúnar hefur hún sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1972 í Reykjavík: Uppvís að broti á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 10.4. 1972.

1972 5/1 í Reykjavík: Uppvís að brotum á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið frá 4. júlí 1972.

1973 24/5 í Reykjavík: Sátt: 1.950 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1974 3/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1976 28/3 Vestm.e.: Sátt: 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1976 6/4 Vestm.e.: Sátt: 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1977 7/3 í Reykjavík: Sátt: 60.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Svipt ökuleyfi í 12 mánuði frá 7. júlí 1976.
1977 11/7 í Reykjavík: Dómur: 125.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Svipt ökuleyfi ævilangt frá 11/7 1977.
1978 7/11 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 155. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
1982 3/6 í Keflavík: Dómur: 6.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. 1. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga. Svipt ökuleyfi ævilangt frá 20/1 1982.
1985 25/3 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

Ákærðu var veitt ökuleyfi á ný 14. nóvember 1980 eftir hina ævilöngu sviptingu þess á árinu 1977.

Refsing ákærða Viðars verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og 78. gr. sömu laga vegna þjófnaðarins. Með hliðsjón af því og sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 5 ár.

Refsing ákærðu Sólrúnar verður ákveðin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Ákærðu sættu bæði gæsluvarðhaldi eins og áður greinir frá 24. febrúar sl., hún frá klukkan 21.20, hann frá klukkan 21.58. Var hún úrskurðuð til að sæta gæsluvarðhaldi allt til 6. mars kl. 17 en hann allt til 20. mars kl. 17. Ákærða sat í gæsluvarðhaldi allan tímann en var þá látin laus. Gæsluvarðhald ákærða var framlengt 20. mars sl. til 1. maí sl. kl. 17. Aftur var það framlengt 30. apríl sl. við þingfestingu málsins og þá á meðan á meðferð málsins stæði og fram til dómsuppsögu, en þó ekki lengur en til 28. júní nk. klukkan 17. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að framangreint gæsluvarðhald komi refsingum ákærðu til frádráttar, hjá henni 10 dagar en honum 115 dagar.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað. Skal ákærði Viðar greiða skipuðum verjanda sínum, Indriða Þorkelssyni héraðsdómslögmanni, 15.000 krónur í réttargæslulaun. Annan sakarkostnað skal ákærði Viðar greiða að ¾ hlutum, en ákærða Sólrún að ¼ hluta, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, áðurgreinds Indriða, 30.000 krónur.

Dr. Gunnlaugi Þórðarsyni hæstaréttarlögmanni var fyrir meðferð máls-

ins úrskurðuð þóknun fyrir réttargæslu vegna ákærðu Sólrúnar. Verður því í máli þessu eigi dæmt um það atriði.

Dómsorð:

Ákærði, Viðar Björnsson, sæti fangelsi 5 ár. Til frádráttar refsingunni skal koma 115 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærða, Sólrún Elísdóttir, sæti fangelsi 5 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 10 daga gæsluvarðhald ákærðu.

Ákærði Viðar greiði skipuðum verjanda sínum Indriða Þorkelssyni héraðsdómslögmanni 15.000 krónur í réttargæslulaun. Annan sakarkostnað greiði ákærði Viðar að ¾ hlutum, en ákærða Sólrún að ¼ hluta, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, áðurgreinds Indriða, 30.000 krónur.

Föstudaginn 23. maí 1986.

Nr. 149/1986. **Olíuverslun Íslands h/f**

gegn

Hilmari S. R. Karlssyni.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 14. apríl 1986, sem barst Hæstarétti 30. sama mánaðar, kært þinglýsingu áfrýjunarstefnu í málinu nr. 266/1985: Hilmar S. R. Karlsson gegn uppboðsbeiðendum Túngötu 7 Bessastaðahreppi í Kjósarsýslu, og uppboðshaldaranum í Kjósarsýslu á framangreinda fasteign. Kæruheimild telur kærandi vera í 3. gr. laga nr. 39/1978.

Sóknaraðili krefst þess að framangreind þinglýsing verði afmáð af fasteigninni nr. 7 við Túngötu í Bessastaðahreppi og að sér verði tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst þess *aðallega* að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en *til vara* að ákvörðun þinglýsingardómara verði staðfest. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Í áfrýjunarstefnu þeirri, sem um er deilt í máli þessu hvort þinglýsa skuli, segir m.a. svo:

„Réttinum hefur tjáð Hilmar S. R. Karlsson, nnr. 4127-9680, Túngötu 7, Bessastaðahreppi, Kjósarsýslu, að hann þurfi að áfrýja til Hæstaréttar nauðungaruppboði á fasteigninni Túngata 7, Bessastaðahreppi, Kjósarsýslu.

Hin áfrýjaða uppboðsgerð hófst með birtingu uppboðsauglýsingar um nauðungaruppboð í 101. tbl. Lögbirtingablaðsins, sem út kom miðvikudaginn 27. október 1982, og henni lauk með útgáfu uppboðsafsals 22. nóvember 1985.

Fyrir Hæstarétti gerir áfrýjandi þá réttarkröfu að öll meðferð uppboðsmálsins fyrir uppboðsrétti Kjósarsýslu frá byrjun til enda verði dæmd ógild og uppboðið fellt úr gildi í heild sinni með eða án nýrra gagna, krafna og málsástæðna og með eða án heimvísunar, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973."

Málsaðilar hafa báðir lagt fram greinargerðir fyrir Hæstarétti og þinglýsingardómarinn hefur einnig sent Hæstarétti greinargerð af sinni hálfu. Í henni segir m.a. svo:

„Við nánari athugun hefur þinglýsingardómari komist að þeirri niðurstöðu að skjalið fullnægði ekki skilyrðum til þinglýsingar skv. IV. kafla laga nr. 39/1978 og hafi því upphaflega borið að vísa skjalinu frá þinglýsingu. Hins vegar brestur þinglýsingardómara heimildir til þess að afmá þinglýsinguna úr fasteignabók skv. 27. gr. laga nr. 39/1978, sbr. athugasemdir við þá grein í frumvarpi til þinglýsingarlaga."

Sóknaraðili styður kröfur sína þeim rökum að ekki megi þinglýsa áfrýjunarstefnunni á fasteign hans sem sé þinglesin eign hans „meðal annars þar sem skilyrði 4. kafla 1., 27. og 28. gr. laga nr. 39 frá 1978 hafi ekki verið fyrir hendi."

Varnaraðili styður aðalkröfu sína þeim rökum, að kærufrestur eftir 22. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands hafi verið liðinn er málið var kært. Í kæru komi fram að sóknaraðila hafi verið kunnugt um þinglýsinguna í lok marsmánðar 1986, en kæra sé dagsett 14. apríl s.á. Kærufrestur í 22. gr. laga nr. 75/1973 sé 2 vikur

og hafi því verið liðinn hinn 14. apríl er kæra er dagsett. Hann kveður kærufrest samkvæmt 3. gr. laga um þinglýsingar nr. 39/1978 einungis eiga við ef það er þinglýsingarbeiðandi sem kærir úrlausn héraðsdómara og sá kærufrestur eigi því ekki við í þessu máli. Þá telur hann sig eiga lögvarða hagsmuni af því að áfrýjunarstefnunni sé þinglýst á eignina. Hann vilji ekki una nauðungaruppboðinu og sé honum nauðsynlegt að fá það ómerkt í Hæstarétti. Honum sé nauðsynlegt með þinglýsingu áfrýjunarstefnunnar að tryggja rétt sinn gagnvart hugsanlegum viðsemjendum sóknaraðila eða lánardrottnum sem ganga vildu að eigninni.

Þá telur hann að tilvísun sóknaraðila til 28. gr. laga nr. 39/1978 eigi ekki við. Í því lagaákvæði sé átt við að úrskurð dómara þurfi til þinglýsingar stefnu, þegar mál er sótt sem varðar réttindi yfir fasteign, t.d. riftunarmál eða eignardómsmál, en það eigi örugglega ekki við um stefnu til æðra dóms til ómerkingar á uppboðsgerð.

Skilja verður 3. gr. laga nr. 39/1978 svo, að allar úrlausnir þinglýsingardómara samkvæmt lögunum sæti kæru samkvæmt meginreglum II. kafla laga nr. 75/1973. Kærufrestur samkvæmt lagagreininni er 4 vikur. Í lögum nr. 75/1973 um Hæstarétt er ekki kæruheimild fyrir þinglýsingamál nema að því leyti sem 1. tölul. 1. mgr. 21. gr. gildir um þann málaflokk. Verður ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 75/1973 um 2 vikna kærufrest ekki beitt um þinglýsingamál þrátt fyrir orðalag 3. gr. laga nr. 39/1978, þar sem sérstaklega er vikið að þinglýsingarbeiðanda.

Ákvæði 1. mgr. 28. gr. laga nr. 39/1978 eiga ekki við um áfrýjunarstefnu til Hæstaréttar. Varnaraðili neytti ekki heimilda 2. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga til þess að fá þinglýst kröfu um leiðréttingu. Með uppboðsafsali frá 22. nóvember 1985 fékk sóknaraðili formlega heimild til eignarinnar Túngötu 7 í Bessastaðahreppi, sbr. 22. gr. laga nr. 39/1978. Staðhæfingum annarra aðila en þess sem hefur formlega eignarheimild verður ekki þinglýst á eign eftir öðrum heimildum en þeim sem greinir í 27. og 28. gr. þinglýsingalaga. Svo sem að framan greinir eiga ákvæði 28. gr. ekki við um tilvik það sem hér er fjallað um, en eigi var beitt heimildum 27. gr. Var því eigi, eins og hér stendur á, grundvöllur til þinglýsingar áfrýjunarstefnu þeirrar frá 6. desember 1985 sem hér er um fjallað. Ber því að afmá hana úr þinglýsingabók Kjósarsýslu.

Rétt þykir að varnarðili greiði sóknaraðila kærumálskostnað, 5.000,00 krónur.

Dómsorð:

Afmá skal úr þinglýsingabók Kjósarsýslu af eigninni Túngötu 7 í Bessastaðahreppi, Kjósarsýslu, þinglýsingu á áfrýjunarstefnu frá 6. desember 1984, skráðri hinn 18. mars 1986, í hæstaréttarmálinu nr. 266/1985.

Varnaraðili, Hilmar S. R. Karlsson, greiði sóknaraðila, Olíuverslun Íslands h/f, 5.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. maí 1986.

Nr. 147/1986. **Nylon Hoisery Company Ltd.**
gegn
G. Bergmann hf.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b. lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 10. apríl 1986 er barst Hæstarétti 28. s.m. Hann krefst þess að frávísunardóminum verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdóminn að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Fyrirsvarsmaður stefnda hefur gefið skýrslu um málsatvik fyrir héraðsdómi. Fyrirsvarsmenn stefnanda hafa hins vegar ekki komið fyrir dóm til skýrslugjafar og stefnandi hefur ekki að öllu farið eftir ábendingum héraðsdóms um öflun gagna þeirra, sem í hinum kærða dómi greinir. Að svo vöxnu máli var héraðsdómi rétt samkvæmt 116. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu frá. Verður héraðsdómurinn því staðfestur, en rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. apríl 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. febrúar sl. er höfðað með stefnu birtri 24. janúar 1985 af Skarphéðni Þórissyni hrl,. nnr. 8163-8543, Pósthússtræti 13 Reykjavík, f.h. Nylon Hosiery Company Ltd., 3 Cavendish Place, London, Englandi gegn Hauki Björnssyni, Látraströnd 58, Seltjarnarnesi, stjórnarformanni G. Bergmann hf., Reykjavík, nnr. 2506-1322, vegna félagsins.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða 2.503,20 sterlingspund með 12% ársvöxtum frá 1/12 1983 til 11/8 1984, en frá þeim degi með 14,5% ársvöxtum til greiðsludags og til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst *aðallega* að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati réttarins. *Til vara* krefst stefndi lækkunar á dómkröfum stefnanda og þess að málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir:

Stefnandi kveður málavexti vera þá að í október og nóvember 1983 hafi stefndi keypt fatnað af fyrirtæki stefnanda í Englandi. Á reikningi séu sendingar þessar sundurliðaðar nákvæmlega og sé heildarkrafa stefnanda samkvæmt reikningnum 2.503,20 pund. Vörur þessar hafi allar verið sendar til Íslands og hafi komið til landsins á eðlilegum tíma. Dagsetning fyrstu sendingar sé 23. september 1983 og virðast sendingarnar fimm að tölu hafa komið til landsins á tímabilinu 4. október til miðs nóvember s.á. Stefnandi telur að vörurnar hafi verið leystar út. Stefndi hafi endursent vörurnar í

janúar 1984 en stefnandi neitað þeim móttöku. Stefndi hafi ekki fengist til að greiða kröfu stefnanda, og beri hann fyrir sig ranga og of seina afgreiðslu. Formleg kvörtun stefnda hafi ekki borist fyrr en í marsmánuði.

Stefndi kveður forsögu málsins vera þá að Guðlaugur Bergmann fyrirsvarsmaður stefnda hafi verið í viðskiptaerindum í London í ágústmánuði 1983. Hafi hann þá m.a. farið í starfstöð stefnanda, sem hann hafi oft áður átt viðskipti við, og pantað vörur þær sem mál þetta fjallar um, samstæða vettlinga og legghlífa úr ullarefni (sett) í ýmsum litum. Hafi Guðlaugur lagt á það áherslu við kaupin að fá vöruna afhenta strax enda hafi ætlun hans verið að hefja sölu hennar í lok ágúst og ná þannig til hins stóra hóps skólafólks, sem eyðir drjúgum hluta sumarhýrunnar til fatakaupa í upphafi skólaárs. Vörurnar hafi komið til landsins í fimm sendingum í nóvember og hluti þeirra líklega síðar eða löngu eftir að um var samið. Sölutími þeirra hafi þá verið liðinn og lítil von að það tækist að selja þær fyrr en að hausti. Aftur á móti var óvíst að þær yrðu þá í tísku. Ákvað stefndi engu að síður að leysa til sín eina sendingu. Hafi hann fengið hana tollafgreidda og afhenta, en áður hafi hann keypt andvirði hennar í erlendum gjaldeyri í banka. Greiðslan hafi hins vegar ekki verið send stefnanda þar sem við athugun á sendingunni hafi komið í ljós að afgreiðsla af hálfu stefnanda var ekki í samræmi við óskir stefnda. Í henni hafi einungis verið 21 tylft af legghlífapörum en engir vettlingar, enda þótt samið hafi verið um 15 tylftir af hvorri gerð. Kveðst stefndi, er hann gerði sér ljós þessi mistök, strax hafa sent skeyti til Gerry Williams, umboðsmanns síns í London og beðið hann að koma því á framfæri við stefnanda að þessari sendingu væri ekki veitt móttaka og yrði hún endursend. Jafnframt skyldi umboðsmaðurinn kvarta við seljendur vegna verulegs afhendingardráttar. Hinn 23. nóvember 1983 hafi borist svar með telexi, má af því ráða að þann dag hafi stefnandi enn átt eftir að afhenda hluta af pöntun stefnda eða 12 tylftir af hvorri tegund. Síðan séu engar heimildir um samskipti aðilja fyrr en í lok janúar 1984 en þá hafi stefndi endursent vörurnar til stefnanda eftir að hafa til þrautar reynt að fá einhverja tilhliðrun hjá honum vegna afhendingardráttar og rangrar afgreiðslu. Í marsbyrjun er ljóst að stefnandi tekur ekki á móti vörunum.

Málsástæður. Lagarök.

Málsástæður stefnanda eru þær að stefndi hafi pantað umræddar vörur til landsins sem hafi verið sendar á réttum tíma en stefndi neitað að greiða þær á forsendum sem fái ekki staðist lagalega. Ósannað sé að vörurnar hafi verið afgreiddar seinna en til stóð og ennfremur er því vísað á bug að vörurnar hafi verið rangt afgreiddar. Vörur þessar hafi verið sendar til landsins á tímabilinu september til nóvember 1983. Stefndi hafi ekki

kvartað yfir vörum þessum fyrr en í bréfi dags. 5. mars 1984. Kvörtun þessi sé sett fram alltof seint og sé hér aðallega vísað til 27. gr. og 52. gr. l. nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Stefndi kveðst byggja kröfur sínar á því að hann hafi pantað tiltekna vörutegund sem einungis sé unnt að selja á ákveðnum árstíma. Þetta hafi stefnanda verið ljóst eða átt um það vita, enda sé hann enginn nýgræðingur í viðskiptum. Engu að síður hafi stefnandi afgreitt vöruna mörgum mánuðum of seint þegar næsta vonlítið var að selja hana fyrr en e.t.v. að ári. Einnig hafi hluti af pöntun verið ranglega afgreiddur. Stefndi hafi af þessum sökum ekki átt annars úrkosti en að endursenda stefnanda vörurnar. Vörurnar séu enn í vörslu umboðsmanns hans í London, þar sem stefnandi hafi neitað að veita þeim viðtöku.

Varakröfu sína byggir stefndi á því að hluti sendingar stefnanda hafi verið ranglega afgreiddur. Verðmæti þessa hluta af pöntun stefnda nemi 402 sterlingspundum. Er þess krafist að stefnukrafan verði lækkuð sem þessu nemur.

Niðurstaða.

Aðilar eru báðir verslunarfyrirtæki og varðar mál þetta viðskipti þeirra. Stefnandi byggir kröfur sínar á yfirliti yfir reikninga og upphæðum þeirra, sbr. dskj. nr. 3. Ágreiningur er um afhendinu og afgreiðslu vörunnar. Ljóst þykir af gögnum málsins að pöntun stefnda hafi verið skráð.

Í þinghaldi hinn 6. nóvember 1985 beindi dómurinn þeim tilmælum til lögmanns stefnanda að hann legði fram pöntun vegna viðskipta þeirra sem hér er um deilt sem og pöntunarstaðfestingar og undirreikninga, skv. dskj. nr. 3 og einnig að hann aflaði afstöðu stefnanda til þeirrar fullyrðingar að vörur þessar hafi verið keyptar af lager.

Lögmaðurinn kom tilmælum dómsins á framfæri við umboðsmenn stefnanda í London, The London Traders Association (LTA), með bréfi dags. 7. nóvember 1985.

Svarbréf LTA dags. 13. s.m. hefur verið lagt fram ásamt fimm reikningum. Í ofannefndu bréfi er tilmælum dómsins um að stefnandi leggi fram pöntun vegna viðskiptanna svarað á þann veg að: „....vissulega sé það stefnda að gera grein fyrir sérhverri deilu sem tengist vörunum, út frá sjónarmiði stefnanda sé málið einfalt, hann hafi afgreitt vöruna eins og hún var pöntuð, en henni hafi síðan verið hafnað af viðskiptavininum án nokkurrar sýnilegrar ástæðu.“ Tilmælum dómsins um að lagðar verði fram pöntunarstaðfestingar er svarað þannig: „Hjálagðir eru fimm reikningar sem um var beðið og pöntunarstaðfesting félagsmanns okkar á hverjum reikningi fyrir sig sem vísað er til er aðeins pöntunarnúmer félagsmanns okkar til hans eigin nota vegna pantana sem hr. Bergmann hefur gert.“

Frekari svör við tilmælum dómsins hafa ekki borist.

Dómurinn lítur svo á að til þess að dómur verði lagður á mál þetta, verði stefnandi að leggja fram gögn um það hvaða vörur hafi verið pantaðar og með hvaða skilmálum. Stefnukrafa verður ekki byggð á reikningsyfirliti, dskj.nr. 3 einu sér eða undirreikningum þess gegn mótmælum stefnda. Dómurinn hefur skv. 114. gr. eml. 85/1936 i.f. gefið stefnanda kost á að bæta úr ágöllum á málatilbúnaði sínum. Svar stefnanda, sem hér að ofan er rakið, þykir ekki fullnægjandi og þar sem hann hefur ekki lagt fram umbeðin gögn telst málið vera vanreifað af hans hálfu og verður því, skv. 116. gr. l. nr. 85/1936, að vísa því frá dómi ex officio.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað kr. 25.000,00.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Árnasyni forstjóra og Jóni Kristjánssyni kaupmanni. Uppsaga dómsins hefur dregist vegna forfalla meðdómanda.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi, Nylon Hosiery Company Ltd., greiði stefnda, G. Bergmann hf., kr. 25.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 27. maí 1986.

Nr. 100/1986. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Friðbert Páli Njálssyni
(Jóhann Þórðarson hdl.)

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. febrúar 1986 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 11. f.m.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu að sakfella beri ákærða fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Þar sem ákærði olli áverkum Guðbjörns Ármannssonar í átökum sem Guðbjörn sjálfur átti upptök að þykir samkvæmt 3. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981 rétt að láta refsingu ákærða falla niður.

Ákærði krefst sýknu af skaðabótakröfu Guðbjörns Ármannssonar en til vara að lægri bætur verði dæmdar. Ríkissaksóknari krefst staðfestingar á bótaákvæði héraðsdóms.

Samkvæmt því sem að framan greinir þykir ákærði bótaskyldur gagnvart Guðbirni, en með hliðsjón af þætti Guðbjörns sjálfs í átökum þeim sem til áverkanna leiddu þykja bætur hæfilega ákveðnar 8.000,00 krónur ásamt vöxtum eins og greinir í dómsorði héraðsdóms, en vaxtaákvæði dómsins hefur eigi verið mótmælt sérstaklega.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Friðberts Páls Njálssonar, fellur niður.

Ákærði greiði Guðbirni Ármannssyni 8.000,00 krónur ásamt vöxtum svo sem í héraðsdómi greinir.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. janúar 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 29. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 50/1985: Ákæruvaldið gegn Friðbert Páli Njálssyni, sem tekið var til dóms á ný.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 30. október 1984, „á hendur

Friðbert Páli Njálssyni sölumanni, Tjarnargötu 10 B, Reykjavík, fæddum 10. desember 1940 í Minni-Hattardal, Súðavíkurhreppi, Ísafjarðarsýslu, fyrir að hafa 16. janúar 1983 veitt Guðbirni Ármannssyni, fæddum 12. júlí 1963, líkamsáverka við hesthús þeirra við Kaldárselsveg í Hafnarfirði (hús nr. 2400, götu 4760) með því að slá hann í andlitið með vasaljósi og/eða hnefa eftir að Guðbjörn hafði hindrað ákærða í að komast að rafmagnstöflu, sem var sameiginleg fyrir hesthúsið en staðsett í hluta Guðbjörns í húsinu. Áverkar Guðbjörns urðu þeir að hann bólgnaði og marðist og hlaut minni háttar skurð yfir vinstra kinnbeini og um 1½ cm langan skurð við neðri vör, sem sauma þurfti saman með 7 sporum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Kl. 19:30 sunnudaginn 16. janúar 1983 snéri Guðbjörn Ármannsson nemi, til heimilis Fannborg 7, Kópavogi, fæddur 12. júlí 1963, sér til rannsóknarlögreglunnar í Hafnarfirði og Kjósarsýslu og lagði fram kæru á ákærða fyrir líkamsárás. Kærandi skýrði svo frá, að líkamsárásin hefði átt sér stað „nú rétt áðan“ í hesthúsi við Kaldárselsveg. Hesthúsinu væri skipt í tvennt, væru eigendur fjórir og ákærði einn þeirra. Ákærði hefði „slegið sig í andlitið með vasaljósi með þeim afleiðingum að stykki hafi hoggist úr höku sér og annar áverki hafi komið á kinnbeinið vinstra megin.“ Kærandi hefði áður farið í reiðtúr og skilið eftir hesthús sitt lokað. Er kærandi kom aftur að hesthúsinu hefði ákærði komið til sín og sagt að rafmagnið væri farið af húsinu. Rafmagnstaflan væri sameiginleg og í húshluta kæranda. Ákærði hefði sagt að lekaliðinn væri sleginn út og vildi komast að til að láta liðann í samband aftur. Þar sem ekki hefði verið „mjög gott á milli þeirra“ að undanförnu hefði kærandi ekki ætlað „að hlaupa neitt til strax og láta lekaliðann í samband, hann hafi áður ætlað að ganga frá hesti sínum og síðan að athuga um liðann.“ Ákærði hefði þá farið að hurðinni og byrjað „að skakast í henni“. Kærandi hefði þá „farið að“ ákærða til að aftra því. Ákærði hefði ýtt sér frá og „þetta svo endað með tuski á milli þeirra.“ Síðan „hafi það engum togum skipt að Friðbert sló að mætta beint fram, vasaljósi sem hann var með í hendinni og það lent í andliti sér með fyrrgreindum afleiðingum.“ Eftir þetta hefði kærandi „tuskast lítillega“ við ákærða og síðan farið að kæra.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð frá slysadeild Borgarspítalans, dagsett 19. mars 1983, undirritað af Brynjólfi Mogensen, dr. med., um meiðsli kæranda. Er það á þessa leið:

„Ungur maður að nafni Guðbjörn Ármannsson, f. 12/7 1963 kom á Slysadeild Borgarspítalans 16. janúar 1983 kl. 20:35 vegna áverka í andliti.

Kvaðst Guðbjörn hafa lent í ryskingum, var sleginn í andlitið með vasaljósi í hesthúsi.

Skoðun leiðir í ljós bólgu og mar yfir vi. kinnbeini svo og minni háttar skurður. Einnig Y-laga skurð fyrir neðan við neðri vör ca 1½ cm á lengd.

Meðferð. Sár sjúkl. voru hreinsuð, skurð á kinn þurfti ekki að sauma en tekinn saman með þar til gerðum plástri.

Skurðurinn fyrir neðan neðri vör var deyfður og saumaður með 7 sporum. Einnig fékk sjúkl. stífkrampasprautu.

Við endurkomu 24. janúar voru sár gróin, saumar teknir og sjúkl. útskrifaður."

Kærandi upplýsti við dómsmeðferð málsins að hann hefði ekki verið frekar undir læknishendi en fram kæmi í vottorðinu og hann hefði orðið jafngóður í kinninni en ör væri á vörinni. Þá hefði hann misst 2-3 daga úr skóla.

Hinn 26. september 1983 sendi bæjarfógetinn í Hafnarfirði lögreglustjóraembættinu í Reykjavík málið og kom ákærði þar til yfirheyrslu hinn 18. október 1983. Ákærði skýrði þá svo frá að hann hefði verið staddur í hesthúsi sínu við Kaldárselsveg ásamt Davíð Guðmundssyni og Monique Jacquette. Rafmagnið hefði farið af og ákærði því farið ásamt Davíð og Monique að hesthúsi Ármanns Jónssonar sem væri við hliðina á húsi ákærða þar sem rafmagnstafla fyrir bæði húsin væri þar. Sonur Ármanns hefði verið við hús hans. Ákærði hefði beðið hann leyfis til að setja rafmagnið aftur á. Sonurinn hefði neitað því og um leið hrundið sér frá dyrum hússins. Ákærði hefði tekist á við hann um stund og síðan gengið frá ásamt Davíð og Monique. Ákærði minntist hvorki þess að hafa verið með vasaljós né að hafa slegið soninn með vasaljósi í átökunum. Ákærði sagði að sonurinn hefði verið upphafsmaður átakanna. Ákærði kvaðst í átökunum hafa hlotið minni háttar skrámur og rispur en hann hefði ekki þurft að leita læknis. Ákærði kvaðst vilja taka fram að á þeim stað, sem átökin áttu sér stað, væri jörð hulin grófu hrauni.

Hinn 1. nóvember 1983 var vitnið Davíð Egill Frans Guðmundsson Hólabergi 36, Reykjavík, fæddur 28. apríl 1967, yfirheyrt af lögreglunni í Reykjavík. Vitnið skýrði svo frá, að rafmagnið hefði allt í einu farið af húsinu er það var statt í hesthúsi ákærða ásamt honum og Monique. Ákærði hefði þá farið út í hesthúsið við hliðina til að „setja inn öryggi." Ákærði hefði síðan komið aftur og beðið vitnið að kom með sér að hinu húsinu. Þeir hefðu hitt fyrir mann og ákærði beðið hann um að hleypa sér inn til að setja inn öryggið. Maðurinn hefði neitað. Ákærði hefði ítrekað beiðni sína en hinn neitað á ný. Ákærði hefði gert sig líklegan til að ganga inn í húsið fram hjá manninum. Maðurinn hefði slegið ákærða í öxlina „svo að hann hrökklaðist til baka." Ákærði hefði slegið hann „til

baka sams konar högg.“ Maðurinn hefði síðan slegið ákærða í andlitið og ákærði slegið á móti manninn í andlitið. Ákærði hefði haldið á vasaljósi í hendinni, sem hann sló með, en hann hefði þó ekki slegið með því. Þeir hefðu síðan tekist á litla stund og síðan hefðu þeir farið brott eftir að hafa beðið mannninn ítrekað að setja inn öryggið. Vitnið kvaðst hafa séð ,,að báðir voru skrámaðir í andliti eftir slagsmálin.“

Vitnið Monique Jacquette, Hæðargarði 14, Reykjavík, fædd 12. janúar 1949 í Frakklandi, bar við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík hinn 8. nóvember 1983 að ákærði, Davíð, hún sjálf og 4 ára sonur hennar hefðu verið stödd í hesthúsi ákærða er ljósin hefðu skyndilega slokknað. Ákærði hefði farið yfir í hesthúsið við hliðina og komið aftur eftir skamma stund og sagt að maðurinn í hinu húsinu hefði ekki viljað hleypa sér að sameiginlegri rafmagnstöflu. Ákærði hefði beðið þau að koma með sér og hefðu þau þrjú farið. Er þau komu að dyrunum hinu megin hefði staðið þar maður. Ákærði hefði gengið til hans og óskað eftir aðgangi að töflunni. Maðurinn hefði neitað og ýtt við ákærða og síðan ráðist á hann. Þar með hefðu átökin hafist. Ekki sá vitnið ákærða slá manninn í andlitið. Þeir hefðu velst um í snjónum. Sonur vitnisins hefði farið að gráta. Vitnið hefði því farið með hann aftur í hesthúsið. Átökin hefðu þá staðið yfir og vitnið ekki séð lok þeirra. Þar sem vitnið sá ekki andstæðing ákærða eftir átökin gat það ekki borið um, hvort hann var með áverka. Vitnið hefði ekki heldur séð áverka á ákærða. Er þetta gerðist var dimmt en vitnið hefði séð átökin allvel. Vitnið tók fram í lokin, að hesthúsljósin hefðu ,,alloft“ slokknað og taldi vitnið líklegt að það hefði gerst af mannavöldum.

Fram hefur verið lagt í málinu afrit af beiðni um innsetningargerð, dagsett 18. janúar 1983, frá Friðrik Sigurbjörnssyni héraðsdómslögmanni til bæjarfógetans í Hafnarfirði. Í henni er þess farið á leit að ákærða verði tryggður aðgangur að áðurgreindri raftöflu. Í beiðninni er m.a. vitnað í atvikið sem ákært er út af. Samkvæmt bókun Sig. Kr. Sigurðssonar, rannsóknarlögreglumanns í Reykjavík, hafði hann samband við Valgarð Sigurðsson, fulltrúa bæjarfógetans, hinn 20. október 1983. Fulltrúinn hefði upplýst að samkomulag hefði náðst á milli aðila um fyrirkomulag rafmagnstöflunnar og væri innsetningarmálið úr sögunni.

Lögreglustjóraembættið í Reykjavík sendi ríkissaksóknara málið hinn 6. desember 1983. 10. janúar 1984 fyrirskipaði hann Rannsóknarlögreglu ríkisins frekari rannsókn málsins.

17. janúar 1984 gaf kærandi skýrslu hjá Rannsóknarlögreglunni. Kærandi kvað það upphaf málsins að ákærði hefði komið til hans og sagt, að rafmagnið hefði slegið út og sagst þurfa að komast að töflunni sem þá var sameiginleg. Þar sem stirt hefði verið á milli þeirra hugðist kærandi ,,ekkert flýta sér“ við að sinna erindi ákærða. Kærandi hefði hugsað sér

að koma hestinum, sem hann hafði verið að brúka, fyrir fyrst. Ákærði hefði þá gengið að dyrum hesthússins þar sem taflan var og ætlað þar inn, en kærandi hefði meinað honum það. Við dyrnar hefði komið til ,,stimpinga á milli okkar og einhverra orðaskipta. Síðan skipti það engum togum að Friðbert slær mig í andlitið með vasaljósi, sem hann hélt á.“ Kærandi hefði snöggreiðst og ætlað að ganga að ákærða en piltur hefði gengið á milli. Á meðan á þessu stóð hefði hestur kæranda ráfað frá og hefði kærandi farið að sækja hann. Er kærandi kom aftur með hestinn hefðu þeir aftur farið ,,að hreyta ónotum og illyrðum hvor að öðrum og þá gekk hann að mér og sló mig með krepptum hnefa í andlitið.“ Kærandi hefði tekið utan um ákærða svo þeir lentu í fangbrögðum, sem enduðu á þann veg, ,,að við hrösuðum fram af smá snjóbing þannig að ég féll ofan á Friðbert.“ Pilturinn og kona hefðu komið að og gengið á milli.

Kærandi bar að hann hefði fengið áverka sinn er ákærði hefði slegið hann með vasaljósinu ,,enda brotnaði framhluti vasaljóssins við höggið.“ Ákærði hefði slegið sig í seinna sinnið með berum hnefa. Átökin hefðu farið fram þar sem jörð var hulin snjó en ekki þar sem jörð var hulin grófu hrauni. Hefði ákærði hlotið skrámur eða rispur umrætt sinn, sem kærandi taldi næstum útilokað, hlyti það að hafa orðið í snjónum sem hefði þó verið frekar mjúkur. Ekki væri rétt hjá ákærða að kærandi hefði í upphafi ýtt ákærða því ákærði hefði ýtt fyrstur.

Vitnið Davíð Guðmundsson skýrði svo frá hjá Rannsóknarlögreglunni að degi hefði verið tekið að halla og orðið skuggsýnt en þó ekki komið myrkur. Ákærði hefði verið að gefa hestunum er rafmagnið hefði skyndilega farið af og myrkur hefði orðið inni. Ákærði hefði verið með vasaljós í hendi er hann hefði farið út að hesthúsinu við hliðina þar sem hin sameiginlega rafmagnstafla hefði verið. ,,Örskömmu seinna“ hefði ákærði komið aftur og beðið sig að vera vitni að þeirri framkomu mannsins við hitt hesthúsið að meina sér að hleypa rafmagninu aftur á. Er þeir tveir hefðu komið að hinu húsinu, hefði maður staðið fyrir utan opnar dyrnar og haldið í taum á hesti. Maðurinn hefði neitað ósk ákærða um að fara inn í hesthúsið. Ákærði hefði ætlað ,,að ryðjast inn um dyrnar.“ Maðurinn hefði meinað honum inngöngu með því að setja höndina fyrir dyraopið. Maðurinn hefði síðan ýtt ákærða frá með sömu hendi en alltaf haldið með hinni í tauminn. ,,Þegar maðurinn hafði ýtt Friðbert frá sló Friðbert hann fyrst í öxlina eða brjóstið, en síðan sló Friðbert manninn í andlitið með þeirri hendinni sem hann hélt á vasaljósinu í. Ég get ekki fullyrt um það hvort vasaljósið lenti í andliti mannsins eða ekki, ég sá það ekki svo glöggt.“ Síðan hefðu þeir tekist á í fangbrögðum smátíma.

Að átökunum loknum hefðu ákærði og vitnið lokið við að gefa hestunum. Rafmagnið hefði þá ekki verið komið á. Ákærði hefði ekki notað vasa-

ljósið við gjöfina „vegna þess, að það hafði brotnað í átökunum ... ég sá að glerið í því var brotið."

Vitnið kvaðst hafa séð að önnur augabrún ákærða var bólgin eftir átökin og að blætt hefði úr sprunginni vör mannsins. Snjór hefði verið yfir öllum átakastaðnum. Vitnið taldi að ákærði hefði verið búinn að slá manninn (Guðbjörn) í andlitið er vitnið Monique hefði komið út úr hesthúsi ákærða skömmu eftir að þeir „byrjuðu að slást."

Vitnið Monique hefur skýrt Rannsóknarlögreglunni svo frá að rafmagnið hefði farið skömmu eftir að þau 4 komu í hesthús ákærða. Ákærði hefði farið að hinu húsinu að huga að sameiginlegri töflu. Ákærði hefði komið aftur að vörmu spori og beðið sig og Davíð að koma að hinu húsinu. Þar hefði verið fyrir maður „sem virtist meina Friðbert inngöngu að rafmagnstöflunni." Þeir hefðu átt einhver orðaskipti og síðan farið í „handalögmál." Sonur vitnisins hefði orðið hræddur og farið að gráta. Vitnið hefði því farið með hann aftur í hús ákærða.

Vitnið Monique vissi ekki hvort ákærði var með vasaljós í höndunum er orðaskipti ákærða og kæranda hófust. Vitnið taldi að atburðurinn hefði átt sér stað um kl. 19:30. „allavega var orðið dimmt." Átökin hefðu byrjað með því að maðurinn „stjakaði við Friðbert", eftir að ákærði óskaði inngöngu í húsið. Snjór hefði verið yfir öllu en að öðru leyti mundi vitnið ekki eftir hvernig yfirborð jarðvegsins var á átakastaðnum. Vitnið kvað það ekki rétt hjá vitninu Davíð að hún hefði komið út úr hesthúsi ákærða skömmu eftir að byrjað var að slást þótt vera kynni að hún hefði komið „örlítið á eftir" þar sem hún var með son sinn. Vitnið kvaðst aldrei hafa séð ákærða slá manninn í andlitið og hvorki áverka á ákærða né kæranda. Er vitninu var sýnd mynd af kæranda, sem tekin var eftir átökin, kvaðst það ekki geta gert sér í hugarlund hvernig áverkar kæranda væru til komnir. Vitnið kvaðst engan hest hafa séð við hesthús kæranda þrátt fyrir framburð vitnisins Davíðs um að kærandi hefði verið með hest í taumi. Aðspurt um athafnir ákærða eftir átökin kvaðst vitnið ekki vita um þær með vissu en hélt að ákærði og Davíð hefðu lokið gjöfinni, „en allavega sat ég inni í hesthúsi Friðberts með drengnum mínum."

Ákærði hefur skýrt Rannsóknarlögreglunni svo frá að hann hefði farið út er rafmagnið slokknaði allt í einu. Ákærði hefði hitt fyrir kæranda sem hefði staðið í dyrunum á hinu húsinu, að því er ákærða minnti. Kærandi hefði sagt „nei kallinn þú ferð ekki hér inn" og stjakað við ákærða. „Við tókumst þá á í fangbrögðum og ég hrakti Guðbjörn á undan mér að gerði sem þarna var, en það var samansett úr spírum svo sem notaðar eru við skreiðarhjalla. Þegar við komum að gerðinu lenti efri hlutinn af rassi Guðbjörns á efstu spírunni og við það brast hún. Við ultum svo þarna um

koll en eftir þessa byltu, sem varð nokkrar veltur, stóðum við upp og þar með lauk þessu handalögmáli.“

Ákærði kvaðst ekki minnast þess að hafa verið með vasaljós í höndunum og enn síður að hafa beitt því í átökunum. Um misminni hlyti að vera hjá vitninu Davíð. Ekki væri heldur rétt hjá vitninu að kærandi hefði haldið í hest er átökin hófust. Vel kunni að vera að hestur hafi verið þarna en kærandi hefði ekki haldið í hann. Kærandi hefði verið inni í hesthúsinu með töflunni og „hann sennilega slegið út rafmagninu.“ Ákærði áleit að kærandi hefði fengið áverka sína „þá er við veltumst á jörðinni en þarna var lítilsháttar snjór og víða stóðu upp úr grjótnibbur svo og voru þarna spýtur með nöglum og alls konar drasl annað.“

Eftir birtingu ákæru málsins í dóminum kvaðst ákærði mótmæla sakargiftum í ákæru og kvað kæranda hafa verið upphafsmann átaka þeirra og stimpinga. Ákærði neitaði því, að áverkar kæranda væru af sínum völdum, hann hefði hvorki slegið kæranda með hnefum né vasaljósi. Þeir hefðu í stimpingunum oltið fram af allstóru barði og fyrir neðan það hefði verið spýtnarusl, stórgrýti og fleira. Ákærði hefði átt mjög í vök að verjast, því kærandi væri stórvaxinn, og eftir því sterkur. Málavextir hefðu verið þeir, sem hann hefði greint frá við rannsókn málsins. Tveir mælar hefðu verið á rafmagnstöflunni, annar sem sýndi orkunotkun ákærða og hinn notkun föður kæranda. Taflan væri við annan endann á gangi í hesthúsi Ármanns og inngöngudyr í hinum endanum. Um það leyti, sem ákærði hefði verið að ljúka gegningum, hefðu ljósin slokknað í hesthúsi ákærða. Ákærði hefði því farið að útidyrum Ármanns. Hurðin hefði verið opin og ákærði farið inn. Kærandi hefði komið inn um hliðardyr og sagt að ákærði hefði ekkert þarna að gera og gert sig líklegan til að leggja hendur á ákærða. Ákærði hefði þá sótt vitnin Davíð og Monique til vættis um að honum væri meinaður aðgangur að töflunni. Er ákærði kom aftur hefði kærandi verið kominn í dyragættina. Til stimpinga og tusks hefði komið, en högg hefðu ekki gengið á milli þeirra. Kærandi hefði ítrekað fyrir átökin að ákærði færi ekkert inn og ýtti eða hratt ákærða frá dyrunum. Átökunum hefði lyktað með því að þeir ultu fram af moldarbarði og þar nokkrar veltur yfir drasl sem þar var. Engin lýsing væri utanhúss á svæðinu.

Í dóminum upplýsti kærandi að ákærði ætti helming hesthússins, en hann sjálfur, faðir hans og bróðir hinn helminginn. Þeir fjórir hefðu keypt hesthúsið fyrir nokkrum árum af dánarbúi. Samkomulag hefði verið með besta móti fyrsta árið en síðan hefði allur vinskapur versnað. Tilefnið hefði verið ósamkomulag um framkvæmdir sem nauðsynlegar þóttu. Ákærði hefði viljað haga framkvæmdum með öðrum hætti en hinir eigendurnir. Komið hefði til illinda og málaferla fyrir fógetarétti. Ekki hefði fyrr komið

til handalögmála, en til „skítkasts." Kærandi hefði aldrei hótað líkamlegu ofbeldi og minntist þess ekki að ákærði hefði hótað sér slíku. Kærandi hefði umrætt sinn verið að koma úr reiðtúr er hann varð var við ákærða við hesthúsdyr sínar sem hefðu verið læstar. Ákærði hefði haft á orði að hann vildi komast inn að rafmagnstöflu. Vegna fyrri væringa hugðist vitnið ekkert flýta sér heldur koma hestinum fyrst inn. Ákærði hefði þá tekið í hurðina og hrist hana til. Kærandi hefði ýtt ákærða frá og þá hefði ákærði slegið kæranda með vasaljósinu í andlitið. Kærandi hefði reiðst og ætlað að taka eitthvað í ákærða en piltur, sem var með ákærða, hefði gengið á milli. Á meðan á þessu stóð hefði nestur kæranda ráfað frá nokkurn spöl og hefði kærandi sótt hann. Ákærði hefði elt vitnið og slegið með krepptum hnefa eftir að heitingar höfðu gengið á milli þeirra. Hefðu þeir síðan tekist á í fangbrögðum og oltið fram af planinu sem rutt hefði verið fyrir framan hesthúsið og niður halla sem þarna er. Taldi kærandi að þeir hefðu aðeins oltið einn hring. Grjótmulningur hefði verið í kanti plansins og eitthvað af stökum steinum í sjálfum hallanum. Hefðu þeir aðeins lent í snjó. Kærandi hefði ekki orðið var við spýtnabrak í kantinum. Taldi kærandi útilokað, að hann hefði meiðst í veltunni, nokkurn veginn væri öruggt að hann hefði fengið meiðslin við höggið sem hann fékk með vasaljósinu. Eftir það högg hefði kærandi fundið blóðbragð svo og að blóð rann í trefil hans. Kærandi taldi að átökin hefðu staðið yfir í um 2-3 mínútur og að ákærði hefði ekki vikið sér frá eftir að samskiptin byrjuðu og síðan komið aftur, enda hefði kærandi ekki verið búinn að taka af hestinum eða opna húsið. Kærandi taldi að pilturinn — vitnið Davíð — hefði séð alla atburðarásina, en konan — vitnið Monique — hefði komið „eftir að þeir ultu yfir eða niður urðina."

Við samprófun á kæranda og ákærða hélt ákærði fast við, að hesthúsið hefði verið ólæst og hann verið kominn inn í ganginn þar sem rafmagnstaflan var er kærandi hefði komið inn um hliðardyr inn í ganginn. Kærandi hélt við það, að þeir hefðu hist utan dyra og að húsið hefði verið læst. Ákærði kvað það staðlausu stafi að vitnið hefði verið með hest, og kærandi hélt við sitt. Kærandi hélt fast við að samskipti þeirra hefðu verið órofin, en ákærði hélt því fram að hann hefði vikið sér frá til að sækja piltinn og konuna. Enn mótmælti ákærði því að hafa verið með vasaljós í hendi, hvað þá að hann hefði slegið ákærða með því. Vitnið hvikaði ekki frá því og hélt einnig við framburð um hnefahögg sem ákærði mótmælti sem fyrr. Loks hélt ákærði við þá fullyrðingu að þeir hefðu oltið nokkra hringi fram af ruðningnum og niður brekkuna alla, enda væri hún brött. Kærandi kvað sem fyrr veltuna hafa verið eina.

Vitnið Monique Jacquette spítalastarfsstúlka, þá til heimilis að Tjarnargötu 10 B, hefur borið í dóminum að ákærði hafi farið aleinn yfir í hitt

hesthúsið til að athuga hverju það sætti að ljósin slokknuðu. Ákærði hefði komið aftur og beðið sig og Davíð að koma með sér. Davíð hefði farið með ákærða og vitnið farið á eftir þeim með barnið, son ákærða og vitnisins. Er vitnið hefði komið að hinu hesthúsinu hefði kærandi staðið rétt fyrir innan dyrnar, en ákærði rétt fyrir utan. Vitnið hefði engan hest séð. Ákærði og kærandi hefðu talað nokkuð reiðilega saman og hefði vitninu skilist að ákærði vildi fá að sjá rafmagnstöfluna. Kærandi hefði þá slegið í aðra öxlina á ákærða með hnefanum. Þeir síðan rokið saman, fallið um koll og loks oltið 2-3 veltur niður halla. Vitnið kvaðst aldrei hafa séð ákærða með vasaljós, hvorki fyrir stimpingarnar né á meðan á þeim stóð og reyndar ekki heldur eftir þær. Ákærði hefði haft stórt ljósker með rafhlöðu í hesthúsinu. Vitnið kvaðst hvorki hafa séð ákærða slá kæranda með hnefunum né kæranda slá ákærða í höfuðið, heldur aðeins í öxlina. Nokkur snjór hefði verið, en þó hefðu verið þarna steinar sem ekki voru þaktir snjó.

Vitnið Davíð Egill Frans Guðmundsson kvaðst í dóminum hinn 26. mars sl. ekki muna nema óljóst eftir málavöxtum en hann hefði skýrt satt og rétt frá málavöxtum hjá lögreglunni, „einkum þó í fyrri skýrslunni." Vitnið gæti ekki munað hvort þarna hefði verið hestur eður ei og vitnið myndi ekki hvort ákærði hefði slegið kæranda með vasaljósi, en ákærði hefði slegið hann í andlitið eftir að átök byrjuðu. Þau hefðu hafist út af því að maðurinn vildi ekki hleypa ákærða að töflunni. Kærandi og ákærði hefðu oltið um og í gegnum girðingu og niður halla, þar sem stórgrýtt hefði verið. Vitnið hefði reynt að grípa inn í og halda í manninn, en séð fram á að hann gæti eigi haldið svo stórum manni og því sleppt kæranda. Ákærði og kærandi hefðu þá „rokið saman aftur." Í lokin staðfesti vitnið framburð sinn hjá lögreglunni í Reykjavík, en taldi framburðinn hjá Rannsóknarlögreglunni ekki vera fyllilega réttan. Vitnið kannaðist ekki við að hafa séð neinn hest. Snjóföl hefði að vísu verið yfir öllu en stærstu steinar hefðu staðið upp úr. Ofmælt væri, að ákærði hefði ætlað að ryðjast inn, hann hefði aðeins ætlað að komast að töflunni. Byggingaframkvæmdir hefðu staðið yfir og spýtnabrak hefði verið í kantinum á planinu, sem búið hefði verið að ryðja.

Dómari málsins skoðaði vettvang ásamt verjanda ákærða, ákærða og kæranda. Ákærði og kærandi voru þá sammála um að kanturinn eða brúnin á planinu væri að hæðinni til eins og er atburðurinn átti sér stað, en ósammála um hvar þeir ultu fram af. Kærandi taldi að það hefði verið þar sem kanturinn væri lægri en ákærði þar sem hann væri hærri og nær húsinu.

Atvik máls þessa eru ekki eins ljós og skyldi þrátt fyrir þrjár rannsóknarhrinur. Mikið ósamræmi er í framburðum kæranda og ákærða, framburður Davíðs reikull um sum atriðin og framburður Monique, barnsmóður

ákærða, nær skammt. Þá ber að athuga að vitnin tvö eru í fylgd með ákærða.

Þegar það er virt að kærandi snéri sér umsvifalaust til rannsóknarlögreglunnar í Hafnarfirði og var þá skaddaður á andliti og ákærði hefur viðurkennt að hafa lent í átökum við kæranda, er sannað að kærandi hlaut þá áverka, sem í ákæru og framlögðu læknisvottorði greinir, í samskiptum við ákærða, enda hefur ákærði aldrei borið brigður á það.

Einnig er sannað með samhljóða framburðum kæranda, ákærða og vitna, að upptök átakanna megi rekja til þess að kærandi meinaði ákærða aðgang að sameiginlegri rafmagnstöflu. Virðist augljóst að gagnkvæm óvild hefur ráðið því. Þetta atferli kæranda er réttarbrot gegn ákærða.

Kærandi hefur haldið því fram að ákærði hafi slegið sig fyrst með vasaljósi og síðan með hnefanum, og að hann hafi hlotið áverkann við fyrra höggið. Ákærði hefur alfarið neitað að hafa slegið kæranda. Monique hefur borið að hún hafi alls ekki séð ákærða slá kæranda, en jafnframt að hún hafi ekki séð öll þeirra samskipti. Davíð bar bæði hjá lögreglunni í Reykjavík, Rannsóknarlögreglu ríkisins og í dóminum að ákærði hefði slegið kæranda hnefahögg. Hjá báðum lögregluembættunum bar vitnið að ákærði hefði haldið á vasaljósi í hendinni sem hann beitti, en gat ekki sagt um, hvort ljósið lenti í andliti kæranda. Með vísan til meginreglu 108. gr. laga nr. 74/1974 er ekki sannað að ákærði hafi beitt ljósinu gegn kæranda. Hins vegar er sannað með framburði kæranda og Davíðs að ákærði hafi slegið kæranda hnefahögg, svo að hann hlaut áverka af. Ekki er þó unnt að útiloka vegna atburðarásarinnar sem á eftir fór og aðstæðna á vettvangi að kærandi hafi einnig skaddast við átökin á eftir. Breytir það því þó ekki, að ákærði hefur unnið til refsiábyrgðar samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, bæði með hnefahögginu og átökunum sem á eftir fóru.

Sakavottorð ákærða er á þessa leið:

— — —

Með vísan til 3. mgr. 218. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, ákveðst refsing ákærða 12.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með 10 daga varðhaldi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna.

Kærandi hefur krafist þess að ákærði greiði honum bætur, sem hér segir:

„1. Miskabætur, það er fyrir sársauka, óþægindi og lýti (er með ör) ..... kr. 10.000,-
2. Læknishjálp ..... " 50,-
3. Akstur v/slysavarðstofu ..... " 500,-

4.	Læknisvottorð	"	250,-
5.	Þóknun lögmanns	"	2.000,-
		Alls kr.	12.800,-

Þá er krafist dómvaxta frá 16. janúar 1983 til greiðsludags."

Rétt þykir að taka til greina bótaliði 1, 2 og 3. Bótaliður 4 verður ekki tekinn til greina þar sem gögn málsins bera með sér að rannsóknarlögreglan í Hafnarfirði hefur greitt vottorðið. Þar sem krafan er höfð uppi og dæmd í opinberu máli verður 5. liður ekki tekinn til greina. Tjón kæranda verður því metið á kr. 10.000,00 + 50,00 + 500,00 = 10.550,00 kr. Ákærði greiði honum þá upphæð ásamt dómvöxtum frá 16. janúar 1983 eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum.

Loks greiði ákærði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 15.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Friðbert Páll Njálsson, greiði 12.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 10 daga.

Ákærði greiði Guðbirni Ármannssyni, Fannborg 7, Kópavogi, 10.550 krónur með dómvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma frá 16. janúar 1983.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 15.000 krónur.

Miðvikudaginn 28. maí 1986.

Nr. 136/1985. **Pétur Jónsson og**
Baldur Jónsson
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Straumi h/f
(Svala Thorlacius hrl.)

Verksamningur. Synjað um frest í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Bjarni K. Bjarnason og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjendur skutu máli þessu fyrst til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. ágúst 1983, en því máli var vísað frá Hæstarétti með dómi 9. maí 1985. Þeir áfrýjuðu málinu á ný til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1985 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjendur krefjast þess aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, en til vara að þeim verði einungis gert að greiða stefnda 68.937,90 krónur ásamt vöxtum. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal greinargerð, sem lögmaður áfrýjenda hugðist leggja fram í héraði og endurrit skýrslna, sem áfrýjandinn Baldur Jónsson og Gunnar Steinþórsson, framkvæmdastjóri stefnda, gáfu á bæjarþingi Reykjavíkur 20. janúar 1984.

I.

Áfrýjendur reisa aðalkröfu sína á því, að á dómþingi bæjarþings Ísafjarðar 5. maí 1983 hafi þeir farið fram á einnar viku frest til framlagningar greinargerðar. Greinargerð þessi hafi þá verið tilbúin og á leið til Ísafjarðar með flugpósti. Sökum tafa á samgöngum hafi lögmanni áfrýjenda, sem hafi skrifstofu í Reykjavík, ekki tekist

að koma greinargerðinni vestur á Ísafjörð í tæka tíð. Hafi dómara þeim sem fór með málið og umboðsmanni stefnda verið gerð grein fyrir þessu á dómþinginu. Telja áfrýjendur, að dómara hafi þá borið annaðhvort að fresta málinu til könnunar á málavöxtum eða fresta uppkvaðningu úrskurðar og leyfa umboðsmönnum aðila að tjá sig frekar um frestbeiðnina. Það hafi hann ekki gert og beri því að fella dóminn úr gildi og vísa málinu heim í hérað. Auk þess telja áfrýjendur að málið hafi verið vanreifað í héraði.

Stefndi mótmælir aðalkröfu áfrýjenda.

Málið var höfðað í héraði með stefnu birtri 1. og 2. mars 1983 og var þingfest 10. sama mánaðar. Umboðsmaður stefnanda í héraði, stefndi í máli þessu, fékk þá frest til 17. sama mánaðar til þess að skila greinargerð. Er málið var tekið fyrir þann dag fékk umboðsmaður stefndu í héraði, áfrýjenda máls þessa, frest til greinargerðar til 14. apríl og síðar viðbótarfrest í sama skyni til 28. apríl og loks til 5. maí. Er málið kom fyrir þann dag mótmælti umboðsmaður stefnanda í héraði því að frekari frestur yrði veittur. Féllst héraðsdómari á það sjónarmið, synjaði um frekari frest og tók málið til dóms. Héraðsdómur var síðan kveðinn upp 27. maí 1983.

Telja verður, að áfrýjendum hafi verið veittur nægur frestur til andsvara í héraði. Þá verður ekki fallist á með áfrýjendum að málið hafi verið svo vanreifað í héraði að varða eigi ómerkingu eða frávísun. Samkvæmt þessu verður aðalkrafa áfrýjenda ekki tekin til greina.

II.

Stefndi gerði skriflegt tilboð í verk það sem í málinu greinir og lýst er í héraðsdómi. Var það byggt á einingarverðum samkvæmt tilboðsskrá og var niðurstaða tilboðsins á grundvelli einingarverða 652.067,54 krónur, en í tilboðinu var bætt við liðnum „Ófyrirséð 15%“, sem nam 97.810,00 krónum, þannig að heildarfjárhæð tilboðsins nam 749.877,54 krónum.

Varakrafa áfrýjenda er á því byggð, að ofangreint 15% álag hafi ekki verið tekið með í samningum aðila, enda hafi áfrýjendur hafnað því. Stefndi heldur því hins vegar fram, að aðilar hafi lagt heildarfjárhæð samkvæmt tilboðinu, 749.877,54 krónur, til grundvallar verksamningi sínum.

Óumdeilt er með aðilum hér fyrir dómi, að umsamin verklaun hafi átt að greiðast með verðbótum og að áfrýjendur hafi greitt stefnda samtals 883.995,00 krónur í verklaun. Þá viðurkenna áfrýjendur að skulda stefnda 68.937,90 krónur.

Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir dóminn, deila aðilar aðeins um, hvort stefnda hafi borið fyrrgreint 15% álag samkvæmt umræddu skriflegu tilboði stefnda. Skriflegur verksamningur var ekki gerður og er ósannað, að áfrýjendur hafi gert fyrirvara um nefnt álag, þannig að stefnda hafi mátt vera ljóst að því væri hafnað. Hafa áfrýjendur ekki sýnt fram á að stefnda hafi af þessum eða öðrum ástæðum eigi verið rétt að ganga út frá því, að í verksamningi aðila væri nefnd heildarfjárhæð tilboðsins, 749.877,54 krónur, lögð til grundvallar. Þar sem ekki er ágreiningur um greiðslu verðbóta út af fyrir sig né tölulegan útreikning á kröfum stefnda, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 35.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Pétur Jónsson og Baldur Jónsson, greiði stefnda, Straumi h/f, 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 26. maí 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþingi af Straumi hf. nnr. 8527-7820, Ísafirði, gegn Baldri Jónssyni nnr. 0922-3770, Álfhólsvegi 149, Kópavogi og Pétri Jónssyni nnr. 7100-2004, Barónsstíg 13, Reykjavík in solidum með stefnu birtri hinn 1. og 2. mars 1983 á heimilum stefndu, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 199.798,- auk vaxta 37% á ári frá 1. sept. 1982 til 1. nóv. 1982 en 45% ársvaxta frá þeim degi til þingfestingardags, dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Hina umræddu skuld kveður stefnandi vera tilkomna vegna tilboðsverks sem stefnandi hafi tekið að sér sem undirverktaki hjá stefndu, við byggingu íbúða aldraðra að Torfunesi, Ísafirði, sem hafi verið unnið á árunum 1981 og 1982. Stefnandi hafi skilað verkinu fullunnu í ágústmánuði 1982. Verkið

skyldi unnið skv. tilboði. Heildarkostnaður verksins skv. útreikningi eftirlitsmanns við byggingu hússins hafi numið kr. 1.083.793,- að meðtöldum verðbótum og kostnaði vegna breytinga á verkinu. Stefndu hafi greitt á verktímanum kr. 883.995,- til stefnanda, á tímabilinu 11. febrúar til 26. júní 1982. Eftirstöðvarnar kr. 199.798,- hafi eigi fengist greiddar þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir en verkinu hafi verið lokið fyrir 1. sept. 1982. Mál þetta var þingfest hinn 10. mars sl. og var þá frestað til 17. mars, að ósk stefnanda. Í því þinghaldi var lögð fram greinargerð stefnanda og málinu frestað til 14. apríl til framlagningar greinargerðar af hálfu stefndu. Hinn 14. apríl var málinu enn frestað til 28. apríl til framlagningar greinargerðar stefndu. Þann dag var málinu enn frestað til 5. maí til framlagningar greinargerðar af hálfu stefndu. Allir þessi festir voru samkvæmt ósk stefndu með samþykki stefnanda. Hinn 5. maí sl. var greinargerð af hálfu stefndu ekki enn til staðar og synjaði umboðsmaður stefnanda um frekari fresti og krafðist dómtöku málsins.

Umboðsmaður stefndu óskaði eftir viku fresti til framlagningar greinargerðar og var krafist úrskurðar dómarans sem hafnaði frekari fresti og úrskurðaði að málið skyldi dómtekið. Verður því eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 21.500,-.

Dóminn kvað upp Guðmundur Sigurjónsson.

Dómsorð:

Stefndu Pétur Jónsson, Barónsstíg 13, Reykjavík, og Baldur Jónsson, Álfhólsvegi 149, Kópavogi, greiði in solidum stefnanda Straumi hf., Ísafirði kr. 199.798,- auk 37% ársvaxta frá 1. sept. 1982 til 1. nóv. 1982 en með 45% ársvöxtum frá þeim tíma til 10. mars 1983 en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 21.500,- í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudagur 29. maí 1986.

Nr. 99/1986. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóni Hauki Ólafssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. febrúar sl. að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 11. f.m.

I.

Mál þetta var höfðað fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum með ákæruskjali 7. september 1983 gegn ákærða Jóni Hauki Ólafssyni og öðrum manni. Var héraðsdómi, sem kveðinn var upp hinn 6. mars 1984, skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða Jóns Hauks og að því er hann einan varðaði. Með dómi Hæstaréttar 10. janúar 1985 var héraðsdómur ómerktur að því er ákærða varðaði og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Var málið síðan tekið fyrir í sakadómi í ávana- og fíkniefnum á ný hinn 30. janúar 1985 og dómur kveðinn upp 22. nóvember 1985 og hefur honum nú verið áfrýjað svo sem áður greinir.

Samkvæmt þessu leiðréttist ranghermi í upphafi héraðsdóms þar sem segir: „Málið, sem dómtekið var 11.11. sl., er höfðað að nýju með dómi Hæstaréttar ...“ o.s.frv.

II.

Staðfesta ber sakarmat hins áfrýjaða dóms og færslu til refsiákvæða að því viðbættu að 5. gr. laga nr. 65/1974 var breytt með lögum nr. 13/1985 og í stað reglugerðar nr. 390/1974 kemur nú reglugerð nr. 16/1986. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Staðfest verða ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar og um sakarkostnað, en úrlausn héraðsdóms um hann styðst við 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 en eigi 140. gr. svo sem misritað er í dóminum. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Haukur Ólafsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhalds og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 22. nóvember 1985.

Ár 1985, föstudaginn 22. nóvember var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðmundi Benediktssyni ftr. við undirritaða votta og þá uppkveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 332/1985: Ákæruvaldið gegn Jóni Hauki Ólafssyni.

Málið, sem dómtekið var 11.11. sl, er höfðað að nýju með dómi Hæstaréttar frá 10. janúar 1985 á hendur Jóni Hauki Ólafssyni, Bakkahvammi 6, Búðardal, fæddum í Reykjavík 20. febrúar 1948, fyrir að hafa um miðjan desember 1982 keypt um 1465 g af hassi í Rotterdam ásamt Sigurði Jóhanni Guðjónssyni, Mosgerði 17, Reykjavík, f. 27. febrúar 1944 og sent það hingað til lands með m.s. Arnarfelli sem kom til Reykjavíkur 24. s.m., en efnið, sem var ætlað til sölu hér á landi, fannst við leit í farangursafgreiðslu tollgæslunnar og lagði lögreglan hald á það.

Í ákæruskjali er þessi ætlaða háttsemi ákærða talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr.10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Í niðurlagi ákæruskjals er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á ofangreindu hassefni samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

Verjandi gerir þær dómkröfur að ákærði verði sýknaður, en til vara að ákvörðun um refsingu verði frestað. Þá krefst hann málsvarnarlauna honum (sic) til handa.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt eftirfarandi refsingum.

— — —

[Í sakavottorði ákærða eru auk níu dómsátta tilfærðir refsidómar í fjórum málum, hinn síðasti dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 6. mars 1984 og dómur Hæstaréttar í sama máli 10. janúar 1985.]

Málsatvik:

7. janúar 1983 fannst ferðataska við leit með leitarhundi í farangursafgreiðslu tollgæslunnar, sem innihélt 1465 g af hassi. Þessi taska var merkt Jóni Hauki Ólafssyni Vesturbergi 78, Reykjavík. Hún hafði að geyma aðra tösku merkta Sigurði J. Guðjónssyni, Mosgerði 17, Reykjavík og var pakki í þeirri tösku, sem innihélt þetta hass.

Þessi ferðataska var send hingað til lands frá Hollandi með m/s Arnarfelli þ. 24. desember 1982.

Jón Haukur var handtekinn að heimili sínu daginn eftir. Á sama tíma hófst leit að Sigurði Jóhanni Guðjónssyni. Gaf hann sig fram við lögreglu tveim dögum síðar eða 10.1.

Sigurður Jóhann skýrði svo frá í yfirheyrslu að hann hafi sammælst við ákærða um innflutning á hassi í hagnaðarskyni. Hafi samkomulag orðið á milli þeirra að hann sjálfur sæi um hasskaupin ytra en ákærði kæmi síðan hassinu í íslenskt skip og veitti því viðtöku hingað komnu gegn 50.000 króna þóknun.

Sigurður Jóhann kvaðst hafa keypt farmiða fyrir þá báða. Fóru þeir til Kaupmannahafnar 11.12. 1982 og þaðan til Rotterdam 3 dögum síðar. Í Rotterdam kvaðst hann hafa keypt um 1½ kg af hassi á 9000 gyllini. Hann kvaðst sjálfur hafa pakkað inn hassinu og hafi ákærði verið viðstaddur og séð til hans er hann var að því. Hafi ákærði merkt sér ferðatöskuna að því loknu og farið með hana í skipaafgreiðsluna.

Hann kvað ákærða hafa farið í farangursafgreiðslu tollgæslunnar eftir komu hingað til lands að sækja töskuna, en honum þá tjáð að lögreglan væri búin að taka hana í sína vörslu.

Sigurður Jóhann kvað þá hafa fengið í ferðagjaldeyri fyrir ferðina 12.000 danskar krónur hvor. Hafi þeir skipt í Rotterdam þeim dönsku krónum sem þeir áttu eftir og fengið 10.000 gyllini fyrir samanlagt, en ákærði hafi afhent sér hans peninga fyrir efniskaupin. Hann kvaðst hafa skýrt ákærða frá efnismagninu eftir kaupin en ekki muna hvort hann sagði honum frá verði efnanna enda hafi ákærði vitað það nokkurn veginn.

Ákærði neitaði í fyrstu allri aðild að fíkniefnamisferli í þessari utanferð

þeirra og sætti hann fjögurra daga gæsluvarðhaldi við rannsókn málsins.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu 12.1. 1983 viðurkenndi ákærði að hafa vitað að Sigurður Jóhann keypti um 1½ kg af hassi í Rotterdam í umræddri ferð, en neitaði því að honum hefði verið kunnugt um þennan tilgang ferðarinnar í upphafi. Hann sagðist hafa séð meðákærða ganga frá þessu hassi í ferðatösku, en sjálfur kvaðst hann hafa merkt sér þessa tösku, sem einnig hafi verið merkt Sigurði Jóhanni, og komið henni svo í skipaafgreiðslu í Rotterdam. Þá kvaðst hann hafa ætlað að sækja töskuna að beiðni Sigurðar Jóhanns í farangursafgreiðslu tollgæslunnar eftir komu hingað til lands en þá var hún komin í hendur lögreglu. Hann neitaði því að hafa átt að fá 50.000 krónur fyrir sinn þátt í brotinu frá Sigurði Jóhanni, en kvaðst hafa fengið frá honum loforð um atvinnu við leigubifreiðarakstur á bifreið hans.

Ákærði kvað Sigurð Jóhann hafa greitt allan ferðarkostnað fyrir þá báða, fargjald, uppihald ytra og gjaldeyriskaup.

Við ákærubirtingu tók ákærði fram að hann hefði ekki farið í umrædda utanlandsferð í því skyni að kaupa hass. Hefði hans tilgangur með ferðinni verið að skoða vinnuvélar ytra. Hann mótmælti því að hafa sameiginlega staðið að þessum hasskaupum með Sigurði Jóhanni Guðjónssyni, því Sigurður Jóhann hefði einn keypt þetta hass og einn átt það. Sinn þátt í málinu kvað hann hafa verið að hann hafi sent þetta hass hingað til lands frá Hollandi og ætlað að sækja það í farangursafgreiðslu, en lögreglan þá verið búin að leggja hald á efnið.

Verjandi ákærða fór fram á framhaldsrannsókn í málinu með bréfi dags. 6. febrúar 1985, vegna staðhæfingar ákærða um að á meðan hann og Sigurður Jóhann dvöldust í Hollandi hafi Sigurður Jóhann tekið af honum vegabréfið og hann af þeim ástæðum ekki verið frjáls ferða sinna. Þá hafi Sigurður Jóhann hótað honum lífláti eftir komu til Íslands.

Sigurður Jóhann var af þessu tilefni yfirheyrður fyrir dómi 15. mars 1985. Kvað hann þessar fullyrðingar ákærða vera með öllu tilhæfulausar.

Í yfirheyrslu fyrir dómi 19. mars 1985 kvað ákærði það vera rangt, sem fram kemur í bréfi verjanda síns, að Sigurður Jóhann hafi hótað honum lífláti. Hann staðfesti sem fram kemur í bréfi verjanda síns að Sigurður Jóhann hafi tekið af honum vegabréf í Hollandi og bætti við að hann hafi tekið af honum alla peninga einnig.

Aðspurður kvað hann Sigurð Jóhann hafa gert þetta til að hefta ferðafrelsi hans og þvinga hann til þátttöku í umræddu fíkniefnabroti.

Ákærði staðfesti þennan framburð í samprófun en Sigurður sagði hann vera hreina fjarstæðu. Hann kvaðst að vísu hafa fengið peninga hjá ákærða en hann kvaðst hafa átt þá peninga og ákærði hafi rétt honum þá af fúsum og frjálsum vilja.

Sýni af hassefninu, sem lögreglan lagði hald á í málinu, var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var að sýnið væri kannabis og magn tetrahýdrókannabínóls væri 67 mg/g.

Niðurstaða:

Sannað þykir með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að hann hafi sent um 1465 g af hassi, sem var eign margnefnds Sigurðar Jóhanns Guðjónssonar, hingað til lands frá Hollandi, sem kom með m.s. Arnarfelli hingað til lands 24. desember 1982 og ætlað að sækja það í farangursafgreiðslu tollafgreiðslunnar, en lögreglan þá búin að leggja hald á efnið.

Ljóst er að samkomulag milli ákærða og Sigurðar Jóhanns var ekki gott meðan á utanferðinni stóð, en verður þó ekki talið í ljós leitt að ákærði hafi verið beittur nauðung við framkvæmd brotsins frá hendi Sigurðar Jóhanns eins og verjandinn heldur fram í sinni vörn.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Að öllu ofanrituðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Til frádráttar refsingu hans komi 4 daga gæsluvarðhaldsvist hans meðan á rannsókn málsins stóð.

Með vísan til 1. mgr. 140 (sic). gr. laga nr. 74, 1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 10.000,00 til skipaðs verjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hrl.

Hassefnið hefur verið gert upptækt, sbr. sakadómsmál nr. 117-118, 1983.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Haukur Ólafsson, fæddur 20. febrúar 1948, sæti fangelsi í 3 mánuði. Refsivist hans til frádráttar komi 4 daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærði greiði allan málskostnað, þar af kr. 10.000,00 til skipaðs verjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hrl.

Fimmtudaginn 29. maí 1986.

Nr. 160/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Björgólfi Guðmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur skv. heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. þ.m. er barst Hæstarétti 23. þ.m. Krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur en til vara að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði er rökstuddur grunur á að varnaraðili kunni að hafa framið brot er varðað geta fangelsi. Þá ber einnig að fallast á að nauðsyn hafi verið á því skv. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að koma í veg fyrir að varnaraðili gæti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að bera sig saman við meðkærðu og aðra. Þykir mega staðfesta úrskurðinn, þó með þeirri breytingu að gæsluvarðhald varnaraðila skuli standa til miðvikudagsins 11. júní nk.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur með þeirri breytingu að gæsluvarðhald varnaraðila, Björgólfs Guðmundssonar, standi til miðvikudagsins 11. júní nk. kl. 17:00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 21. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða, Björgólfi Guðmundssyni, fæddum

2 janúar 1941, Hofsvallagötu 1 hér í borg verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum þann 6. desember sl. var bú Hafskips h/f, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Þann 6. maí sl. barst ríkissaksóknara rannsókn skiptaréttar Reykjavíkur á gjaldþroti fyrirtækisins, sbr. 88. gr. 4. tl. gjaldþrotaskiptalaga nr. 6/1978. Með bréfi dagsettu 7. maí sl. gaf ríkissaksóknari Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrirmæli um umfangsmikla rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna og starfsmanna Hafskips h/f og Útvegsbanka Íslands gegn XIV., XV., XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Í ítarlegri skýrslu skiptaráðanda eru raktar grunsemdir um stórfellt misferli forráðamanna og starfsmanna Hafskips h/f og skyldi rannsóknin m.a. beinast að eftirfarandi:

A. Ætluðum brotum tengdum reikningsskilum og áætlanagerð.
B. Ætluðum brotum er tengjast verðmætamati eigna.
C. Ætluðum brotum tengdum hlaupareikningum í vörslum forráðamanna Hafskips h/f.

Leikur grunur á því að á árinu 1984 hafi verið útbúnir uppgjörsreikningar mismunandi efnis, annars vegar handa forráðamönnum félagsins og hins vegar handa öðrum, þar á meðal Útvegsbanka Íslands. Virðist niðurstaða svokallaðs milliuppgjörs hafa verið vísvitandi rangfærð og síðan hagnýtt félaginu til hagsbóta.

Einnig leikur grunur á því að forráðamenn Hafskips h/f hafi vakið og hagnýtt sér rangar hugmyndir forráðamanna Útvegsbanka Íslands um verðgildi veðsettra eigna félagsins. Liggur fyrir að á hefur vantað allt að kr. 170.000.000,00 til þess að markaðsverð skipa félagsins stæði undir veðskuldbindingum.

Þá þykir ástæða til að ætla að forráðamenn Hafskips h/f hafi misfarið verulega með sérstaka hlaupareikninga sem voru á nafni félagsins en í vörslu þeirra.

Auk framangreinds er rannsóknin ætlað að taka til ætlaðra brota vegna bifreiðakaupa, veitingar afsláttar og eftirgjafar flutningskrafna, greiðslu ferðakostnaðar, greiðslna til kærða o.fl.

Kærði hóf störf hjá Hafskipi h/f frá 1. desember 1977 sem framkvæmdastjóri en frá miðju ári 1983 tók kærði við starfi forstjóra félagsins. Við yfirheyrslur hjá RLR hefur kærði talið að staðið hafi verið eðlilega að veðsetningum eigna fyrirtækisins,en málefni þessi hafi átt undir aðra starfs-

menn. Þá er framburður kærða óljós í veigamiklum atriðum og stangast á við skýrslur annarra forráðamanna fyrirtækisins.

RLR gerði í gær kröfu um gæsluvarðhald á hendur 5 öðrum mönnum í tengslum við mál þetta. Einn þeirra hefur við yfirheyrslur hjá RLR kannast við að forsvarsmenn félagsins hafi vísvitandi rangfært reikningsuppgjör félagsins og jafnframt sammælst um rangan framburð fyrir skiptarétti.

Með hliðsjón af því að framundan er umfangsmikil lögregluransókn á stórfelldu fjármálamisferli í tengslum við umrætt gjaldþrot þykir með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 rétt að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Björgólfur Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00.

Fimmtudaginn 29. maí 1986.

Nr. 161/1986. **Ákæruvaldið**

gegn

Helga Magnússyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur en til vara að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði er rökstuddur grunur á að varnaraðili kunni að hafa framið brot er varðað geti fangelsi. Þá ber einnig að fallast á að nauðsyn hafi verið á því skv. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að koma í veg fyrir að varnaraðili gæti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að bera sig saman við meðkærðu og aðra. Þykir mega staðfesta úrskurðinn, þó með þeirri breytingu að gæsluvarðhald varnaraðila skuli standa til miðvikudagsins 11. júní nk.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur með þeirri breytingu að gæsluvarðhald varnaraðila, Helga Magnússonar, standi til miðvikudagsins 11. júní nk. kl. 17.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 21. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 krafist þess að kærði, Helgi Magnússon, löggiltur endurskoðandi, fæddur 14.1. 1949, Vesturströnd 23, Seltjarnarnesi, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga.

Kærði hefur mótmælt gæsluvarðhaldskröfunni.

Málavextir:

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum hinn 6. desember 1985, var bú Hafskips h/f, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Umfangsmikil rannsókn á málefnum búsins hefur farið fram fyrir skiptarétti. Með vísan til 4. tl. 88. gr. laga nr. 6, 1978 sendi skiptaráðandinn ríkissaksóknara skýrslu, dags. 6. þ.m., um rannsókn skiptaréttar á gjaldþroti Hafskips h/f. Með bréfi ríkissaksóknara til RLR, dags. 7. þ.m., er mælt fyrir um umfangsmikla rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna og starfsmanna Hafskips h/f og Útvegsbanka Íslands gegn XIV., XV., XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga.

Í skýrslu skiptaráðanda er greint frá mörgum atriðum sem vekja grun um stórfellt misferli forráðamanna og starfsmanna Hafskips h/f. Fyrir-

sjánaleg er umfangsmikil gagnaöflun og rannsókn RLR, m.a. á eftirtöldum atriðum:

A. Ætluð brot tengd reikningsskilum og áætlanagerð.

Grunur leikur á, að á árinu 1984 hafi kærði átt aðild að því að útbúnir voru uppgjörsreikningar mismunandi efnis, annar handa forráðamönnum Hafskips h/f, og hinn, sem sýndi betri afkomu, handa öðrum, þ. á m. Útvegsbanka Íslands. Virðist niðurstaða svokallaðs milliuppgjörs hafa verið vísvitandi rangfærð og síðan hagnýtt félaginu til hagsbóta.

B. Ætluð brot er tengjast verðmætamati eigna.

Forráðamenn Hafskips h/f eru grunaðir um að hafa vakið og hagnýtt sér rangar hugmyndir forráðamanna Útvegsbanka Íslands um verðgildi eigna félagsins sem voru til tryggingar lánum og ábyrgðum bankans, bæði að því er varðar skip félagsins og lausafé. Virðist m.a. hafa vantað allt að kr. 170.000.000 til þess að markaðsverð skipanna stæði undir skuldbindingum. Er kærði grunaður um aðild að blekkingum með þessum hætti.

Auk þess sem að framan greinir er rannsókn RLR ætlað að taka til annarra viðamikilla þátta sem tengjast rekstri Hafskips h/f, svo sem ætlaðra brota í tengslum við hlaupareikninga í vörslu forráðamanna félagsins svo og við bifreiðakaup þeirra, veitingu afsláttar og eftirgjafar flutningskrafna, greiðslu ferðakostnaðar, viðskipta við Reykvíska endurtryggingu h/f, ráðstöfun skuldabréfa vegna hlutafjáraukningar o.fl.

Kærði, Helgi Magnússon, annaðist endurskoðun fyrir Hafskip h/f frá ársbyrjun 1977 þar til í desember 1985 og sá m.a. um uppgjör fyrir félagið. Við handtöku hans í gær var lagt hald á ýmis gögn sem tengjast félaginu. Hann hefur verið yfirheyrður í skiptarétti Reykjavíkur og hjá RLR um nokkur hinna ætluðu brota, en ekkert getað borið um eða gert viðhlítandi grein fyrir mörgum þeirra atriða sem rannsókn RLR hefur beinst að til þessa. Kærði kannast ekki við að hafa rangfært bókhald félagsins. Bornar hafa verið undir kærða ýmsar athugasemdir Valdimars Guðnasonar, löggilts endurskoðanda, sem að tilhlutan skiptaréttar hefur stjórnað endurskoðun á afmörkuðum þáttum í rekstri Hafskips h/f, en hann hefur ekki getað gert viðhlítandi grein fyrir veigamiklum atriðum sem athugasemdirnar lúta að.

Kærði er grunaður um aðild að brotum sem geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XV., XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga. Framundan er mjög viðamikil rannsókn á umfangsmiklu sakarefni þar sem margir koma við sögu, en ekki er ljóst á þessu stigi rannsóknarinnar hver þáttur hvers um sig kann að vera í hinum ætluðu brotum. RLR gerði í gær kröfu um gæsluvarðhald á hendur fimm forsvarsmönnum Hafskips h/f auk kærða, sem grunaðir eru um aðild að hinum ætluðu brotum. Einn þessara

manna hefur m.a. skýrt frá því hjá RLR að forsvarsmenn félagsins og kærði hafi vísvitandi og að því er ætla verður í blekkingarskyni rangfært eða beitt sér fyrir rangfærslu reikningsuppgjörs félagsins og ennfremur sammælst um rangan framburð fyrir skiptarétti þar að lútandi.

Með gæsluvarðhaldskröfu RLR var lögð fyrir dóminn fyrrgreind skýrsla skiptaráðandans í Reykjavík, bréf ríkissaksóknara, framburðarskýrslur ofangreindra sex manna hjá RLR ásamt úrskurðum og skýrslum um húsleit hjá þremur þeirra.

Af hálfu kærða hefur verið á það bent, að um 5½ mánuður er liðinn síðan bú Hafskips h/f var tekið til gjaldþrotaskipta og að kærði hafi afhent skiptaráðanda þau gögn, sem farið hefur verið fram á, hann hafi gefið skýrslu í skiptarétti og enn fremur að öðru leyti sýnt fyllsta samstarfsvilja. Þar að auki hafi RLR nú lagt hald á þau gögn sem kærði hafði enn í fórum sínum. Er því haldið fram að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 séu ekki fyrir hendi.

Með hliðsjón af gögnum málsins og því, sem að framan er rakið, og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina að fullu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Helgi Magnússon, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00.

Fimmtudaginn 29. maí 1986.

Nr. 162/1986. **Ákæruvaldið**

gegn

Páli Braga Kristjónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. þ.m. er barst Hæstarétti 23. þ.m. Krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði er rökstuddur grunur á að varnaraðili kunni að hafa framið brot er varðað geta fangelsi. Þá ber einnig að fallast á að nauðsyn hafi verið á því skv. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að koma í veg fyrir að varnaraðili gæti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að bera sig saman við meðkærðu og aðra. Þykir mega staðfesta úrskurðinn, þó með þeirri breytingu að gæsluvarðhald varnaraðila skuli standa til miðvikudagsins 11. júní nk.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur með þeirri breytingu að gæsluvarðhald varnaraðila, Páls Braga Kristjónssonar, standi til miðvikudagsins 11. júní nk. kl. 17.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 21. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 krafist þess að kærði, Páll Bragi Kristjónsson, fæddur 7.2. 1944, Fossagötu 8, Reykjavík, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga.

Kærði hefur mótmælt gæsluvarðhaldskröfunni.

Málavextir:

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum hinn 6. desember 1985, var bú Hafskips h/f, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Umfangsmikil rannsókn á málefnum búsins hefur farið fram fyrir skiptarétti. Með vísan til 4. tl. 88. gr. laga nr. 6, 1978 sendi skiptaráðandinn ríkissaksóknara skýrslu, dags. 6. þ.m., um rannsókn skiptaréttar á gjaldþroti Hafskips h/f. Með bréfi ríkissaksóknara til RLR, dags. 7. þ.m., er mælt fyrir um um-

fangsmikla rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna og starfsmanna Hafskips h/f og Útvegsbanka Íslands gegn XIV., XV., XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga.

Í skýrslu skiptaráðanda er greint frá mörgum atriðum sem vekja grun um stórfellt misferli forráðamanna og starfsmanna Hafskips h/f. Fyrirsjáanleg er umfangsmikil gagnaöflun og rannsókn RLR, m.a. á eftirtöldum atriðum.

A. Ætluð brot tengd reikningsskilum og ácætlanagerð.

Grunur leikur á, að á árinu 1984 hafi verið útbúnir uppgjörsreikningar mismunandi efnis, annar handa forráðamönnum Hafskips h/f, og hinn, sem sýndi betri afkomu, handa öðrum, þ.á m. Útvegsbanka Íslands. Virðist niðurstaða svokallaðs milliuppgjörs hafa verið vísvitandi rangfærð og síðan hagnýtt félaginu til hagsbóta.

B. Ætluð brot, er tengjast verðmætamati eigna.

Forráðamenn Hafskips h/f eru grunaðir um að hafa vakið og hagnýtt sér rangar hugmyndir forráðamanna Útvegsbanka Íslands um verðgildi eigna félagsins sem voru til tryggingar lánum og ábyrgðum bankans, bæði að því er varðar skip félagsins og lausafé. Virðist m.a. hafa vantað allt að kr. 170.000.000 til þess að markaðsverð skipanna stæði undir skuldbindingum.

C. Ætluð brot tengd hlaupareikningum í vörslum forráðamanna Hafskips h/f.

Ástæða þykir til að ætla að forráðamenn Hafskips h/f, þ.á m. kærði Páll Bragi, hafi misfarið verulega með sérstaka hlaupareikninga, sem voru á nafni félagsins, en í vörslu þeirra.

Auk þess, sem að framan greinir, er rannsókn RLR ætlað að taka til annarra viðamikilla þátta sem tengjast rekstri Hafskips h/f, svo sem ætlaðra brota í tengslum við bifreiðakaup fyrirsvarsmanna félagsins, veitingu afsláttar og eftirgjafar flutningskrafna, greiðslu ferðakostnaðar, viðskipta við Reykvíska endurtryggingu h/f, ráðstöfun skuldabréfa vegna hlutafjáraukningar o.fl.

Kærði Páll Bragi hóf störf hjá Hafskip h/f í nóvember 1981 sem deildarstjóri skipulags- og hagdeildar. Hann var fjármálastjóri félagsins frá miðju ári 1982 fram í júní 1983 en framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs eftir það þar til hann lét af störfum í mars 1985. Hann hefur verið yfirheyrður í skiptarétti Reykjavíkur og hjá RLR um nokkur hinna ætluðu brota. Hann hefur m.a. borið, að hann hafi einungis borið „verkstjórnarlega" ábyrgð á gerð rekstraráætlana og reikningsskilum, en ekki unnið verkin sjálfur nema að mjög takmörkuðu leyti. Hann hefur ekkert getað

borið um eða gert viðhlítandi grein fyrir mörgum þeirra atriða sem rannsókn RLR hefur beinst að til þessa.

Kærði er grunaður um aðild að brotum sem geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XV., XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga. Framundan er mjög viðamikil rannsókn á umfangsmiklu sakarefni þar sem margir koma við sögu en ekki er ljóst á þessu stigi rannsóknarinnar hver þáttur hvers um sig kann að vera í hinum ætluðu brotum. RLR gerði í gær kröfu um gæsluvarðhald á hendur fjórum forsvarsmönnum og endurskoðanda Hafskips h/f auk kærða, sem grunaðir eru um aðild að hinum ætluðu brotum. Einn þessara manna hefur m.a. skýrt frá því hjá RLR að forsvarsmenn félagsins hafi vísvitandi og að því er ætla verður í blekkingarskyni rangfært reikningsuppgjör félagsins, og ennfremur sammælst um rangan framburð fyrir skiptarétti þar að lútandi.

Með gæsluvarðhaldskröfu RLR var lögð fram fyrrgreind skýrsla skiptaráðandans í Reykjavík, bréf ríkissaksóknara, framburðarskýrslur ofangreindra sex manna hjá RLR ásamt úrskurðum og skýrslum um húsleit hjá þremur þeirra.

Með hliðsjón af gögnum málsins og því, sem nú hefur verið rakið og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina að fullu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Páll Bragi Kristjónsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní 1986, kl. 17:00.

Fimmtudaginn 29. maí 1986.

Nr. 163/1986. **Ákæruvaldið**

gegn

Ragnari Kjartanssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur en til vara að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði er rökstuddur grunur á að varnaraðili kunni að hafa framið brot er varðað geta fangelsi. Þá ber einnig að fallast á að nauðsyn hafi verið á því skv. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að koma í veg fyrir að varnaraðili gæti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að bera sig saman við meðkærðu og aðra. Þykir mega staðfesta úrskurðinn, þó með þeirri breytingu að gæsluvarðhald varnaraðila skuli standa til miðvikudagsins 11. júní nk.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur með þeirri breytingu að gæsluvarðhald varnaraðila, Ragnars Kjartanssonar, standi til miðvikudagsins 11. júní nk. kl. 17.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 21. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða, Ragnari Kjartanssyni, fæddum 4. mars 1942, til heimilis að Vogalandi 11 hér í borg verði með úrskurði gert

að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum þann 6. desember sl. var bú Hafskips h/f, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Þann 6. maí sl. barst ríkissaksóknara rannsókn skiptaréttar Reykjavíkur á gjaldþroti fyrirtækisins, sbr. 88. gr. 4. tl. gjaldþrotaskiptalaga nr. 6/1978. Með bréfi dagsettu 7. maí sl. gaf ríkissaksóknari Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrirmæli um umfangsmikla rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna og starfsmanna Hafskips h/f og Útvegsbanka Íslands h/f gegn XIV., XV., XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Í ítarlegri skýrslu skiptaráðanda eru raktar grunsemdir um stórfellt misferli forráðamanna og starfsmanna Hafskips h/f og skyldi rannsóknin m.a. beinast að eftirfarandi:

A. Ætluðum brotum tengdum reikningsskilum og áætlanagerð.
B. Ætluðum brotum er tengjast verðmætamati eigna.
C. Ætluðum brotum tengdum hlaupareikningum í vörslum forráðamanna Hafskips h/f.

Leikur grunur á því að á árinu 1984 hafi verið útbúnir uppgjörsreikningar mismunandi efnis, annars vegar handa forráðamönnum félagsins og hins vegar handa öðrum, þar á meðal Útvegsbanka Íslands. Virðist niðurstaða svokallaðs milliuppgjörs hafa verið vísvitandi rangfærð og síðan hagnýtt félaginu til hagsbóta.

Einnig leikur grunur á því að forráðamenn Hafskips h/f hafi vakið og hagnýtt sér rangar hugmyndir forráðamanna Útvegsbanka Íslands um verðgildi veðsettra eigna félagsins. Liggur fyrir að á hefur vantað allt að kr. 170.000.000,00 til þess að markaðsverð skipa félagsins stæði undir veðskuldbindingum.

Þá þykir ástæða til að ætla að forráðamenn Hafskips h/f hafi misfarið verulega með sérstaka hlaupareikninga sem voru á nafni félagsins en í vörslu þeirra.

Auk framangreinds er rannsóknin ætlað að taka til ætlaðra brota vegna bifreiðakaupa, veitingar afsláttar og eftirgjafar flutningskrafna, greiðslu ferðakostnaðar o.fl.

Kærði hóf störf hjá Hafskipi h/f í júní árið 1978 sem framkvæmdastjóri ásamt Björgólfi Guðmundssyni en um vorið 1983 tók kærði við starfi stjórnarformanns félagsins.

Kærði hefur gefið skýrslur hjá RLR og eru þær ekki til þess fallnar að varpa ljósi á veigamikil atriði og þykja um margt tortryggilegar.

RLR gerði í gær kröfu um gæsluvarðhald á hendur 5 öðrum mönnum í tengslum við mál þetta. Einn þeirra hefur við yfirheyrslur hjá RLR kannast við að forsvarsmenn félagsins hafi vísvitandi rangfært reikningsuppgjör félagsins og jafnframt sammælst um rangan framburð fyrir skiptarétti.

Með hliðsjón af því að framundan er umfangsmikil lögregluranns6kn á stórfelldu fjármálamisferli í tengslum við umrætt gjaldþrot, þykir með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 rétt að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ragnar Kjartansson, skal sæta gæsluvarðhaldi, allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00.

Fimmtudaginn 29. maí 1986.

Nr. 193/1984. **Hapag Lloyd A/G**
(Valgarð Briem hrl.)
gegn
Yasuda Fire and Marine Insurance Company Ltd.
(Björgvin Þorsteinsson hdl.)
og Yasuda Fire and Marine Insurance Company Ltd.
gegn
Hapag Lloyd A/G og H/f Eimskipafélagi Íslands
(Sigurður Helgi Guðjónsson hdl.)

Farmflutningur. Farmskírteini. Lögsaga. Skaðabætur. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. október 1984. Hann gerir þessar dómkröfur:

Í fyrsta lagi að málinu verði vísað frá héraðsdómi og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Verði ekki fallist á frávísunarkröfu hans, krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda Yasuda Fire and Marine Insurance Company Ltd. og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst aðaláfrýjandi þess að hann „verði einungis dæmdur til að greiða £200,00 sem er hámarksábyrgð á tvær einingar farms skv. Haagreglunum eða DM 2.500,00, sem er hámarksábyrgð á tvær einingar skv. þýskum lögum eða 200.000,00 Yen, sem er hámarksábyrgð 2 eininga skv. japönskum lögum og loks er til þrautavara krafist lækkunar bótakröfu þótt ekki sé svo mikil sem í varakröfu greinir." Að því er varðar þrautavarakröfu krefst hann þess að málskostnaður verði felldur niður.

Aðaláfrýjandi gerir engar kröfur á hendur stefnda H/f Eimskipafélagi Íslands.

Gagnáfrýjandi, Yasuda Fire and Marine Insurance Co. Ltd., skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1984.

Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðallega að H/f Eimskipafélag Íslands og Hapag Lloyd A/G verði in solidum dæmd til að greiða gagnáfrýjanda japönsk yen 14.530.675,00 með 18% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 25. september 1980 til greiðsludags.

Til vara að H/f Eimskipafélag Íslands og Hapag Lloyd A/G verði in solidum dæmd til að greiða gagnáfrýjanda japönsk yen 13.903. 347,00 með 18% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 25. september 1980 til greiðsludags og auk þess verði Hapag Lloyd A/G dæmt til að greiða gagnáfrýjanda japönsk yen 627.328,00 með 18% ársvöxtum frá 25. september 1980 til greiðsludags.

Til þrautavara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því að vextir verði dæmdir 18% ársvextir frá 25. september 1980 til greiðsludags.

Til þrautaþrautavara að stefndi H/f Eimskipafélag Íslands verði dæmt til að greiða gagnáfrýjanda japönsk yen 13.903.347,00 með 18% ársvöxtum frá 25. september 1980 til greiðsludags og að Hapag

Lloyd A/G verði dæmt til að greiða gagnáfrýjanda japönsk yen 627.328,00 með 18% ársvöxtum frá 25. september 1980 til greiðsludags.

Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, hvernig sem málið fer.

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, gerir þær dómkröfur að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og gagnáfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal álitsgerð Capt. Klaus Förster dags. 2. nóvember 1984, um gám nr. HLCU 273 852-0 og um samskonar gáma, ásamt síritaspjaldi um hitastig í nefndum gámi tímabilið 19. ágúst til 19. september 1980, ljósmyndum og uppdráttum af gámum þessarar gerðar. Ennfremur hefur verið lagt fram endurrit af vitnamáli, er fram fór á bæjarþingi Reykjavíkur 15. mars 1985 að beiðni lögmanns aðaláfrýjanda. Í vitnamáli þessu var Sigurður Ásgrímsson rafvirki leiddur sem vitni með þekkingu á frystigámum.

Fallast ber á það með héraðsdómi að farmskírteini það, er H/f Eimskipafélag Íslands gaf út um vöruna hinn 7. ágúst 1980 í Reykjavík, hafi verið gagnfært farmskírteini um flutning rækjufarms frá Reykjavík til Tokyo með umskipun í Hamborg.

Í fjarritaskeyti frá aðaláfrýjanda, Hapag Lloyd A/G, til stefnda, H/f Eimskipafélags Íslands, dags. 14. ágúst 1980, er því lýst yfir að Hapag Lloyd A/G vilji ekki taka á sig skuldbindingu samkvæmt farmbréfinu frá 7. ágúst 1980 nema út sé gefið afrit farmskírteinisins, þar sem skráð verði það vörumagn og þungi í gámunum fjórum, er tilgreint var í skeytinu.

Í samræmi við þetta var útbúið afrit farmskírteinis í Hamborg, þar sem m.a. er skráð, að gámarnir séu sagðir innihalda („4 Containers said to contain") það vörumagn, sem í áðurnefndu fjarritaskeyti aðaláfrýjanda greindi. Á framhlið afrits þessa er stimplað að hinn 16. ágúst 1980 hafi téðum vörum verið skipað um borð í M/S „Kamakura Maru".

Skilja verður fjarritaskeyti aðaláfrýjanda þannig, að með því hafi hann einvörðungu viljað undanþiggja sig ábyrgð á vörumagninu en hafi með stimplun sinni á afrit farmskírteinisins og móttöku farmsins að öðru leyti gerst aðili að hinu gagnfæra farmskírteini frá 7.

ágúst 1980 og undirgengist þær skuldbindingar er þar greindi, þar með talið að hlíta íslenskri lögsögu. Jafnframt þessu stofnaðist samningssamband milli aðaláfrýjanda sem farmflytjanda annars vegar og móttakanda vörunnar í Tokyo hins vegar í samræmi við skilmála hins gagnfæra farmskírteinis. Samkvæmt þessu ber að hrinda frávísunarkröfu aðaláfrýjanda.

Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti bar aðaláfrýjandi fram þá málsástæðu að gámur nr. HLCU 273 852-0 hefði verið óhaffær þar eð innri einangrun hans hefði verið rifin við upphaf ferðar. Á þessu beri aðaláfrýjandi eigi ábyrgð, heldur stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, er séð hafi um hleðslu gámsins. Þessari málsástæðu var af hálfu stefnda, H/f Eimskipafélags Íslands, mótmælt sem of seint fram kominni. Fallast má á það með stefnda að málsástæða sé of seint fram komin. Kemur hún því ekki til álita í Hæstarétti.

Með framangreindum athugasemdum, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda 200.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti á málskostnaður fyrir Hæstarétti að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Hapag Lloyd A/G, greiði gagnáfrýjanda, Yasuda Fire and Marine Insurance Company Ltd., 200.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti á málskostnaður fyrir Hæstarétti að falla niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júlí 1984.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 25. júní sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 29. ágúst 1983 af Sveini Snorrasyni hrl., f.h. lögfræðifirmans Holman, Fenwich og Willan, Marlow House, Lloyds Avenue í Lundúnum vegna Yasuda Fire and Marine Insurance Company Ltd., Tokyo í Japan, gegn H/f Eimskipafélagi Íslands hér í borg, og með sakaukastefnu birtri hinn 15. nóvember

1983 gegn firmanu Hapag-Lloyd AG, Ballindamm 25, 2000 Hamburg 1 í Vestur-Þýskalandi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu greiði skaðabætur að fjárhæð japönsk yen 14.530.675,00 auk 18% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 25. september 1980 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða samkvæmt mati dómsins.

Stefndi H/f Eimskipafélag Íslands gerir þær dómkröfur að hann verði algjörlega sýknaður og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Stefndi Hapag-Lloyd AG gerði í upphafi kröfu um frávísun málsins, en henni var hrundið með úrskurði uppkveðnum 20. mars 1984.

Stefndi Hapag-Lloyd AG gerir nú aðalkröfu um sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnað úr hans hendi að mati dómsins. Til vara að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda £200,00 án vaxta, en til þrautavara er krafist verulegrar lækkunar á stefnufjárhæðinni.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau að stefndi H/f Eimskipafélag Íslands hafi sumarið 1980 tekið að sér flutning á 3.031 kössum (cartons) af hraðfrystri rækju að beiðni firmans Neptunus hf. í Reykjavík til Tokyo í Japan. Varan hafi verið seld fyrir milligöngu firmans Impel Import & Export Ltd. í London til firmans Shin Nishoku Co. Ltd. í Tokyo. Kaupandi hafi greitt andvirði vörunnar með óafturkræfri bankaábyrgð gegn afhendingu farmskírteinis og annarra skjala sem tíðkist í viðskiptum sem þessum. Varan hafi verið seld „C&F as per buyers Tokyo", og hafi flutningsgjaldið til Tokyo verið greitt fyrirfram til stefnda H/f Eimskipafélags Íslands sem gefið hafi út farmskírteini nr. 700-S hinn 7. ágúst 1980, sama dag og varan hafi farið með m/s Mánafossi áleiðis til Hamborgar. Varan hafi verið flutt í fjórum 20 feta frystigámum sem stefndi Eimskip hafi lagt til, en eigandi gámanna hafi verið stefndi Hapag-Lloyd AG sem gert hafi út m/s „Kamakura Maru" sem flutt hafði vöruna frá Hamborg til Tokyo samkvæmt samningi við stefnda Eimskip á grundvelli framangreinds farmskírteinis. Fyrir flutninginn hafi rækjunni verið hlaðið í frystigámana af eða undir eftirliti starfsmanna stefnda Eimskips er staðreynt hafi magn vörunnar og ástand hennar við viðtöku til flutnings, en áður hafi Fiskmat ríkisins skoðað vöruna og vottað um gæði hennar. M/s Mánafoss hafi komið til Hamborgar hinn 13. ágúst 1980 og hafi stefndi Hapag-Lloyd AG tekið við gámunum hinn 14. ágúst og umskipað þeim um borð í m/s „Kamakura Maru", sem siglt hafi með þá til Tokyo og komið þangað hinn 18. september 1980. Við komu hafi komið í ljós að skemmdir hafi orðið á rækjunni í flutningi í tveimur gámum, þ.e. nr. 8520 þar sem allt innihald gámsins, 810 carton af rækju, hafi reynst ónýtt, og í nr. 9038 þar sem 39 carton

af 739 hafi reynst skemmd, og hafi verðrýrnun þessara 39 cartona verið metin 87,5%. Það hafi verið skoðunarfyrirtækið Nippon Kaiji Kentei Kuokai (NKKK) sem metið hafi heildartjónið á japönsk yen 14.529.675,00 sem sé stofn stefnukröfunnar í máli þessu, en stefnandinn, Yasuda Fire and Marine Insurance Company Limited í Tokyo, vátryggjandi vörunnar gagnvart kaupanda, hafi greitt kaupanda matsfjárhæðina gegn framsali á réttindum viðtakanda til endurkröfu gagnvart þeim sem ábyrgð beri á tjóninu. Niðurstaða skoðunarfirmans hafi verið að tjónið hafi orðið vegna þiðnunar vegna vanrækslu og mistaka í meðferð og eftirliti og/eða bilana í viðkomandi gámum á leiðinni frá Hamborg til Tokyo. Í sambandi við aðaltjónið, sem varð á innihaldi frystigáms nr. 8520, hafi komið í ljós við komuna til Tokyo að gúmmíeinangrun í dyraumbúnaði gámsins hafi þá verið gengin úr skorðum sem einnig kunni að hafa orsakað breytingar á hitastigi á leiðinni með þeim afleiðingum að varan hafi orðið fyrir þeim skemmdum sem að framan sé lýst.

Málsástæður stefnanda og lagarök séu þau að tjónið og orsakir þess hafi verið staðreyndar af löggiltu mats- og skoðunarfyrirtæki í Tokyo og hafi skoðun farið fram hinn 22. september 1980 og hafi umboðsmönnum stefnda Hapag-Lloyd AG verið gefinn kostur á að vera við matið. Tilkynning um bótakröfu hafi verið gerð með bréfi dags. 25. september 1980 af hálfu móttakanda vörunnar á hendur umboðsmanni stefnda Hapag-Lloyd AG í Japan sem hafi verið vísað á bug með bréfi dags. 15. október 1980. Stefnandi hafi greitt móttakanda vörunnar bótafjárhæðina, yen 14.530. 675,00 hinn 27. nóvember 1980, gegn framsali réttinda til endurkröfu úr hendi þess sem ábyrgð ber á tjóni samkvæmt farmskírteininu, sbr. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga. Bótafjárhæðin sé í samræmi við ákvæði 101. gr. siglingalaga en bótaábyrgð stefndu sé byggð á 99. gr. siglingalaga beint eða með lögjöfnun.

Stefnandi hafi fyrst stefnt H/f Eimskipafélagi Íslands til greiðslu skaðabótanna. Í greinargerð þeirra (sic), dags. 27. október 1983, hafi þeir gert kröfu um sýknu á þeirri forsendu að skemmdirnar á rækjunum hafi orðið á leiðinni frá Hamborg til Tokyo vegna bilunar á frystigámum eða vanrækslu á eftirliti með þeim og meðferð á þessari leið og ber því Hapag-Lloyd AG óskoraða ábyrgð á tjóninu, þar sem Eimskip hafi í 5. gr. skilmála farmskírteinis undanþegið sig ábyrgð á þeim hluta leiðarinnar. Því hafi ekki verið hjá því komist að stefna Hapag-Lloyd AG in solidum með stefnda Eimskipi til greiðslubótanna.

Stefnandi krefjist þess að stefndu verði dæmdir in solidum í máli þessu, þar sem eftirrit það af farmskírteini, sem gert hafi verið að kröfu stefnda Hapag-Lloyd AG og stimplað af þeim með „Shipping Advice, Acutally transhipped at Hamburg into m/s „Kamakura Maru" on Aug 16 1980",

hafi í meginefni annað orðalag en hið upphaflega farmskírteini. Í frumritinu standi í vörulýsingu: „3.031 c/s Frozen Icelandic raw (uncooked) Shrimps", en í afritinu standi: „4 Containers said to contain: 3.032 cart. Frozen Icelandic raw (uncooked) Shrimps." Stefnandi hafi talið að farmskírteinið veitti honum ekki samningsbundinn rétt gagnvart stefnda Hapag-Lloyd, heldur eingöngu á stefnda Eimskip. Krafa stefnanda á hendur stefnda Hapag-Lloyd sé hins vegar byggð á skaðabótaábyrgð hans skv. 99. gr. siglingalaga, þar sem upplýst sé að hann hafi tekið að sér flutning farmsins hluta leiðarinnar og tjónið hafi orðið að hluta eða að öllu leyti vegna stórkostlegs gáleysis og hirðuleysis starfsmanna hans í flutningunum. Ábyrgð stefnda Hapag-Lloyd á tjóninu leysi hins vegar ekki stefnda Eimskip gagnvart stefnanda þar sem stefndi Eimskip hafi ekki sannanlega firrt sig ábyrgð á framhaldsflutningunum. Til þess að um slíkt sé að ræða hefði stefndi Eimskip þurft að semja við handhafa farmskírteinisins sérstaklega, en það hafi þeir ekki gert.

Stefnandi tekur sérstaklega fram að í máli þessu hafi stefndi Eimskip ekki andmælt fjárkröfunni sem slíkri og að mótmæli meðstefnda Hapag-Lloyd varðandi fjárhæð kröfunnar og mat séu of seint fram komin. Varakröfu stefnda Hapag-Lloyd um takmarkaða ábyrgð vegna hverrar einingar, sem flutt sé og miðist við £100 fyrir hverja einingu og að einingarnar hafi verið 4 gámar, sé alfarið andmælt. Slík ábyrgð geti allt eins átt við 3.031 kassa sem nefndir séu í farmskírteini og þá £100 fyrir hvern kassa.

Málsástæður og lagarök stefnda H/f Eimskipafélags Íslands.

Stefndi Eimskip bendir á, að hann hafi gefið út gagnfært farmskírteini nr. 700-S, þar sem segi „Port of discharge Hamburg" og „Place of delivery by on-carrier Tokyo, Japan". Stefndi vefengi ekki réttmæti þeirrar skoðunar sem fram hafi farið í Japan á vegum skoðunarfyrirtækisins Nippon Kaiji Kentei Kyokai hvað varði skemmdir á farminum, né heldur verðgildismat tjónsins sem stefnandi byggi kröfu sína á. Hins vegar byggi stefndi sýknukröfu sína alfarið á því að hann hafi með löglegri heimild undanskilið sig allri ábyrgð á skemmdum sem sannanlega verði við framhaldsflutning vörunnar, og að farmskírteinishafinn hafi skv. íslenskum lögum heimild til að krefja framhaldsflytjandann, verði tjónið rakið til hans. Stefndi vísi í 5. gr. farmskírteinisins, þar sem segi í 2. mgr. að ábyrgð farmflytjanda takmarkist við þann hluta flutningsins sem hann annast um í skipi undir hans stjórn og að farmflytjandi muni ekki viðurkenna neina kröfu vegna skemmda og eða tjóns sem verði á einhverju öðru stigi flutningsins, jafnvel þótt hann hafi innheimt farmgjald fyrir allan flutninginn. Með vísan til 103. gr. og 104. gr. siglingalaga, sbr. 52. gr. sömu laga, haldi stefndi því fram að tvö atriði þurfi að liggja fyrir til þess að farmflytjandi geti undan-

skilið sig ábyrgð: Í fyrsta lagi að heimilt sé að láta annan flutningsmann sjá um flutninginn að nokkru eða öllu leyti, og í öðru lagi að varan hafi sannanlega skemmst meðan hún var í vörslu þessa framhaldsflytjanda. Um fyrra atriðið, heimildina til að láta annan taka að sér flutninginn að einhverju leyti, sé ekki krafist ákveðins formgernings eins og stefnandi vilji halda fram í þessu máli. Almennt álit fræðimanna sé að nægilegt sé talið að farmsendanda sé ljóst eða megi vera ljóst að farmflytjandi undanskilji sig ábyrgð. Farmsendandinn hafi vitað að stefndi Eimskip annaðist aðeins flutning vörunnar til Hamborgar þar sem félagið heldur ekki uppi rútuferðum til Tokyo, enda sé beinum orðum tekið fram á farmskírteininu að um gagnfært farmskírteini sé að ræða. Stefndi vísi í dóma Hæstaréttar 1967/743 og 1972/261 máli sínu til stuðnings, og bendi á að alþjóðareglur standi því ekki í gegn að farmflytjandi undanskilji sig slíkri ábyrgð. Þess vegna sé upplýst í málinu að stefndi Eimskip hafi undanskilið sig á lögmætan hátt allri ábyrgð á umræddri vörusendingu eftir að henni hafi verið skipað upp í Hamborg hinn 13. ágúst 1980 og að eingöngu geti verið um culpa-ábyrgð hans frá þeim tíma til 14. ágúst að ræða þegar framhaldsflytjandinn, meðstefndi Hapag-Lloyd, hafi tekið við vörunni.

Um hitt atriðið, að varan hafi farið heil og óskemmd frá Íslandi og að henni hafi verið skilað í óbreyttu ástandi í Hamborg og að hún hafi því skemmst er hún var á vegum framhaldsflytjanda, verði ekki deilt. Upplýst sé að varan hafi skemmst vegna þiðnunar í frystigámunum og upplýst sé með viðkomandi skýrslum, að engin þiðnun hafi orðið á leiðinni Reykjavík - Hamborg. Hins vegar sé upplýst með skoðunargerð sem fram hafi farið í Tokyo að hitastig í gámunum hafi hækkað verulega á tímabilinu 16. til 27. ágúst 1980 og þá hafi tjónið orðið. Meðstefndi Hapag-Lloyd hafi ekki gefið út sérstakt farmskírteini þegar hann hafi tekið við vörunni til framhaldsflutnings í Hamborg og sé hann því bundinn við farmskírteinið gagnvart stefnanda skv. 141. gr. siglingalaga, og geti stefnandi því snúið sér beint að honum í þessu máli.

Málsástæður og lagarök stefnda Hapag-Lloyd AG.

Aðalkröfu sína um sýknu styður stefndi Hapag-Lloyd AG í fyrsta lagi þeim rökum að um aðildarskort sé að ræða. Stefnandi hafi ekki eignast réttindi á hendur honum þótt hann hafi eignast réttindi móttakanda farmsins með framsalinu. Móttakandinn, Shin Nishoku Co. Ltd., hafi fengið upprunalega farmskírteinið í hendur, og þar sé eingöngu getið um meðstefnda H/f Eimskipafélag Íslands, og þar sé hvergi getið um stefnda Hapag-Lloyd né um skip það sem flytja muni vöruna frá Hamborg til Tokyo. Þetta hafi stefnandi gert sér ljóst og segi þetta í stefnu málsins. Stefndi Hapag-Lloyd hafi því ekki með farmbréfi né á annan hátt tekist

á hendur skyldur gagnvart stefnanda. Honum séu óviðkomandi skilmálar í farmskírteini meðstefnda Eimskips um að hann undanskilji sig ábyrgð í framhaldsflutningum. Hann hafi einungis haft „space-charter" í skipinu m/s „Kamakura Maru", en ekki haft með útgerð þess að gera, og því hefði verið rétt að stefna útgerð skipsins og eiganda. Hann hafi því enga aðild í þessu máli.

Aðalkrafan um sýknu sé í öðru lagi studd þeim rökum að ósannað sé að tjónið hafi orðið þegar varan var í þeirra vörslum og meðstefndi Eimskip hafi ekki sannað að tjónið hafi ekki orðið þegar farmurinn hafi verið í vörslum Eimskips. Litlar líkur séu á því að farmurinn hafi skemmst um borð í m/s „Kamakura Maru", og ummælum um hirðuleysi áhafnar sé alfarið mótmælt og vísað á bug. Megintjónið hafi verið talið stafa af því að gúmmíborðar í dyraumbúnaði frystigáms hafi aflagast. Þessir borðar hafi ekki sést utan frá, og ósennilegt sé að þeir hafi skemmst utan frá. Líkur séu fyrir því að þeir hafi aflagast við hleðslu gámsins. Stefndi Hapag-Lloyd hafi engan kost átt á því að sjá hvort borðarnir hafi verið í skorðum og hafi því verið um leyndan galla að ræða. Móttakandi vörunnar hafi hinn 25. september 1980 tilkynnt umboðsmanni stefnda um tjón á vörunni. Samkvæmt þessu hafi tilkynning um tjón ekki verið gefin innan þeirra 3 daga tímamarka sem Haagreglurnar mæli fyrir um. Öll sönnun um umfang skemmdanna og orsök þeirra hvíli því á stefnanda.

Sýknukrafan sé því í þriðja lagi studd því að stefnandi hafi ekki sannað tjónið á fullnægjandi hátt. Stefnda hafi ekki verið gefinn kostur á því að vera viðstaddur skoðunargerð þá sem fram fór í Tokyo. Skoðunin hafi verið gerð af vörumóttakanda og það rýri gildi hennar. Ekki sé upplýst í málinu hvaðan útreikningarnir á verðgildi tjónsins komi og sé fjárhæð tjónsins ósönnuð.

Kröfu sína um lækkun bóta og takmörkun við £200,00 styður stefndi Hapag-Lloyd þeim rökum að skv. ákvæðum Haag-reglnanna beri farmflytjanda aldrei að greiða meira en £100,00 fyrir hverja einingu sem flutt sé, sbr. Art. 4 paragr. 5. Í afriti því á framskírteini, sem stimplað sé um að varan sé komin um borð í skip stefnda, segi að farmurinn sé 4 gámar. Skemmdirnar hafi einungis orðið í 2 gámanna, og hámarksábyrgð stefnda geti því einungis orðið £200,00. Hver gámur sé flutningseining þar sem þeir hafi verið hlaðnir af farmsendanda og innsiglaðir, og stefndi Hapag-Lloyd hafi ekki átt þess kost að kanna innihald þeirra né ganga úr skugga um ástand farmsins.

Þrautavarakröfu sína um lækkun bóta styður stefndi með vísan til 25. gr. laga um vátryggingarsamninga. Stefnandi virðist hafa bætt tjónið umfram skyldu, og þá sé ástæða til að lækka bótaskyldu í endurkröfumáli, auk þess sem tjónið sé ósannað.

Niðurstaða:

Stefnandi hefur lagt fram í málinu skoðunar- og matsgerð Nippon Kaiji Kentei Kyokai, löggilts mats- og skoðunarfyrirtækis í Tokyo, dags. 10. nóvember 1980, þar sem vísað er til skoðunar farmsins 22. september 1980 og síðari skoðana, og er orsök skemmdanna á rækjunni sögð þiðnun í frystigámunum. Þessari niðurstöðu hefur ekki verið andmælt og er hún skoðuð sem staðfest. Magn tjónsins var metið í þessari skoðunargerð og hefur stefndu Hapag-Lloyd AG ekki tekist að hrekja þessa skoðunargerð, enda andmæli þeirra við framkvæmd hennar allt of seint fram komin við munnlegan málflutning í máli þessu. Fjárhæð tjónsins var metin japönsk yen 14.530.675,00, og greiddi stefnandi móttakanda vörunnar þá fjárhæð. Með hliðsjón af magni tjónsins þykir mega fallast á verðgildismat þess.

Óumdeilt er, að stefndi Hapag-Lloyd AG hafi tekið að sér flutning vörunnar frá Hamborg til Tokyo, og er ekki annað í ljós leitt en um þann flutning hafi gilt skilmálar þeir sem fólust í farmskírteini stefnda H/f Eimskipafélags Íslands, en stefndi Hapag-Lloyd AG stimplaði á afrit þess. Þess vegna getur stefnandi beint kröfu sinni að stefnda Hapag-Lloyd AG og er ekki um aðildarskort að ræða.

Upplýst er í málinu með skoðun í Hamborg 14. ágúst 1980 að þiðnun hafi ekki orðið í frystigámunum er þeir voru í vörslu og flutningum stefnda H/f Eimskipafélags Íslands. Í skoðunargerð dags. 10. nóvember 1980 segir að hiti hafi hækkað verulega í gámunum á tímabilinu 16. til 27. ágúst 1980, þegar gámarnir voru um borð í skipi stefnda Hapag-Lloyd AG. Telja verður því upplýst að tjónið hafi orðið þegar varan var í umsjá stefnda Hapag-Lloyd AG, enda hafa þeir ekki lagt fram í málinu spjöld úr sjálfritum þeim sem á gámunum eru og sýna hitastigið á hverjum tíma.

Stefndi H/f Eimskipafélag Íslands undanskildi sig skv. 5. gr. farmskírteinis ábyrgð á tjóni á farmi sem sannanlega verður í framhaldsflutningi farmsins. Telja verður að hvorki lög né venja mæli slíkum skilmálum í gegn og að stefndi H/f Eimskipafélagið hafi því með löglegri heimild undanskilið sig þessari ábyrgð. Samkvæmt framansögðu er upplýst að í flutningi stefnda H/f Eimskipafélags Íslands hafi ekkert tjón orðið á farminum vegna þiðnunar, og að tjónið hafi orðið er farmurinn var í skipi stefnda Hapag-Lloyd AG og ber því að taka sýknukröfu stefnda H/f Eimskipafélags Íslands til greina.

Andmæli stefnda Hapag-Lloyd við því að þeir beri ábyrgð á þeim forsendum að þeir hafi ekki verið útgerðarmenn skipsins m/s „Kamakura Maru" eru allt of seint fram komin, og verða því ekki tekin til greina. Ekkert er annað í ljós leitt en tilkynning um tjón hafi verið gerð nægilega tímanlega hinn 25. september 1980.

Á engan hátt verður á það fallist með stefnda Hapag-Lloyd að ábyrgð

þeirra takmarkist við að hver gámur sé eining í flutningi. Farmskírteinið ber skýrlega með sér hvaða einingar hafi verið fluttar, 3.031 kassar, og gámarnir eru geymsluhólf þeirra.

Stefnukrafan er því innan þeirra marka sem takmörkun á flutningseiningum yrði miðuð við.

Niðurstaðan í málinu verður því sú að stefndi Hapag-Lloyd AG, sem var farmflytjandi þegar tjón það varð sem stefnandi greiddi bætur fyrir, verður dæmdur til að greiða stefnanda tjónið vegna mistaka við umönnun frystigámanna, enda hefur stefnandi fengið framseldan rétt vátryggðs skv. 25. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Þar sem sannað er að tjónið hafi orðið hjá stefnda Hapag-Lloyd AG, sem var framhaldsflytjandi samkvæmt gagnfæru farmskírteini, verður frumflytjandinn, stefndi H/f Eimskipafélag Íslands, sýknaður af kröfum stefnanda svo sem að framan greinir, en rétt þykir að málskostnaður milli hans og stefnanda falli niður.

Ekki er ástæða til að lækka skaðabótaábyrgð stefnda Hapag-Lloyd AG skv. 25. gr. laga nr. 20/1954, þar sem lækkunarheimild þessa ákvæðis verður ekki talin eiga við og verður hann því dæmdur til að greiða stefnanda stefnukröfuna ásamt vöxtum frá 27. nóvember 1980, sem ákveðst 7,5% ársvextir skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands 29. maí 1980, svo og málskostnað sem ákveðst kr. 180.000,00, þar með talinn málskostnaður um flutning vegna frávísunarkröfu.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason borgardómari og meðdómsmennirnir Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Ingvar Sveinbjörnsson hdl.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sveins Snorrasonar hrl., f.h. Yasuda Fire and Marine Insurance Co. Ltd., í máli þessu. Málskostnaður þeirra í milli falli niður.

Stefndi, Hapag-Lloyd AG, greiði stefnanda, Sveini Snorrasyni hrl., f.h. Yasuda Fire and Marine Insurance Co. Ltd. japönsk yen 14.530.657, með 7,5% ársvöxtum frá 27. nóvember 1980 til greiðsludags, og kr. 180.000,00 í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 29. maí 1986.

Nr. 193/1985. **Arkitektafélag Íslands**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Hjalta Geir Kristjánssyni
(Sveinn Snorrason hrl.)

Viðurkenningardómur. Lögverndun starfsheitis. Héraðsdómur að hluta ómerktur og vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi 23. ágúst 1985, samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, með stefnu útgefinni sama dag.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, „að viðurkennt verði með dómi að vegna lögverndaðs réttar félagsmanna áfrýjanda sé stefnda óheimilt að nota starfsheitið ARKITEKT eitt sér eða samsett starfsheiti, sem felur í sér orðið ARKITEKT."

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 2. gr. laga Arkitektafélags Íslands frá janúar 1983 er það m.a. tilgangur félagsins að vernda hagsmuni félagsmanna. Áfrýjandi er því réttur sóknaraðili þessa máls.

Stefndi var með dómi sakadóms Reykjavíkur 16. febrúar 1956 sýknaður af refsikröfu fyrir að hafa brotið gegn 3. gr. laga nr. 24/1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga, með því að nota starfsheitið húsgagnaarkitekt. Yrði það ákvæði ekki skýrt svo að honum væri óheimilt að nota þetta starfsheiti. Ákvæði 3. greinar laga nr. 73/1968 er öldungis samhljóða 3. gr. laga nr. 24/1937. Að þessu athuguðu svo og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þann þátt hans er fjallar um notkun stefnda á orðinu „arkitekt" sem starfsheiti í hinni samsettu orðmynd húsgagnaarkitekt.

Í kröfugerð áfrýjanda felst víðtæk neikvæð viðurkenningarkrafa varðandi notkun á starfsheitinu arkitekt, bæði einu sér og sem starfsheiti í samsettri orðmynd. Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi er ekkert komið fram í málinu um að stefndi hafi notað orðið arkitekt í öðrum samsetningum en orðmyndinni húsgagnaarkitekt. Áfrýjandi hefur því ekki þeirra réttarhagsmuna að gæta, að hann geti fengið neikvæðan viðurkenningardóm gegn hugsanlegri notkun stefnda á orðinu arkitekt í öðrum samsetningum einhvern tímann í framtíðinni. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm um þennan þátt kröfugerðar áfrýjanda og vísa honum frá héraðsdómi ex officio.

Að því er varðar þann þátt kröfugerðar áfrýjanda, er lýtur að því, að stefnda verði bannað að nota starfsheitið arkitekt eitt sér, ber í fyrsta lagi að hafa það í huga að ósannað er að stefndi hafi notað starfsheiti þetta á þennan hátt. Hins vegar er upplýst að í auglýsingu fyrirtækisins Kristjáns Siggeirssonar hf., sem birtist í Þjóðviljanum 17. og 18. júlí 1982, er stefndi nefndur arkitekt. Fyrirtækið Kristján Siggeirsson hf. er sjálfstæð persóna að lögum. Stefndi heldur því fram að auglýsing þessi hafi verið birt án hans vitundar. Af hálfu áfrýjanda hefur eigi verið reynt að hnekkja þeirri staðhæfingu. Málsókn þessi beinist gegn stefnda persónulega, en ekki lögpersónunni Kristjáni Siggeirssyni hf. Verður stefndi ekki dæmdur persónulega til að þola neikvæðan viðurkenningardóm vegna téðrar notkunar Kristjáns Siggeirssonar hf. á orðinu arkitekt í fyrrnefndri auglýsingu, og breytir það engu þótt stefndi sé stjórnarmaður og prókúruhafi þess fyrirtækis. Ber því að sýkna stefnda af þessum þætti kröfugerðar áfrýjanda.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest og er áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 25.000,00 krónur.

Í stefnu var ekki greint hver væri forsvarsmaður áfrýjanda, sem að lögum ræki málið fyrir hann, eins og skylt er samkvæmt b-lið 1. málsgreinar 88. greinar laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur varðandi framangreindan kröfuþátt og er honum vísað frá héraðsdómi ex

officio. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Arkitektafélag Íslands, greiði stefnda, Hjalta Geir Kristjánssyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Halldórs Þorbjörnssonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómara um þann þátt málsins er lýtur að notkun stefnda á starfsheitinu húsgagnaarkitekt, svo og um það að ómerkja beri þann þátt héraðsdómsins sem varðar kröfu áfrýjanda um að stefnda verði bönnuð notkun orðsins arkitekt í öðrum samsetningum, og frávísun þeirrar kröfu frá héraðsdómi.

Fyrirtækið Kristján Siggeirsson hf., sem stefndi er stjórnarmaður í og prókúruhafi fyrir og selt hefur húsgögn hönnuð af stefnda, hefur í auglýsingum kallað stefnda og annan mann, sem eins er ástatt fyrir, arkitekta. Þykir áfrýjandi því eiga rétt á því að fá dóm um það hvort notkun þessa starfsheitis sé stefnda heimil eða ekki. Þar sem ljóst er að stefnda er óheimilt að kalla sig arkitekt samkvæmt 3. gr. laga nr. 73/1968 teljum við að kveða eigi á um það í dómi þessum. Eftir þessari niðurstöðu teljum við að málskostnaður fyrir báðum dómum eigi að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. desember 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. desember sl., hefur Arkitektafélag Íslands, Freyjugötu 41, Reykjvík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 28. mars 1983 á hendur Hjalta Geir Kristjánssyni, nnr. 4179-5743, Bergstaðastræti 70, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að vegna lögverndaðs réttar félagsmanna Arkitektafélags Íslands sé stefnda óheimilt að nota starfsheitið „Arkitekt" eitt sér eða annað samsett starfsheiti, sem felur í sér orðið „Arkitekt". Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnda skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og máls-

kostnaðar úr hendi stefnanda skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ eða að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Mál þetta var þingfest 7. apríl 1983. Stefndi skilaði greinargerð þ. 26. maí s.á. og gerði þá þær kröfur aðallega að málinu yrði vísað frá dómi en til vara krafðist hann sýknu. Þá var málskostnaðar krafist í báðum tilvikum.

Undirritaður dómari fékk málið til meðferðar 1. júlí 1983. Þann 13. desember s.á. var málið tekið til dóms eða úrskurðar um framkomna frávísunarkröfu stefnda að undangengnum munnlegum málflutningi og var frávísunardómur kveðinn upp þann 21. s.m.

Með kæru dagsettri 12. janúar 1984 var frávísunardómurinn kærður til Hæstaréttar sem felldi hann úr gildi og vísaði málinu heim í hérað til efnismeðferðar og uppkvaðningar dóms að nýju með dómi uppkveðnum 21. febrúar 1984.

III.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að með lögum nr. 24/1937 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga, hafi starfsheitinu arkitekt eða húsameistari verið veitt lagavernd, þannig að einungis þeim er aflað höfðu sér tiltekinnar menntunar hafi verið heimilt að kalla sig arkitekt eða húsameistara. Tilgangur laga þessara hafi verið sá annars vegar að koma í veg fyrir að menn án fullnægjandi menntunar gætu nefnt sig þessum starfsheitum, svo og hins vegar að viðurkenna ákveðna þekkingu og hæfni þess er starfsheitið ber. Lögunum frá 1937 hafi verið breytt árið 1963 með lögum nr. 44, en árið 1968 hafi lög nr. 73 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða byggingafræðinga verið sett og gildi þau lög enn. Í 3. gr. laganna segi: „Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.“ Í 4. gr. laganna sé nánar kveðið á um þau skilyrði sem skuli vera fyrir hendi þegar leyfi ráðherra sé veitt og m.a. tekið fram um menntunarkröfur.

Stefnandi máls þessa, Arkitektafélag Íslands, sé hagsmunafélag arkitekta á Íslandi. Félagar séu eingöngu þeir sem fengið hafi leyfi ráðherra til að kalla sig húsameistara eða arkitekt. Hafi félagið allt frá stofnun beitt sér fyrir því, að einungis þeir sem hefðu til þess menntun og leyfi ráðherra mættu kalla sig arkitekta. Hafi stefnandi jafnframt um alllangt skeið leitast við að tryggja að sú vernd sem félagsmönnum sé veitt með l. nr. 73/1968 sé virt. Þessi starfsemi stefnanda hafi gengið afar misjafnlega, m.a. vegna

þess að fram hafi komið hópar manna sem aflað hafi sér þekkingar á sviði hönnunar og teiknilistar og nefni sig arkitekta og einungis í sumum tilfellum sé gerð nánari afmörkun með því að nota heitið í samsettri mynd. Megi hér t.d. nefna heitin húsgagnaarkitekt og innanhússarkitekt, en heitin séu mun fleiri.

Stefndi noti starfsheitið húsgagnaarkitekt eða arkitekt m.a. í símaskrá og auglýsingu. Stefndi hafi lokið námi í húsgagnateikningu frá Kunstfackskolan í Stokkhólmi árið 1951. Hafi hann mestmegnis starfað fyrir húsgagnaverslun Kristjáns Siggeirssonar hf. frá því hann kom heim frá námi og sé hann kynntur í auglýsingum fyrirtækisins sem „húsgagnaarkitekt" eða sem „arkitekt".

Árið 1955 hafi Húsameistarafélag Íslands, fyrirrennari Arkitektafélags Íslands, kært stefnda fyrir brot á l. nr. 24/1937. Í dómi sakadóms hafi eigi verið talið að stefndi hefði gerst brotlegur við nefnd lög á refsiverðan hátt og hafi hann því verið sýknaður. Máli þessu hafi ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Stefnandi (sic) hafi nefnt sig innanhússarkitekt og á síðustu misserum hafi hann notað starfsheitið arkitekt, og telji stefnandi að eigi verði unað við notkun hans á starfsheitinu arkitekt, hvorki einu sér né í samsettri mynd. Sé því krafist viðurkenningar á því að þessi notkun sé óheimil.

Málsástæður stefnanda séu þær að starfsheitið arkitekt hafi um langt skeið verið verndað með lögum og veiti þeim einum sem uppfylli skilyrði 3. gr. l. nr. 73/1968 rétt til að nota starfsheitið með eða án samsetningar. Sé því um einkarétt að ræða til notkunar á starfsheitinu.

Ennfremur vísist til annarra laga sem kveði á um rétt manna til starfsheita, t.d. l. nr. 27/1981 um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

Stefndi sé meðstjórnandi í hlutafélaginu Kristján Siggeirsson og hafi ásamt Karli Þór Sigurðssyni, Dalatanga 23, Mosfellssveit, prókúruumboð fyrir fyrirtækið.

Sýknukrafa stefnda er studd eftirfarandi rökum.

Stefndi Hjalti Geir Kristjánsson hafi lokið námi frá Kunstgewerbeschule der Stadt Zürich árið 1950 og aflað sér síðan framhaldsmenntunar árið 1951 á Kunstfackskolan í Stokkhólmi. Starfsheiti þeirra, er námi hafi lokið frá þessum stofnunum eins og stefndi hafi gert og öðrum hliðstæðum stofnunum á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu, sé Möbelarkitekt. Stefndi hafi tekið upp starfsheiti þetta í íslenskri þýðingu skömmu eftir heimkomu sína frá námi og hafi það m.a. verið skráð í símaskrá allar götur síðan. Stefndi hafi verið í Félagi húsgagnaarkitekta, er starfað hafi frá því á árinu 1955, en það félag, sem heiti nú Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, hafi verið aðili að alþjóðasambandi húsgagna- og innanhúss-

arkitekta, en aðild að félaginu og alþjóðasamtökum sé bundin því skilyrði að viðkomandi hafi lokið námi hjá menntastofnunum sem viðurkenndar séu af alþjóðasamtökunum.

Stefndi hafi notað starfsheiti sitt „húsgagnaarkitekt" óátalið í rúma þrjá áratugi. Með dómi Sakadóms Reykjavíkur þann 16. febrúar 1956 hafi honum verið veitt viðurkenning þess dómstóls á rétti til notkunar þess starfsheitis og það ekki talið brjóta í bága við rétt „húsameistara" til þess starfsheitis. Engin vandkvæði eða árekstrar eða ruglingur við húsameistaraheitið hafi komið upp alla þessa þrjá áratugi, starfsheitið hafi þegar unnið sér traustan og fastan skilning hjá almenningi.

Þá sé á það bent að hið raunverulega lögverndaða heiti skv. 3. gr. l. nr. 73/1968 sé húsameistari, orðið arkitekt sé sett í sviga eins og til skýringar á því að með þessu sé átt við höfund teikninga að húsi en ekki þá sem framkvæmi bygginguna á grundvelli teikninganna eins og byggingameistari, húsasmíðameistari o.s.frv.

Bersýnilegt sé einnig að félag stefnanda hafi í upphafi haft þennan skilning og nefnt félag sitt „húsameistarafélag Íslands" og þótt stefnandi hafi síðar kosið að breyta nafni félagsins í Arkitektafélag Íslands, þá hafi sú breyting engin áhrif á efni eða tilgang laganna. Ekkert sé í lögunum er banni stefnanda að nota heldur það starfsheiti kjósi hann svo, en hann verði einnig að hlíta því að aðrir starfshópar noti hið alþjóðlega orð í samsettri mynd um starfsheiti sitt í samræmi við viðurkennda alþjóðlega venju, að fullnægðum þeim menntunarkröfum sem gerðar séu til slíks starfsheitis.

Á því sé einnig vakin athygli að lögunum frá 1937 hafi tvívegis verið breytt án þess að nokkurn tímann hafi verið hróflað við ákvæðum 3. gr. laganna. Alkunna hafi verið að alþjóðaheitið arkitekt hafi þá verið notað af ýmsum starfshópum um áratugaskeið átölulaust. Bersýnilegt sé að löggjafinn, sem vitað hafi um þessa notkun, hafi ekki talið neina ástæðu til þess að breyta 3. gr. þrátt fyrir þessa notkun í því skyni að banna öðrum starfshópum en húsameisturum notkun alþjóðlega höfundarnefnisins arkitekt og verði því að líta svo á að löggjafinn hafi ekki viljað veita húsameisturum einkarétt til notkunar alþjóðlega heitisins í starfsheiti sínu.

Stefndi hafi aldrei notað orðið arkitekt í ósamsettri mynd sem starfsheiti sitt og sé auglýsing í Þjóðviljanum 17. og 18. júlí á dskj. nr. 5 gerð án vitundar eða samráðs við stefnda, þannig að hann beri í sjálfu sér ekki subjektvia ábyrgð á birtingu hennar.

Þá sé bersýnilegt vegna efnis auglýsingarinnar og mynda þeirra er í henni séu að engin hætta sé á því að heitinu arkitekt verði þarna ruglað saman við starfsheiti húsameistara, en segja megi að í auglýsingunni sé það til lýta þar sem til höfundar sé vitnað tvívegis við hverja mublu.

Stefndi telji að tvímælis kunni að orka um aðild stefnanda að máli þessu. Við munnlegan málflutning andmælti lögmaður stefnanda þeirri mótbáru stefnda sem of seint fram kominni að vafasamt væri að stefnandi hefði lögvarinn rétt til að banna öðrum notkun starfsheitisins arkitekt þar sem það starfsheiti nyti ekki lögverndar samkvæmt lögum.

IV.

Um það er deilt í máli þessu annars vegar hvort starfsheitið „arkitekt" njóti lögverndar samkvæmt 3. gr. l. nr. 73/1968 og hins vegar hvort stefndi hafi brotið gegn lögunum með notkun á starfsheitinu húsgagnaarkitekt, innanhússarkitekt eða arkitekt.

Krafa stefnanda er sú að stefnda verði talið óheimilt að nota starfsheitið arkitekt eitt sér eða í samsettri mynd.

Sú mótbára stefnda að heitið arkitekt njóti ekki verndar l. nr. 73/1968 telst ekki of seint fram komin, þar sem hún kemur fram þegar í greinargerð stefnda.

3. gr. l. nr. 73/1968 er svohljóðandi: „Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra."

Af hálfu stefnda er því haldið fram að arkitekt sé þarna haft í sviga þar sem það sé einungis til skýringar á starfsheitinu húsameistari en lögverndinni sé ekki ætlað að taka til þess og því til stuðnings bendi stefndi m.a. á 2. og 3. mgr. 4. gr. laganna.

Þegar lögin eru skoðuð í heild sinni kemur í ljós að á sama hátt og arkitekt eru í sviga orðin ingeniör aftan við starfsheitið tæknifræðingur í 5. gr. laganna, bygningskonstruktör aftan við starfsheitið byggingafræðingur í 7. gr. laganna o.s.frv. Af 9. gr. laganna sést ótvírætt, að starfsheitinu ingeniör er ætlað að njóta sömu lögverndar og starfsheitið tæknifræðingur eitt sér skv. 5. gr., en í 9. gr. er kveðið á um hvernig fara skuli með ágreining sem upp kann að koma vegna notkunar starfsheitisins ingeniör í samsettri mynd. Á sama hátt nýtur starfsheitið arkitekt lögverndar eitt sér. Hins vegar er ekki að finna í lögunum ákvæði samsvarandi 9. gr. um starfsheitið arkitekt í samsettri mynd.

Þegar horft er til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumvarpi með l. nr. 24/1937 og umræðna sem urðu um efni frumvarpsins er það var lagt fram á Alþingi, er ljóst að tilgangur laganna var sá að veita mönnum með ákveðna menntun einkarétt á að nota tiltekin starfsheiti, svo og að veita almenningi tryggingu fyrir því að þeir menn, er einkarétt hafa á notkun starfsheitanna, hafi raunverulega þá verklegu þekkingu og menntun til að bera er starfsheitið gefur til kynna. Notkun stefnanda á starfsheitinu arkitekt í samsettri merkingu verður því að skoða með tilliti til þess hvort

það er fallið til þess að vekja rangar hugmyndir hjá almenningi um starfssvið stefnda. Upplýst er, að stefndi hefur notað starfsheitið húsgagnaarkitekt frá því skömmu eftir að hann lauk námi 1951, og óátalið frá árinu 1956. Þá hefur félag húsgagnaarkitekta, nú félag húsgagna- og innanhússarkitekta, starfað frá árinu 1955. Telja verður að starfsheitið húsgagnarkitekt hafi öðlast fastan sess í málvitund almennings með skýrri greiningu frá starfsheitinu arkitekt, enda skýrir fyrri hluti orðsins „húsgagna" svo ekki verður um villst hvert starfssvið húsgagnaarkitekts er. Það verður því ekki fallist á það með stefnanda að notkun stefnda á starfsheitinu húsgagnaarkitekt sé til þess fallið að villa um fyrir almenningi og skerða þá vernd sem 3. gr. l. nr. 73/1968 er ætlað að veita húsameisturum.

Ekki verður séð af skjölum málsins að stefndi hafi notað starfsheitið innanhússarkitekt og verður krafa um bann við notkun stefnda á því starfsheiti, þegar af þeim sökum ekki tekin til greina.

Skv. dskj. nr. 5 er stefndi í auglýsingu fyrirtækisins Kristján Siggeirsson hf. nefndur arkitekt. Stefndi hefur haldið því fram að auglýsing þessi sé birt án hans vitundar og ábyrgðar.

Gegn andmælum stefnda þykir ekki sannað að umrædd auglýsing hafi verið samin eða birt með vitund og samþykki stefnda og er ekki á það fallist að hann sé persónulega ábyrgur fyrir birtingu auglýsingarinnar vegna setu sinnar í stjórn fyrirtækisins. Þar sem ekki hefur á annan hátt verið sýnt fram á það að stefndi hafi brotið gegn 3. gr. l. nr. 73/1968 með ólögmætri notkun á starfsheitinu arkitekt, og með því að notkun hans á starfsheitinu húsgagnaarkitekt telst ekki andstæð þeirri grein, ber að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnanda til að greiða málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 30.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hjalti Geir Kristjánsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Arkitektafélags Íslands, í máli þessu.

Stefnandi, Arkitektafélag Íslands, greiði stefnda, Hjalta Geir Kristjánssyni, kr. 30.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30.maí 1986.

Nr. 172/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Helga Magnússyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Heimild til að neyta kosningarréttar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 29. maí 1986, er barst Hæstarétti sama dag, og krafist þess að sér verði heimilað og gert kleift að greiða atkvæði utan kjörstaðar vegna komandi bæjarstjórnarkosninga á Seltjarnarnesi 31. þ.m.

Af hálfu ákæruvalds er dregið í efa að heimild sé til að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar, en verði talið að svo sé er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Telja verður að varnaraðili hafi mátt bera undir sakadóm samkvæmt 3. tl. 70. gr. laga nr. 74/1974 synjun Rannsóknarlögreglu ríkisins á því að honum gæfist kostur á að neyta atkvæðisréttar síns vegna ofangreindra kosninga. Verður honum einnig talið heimilt að kæra synjunarúrskurð sakadóms Reykjavíkur til Hæstaréttar samkvæmt 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, en lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973, sem varnaraðili hefur einnig vitnað til sem kæruheimildar, á hér ekki við.

Það er undirstöðuregla í sambandi við þvingunarráðstafanir vegna rannsóknar í opinberu máli að þeim sé hagað á þann veg að sökunaut verði sem minnst óhagræði að. Eigi verður séð að nein vandkvæði geti verið á því að varnaraðila sé gefinn kostur á að neyta atkvæðisréttar síns né að ástæða sé til að ætla að það stofni í hættu markmiði gæsluvarðhaldsins, en það er í þessu máli einungis reist á 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dómsorð:

Varnaraðila, Helga Magnússyni, skal gefinn kostur á að neyta atkvæðisréttar síns við bæjarstjórnarkosningar á Seltjarnarnesi 31. þ.m.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 gera ráð fyrir því að gæsluvarðhaldi sé beitt við rannsókn opinberra mála. Nánari reglur um framkvæmd gæsluvarðhalds eru í 70 gr. laga nr. 74/1974.

Ég tel að það samrýmist ekki lagaákvæðum um gæsluvarðhald að heimila varnaraðila að greiða atkvæði utan kjörfundar í bæjarstjórnarkosningum á Seltjarnarnesi þann 31. þessa mánaðar.

Samkvæmt þessu tel ég að staðfesta beri hinn kærða úrskurð.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 29. maí 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 29. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Sakadómi Reykjavíkur hefur borist beiðni frá Helga Magnússyni, f. 14. janúar 1949, til heimilis að Vesturströnd 23, Seltjarnarnesi, sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald með úrskurði sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 21. maí sl. til miðvikudagsins 25. júní nk. kl. 17:00, þess efnis að kærða verði heimilað að greiða atkvæði utan kjörstaðar vegna komandi bæjarstjórnarkosninga á Seltjarnarnesi 31. maí nk.

Þessari beiðni var fyrst komið til RLR með bréfi dagsettu 26. maí 1986.

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins neitaði að verða við henni með bréfi dagsettu 27. maí sl., með vísan til þess að hún samrýmdist eigi ákvæðum laga nr. 74, 1974 um gæsluvarðhald, einkum 70. gr. laga nr. 74, 1974.

Í greinargerð réttargæslumanns kærða, Ólafs Gústafssonar hrl., kemur fram að 70. gr. laga nr. 74, 1974 sé eigi tæmandi varðandi réttindi gæsluvarðhaldsfanga og takmarkanir er þeir verði að sæta. Vísað er í greinargerð ofannefnds til 62. gr. laga nr. 52, 1969 varðandi þá er gera ráð fyrir að vera utan kaupstaðar þar sem þeir eru á kjörskrá á kjördag, um heimild þeirra til að greiða atkvæði utan kjörfundar, og bendir lögmaðurinn þar á aðstæður kærða.

Réttargæslumaðurinn reifar í greinargerð að markmið gæsluvarðhalds sé eigi að koma í veg fyrir að einstaklingurinn fái notið borgaralegra réttinda

s.s. kosningaréttar og vísar þar til 33. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33, 1944.

Gæsluvarðhald er þvingunaraðgerð sem beitt er í þágu rannsóknar opinbers máls að uppfylltum tilteknum lagaskilyrðum og hefur óhjákvæmilega í för með sér skerðingu persónuréttinda. Gæsluvarðhaldskrafa kemur fram af hálfu RLR. RLR hefur fyrir og eftir að dómari hefur tekið afstöðu til kröfu um gæsluvarðhald forræði rannsóknarinnar þar á meðal mat á mikilvægi einangrunar, en gæsluvarðhaldsfangar geta krafist úrskurðar dómara um ákvarðanir RLR.

Máli því, er kærði sætir gæsluvarðhaldi út af, tengjast margir aðilar. Rannsókn máls þessa er á viðkvæmu stigi og því nauðsynlegt að tryggja rannsóknarhagsmuni. Verulegir hagsmunir eru því fyrir hendi á að einangrunar sé gætt og flutningur kærða á kjörstað þykir því eigi samræmast tilgangi gæsluvarðhalds kærða.

Með vísan til þess sem hér að framan hefur verið rakið þykir eigi rétt að verða við kröfu Helga Magnússonar um greiðslu atkvæðis utan kjörfundar í bæjarstjórnarkosningum á Seltjarnarnesi þann 31. maí nk.

Úrskurðarorð:

Kærða, Helga Magnússyni, er óheimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar í bæjarstjórnarkosningum á Seltjarnarnesi þann 31. maí næstkomandi.

Mánudaginn 2. júní 1986.

Nr. 164/1985. **Hreiðar Svavarsson**
gegn
Davíð Sigurðssyni h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hreiðar Svavarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 2. júní 1986.

Nr. 266/1985. **Hilmar S. R. Karlsson**

gegn

Iðnaðarbanka Íslands h/f
Jóhanni H. Níelssyni
Sveini H. Valdimarssyni
Gesti Jónssyni
Ólafi Gústafssyni
Útvegsbanka Íslands
Valgarði Sigurðssyni
Landsbanka Íslands
Steingrími Þormóðssyni
Þorsteini Eggertssyni
Gjaldheimtu Bessastaðahrepps
H/f Eimskipafélagi Íslands og
Einari Ingimundarsyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hilmar S. R. Karlsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. júní 1986.

Nr. 105/1986. **Hilmar S. R. Karlsson**
gegn
Olíuverlsun Íslands h/f
og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Hilmar S. R. Karlsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Gagnáfrýjandi, Olíuverslun Íslands h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. júní 1986.

Nr. 15/1985. **Bæjarútgerð Hafnarfjarðar**
(Sigurmar K. Albertsson hdl.)
gegn
Svavari Benediktssyni og
skipverjum á b/v Apríl HF 347
(Sigurður Georgsson hdl.)
og Svavar Benediktsson og
skipverjar á b/v Apríl HF 347
gegn
Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og
Portlandi h/f

Björgun. Björgunarsamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1985. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda í málinu en til vara að kröfur þeirra verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur gera þessar dómkröfur:

„I.

Aðallega: Að stefndi, Portland hf., verði dæmdur til þess að greiða gagnáfrýjendum kr. 1.886.682,77 auk 42% ársvaxta af kr. 2.026.666,66 frá 13. september 1983 til 21. september 1983, 35% ársvaxta frá þeim degi til 21. október 1983, 32% ársvaxta frá þeim degi til 14. nóvember 1983, en af stefnufjárhæðinni, kr. 1.886. 682,77 frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% ársvaxta frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvaxta frá þeim degi til 8. maí 1984, 19% ársvaxta frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 24% ársvaxta frá þeim degi til 27. ágúst 1984, 25% ársvaxta frá þeim degi til 18. september 1984, 25,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. október 1984, 26% árs-

vaxta frá þeim degi til 25. október 1984, 27,5% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúr 1985, 34% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1985, 37% ársvaxta frá þeim degi til 11. maí 1985, 35% ársvaxta frá þeim degi til 21. ágúst 1985, 36% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1985, 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1986, 19% ársvaxta frá þeim degi til 11. mars 1986, 20% ársvaxta frá þeim degi til 1. apríl 1986, en hæstu lögleyfðu innlánsvaxta frá þeim degi til greiðsludags, þannig að vextir bætist við höfuðstól kröfunnar eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti frá 13. september 1983 að telja.

1. varakrafa: Að stefnda, Portlandi hf., verði gert að greiða gagnáfrýjendum aðra lægri fjárhæð ... með sömu vöxtum og krafist er í aðalkröfu.

2. varakrafa: Að aðaláfrýjanda, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, verði einum gert að greiða gagnáfrýjendum kr. 1.886.682,77 með sömu vöxtum og krafist er í aðalkröfu.

3. varakrafa: Að aðaláfrýjanda, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, verði einum gert að greiða gagnáfrýjendum aðra lægri fjárhæð en í aðalkröfu greinir en með sömu vöxtum og krafist er í aðalkröfu.

II.

Að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v Otri GK 5 (nú HF 16) fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum skv. 3. tl. 216. gr. l. nr. 66/1963 eða b/v Apríl HF 347, (nú Víðir HF 201) skv. 2. tl. sbr. 3. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963."

Í öllum tilvikum krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eigi lægri en 218.659,00 krónur.

Gagnáfrýjendur hafa stefnt Samábyrgð Íslands á fiskiskipum fyrir Hæstarétt til réttargæslu en engar kröfur gert á hendur réttargæslustefnda og hann hefur engar kröfur gert.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf frá Íslenskri endurtryggingu til aðaláfrýjanda, dags. 17. febrúar 1984. Segir þar svo:

„Samkvæmt beiðni yðar höfum vér kannað fjölda tilvika þar sem fiskiskip hafa veitt öðrum fiskiskipum aðstoð á sl. ári og skipt þeim

eftir því hvort þóknun hefur verið miðuð við svonefndan „Goðataxta“ (eða hluta af honum), eða samið hefur verið um hærri fjárhæð. Niðurstaðan er sem hér segir:

Félag:	Aðstoð samtals	Skv. Goðataxta eða lægra	Hærri þóknun
Brunabótafélag Íslands	2	2	0
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum	13	10	3
Samvinnutryggingar	1	1	0
Sjóvátryggingarfélag Íslands	3	2	1
Trygging hf.	5	4	1
Tryggingamiðstöðin hf.	33	31	2
Samtals	57	50	7

Upplýsingar lágu ekki fyrir frá Almennum Tryggingum.“

Ennfremur hafa verið lögð fyrir Hæstarétt vottorð Veðurstofu Íslands um vindhraða, vindátt og skyggni á þeim slóðum sem b/v Otur var staddur. Segir þar að líklegt sé að hinn 11. september hafi vindur í Kolluál verið 25 hnútar til hádegis en eftir það 30 hnútar og vindátt 170° kl. 03:00 en eftir það 150°. Vindhraði og vindátt hafi verið svipuð mestallan 12. september en úr því hafi vindur orðið hægari og austlægari. Skyggni vestur af landinu hafi verið slæmt allan 12. september.

Við sjóferðapróf lýstu skipstjóri og 2. vélstjóri á b/v Otri því áliti sínu að skipverjar hefðu engin tök haft á að losa vörpuna úr skrúfu togarans eða nokkra möguleika á að ná til hafnar af eigin rammleik. Er ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess, að skipverjum hefði verið þetta unnt. Samkvæmt því og með vísan til þess sem segir í hinum áfrýjaða dómi um aðstæður b/v Oturs, þegar þess var beiðst að b/v Apríl tæki hann í tog, ber að fallast á úrlausn héraðsdóms um að sú hjálp hafi verið björgun í skilningi 1. mgr. 199. greinar siglingalaga nr. 66/1963.

Um það samdist með framkvæmdastjórum aðaláfrýjanda og stefnda að b/v Apríl skyldi draga b/v Otur til hafnar gegn greiðslu eftir gjaldskrá Björgunarfélagsins hf. fyrir hjálp veitta af skipi þess b/s Goðanum. Endurgjald samkvæmt þessu samkomulagi innti réttargæslustefndi, sem vátryggt hafði b/v Otur, af hendi 14. októ-

ber 1983, en aðaláfrýjandi greiddi síðan gagnáfrýjendum af því fé hinn 14. nóvember s.á. hlut skipstjóra og skipverja eftir fyrirmælum 2. mgr. 203. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Mál þetta var eigi höfðað fyrr en með stefnu útgefinni 4. maí 1984. Var þá löngu liðinn málshöfðunarfrestur sá sem settur er í 4. mgr. 202. gr. siglingalaga til að fá björgunarsamning ónýttan eða honum hnekkt með dómi samkvæmt ákvæðum nefndrar greinar. Ber þegar af þeirri ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sýknu stefnda af kröfum gagnáfrýjenda í málinu án þess að sérstaklega komi til álita hvort réttarreglur um málsaðild í dómsmálum til heimtu bjarglauna hefðu leitt til sömu niðurstöðu þótt málið hefði verið höfðað innan lögákveðins frests samkvæmt nefndri 202. grein.

Þegar framkvæmdastjóri aðaláfrýjanda samdi við stefnda um að b/v Apríl skyldi draga b/v Otur til Reykjavíkur var b/v Apríl um það bil að ljúka veiðiferð. Ekkert er komið fram sem gefi tilefni til að víkja frá því mati héraðsdóms að björgunin hafi verið auðveld og b/v Apríl og áhöfn hans hafi ekki verið stofnað í neina teljandi hættu. Bréf Íslenskrar endurtryggingar, sem áður var getið, sýnir að alvanalegt er að fiskiskip veiti öðrum fiskiskipum hjálp gegn greiðslu samkvæmt hinum svonefnda „Goðataxta" eða annarrar lægri fjárhæðar. Þegar framangreint er virt þykir aðaláfrýjandi ekki hafa borið hagsmuni gagnáfrýjenda fyrir borð með óforsvaranlegum hætti með því að gera björgunarsamninginn við stefnda og reyna ekki að fá hann ónýttan með dómi, þannig að gagnáfrýjendur geti krafið hann um skaðabætur af þeim ástæðum. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum þeirra í málinu. Er í því sambandi þess að geta, að engar sérstakar kröfur eru gerðar í málinu vegna þess að gagnáfrýjendur hafi ekki fengið réttilega greiddan sinn hluta af þeirri fjárhæð sem vátryggjandi b/v Oturs innti af hendi til aðaláfrýjanda.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, og stefndi, Portland hf., eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjenda, Svavars Benediktssonar, Kristjáns Kristjánssonar, Jóhanns Jóhanns-

sonar, Jóns E. Björnssonar, Agnars Í. Agnarssonar, Guðlaugs Guðjónssonar, Ársæls Sigbjörnssonar, Stefáns Þór, Marinós Einarssonar, Rúnars Sveinssonar, Ágústs Eiðssonar, Kurts Eichmanns, Kristjáns Sumarliðasonar, Guðmundar Pálssonar, Magnúsar Karlssonar, Magnúsar Birgissonar, Þórs Jakobs Einarssonar, Ragnars Antonssonar, Þorvarðar Jónssonar, Skúla Sævarssonar, Gísla Jóhannessonar, Stefáns Harðarsonar og Skúla Hansen.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 2. nóvember 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. október 1984, var höfðað hinn 8. maí 1984.

Stefnendur eru skipstjóri og skipshöfn sem var á b/v Apríl HF 347, hinn 12. september 1983, þeir Svavar Benediktsson (8668-7266) skipstjóri, Hrauntungu 99, Kópavogi, Kristján Kristjánsson (5869-3626) 1. stýrimaður, Hraunbraut 43, Kópavogi, Jóhann Jóhannsson (4978-7944) II. stýrimaður, Reykjavegi 50, Hafnarfirði, Jón E. Björnsson (5116-5953) loftskeytamaður, Jörfabakka 16, Reykjavík, Agnar Ívar Agnarsson (0094-4998) I. vélstjóri, Reynimel 51, Reykjavík, Guðlaugur Guðjónsson (2983-1343) II. vélstjóri, Þingholtsstræti 24, Reykjavík, Ársæll Sigbjörnsson (0593-6322) III. vélstjóri, Krummahólum 8, Reykjavík, Stefán Þór (8339-7004) I. matsveinn, Eskihlíð 16a, Reykjavík, Marinó Einarsson (6472-1445) II. matsveinn, Öldugötu 46, Hafnarfirði, Rúnar Sveinsson (7421-2840) bátsmaður, Þórufelli 16, Reykjavík, Ágúst Eiðsson (0124-3799) netamaður, Digranesvegi 115, Kópavogi, Kurt Eichmann (5975-7725) netamaður, Arnarhrauni 16, Hafnarfirði, Kristján Sumarliðason (5884-0913) netamaður, Vesturbraut 19, Hafnarfirði, Guðmundur Pálmason (3097-9425) netamaður, Maríubakka 2, Reykjavík, Magnús Karlsson (6269-9582) netamaður, Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði, Magnús Birgisson, (6248-7372) netamaður, Hverfisgötu 51, Hafnarfirði, Þór Jakob Einarsson (9356-4715) netamaður, Smyrlahrauni 31, Hafnarfirði, Ragnar Antonsson (7154-7728) háseti, Vesturbraut 4, Hafnarfirði, Þorvarður Jónsson (9829-2297) háseti, Birkihvammi 6, Hafnarfirði, Skúli Sævarsson (4684-5928) háseti, Breiðvangi 10, Hafnarfirði, Gísli Jóhannesson (4676-5528) háseti, Njálsgötu 79, Reykjavík, Stefán Harðarson (8346-0091) háseti, Ásgarði 8, Neskaupstað, Skúli Hansen (5437-9765) háseti, Gunnarssundi, Hafnarfirði.

Stefnt er Hilmari Þór Björnssyni framkv.stj. f.h. Portlands hf. (7123-9993), Melabraut 19, Hafnarfirði, eiganda togarans OTURS GK 5, og Birni Ólafssyni forstjóra f.h. Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar (1489-6562), Vesturgötu 11-13, Hafnarfirði, til greiðslu hlutdeildar skipverja í björgunarlaunum fyrir björgun b/v OTURS GK 5 úr sjávarháska þann 12. og 13. september 1983. Þá er stefnt til réttargæslu í málinu Páli Sigurðssyni forstjóra f.h. Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum sem vátryggjanda b/v OTURS GK 5.

Stefnendur lýsa dómkröfum sínum svo:

1. Að stefndu, Portland hf. og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnendum aðallega samtals kr. 1.915.476,50 auk 46% ársvaxta af kr. 2.066.666,0 frá 13. september 1983 til 21. september 1983, 37% ársvaxta frá þeim degi til 21.10. 1983, 36% ársvaxta frá þeim degi til 14. nóv. 1983, en af stefnufjárhæðinni kr. 1.915.476,50 frá þeim degi til 21.11. 1983, 32% ársvaxta frá þeim degi til 21.12. 1983, 25% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu í málinu, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, þannig að vextir bætist við höfuðstól kröfunnar eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti frá 13. september 1983 að telja.

Til vara: Að stefndu verði á sama hátt gert að greiða stefnendum aðra lægri fjárhæð að mati hins virðulega dóms.

2. Í öðru lagi er sú krafa gerð, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v OTRI GK 5 fyrir öllum dæmdum fjárhæðum, skv. 3. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 og í b/v Apríl HF 347, skv. 2. tl. sbr. 3. tl. 216. gr. sömu laga.

3. Þá er loks krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu Portlands hf. er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar að skaðlausu úr þeirra hendi in solidum en til vara að dómkröfur stefnenda verði lækkaðar.

Af hálfu Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda en til vara að kröfur stefnenda verði verulega lækkaðar. Hvernig sem málið fer er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar sjálfstæðar kröfur gerðar og réttargæslustefndi hefur engar sjálfstæðar kröfur gert en tekur fram að hann styðji kröfur og sjónarmið Portlands hf.

II.

Aðfaranótt hins 12. september 1983 var togarinn Otur GK 5 að veiðum í Kolluál norðanverðum, um 55 sjómílur vestur af Snæfellsnesi. Er verið

var að setja trollið út kl. 00:45 lenti pokinn í skrúfunni og vélin stöðvaðist. Veður var SA-7 og talsverður sjór.

Það er óumdeilt að skipverjar höfðu enga möguleika á því að losa úr skrúfunni og enga möguleika á því að ná til hafnar af eigin rammleik. Vél skipsins var óskemmd. Skipið var ekki í bráðri hættu, ekki er fram komið að það hafi farið illa í sjó. Nokkurt rek var á því og dýpi það mikið að ekki var unnt að varpa akkerum. Því er haldið fram að á alllöngum tíma hefði það rekið í ís við Grænland.

Er skipverjar höfðu gengið úr skugga um að þeim tækist ekki að losa úr skrúfunni, hringdi skipstjórinn, Þráinn Kristinsson, til Hilmars Þórs Björnssonar, framkvæmdastjóra Portlands hf., sem er eigandi og útgerðarmaður b/v Oturs GK 5. Hilmar Þór reyndi að ná sambandi við björgunarskipið Goðann, eign Björgunarfélagsins hf., sem mun vera í eigu tryggingarfélaganna, m.a. réttargæslustefnda Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, húftryggjanda b/v Oturs GK 5. Goðinn lá í Reykjavík. Framkvæmdastjóranum tókst ekki strax að ná sambandi við Goðann en náði sambandi við skrifstofustjóra Samábyrgðarinnar. Framkvæmdastjórinn bar að sér hefði verið kunnugt að b/v Apríl HF 347, togari Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, væri á sömu fiskislóð og í enduðum veiðitúr. Hringdi hann til framkvæmdastjóra Bæjarútgerðarinnar, Björns Ólafssonar. Hann staðfesti að b/v Apríl HF 347 ætti að vera inni til löndunar eftir rúman sólarhring, þann 13., kl. 07:00. Samþykkti framkvæmdastjórinn Björn beiðni framkvæmdastjórans Hilmars Þórs um að b/v Apríl HF 347 tæki b/v Otur GK 5 í tog og drægi hann til Reykjavíkur. Sömdu þeir um þóknun fyrir dráttinn og yrði greidd samkvæmt svokölluðum „Goðataxta", sem er lægri en algeng björgunarlaun. Hringdi nú Hilmar Þór til skipstjóra síns á b/v Otri GK 5 og bað hann að kalla upp skipstjórann á b/v Apríl HF 347 og segja honum að framkvæmdastjóri Bæjarútgerðarinnar væri að reyna að ná í hann.

Stýrimaður á b/v Apríl HF 347, Kristján Kristjánsson, var í brú og heyrði kall skipstjórans á b/v Otri GK 5. „Sagði hann mér að þeir væru með trollið í skrúfunni og bað mig að tala við skipstjórann hvort það væri í lagi að hann drægi sig í land sem ég gerði." „Ég tilkynnti skipstjóranum það strax, fór niður og svo fór ég upp og hífði trollið og hann kom rétt á eftir og mig minnir að loftskeytamaðurinn hafi kallað á hann í síma, skipstjórann, rétt á eftir, ég man ekki hvort við vorum að hífa trollið eða farnir af stað." Í símanum var framkvæmdastjóri Bæjarútgerðarinnar, Björn Ólafsson. Hann bar við sjópróf: „Svavar Benediktsson kom innan skamms í símann og ég sagði honum hvað þarna hefði verið um að ræða, Hilmar hefði hringt í mig og svo beðið okkur um að veita b/v Otri GK 5 þessa tilteknu aðstoð og hvort hann væri þá ekki tilbúinn. Hann sagði

þá við mig „ja við erum að klára að hífa og ég get verið lagður af stað til b/v Oturs innan hálftíma." Nú, ég sagði þá Svavari, að mig minnir, að við mundum gera þetta á þeim grunni sem við höfum gert og þá átti ég náttúrlega við Goðataxtann, því skipverjar Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar hafa bæði verið þiggjendur og veitendur að slíkri aðstoð og þá hefur þetta farið, þessi aðstoð sem bæði við höfum fengið og veitt, farið fram á svonefndum Goðataxta."

Skipstjórinn Svavar Benediktsson bar:

„Hann hringdi í mig, þá er ég lagður af stað til að hjálpa b/v Otri. Þá talaði hann við mig og sagði við mig hvort ég vildi ekki fara og hjálpa skipinu. Ég sagði að ég væri lagður af stað, væri nýlagður af stað til að hjálpa skipinu. Það var það eina sem okkur fór á milli."

Er framkvæmdastjórinn var spurður nánar um samtalið, svaraði hann:

„Ég talaði um „grunn", og það er sjálfsagt að skipstjóra á að vera kunnugt um, er ég talaði um „grunn", hvað um væri þá að ræða ... Vegna þess að þessi aðstoð, sem veitt hefur verið undanfarin ár, hún hefur aðallega að meginhluta byggst upp á svonefndum Goðataxta, nema þá að skip sé í bráðri hættu ... Ég taldi það eftir samtal við skipstjórann á b/v Apríl að við hefðum skilið hvor annan um að við mundum vinna þetta verk á svonefndum Goðataxta."

Frekara samræmi hefur ekki náðst.

Því hefur ekki verið haldið fram að Goðataxta hafi borið á góma í viðræðum skipstjóranna.

Upplýst er að allmörg skip voru á þessari fiskislóð, m.a. Óskar Magnússon, b/v Ásþór, togari Ísbjarnarins, og b/v Svalbakur, togari Útgerðarfélags Akureyringa. Sum þessara skipa voru mun nær b/v Otri GK 5 en b/v Apríl HF 347, b/v Ásþór t.d. í innan við einnar sjómílu fjarlægð.

Um kl. 06:00, skv. dagbók b/v Oturs en 05:20 skv. dagbók b/v Apríls, kom b/v Apríl HF 347 að b/v Otri GK 5 eftir um 30 sjómílna siglingu og hóf dráttinn til Reykjavíkur um kl. 06:30. Eftir rúmar 30 klst. og um 140 sjómílna leið sleppti b/v Otur togvírum b/v Apríls á ytri höfninni í Reykjavík, kl. 12:45 en b/v Apríl hélt rakleiðis til löndunar í Hafnarfirði. Um kl. 13:00 lagði Goðinn að b/v Otri með tvo kafara til að skera úr skrúfunni. Segir m.a. svo í skýrslu skipstjóra á Goðanum: „Mjög mikið var í skrúfunni og mátti heita að meiri hluti vörpunnar væri vafinn um skrúfu og öxul. Var unnið við þetta allan daginn fram til kl. 20:00, en þá var lokið við að ná úr vörpunni."

Er b/v Otur fékk í skrúfuna var skipið með um 80 tonna afla um borð. Er lokið var við að skera úr skrúfunni hélt skipið aftur út til veiða kl. 22:00, var að veiðum í um 12-15 klst. og hélt þá inn með um 100 tonna afla til löndunar.

III.

Hinn 22. september 1983 sendi Bæjarútgerð Hafnarfjarðar Samábyrgð Íslands á fiskiskipum svofellt bréf:

„B/v Otur fær trollið í skrúfu kl. 02:00 þann 12. sept. 1983. Kallar á b/v Apríl sem hífir inn troll sitt og siglir að b/v Otri. Komið að b/v Otri kl. 05:20, tekinn í tog kl. 06:35 með 2 × 500 fm vír úti. Komið til Reykjavíkur 13. sept. kl. 12:55. Otri sleppt á ytri höfninni, hífðir inn vírar og siglt kl. 13:20 til Hafnarfjarðar, lagst að bryggju í Hafnarfirði kl. 15:15. Sigling í 7 klst. Dráttur í 30,5 klst.

Vátryggingaverð b/v Oturs pr. 12.9. 1983 kr. 59.600.000,-

Aðstoðarlaun: Samkvæmt taxta Björgunarfélagsins hf.

0.85% af kr. 12.500.000,-	kr. 106.250		
0.60% af kr. 12.500.000,-	" 75.000		
0.40% af kr. 15.000.000,-	" 60.000		
0.20% af kr. 19.600.000,-	" 39.200	kr. 280.450,00	
Lausakeyrsla 7,0 klst. á 3.600	kr. 25.200		
Dráttur 30,5 " 5.000	" 152.500	kr. 177.700,00	
	Aðstoð	kr. 458.150,00	
Togvírar skemmdir eða eyðilagðir			
1-00 fm á kr. 187.500 60%		kr. 112.500,00	
	Alls krafa	kr. 570.650,00"	

Fjárhæð þessa greiddi Samábyrgðin Bæjarútgerðinni hinn 14. október 1983. Hinn 24. nóvember s.á. greiddi Bæjarútgerðin þriðjung þessarar fjárhæðar inn á launareikning skipverja, eftir reglu 2. mgr. 203. gr. l. nr. 66/1963, en þann sama dag hafði lögmaður stefnenda í máli þessu fyrst samband við framkvæmdastjóra Bæjarútgerðarinnar. Stefnendur máls þessa gerðu sig ekki ánægða með greiðslu þessa og hinn 12. desember 1983 sendi lögmaður þeirra Samábyrgð Íslands á fiskiskipum bréf, þar sem m.a. segir eftir að vitnað hefur verið til dagbókarútdráttar um atvik:

„Það mun vera samdóma álit allra, sem að björguninni unnu, að um hreina björgun hafi verið að ræða þar sem b/v Otur hefði aldrei komist í öruggt læ af sjálfsdáðum. Skipstjóri og skipverjar telja að þeim beri tvímælalaus réttur til björgunarlauna skv. ákvæðum VIII. kafla laga nr. 66 1963 sem þeir telja hæfilega ákveðin sem tiltekinn hundraðshluta af hinu bjargaða verðmæti. Þeim hefur nú verið tjáð að eigandi b/v Apríls, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, hafi nú samið við yður um þóknun fyrir björgunina, er nemi samtals kr. 458.150,00 án þess að hafa um það nokkurt samráð eða umboð frá skipstjóra og skipverjum.

Samkvæmt 203. gr. l. nr. 66/1963 er ljóst að björgunarlaun skiptast þannig að ⅔ hluta þeirra eiga eigendur skipsins og ⅓ hluta eiga skipverjar og er ljóst af niðurlagi 203. gr. að ekki er heimilt að skerða þann hluta skipverja.

Skipstjóri og skipverjar hafa því falið mér að krefja yður um réttmæt björgunarlaun, sem í hlut þeirra kæmu, kr. 2.066.666,00, sem þannig er fenginn, að lagt er til grundvallar 10% björgunarlaun af hinu bjargaða verðmæti (vátryggingarverð skipsins, auk farms í umrætt sinn) um 62 milljónir króna samtals. Heildarbjörgunarlaun hefðu þá numið 6,2 milljónum króna, en þriðjungshlutur skipverja nemur því hinni umkröfðu fjárhæð kr. 2.066.666,00.

Auk þess er krafist vaxta af fjárhæðinni frá 13. september 1983, svo og innheimtuþóknunar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Þótt eigendur b/v Apríls hafi fallist á að gera yður eigi að greiða hærri björgunarlaun en getur í bréfi Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar til yðar, dags. 22. sept. 1983, þá er ekki á það fallist að unnt sé að skerða þann rétt sem skipverjar eiga lögum samkvæmt til björgunarlauna."

Sama dag sendi lögmaðurinn Bæjarútgerð Hafnarfjarðar bréf þar sem segir:

„Jafnframt því að senda yður hjálagt endurrit af bréfi mínu til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, dags. í dag, er yður hér með tillkynnt að skipstjóri og skipverjar á b/v Apríl, er þátt tóku í björgun b/v Oturs hinn 12. og 13. september 1983, áskilja sér allan rétt til þess að krefja yður um skaðabætur ef svo kynni að fara að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum hafnaði kröfum skipverjanna um hluta þeirra í réttmætum björgunarlaunum eins og umrætt kröfubréf skipverjanna ber með sér þar sem Bæjarútgerðin hefði þegar samið um og móttekið þóknun vegna umræddrar björgunar.

Mótmæla þeir að þér hafið haft nokkurt umboð þeirra til slíkra samninga. Það er ljóst að ef samningur sá, sem þér hafið þegar gert við Samábyrgðina um aðstoðarlaun, sbr. bréf yðar til Samábyrgðarinnar, dags. 22. sept. 1983, yrði talinn bindandi fyrir skipverjana, þá hafið þér með þeim samningi bakað skipverjunum verulegt tjón."

Með bréfi, dags. 24. janúar 1984, synjaði Samábyrgðin kröfunum með svofelldum rökstuðningi:

„1. Umbj. yðar eiga ekki sjálfstæða aðild að kröfum um björgunarlaun á hendur útgerð Oturs GK-5.

2. Ekki var um að ræða björgun í skilningi VIII. kafla siglingalaganna.

3. Gerður var fyrirfram samningur um að fyrir aðstoðina skyldi greitt eftir taxta Björgunarfélagsins h/f.

4. Útgerð Apríls HF-347 (Bæjarútgerð Hafnarfjarðar) hefur fengið

fullnaðargreiðslu vegna aðstoðarinnar í samræmi við fyrirfram gerðan samning og bréf útgerðarinnar 22. september 1983. Með þeim hætti er öllum kröfum á hendur útgerð Oturs endanlega lokið."

Sjópróf hafði ekki farið fram eftir atburðinn hinn 12. september. Hefur Svavar, skipstjóri á b/v Apríl, haldið því fram ómótmælt að hann hafi áður en hann hélt til veiða á ný hinn 15. september spurt framkvæmdastjóra Bæjarútgerðarinnar að því hvort ekki ætti að halda sjópróf en fengið þau svör að þess gerðist ekki þörf. Beiðni lögmanns stefnenda um sjópróf er dagsett 3. febrúar 1984. Sjópróf var haldið 6, sama mánaðar og komu þá fyrir skipstjóri stýrimaður og loftskeytamaður á b/v Apríl, svo og framkvæmdastjóri Bæjarútgerðarinnar. Þar eð b/v Otur var þá í siglingu erlendis var sjóprófi frestað þar til skipið (skipshöfn) kæmi til landsins og hinn 20. febrúar. Komu þá fyrir framkvæmdastjóri útgerðar, skipstjóri og vélstjóri b/v Oturs, auk þess sem samprófun á skipstjórunum fór fram. Mál þetta var síðan sem fyrr segir höfðað hinn 8. maí 1984. Hafa báðir stefndu borið fyrir sig ákvæði 4. mgr. 202. gr. l. 66/1963 og haldið því fram að sýkna beri þegar af þeirri ástæðu að 3ja mánaða frestur til málshöfðunar til ógildingar á björgunarsamningi hafi verið liðinn er málssóknin hófst hinn 8. maí 1984.

IV.

Skal nú nánar vikið að dómkröfum stefnenda. Þeir hafa lagt fram vottorð frá Fjárhæðanefnd fiskiskipa, þar sem staðfest er að b/v Otur GK 5 hafi í september 1983 verið tryggður húftryggingu að fjárhæð kr. 59.600.000, samkvæmt ákvörðun fjárhæðanefndar. Við þetta húftryggingarverð bæta stefnendur 25% eða kr. 14.900.000, þar sem heimilt sé að kaupa viðbótartryggingu (kaskóintressu) sem þessu nemur. Loks telja stefnendur að aflaverðmæti b/v Oturs (80 tonn) hafi verið kr. 1.600.000. Samtals kr. 76.100.000,-. Hæfileg björgunarlaun kr. 6.200.000, eða 8,15% hins bjargaða verðmætis. Sú fjárhæð eigi að skiptast þannig:

1.	Björgunarlaun til skipverja, 1/3 hluti af kr. 6.200.000	kr. 2.066.666,00
2.	Greitt til skipverja 14.11. 1983	kr. 151.189.00
	Eftirstöðvar	kr. 1.915.476,50

Þeirri fjárhæð muni stefnendur skipta þannig með sér innbyrðis, þótt þeir krefji hana til hagræðis í einni tölu (innan sviga eru til upplýsingar tilgreindar þær fjárhæðir er stefnendur fengu greiddar hinn 14. nóvember 1983):

	Hlutdeild í %		Hlutdeild í Kr.	(áður greitt)
1. Svavar Benediktsson, skipstjóri	50.0000%	Kr.	957.738,25	(kr. 75.595,27)
2. Kristján Kristjánsson, I. stýrimaður	3.0115%	"	57.684,57	(" 3.878,21)
3. Jóhann Jóhannsson, II. stýrimaður	2.5355%	"	48.566,91	(" 3.265,18)
4. Jón E. Björnsson, loftskeytamaður	2.5355%	"	48.566,91	(" 3.265,19)
5. Agnar Í. Agnarsson, I. vélstjóri	3.0115%	"	57.684,57	(" 3.878,21)
6. Guðlaugur Guðjónsson, II. vélstjóri	2.5893%	"	49.597,43	(" 3.335,22)
7. Ársæll Sigbjörnsson, III. vélstjóri	2.3734%	"	45.442,76	(" 3.055,09)
8. Stefán Þór, I. matsveinn	2.3243%	"	44.521,42	(" 2.993,09)
9. Marinó Einarsson, II. matsveinn	2.0488%	"	39.244,28	(" 2.638,39)
10. Rúnar Sveinsson, bátsmaður	2.3243%	"	44.521,42	(" 2.993,09)
11. Ágúst Eiðsson, netamaður	2.1363%	"	40.920,32	(" 2.751,02)
12. Kurt Eichmann, netamaður	2.1363%	"	40.920,32	(" 2.751,02)
13. Kristján Sumarliðason, netamaður	2.1363%	"	40.920,32	(" 2.751,02)
14. Guðmundur Pálmason netamaður	2.1363%	"	40.920,32	(" 2.751,02)
15. Magnús Karlsson, netamaður	2.1363%	"	40.920,32	(" 2.751,02)
16. Magnús Birgisson, netamaður	2.1363%	"	40.920,32	(" 2.751,02)
17. Þór Jakob Einarsson netamaður	2.1363%	"	40.920,32	(" 2.751,02)
18. Ragnar Antonsson, háseti	2.0488%	"	39.244,28	(" 2.638,39)
19. Þorvarður Jónsson, háseti	2.0488%	"	39.244,28	(2.638,39)

	Hlutdeild í %		Hlutdeild í Kr.		(áður greitt)
20. Skúli Sævarsson, háseti	2.0488%	"	39.244,28	("	2.638,39)
21. Gísli Jóhannesson, háseti	2.0488%	"	39.244,28	("	2.638,39)
22. Stefán Harðarson, háseti	2.0488%	"	39.244,28	("	2.638,39)
23. Skúli Hansen, háseti	2.0488%	"	39.244,28	("	2.638,39)
	100.0000%	Kr.	1.915.476,44		

Auk þess greiddi Bæjarútgerðin hinn 14. nóvember þremur (sic) mönnum, sem ekki voru skráðir á skipið og ekki er upplýst hvort voru á skipinu, samtals kr. 8.495,13, og greiddi því Bæjarútgerðin alls kr. 151.190,02.

Stefndu hafa mótmælt því sérstaklega að 15% viðbótartryggingunni sé bætt við húftryggingarverðið, þessi viðbótartrygging hafi ekki verið tekin og ekkert fram komið um raunvirði hins bjargaða umfram húftryggingarverð að viðbættu aflaverðmæti.

V.

Álit réttarins:

Það er fram komið í málinu og fullsannað að hér var um að ræða björgun í merkingu 1. mgr. 199. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Skipshöfn á b/v Apríl HF 347 átti því rétt til hlutdeildar í björgunarlaunum samkvæmt 2. mgr. 203. gr. sömu laga.

Útgerðarmaður b/v Apríls HF 347 hafði umboð til þess að gera björgunarsamning, bindandi jafnt fyrir útgerð og skipshöfn. Björgunarsamningur útgerðarmannsins var gerður fyrirfram, en hann var einnig staðfestur eftir á. Þennan björgunarsamning hefur útgerð hins bjargaða skips að sínu leyti að fullu efnt með því að greiða honum 14. október 1983 umkrafða fjárhæð sem fullnaðar- og lokagreiðslu í góðri trú.

Ber því að sýkna stefnda Portland hf. af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.

Það er ósannað, sem stefndi Bæjarútgerðin hefur haldið fram, að björgunarsamningur þessi hafi verið í samræmi við viðtekna og góða venju þegar líkt stendur á sem hér, þ.e. að skip er ekki í bráðri hættu og á þess kost að bíða eftir björgunarskipi á lágum taxta og björgunin er tiltölulega áhættu- og útlátalítil fyrir bjargandann.

Stefndi Bæjarútgerð Hafnarfjarðar hlutaðist ekki til um að sjópróf yrðu haldin þegar í stað, en það hvað sjópróf drógust torveldar sönnunarfærslu

m.a. um það hvað framkvæmdastjóra útgerðar b/v Apríls og skipstjóranum á skip (sic) fór á milli símleiðis nótt þá er atburðurinn varð. Gegn mótmælum stefnenda verður því að telja ósannað að skipstjóri eða skipshöfn á b/v Apríl hafi vitað eða mátt vita um björgunarsamninginn eða efndir hans fyrr en eftirá.

Úr því að skipstjóri eða skipshöfn var ekki höfð með í ráðum eða mátti ætla að björgunin færi fram á kjörum umræddrs björgunarsamnings, þá verður að fallast á það með stefnendum að útgerðarmaðurinn, stefndi Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, hafi fellt á sig bótaskyldu með því að falla frá fullum björgunarlaunum, útgerðarmanninum bar að sækja björgunarlaun með fullum þunga og með hagsmuni skipshafnarinnar fyrir augum.

Fjárhæð bótakröfunnar á að vera hin sama og hin misstu björgunarlaun stefnenda.

Hafna verður þeirri skoðun stefndu Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, að hið réttarfarslega fyrningarákvæði í 4. mgr. 202. gr. siglingalaga taki til kröfu þessarar, hún er skaðabótakrafa en ekki krafa um ónýtingu björgunarsamnings eða breytingar á honum.

Við ákvörðun á því hver hefðu verið hæfileg björgunarlaun, verður að hafa í huga:

a) Björgunin tókst án þess að neinar skemmdir yrðu á hinu bjargaða og gekk svo fljótt og vel að b/v Otur GK 5 var kominn aftur á veiðar um 1½ sólarhring eftir að hann fékk í skrúfuna.

b) Björgunin reyndi lítið á verklagni og atorku bjargenda. Framkvæmd þess þáttar sem helst gat talist vandasamur, þ.e. að koma taug milli skipanna, annaðist skipshöfn b/v Oturs að miklu leyti.

c) Hið bjargaða skip og skipshöfn þess var ekki í bráðri hættu. Skipið fór vel í sjó, varpan í skrúfunni hefur væntanlega stuðlað að því að skipið ræki með skut upp í vind, þannig að aldan kæmi ekki þvert á skipið. Ekki er fram komið að ástæða sé til annars en að ætla að það hefði varist áföllum og skemmdum sólarhringum saman.

d) Ekki er fram komið að bjargendur hafi stofnað áhöfn eða skipi sínu í nokkra umtalsverða hættu eða að nein ástæða hafi verið til þess.

e) Áhætta á skaðabótaskyldu bjargenda gagnvart þriðja manni var tæpast fyrir hendi.

f) Skaði bjargenda var slit á vírum að verðmæti kr. 112.500,00, og annar kostur (sic) var, auk olíueyðslu og annars útgerðarkostnaðar á skipi, aflatap í u.þ.b. sólarhring sem stefnendur hafa metið án sérstakra andmæla af hálfu stefndu á kr. 400.000,00. Er sú tala þannig fundin að stefnendur miða við sólarhringsafla b/v Oturs er hann fór út eftir björgunina, 20 tonn á kr. 20 kílóið.

g) Þótt b/v Apríl HF 347 sé ekki sérstaklega útbúinn til björgunar, þá er um að ræða nýlegan skuttogara sem vegna stærðar, vélarafls og togvírabúnaðar hentaði sérlega vel til björgunar.

Loks ber að líta til verðmætis þess sem bjargað var. Þar sem fallast verður á það með stefndu að hugsanleg heimild til 25% viðbótartryggingar (kaskointressu) veiti hér engar nothæfar upplýsingar um verðmæti umfram húf og afla og aðrar nothæfar upplýsingar liggja ekki fyrir, þá verður húftryggingafjárhæð skipsins kr. 59.600.000 að viðbættu óumdeildu verðmæti farms kr. 1.600.000 kr. 61.200.000, höfð til hliðsjónar.

Að þessu athuguðu verður hér niðurstaðan að hæfileg björgunarlaun hefðu numið kr. 1.500.000. Af þeirri fjárhæð hefði útgerðinni borið af óskiptu, samkvæmt upphafsákvæði 2. mgr. 203. gr. siglingalaga, kr. 112.500. Til skipta þá kr. 1.387.500,00, þriðjungshluti kr. 462.500. Í samræmi við kröfugerð stefnenda dragast frá þeirri fjárhæð þegar greiddar kr. 151.190,02, eftirstöðvar kr. 311.309,98 sem verður þá hin tildæmda skaðabótafjárhæð.

Rétt þykir að miða upphaf vaxtaáfalls við 14. október 1983, en vaxtaprósentu við innlánsvexti á almennum sparisjóðsbókum til málshöfðunardags en síðan dómvexti.

Stefndi Bæjarútgerð Hafnarfjarðar greiði stefnendum málskostnað að fjárhæð kr. 75.000,00.

Málskostnaður gagnvart Portlandi hf. fellur niður.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í b/v Apríl HF 347 á grundvelli 2. tl. 216. gr. siglingalaga.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og dr. Páli Sigurðssyni dósent.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, greiði eftirtöldum stefnendum í neðangreindum hlutföllum kr. 311.309,98 ásamt 35% ársvöxtum af kr. 462.500 frá 14. október 1983 til 21. sama mánaðar, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 14. nóvember sama ár, en 32% ársvöxtum af kr. 311.309,98 frá þeim degi til 21. sama mánaðar, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember sama ár, en 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 15% ársvöxtum frá þeim degi til 8. maí sama ár, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 2. nóvember 1984 en dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 75.000 í málskostnað:

Svavari Benediktssyni 50,0000%, Kristjáni Kristjánssyni 3,0115%, Jóhanni Jóhannssyni 2,5355%, Jóni E. Björnssyni 2,5355%, Agnari

Í. Agnarssyni 3,0115%, Guðlaugi Guðjónssyni 2,5893%, Ársæli Sigbjörnssyni 2,3734%, Stefáni Þór 2,3243%, Marinó Einarssyni 2,0488%, Rúnari Sveinssyni 2,3243%, Ágúst Eiðssyni 2,1363%, Kurt Eichmann 2,1363%, Kristjáni Sumarliðasyni 2,1363%, Guðmundi Pálmasyni 2,1363%, Magnúsi Karlssyni 2,1363%, Magnúsi Birgissyni 2,1363%, Þór Jakob Einarssyni 2,1363%, Ragnari Antonssyni 2,0488%, Þorvarði Jónssyni 2,0488, Skúla Sævarssyni 2,0488%, Gísla Jóhannessyni 2,0488, Stefáni Harðarsyni 2,0488% og Skúla Hansen 2,0488%.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í b/v Apríl HF 347 fyrir framangreindum fjárhæðum.

Stefnda Portland hf. á að vera sýkn af öllum kröfum framangreindra stefnenda í máli þessu en ber sjálft kostnað sinn af málinu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. júní 1986.

Nr. 167/1986. Ákæruvaldið
gegn
Magnúsi Friðrik Óskarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. þ.m. sem barst Hæstarétti 23. þ.m. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Niðurstaða krufningsrannsóknar liggur nú fyrir

Fram er komin krafa um að varnaraðili sæti rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 21. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að gæsluvarðhald, sem Magnúsi Friðriki Óskarssyni, Ferjubakka 10, fæddum 17. september 1948, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 7. maí sl., verði framlengt frá lokum þeirrar gæsluvarðhaldsvistar til miðvikudagsins 3. september nk. kl. 17:00 Þá er þess krafist að kærði sæti rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Þann 6. maí sl. kl. 06:43 var óskað aðstoðar RLR að Ferjubakka 10 vegna mannsláts. Reyndist Gunnhildur Gunnarsdóttir, eiginkona kærða hafa verið flutt á slysadeild Borgarspítalans en reynst látin er þangað kom. Voru 4 menn, sem í íbúðinni voru, handteknir og var einn þeirra kærði.

Á líki hinar látnu voru áverkar sem upplýst er að hún hlaut í átökum við kærða. Hefur kærði kannast við að hafa keflað Gunnhildi með skyrtubol þannig að bolurinn var inni í munninum á henni við bæði munnvikin og síðan bundið hendur hennar og fætur fyrir aftan bak og skilið hana eftir liggjandi á hægri hlið. Nokkru síðar fór kærði aftur inn til Gunnhildar en varð ekki var við lífsmark með henni eftir að hann hafði leyst hana úr fjötrum.

Niðurstaða krufningsrannsóknar liggur ekki fyrir en samkvæmt upplýsingum Gunnlaugs Geirssonar prófessors er dánarorsökin asphyxia eða köfnun en í lungum hennar var mikill slímhroði sem hún hefur ekki getað komið frá sér.

Með hliðsjón af framansögðu og því að kærði er grunaður um brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að taka kröfu RLR til greina, sbr. 1. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. september 1986 kl. 17:00.

Þá þykir rétt með vísan til 2. tl. d-liðar 75. gr. laga nr. 74, 1974 að kærði sæti geðrannsókn.

Úrskurðarorð:

Kærði, Magnús Friðrik Óskarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. september 1986 kl. 17:00.

Kærði skal á gæsluvarðhaldstímanum sæta rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi.

Þriðjudaginn 3. júní 1986.

Nr. 79/1985. **Þuríður Sævarsdóttir**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Skattar. Lögtak. Kvaðaarfur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. apríl 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 29/1885. Áfrýjandi krefst þess að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði felld úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með erfðaskrá 26. júní 1964 arfleiddi Thyra Loftsson dótturdóttur sína, áfrýjanda máls þessa, að 15/16 hlutum húseignarinnar nr. 19 við Sóleyjargötu hér í borg, en mælti jafnframt fyrir um að eftir fráfall sitt mætti eigi selja eða veðsetja eignina fyrr en í fyrsta lagi 1998. Thyra Loftsson andaðist 23. október 1970. Við lok skipta á dánarbúi hennar var þinglýst skiptayfirlýsingu og var arfur áfrýjanda þar bundinn þeirri kvöð að ekki mætti selja hana eða veðsetja „fyrr en í fyrsta lagi árið 1998."

Dómsmálaráðuneytið veitti heimild sína 22. desember 1982 til þess að áfrýjandi seldi eignina nr. 19 við Sóleyjargötu enda yrði kvöðin lögð á tvær fasteignir sem keyptar voru í hennar stað, þ.e. þriggja herbergja íbúð að Álfaskeiði 86 í Hafnarfirði og miðhæð hússins nr. 86 við Hverfisgötu hér í borg.

Samkvæmt veðbókarvottorði er áfrýjandi þinglesinn eigandi að miðhæð hússins nr. 86 við Hverfisgötu og er þinglesin kvöð á eignarhlutanum svohljóðandi:

„Skal vera séreign Þuríðar, en við lát hennar ganga til barna hennar ef hún á einhver börn, ella skal eignin ganga til Bjargar Pálmadóttur, og einnig vera séreign hennar. Eignina má ekki selja né veðsetja fyrr en 1998."

Við álagningu opinberra gjalda árið 1984 var áfrýjanda gert að greiða tekjuskatt 20.999,00 krónur, útsvar 10.040,00 krónur, eignarskatt 18.974,00 krónur og kirkjugarðsgjald 211,00 krónur eða samtals 49.974,00 krónur. Áfrýjandi stóð ekki skil á greiðslu gjalda þessara. Stefndi tilkynnti áfrýjanda 8. september 1984 að skuldin væri gjaldfallin og lögtakskræf og 5. nóvember s.á. krafðist hann lögtaks í greindri fasteign áfrýjanda hér í borg til tryggingar kröfu sinni er nam þá með dráttarvöxtum 51.347,00 krónum.

Lögtakið fór síðan fram svo sem greinir í hinni áfrýjuðu lögtaksgerð.

Kröfur sína byggir áfrýjandi í fyrsta lagi á því að framkvæmd lögtaksgerðarinnar hafi verið andstæð lögum. Áfrýjandi hafi ekki verið viðstaddur er gerðin fór fram og enginn af hans hálfu. Fógeti hafi ekki skipað honum réttargæslumann en það sé andstætt 34. gr. laga nr. 19/1887 um aðför, sbr. 2. mgr. 45. gr. og 24. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Þá er krafa áfrýjanda byggð á því að lögtak hafi ekki mátt fara fram í eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni nr. 86 við Hverfisgötu því að hann sé undanþeginn aðför, sbr. 29. gr. laga nr. 19/1887. Eignarhlutinn sé bundinn þeirri kvöð samkvæmt erfðaskrá að ekki megi selja hann eða veðsetja fyrr en í fyrsta lagi árið 1998. Kvöð þessi hafi verið löglega á lögð og gildi hún um allar fjárkröfur og hafi skattakröfur sem þessar þar enga sérstöðu.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að nokkrir annmarkar séu á

hinni áfrýjuðu lögtaksgerð. Einnig er því haldið fram að kvöð sú, sem lögð var á eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni nr. 86 við Hverfisgötu, gildi aðeins um samninga á sviði einkamálaréttar og svipti stefnda, sem er opinber innheimtustofnun, ekki rétti til að gera lögtak í umræddri eign áfrýjanda.

Eigi verður talið að það, eitt út af fyrir sig, valdi ógildingu hinnar áfrýjuðu lögtaksgerðar, þótt áfrýjandi hafi ekki verið viðstaddur hana og fógeta eigi tekist að finna áfrýjanda réttargæslumann, enda hefur það ekki leitt til réttarspjalla í málinu.

Svo sem fyrr er rakið, er eignarhluti áfrýjanda í fasteigninni nr. 86 við Hverfisgötu í Reykjavík bundinn þeirri kvöð, í samræmi við ákvæði erfðaskrár, að eigi má selja hann eða veðsetja fyrr en í fyrsta lagi árið 1998. Ákvæði þetta, sem gilt er að lögum samkvæmt 52. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og 29. gr. aðfararlaga nr. 19/1887, verður að túlka þannig, að skuldheimtumenn geti ekki leitað fullnustu í hinum kvaðabundna arfi umfram það er í 3. mgr. 51. gr. erfðalaga greinir. Í þessu tilliti eru engin sérákvæði í lögum um persónubundnar skattakröfur og verður því að skipa slíkum kröfum á bekk með kröfum annarra skuldheimtumanna. Kröfur þær, sem lögtak var gert fyrir í máli þessu, voru allt persónulegir skattar áfrýjanda, og þar sem óumdeilt er, að hann hafi þegar goldið fasteignaskatt af hinni kvaðabundnu eign, verður að fella hið áfrýjaða lögtak úr gildi og dæma stefnda til að gjalda áfrýjanda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Þuríði Sævarsdóttur, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ákvæði laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar hafa að geyma nokkur ákvæði um framkvæmd lögtaks en samkvæmt 7. gr. laganna skal lögtak að öðru leyti fara

fram eftir ákvæðum laga nr. 19/1887 um aðför. Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. þeirra laga tálmar það eigi aðför þótt gerðarþoli sé ekki viðstaddur en fógeta ber að skora á þargreinda aðila að taka málstað gerðarþola. Með dómi Hæstaréttar frá 13. janúar 1971 (XLII bls. 1) var lögtaksgerð felld úr gildi m.a. af þeirri ástæðu að gerðarþola hafði ekki verið skipaður réttargæslumaður. Tel ég dóm þennan hafa fordæmisgildi um skýringu á ákvæði 34. gr. laga nr. 19/1887, sbr. og dóma Hæstaréttar frá árinu 1970 (XLI bls. 341, 378 og 795), þar sem fjallað var um fjárnámsgerðir.

Í bókun fógeta af lögtaksgerð þeirri, sem hér er fjallað um, kemur fram að gerðarþoli var ekki viðstaddur og enginn þeirra sem greindir eru í 2. mgr. 34. gr. laga nr. 19/1887. Var gerðarþola ekki skipaður réttargæslumaður. Því tel ég að ógilda beri hina áfrýjuðu lögtaksgerð en tel að málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 8. nóvember 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 8. nóvember var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Hverfisgötu 86 og haldinn af fulltrúa borgarfógeta, Þorvaldi Ragnarssyni, með undirrituðum votti.

Fyrir var tekið: Beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að gera lögtak hjá Þuríði Sævarsdóttur fyrir opinberum gjöldum samkvæmt gjaldheimtuseðli nr. 9949-8714, 1984 með áföllnum dráttarvöxtum til 5.11. 1984 samtals kr. 51.347,00, auk áfallandi dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð ef til kemur.

Fógeti lagði fram lögtaksbeiðni, sem rskj. nr. 1 dags. .... shlj.:

Nr. 1

Fylgir með í ljósriti.

Almennur lögtaksúrskurður hefur verð kveðinn upp og birtur í dagblöðum á tilskilinn hátt.

Gerðarþoli er ekki mættur í réttinum og enginn hans vegna, þrátt fyrir lögmæltar tilraunir fógeta til að fá einhvern til að taka málstað hans.

Var þá skrifað upp: Skv. ábendingu gerðarbeiðanda skv. tölvuútskrift, sem lögð var fram sem rskj. nr. 2, eignarhluti gerðarþola í Hverfisgötu 86, staðgr.: 0000-4490-0860-01-02-01.

Nr 2

Fylgir með í frumriti.

Fallið var frá virðingu.

Samkvæmt ofanskráðu er lögtak gert í ofangreindri eign gerðarþola, til

tryggingar gjaldskuldinni, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Gerðarþola verður tilkynnt um lögtakið.

Upplesið. Gerðinni lokið.

Þriðjudaginn 3. júní 1986.

Nr. 80/1985. **Þuríður Sævarsdóttir**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Skattar. Lögtak. Kvaðaarfur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. apríl 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 29/1885. Áfrýjandi krefst þess að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði felld úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með erfðaskrá 26. júní 1964 arfleiddi Thyra Loftsson dótturdóttur sína, áfrýjanda máls þessa, að 15/16 hlutum húseignarinnar nr. 19 við Sóleyjargötu hér í borg, en mælti jafnframt fyrir um að eftir fráfall sitt mætti eigi selja eða veðsetja eignina fyrr en í fyrsta lagi 1998. Thyra Loftsson andaðist 23. október 1970. Við lok skipta á dánarbúi hennar var þinglýst skiptayfirlýsingu og var arfur áfrýjanda þar bundinn þeirri kvöð að ekki mætti selja hana eða veðsetja „fyrr en í fyrsta lagi árið 1998."

Dómsmálaráðuneytið veitti heimild sína 22. desember 1982 til þess að áfrýjandi seldi eignina nr. 19 við Sóleyjargötu enda yrði kvöðin lögð á tvær fasteignir sem keyptar voru í hennar stað, þ.e. þriggja herbergja íbúð að Álfaskeiði 86 í Hafnarfirði og miðhæð hússins nr. 86 við Hverfisgötu hér í borg.

Samkvæmt veðbókarvottorði er áfrýjandi þinglesinn eigandi að miðhæð hússins nr. 86 við Hverfisgötu og er þinglesin kvöð á eignarhlutanum svohljóðandi:

„Skal vera séreign Þuríðar, en við lát hennar ganga til barna hennar ef hún á einhver börn, ella skal eignin ganga til Bjargar Pálmadóttur, og einnig vera séreign hennar. Eignina má ekki selja né veðsetja fyrr en 1998."

Við álagningu opinberra gjalda árið 1983 var áfrýjanda gert að greiða tekjuskatt 8.425,00 krónur, útsvar 4.000,00 krónur, eignarskatt 15.480,00 krónur og kirkjugarðsgjald 92,00 krónur eða samtals 27.997,00 krónur. Áfrýjandi stóð ekki skil á greiðslu gjalda þessara. Stefndi beiddist lögtaks 5. nóvember 1984 í nefndri fasteign áfrýjanda hér í borg til tryggingar kröfu sinni er nam þá með dráttarvöxtum 34.428,00 krónum.

Lögtakið fór síðan fram svo sem greinir í hinni áfrýjuðu lögtaksgerð.

Kröfur sína byggir áfrýjandi í fyrsta lagi á því að framkvæmd lögtaksgerðarinnar hafi verið andstæð lögum. Áfrýjandi hafi ekki verið viðstaddur er gerðin fór fram og enginn af hans hálfu. Fógeti hafi ekki skipað honum réttargæslumann en það sé andstætt 34. gr. laga nr. 19/1887 um aðför, sbr. 2. mgr. 45. gr. og 24. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Þá er krafa áfrýjanda byggð á því að lögtak hafi ekki mátt fara fram í eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni nr. 86 við Hverfisgötu því að hann sé undanþeginn aðför, sbr. 29. gr. laga nr. 19/1887. Eignarhlutinn sé bundinn þeirri kvöð samkvæmt erfðaskrá að ekki megi selja hann eða veðsetja fyrr en í fyrsta lagi árið 1998. Kvöð þessi hafi verið löglega á lögð og gildi hún um allar fjárkröfur og hafi skattakröfur sem þessar þar enga sérstöðu.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að nokkrir annmarkar séu á hinni áfrýjuðu lögtaksgerð. Einnig er því haldið fram að kvöð sú,

sem lögð var á eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni nr. 86 við Hverfisgötu, gildi aðeins um samninga á sviði einkamálaréttar og svipti stefnda, sem er opinber innheimtustofnun, ekki rétti til að gera lögtak í umræddri eign áfrýjanda.

Eigi verður talið að það, eitt af fyrir sig, valdi ógildingu hinnar áfrýjuðu lögtaksgerðar, þótt áfrýjandi hafi ekki verið viðstaddur hana og fógeta eigi tekist að finna áfrýjanda réttargæslumann, enda hefur það ekki leitt til réttarspjalla í málinu.

Svo sem fyrr er rakið, er eignarhluti áfrýjanda í fasteigninni nr. 86 við Hverfisgötu í Reykjavík bundinn þeirri kvöð, í samræmi við ákvæði erfðaskrár, að eigi má selja hann eða veðsetja fyrr en í fyrsta lagi árið 1998. Ákvæði þetta, sem gilt er að lögum samkvæmt 52. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og 29. gr. aðfararlaga nr. 19/1887, verður að túlka þannig, að skuldheimtumenn geti ekki leitað fullnustu í hinum kvaðabundna arfi umfram það er í 3. mgr. 51. gr. erfðalaga greinir. Í þessu tilliti eru engin sérákvæði í lögum um persónubundnar skattakröfur og verður því að skipa slíkum kröfum á bekk með kröfum annarra skuldheimtumanna. Kröfur þær, sem lögtak var gert fyrir í máli þessu, voru allt persónulegir skattar áfrýjanda, og þar sem óumdeilt er, að hann hafi þegar goldið fasteignaskatt af hinni kvaðabundnu eign, verður að fella hið áfrýjaða lögtak úr gildi og dæma stefnda til að gjalda áfrýjanda 22.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Þuríði Sævarsdóttur, 22.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ákvæði laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar hafa að geyma nokkur ákvæði um framkvæmd lögtaks en samkvæmt 7. gr. laganna skal lögtak að öðru leyti fara fram eftir ákvæðum laga nr. 19/1887 um aðför. Samkvæmt 2. mgr. 34.

gr. þeirra laga tálmar það eigi aðför þótt gerðarþoli sé ekki viðstaddur en fógeta ber að skora á þargreinda aðila að taka málstað gerðarþola. Með dómi Hæstaréttar frá 13. janúar 1971 (XLII bls. 1) var lögtaksgerð felld úr gildi m.a. af þeirri ástæðu að gerðarþola hafði ekki verið skipaður réttargæslumaður. Tel ég dóm þennan hafa fordæmisgildi um skýringu á ákvæði 34. gr. laga nr. 19/1887, sbr. og dóma Hæstaréttar frá árinu 1970 (XLI bls. 341, 378 og 795), þar sem fjallað var um fjárnámsgerðir.

Í bókun fógeta af lögtaksgerð þeirri, sem hér er fjallað um, kemur fram að gerðarþoli var ekki viðstaddur og enginn þeirra sem greindir eru í 2. mgr. 34. gr. laga nr. 19/1887. Var gerðarþola ekki skipaður réttargæslumaður. Því tel ég að ógilda beri hina áfrýjuðu lögtaksgerð en tel að málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 8. nóvember 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 8. nóvember var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Hverfisgötu 86 og haldinn af fulltrúa borgarfógeta, Þorvaldi Ragnarssyni, með undirrituðum votti.

Fyrir var tekið: Beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að gera lögtak hjá Þuríði Sævarsdóttur fyrir opinberum gjöldum samkvæmt gjaldheimtuseðli nr. 9876-3228, 1983 með áföllnum dráttarvöxtum til 5.11. 1984 samtals kr. 34.428,00, auk áfallandi dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð ef til kemur.

Fógeti lagði fram lögtaksbeiðni, sem rskj. nr. 1 dags. .... shlj.:

Nr. 1

Fylgir með í ljósriti.

Almennur lögtaksúrskurður hefur verð kveðinn upp og birtur í dagblöðum á tilskilinn hátt.

Gerðarþoli er ekki mættur í réttinum og enginn hans vegna, þrátt fyrir lögmæltar tilraunir fógeta til að fá einhvern til að taka málstað hans

Var þá skrifað upp: Skv. ábendingu gerðarbeiðanda skv. rskj. nr. 1, eignarhluti gerðarþola í Hverfisgötu 86, staðgr.: 0000-4490-0860-01-02-01.

Fallið var frá virðingu.

Samkvæmt ofanskráðu er lögtak gert í ofangreindri eign gerðarþola til tryggingar gjaldskuldinni, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Gerðarþola verður tilkynnt um lögtakið.

Upplesið. Gerðinni lokið.

Þriðjudaginn 3. júní 1986.

Nr. 91/1986. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ingólfi Skúlasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Máli þessu er áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 13. febrúar 1986. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Ágrip barst Hæstarétti 11. apríl 1986.

Staðfesta þykir mega hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 10.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ingólfur Skúlason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. nóvember 1985.

Ár 1985, föstudaginn 15. nóvember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 634/1985: Ákæruvaldið gegn Ingólfi Skúlasyni, sem tekið var til dóms þann 25. október 1985.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 20. febrúar 1985, gegn ákærða Ingólfi Skúlasyni leigubifreiðastjóra, Mánagötu 3, Reykjavík, fæddum 27. ágúst 1921 í Króktúni, Landmannahreppi, Rangárvallasýslu, „fyrir að hafa, laugardaginn 9. júní 1984 um k. (sic) 18.40 selt

Ólafi Þórði Þórarinssyni eina flösku af brennivíni fyrir kr. 900 í leigubifreiðinni R-4610 við Njörvasund 34 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 18. gr., sbr. 33. gr.áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Laugardaginn 9. júní 1984 voru lögreglumennirnir Ólafur Guðmundsson, Óskar Kristjánsson og Jóhannes Viggósson að fylgjast með ólöglegri áfengissölu. Í frumskýrslu kemur fram að þeir hafi veitt leigubifreiðinni R-4610 athygli þar sem henni var ekið frá bifreiðastæði Borgarbílastöðvarinnar sem leið liggur um Tryggvagötu, Kalkofnsveg, austur Skúlagötu, Skúlatorg, Sætún til austurs, Kleppsveg til austurs og þaðan um Efstasund, Drekavog og Njörvasund, þar sem bifreiðin stöðvaðist við hús nr. 34 og tók farþega. Síðan hafi bifreiðinni verið ekið um Hlunnavog og Skeiðarvog og snúið við og ekið að húsi nr. 34 við Njörvasund á ný og farþeginn farið úr bílnum. Lögreglumenn hafi farið út og rætt við farþegann Ólaf Þ. Þórarinsson sem hafi verið með óátekna áfengisflösku og hafi hann viðurkennt að hafa keypt hana af leigubifreiðastjóranum Ingólfi Skúlasyni, ákærða í máli þessu, og greitt fyrir hana krónur 900,00. Ákærði var færður niður á lögreglustöð en fékk leyfi til að fara inn í söluturninn við Sunnutorg og kaupa þar vindlinga áður.

Ákærði gaf skýrslu á lögreglustöðinni í kjölfar þessa og neitaði að hafa selt Ólafi Þ. Þórarinssyni áfengisflösku.

Vitnið Ólafur Þ. Þórarinsson gaf skýrslu þann sama dag og viðurkenndi að hafa hringt á Borgarbílastöðina þá skömmu áður og beðið um „góðan bíl" og viljað fá keypt áfengi. Síðan hefði bifreiðin komið og það farið út í hana og bifreiðastjórinn þá afhent því flösku af brennivíni og það greitt fyrir hana með ávísun að fjárhæð krónur 1.000,00 sem það hafi verið búið að skrifa og bílstjórinn selt flöskuna á 900,00. Vitnið bar að ákærði hafi ekið skamma stund og síðan ekið því til baka að húsinu aftur, og er það hafi verið komið upp á tröppur hússins þá hafi lögreglumenn stöðvað það og það farið með þeim á lögreglustöðina til skýrslugjafar.

Lögreglumenn fóru í söluturninn Sunnutorg að kvöldi 9. júní 1984 og fengu þar afhenta ávísun, dags. 7. júní 1984, útgefna af Ólafi Þórarinssyni, að fjárhæð krónur 1.000,00 á hlaupreikning nr. 12140, Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi.

Ákærða var boðið að ljúka máli þessu með dómsátt og sektargreiðslu 15. nóvember 1984, en því boði hafnaði hann.

Ákærði og Ólafur Þórarinsson voru samprófaðir hjá lögreglunni í

Reykjavík þann 4. febrúar 1985 og hélt hvor við sitt. Vitnið Ólafur Þórarinsson bar að það hefði hringt á Borgarbílastöðina og beðið um „góðan bíl" og skömmu síðar hefði komið leigubíll og það keypt af bílstjóranum Ingólfi Skúlasyni eina flösku af brennivíni og greitt fyrir hana með 1.000,00 króna ávísun og fengið 100,00 krónur til baka. Ákærði vísaði alfarið til fyrri skýrslu sinnar í málinu, eftir að hafa hlýtt á framburð vitnisins og svaraði ekki frekari spurningum.

Ákærði kom við þingfestingu málsins þann 12. júní 1985 og gaf skýrslu. Ákærði bar á sama veg og í fyrri skýrslum sínum. Ákærði viðurkenndi að hafa farið laugardaginn 9. júní 1984 á leigubifreiðinni R-4610 að Njörvasundi 34 hér í borg og tekið þar farþegann Ólaf Þórð Þórarinsson. Ákærði kvað Ólaf hafa viljað aka vítt og breitt um borgina og hann ekki nennt að sinna því verki, meðal annars vegna þess að hann var að fara í mat. Ákærði neitaði aðspurður að hafa selt Ólafi áfengisflösku í bifreiðinni, en kvaðst ekki vita hvort Ólafur hafi verið með áfengi í bifreiðinni. Ákærði kvaðst hafa ekið vitninu út og í næstu götu og til baka aftur. Ákærði kvað Ólaf ekki hafa greitt sér neitt fyrir ökuferðina. Ákærði viðurkenndi að hafa farið inn í söluturninn við Sunnutorg, á leið niður á lögreglustöð og keypt þar pakka af vindlingum sem hann hafi greitt fyrir með 100,00 króna seðli. Ákærði staðfesti fyrri skýrslur sínar hjá lögreglu og fyrir dómi og mótmælti vitnaframburðum í málinu þar sem framburður þeirra færi í bága við framburð ákærða. Ákærða var sýnd ávísun sú er frammi lá í málinu útgefin af Ólafi Þ. Þórarinssyni, að fjárhæð krónur 1.000,00 á Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi frá 7. júní 1984. Ákærði kvaðst ekkert kannast við ávísun þessa og óskaði eftir að það yrði bókað að hún væri útgefin 7. júní 1984, en Ólafur hefði verið farþegi í bifreiðinni þann 9. júní 1984.

Vitnið Ólafur Þ. Þórarinsson kom fyrir dóm og gaf skýrslu þann 4. október sl. Vitnið bar á sama veg og í fyrri skýrslum sínum, sem það staðfesti. Vitnið kvaðst hafa hringt á Borgarbílastöðina 9. júní 1984 og beðið um „góðan bíl." Vitnið kvað ákærða Ingólf Skúlason hafa komið á leigubifreiðinni R-4610 að Njörvasundi 34 og það farið út í bifreiðina og ekið hefði verið einn hring um hverfið. Síðan hefði ákærði stöðvað fyrir utan húsið aftur og vitnið keypt af honum eina flösku af brennivíni sem það hafi greitt fyrir með ávísun. Vitnið kvaðst hafa verið komið upp á tröppur hússins er lögreglumenn hafi komið og haft tal af því. Vitnið staðfesti að ávísun sú að fjárhæð krónur 1.000,00 er frammi lá í málinu, útgefin af vitninu á Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi hafi verið ávísun sú er það greiddi ákærða fyrir flöskuna með. Vitnið gaf þá skýringu á að dags. 7. júní væri á ávísuninni en ekki 9. júní, að það hefði tekið dagafeil, og ítrekaði að þetta væri ávísun sú er það notaði til að greiða áfengi það er vitnið hafi keypt af ákærða.

Vitnið Ólafur Guðmundsson lögreglumaður gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 21. janúar sl. Vitnið kvaðst hafa verið að fylgjast með ólöglegri áfengissölu þann 9. júní 1984 er það hafi veitt bifreiðinni R-4610 athygli þar sem henni var ekið frá Borgarbílastöðinni og hafi það þekkt ákærða sem ökumann. Þeir hafi veitt bifreiðinni eftirför og ekið sem leið lá að Njörvasundi, þar sem bifreiðin hafi verið stöðvuð við hús nr. 34, og maður komið í bifreiðina og bifreiðinni ekið um götuna, og síðan hafi verið ekið að húsinu á ný. Þar hafi farþeginn farið út og þeir haft tal af honum og innt hann eftir því hvort hann hefði keypt áfengi af leigubílstjóranum, og hafi hann svarað því játandi. Vitnið kvaðst hafa séð áfengisflösku í buxnastreng hans. Vitnið kvaðst hafa farið ásamt kaupanda og Jóhannesi Viggóssyni niður á lögreglustöð en Óskar hafi farið með ákærða í bíl og þeir stöðvað á þeirri leið við verslunina Sunnutorg og ákærði farið þar inn og keypt vindlinga. Vitnið kom fyrir dóm þann 4. október sl., og bar þá á sama veg og í skýrslu sinni hjá lögreglu, sem það staðfesti. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa orðið vitni að meintri afhendingu leigubílstjórans á áfengisflöskunni til farþegans.

Vitnið Óskar Kristjánsson lögreglumaður gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 23. janúar 1985. Vitnið kvaðst hafa verið að fylgjast með ólöglegri áfengissölu laugardaginn 9. júní 1984 ásamt Ólafi Guðmundssyni og Jóhannesi Viggóssyni, sem hafi verið í annarri bifreið. Vitnið kvað Ólaf hafa veitt bifreið Ingólfs Skúlasonar athygli þar sem henni var ekið frá bílastæði Borgarbílastöðvarinnar og þeir þekkt hann sem ökumann. Vitnið kvað þá hafa veitt bifreiðinni R-4610 eftirför uns bíllinn stansaði við hús nr. 34 við Njörvasund og þar hafi maður komið inn í bílinn. Bifreiðinni hafi verið ekið af stað og ekið stuttan spöl en síðan verið snúið við á ný og ekið aftur að húsi nr. 34 við sömu götu og þar hafi farþeginn farið út. Vitnið bar að Ólafur hafi farið út og haft tal af honum en það hafi farið á eftir bifreið ákærða og stöðvað akstur hans á mótum Njörvasunds og Drekavogs. Vitnið kvaðst ekkert hafa rætt við farþega ákærða fyrr en á lögreglustöðinni. Vitnið kvaðst hafa farið í bíl ákærða niður á lögreglustöð og hann hafi beðið um að fara inn í söluturn við Sunnutorg og kaupa vindlinga og hafi hann farið einn þar inn. Vitnið gaf skýrslu í málinu þann 19. júní fyrir dómi, og bar þá á sama veg og í skýrslu sinni hjá lögreglu sem það staðfesti. Í skýrslutöku á lögreglustöðinni hafi komið fram að Ólafur hafi keypt áfengi af ákærða.

Vitnið Jóhannes Viggósson gaf skýrslu hjá lögrelgunni í Reykjavík þann 21. janúar sl. Vitnið kvaðst hafa verið að fylgjast með ólöglegri áfengissölu ásamt þeim Ólafi Guðmundssyni og Óskari Kristjánssyni. Vitnið kvaðst hafa komið á eftir þeim Ólafi og Óskari inn í Njörvasund og Ólafur þá verið að ræða við Ólaf Þ. Þórarinsson við hús nr. 34 við Njörasund. Vitnið

kvaðst hafa flutt Ólaf, kaupanda áfengissflöskunnar, og flöskuna niður á lögreglustöð þar sem yfirheyrslur hafi farið fram. Vitnið kvað Óskar hafa farið með ákærða í bíl og farið inn í verslunina við Sunnutorg og keypt tóbak. Vitnið kvaðst hafa farið síðar þennan dag og sótt ávísun þá er frammi liggur í málinu útgefin af Ólafi Þ. Þórarinssyni. Vitnið gaf skýrslu fyrir dómi þann 19. júní 1985 samhljóða þeirri er það gaf hjá lögreglu, sem það staðfesti.

Niðurstöður:

Þegar litið er til framburðar vitnisins Ólafs Þ. Þórarinssonar og annarra vitna sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, verður að telja sannað að ákærði Ingólfur Skúlason hafi selt Ólafi Þ. Þórarinssyni eina flösku af brennivíni fyrir krónur 900,00 við hús nr. 34 við Njörvasund laugardaginn 9. júní 1984 svo sem hann er ákærður fyrir þrátt fyrir neitun ákærða. Varðar brot hans við 18. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978.

Samkvæmt sakavottorði ákærða frá 18. febrúar 1985 hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

— — —

[Sakavottorð tilgreinir sex sektir samkvæmt dómsátt, þar af eina (20.000,00 króna sekt. 14. september 1977) fyrir brot gegn 18. sbr. 39. gr áfengislaga.]

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr 52, 1978 og þykir hún hæfilega ákveðin 6.000,- króna sekt, sem renni til ríkissjóðs. Vararefsing ákveðst varðhald í 5 daga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin greiðsla málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns Hilmars Ingimundarsonar hrl., krónur 12.000.-.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Skúlason, greiði 6.000,- krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 5 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun krónur 12.000,- til skipaðs verjanda síns Hilmars Ingimundarsonr hrl.

Þriðjudaginn 3. júní 1986.

Nr. 117/1986. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Eðvarð Inga Hreiðarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar með stefnu 18. febrúar 1986 en ákærði vildi una dóminum.

Ágrip málsins barst Hæstarétti 23. apríl 1986.

Lögreglumenn sem voru að eftirlitsstörfum laugardaginn 29. júní 1985 mældu með ratsjá hraða bifreiðarinnar Y 9101 sem ákærði ók vestur Suðurlandsbraut og reyndist hraði hennar vera 80 km á klst. en á þeim vegi er hámarkshraði 50 km á klst. Ákærði viðurkenndi fyrir dómi að hafa verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar. Niðurstaða blóðrannsóknar sýndi 0,60‰ alkóhólinnihald í blóði ákærða. Hefur ákærði með því atferli gerst brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og með hinum of hraða akstri við 1. mgr. 50. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 16/1977. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 14. júní 1985 var ákærði sviptur ökuleyfi í tvö ár. Hefur hann því nú einnig gerst brotlegur við 1. mgr. 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Ekki þykir ákærði á grundvelli framkominnna sakargagna verða sakfelldur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Verður hann því sýknaður af þeim þætti ákæru.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976 hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 8.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Eðvarð Ingi Hreiðarsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. janúar 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 29. janúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Bergsteini Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 62/1986: Ákæruvaldið gegn Eðvarð Inga Hreiðarssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. janúar 1986, á hendur ákærða, „Eðvarð Inga Hreiðarssyni, Kleppsvegi 122, Reykjavík, fæddum 13. maí 1960 þar í borg, fyrir að aka, laugardaginn 29. júní 1985, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, bifreiðinni Y-9101 sem áfátt var um búnað stýris, hemla og hjólbarða, frá Ölveri, Glæsibæ við Álfheima í Reykjavík, að Reykási og þaðan áleiðis að Kleppsvegi þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Suðurlandsbraut og fyrir að aka bifreiðinni í greint sinn með allt að 80 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla skammt vestan Langholtsvegar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 16, 1977.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því sem fram er komið í málinu:

Ákærði ók laugardaginn 29. júní 1985 bifreiðinni Y-9101 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum frá Ölveri í Glæsibæ við Álfheima í Reykjavík að Reykási og þaðan áleiðis að Kleppsvegi þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Suðurlandsbraut.

Ákærði ók með allt að 80 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla skammt vestan Langholtsvegar.

Hemlar, stýri og hjólbarðar framangreindrar bifreiðar voru ekki í lagi.

Ákærði drakk „bjórlíki" fyrir aksturinn.

Ákærði drakk ekki áfengi eftir að akstri hans lauk.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 22:45. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 0,60‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1976 Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 8.9. 1976.

1978 12/6 Sátt: 60.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Ökul.sv. í 6 mán. frá 27.4. 1978.

1978 15/11 Sátt: 50.000 kr. sekt f. brot g. 219. gr. hgl. og 47. gr., 49. og 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 2 mán. frá 15.11. 1978.

1985 14/6 Dómur: 45 daga varðhald f. brot g. 4. mgr. 220. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegn.laga, 1. mgr. 24. gr. áfl. og 25., 37. og 49. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 14/6 1985.

Dómurinn frá 14/6 1985 hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54, 1976. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 18.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Ákærði var með dómi 14. júní 1985 sviptur ökuleyfi í 2 ár. Þykir ekki ástæða til að gera honum frekari ökuleyfissviptingu.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Eðvarð Ingi Hreiðarsson, greiði 18.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá dómsuppkvaðningu en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Miðvikudaginn 4. júní 1986.

Nr. 125/1986. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóhanni Sævari Jónssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Þjófnaður. Svik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1986 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 23. apríl 1986.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds og ákærða að ekki væri óskað endurskoðunar á ákvæðum héraðsdóms um skaðabætur. Koma þau því ekki til álita í málinu sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn þar á meðal bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dagsett 27. maí 1986 þar sem fram kemur að ákærði hefur nú afplánað að fullu refsingar samkvæmt þeim dómum, sem honum hefur verið dæmt áfall í á undan hinum áfrýjaða dómi. Koma því ekki til álita ákvæði 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðandi reynslulausn sem ákærða var veitt frá 19. janúar 1984.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu brota til refsiákvæða.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 255. gr. sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940 og með vísan til 77. og 78. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Sævar Jónsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar, hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. desember 1985.

Ár 1985, föstudaginn 20. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 745/1985: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Sævari Jónssyni, sem tekið var til dóms 18. þessa mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. nóvember síðastliðinn, á hendur ákærða, „Jóhanni Sævari Jónssyni, Vesturgötu 22, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 3. júní 1957, fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum:

1.

Fyrir þjófnað með því að hafa þriðjudagskvöldið 29. janúar 1985 stolið peningaveski með tékkhefti frá útibúi Landsbanka Íslands á Breiðdalsvík þá er hann var staddur á veitingahúsinu „pubb-inn“ við Hverfisgötu í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

Fyrir tékkasvik með því að hafa um mánaðamótin janúar/febrúar 1985 selt í Reykjavík og næsta nágrenni eftirgreinda 7 tékka sem hann gaf út til handhafa á eyðublöð úr framangreindu tékkhefti án þess að eiga innistæðu í bankanum svo sem rakið er:

1) Tékki nr. 9266, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 29. janúar 1985. Óvíst um notkun.
2) Tékki nr. 9272, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 29. janúar 1985. Óvíst um notkun.
3) Tékki nr. 9275, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 29. janúar 1985. Óvíst um notkun. Í framsalsreit tékkans er stimpill Smiðjukaffis, Smiðjuvegi 14, Kópavogi.
4) Tékki nr. 9268, að fjárhæð kr. 1.500, dagsettur 29. janúar 1985. Óvíst um notkun. Í framsalsreit tékkans er stimpill fyrirtækisins Lækjarbrekku, Bankastræti 2, Reykjavík.
5) Tékki nr. 9274, að fjárhæð kr. 3.500, dagsettur 31. janúar 1985. Seldur í veitingahúsinu Brauðbæ við Óðinstorg í Reykjavík.

6) Tékki nr. 6273, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 31. janúar 1985. Óvíst um notkun. Í framsalsreit er stimpill veitingahússins Hrafnsins í Reykjavík.
7) Tékki nr. 9269, að fjárhæð kr. 107, dagsettur 31. janúar 1985. Óvíst um notkun, framseldur af Hjalta Guðmundssyni. Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Þá er málið höfðað á hendur ákærða með ákæruskjali, dagsettu 28. nóvember síðastliðinn, „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum framin í Reykjavík í febrúar 1985:

1.

Fyrir að hafa laugardagskvöldið 2. febrúar stolið tékkhefti frá aðalbanka Landsbanka Íslands þá er hann var gestkomandi að Mjóstræti 3 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

Fyrir tékkasvik með því að hafa selt í Reykjavík eftirgreinda tékka sem hann gaf út í eigin nafni á eyðublöð úr ofangreindu tékkhefti án þess að eiga innistæðu í bankanum:

1) Tékki nr. 6269481, að fjárhæð kr. 1.000, gefinn út til handhafa. Óvíst um notkun.
2) Tékki nr. 6269495, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 5. febrúar 1985. Óvíst um notkun.
3) Tékki nr. 6269498, að fjárhæð kr. 3.500, gefinn út til „veitingahúsið Borgin“. Notaður til kaupa á veitingum á Hótel Borg.
4) Tékki nr. 6269486, að fjárhæð kr. 1.000, gefinn út til B.S.Í. Seldur á bifreiðastöð Íslands við Hringbraut.
5) Tékki nr. 2629486, að fjárhæð kr. 1.000, gefinn út til veitingahússins Hellisins. Óvíst um notkun.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Ákæra, dagsett 20. nóvember 1985:

1. Hinn 1. febrúar sl. mætti Sigrún Ingólfsdóttir, Hjallavegi 1, Reykjavík, hjá RLR og tilkynnti þjófnað á seðlaveski sínu. Kvað hún að veskinu hefði verið stolið að kvöldi þriðjudagsins 29. janúar þar á undan er hún var stödd í veitingahúsinu Pöbb-inn við Hverfisgötu hér í borg. Kvað hún að í veskinu hefði verið tékkhefti frá Landsbankanum, útibúinu í Breiðdalsvík, og hefðu 6 eða 7 eyðublöð verið eftir í heftinu er því var stolið. Sigrún kvaðst vinna á veitingahúsinu og kvað hún að veskið hefði verið geymt í kompu þar sem föt starfsmanna eru geymd en hún sé alltaf ólæst.

Ákærði viðurkenndi við yfirheyrslu hjá RLR þann 12. febrúar sl. og fyrir dómi 3. desember sl. að hann hefði stolið seðlaveskinu. Hafi hann tekið tékkheftið úr veskinu en sett veskið síðan ásamt öðru því sem eftir var í ruslafötu í umræddu veitingahúsi. Ákærði kvaðst hafa verið mikið ölvaður er hann stal heftinu.

Samkvæmt framansögðu telst því sannað með játningu ákærða að hann hafi framið brot það sem honum er gefið að sök í 1. lið ákæru þessarar. Varðar brotið við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Ákærði viðurkenndi í ofangreindri yfirheyrslu hjá RLR og fyrir dómi að hafa í beinu framhaldi af þjófnaðinum á seðlaveskinu og tékkheftinu selt eftirgreinda tékka úr heftinu svo sem hér verður rakið:

a) Tékka nr. 9266, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettan 29. janúar 1985. Ákærði vissi ekki hvar hann notaði tékkann.

b) Tékka nr. 9272, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettan 29. janúar 1984. Ákærði vissi heldur eigi hvar hann notaði tékka þennan.

c) Tékka nr. 9275, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettan 29. janúar 1985. Ákærði mundi ekki hvar hann notaði tékkann, en í framsalsreit hans er stimpill Smiðjukaffis, Smiðjuvegi 14, Kópavogi.

d) Tékka nr. 9268, að fjárhæð kr. 1.500, dagsettan 29. janúar 1985. Ákærði mundi ekki hvar hann notaði tékkann, en í framsalsreit hans er stimpill fyrirtækisins Lækjarbrekka, Bankastræti 2, Reykjavík.

e) Tékka nr. 9274, að fjárhæð kr. 3.500, dagsettan 31. janúar 1985, og seldur í veitingahúsinu Brauðbæ við Óðinstorg í Reykjavík.

f) Tékka nr. 9273, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettan 31. janúar 1985. Ákærði mundi ekki hvar hann notaði tékkann, en í framsalsreit hans er stimpill veitingahússins Hrafnsins í Reykjavík.

g) Tékka nr. 9269, að fjárhæð kr. 107, dagsettan 31. janúar 1985. Ákærði mundi eigi hvar hann notaði tékkann, en hann var framseldur af Hjalta Guðmundssyni.

Ákærði ritaði nafn sitt sem útgefandi á alla framangreinda tékka.

Sannað er með játningum ákærða, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það sem honum er gefið

að sök í ákærulið þessum. Varðar brot ákærða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Veitingahúsið Brauðbær við Óðinstorg hér í borg hefur krafist þess að ákærði verði dæmdur til að greiða því 3.500,00 krónur í skaðabætur ásamt 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. febrúar 1985 til greiðsludags. Ákærði hefur samþykkt kröfuna og verður hann dæmdur til greiðslu hennar ásamt dómvöxtum frá 1. febrúar 1985 til greiðsludags.

Ákæra, dagsett 28. nóvember 1985:

1. Laugardagskvöldið 2. febrúar síðastliðið stal ákærði tékkhefti frá aðalbanka Landsbanka Íslands, er hann var gestkomandi að Mjóstræti 3 hér í borg. Telst sannað með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að hann hafi framið brot það, sem honum er hér gefið að sök. Varðar brotið við 244. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærði hefur viðurkennt við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi að hafa selt eftirtalda tékka úr ofangreindu tékkhefti:

a) Tékka nr. 6269481, að fjárhæð kr. 1.000, gefinn út til handhafa, en ákærði mundi ekki hvar hann notaði tékkann.

b) Tékka nr. 6269495, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettan 5. febrúar 1985. Ákærði mundi ekki hvar hann notaði tékkann en kvað sennilegt að hann hafi selt hann í banka.

c) Tékka nr. 6269498, að fjárhæð kr. 3.500.-, gefinn út til „veitingahússins Borgin". Ákærði notaði tékkann til kaupa á veitingum á Hótel Borg, Reykjavík.

d) Tékka nr. 6269485, að fjárhæð kr. 1.000.-, gefinn út til B.S.Í. Ákærði seldi tékkann á Bifreiðastöð Íslands við Hringbraut hér í borg.

e) Tékka nr. 6269486, að fjárhæð kr. 1.000.-, gefinn út til veitingahússins Hellisins hér í borg. Tékkinn var sýndur í banka af veitingahúsinu Hellirinn þann 8. febrúar 1985. Númerið hefur misritast í ákæruskjali, en eigi verður um villst, við hvern tékka er átt, og stendur skekkja þessi því eigi í vegi fyrir því að dæmt verði um þennan þátt ákæruliðs þessa, sbr. 1. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974.

Ákærði ritaði nafn sitt sem útgefandi á alla framangreinda tékka.

Með játningum ákærða, sem eru í samræmi við önnur málsgögn, er sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákærulið 2 ákæru þessarar. Varðar háttsemi ákærða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu liggur frammi bótakrafa frá Bifreiðastöð Íslands, Umferðarmiðstöðinni við Hringbraut hér í borg, að fjárhæð kr. 1.000,00. Ákærði hefur samþykkt kröfuna og verður dæmdur til greiðslu hennar.

Þá hefur veitingahúsið Tryggvagötu 26, Reykjavík, krafist þess að

ákærði verði dæmdur til að greiða því 1.500,00 krónur í skaðabætur ásamt dómvöxtum frá 8. febrúar 1985 til greiðsludags. Ákærði hefur samþykkt kröfuna og verður hann dæmdur til greiðslu hennar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1975 20/7 í Reykjavík. Sátt: 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfl.

1976 5/11 í Kópavogi. Dómur: 32 mán. fangelsi ÷ 76 daga varðhaldsvist fyrir brot á 244. gr. hgl., 1. mgr. 259. gr. hgl., 2. sbr. 3. mgr. umfl. og 21. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 24 mán. frá 9/3 1976.

1978 20/7 í Kópavogi. Dómur: 30. mán fangelsi ÷ 110 daga varðhaldsvist fyrir brot á 244. gr. 233. gr., 1. mgr. sbr. 2. mgr. 257. gr. 1. mgr. og 2. mgr. 106. gr. 4. mgr. 220. gr. og 1. mgr. 259. gr. hgl. og 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 50. gr. umfl.

1980 15/1 Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar 620 dögum.

1980 12/6 í Reykjavík. Ávana og fíkn. Sátt: 430.000 kr. sekt fyrir brot á 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2. og 10. gr. rgj. nr. 390, 1974.

1981 3/3 í Reykjavík. Dómur: 8 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. hgl.

1982 9/2 Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar 287 dögum.

1983 8/8 í Kópavogi. Dómur: 3 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr., sbr. 20. gr. hgl.

1983 18/8 í Reykjavík. Dómur: 5 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. og 1. gr. 259. gr. og 27. gr. umfl.

1984 19/1 Reynslulausn frá 19. jan. 1984 til 19. júlí 1985.

1985 7/8 í Reykjavík. Dómur: 2 mán. fangelsi f. brot g. 1. mgr. 259. gr. hgl., 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 7/8 1985.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 244. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Ber að ákveða refsingu ákærða með hliðsjón af 71., 77. og 78. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar, hæstaréttarlögmanns, 6.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Sævar Jónsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði eftirtöldum skaðabætur:

1. Brauðbæ við Óðinstorg, Reykjavík, 3.500,00 krónur ásamt dómvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. febrúar 1985 til greiðsludags.

2. Bifreiðastöð Íslands, Reykjavík, 1.000,00 krónur.

3. Veitingahúsinu Tryggvagötu 26, Reykjavík, 1.500,00 krónur ásamt dómvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. febrúar 1985 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar, hrl., 6.000,00 krónur.

Miðvikudaginn 4. júní 1986.

Nr. 117/1985. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Lúðvíg Fjölni Lúðvígssyni
Frank Snæ Lúðvígssyni og
Hafþóri Sævarssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ákæra. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var af ákæruvaldsins hálfu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. mars 1985 til þyngingar, en dómþolar vildu allir una dóminum. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 11. apríl 1986.

Ákæra í máli þessu, sem rakin er í héraðsdómi, er óskilrík og brestur þar á glögga skilgreiningu sakarefnis. Kemur eigi nægilega glöggt fram hvað hverjum hinna ákærðu er gefið að sök. Skírskotað er til 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 án þess að neina skýra verknaðarlýsingu sé að finna sem svari til þess ákvæðis. Sama á við um þau ákvæði laga nr. 46/1977 sem tilfærð eru í ákæru. Fullnægir ákæruskjalið þannig eigi reglum 3. tl. 2. málsgreinar 115. gr. laga nr. 74/1974 og verður það ekki lagt til grundvallar dómi

um efni máls. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærðu, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur samtals fyrir báðum dómum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákæruskjal í máli þessu er að vísu ekki svo skilmerkilega orðað sem verða mátti, en ég tel þó að ekki geti verið vafa undirorpið að skilja verði það svo, að ákæruefni séu þessi:

1. Allir ákærðu séu ákærðir fyrir þann verknað að ryðjast inn í verbúðina Bjarmaland ölvaðir og vopnaðir haglabyssum.

2. Ákærðu séu hver og einn ákærðir fyrir að hafa hleypt af skotum inn um útidyr hússins og út um glugga þess og hafa með skotunum stefnt lífi og heilsu fólks, sem í húsinu var, í háska.

3. Allir ákærðu séu ákærðir fyrir að hafa miðað byssunum á fólk sem var í húsinu, hótað því lífláti og meiðslum og með meðhöndlun skotvopnanna stefnt lífi þess og heilsu í hættu.

4. Ákærðu Frank Snær Lúðvígsson og Hafþór Sævarsson séu einir ákærðir fyrir að hafa ekki gilt skotvopnaleyfi er þeir ruddust inn í húsið, hleyptu af skotum úr byssunum og miðuðu þeim á fólk í húsinu.

Ég tel ennfremur að það verði nægilega ráðið af ákærunni við hvaða refsiákvæði hvert einstakt framangreindra ákæruatriða er talið varða þó að rétt hefði verið og gleggra að greina þetta sérstaklega við hvert ákæruatriðanna um sig. Hvort ákæran skilin á framangreindan hátt felur í sér sakargiftir á hendur ákærðu einum eða fleirum, sem víðtækari séu en rannsókn málsins rennir stoðum

undir, eða hvort verknaður sé þar talinn varða við önnur laga-ákvæði en rétt kann að teljast, er þáttur í efnismeðferð málsins sem leiða mundi til sýknu ef því væri að skipta. Loks tek ég fram að ég tel að málsvörn verjanda ákærðu hafi ekki orðið áfátt vegna þess hvernig ákæran var úr garði gerð.

Samkvæmt framansögðu tel ég ekki nægja ástæðu til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá sakadóminum. En þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að gagnstæðri niðurstöðu eru ekki efni til að ég fjalli um málið að öðru leyti.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 12. febrúar 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 11. janúar 1985, hefur höfðað ríkissaksóknari fyrir sakadómi Barðastrandarsýslu með ákæruskjali, útgefnu 7. maí 1984, á hendur þeim Lúðvíg Fjölni Lúðvígssyni verkamanni, Miðtúni 4, Tálknafirði, fæddum 30. maí 1962, Frank Snæ Lúðvígssyni, Miðtúni 4, Tálknafirði, fæddum 10. júní 1966 í Reykjavík, og Hafþóri Sævarssyni verkamanni, Lækjarbakka í Tálknafirði, fæddum 17. nóv. 1966 á Patreksfirði, fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 5. febrúar 1984 ruðst inn í verbúðina Bjarmaland á Tálknafirði ölvaðir og vopnaðir haglabyssum, og ákærðu Frank Snær og Hafþór án þess að hafa skotvopnaleyfi, hleypt af skotum inn um útidyr hússins og út um glugga þess, miðað hlöðnum byssum á fólk sem í húsinu var og hótað því lífláti og meiðslum og að hafa þannig með skotum og framangreindri meðhöndlun skotvopnanna stefnt lífi og heilsu fólksins, sem í húsinu var, í háska.

Í ákæru er athæfi ákærðu allra talið varða við 4. mgr. 220. gr., 231., 233. gr., almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, 1. og 2. mgr. 20. gr. sbr. 34. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46, 1977, en ákærðu Franks Snæs og Hafþórs auk þess við 1. mgr. 14. gr., sbr. 34. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Í ákæru er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, ákærði Lúðvíg Fjölnir til þess að þola upptöku haglabyssu af tegundinni UNAZU 18023, kalíber 12 samkvæmt 35. gr. nefndra laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda og ákærðu allir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

— — —

Dóm þennan kvað upp fulltrúi sýslumanns, Tryggvi Bjarnason.

Dómsorð:

Ákærði Lúðvíg Fjölnir Lúðvígsson sæti 30 daga fangelsi en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá upp-

kvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Frank Snær Lúðvígsson sæti 20 daga fangelsi en frestá skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Hafþór Sævarsson sæti 20 daga fangelsi en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Upptæk er gerð í ríkissjóð haglabyssa af gerðinni Unazu 18023, kalíber 12, eign ákærða Lúðvígs Fjölnis Lúðvígssonar.

Ákærðu Lúðvíg Fjölnir og Frank Snær Lúðvígsson greiði „in solidum" skipuðum verjanda sínum Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni málsvarnarlaun, kr. 9.000,-. Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðu allir „in solidum".

Fimmtudaginn 5. júní 1986.

Nr. 61/1986. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Hjálmari Baldurssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Líkamsárás. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1985 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 19. mars sl.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat hans. Hefur ákærði gerst brotlegur við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 og þar sem líkamsárásin var sérstaklega hættuleg vegna þeirrar aðferðar sem ákærði beitti ber að ákveða refsingu samkvæmt 2. mgr. greinarinnar. Þykir refsingin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði, en frá henni dragist gæsluvarðhaldsvist svo sem í héraðsdómi greinir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í ákæru.

Dómsorð:

Ákærði, Hjálmar Baldursson, sæti fangelsi 18 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 63 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Sigurgeirs Jónssonar.

Við teljum ekki sannað, að ákærði hafi að fyrra bragði ráðist að Maríu Sigrúnu Jónínu Óladóttur. Í framburðum ákærða, sem eru að vísu nokkuð reikulir, er því haldið fram, að María Sigrún Jónína hafi að fyrra bragði ráðist að honum með hnífi eða otað að honum hnífi. Stendur staðhæfing gegn staðhæfingu um upptök átakanna. Við teljum framburði vitnanna Ágústs Hjartar Ingþórssonar og Guðlaugar Harðardóttur ekki taka af þann vafa sem um upptök átakanna er. Meiðsli ákærða voru afdrifaríkari en meiðsli Maríu Sigrúnar Jónínu.

Við teljum því ekki skilyrði til þess að dæma ákærða fyrirvaralaust fyrir vísvitandi líkamsárás samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Við teljum líkamsáverka þá sem María

Sigrún Jónína Óladóttir hlaut, og sem eru þess eðlis að 218. gr. almennra hegningarlaga á við um þá, hafa hlotist í átökum milli hennar og ákærða, en ósannað sé um upptök átakanna. Beri því um refsingu að beita ákvæðum 1. málsliðar 3. málsgreinar 218. gr. *a.* almennra hegningarlaga.

Samkvæmt þessu teljum við refsingu ákærða hæfilega ákveðna 6 mánaða fangelsi, en til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist eins og greinir í héraðsdómi. Vegna sáttargerðar 8. janúar 1985 ber að hafa hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar.

Við föllumst á sakarkostnaðarákvæði héraðsdóms, og erum sammála meiri hluta dómara Hæstaréttar um áfrýjunarkostnað sakarinnar.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. desember 1985.

Ár 1985, föstudaginn 6. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 680/1985: Ákæruvaldið gegn Hjálmari Baldurssyni, sem dómtekið var 29. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara á hendur Hjálmari Baldurssyni rafvirkja, Bjarkargötu 8, Reykjavík, fæddum 2. nóvember 1939 í Reykjavík, „fyrir að hafa, mánudaginn 14. maí 1984, ráðist að eiginkonu sinni, Maríu Sigrúnu Jónínu Óladóttur, á heimili þeirra að Bjarkargötu 8, Reykjavík, vopnaður brauðhníf með 17,5 cm löngu hnífsblaði og lagt þrásinnis til Maríu Sigrúnar með hnífnum, m.a. í utanvert hægra brjóst þar sem hnífsblaðið gekk 16-18 cm veg í líkama hennar utan rifja að aftari brún holhandar, auk þess sem ákærði olli henni stungusári með hnífnum í hægri upphandlegg og skurðum og rispum á átta öðrum stöðum á líkamanum.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Samkvæmt skýrslu Baldvins Einarssonar lögregluþjóns var tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík kl. 12.15, mánudaginn 14. maí 1984, að maður hefði ráðist með hnífi á konu í húsinu nr. 8 við Bjarkargötu hér í borginni. Þegar lögreglumenn komu þar hittu þeir fyrir Ágúst Hjört Ingþórsson, fæddan 22. ágúst 1961, sem býr í kjallara hússins. Kvað hann manninn

vera enn í íbúð á fyrstu hæð hússins. Lögreglumennirnir fundu mann liggjandi á svefnherbergisgólfi og virtist hann vera rænulítill. Reyndist það vera ákærði í máli þessu. Var hann með tvö stungusár á kviði. Inni á baðherbegi var eiginkona mannsins, María Sigrún Jónína Óladóttir, fædd 27. júlí 1942. Hafði hún læst að sér. Á henni voru stungusár á hægri upphandlegg og hægra brjósti.

Var maðurinn handjárnaður og fluttur í sjúkrabifreið á slysadeild Borgarspítalans en konan flutt þangað í lögreglubifreið.

Við leit í íbúðinni fannst hnífur undir barnarúmi í svefnherbergi þar sem ákærði lá.

Vitnið María Jónína Sigrún Óladóttir hefur skýrt frá því að þau ákærði væru að skilja eftir 8½ árs hjónaband. Hefði sambúð þeirra frá upphafi verið stirð. Ákærði hefði verið drykkfelldur, neytt lyfja í óhófi og hefði vitnið mátt þola hótanir og kúgun í hjónabandinu. Síðasta miðvikudagskvöld hefði henni tekist að ná húslyklunum af ákærða og meina honum aðgang að íbúðinni á Bjarkargötu 8. Upp frá því hefði hann ónáðað hana með símhringingum og með því að koma þar á glugga og á föstudagsmorguninn hefði hann komið og barið utan húsið. Síðan þá hefði hún fengið næturgistingu í Kvennaathvarfinu við Hverfisgötu, en verið með annan fótinn á Bjarkargötu 8, en þar væri einnig blindraheimili sem hún starfaði við. Hún greindi einnig frá því að ákærði hefði að undanförnu haft á sér gætur, hafst við í bifreið fyrir utan húsið og jafnvel fylgst með sér um miðbæinn. Einnig hefði hann haldið áfram að ónáða sig með símhringingum.

Vitnið kveðst hafa farið til starfa í körfu- og burstagerð Blindravinafélagsins í Ingólfsstræti mánudagsmorguninn 14. maí. Um hádegið hafi hún fengið far í bifreið með Guðlaugu Harðardóttur vestur á Bjarkargötu. Þangað hafi þær komið um kl. 12.05. Bifreið ákærða hafi þá staðið við húsið. Hún kveðst hafa lokið upp aðaldyrunum sem verið hafi læstar, farið inn í íbúðina og svipast um eftir ákærða en ekki orðið hans vör fyrr en hún var komin inn á innri gang við salerni og svefnherbergi. Ákærði hefði skyndilega komið út úr herberginu og ráðist á sig með hníf á lofti. Hann hafi virst viti sínu fjær, höggvið til sín í sífellu með hnífnum og hrópað: „Ég skal drepa þig, nú skal ég ganga frá þér í eitt skipti fyrir öll.“ Þegar ákærði hafi komið lagi á hægri handlegg vitnisins kveðst hún hafa hrasað inn á baðherbergið og fallið þar á gólfið. Vitnið kveðst hafa reynt að verjast ákærða eftir mætti og reynt að hlífa andliti sínu og brjósti fyrir hnífslögunum. Auk þess hefði hún hrópað upp og kallað á hjálp. Ákærði hefði veitt henni dýpstu stunguna í brjóstið meðan hún lá á gólfinu, en þá hefði hún getað sparkað í magann á honum. Í þessari andrá varð vitnið vör við að maður úr kjallaranum kom á vettvang og reis ákærði þá upp og virtist

vitninu hann stinga sig tvisvar í kviðinn með hnífnum og fara fram á ganginn. Vitnið beið þá ekki boðanna og lokaði sig inni á salerninu. Hefði hún ekki árætt að opna fyrr en hún varð vör við að lögreglumenn voru komnir inn í íbúðina.

Vitnið hefur unnið eið að þessum framburði sínum.

Vitnið Ágúst Hjörtur Ingþórsson hefur skýrt frá því að hann hafi verið staddur á heimili sínu í kjallaraíbúð á Bjarkargötu 8 á hádegi mánudaginn 14. maí 1984 þegar hann sá Maríu Sigrúnu Jónínu og Guðlaugu Harðardóttur koma að húsinu ásamt öldruðum manni og blindum, Sölva að nafni. Skömmu seinna, í hæsta lagi 5 mínútum síðar, heyrði hann óp frá hæðinni fyrir ofan. Vitnið kveðst hafa hlaupið upp stigann og þá heyrt að María Sigrún Jónína kallaði á hjálp. Vitnið sparkaði upp hurðinni og sá hann konuna í baðherbergisdyrunum og ákærða á ganginum hjá henni með brugðinn hníf á lofti. Ákærði hefði strax snúið sér að vitninu og hefði konan þá komist inn í baðherbergið og læst að sér. Ákærði hefði snúið að vitninu og gengið eitt eða tvö skref í áttina að því. Ákærði sagði við vitnið: „Ég er líka búinn að stinga mig."

Vitnið hefur skýrt frá því, að ákærði hefði virst fullur örvæntingar og vonleysis þarna á ganginum.

Vitnið staðfesti skýrslu sína með drengskaparheiti.

Vitnið Guðlaug Harðardóttir starfar hjá Blindravinafélagi Íslands. Hún hefur greint frá því að umræddan mánudag hafi hún ekið Maríu Sigrúnu Jónínu og blindum manni, Sölva Sigurðssyni, úr Ingólfsstræti að Bjarkargötu 8 skömmu eftir kl. 12. Þegar þangað var komið sáu þær bifreið ákærða standa fyrir utan húsið. Vitnið kveður Maríu hafa farið inn um aðaldyr hússins, en sjálf kveðst hún hafa farið upp tröppur og inn um dyrnar á norðurhlið hússins með Sölva. Þegar þau Sölvi voru komin inn í anddyrið heyrði vitnið Maríu kalla á hjálp innan úr íbúðinni og rétt á eftir að brotist var inn í íbúðina hjá Maríu. Strax á eftir því kveðst vitnið hafa heyrt ákærða segja við einhvern að sá skyldi bara kalla á lögreglu. Ágúst Hjörtur Ingþórsson hefði síðan komið inn í anddyrið að utan og sagt þeim að forða sér því ákærði væri óður með hníf inni í íbúðinni. Vitnið kveðst þá hafa farið út með Sölva, farið niður að Hljómskálagarði með hann og ungt barn í vagni sem Ágúst Hjörtur ætti og hefði beðið hana fyrir.

Ákærði var fluttur á slysadeild Borgarspítalans, eins og áður segir og voru meiðsli hans könnuð þar og gert að þeim. Jafnframt var honum tekið blóð til alkóhólrannsóknar. Við þá rannsókn fannst ekki alkóhól í blóði hans. Að þessu loknu kl. 19.30, var ákærði færður í fangelsið í Síðumúla.

Í skýrslu hjá RLR þriðjudaginn 15. maí 1984, daginn eftir atburði máls þessa, skýrði ákærði frá því að hann hefði farið inn um eldhúsglugga á íbúðinni að Bjarkargötu 8 um tvö- eða þrjúleytið aðfaranótt mánudagsins.

Ákærði kveðst hafa vitað að María var ekki heima og hann hafi aðeins verið að leita sér að svefnstað. Hann hafi sofnað stuttan dúr þarna inni og þegar hann vaknaði hafi hann leitað að bankabókum sem hann taldi sig eiga þarna, en þegar hann fann þær ekki kveðst hann hafa tekið hníf í eldhúsinu og skorið yfirhafnir Maríu sem héngu í fatahengi á gangi í íbúðinni. Hann hafi svo lagt frá sér hnífinn á kommóðu á ganginum við baðherbergið og lagst til svefns aftur. Um hádegisbilið hafi hann rekist á Maríu við baðherbergið og hún hafi þá öskrað á hann stóryrðum og næst fann hann fyrir hnífslagi í kviðinn. Hann hafi þá hrint henni inn á baðherbergið og tekið hnífinn og otað að henni. Ákærði kvaðst þá ekki muna hvort hann hefði stungið hana. María hefði tekið að öskra ákaft og hefði hann þá rankað við sér, lagt frá sér hnífinn og ætlað að hjálpa Maríu á fætur. Í þeirri andrá kveðst hann hafa fengið aðra stungu í kviðinn og um leið varð ákærði var við manninn úr kjallaranum. Ákærði kveðst þá hafa gengið inn í svefnherbergið og tekið þar hnífinn úr sárinu og fleygt honum frá sér.

Ákærði kom síðar þennan dag fyrir sakadóm Reykjavíkur í Síðumúlafangelsinu og skýrði frá atvikum mjög á sama veg. Ákærði mótmælti frásögn Maríu Sigrúnar Jónínu um að hann hefði sjálfur veitt sér áverka með hnífnum og frásögn Ágústs Hjartar, að ákærði hefði sagst hafa stungið sig.

Seint um kvöldið var ákærði fluttur í skyndi á Borgarspítalann. Við komu hans þangað reyndist hann hafa sótthita og miklar þrautir í kvið sem var uppþembdur. Var hann skorinn upp um nóttina. Í vottorði Þórarins Guðnasonar læknis, 24. júní 1984, segir m.a. um þetta: „Í ljós kom að gat var á mjógirni, væntanlega eftir hnífsstungu (til þess benti sjúkrasagan og áverki á kviðvegg sem líktist stungusári), og hafði allmikið þarmainnihald runnið út í kviðarholið og valdið lífhimnubólgu. Garnasárinu var lokað og vökvinn úr kviðarholinu hreinsaður burt eftir föngum. Að vonum var sjúklingurinn, þrátt fyrir mikla lyfjagjöf, í lífshættu fyrstu sólarhringana eftir aðgerð, en síðan fór hann að hressast hægt og hægt. Í júníbyrjun '84 fór að bera á einkennum frá gallblöðru (vafalaust eftirstöðvar slyssins) sem ágerðust svo að óhjákvæmilegt var að skera hann upp að nýju þ. 6. júní."

„Hjálmar útskrifaðist af deildinni 2. júlí, en lagðist þar aftur inn 22. júlí til gallblöðrutöku, sem ekki var hægt að framkvæma 6. júní vegna ástands sjúklingsins þá."

Í skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 9. júlí 1984 skýrði ákærði frá því að vikurnar fyrir atburði málsins hefðu þau María Sigrún Jónína verið að slíta samvistir. Hann hafi á þessum tíma sótt skemmtistaði um helgar og komið þaðan ölvaður heim.

Nokkrum dögum fyrir atburðina hefði kona hans náð húslyklunum af honum og meinað honum aðgang að heimili þeirra. Upp frá því hefði hann

orðið að sofa ýmist á vinnustað sínum eða í bifreið sinni á næturnar.

Aðfaranótt mánudagsins hefði hann brotist inn um eldhúsgluggann á íbúð þeirra til þess að leita að bankabókum sínum. Hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis. Hann hafi ekki fundið bækurnar og þá lagst til svefns og sofið í u.þ.b. klukkustund. Ákærði kveðst hafa verið reiður yfir því að hafa ekki fundið bækurnar og þegar hann hafi vaknað hafi hann tekið hníf í eldhúsinu og ráðist með honum á flíkur konu sinnar í fatahengi í forstofunni og stungið í þær. Að því loknu lagði hann frá sér hnífinn, líklegast á kommóðu á ganginum framan við baðherbergið. Að svo búnu kvaðst hann hafa lagst til svefns á ný.

Ákærði kveðst hafa vaknað við hurðarskelli. Þegar hann hafði áttað sig stóð kona hans í herbergisdyrunum, þar sem hann svaf. Hann hafi risið á fætur og ávarpað hana, en hún hafi hopað, öskrað á sig og otað að sér hnífi og hafi ákærði þá hörfað en fengið á sig hnífsstungu, smávægilega þó. Ákærði kveðst þá hafa ráðist á konuna og náð af henni hnífnum og öskrað á hana af reiði. Konan hafi þá farið inn á baðherbergið, þar sem hún féll á gólfið milli baðkarsins og salernisskálarinnar. Kveðst ákærði þá hafa lagst yfir hana, otað að henni hnífnum í bræði og stungið hana með hnífnum. Ekki kvaðst ákærði muna hve oft hann hefði stungið konuna. Ákærði kvaðst hafa áttað sig á því hvað hann var að gera þegar hann heyrði Maríu Sigrúnu Jónínu hrópa upp.

Ákærði greindi frá því að skyndilega hefði hún stungið hnífnum á kaf í ákærða. Hann hefði staulast fram og inn í svefnherbergi og hefði hnífurinn staðið í sárinu. Hann hefði þá orðið var við íbúann í kjallaranum inni í íbúðinni. Ákærði kvaðst ekki muna eftir orðaskiptum með þeim, en kvaðst hafa fallið á gólfið þegar hann kom inn í herbergið og hefði hnífurinn líklega gengið lengra inn við það. Hann hefði náð að draga út hnífinn þar sem hann lá á gólfinu.

Við yfirheyrslu hjá RLR daginn eftir var gengið á ákærða vegna ósamræmis í skýrslum hans og vitna. Frásögn hans var í megin atriðum óbreytt. Hann skýrði auk þess frá því að ekki hefði vakað fyrir sér að vinna Maríu Sigrúnu Jónínu mein, heldur aðeins að hræða hana. Hann kvaðst þá muna að þau María hafi verið bæði inni á baðherberginu þegar hann varð var við Ágúst Hjört í íbúðinni. Hann kvaðst telja hugsanlegt að hann hefði þá verið búinn að taka hnífinn úr sárinu og að hann hefði síðan dottið á hann þegar hann kom inn í svefnherbergið.

Við meðferð málsins hér í dóminum hefur ákærði greint frá því að hann hafi fyrst orðið var við eiginkonu sína þar sem hún stóð í svefnherbergisdyrunum með tusku eða handklæði á handleggnum og undir því kveðst ákærði hafa séð hníf. Hann kveðst hafa reynt að ná hnífnum af konunni. Í átökunum, sem við það urðu, hafi konan hrökklast inn á salerni, fallið

á gólfið og ákærði þá náð af henni hnífnum en hún hrópaði eitthvað upp. Ákærði kveðst hafa lagt hnífinn frá sér á salernið og ætlað að hjálpa konunni á fætur en í þeirri andrá hafi hann fundið fyrir hnífsstungu í kvið sér, en ekki kvaðst ákærði vita hvernig það vildi til.

Ákærði kannaðist við að hafa sagt við manninn úr kjallaranum að hann hefði stungið sig sjálfur, enda þótt hann hefði ekki veitt sér áverka. Ákærði taldi að eiginkona hans hefði getað fengið áverkana í átökum þeirra um hnífinn og það væri rangt að hann hefði ráðist á konuna og lagt til hennar margsinnis með hnífnum, og væru fyrri viðurkenningar hans um það rangar. Ákærði kvað fyrri skýrslur sínar vera óglöggar og óáreiðanlegar vegna veikindanna sem hlutust af sárunum. Þá hélt ákærði því fram að vitni málsins væru undir áhrifum konu sinnar og skýrslur þeirra bæru þess merki.

Samkvæmt vottorði Ríkharðs Sigfússonar læknis, dagsettu 15. maí 1984, var komið með Maríu Sigrúnu Jónínu Óladóttur á slysadeild Borgarspítalans kl. 12.25 mánudaginn 14. maí. Var hún þá með fulla meðvitund og vel áttuð. Var hún blóðug á hægra brjósti og hægri upphandlegg. Um skoðun á henni segir í vottorðinu:

„Sjúklingur er stöðugur í lífsmörkum. Blóðþr. 120/70, púls 80/mín. Við lungnahlustun er jöfn öndun í báðum lungum. Við skoðun á sárum hennar kemur í ljós að utanvert í hægra brjósti er 1½ cm lóðréttur skurður. Virðist þessi skurður djúpur þar sem hægt er að fylgja blæðingu aftur að aftari brún holhandar eða u.þ.b. 16-18 cm veg. Eymsli eru á öllu þessu svæði. Þá er rúmlega 1 cm skurður framanvert og utanvert á miðjum upphandlegg hægra megin, sem virðist grunnur. Það er eðlileg hreyfing og skyn í hægri griplim. Auk þess eru marblettir aftantil á báðum upphandleggjum. Þá sjást húðrispur, eins og eftir hnífsodd víða á búk:

1. Milli beggja brjósta.
2. Rispa 3 cm vinstra megin við nafla.
3. Rispa í línu aftur að stungusári á hægra brjósti í miðri holhönd.
4. Lítil rispa framan á miðjum baugfingri.
5. Lítil rispa ofan á vinstra baugfingri.
6. Lítil rispa framan á vinstra litla fingri.
7. Ein rispa framan til á miðju læri ofanverðu.
8. Tvær rispur eða stungusár neðan við vinstra brjóst.

Einnig sést klór neðan við vinstra herðablað ca. 4-5 cm langt.

Rtg.mynd var tekin af lungum og sáust engin merki um loft eða vökva milli lungnavefs og brjóstveggjar."

Á spítalanum var gert að stungusárunum tveimur og fékk konan að fara heim að því loknu.

Rannsóknarlögreglan tók til rannsóknar jakka, skyrtu og brjóstahöld

sem María Sigrún Jónína var í þegar hún hlaut áverkana. Samkvæmt skýrslu Sævars Þ. Jóhannessonar lögreglufulltrúa 16. maí 1984 voru þrjú stungugöt á jakkanum:

1. Neðan við hægra brjóst og mældist það 11 mm.
2. Á hægri ermi fyrir ofan olnboga 8 mm.
3. Lóðrétt stungugat, 8 cm fyrir ofan vinstri jakkavasa, 16 mm.

Samkvæmt skýrslunni fundust þrjú stungugöt á skyrtunni:

1. Á hægra brjósti, 20 mm.
2. Á hægri ermi ofan við olnboga, 10 mm.
3. Á vinstri síðu, 8 mm.

Þá var 12 mm stungugat á hægra brjóstahaldi.

Ennfremur fundust stungugöt á þremur yfirhöfnum Maríu Sigrúnar Jónínu, sem voru í fatahengi í íbúðinni.

Samkvæmt annarri skýrslu lögreglufulltrúans, 27. júlí 1984, fundust tvö stungugöt framan á skyrtu ákærða:

1. Hið efra, 12 cm neðan við hægri brjóstvasa, 12 mm.
2. Hið neðra, einnig 12 mm, 18 cm fyrir neðan hægri brjóstvasa og 11 cm frá miðju skyrtunnar.

Rannsóknarlögregla ríkisins tók til rannsóknar hnífinn, sem fannst í íbúðinni. Á hnífsblaði fannst blóð og storknað efni. Hnífurinn, sem er oddhvass og beittur flökunarhnífur með tréskafti af venjulegri gerð, ómerktur, var mældur og ljósmyndaður. Blaðið var bogið og mældist það 17,5 cm að lengd, breiðast 3 cm við skepti, en að mestu 1,5 cm á breidd. Allur mældist hnífurinn vera 30,5 cm á lengd.

Niðurstaða.

Vitnið María Sigrún Jónína Óladóttir hefur borið, að ákærði hafi umsvifalaust ráðist á hana þegar hún kom inn á innri gang íbúðarinnar og lagt til hennar margsinnis með hnífnum. Nýtur framburður hennar stuðnings af vætti þeirra Ágústs Hjartar Ingþórssonar og Guðlaugar Harðardóttur, áverkavottorði Ríkarðs Sigfússonar læknis og því sem rannsókn sakargagna hefur leitt í ljós.

Ákærði hefur borið hjá lögreglu að María Sigrún Jónína hafi í upphafi veist að honum með hnífnum og stungið hann fyrst lítillega og síðan á hol í kviðinn inni á baðherbergi og við það hafi hann orðið hamslaus, náð hnífnum og stungið hana. Við meðferð málsins hér fyrir dómi hefur ákærði að miklu leyti horfið frá fyrri framburði sínum. Skýrslur ákærða um það hvernig hann hlaut kviðáverkana eru í ósamræmi við annað, sem komið er fram í málinu og á það er að líta að framburður ákærða hefur að ýmsu leyti verið ótrúverðugur og óstöðugur. Verður að hafna frásögn hans um þetta og byggja á vætti konunnar um átökin og upphaf þeirra.

Telja verður því sannað að ákærði hafi ráðist að fyrra bragði með hnífi á Maríu Sigrúnu Jónínu og lagt með honum til hennar. Áverkarnir á henni og stungugötin á fatnaði hennar sýna óumdeilanlega að ákærði lagði a.m.k. þrisvar sinnum til hennar af afli með hnífnum. Verður að telja, að tilviljun ein hafi ráðið því að ekki hlaust bani eða stórfellt líkams- og heilsutjón af árás ákærða.

Enda þótt telja verði að ákærði hafi borið heiftarhug til Maríu Sigrúnar Jónínu frá því um morguninn, þegar hann stakk hnífnum í fatnað hennar í fatahenginu og sennilegt sé að hann hafi frá upphafi beðið hennar með hnífinn vísan, verður því ekki slegið föstu að fyrir honum hafi vakað að vinna henni mein með hnífnum fyrr en þau hittust á innri gangi íbúðarinnar.

Áverkarnir, sem ákærði olli, heimfærast undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og árás ákærða, sem telja verður mjög hættulega, varðar hann refsingu samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar.

Ásgeir Karlsson geðlæknir framkvæmdi geðrannsókn á ákærða í þágu málsins í júní 1984. Í niðurstöðu hans segir orðrétt:

„Hjálmar Baldursson er hvorki haldinn greindarskerðingu né geðveiki. Hann er hins vegar haldinn persónuleikatruflun (personality disorder). Hjálmar Baldursson er ennfremur haldinn alcoholisma (alcoholi dependence syndrome) á allháu stigi. Mikil og nær stöðug drykkja undanfarin tíu ár hefur orðið þess valdandi að persónuleikatruflun hans kemur skýrar í ljós, svo sem tilhneiging til einangrunar, tortryggni og léleg tilfinningastjórn, sem veldur honum erfiðleikum í nánum samskiptum. Einnig verður að telja að viðloðandi kvíða- og þunglyndiskennd megi að mestu leyti rekja til drykkju Hjálmars. Telja verður einnig að Hjálmar sé háður svefnlyfi (drug dependence) og samtvinnast það áfengisnotkun hans.

Hjálmar Baldursson telst engu að síður fyllilega sakhæfur."

Samkvæmt sakavottorði ákærða er sakaferill hans þessi:

— — —

[Sakavottorð tilgreinir fimm dómsáttir, hina síðustu 8. janúar 1985 (9000 króna sekt fyrir umferðarlagabrot).]

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. maí til 18. júlí 1984 komi til frádráttar refsingunni að fullri dagatölu.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000 og réttargæslu- og máls-

varnarlaun skipuðum verjanda, Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000.

Engin bótakrafa hefur borist í málið.

Dómsorð:

Ákærði, Hjálmar Baldursson, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. maí 1984 til 18. júlí 1984, að fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000 og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipuðum verjanda, Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000.

Föstudaginn 6. júní 1986.

Nr. 160/1984. **Elínborg Kjartansdóttir**
vegna einkafirma síns
Videoheimsins
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Laugarásbíói og Háskólabíói
(Helgi V. Jónsson hrl.)

Lögbann. Höfundaréttur. Myndbandssnælda. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1984. Krefst hann þess að lögbannsgerð frá 21. desember 1982 verði felld úr gildi og áfrýjandi sýknaður af öllum kröfum stefndu í málinu, og að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 18.946,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 21. desember 1982 til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim

degi til 21. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1983, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, en hefur fallið frá fyrri kröfu sinni um vexti á málskostnað.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst fjórar vikur frá birtingu dóms Hæstaréttar. Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 25.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektarinnar er fjórar vikur frá birtingu dóms Hæstaréttar.

Áfrýjandi, Elínborg Kjartansdóttir vegna einkafirma síns, Videoheimsins, greiði stefndu, Laugarásbíói og Háskólabíói, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 14. júní sl., er í aðalsök höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Laugarásbíói, Laugarási, Reykjavík, nnr. 6052-3886 og Háskólabíói, Hagatorgi, Reykjavík, nnr. 3808-0008, gegn Elínborgu Kjartansdóttur, Vesturgötu 11, Reykjavík, nnr. 1998-5164, persónulega og f.h. skráseths einkafirma hennar, Videóheimsins, Tryggvagötu 32, Reykjavík, nnr. 9189-4165, með stefnu útgefinni 28. desember 1982 og birtri 14. janúar 1983.

Aðalstefnda, Elínborg Kjartansdóttir, höfðaði gagnsök í málinu með stefnu framlagðri í dóm 1. desember 1983.

Dómkröfur stefnenda í aðalsök eru þessar:

1. Að staðfest verði lögbann sem lagt var með úrskurði borgarfógetans í Reykjavík, uppkveðnum 21. desember 1982, við útleigu, útlánum og sölu

stefnda á myndbandssnældu með kvikmyndinni „The Hunter" sem er eign kvikmyndaveranna Paramount Pictures og Universal Pictures og seld hefur verið af CIC, London.

2. Að stefndu verði dæmd til að greiða stefnendum skaðabætur in solidum að fjárhæð kr. 8.946,00 ásamt dómvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags.

3. Að stefndu verði dæmd til að greiða stefnendum miskabætur in solidum að fjárhæð kr. 15.000,00 ásamt dómvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags.

4. Að dæmt verði, að myndbandið „The Hunter" í fórum stefndu verði án endurgjalds gert upptækt til handa stefnendum.

5. Að stefndu verði dæmd til þyngstu refsingar er lög leyfa, skv. 1. mgr. og 1. tl. 2. mgr. 54. gr. laga um höfundarétt nr. 73/1972.

6. Að stefndu verði dæmd til að greiða stefnendum in solidum málskostnað samkvæmt mati réttarins, þ.á m. kostnað við framangreint lögbann.

Kröfugerð stefnenda í aðalsök var þannig endanlega fram sett eftir breytingar og nánari útfærslu í þinghaldi 15. maí sl. er bókuð var fjárhæð skaðabótakröfu skv. kröfulið 2, kr. 8.946,00, og dómvaxta samkvæmt kröfuliðum 2 og 3 var krafist til greiðsludags, jafnframt því sem sakarefnið samkvæmt kröfuliðum 1 og 4 var takmarkað við eitt eintak af myndbandinu „The Hunter".

Með dómi uppkveðnum í málinu hinn 6. júlí sl. var skaðabótakröfu samkvæmt kröfulið 2 vísað frá dómi ex officio.

Dómkröfur stefndu í aðalsök eru þær að lögbannsgerðin frá 21. desember 1982 verði felld úr gildi og stefnda sýknuð af öllum kröfum stefnenda í málinu. Jafnframt krefst stefnda þess að henni verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda er beri 5% dráttarvexti á mánuði frá birtingardegi dóms til greiðsludags hvernig sem málið fer.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi þær dómkröfur að gagnstefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta samtals að fjárhæð 18.946,00 með 42% ársvöxtum frá 21. desember 1982 til 21. september 1983, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1983, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Að auki er þess krafist að gagnstefndu verði dæmdir til að greiða gagnstefnanda allan málskostnað að skaðlausu þ.m.t. málskostnað í lögbannsmálinu C 69/1983.

Dómkröfur gagnstefndu í gagnsök eru þær að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnstefnanda í málinu og gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að kvaðalausu.

Málið var munnlega flutt hinn 15. maí sl. og var málið dómtekið þann

dag. Það var endurupptekið hinn 12. júní sl., endurflutt 14. júní sl. og dómtekið að nýju þann dag.

Sáttauleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Tildrög máls þessa eru þau að á árinu 1982 hóf aðalstefndi, Elínborg Kjartansdóttir, rekstur myndbandaleigu í Reykjavík. Er það myndbandaleigan Videóheimurinn, Tryggvagötu 32, sem er einkafirma hennar. Aðalstefnda, sem búsett hafði verið í Englandi, keypti þar og flutti með sér til Íslands myndbandaefni, þ.á m. myndbandaeintak af kvikmyndinni The Hunter sem hún hefur haft til útleigu í myndbandaleigu sinni. Að kröfu aðalstefnenda máls þessa var í fógetarétti Reykjavíkur hinn 21. desember 1982 lagt lögbann við því að undangengnum úrskurði þar um hinn 9. þ.m. að gerðarþoli, Videóheimurinn, leigi út, láni út eða selji myndbandasnældur með kvikmyndinni The Hunter sem er eign Paramount Pictures, New York og Universal Pictures, Los Angeles, og seld hefur verið af CIC Video, London. Í máli þessu er deilt um réttmæti álagðs lögbanns og þeirra krafna annarra sem fram hafa verið settar í máli þessu, bæði í aðalsök og gagnsök og fyrr er getið.

III.

Aðalstefnendur lýsa málavöxtum í aðalsök svo, að samkvæmt sérstökum samningi við CIC Video hafi þeir óskoraðan einkarétt til kaupa og hvers kyns dreifingar á myndefni frá framangreindum aðilum, Paramount Pictures og Universal Pictures, þ.á m. á myndinni The Hunter. Samkvæmt sama samningi sé aðalstefnendum skylt að beita nauðsynlegum úrræðum til að stöðva óheimila útleigu á því myndefni. Aðalstefnda hóf starfrækslu myndbandaleigu í Reykjavík og meðal myndefnis, sem fyrirtækið var með til útleigu, var kvikmyndin The Hunter. Aðalstefnda hafði ekki haft samband við aðalstefnendur til að falast eftir heimild til útleigu á myndinni né hafði henni verið veitt heimild til þess af þeirra hálfu. Vegna þessa hafi verið haft samband við forsvarsmenn aðalstefndu og þeim boðið að hætta að leigja út myndina án nokkurrar rekistefnu. Því boði hafi verið hafnað, a.m.k. hafi aðalstefnda haldið áfram að leigja út myndina. Farið var fram á lögbann við verslun aðalstefndu á framangreindu myndefni og hafi borgarfógeti lagt á lögann þann 21. desember 1982 í samræmi við beiðni aðalstefnenda.

Aðalstefnendur byggja kröfur sínar í máli þessu á því, að þeir hafi með samningum við CIC Video öðlast rétt til að nýta hér á landi í fjárhagslegu augnamiði höfundarrétt að kvikmyndaefni eign eða undir umsjón Paramount og Universal og jafnframt tekist á herðar að koma í veg fyrir

óheimila meðferð annarra aðila á höfundarrétti að kvikmynd á myndbandssnældum háðum höfundarrétti Paramount eða Universal. Aðalstefnda hljóti að hafa vitað eða mátt vita þegar hún hóf útleigustarfsemi sína að efnið væri ekki einskis manns eign og hún hlyti því að verða að afla sér heimildar til fjárhagslegrar notkunar af myndefni þessu hjá þeim, sem væri eigandi að því.

Aðalstefnendur styðja kröfur sínar eftirfarandi lagarökum: Í fyrsta lagi sé skírskotað til samnings CIC Video við aðalstefnendur, dags. 11. desember 1981.

Varðandi heimild sína til að leita réttar hér á landi vegna ætlaðs brots aðalstefndu á höfundarrétti vísist til 1. og 2. tl. 4. gr. fylgiskjals I með auglýsingu nr. 110/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sbr. lög nr. 74/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, vísist einnig í því sambandi til 1. mgr. 8. gr. laga um höfundarrétt nr. 73/1972. Ennfremur sé vísað til samnings um höfundarrétt (Universal Copyright Convention), sem samþykktur hafi verið í Genf 6. september 1952 og fullgiltur hafi verið af Íslands hálfu 18. desember 1956.

Vegna lögbannskröfu aðalstefnenda vísist til 2. og 3. gr. sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um höfundarrétt nr. 73/1972, sbr. 2. og 4. tl. 14. gr. fskj. I með auglýsingu nr. 110 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sbr. lög nr. 74/1947.

Skaðabótakrafa aðalstefnenda og krafa þeirra um miskabætur grundvallist á 56. gr. laga um höfundarrétt nr. 73/1972.

Vegna kröfu aðalstefnenda um refsingu til handa aðalstefndu vísist til 1. tl. 2. mgr. 54. gr. laga um höfundarrétt.

Aðalstefnda styður kröfur sínar um niðurfellingu lögbannsgerðar þeim rökum að skilyrði til að leggja á lögbannið hafi ekki verið fyrir hendi. Engar yfirvofandi aðgerðir hafi verið hafðar uppi af hálfu hennar að því er varði verslun eða útlán á myndbandasnældum með myndefni frá hinum tilgreindu framleiðendum Paramount og Universal Pictures. Hún annist einungis útleigu á myndbandaefni. Aðalstefnda telur útleigu lögmæta og hafi því borið að synja um lögbannið.

Sýknukröfu sína styður aðalstefnda öllum sömu rökum og koma fram í greinargerð í lögbannsmáli jafnframt og samhliða eftirfarandi rökum.

1. Aðalstefnda hafi keypt myndbandasnælduna The Hunter með þeim réttindum að henni væri heimilt að leigja hana út til einkanota. Hún hafi keypt myndbandasnældur í Englandi fyrir nokkrum árum síðan eins og framlagðar kvittanir í lögbannsmáli beri með sér. Á þeim tíma hafi eigi verið til að dreifa nokkrum einkaumboðsmanni á Íslandi, svo sem aðalstefnendum, og sé hún því löglega að myndbandasnældunni komin með fullum rétti til útleigu á Íslandi þar sem snældan hafi verið keypt af full-

gildum dreifingaraðila í Englandi. Efni á slíkri myndbandasnældu sé í eðli sínu alþjóðleg, enda flutt með lögmætum hætti til Íslands. Jafnframt sé tíðkanlegt í Bretlandi að myndbandasnældur séu þar seldar með rétti til útleigu til einkanota eins og komi fram í framlögðum gögnum í lögbannsmálinu.

2. Aðalstefnda telji því ómótmælt af hálfu gagnaðila að hún hafi undir höndum lögmætt eintak af kvikmynd þeirri á myndbandasnældu er réttindi aðalstefnenda kynnu að ná til. Haldi hún því fram að aðalstefnandi hafi afsalað sér þeim höfundarréttindum er hann kynni að hafa átt með framleiðslu á framangreindum kvikmyndum á myndbandasnældur. Að mati höfundarlaga teljist hafa farið fram opinber birting á listaverkinu, þ.e.a.s. kvikmyndinni þar sem það hafi verið framleitt í svo miklum fjölda eintaka sem hér um ræðir og þetta eintak sé ljóslega ætlað til einkanota skv. eðli sínu, þ.e, notkun í myndbandatæki. Aðalstefnda telji því ekki ólögmætt að leigja út myndbandasnælduna, enda séu réttindi aðalstefnenda eigi brotin að því er varði opinbera birtingu. Það felist eigi opinber birting í því að myndefni sé notað til einkasýninga þótt snældan hafi verið tekin á leigu.

3. Þeir fyrirvarar, er rétthafar hafi gert með áritun á myndbandasnældur og hulstur yfir myndbandasnældurnar, séu með svo smáu letri að slíkir fyrirvarar geti ekki talist bindandi gagnvart þeim sem hyggist eingöngu nota spólurnar til einkanota. Það sé of flókið að gera margs konar skilgreiningu á því hvað ekki megi gera gagnvart kaupendum myndbandasnældna. Þess vegna sé fyrirvarinn ógildur. Þá sé fyrirvarinn ekki nægilega áberandi eins og hann sé fram settur. Þá sé hann ennfremur eigi réttur þar sem sama áritun sé á öllum snældum, þó mismunandi réttindi fylgi.

Skorað er á aðalstefnanda að upplýsa um öll þau atriði sem rakin hafi verið hér að framan að því er varði sönnunarskyldu hans og að leggja fram samninga, framsal á réttindum frá öllum höfundum til hans. Svo og hvernig réttindum annarra dreifingaraðila sé háttað til að fyllilega sé ljóst hvaða réttarstöðu þeir dreifingaraðilar hafi. Jafnframt verði upplýst um dreifingarréttindi á sömu snældum í Bretlandi á þeim tíma er myndbandasnældurnar voru keyptar.

Kröfum aðalstefnenda um skaðabætur, miskabætur, refsingu og upptöku eigna sé mótmælt.

Í greinargerð sinni í lögbannsmálinu mótmælir aðalstefnda (gerðarþoli) þeirri staðhæfinu að aðalstefnendur (gerðarbeiðandi) geti vísað til höfundarréttarlaganna íslensku máli sínu til styrktar. Með vísan til 8. kafla laganna nr. 73/1972 sé ljóst, að fjölmargir erlendir höfundar kvikmyndaverka séu þar ekki upptaldir, en í lögunum sé tæmandi talning á þeim er réttar njóti samkvæmt lögum. Kvikmynd þessi sé bandarísk að uppruna

og njóti því eigi réttar samkvæmt lögunum. Eigi geti gerðarbeiðandi heldur byggt rétt sinn á Bernarsáttmálanum þar sem hann hafi eigi upplýst hver sé höfundur framangreinds verks er hafi framselt höfundarréttinn til CIC Video og sé því eigi hægt að ganga úr skugga um það hvort það ríki, sem höfundur telst til, sé aðili að Bernarsáttmálanum. Einungis höfundar sáttmálalandanna njóti verndar þeirra. Aðalstefnda bendir á að höfundur ofangreinds verks sé bandarískur ríkisborgari, en Bandaríkin hafi ekki staðfest Bernarsáttmálann. Til þess að sýna fram á að brotinn hafi verið réttur á gerðarbeiðanda sé honum því skylt að sýna fram á frá hverjum hann leiði höfundarrétt sinn þar sem það segi til um hvort um ólögmætt atferli geti verið að ræða gagnvart honum eða ekki.

Þá mótmæli gerðarþoli umboði gerðarbeiðanda er sýni eigi fram á að hann hafi einkaréttindi þau er hann telur sig hafa.

Þá vekur aðalstefnda athygli á því í greinargerð sinni í lögbannsmáli að hún hafi keypt ofangreinda spólu með útleiguréttindum og vísast í því sambandi til kvittana á dskj. nr. 9 í fógetaréttarmálinu þar sem fram komi að spóla þessi hafi verið keypt í Englandi. Hún hafi hins vegar ekki fengið, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, skriflegar upplýsingar frá viðkomandi aðilum um samningsstöðu þeirra við framleiðanda myndbandsins. Þessir aðilar hafi borið fyrir sig að við útgáfu vottorðs handa íslenskum aðila vegna kaupa á myndbandi til útleigu geti þeir tapað viðskiptasambandi við framleiðanda myndbandanna. Þeir hafi hins vegar marg-staðhæft að útleiguréttindi fylgi þeim myndböndum er þeir selji. Því til staðfestu hafi hún aflað ljósritsins á dskj. nr. 8 úr myndbandatímaritinu Video Today er upplýsi í ágúst 1982 að hægt sé að fá viðkomandi myndbönd í Englandi með leiguréttindum. Á dskj. nr. 7 í fógetaréttarmálinu sé ljósrit úr öðru upplýsingatímariti yfir titla og eins og þar komi fram við myndbandafyrirtæki gerðarbeiðanda séu engar útleiguhömlur á myndbandaspólum fyrirtækisins. Því telji aðalstefnda að hún eigi sama rétt hér og hún hafi öðlast í Englandi, enda séu viðskipti með myndbönd metin á alþjóðlegum mælikvarða og nái einkaréttur gerðarbeiðanda, ef einhver sé, ekki til þeirra samninga er aðilar eins og aðalstefnda hafi gert áður en gerðarbeiðandi hafi öðlast einkarétt sinn hér á landi.

Gagnstefnandi byggir kröfur sínar á því í gagnsök að gagnstefndu eigi ekki lögvarða kröfu á hendur sér. Vegna tjóns er gagnstefndu hafi bakað gagnstefnanda geri hann í þessu máli skaðabótakröfu vegna lögbannsaðgerða gagnstefndu. Krafan sé þannig fundin:

Útleiga hafi tapast á myndbandasnældunni The Hunter í 150 daga, leigugj. á dag kr. 80	kr. 12.000,-
að frádregnum söluskatti	— 2.283,-
	kr. 9.717,-

Tapaðir aukadagar áætlaðir 15 × 60,	kr. 900,-		
÷ söluskattur	— 171,-	kr.	729,-
		kr.	10.446,-
Þar sem kvikmyndin á myndbandasnældunni verði orðin úrelt og óhæf til útleigu megi áætla endursöluverð .		kr.	1.500,-
		kr.	8.945,-
Miskabætur á grundvelli 264. gr. alm. hgl. svo og 1. mgr. 24. gr. l. nr. 1851949, sbr. 28. gr. 4.mgr. sömu laga		kr.	10.000,-
		kr.	18.946,-

Í gagnsök mótmæla gagnstefndu skaðabótakröfu gagnstefnanda og byggja á því að verði fallist á kröfur aðalstefnenda þá hvíli skaðabótaskylda á gagnstefnanda en ekki aðalstefnendum. Þá er kröfunni mótmælt sem allt of hárri. Útleigutími myndarinnar sé ofmetinn og þá liggi ekki fyrir í hverju miski gagnstefnanda sé fólginn og er fullyrt að miski hans vegna máls þessa sé enginn.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslu í máli þessu Friðbert Pálsson, framkvæmdastjóri Háskólabíós, svo og aðalstefnda, Elínborg Kjartansdóttir.

IV.

Svo sem fram er komið hafa aðalstefnendur máls þessa, Laugarásbíó og Háskólabíó, Reykjavík, gert samning dags. 11. desember 1981 við Cinema International Corporation (CIC) Video, London, Bretlandi, um kaup á myndböndum og dreifingu þeirra hérlendis. Samkvæmt 1. gr. samnings þessa veitir CIC Video aðalstefnendum óskoraðan einkarétt til að kaupa af fyrirtækinu fyrirfram áteknar myndbandasnældur með kvikmyndum, sem eru eign eða beint eða óbeint háðar umsjón bandarísku kvikmyndaveranna Paramount og Universal („myndbandasnældurnar") og hafa verið framleiddar og seldar af CIC Video í hinu sameinaða konungsríki. Samkvæmt 2. gr. samnings þessa hafa aðalstefnendur óskoraðan einkarétt til að leigja myndbandasnældurnar almenningi til heimanotkunar í landinu Íslandi einu. Þá er tekið fram í 4. gr samningsins, að aðalstefnendur skuli beita öllum nauðsynlegum úrræðum til að hindra óheimila fjölföldun, sölu, leigu og/eða opinberan flutning, útsendingu eða sýningu á Íslandi á áteknum myndbandasnældum, sem hafa inni að halda kvikmyndir frá Paramount og Universal. Upphaflegt samningstímabil samkvæmt 2. gr. samningsins var til 31. desember 1982, sem síðan var framlengt til ársloka 1983, sbr. dskj. nr. 22 í málinu og að sögn forráðamanna Háskólabíós hefur samningur aðila nú verið endurnýjaður með nýjum samningi, efnislega óbreyttum.

Mál þetta snýst um útleigu aðalstefndu hér á landi á myndbandinu The Hunter sem fyrir liggur að framleitt er af CIC Video, London. Í áletrun á myndbandi þessu er aðvörun skráð á ensku, sbr. fógetaréttarskjal nr. 6, sem hljóðar svo í íslenskri þýðingu, sbr. dskj. nr. 9: „Eigandi höfundarréttar hefur heimilað þessa mynd (þar á meðal hljóðræmu hennar), sem fólgin er í þessari myndbandssnældu, til heimilisnotkunar einungis. Allur annar réttur áskilinn. Hvers konar óheimil afritun, klipping, sýning, [illegible]taka, skipti, útlán, leiga, opinber sýning, útbreiðsla og/eða útvörpun þessarar myndbandasnældu eða einhvers hluta hennar er stranglega bönnuð. (C) 1980 Paramount kvikmyndafélagið. Öll réttindi áskilin. Framleitt í Bretlandi."

Líta ber svo á, að fyrirvari þessi feli í sér yfirlýsingu um framsal höfundarréttar til CIC Video, Bretlandi, að því er varðar framleiðslu eða eintakagerð kvikmyndaverksins The Hunter á myndbönd með öllum þeim réttindum sem slíku framsali fylgir að höfundarrétti.

Samkvæmt fyrrnefndum samningi við CIC Video hafa aðalstefnendur máls þessa heimild til málshöfðunar til verndar rétti höfundar vegna þeirra kvikmyndaverka, sem samningurinn tekur til.

Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listaverkum gildir í samskiptum aðildarríkja hans varðandi höfundarréttarleg málefni. Ísland og Bretland eru bæði aðilar að þeim sáttmála. Með lögum nr. 74/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sbr. auglýsingu nr. 110/1947, hefur Ísland staðfest Bernarsáttmálann frá 9. september 1886, í þeirri gerð sem hann varð eftir endurskoðun og breytingar í Berlín 13. nóvember 1908 og Róm 2. júní 1928. Sáttmálinn er birtur í íslenskri þýðingu sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 110/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið. Samkvæmt 4. gr. 1. og 2. tl. sáttmálans fer það eftir íslenskum lögum, nú höfundalögum nr. 73/1972, hversu víðtækrar verndar höfundarréttarhafi nýtur hér á landi, nema öðruvísi sé fyrirmælt í sáttmálanum sjálfum.

Ákvæði höfundalaga nr. 73/1972 taka til kvikmynda samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna, og eiga lögin því við um réttarágreining aðila í máli þessu.

Með þeirri aðlögun framangreinds kvikmyndaverks, sem felst í eintakagerð þess eða framleiðslu á myndbönd, verður talið að CIC Video hafi þar með öðlast höfundarrétt að verkinu í hinni breyttu mynd þess, sbr. 1. mgr. 5. gr. höfundalaga. Samkvæmt 3. gr., sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 2. gr. laganna átti fyrirtækið CIC Video, London þannig einkarétt til útgáfu og til að bjóða opinberlega til sölu, láns eða leigu eða dreifa til almennings með öðrum hætti myndböndum með myndefni úr kvikmyndinni The Hunter eða heimila öðrum að gera það, svo sem fyrirtækið hefur gert með samningi sínum við aðalstefnendur máls þessa og fyrr getur. Ekki verður talið að ákvæði 24. gr. höfundalaga, sem heimila sölu, lán, leigu og aðra dreifingu

til almennings á eintökum bókmenntaverks, sem út hafa verið gefin, taki til myndbanda, enda eru þessi ákvæði greinarinnar undantekningarákvæði sem skýra ber þröngt.

Liggur þá fyrir að fjalla um einstaka liði kröfugerðar í aðalsök.

Um kröfulið 1.

Samkvæmt yfirlýsingu aðalstefnanda Háskólabíós, á dskj. nr. 24, sem ómótmælt er, var myndbandið The Hunter keypt frá CIC Video 14. desember 1981 og leigt út síðan, bæði frá Háskólabíói, — Myndbandaleigu kvikmyndahúsanna, — og hjá þeim myndbandaleigum sem gert hafa samning við Háskólabíó. Aðalstefnda, Elínborg Kjartansdóttir, hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa haft til útleigu í myndbandaleigu sinni Videóheiminum, myndbandið The Hunter framleitt af CIC Video, London. Kveðst hún hafa keypt myndband þetta í Bretlandi með réttindum til útleigu á Íslandi. Aðalstefnda hefur ekki, gegn mótmælum aðalstefnenda, sýnt fram á að hún hafi öðlast einhvern rétt til útleigu greinds myndbandaefnis hér á landi og verður ekki talið, svo sem gögn liggja fyrir í máli þessu, að hún hafi getað öðlast slíkan rétt hér á landi án milligöngu aðalstefnenda eftir að til einkaréttar þeirra stofnaðist. Með greindri útlegustarfsemi sinni braut aðalstefnda því rétt aðalstefnenda sem máttu því fá lagt lögbann við þeim verknaði samkvæmt 26. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Hinn 21. desember 1981 lagði fógeti lögbann við því að Videóheimurinn „leigi út, láni út eða selji myndbandasnældur með kvikmyndinni The Hunter sem er eign Paramount Pictures, New York, og Universal Pictures, Los Angeles, og seld hefur verið af CIC Video, London." Réttarstefna til héraðsdóms í aðalsök máls þessa var útgefin 28. desember 1981 og þannig fullnægt lagaskilyrðum til höfðunar staðfestingarmáls þessa, sbr. 1. mgr. 20. gr. og 27. gr. laga nr. 18/1949. Samkvæmt framansögðu ber því að staðfesta greint lögbann að því er varðar útleigu og lán á myndbandi með kvikmyndinni The Hunter, í samræmi við takmörkun sakarefnisins. Ósannað er að aðalstefnda hafi haft það myndefni til sölumeðferðar og verður því lögbannið ekki látið ná til sölu sbr. gagnályktun af ákvæðum 26. gr. laga nr. 18/1949.

Um kröfulið 5.

Rétt þykir að fjalla næst um refsikröfu samkvæmt kröfulið 5. Upplýst er og viðurkennt, svo sem fram er komið að aðalstefnda, Elínborg Kjartansdóttir, hafði til útleigu í myndbandaleigu sinni, Videóheiminum, myndbandið The Hunter frá CIC Video. Á myndbandssnældu þessari er skráð aðvörun sem fyrr er rakin þar sem m.a. er lagt bann við útleigu og/eða láni verksins sem brýtur gegn rétti eiganda höfundarréttar. Aðalstefndu var

kunnugt um fyrirvara þennan og mátti því vera ljóst að til útleigu greinds myndbands þurfti hún heimild rétthafa. Þá heimild hafði hún ekki og með útleigustarfsemi sinni hefur aðalstefnda brotið gegn ákvæðum 3. gr. höfundalaga nr. 73/1972 um einkarétt höfundar. Ber því að dæma aðalstefndu til refsingar samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 73/1972, sbr. 1. mgr. sömu greinar. Refsing aðalstefndu þykir hæfilega ákveðin 4.000,00 króna sekt er renni til ríkissjóðs, en til vara komi 5 daga varðhald ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo sem fram er komið er Videóheimurinn einkafirma aðalstefndu, Elínborgar Kjartansdóttur. Eins og atvik liggja fyrir í máli þessu þykja ekki efni vera til að dæma sérstaklega fésekt á hendur firmanu.

Skaðabótakröfu samkvæmt kröfulið 2 hefur verið vísað frá dómi með frávísunardómi uppkveðnum 6. júlí sl., svo sem fyrr greinir.

Um kröfulið 3.

Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972 má dæma höfundi og listflytjanda miskabætur úr hendi þess, sem raskað hefur rétti þeirra með refsiverðri háttsemi. Hafa aðalstefnendur krafist miskabóta að fjárhæð kr. 15.000,00 á þeim grundvelli. Ekki verður talið að réttur höfundar til miskabóta samkvæmt greindu lagaákvæði geti fallið öðrum í skaut en honum sjálfum, og þar sem höfundur kvikmyndaverks þess, sem um er deilt, er ekki aðili að máli þessu, ber að sýkna aðalstefndu af kröfum samkvæmt þessum lið.

Um kröfulið 4.

Samkvæmt 1. mgr. 55. gr. laga nr. 73/1972 með hliðsjón af niðurstöðu í kröfuliðum 1 og 5 ber að taka til greina kröfu aðalstefnenda samkvæmt þessum lið um upptöku myndbands aðalstefndu með kvikmyndinni The Hunter til handa aðalstefnendum án endurgjalds.

Framangreind niðurstaða málsins í aðalsök leiðir til þess að sýkna ber gagnstefndu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Málskostnaður verður ákveðinn í einu lagi, bæði í aðalsök og gagnsök, og eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að aðalstefnda persónulega og vegna einkafirma síns, Videóheimsins, greiði aðalstefnendum in solidum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreint lögbann fógetaréttar Reykjavíkur frá 21. desember 1982, að því er varðar útleigu og lán á myndbandi með kvikmyndinni The Hunter, er staðfest.

Aðalstefnda, Elínborg Kjartansdóttir, persónulega og f.h. einkafirma síns, Videóheimsins, skal vera sýkn af kröfu aðalstefnenda, Laugarásbíós og Háskólabíós, um miskabætur.

Aðalstefnda, Elínborg Kjartansdóttir, greiði kr. 4.000,00 í sekt til ríkissjóðs en sæti til vara 5 daga varðhaldi ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Myndband aðalstefndu með kvikmyndinni The Hunter skal upptækt endurgjaldslaust til aðalstefnenda.

Gagnstefndu, Laugarásbíó og Háskólabío, skulu vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Elínborgar Kjartansdóttur, í gagnsök.

Aðalstefnda, Elínborg Kjartandsdóttir, persónulega og vegna einkafirma síns, Vidóheimsins, greiði in solidum aðalstefnendum, Laugarásbíói og Háskólabíói, kr. 25.000,00 í málskostnað, bæði í aðalsök og gagnsök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júní 1986.

Nr. 41/1985. **Samvinnutryggingar g/t**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Húsfélaginu Skarðsbraut 7, 9 og 11, Akranesi
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Vátryggingarsamningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. mars 1985. dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum

kröfum stefnda og honum gert að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 25.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Samvinnutryggingar g/t, greiði stefnda, Húsfélaginu Skarðsbraut 7, 9 og 11, Akranesi, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Í vátryggingarskilmálum áfrýjanda fyrir húseigendatryggingu, sem giltu fyrir 1. janúar 1983, sagði um vatnstryggingu að hún bætti tjón á hinu tryggða sem orsakaðist af tilfallandi leka úr m.a. frárennslisleiðslu, sbr. D-lið 3. greinar skilmálanna. Samkvæmt 4. grein skilmálanna var þó undanskilið ábyrgð áfrýjanda tjón sem orsakast af:

„A Úrkomu (rigningu, snjókomu) flóðum (sjávarflóðum og öðru) snjóbráð eða regnvatni frá þak- eða niðurfallsrennum eða svölum.

B. Ef vatn þrýstist upp úr skolp- eða frárennslislögnum eða ef skolppípur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með undantekningu, ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss."

Auk þessa voru í C-lið 4. greinar ákvæði um að tryggingin bætti ekki tjón sem orsakaðist af náttúruhamförum eftir því sem þar sagði nánar.

Framangreind ákvæði í stafliðum A og B í 4. grein vátryggingarskilmálanna verður að skilja svo að samkvæmt A-lið hafi tjón af úrkomu, flóðum og snjóbráð almennt verið undanskilið ábyrgð áfrýjanda en ákvæði B-liðar hafi jafnframt leitt til hins sama í þeim sérstöku tilvikum er tjón af þessu varð með þeim hætti að vatn þrýtist upp úr skolp- eða frárennslislögnum. Auk þessa tóku hvort undanþáguákvæðanna um sig einnig til tjónstilvika sem hitt náði ekki til.

Í vátryggingarskilmálum áfrýjanda, sem tóku gildi 1. janúar 1983, var tryggingarsvið vatnstjónstryggingarinnar þannig afmarkað í 1. grein að það tók nú til tjóns á hinni tryggðu húseign vegna tilfallandi leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi og frárennslislögnum sem í byggingunni voru svo og vatnstjóns sem yrði þegar vatn flæddi úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilunar á þeim. Í 3. grein segir síðan um undanskilda áhættu að ekki verði bætt „tjón af völdum úrkomu, flóða eða snjóbráðar." Ákvæði er svari til B-liðar 4. greinar eldri skilmála er hins vegar ekki þar að finna. Niðurfelling þessa sérstaka undanþáguákvæðis verður þó, samkvæmt því sem fyrr var greint um hina eldri skilmála, ekki talið hafa leitt til þess að vatnstjón af völdum úrkomu og flóða, sem atvikast með þeim sérstaka hætti að vatn þrýstist upp úr frárennslislögnum, væri ekki lengur undanþegið ábyrgð áfrýjanda þar sem undanþáguákvæðið í hinum nýju vátryggingarskilmálum tekur einnig til þessa.

Telja verður að tjón það, sem áfrýjandi er krafinn bóta fyrir í málinu, sé fyrst og fremst að rekja til mikillar úrkomu svo sem segir í héraðsdómi. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda svo og dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. febrúar 1985.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 18. janúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 18. október 1984 af Gísla Gíslasyni hdl., nnr. 2667-6037, f.h. Húsfélagsins Skarðsbraut 7, 9 og 11, gegn Samvinnutryggingum g.t., Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi greiði vátryggingarbætur að fjárhæð kr. 75.569,00 auk 22% ársvaxta frá 21. ágúst 1984 til greiðsludags og málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Að ósk aðilja var málið nú sótt og varið um skaðabótaábyrgð stefnda eingöngu, skv. 4. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936.

Málavextir:

Á Akranesi hafa verið reist nokkur fjölbýlishús í röð við Skarðsbraut og er eitt þeirra húsið nr. 7-11, og annað er húsið nr. 17 og 19, en eitt fjölbýlishús er á milli þeirra. Um morguninn laugardaginn 22. janúar 1983, eftir miklar rigningar í leysingum, urðu íbúar hússins að Skarðsbraut 7-11 þess varir að vatn flæddi upp um niðurföll í kjallara hússins. Þegar var hafist handa við að koma í veg fyrir að vatn kæmist upp um niðurföllin og jafnframt byrjað að dæla vatninu úr kjallaranum, og var til þess fenginn m.a. dælubúnaður frá Akranesbæ. Dæling gekk í fyrstu treglega, en eftir að lokað hafði verið frárennslislögn hússins þar sem hún kemur í stofnlögn gekk vel að dæla vatninu burtu. Þegar dælingu var lokið kom í ljós að nokkrar skemmdir höfðu orðið vegna vatnsins, en mesta tjónið var fólgið í því að epoxy-málning á gólfum kjallarans hafði flagnað upp. Samskonar tjón hafði orðið vegna sama atburðar í húsinu nr. 17-19. Húseigendur höfðu keypt húseigendatryggingu hjá stefnda, og komu umboðsmenn stefnda og skoðuðu tjónið og gerðu um það skýrslu.

Málsástæður og lagarök:

Stefnandi byggir kröfu sína á hendur stefnda á því að með breytingum þeim, sem gerðar hafi verið á tryggingarskilmálum og gildi hafi tekið þann 1. janúar 1983, hafi stefndi beinlínis lofað að bæta tjón sem yrði vegna þess að flæddi upp úr frárennslislögn hússins eins og þarna hafi gerst. Húseigendatrygging stefnda sé samsett trygging og gildi um hana skilmálar nr. 49. Fyrsti kafli skilmálanna sé um vatnstryggingu á húsinu og hafi hann í skilmálum þeim sem gilt hafi fyrir 1. janúar 1983 verið 5 greinar, og hafi í 4. gr. sagt að félagið myndi ekki bæta tjón sem yrði af völdum þess að vatn þrýstist upp úr skolp- eða frárennslislögnum eða ef skolppípur gætu skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflist eða springi innan húss. Í skilmálum fyrir sömu tryggingu, sem tekið hafi gildi hinn 1. janúar 1983, hafi ákvæði þetta verið fellt niður og ljóst sé því að félagið hafi ekki lengur undanskilið sig áhættu af slíku tjóni. Þessi breyting stefnda sjálfs á eigin skilmálum hafi því verið að fella niður ákvæði um að undanþiggja sérstaklega tilgreindan atburð og þar með hafi stefndi tekið að sér að bera áhættu á þessu og að bæta tjón einmitt af þessu ef það einhvern tímann myndi gerast. Önnur tryggingarfélög hafi

ekki fellt niður sambærileg ákvæði í sínum skilmálum og hafi því hið stefnda félag, eitt tryggingarfélaga, tekið að sér að bera slíka áhættu eftir breytinguna á skilmálunum sem stefndi hafi einhliða gert.

Úrkoman, sem leitt hafi til þess að vatn hafi hækkað í frárennslisrörunum, hafi ekki verið svo mikil að unnt sé að segja að hún hafi valdið flóðum í kjallaranum, heldur hafi hér verið um að ræða venjulega úrkomu miðað við árstíma. Í ljós sé leitt að orsök flóðanna í kjallaranum hafi verið að sandstíflur hafi hlaðist upp í frárennslislögnum og því hafi verið tregða á rennsli. Hefði þessi sandur ekki verið í lögnunum hefði ekki komi til þess að vatnið flæddi inn í kjallarann, enda hafi bæjaryfirvöld eftir þetta haldið lögnunum nokkurn veginn sandlausum og atburðurinn hafi ekki endurtekið sig þrátt fyrir svipað veður. Stefnandi byggi þess vegna á því að tjónið hafi ekki orðið „af völdum úrkomu, flóða eða snjóbráðar", því að þar sé átt við úrkomu inn í hús sem ekki heldur vatni og flóð í venjulegri merkingu orðsins, þ.e. þegar sjór, ár eða vötn flæða yfir bakka sína. Þetta tilvik eigi ekki við um slíkt, þetta sé sérstakt, afmarkað tilvik sem ekki snerti þá spurningu hvort húsið geti staðið af sér veður og vatn. Ekki hafi þetta heldur verið náttúruhamfarir enda hafi eingöngu flætt upp um niðurföll í kjöllurum þessara tveggja fjölbýlishúsa.

Stefnandi leggi áherslu á það að túlka beri skilmála stefnda honum sjálfum í óhag, þar sem vafi sé, enda hafi stefndi sjálfur staðið einn að þeim. Stefndi beri þá skyldu að hafa orðalagið svo skýrt sem unnt er og það sé orðalag skilmálanna sem gildi og lúti þröngri skýringu. Viðurkennt sé í vátryggingarétti að óskýra skilmála beri að túlka tryggingartaka í hag.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að samkvæmt skilmálum tryggingarinnar sé umrætt tjón undanþegið bótaábyrgð. Deiluefnin í máli þessu varði tvær spurningar: Hverjar voru orsakir tjónsins? og Hvert er vátryggingarsviðið? Um orsakir tjónsins sé það upplýst að vatn hafi flætt inn í kjallarann úr stofnlögn bæjarins. Jörð hafi verið frosin á þessum tíma en gert hafi mikla rigningu og slagveður. Jörðin hafi þá ekki tekið við úrkomuvatninu sem því hafi runnið niður í lagnir eingöngu og þær hafi ekki haft undan. Á sama tíma hafi ár flætt í Borgarfirði og tjón hafi orðið víða um Vesturland og Vestfirði í þessu sama óveðri sem hafi verið náttúruhamfarir. Orsakir tjónsins hafi því verið allt í senn úrkoma, flóð og snjóbráð. Því sé mótmælt sem ósönnuðu að sandur í frárennslislögnum hafi myndað stíflu og því hafi rörin ekki haft undan. Jafnvel þótt slík stífla hafi myndast hefði það ekki skipt máli og ekki komið að sök. Það hafi verið þessi óhemjurigning og aðrar aðstæður sem hér hafi skipt sköpum og verið orsök tjónsins.

Slík orsök sé beinlínis tilgreind í 3. gr. núgildandi vátryggingarskilmála og sé slíkt tjón undanþegið bótaábyrgð. Fyrsti kafli vátryggingarskilmál-

anna fjalli um vatnstjón og að venju sé í 1. gr. gerð grein fyrir vátryggingarsviðinu. Þar segi að vatnstjónstrygging bæti tjón á hinni tryggðu húseign vegna tilfallandi leka úr vatnsleiðslum sem í byggingu sé, svo og hitakerfi og frárennslislögnum. Í 3. gr. skilmálanna sé síðan fjallað um undanskildar áhættur, þ.e. tjónstilvik sem félagið undanþiggi sig bótaábyrgð á. Þar segi að félagið bæti ekki tjón af völdum úrkomu, flóða eða snjóbráðar og ekki heldur af völdum náttúruhamfara en orsakir þessa tjóns hafi einmitt verið þær.

Stefndi bendir á að samkvæmt eldri skilmálum, sem fallið hafi úr gildi í árslok 1982, hefði viðlíka tjón og hér um ræði ekki verið bótaskylt, hvað sem orsökum hafi liðið. Þó hafi sú undantekning verið gerð í ákvæðinu, sem verið hafi B liður þáverandi 4. gr. skilmálanna, að tjón af vatni sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslislögnum hafi verið bótaskylt ef leiðsla stíflaðist eða sprakk innan húss. Þetta gamla ákvæði hafi verið svo torskiljanlegt að skilmálarnir hafi verið lagfærðir og gerðir einfaldari og skiljanlegri til þess að tryggingartakar læsu þá og skildu. Í máli þessu sé viðurkennt af hálfu stefnanda að þetta tjón hefði ekki verið bótaskylt eftir eldri skilmálum og ekki heldur eftir skilmálum neinna annarra tryggingarfélaga. Með lagfæringu og einföldun á skilmálunum hafi hið stefnda félag alls ekki ætlað að gera slíkt tjónstilvik bótaskylt, enda sé það hvergi gert og stefnandi hafi enga ástæðu haft til þess að ætla að stefndi hafi með þessum lagfæringum ætlað að auka tryggingarsviðið. Aukið tryggingarsvið hefði kallað á aukin iðgjöld sem ekki hafi verið tekin hér. Kjarni málsins sé að skilmálar félagsins taki ekki til tjóna er verði af völdum utanaðkomandi vatns, heldur aðeins vatns úr vatnskerfi hússins.

Niðurstaða:

Upplýst er og óumdeilt í máli þessu að vegna mikillar úrkomu og leysinga yfir frosinni jörð hafi vatn streymt að húsi stefnanda á Akranesi eftir yfirfullu holræsakerfi bæjarins og upp um niðurföll í kjallara hússins og valdið þar tjóni.

Hið stefnda félag tók með vátryggingu sinni að sér að bæta tjón á húseigninni „vegna tilfallandi leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi og frárennslislögnum", svo og „vatnstjóns sem verða þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilunar á þeim." Frá þessari aðalreglu um vátryggingarsvið er gerð þessi undanþága: „Undanskildar áhættur. Félagið bætir ekki tjón af völdum úrkomu, flóða eða snjóbráðar. Tjón af völdum náttúruhamfara bætist ekki. Sjá einnig 21. gr."

Í eldri vátryggingarskilmálum voru reglurnar um undanskildar áhættur orðaðar á annan hátt:

„Félagið bætir ekki tjón, sem orsakast af neðangreindum ástæðum:

A.

Úrkomu (rigningu, snjókomu) flóðum (sjávarflóðum og öðrum), snjóbráð eða regnvatni frá þak- eða niðurfallsrennum eða svölum.
Ef vatn þrýstist upp úr skolp- eða frárennslislögnum eða ef skolppípur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu, ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss."

Og í hinum eldra C. lið var fjallað um náttúruhamfarir og styrjaldir sérstaklega.

Ekki er annað upplýst en að hinir prentuðu skilmálar félagsins séu hið eina sem í milli aðilja fór varðandi gildissvið vátryggingarinnar við framlengingu vátryggingarsamningsins 1. janúar 1983, og velta því úrslit málsins á túlkun á orðalagi þeirra.

Þegar bornir eru saman núgildandi skilmálar og hinir, sem í gildi voru til 1. janúar 1983, verður að telja að félagið hafi áður gert greinarmun á tjóni af völdum úrkomu, flóðum og snjóbráð annarsvegar og þessu sérstaka tjónstilviki hinsvegar, þ.e. „ef vatn þrýstist upp úr skolp- eða frárennslislögnum". Þessa tjónstilviks var getið í sérstöku ákvæði og sérstaklega tekið fram að félagið undanskildi sig áhættu af því en ákvæðið var fellt niður í gerð nýrra skilmála félagsins án nokkurra skýringa til tryggingartaka. Þegar þetta er virt verður að telja að hið sérstaka tjónstilvik, sem félagið beinum orðum undanskildi áhættu sinni en felldi niður í núgildandi skilmálum, hafi þar með ekki lengur verið undanskilið.

Orsök tjóns stefnanda var ekki úrkoma á húsið, flóð eða snjóbráð í venjulegum skilningi þeirra orða, heldur beinlínis hitt, að vatn þrýstist upp úr skolp- eða frárennslislögnum", sem félagið undanskildi ekki lengur frá áhættum sínum. Því verður fallist á með stefnanda að hið stefnda félag beri bótaábyrgð á tjóni þeirra.

Verður hið stefnda félag því dæmt bótaskylt gagnvart stefnanda og verður því gert að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 15.000,00.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g.t., er bótaskyldur gagnvart stefnanda, Húsfélaginu Skarðsbraut 7-11, Akranesi, vegna vatnstjóns 22. janúar 1983.

Stefndi greiði stefnanda kr. 15.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. júní 1986.

Nr. 60/1985. **C.C. Jensen A/S**
(Jóhannes L.L. Helgason hrl.)
gegn
Bátanausti hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Lausafjárkaup. Viðtökudráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. mars 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 5. s.m. Hann krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 33.267,77 danskar krónur með 10% ársvöxtum af 32.938,00 dönskum krónum frá 15. júlí 1982 til 1. nóvember 1982, með 8% ársvöxtum frá þeim degi til 15. apríl 1983, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1983, en með 7% ársvöxtum af 33.267,77 dönskum krónum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í byrjun maímánaðar 1982 fól stefndi Kili hf. í Keflavík að panta frá áfrýjanda skipsglugga og kýraugu af Sikovigerð. Við pöntunina voru gluggarnir og kýraugun sögð vera í stýrishús á m/b Jóni Helgasyni (sic) ÁR 12, sem fyrirhugað var að stefndi smíðaði á bátinn fyrir eiganda hans, Frægan hf. í Þorlákshöfn. Pöntun þessari kom stefndi til áfrýjanda með bréfi 11. maí 1982. Var í pöntunarseðli Kjalar hf. beðið um að vörurnar yrðu afgreiddar til stefnda vegna m/b Jóns Helgasonar. Greiðsla skyldi fara fram í Landsbanka Íslands gegn afhendingu kaupskjala.

Áfrýjandi sendi vöruna til stefnda svo sem um var beðið. Er

vörureikningur ritaður 30. júní 1982 en farmskírteini gefið út 1. júlí 1982 og hvorttveggja sent Landsbanka Íslands til innheimtu af viðskiptabanka áfrýjanda. Er viðurkennt af fyrirsvarsmanni stefnda, að stefnda barst tilkynning um komu skjalanna og tilmæli um að leysa út vöruna.

Þegar á reyndi innleysti stefndi ekki kaupskjölin eða veitti gluggunum viðtöku. Virðist það hafa verið viðhorf hans að eiganda m/b Jóns Helgasonar bæri að leggja fram það fé sem þyrfti til að greiða umkrafið kaupverð og farmgjald svo og toll, enda hefði varan verið pöntuð fyrir hann. Stefndi ætti að sínu leyti einungis að annast frágang innflutningsskjala og sjá um tollafgreiðslu. Hafi það verið forsenda þess að eigandi m/b Jóns Helgasonar kæmist hjá að greiða söluskatt af gluggunum.

Er dráttur varð á greiðslu kaupskjalanna í Landsbankanum telur fyrirsvarsmaður Kjalar hf. sig ítrekað hafa beiðst þess af stefnda að ósk áfrýjanda að vörurnar yrðu greiddar. Er þeirri staðhæfingu ekki mótmælt. Þau tilmæli komu þó fyrir ekki. Hinn 20. maí 1983 krafði lögmaður áfrýjanda stefnda síðan bréflega um greiðslu skuldarinnar, en einnig án árangurs. Höfðaði áfrýjandi að svo búnu mál þetta til heimtu kröfunnar. Fáum dögum síðar, eða hinn 15. júní 1983, endursendi Landsbankinn kaupskjölin til viðskiptabanka áfrýjanda þar sem ekki hafði tekist að innheimta kröfuna samkvæmt þeim. Virðist Landsbankinn þá ekki hafa vitað um málshöfðunina og lögmaður áfrýjanda ekki hafa fengið vitneskju um endursendingu skjalanna fyrr en síðar.

Hinn 3. mars 1984 voru gluggarnir seldir á opinberu uppboði til greiðslu á aðflutningsgjöldum að kröfu tollstjórans í Reykjavík. Gekk allt uppboðsandvirðið til greiðslu kostnaðar og aðflutningsgjalda að því er ætla verður.

II.

Sýknukröfu sína reisir stefndi í fyrsta lagi á því að kröfum áfrýjanda sé ranglega að sér beint. Hann hafi ekki verið kaupandi gluggganna sjálfur heldur hafi hann pantað þá fyrir eiganda m/b Jóns Helgasonar. Eigi hann því eigi að greiða þá. Hér er þess þó að geta að Hákon Einarsson, framkvæmdastjóri stefnda, viðurkenndi, er hann kom fyrir dóm, að gluggarnir hefðu verið pantaðir í nafni

Bátanausts hf. Hefur þessi sýknuástæða því ekki við rök að styðjast. Skiptir hér ekki máli þó að þess væri getið við pöntunina að hún væri gerð vegna verks þess sem stefndi ætlaði að vinna við m/b Jón Helgason, enda gaf það afrýjanda ekki sérstaka ástæðu til að ætla að hann ætti við annan en stefnda að eiga sem kaupanda.

Í öðru lagi reisir stefndi sýknukröfu sína á því að áfrýjandi hafi ekki gætt glugganna, svo sem honum hafi borið samkvæmt 33. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, er stefndi veitti þeim ekki viðtöku. Þeir hafi verið seldir á opinberu uppboði án þess að stefndi gæti varnað því þar sem kaupskjölin hafi þá ekki verið lengur í Landsbankanum. Áfrýjanda sé ekki lengur kleift að fá stefnda gluggana í hendur. Sé sér því óskylt að greiða kaupverð þeirra og annan kostnað.

Því er ekki haldið fram að margnefndir gluggar hafi orðið fyrir skemmdum áður en þeir voru seldir á uppboðinu eða að geymslu þeirra hafi verið á nokkurn hátt áfátt. Verður því ekki séð að af þeirri ástæðu hafi borið nauðsyn til að flytja þá á annan geymslustað. Ekki hefur verið bent á aðra en Kjöl hf. sem rétt hefði verið að taka gluggana til varðveislu fyrir áfrýjanda eftir ákvæðum 33. gr. laga um lausafjárkaup. Ekki er þó sannað að Kjölur hf. hafi haft öðru hlutverki að gegna hér á landi fyrir áfrýjanda en að afla tilboða í þær vörur sem hann seldi og ekkert er upplýst um að hann hafi haft starfsstöð í Reykjavík, þar sem ákvörðunarstaður glugganna var. Af því sem fram er komið í málinu þykir ótvírætt mega ráða að stefndi hafi verið ófáanlegur til að greiða kaupverð glugganna allt til þess er þeir voru seldir og að endursending kaupskjalanna hafi þar engu máli skipt. Þá verður ekki séð að flutningur glugganna í tollvörugeymslu Kjalar hf. hefði neinu breytt um það, að fyrr eða síðar hefði komið til uppboðs á þeim vegna ógreiddra aðflutningsgjalda, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1960. Samkvæmt öllu þessu þykir áfrýjandi ekki hafa misst rétt sinn til heimtu kaupverðs glugganna þótt þeir væru seldir með þeim atvikum sem raun varð á.

III.

Áfrýjandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Kaupverð glugganna ásamt flutningsgjaldi o.fl.	32.938,00 DKR
2. Bankakostnaður	329,77 —
Alls	33.267,77 DKR

Krafa þessi hefur ekki sætt andmælum tölulega og verður hún því tekin til greina með vöxtum svo sem krafist er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 70.000,00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Bátanaust hf., greiði áfrýjanda, C. C. Jensen A/S, 33.267,77 danskar krónur með 10% ársvöxtum af 32.938,00 dönskum krónum frá 15. júlí 1982 til 1. nóvember 1982, með 8% ársvöxtum frá þeim degi til 15. apríl 1983, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1983 en með 7% ársvöxtum af 33.267,77 dönskum krónum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 70.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. október 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. september 1984 hefur Jóhann Steinason hrl. f.h. C. C. Jensen A/S, Maskine fabrik, Rödeledsvej 60, DK 5700, Svendborg, Danmörku, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 6. júní 1983 og framhaldsstefnu, útgefinni 15. júlí 1983 á hendur Bátanausti hf., við Elliðavog, Reykjavík, nnr. 0977-5161 til greiðslu skuldar DKR 33.267,77 með 10% ársvöxtum af DKR 32.938,00 frá 15. júlí 1982 til 1. nóvember s.á., en með 8% ársvöxtum frá þeim degi til 15. apríl 1983 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1983, en af DKR 33.267,77 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Í þinghaldi hinn 26. mars 1984 tók Þorfinnur Egilsson hdl. við meðferð málsins af Jóhanni Steinasyni hrl.

Á dómþingi hinn 22. júní 1984 var fallið frá kröfum á Fræg hf., Þorlákshöfn, nnr. 3526-6887, sem stefnt var inn í málið með sakaukastefnu, birtri 8. ágúst 1983.

Stefnandi telur málavexti vera þá að stefndi Bátanaust hf. hafi í byrjun maímánaðar 1982 haft samband við Kjöl sf., umboðsmann stefnanda á Íslandi, og pantað hjá stefnanda skipsglugga og kýraugu af Sikovi-gerð þar sem Bátanaust hf. væri að hefja smíði á stýrishúsi í m/b Jón Helgason ÁR 12, eign Frægs hf., Þorlákshöfn. Stefnandi hafi móttekið pöntun þessa 11. maí 1982 ásamt með upplýsingum um hver hefði pantað vöruna, vegna hvaða báts og að Bátanaust hf. væri viðtakandi vörunnar. Pöntunin hafi verið send til Íslands með skipi 30. júní 1982.

Stefnandi telur nánari tildrög hafa verið þau að Frægur hf. hafi í mars 1982 beðið stefnda, Bátanaust hf., að smíða stálstýrishús á m/b Jón Helgson ÁR 12 og hafi stefndi, sem reki dráttarbraut og skipasmíðastöð tekið það að sér og hafi hinn 29. apríl 1982 pantað járn í smíðina hjá Innkaupum hf. og glugga í stýrishúsið hjá stefnanda. Hinn 14. maí 1982 hafi kostnaðaráætlun, teikningar og lánsumsókn verið send til Fiskveiðasjóðs og hafi verið gefið vilyrði fyrir láni út á smíðina. Páll Hjartarson, skipatæknifræðingur hjá Siglingastofnun ríkisins, hafi verið fenginn til þess að teikna stýrishúsið og hafi teikningar verið tilbúnar 14. maí 1982. Frægur hf. muni hafa beðið um frest í smíðina í júní 1982 og aftur í september s.á. og endanlega hafi hann hætt einhliða við smíðina í desember 1982 og hafi þá verið að semja við Daníel Þorsteinsson & Co, hf. um smíði á stýrishúsi. Stefnandi hafi ekki fengið að vita ofangreinda málavöxtu um viðskipti Frægs hf. og Bátanausts hf. fyrr en löngu eftir að skipsgluggarnir hafi verið komnir til Íslands.

Dómkröfuna kveður stefnandi annars vegar vera andvirði hinna smíðuðu glugga og flutningskostnaður, DKR. 32.938,00, og hins vegar bankakostnaður DKR 329,77. Bankakostnaðurinn sé þannig til kominn að þegar umræddar vörur hafi verið sendar til Íslands á sínum tíma hafi allir reikningar og farmpappírar verið sendir til Landsbanka Íslands svo kaupandi vörunnar gæti greitt hana þar. Eins og fram komi í skjölum málsins hafi Landsbanki Íslands endursent ofangreinda pappíra hinn 15. júní 1983 til viðskiptabanka stefnanda í Danmörku, Svendborg Bank, og séu DKR. 329,77 samanlögð þóknun bankanna fyrir ómak sitt, en stefnandi hafi greitt fjárhæð þessa hinn 21. júní 1983. Smíða- og flutningskostnaður er skv. sundurliðuðum reikningi frá 30. júní 1982.

Stefnandi telur að líta verði á stefnda Bátanaust hf. sem verkataka í máli þessu vegna þess m.a. að skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir eins og

stefndi taki að sér viðgerðir og smíði á bátum og panti og kaupi það sem til þurfi hverju sinni í sínu nafni og fyrir eigin reikning til lagfæringar og endurnýjunar á viðkomandi verki hvert sinn. Heldur stefnandi því fram að stefndi Bátnaust hf. hafi verið viðsemjandi hans alla tíð og það að reikningur stefnanda sé merktur Bátanausti hf. vegna m/b Jóns Helgasonar stafi af því að stefndi láti merkja vöruúttekt sína viðkomandi verki eða verkum, sjálfum sér til hagræðis svo sem vegna bókhalds o.fl. Slík merking byggist á viðskiptavenju sem alls staðar sé við lýði og gildi ekki síst í viðskiptum verktaka við viðsemjendur sína.

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á lögum um lausafjárkaup nr. 39/1922, sbr. 2. gr., 12. gr. og 28. gr. sem og viðskiptavenjum.

Á dómþingi hinn 9. apríl 1984 kom fram að gluggar þeir, er dómkrafan er spottin af, voru seldir á opinberu uppboði að kröfu tollstjórans í Reykjavík hinn 3. mars 1984.

Af hálfu stefnda Bátanausts hf. er málavöxtum þannig lýst að framkvæmdastjóri Frægs hf. hafi óskað þess að stefndi Bátanaust hf. smíðaði stýrishús á m/b Jón Helgason ÁR 12, eign Frægs hf. Gerð hafi verið kostnaðaráætlun sem liður í undirbúningi slíks verks. Að ósk framkvæmdastjóra Frægs og fyrir hans hönd v/ Jóns Helgasonar ÁR 12 hafi stefndi pantað stál og flatjárn til verksins. Þá hafi verið teiknað stýrishús og gálgi á skipið. Kostnaðaráætlun og teikningar hafi verið sendar Fiskveiðasjóði sem gefið hafi vilyrði fyrir lánsfyrirgreiðslu. Stefndi Bátanaust hf. hafi þannig verið ráðinn til að smíða stýrishús á bátinn Jón Helgason ÁR 12 vorið 1982. Hafi þetta ekki verið gert á grundvelli útboða eða tilboðs. Skyldi verkið unnið sem reikningsvinna þannig að Bátanaust hf. yrði starfsmaður Frægs hf., en ekki verktaki.

Þar eð framkvæmdastjóri Frægs hf. hafi talið sig hafa vitneskju um að það gæti tekið nokkurn tíma að panta og fá afgeidda glugga í stýrishúsið, hafi hann falið starfsmanni sínum, stefnda Bátanausti hf., að annast það að panta rétta glugga í stýrishúsið fyrir sig. Skv. þessari beiðni hafi starfsmaður Bátanausts hf., Einar Hákonarson, haft samband við Egil Þorfinnsson og tjáð honum að Frægur hf. vildi láta smíða stýrishús á bát sinn og þyrfti að fá pantaða í hann glugga. Skömmu síðar hafi Egill Þorfinnsson komið á vinnusvæði Bátanausts hf., yfirfarið teikningar, skráð niður mál og tekið niður pöntun á gluggum í bátinn. Einar Hákonarson, starfsmaður stefnda Bátanausts hf., hafi þar með gert Agli Þorfinnssyni pöntun f.h. Frægs hf. í glugga í stýrishúsið. Pöntun þessari hafi Egill Þorfinnsson komið á framfæri við Kjöl sf. Keflavík. Kjölur sf. hafi komið pöntuninni áfram til framleiðanda glugganna, stefnanda máls þessa. Pöntun frá Kili sf. til stefnanda hljóði á sendingu tilgreindrar vöru til Bátanausts hf. vegna

m/b Jóns Helgasonar. Skömmu eftir að pöntunin hafi verið gerð hafi Frægur hf. haft samband við Bátanaust hf. til að reka á eftir pöntun á gluggum.

Um sumarið hafi framkvæmdastjóri Frægs hf. haft samband við starfsmann sinn, Bátanaust hf., og beðið hann að bíða með frekari framkvæmdir og hefja ekki smíðina að svo stöddu. Þannig hafi hann ítrekað frestað verkinu, þar til í september að hann hafi falið stefnda að skila aftur stáli og flatjárni. Hafi Frægur hf. talið sig geta komist inn í raðsmíðaverkefni er hafi átt að fara í gang skv. áætlun þáverandi ríkisstjórnar. Hafi hann ætlað að nota gluggana í þá smíði og hafi því ekki viljað að stefndi Bátanaust hf. hefði afskipti af þeim. Síðar hafi hann samið við Daníelsslipp um smíði stýrishúss á bát sinn, en ekki haft fyrir því að segja upp starfsmanni sínum Bátanausti hf. eða gera upp vinnulaun við hann.

Hinn 20. maí 1983 hafi stefnandi krafið stefnda Bátanaust hf. um andvirði glugganna skv. reikningi, en ekki boðið fram gluggana gegn greiðslu. Hafi talsmaður stefnda Bátanausts hf. þá haft samband við lögfræðing stefnanda og bent á að varan hafi verið pöntuð f.h. Frægs hf. og í bát hans en til afhendingar á vinnusvæði Bátanausts hf.

Stefndi telur vera venju fyrir því að skipasmíðastöðvar í samvinnu við innflytjendur gangi frá pöntun á skipsgluggum f.h. eigenda báta. Þegar stefndi Bátanaust hf. hafi átt hlut að máli hafi í öllum tilfellum verið þannig staðið að verki að starfsmenn Bátanausts hf. hafi haft samband við Egil Þorfinnsson, sem hafi síðan skráð niður pöntun, komið henni á framfæri við Kjöl sf., sem hann áður var eigandi að, Kjölur sf. hafi síðan sent pöntun til framleiðanda. Allt sé þetta þannig gert, að gluggar sendist til stefnda Bátanausts hf., en pöntunin sé gerð í nafni og á ábyrgð viðkomandi báts. Bátseigandinn fari síðan í Kjöl sf. þegar gluggarnir komi til landsins og setji þeim tryggingu fyrir greiðslu glugga og fái tollendurgreiðslu. Byggist þessi háttur á því að útgerðarmenn hafi fengið tollendurgreiðslu en ekki skipasmíðastöðin, sem og á því að bátseigandi þurfi að borga skipasmíðastöð álagningu ef hún kaupi og leysi út gluggana. Við gerð pöntunar hafi stefnanda og umboðsmanni hans verið ljóst að stefndi Bátanaust hf. ábyrgðist ekki greiðslu og myndi ekki greiða fyrir gluggana, heldur útgerðarmaður gegn afhendingu á gluggunum. Stefndi Bátanaust hf. hafi skv. ofangreindu verið starfsmaður Frægs hf., en ekki verktaki og hafi ekki pantað gluggana í eigin nafni heldur f.h. eigenda bátsins. Stefndi Bátanaust hf. hafi verið umboðsmaður eigenda bátsins á sama hátt og Kjölur sf. hafi verið umboðsmaður stefnanda. Sé stefndi Bátanaust því ekki aðili að máli þessu frekar en Kjölur sf. og beri því að sýkna hann á grundvelli aðildarskorts, sbr. 45. gr. laga 85/1936 og reglna um umboðsmenn, sbr. lög

7/1936. Teljist stefndi Bátanaust hf. aðili að þessum kaupum þá beri einnig að líta á Kjöl sf. og/eða Egil Þorfinnsson sem aðila, en þá beri ekki að líta á stefnanda sem aðila.

Í greinargerð sinni lagði stefndi áherslu á að stefnandi byði ekki fram afhendingu vörunnar gegn greiðslu andvirðis hennar, né heldur hafi hann sannað að hann gæti afhent vöruna. Sé hann því ekki að reyna að halda upp á meintan kaupanda kaupunum. Vegna orðaskipta lögmanna um þessa málsástæðu í þinghaldi hinn 26. mars 1984 bókaði dómari eftirfarandi: „lögmaður stefnanda upplýsir vegna fyrirspurnar dómara að stefnandi sé að herma kaup upp á stefnda Bátanaust hf. og varan verði afhent stefnda Bátanausti hf. gegn greiðslu hennar." Við málflutning 9. apríl sl. vísaði lögmaður stefnda til þessarar bókunar og ítrekaði þá fullyrðingu sína að stefnandi hafi aldrei boðið fram vöruna og hafi stefnandi sjálfur glatað vörunni. Bendi skjöl og stefna málsins til þess að hann hafi alltaf ætlað sér að málið færi svona. Þessu mótmælti lögmaður stefnanda og kvað umbjóðanda sinn ekki hafa fengið tilkynningu um uppboð það er fram fór 3. mars sl., en kvaðst hafa tvisvar til þrisvar sinnum áður forðað uppboði vörunnar skv. beiðni stefnanda. Mál þetta var endurupptekið 22. júní sl. og fór fram aðalflutningur og málflutningur að nýju 20. september sl. Í þeim málflutningi hélt lögmaður stefnda því fram að lögmaður stefnanda hafi breytt dómkröfum sínum í réttarhaldi hinn 26. mars sl. skv. ofangreindri bókun með því að upplýsa að krafan sé um efndir in natura og hafi hann þar með skuldbundið sig til þess að afhenda vöru gegn greiðslu, ekki liggi fyrir breyting á þessari dómkröfu og sé of seint að gera breytingu á henni. Lögmaður stefnanda mótmælti þessu og tók fram að við réttarhaldið hinn 26. mars sl. hefði hann ekki vitað að búið væri að selja vöruna.

Niðurstaða dómsins.

Hinn 15. maí 1982 gerir stefndi, Bátanaust hf. svohljóðandi pöntun hjá stefnanda, C.C. Jensen, Danmörku, með milligöngu Kjalar sf., umboðsmanns stefnanda á Íslandi:

„KJÖLUR S/F
TJARNARGATA 35 - KEFLAVÍK - ICELAND
TELEPHONES: 92-2121 & 92-2041 - CABLE: KJÖLUR

ORDER No. 1083/82.

C.C. Jensen
Rodeledsvej 60
Svendborg
Danmark.

Please ship the following goods to:
Bátanaust h/f.
v/Elliðavog, Reykjavík
v/ m/b. Jón Helgason.

Your ref./offer	Date of this order 11/5 1982
Delivery Hurtigst muligt.	
Port og discharge	
Shipping Agent	
Payment Mod domumenter i Landsbanki Íslands, Reykjavík.	

Item no	Quantity	Description
		Material Aluminium
	4 stk.	Åbningsbare påboltningskoöjer 300 m.m. Ø 2 P 5006 UK
	3 —	Faste vinduer 300×400, norm spigot, Tegn. 2-201-1
	2 —	— — 400×600, norm spigot, Tegn. 2-201-1, Frontradius 3500 m.m.
	2 —	— — 400×600, norm spigot, Tegn. 2-201-1
	1 —	— — 400×600, norm spigot, Tegn. 2-201-1, Frontradius 3500 m.m.
		— Til dette vindue leveres og monteres Seaview Klarsigtsrude 300/343, el.ström 32 V DC.-Placeres 50 m.m. over centrum.
	1 —	Skydevindue 550×750, norm. spigot, Tegn. 2-201-10
	3 —	— 400×600, norm. spigot, Tegn. 2-201-10
	2 —	— 400×600, norm. spigot, Tegn. 2-201-10 Frontradius 3500 m.m.
		— Til skydevinduerne leveres 6 stk. Saks.

Med venlig hilsen
Kjölur s/f.
Huxley Ólafsson"

Skyldi pöntunin afhent eins fljótt og mögulegt væri og greiðsla fara fram í Landsbanka Íslands gegn afhendingu skjala.

Ekki hefur tekist að upplýsa svo óyggjandi sé hvernig staðið var að pöntun vörunnar en stefndi og Kjölur sf. höfðu átt viðskipti um árabil og í þeim viðskiptum höfðu pantanir iðulega verði teknar niður í síma. Af hálfu stefnda hefur það ekki verið véfengt að pöntun þessi hafi verið gerð en hann neitar því hins vegar að vera sjálfur skuldbundinn af henni gagnvart stefnanda þar sem hún hafi verið gerð fyrir annan aðila, Fræg hf., eiganda bátsins m/b Jóns Helgasonar, en stefndi hafði tekið að sér smíði stýrishúss á þann bát og var pöntunin gerð vegna þessa svo sem áður hefur verið rakið. Pöntun, reikningur og farmpappírar eru merkt stefnda þannig: „Bátanaust hf. v/ m/b Jón Helgason". Ekki verður séð að neinar nánari upplýsingar hafi fylgt um bátinn m/b Jón Helgason, svo sem hver væri eigandi hans, einkennisstafir eða heimahöfn, né heldur verður séð að fyrirvari hafi verið gerður um það að stefndi væri ekki kaupandi vörunnar. Forsvarsmaður stefnda, Hákon Einarsson, kom fyrir dóminn og lýsti því þar yfir að Bátanaust hf. hefði litið á sig sem innflytjanda vörunnar. Telja verður að stefnandi hafi mátt treysta því að stefndi væri skuldbundinn gagnvart sér samkvæmt pöntuninni enda verður ekki séð að honum hafi verð tilkynnt annað. Það að nafn báts þess, sem hinir sérpöntuðu gluggar áttu að fara í er tilgreint við pöntun, þykir ekki fullnægjandi til að firra stefnda ábyrgð gagnvart stefnanda. Getur það engu breytt um ábyrgð stefnda gagnvart stefnanda þótt þeir viðskiptahættir hafi tíðkast milli stefnda og íslenskra viðsemjenda hans að þeir greiddu honum andvirði vöru sem pöntuð var erlendis frá vegna umsaminna verkefna áður en stefndi innleysti nauðsynleg skjöl í banka.

Ljóst þykir að kaupsamningur hafi komist á með aðilum og sendir stefnandi vöruna til Íslands, skv. farmbréfi útgefnu í Kaupmannahöfn hinn 1. júlí 1982. Reikningur er dags. 30. júní 1982. Skjöl voru send Landsbanka Íslands, samkvæmt skilmálum kaupsamnings, hinn 6. júlí 1982 af viðskiptabanka stefnanda Svendborg Bank, Danmörku, og móttekin af Landsbankanum hinn 8. júlí 1982 og hafði þá stefndi aðgang að vörunni gegn greiðslu hennar í bankanum. Stefndi virðist ekki hafa tilkynnt stefnanda um fyrirsjáanlegan drátt á því að varan yrði innleyst skv. beiðni viðsemjenda hans. Samkvæmt framburði Huxleys Ólafssonar, forsvarsmanns Kjalar sf., mun hann, er dráttur varð á greiðslu stefnda, hafa beint munnlegri kröfu þar um til stefnda. Ekki hefur verið leitt í ljós að stefndi hafi þá eða síðar gefið til kynna að hann væri orðinn afhuga kaupunum eða teldi sig ekki vera aðila að þeim. Lögfræðingur stefnanda sendir stefnda kröfubréf dags. 20. maí 1983. Mál þetta er þingfest 23. júní 1983 og var stefna árituð um móttöku af lögmanni stefnda hinn 6. júní 1983. Hafði

stefndi þá haft aðgang að vörunni gegn greiðslu í Landsbanka Íslands í hart nær eitt ár. Greinargerð lögmanns stefnda er lögð fram 27. október 1983. Tollstjórinn í Reykjavík fer fram á dómkvaðningu matsmanna til að meta verðgildi vörunnar og fer matið fram 16. febrúar 1984. Varan er seld á opinberu uppboði 3. mars s.á. Ekki er annað í ljós leitt en stefndi, sem skráður innflytjandi vörunnar, hafi fengið lögboðnar tilkynningar um dómsgerðir þessar. Lögmaður stefnanda hefur lýst því yfir fyrir dómi að hann hafi forðað uppboði vörunnar oftar en einu sinni. Samkvæmt þessu er ljóst að báðum aðilum var fullkunnugt um þá yfirvofandi hættu að varan glataðist.

Að því athuguðu, sem að ofan hefur verið rakið, verður ekki fallist á kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts.

Skal nú tekið til athugunar hvort á seljanda hafi hvílt skylda til að koma í veg fyrir að varan glataðist. Huxley Ólafsson upplýsti fyrir dómi að Kjölur sf., umboðsmaður stefnanda, hefði tollvörugeymslu til umráða. Flutningsgjöld voru greidd fyrirfram. Verður því að telja að stefnanda hafi borið að fela umboðsmanni sínum hér á landi skv. 33. gr. i.f. sbr. 1. og 2. mgr. 56. gr. l. 39/1922 um lausafjárkaup að flytja vöruna yfir í tollvörugeymslu sína meðan á viðtökudrætti stefnda stóð til að forða nauðungarsölu á vörunni, enda virðist hann hafa getað gert það án mikils kostnaðar eða óhagræðis. Til þess ber einnig að líta að aðilar málsins höfðu átt með sér viðskipti um árabil og verður að ætla að Huxley Ólafssyni hafi verð fullkunnugt um viðskiptahætti stefnda og viðsemjenda hans, þar með talið að stefndi hafi ekki fengið álagningu fyrir milligöngu sína.

Ekki þykir krafa stefnanda verða skilin öðruvísi en svo, að hann hafi með henni viljað halda upp á stefnanda kaupinu, skv. 28. gr. l. 39/1922 um lausafjárkaup. Þykir verða að líta á ofangreinda yfirlýsingu lögmanns stefnanda fyrir réttinum hinn 26. mars sl. sem áréttingu þessarar kröfugerðar, enda var hún gefin í beinu framhaldi orðaskipta lögmannanna um það hvernig bæri að skilja kröfugerð stefnanda. Ekki verður á það fallist með lögmanni stefnda að í greindri yfirlýsingu felist skuldbinding umfram það sem felst í upphaflegri kröfugerð. Lögmaður stefnanda hefur lýst því yfir fyrir dóminum að hann hafi ekki vitað, er ofangreind bókun var gerð, að búið væri að selja vöruna á opinberu uppboði og hefur þeirri staðhæfingu ekki verið hnekkt. Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess að annar hvor aðila hafi keypt vöruna á uppboðinu.

Þar sem varan hefur nú glatast og þar sem telja verður það á ábyrgð stefnanda að þannig fór þar sem hann tók ekki vöruna í sína vörslu eftir að honum mátti vera ljóst að stefndi neitaði að veita henni móttöku verður að telja að þær forsendur, sem voru fyrir kröfugerð stefnanda er mál þetta var höfðað, séu nú brostnar, þar sem hann getur ekki lengur fullnægt

samningnum af sinni hendi. Bótakrafa hefur ekki komið fram. Þykir því rétt að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðila um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari, ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Árnasyni forstjóra og Jóni B. Hafsteinssyni skipaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Bátanaust hf., skal vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Þorfinns Egilssonar héraðsdómslögmanns f.h. C.C. Jensen, Svendborg, Danmörku í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.

Þriðjudaginn 10. júní 1986.

Nr. 37/1985. **Charlotta Steinþórsdóttir**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
og gagnsök
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Skattar. Söluhagnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. mars 1985. Hann krefst greiðslu á 140.237,00 krónum með ársvöxtum eins og hér segir:

Aðallega 45% af 42.698,00 krónum frá 1. september 1983 til 20. september s.á., 37% frá 21. september 1983 til 20. október s.á., 36% frá 21. október 1983 til 6. nóvember s.á., en af 107.724,00 krónum frá 7. nóvember 1983 til 20. nóvember s.á. 32% af þeirri

fjárhæð frá 21. nóvember 1983 til 12. desember s.á., en af 140.237,00 krónum frá 13. desember 1983 til 20. desember s.á., 25% frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 19% frá 21. janúar 1984 til 31. desember s.á., 32% frá 1. janúar 1985 til 31. janúar s.á., 39% frá 1. febrúar 1985 til 28. febrúar s.á., 48% frá 1. mars 1985 til 31. maí s.á., 42% frá 1. júní 1985 til 31. ágúst s.á., 45% frá 1. september 1985 til 28. febrúar 1986, 33% frá 1. mars 1986 til 31. mars s.á., en 27% frá 1. apríl 1986 til greiðsludags. Þá krefst hann þess að í dómsorði verði svo kveðið á að áfallnir vextir skuli leggjast við þann höfuðstól sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti eftir að málið var dómtekið í héraði, þ.e. í fyrsta sinn 5. desember 1985 og síðan 5. desember ár hvert, þar til skuldin er að fullu greidd.

Til vara krefst hann vaxta eins og greinir í aðalkröfu fram til þingfestingardags 26. júní 1984, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags og kveðið verði á um samlagningu áfallinna vaxta og höfuðstóls á sama hátt og greinir í aðalkröfu.

Til þrautavara er krafist ársvaxta sem hér segir: 42% af 42.698,00 krónum frá 1. september 1983 til 20. september s.á., 35% frá 21. september 1983 til 20. október s.á., 32% frá 21. október 1983 til 6. nóvember s.á., en af 107.724,00 krónum frá 7. nóvember 1983 til 20. nóvember s.á., 27% af þeirri fjárhæð frá 21. nóvember 1983 til 12. desember s.á., en af 140.237,00 krónum frá 13. desember 1983 til 20. desember s.á., 21,5% frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 15% frá 21. janúar 1984 til 10. ágúst s.á., 17% frá 11. ágúst 1984 til 31. desember s.á., 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí s.á., 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. mars 1986 til 31. mars s.á., en 9% frá 1. apríl 1986 til greiðsludags og kveðið verði á um samlagningu áfallinna vaxta og höfuðstóls á sama hátt og í aðal- og varakröfu.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Aðaláfrýjandi hefur með bréfi 10. júlí 1985 fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti í málinu. Í héraði hafði hann einnig gjafsókn.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 7. maí 1985. Hann krefst sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur var kveðinn upp 10. desember 1984. Áfrýjunarstefna var gefin út 6. mars 1985, en var ekki birt fyrr en 3. maí s.á. Var gagnáfrýjanda því heimilt að áfrýja málinu samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 án þess að afla áfrýjunarleyfis.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi greinir aðilja málsins á um það hvort heldur hagnaður vegna sölu húshlutans við Þórsgötu 1 í Reykjavík hafi átt að koma til skattlagningar sem tekjur á árinu 1982 er kaupsamningur var gerður eða sem tekjur 1983 þegar afsal skyldi gefið út.

Aðaláfrýjandi byggir á 3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt er hljóðar svo: „Sölugróði er skattskyldur það ár sem afsal er gefið fyrir hinni seldu eign." Ákvæði þetta eins og það er framsett í greininni tekur bæði til fasteigna og lausafjár. Um söluhagnað af húshlutanum fer að þessu leyti eftir 1. mgr. 11. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, en þar segir, að hagnaður sem þessi teljist „að fullu til skattskyldra tekna á söluári." Skýra ber ákvæði þetta eðlilegri orðskýringu og með hliðsjón af 2. mgr. 60. gr. sömu laga, sbr. áður lög nr. 70/1962 18. gr. 2. mgr., lög nr. 46/1954, 7. gr. i.f. og lög nr. 6/1935 7. gr. i.f. en í ákvæðum þessum öllum segir svo: „Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ.e. þegar krafa vegna þeirra hefur myndast á hendur einhverjum, nema um óvisssar tekjur sé að ræða."

Þegar framanritað er virt og að öðru leyti þær gagngeru breytingar, sem gerðar voru á reglum um ákvörðun á skattskyldum söluhagnaði fyrnanlegra eigna með lögum nr. 40/1978, sbr. t.d. 10. og 26. gr. um ákvörðun stofnverðs og framreikning með verðbreytingarstuðli, verður ofangreindu reglugerðarákvæði ekki beitt. Miða ber við það ár þegar bindandi kaupsamningur er gerður um eign og fjárhæð kaupverðs ákveðin.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Í fyrningarskýrslu, sem fylgdi skattframtali áfrýjanda 1983, kom fram að húsnæði það, sem deilt er um sölugróða af, hafi verið selt á árinu 1982, og að mismunur bókfærðs verðs og söluverðs að frádregnum sölulaunum hafi verið kr. 255.801,00.

Vegna þeirra gagngeru breytinga, sem gerðar voru á reglum um ákvörðun á skattskyldum söluhagnaði fyrnanlegra eigna með lögum nr. 40/1978, sbr. m.a. 10. gr. og 26. gr. laganna, myndi viðmiðun söluverðs við annað tímamark en það er söluverðið er ákveðið á, þ.e. kaupsamningsgerð, skekkja verðstuðulsútreikninga samkvæmt reglum laganna.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna í atkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar er ég samþykkur dómsorði í atkvæðinu.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála atkvæði meirihluta dómara af eftirgreindum ástæðum.

Í 15. gr. reglugerðar um tekjuskatt og eignarskatt nr. 245, 31. desember 1963, er m.a. fjallar um ágóða af sölu fasteigna, segir svo í 3. mgr.: „Sölugróði er skattskyldur það ár, sem afsal er gefið fyrir hinni seldu eign."

Reglugerð þessi var sett samkvæmt heimild í lögum nr. 70, 28. apríl 1962 og lögum nr. 22, 9. mars 1956. Eftir það hefir lögunum um tekju- og eignarskatt margsinnis verið breytt. Hins vegar hefir ný reglugerð á þessu sviði réttarins enn eigi verið sett. Verður því

að telja þau ákvæði framangreindrar reglugerðar, sem ekki brjóta á ótvíræðan hátt í bága við skýr lagafyrirmæli er síðar hafa verið sett, enn í gildi.

Í málflutningi af hálfu gagnáfrýjanda hefir ekki verið bent á neitt ákvæði í lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 né í öðrum lögum, er nefnt reglugerðarákvæði gangi í berhögg við.

Hagnaður af sölu húsnæðis þess, er mál þetta tekur til, er skattskyldur samkvæmt 11. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981. Í 1. mgr. þeirrar lagagreinar segir að hagnaðurinn teljist að fullu til skattskyldra tekna „á söluári", án nánari skilgreiningar á því, hvernig túlka beri. Þetta orðalag orkar tvímælis. Annars vegar má skilja það svo, að átt sé við ár það, er seljandi lofar að selja eign með kaupsamningi og hins vegar það ár, sem hann selur eign af hendi með afsali. En hér sker 3. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar nr. 245/1963 úr þessum vafa, þar eð hún mælir svo fyrir að afsalsár skuli ráða. Eg get ekki fallist á þá skoðun meirihlutans, að framangreint ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 75/1981, skýrt með hliðsjón af 2. mgr. 60. gr. sömu laga sbr. áður lög nr. 70/1962 18. gr. 2. mgr., lög nr. 46/1954, 7. gr. i.f. og lög nr. 6/1935 7. gr. i.f., leiði til annarrar niðurstöðu.

Í öllum þessum lagaákvæðum, sem gilt hafa fyrir og eftir setningu reglugerðar nr. 245/1963, segir svo: „Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ.e. þegar krafa vegna þeirra hefur myndast á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða."

Ljóst er að orðin „að jafnaði" í þessum lagatexta merkja venjulega eða yfirleitt, enda kemur það heim og saman við lok málsgreinarinnar þar sem gerð er undantekning um „óvissar tekjur". Þegar þetta er haft í huga, verður að telja að ráðherra hafi verið heimilt að mæla svo fyrir í 3. mgr. 15. gr. margnefndrar reglugerðar nr. 245/1963, að sölugróði væri skattskyldur það ár, sem afsal er gefið fyrir hinni seldu eign. Þessi skýringarkostur er og í fullu samræmi við þá grundvallarreglu skattaréttar, að skýra beri skattalög, eins og önnur íþyngjandi lagaákvæði, þröngt, og að velja beri þann skýringarkost, sem gjaldþegn er hagkvæmastur, séu lög tvíræð. Samkvæmt framansögðu tel ég að dæma beri gagnáfrýjanda til að endurgreiða hina umstefndu fjárhæð með vöxtum, svo sem í vara-

kröfu greinir, enda fá vaxtaákvæði 112. gr. 2. mgr. laga nr. 75/1981 eigi staðist gagnvart 67. gr. Stjórnarskrárinnar nr. 33, 17. júní 1944, þegar um er að tefla endurgreiðslu á skatti, sem álagður hefir verið og innheimtur andstætt lögum.

Ég er sammála ákvörðun meirihlutans um gjafsóknar- og málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. desember 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 5. desember sl., hefur Charlotta Steinþórsdóttir, Þórsgötu 1, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 18. júní sl. á hendur Gjaldheimtunni, Tryggvagötu 28, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 140.237,00 með 5% vöxtum á mánuði af kr. 42.698,00 frá 1.9. 1983 til 21.9. s.á., 4,75% vöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 30.11. s.á., 4% vöxtum af kr. 107.724,00 frá þeim degi til 21.12. s.á., 3,25% á mánuði af kr. 140.237,00 frá þeim degi til 21.1. 1984 og 2,5% á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnandi fékk með bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 18. júlí sl. gjafsókn hér í héraði.

Af halfu stefnda er sótt þing og þær kröfur gerðar að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo:

„Með kaupsamningi, dags. 20. okt. 1982 skuldbatt dánarbú Þorbjörns Þórðarsonar, Þórsgötu 1, sig til að selja Bjarna Árnasyni, nnr. 1200-7558, Haukanesi 23, Garðabæ, hluta húseignarinnar nr. 1 við Þórsgötu, Reykjavík. Seljendur skyldu afhenda eignina 1. janúar 1983 og njóta alls arðs af henni til þess tíma og greiða af henni skatta og skyldur.

Charlotta Steinþórsdóttir, stefnandi máls þessa, situr í óskiptu dánarbúi látins eiginmanns síns Þorbjörns Þórðarsonar og félagsbúi sínu. Henni var gert að greiða kr. 187.369,00 samtals í skatta árið 1983. Þann 5. ágúst 1983 kærði endurskoðandi stefnanda þessa skattaálagningu og fór fram á að fallið yrði frá skattlagningu söluhagnaðar. Þann 25. (sic) nóvember 1983 hafnaði skattstjórinn í Reykjavík þessari kröfu. Stefnandi kærði úrskurð hans til Ríkisskattanefndar sem einnig hafnaði kröfu stefnanda með úrskurði dags. 27. febrúar 1983 (sic).

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að hagnaður af sölu hluta Þórsgötu 1 hafi verið skattlagður í samræmi við 20. gr. l. 75/1981 um tekju- og

eignarskatt. Samkvæmt því ákvæði teljist söluhagnaður til skattskyldra tekna á söluári. Í lögunum sé ekki að finna hvað telja skuli söluár. Í reglugerð nr. 245/1963 segi í 15. gr.: „Söluágóði (sic) er skattskyldur það ár, sem afsal er gefið út fyrir hinni seldu eign." Er því haldið fram að meginreglu þeirri, sem í þessu ákvæði felist, hafi aldrei verið breytt. Samkvæmt þessu lítur stefnandi svo á að þar sem afsal skyldi gefið út árið 1983 sé það söluár, og því skuli söluhagnaður, ef þá einhver verði, skattlagður árið 1984. Tekið er fram að stefnandi hafi tekið við leigutekjum af eigninni til 1. janúar 1983 og hafi greitt af henni skatta og skyldur til þess tíma.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að hann hafi greitt alla skatta sína og skyldur á réttum gjalddögum og sé hér því krafið um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem ofgreidd hafi verið. Í því sambandi vitnaði stefnandi til útreikninga Sigurðar Tómassonar endurskoðanda, sem frammi liggja í málinu, og vottorðs ríkisskattstjóra dskj. 18.

Af hálfu stefnda er bent á að skattar ársins 1983 hafi verið lagðir á í samræmi við óbreytt framtal og hafi verið greiddir á réttum gjalddögum án fyrirvara. Því er þó ekki haldið fram að fyrirvaralaus greiðsla komi í veg fyrir endurheimtu ofgreiddra gjalda og í því sambandi vitnað til 111. gr. laga nr. 75/1981. Þá er vitnað til 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981 um að allavega verði vaxtakrafa stefnanda ekki tekin til greina. Að öðru leyti er ekki lengur gerð athugasemd við fjárhæð dómkröfu.

Að öðru leyti er af hálfu stefnda vitnað til úrskurðar skattstjóra, dómskj. 12. Því er haldið fram að úrlausn þess ágreinings, sem fyrir liggur, velti á því hvort sala fasteignar í merkingu skattalaga sé talin fara fram við kaupsamning eða afsal. Ákvæði 3. mgr. 15. gr. reglug. nr. 245/1963 um tekju- og eignarskatt gildi bersýnilega ekki lengur vegna setningar nýrri laga um sama efni, sem gangi í gagnstæða átt. Í þessu sambandi er sérstaklega vitnað til 4. tl. 3. gr. laga nr. 7/1972 um breytingu á lögum nr. 68/1971 um tekju og eignarskatt. Einnig er vitnað til dóms Hæstaréttar frá 1969 bls. 145, í málinu: Gjaldheimtan í Reykjavík gegn Tómasi Ó. Tómassyni, en þar sé dagsetning kaupsamnings látin ráða úrslitum um skattskyldu söluhagnaðar.

Álit dómsins:

Í máli þessu er ekki um það deilt að umrædd gjöld hafi verið lögð á og innheimt frá réttum aðila.

Reglugerð nr. 245/1963, sem stefnandi byggir á kröfur sínar, er sett með heimild í lögum nr. 70/1962 og lögum nr. 22/1956. Síðan reglugerðin tók gildi hafa fjölmargar breytingar verð gerðar á skattalögum. Ný heildarlög hafa verið sett um tekju- og eignarskatt og breytingar lögleiddar. Sumpart eru ákvæði þessara nýju lagaákvæða ósamrýmanleg ákvæðum reglugerðar

nr. 245/1963. Ný heildarreglugerð hefur þó ekki verið sett og mun framkvæmdin sú að farið er eftir reglugerðinni í þeim mæli sem hún er ekki andstæð lögum. Meðal annars leiddu tekju- og eignarskattslög nr. 68/1971 og lög nr. 7/1972, sem voru breytingarlög við þau lög, til breytinga á skipulagi skv. ákvæðum 15. gr. reglug. nr. 245/1963, en á ákvæði í þeirri grein byggir stefnandi kröfur sínar. Breytingar þessar koma fram í E-lið 7. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 4. tl. 3. gr. laga nr. 7/1972. Í 4. tl. 3. gr. laga nr. 7/1972 segir m.a.: „Við kaup og sölu skulu tímamörk miðuð við dagsetningu kaupsamnings, en við nýbyggingu, að húsið sé íbúðarhæft."

Ákvæði þetta lesið í heild með E-lið 7. gr. laga nr. 68/1971 og öllum 4. tl. 3. gr. laga nr. 7/1972, verður ekki skilið öðru vísi en að eftir lögtöku tilvitnaðs ákvæðis hafi í skattalegu tilliti átt að miða sölu fasteignar við dagsetningu kaupsamings. Það er enda í samræmi við það sem talið er gilda á öðrum sviðum réttarins. Þótt ný skattalög hafi verið lögtekin án þess að tilvitnað ákvæði hafi verið endurtekið, verður ekki talið að regla 15. gr. reglugerðar nr. 245/1963 hafi fyrir það vaknað til lífsins. Kaupsamingur dómskj. nr. 3, sem hér er til skoðunar er dags. 10. október 1982. Samkvæmt ofanskráðu er því söluár samkvæmt honum 1982 og skattar og skyldur, sem af þeirri sölu leiddu, réttilega við það miðaðir.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af endurgreiðslukröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir með tilliti til málavaxta að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Samkvæmt 3. tl. 173. gr. laga nr. 85/1936 skal ríkissjóður greiða skipuðum talsmanni sóknaraðila, Einari Oddssyni hdl., talsmannslaun sem réttilega þykja ákveðin kr. 14.000,00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Charlottu Steinþórsdóttur, í máli þessu.

Ríkissjóður Íslands greiði skipuðum talsmanni stefnanda, Einari Oddssyni hdl., kr. 14.000,00 í talsmannslaun.

Föstudaginn 13. júní 1986.

Nr. 182/1986. **Ákæruvaldið**

gegn

Jóhanni Þórssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 5. þ.m. er barst Hæstarétti 6. þ.m. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi en til vara að gæsluvarðhaldið verði stytt. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði. Kæra er heimil samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 5. júní 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 5. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í fangelsinu við Síðumúla af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess að Jóhanni Þórssyni, nnr. 5002-5225, fæddum 27. júní 1959, til heimilis að Miðbraut 18, Seltjarnarnesi, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. júlí nk. kl. 17:00.

Kærði hefur mótmælt gæsluvarðhaldskröfunni.

Málavextir:

Frá því í septembermánuði 1984 hefur RLR margsinnis fengið til meðferðar kærur á hendur kærða vegna húsbrots og hótana í garð Laufeyjar Jóhannsdóttur, Álftamýri 15, Reykjavík, og nánustu ættingja hennar en

Laufey og kærði voru í sambúð í um það bil 4 ár þar til upp úr henni slitnaði á árinu 1984.

Að sögn kærða á háttsemi hans rætur að rekja til þess að hann hefur ekki getað sætt sig við sambúðarslitin og enn frekar vegna þess að hann hefur ekki fengið að umgangast barn þeirra sem fætt er 15. júlí 1985.

Var kærða af þessum sökum veitt lögregluáminning samkvæmt 232. gr. almennra hegningarlaga hinn 15. janúar sl. að undangengnum kærum um ónæðisathafnir að minnsta kosti fjórum sinnum, en hún virðist lítinn árangur hafa borið og er líða tók að páskum gerðust athafnir kærða ofstopafyllri en áður.

Í þágu rannsóknar málsins var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi með úrskurði sakadóms Reykjavíkur hinn 27. mars sl. til 23. apríl sl., jafnframt því að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.

Í ályktarorðum geðheilbrigðisrannsóknarinnar, sem er dagsett 26. maí sl., segir svo meðal annars:

„Að mínu áliti er Jóhann Þórsson ekki haldinn greindarskorti, en sýnir hins vegar ýmis einkenni um formlegan geðsjúkdóm (paranoid psychosis)."

... „Framangreind einkenni virðast fyrst og fremst einkennast af ofsóknarkenndum ranghugmyndum sem verða að líkindum mest áberandi þegar Jóhann mætir mótlæti og finnst þá að hann verði fyrir ranglátri meðferð."

...

„Ég tel að umræddur geðsjúkdómur hafi skert raunveruleikamat og dómgreind Jóhanns en auk þess eru óstöðug og óvænt tilfinningaviðbrögð oft samfara þessum sjúkdómi, sem getur haft í för með sér skerta sjálfsstjórn.

Af framanskráðu og með tilvísan til 15. og 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 tel ég að sakhæfi Jóhanns Þórssonar sé skert og ennfremur að refsing muni ekki bera árangur í þessu tilviki. Ég tel ennfremur að Jóhann þurfi á geðlæknismeðferð að halda, að líkindum til lengri tíma.

Batahorfur eru óljósar, en fara meðal annars eftir því hvort Jóhann treystir sér til að taka reglubundinni meðferð, þar með talin lyfjameðferð, en ekki síður hvort honum tekst að koma aftur undir sig fótunum, það er í atvinnulífi, fjárhagslega og í tilfinningasamböndum."

Kærði var látinn laus úr gæsluvarðhaldi hinn 21. apríl sl. Virðist svo sem hann hafi um hríð látið af þeim athöfnum sem hann sætti gæsluvarðhaldi fyrir en hinn 5. maí sl. veittist hann að fyrrverandi sambýliskonu sinni á vinnustað hennar.

Hinn 2. þessa mánaðar kom kærði aftur á sama vinnustað en þá hafði fyrrum sambýliskonu hans verið gert aðvart um að hann væri á leiðinni þangað, en hann hafði þá verið í dómsmálaráðuneytinu þar sem honum hafði verið tilkynnt að hann fengi ekki að sjá barn sitt næstu 6 mánuðina.

Eins og niðurstöður geðheilbrigðisrannsóknar gefa til kynna á ákærði við veruleg geðræn vandamál að stríða og vafasamt hvort refsing muni bera tilætlaðan árangur. Augljóst er að kærði þarf á áframhaldandi geðlæknisfræðilegri meðferð að halda.

Á hinn bóginn ber að líta til þess, að framferði kærða svo skömmu eftir að hann var laus úr gæsluvarðhaldi bendir eindregið til þess að hann hyggist ekki láta af athöfnum sínum í garð barnsmóður sinnar og nánustu ættingja hennar, einkanlega eftir að dómsmálaráðuneytið hefur tilkynnt honum að hann fái ekki að njóta umgangsréttar við dóttur sína næstu 6 mánuði.

Rannsókn kærumála á hendur kærða er nú lokið af hálfu RLR og munu þau á næstu dögum verða send ríkissaksóknara til fyrirsagnar.

Með skírskotunar til þess sem að framan greinir þykir verða að telja að skilyrðum 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 séu fyrir hendi og því beri að úrskurða að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 9. júlí nk. kl. 17:00.

Brot þau sem kærði er hér sakaður um geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 217., 232., 233. og 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhann Þórsson, sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 9. júlí 1986 kl. 17:00.

Mánudaginn 16. júní 1986.

Nr. 84/1985. **Bílaleigan hf.**

gegn

Toyotaumboðinu hf.

(Jóhannes L. L. Helgason hrl.)

Útivist áfrýjanda. Mál fellt niður. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Er mál þetta skyldi munnlega flutt í dag sótti enginn þing af hálfu áfrýjanda.

Stefndi krafðist að sér yrði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 75/1973 ber að fella málið niður og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Ákveðst hann 10.000,00 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, Bílaleigan hf., greiði stefnda, Toyota umboðinu hf., 10.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júní 1986.

Nr. 180/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhanni Þorgeirssyni og
Kaupstofunni

Kærumál. Hald á skjölum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Varnaraðilar hafa samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru dagsettri 28. f.m. er barst Hæstarétti 5. þ.m. Krefjast þeir þess að urskurðurinn verði felldur úr gildi og sér tildæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ákæruvalds er tekið fram að eigi verði séð að Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, er tók við birtingu úrskurðarins og bar fram kæruna fyrir hönd varnaraðila, hafi sýnt fram á umboð frá þeim til þess. Verði málið dæmt að efni til, er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Héraðsdómari gaf varnaraðilum kost á að tjá sig um kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins áður en hún var tekin til úrlausnar og lagði Hilmar Ingimundarson fram greinargerð af þeirra hálfu. Eins og hér hagar til þykir bera að líta svo á að hann hafi haft umboð til þess að koma fram fyrir hönd varnaraðila í máli þessu. Er því ekki næg ástæða til að ómerkja úrskurðinn og vísa málinu á ný heim í hérað.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir bera að staðfesta hann.

Krafa varnaraðila um málskostnað í héraði og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti er ekki tekin til greina.

Í greinargerð Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns dagsettri 11. mars 1986, sem lögð var fyrir héraðsdómara og skírskotað er til í greinargerð í kærumáli þessu, segir m.a. á þessa leið: „Þar sem RLR virðist vera ljóst að krafa þess (sic) um hald á

skuldabréfum umbj.m. á grundvelli 4. tl. bréfs ríkissaksóknara frá 3. janúar 1985 nái ekki fram, þá er gripið til þess ráðs að búa beinlínis til kæru á hendur umbj.m. um skjalafals." og ennfremur: „Skýrslutakan af umbj.m. hinn 7. febrúar sl. var því tilraun til yfirklórs af hálfu ákæruvaldsins og RLR ..." Ummæli þessi eru ósæmileg og ámælisverð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sératkvæði
Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara um að eigi beri að ómerkja hinn kærða úrskurð.

Af skýrslum, sem teknar hafa verið hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og í bæjarþingi Kópavogs og eru meðal gagna í þessu máli, kemur fram að varnaraðili Jóhann hafi eignast umrædd skuldabréf í viðskiptum við Jóhönnu Heiðdal sem bréfin voru gefin út til. Verður eigi séð að varnaraðili sé grunaður um að hann hafi eignast bréfin með ólögmætum hætti. Eigi er um það að ræða að ætla megi að bréfin verði gerð upptæk. Enda þótt fallast megi á að Rannsóknarlögreglu ríkisins hafi verið þörf á að kanna bréf þessi vegna rannsóknar sinnar út af kæru skuldarans, Kristjönu Guðmundsdóttur, á hendur Jóhönnu Heiðdal þykir eigi lengur þörf á að halda bréfunum vegna sönnunargildis þeirra, þar sem endurrit eða ljósrit af þeim kæmu að sama haldi. Þess er að geta að í málinu hafa ekki komið fram nein gögn um framvindu rannsóknarinnar eftir að dómur Hæstaréttar, sem getið er um í hinum kærða úrskurði, var kveðinn upp hinn 12. febrúar sl.

Samkvæmt því sem nú var rakið tel ég eigi lengur skilyrði 43. gr. laga nr. 74/1974 til þess að umræddum sjö veðskuldabréfum sé haldið og beri því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eigi tel ég lagaskilyrði til þess að dæma varnaraðilum málskostnað.

Ég tek undir ákvæði í atkvæði meiri hluta dómara um vítur vegna ósæmilegra ummæla í greinargerð umboðsmanns varnaraðila.

Úrskurður sakadóms Ólafsvíkur 30. apríl 1986.

Með bréfi dags. 1. mars 1986 hefur þess verið krafist að Rannsóknarlögreglu ríkisins verði með úrskurði heimilað að leggja hald á sjö verðtryggð veðskuldabréf, öll útgefin 4. ágúst 1983, hvert að fjárhæð kr. 50.000,00, tryggð með 5. og 6. veðrétti í fasteigninni nr. 17 við Vallholt í Ólafsvík, móttekin til þinglýsingar þann 8. ágúst 1983 með litranúmerum embættis sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og bæjarfógeta í Ólafsvík, nr. 1122/83-1126/83, 1130/83 og 1131/83. Skuldari bréfanna er Kristjana Guðmundsdóttir, nnr: 5903-0582, og kröfuhafi Jóhanna J. Heiðdal, nafnnúmer: 5026-5846, en bréf þessi eru í vörslu embættis sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetans í Ólafsvík vegna nauðungaruppboðs í umræddri fasteign að Vallholti 17, Ólafsvík.

Vísað er til 43. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og krafan um heimild til að leggja hald á framangreind veðskuldabréf gerð 1) í þágu rannsóknar RLR-málsins nr. 106/1984, sem fram fer vegna gruns um brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rannsóknin fer fram vegna kæru Arnmundar Bachmans hrl. f.h. útgefanda bréfanna, Kristjönu Guðmundsdóttur, Ásbúð 52, Garðabæ, en kæran barst Rannsóknarlögreglu ríkisins 12. janúar 1984, og 2) vegna rannsóknar Rannsóknarlögreglu ríkisins á ætluðu skjalafalsi við framsal umræddra framangreindra sjö veðskuldabréfa og aðild Jóhanns Halldórs Þorgeirssonar, nnr: 5001-0287, að því broti o.fl. brotum svo sem fram kemur í gögnum málsins, sbr. bréf ríkissaksóknara dags. 7. febrúar 1986 (M. 411/86) og lögregluskýrslur RLR, teknar sama dag vegna ætlaðs brots kærða Jóhanns Halldórs.

Málsatvik eru þau, að 29. júlí 1983 gerðu fyrrnefndar Kristjana Guðmundsdóttir og Jóhanna J. Heiðdal með sér kaupsamning um heildverslun Jóhönnu Heiðdal ásamt vörulager, tækjum og umboðum er Kristjana keypti af Jóhönnu.

Í kaupum þessum fylgdi allur vörulager verslunarinnar samkvæmt sérstakri vörutalningu, sem fram fór, og fylgdu samningnum 12 verðlistar, merktir 1-12.

Eftirfarandi umboð fylgdu með í kaupunum:

a) Mary Quant, snyrtivörur,
b) Cutrin-hársnyrtivörur,
c) Vagabond-snyrtitöskur,
d) Gillqruist & Sons- baðsnyrtivörur,
e) Nylon housery (sokkabuxur o.fl.),
f) Dolares Hats, M.Q. slæður.
g) Pictutorial, sápur og gjafavörur,

h) Christen Sonning-belti,

i) Beujanglas.

Um umboðin segir svo í kaupsamningi aðila: „Ofangreind umboð framseljast af seljanda til kaupanda. Seljandi lýsir því yfir að hann hafi einkasöluleyfi fyrir umboðum a. til f., en hafi munnleg einkasöluleyfi fyrir öðrum umboðum. Samningi þessum fylgja skrifleg vottorð frá þremur aðilum, en seljandi skuldbindur sig til að afla skriflegs einkasöluleyfis frá Max Factor (Mary Quant) fyrir 1. desember 1983. Jafnframt lýsir seljandi því yfir, að hann muni reyna að afla skriflegra leyfa fyrir öðrum umboðum.“ Í 4. gr. kaupsamningsins segir eftirfarandi: „Kaupanda eru allar skuldbindingar Jóhönnu Heiðdal óviðkomandi með öllu.“ Í 5. gr. kaupsamningsins er svo samið um kaupverð, sem er samtals kr. 3.500,000,00. Kaupverð þykir hafa verið hátt og verið fyrst og fremst byggt á því að umræddar vörubirgðir voru auðseljanleg vara eins og seljandi er sagður hafa haldið fram við kaupin. Við rannsókn málsins kom hins vegar fram að þessar vörubirgðir reyndust að miklum hluta úreltar og óseljanlegar. Yfirlýsingar kærðu, Jóhönnu Heiðdal, um árlega veltu fyrirtækisins fengu heldur ekki staðist.

Þá hefur komið fram við rannsókn málsins að kærða hafði ekki óskoraðan rétt til að framselja dreifiumboð þau er hún hafði, til annarra aðila, enda í sumum tilvikum aðeins um venjuleg viðskiptasambönd að ræða. Auk þess skuldaði kærða erlendum dreifiaðilum snyrtivara verulegar fjárhæðir sem voru gjaldfallnar þegar kaupsamningurinn við Kristjönu Guðmundsdóttur var undirritaður. M.a. fékk kaupandi aldrei skriflegt einkasöluleyfi frá Max Factor (Mary Quant), enda hafði seljandinn, kærða Jóhanna Heiðdal, ekki neina heimild frá umbjóðendum sínum til að selja umboðið Mary Quant svo sem gert var og umbjóðandanum hafði ekki verið tilkynnt um söluna. Kom í ljós að seljandinn skuldaði Max Factor £ 10,436,29 og hinn nýi eigandi fyrirtækisins, heildverslunar Jóhönnu Heiðdal, samkvæmt samningnum, fékk þar af leiðandi ekki afgreiddar pantanir frá Max Factor. Skuld þessi var gjaldfallin þegar aðilar undirrituðu kaupsamninginn.

Svo sem fyrr greinir var umsamið kaupverð heildverslunar Jóhönnu Heiðdal kr. 3.500.000,00 og var að öllu leyti greitt með veðskuldabréfum. Hvert bréf var að fjárhæð kr. 50.000,00. Meðal þeirra veðskuldabréfa, er kaupverðið var greitt með, eru þau 7 bréf sem krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um hald í máli þessu lýtur að og áður hefur verið lýst. Fram hefur komið að Rannsóknarlögregla ríkisins hafi þegar áður lagt hald á nokkur bréf sem gefin voru út vegna þessara viðskipta og notuð hafa verið í lögskiptum. Með úrskurði sakadóms Ólafsvíkur 18. nóvember 1985 var lagt hald á 6 veðskuldabréf af umræddum bréfum er höfðu verið framseld með

svokölluðu eyðuframsali af Jóhönnu J. Heiðdal, andstætt skilyrðum verðtryggingar samkvæmt 39. gr. laga nr. 13/1979. Áður nefnd 7 bréf, sem fjallað er um í þessu máli, eru hins vegar framseld Jóhanni Þorgeirssyni, nafnnúmer: 5001-0287, en hann hefur síðan framselt fjögur þeirra einkafirma sínu, Kaupstofunni, nnr: 5579-4987. Í greinargerð með bréfi Rannsóknarlögreglu ríkisins dags. 1. mars sl. segir svo: „Jóhann Þorgeirsson lýsti því í yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 22. júní 1984, er honum var gerð grein fyrir rannsókn máls þessa (þ.e. RLR-máls nr. 106/84), að bréf þau, er hann hafði þá undir höndum, væru með eyðuframsali Jóhönnu J. Heiðdal og bera þau bréf því nú ranglega með sér að framsal hafi farið fram, en ætla mátti að framseljandi, Jóhann Þorgeirsson væri grandlaus um kaupmál þetta. Dagsetningar þær, sem fram koma á bréfum er Jóhann Þorgeirsson og Kaupstofan eru taldir eigendur að, hafa því bersýnilega verið rangfærðar í því skyni væntanlega að renna frekari stoðum undir grandleysi handhafa bréfanna."

Í umræddri yfirheyrslu (skjal 2, bls. 36-38 í rannsóknargögnum málsins) 22. júní 1984 var mætti spurður hvort hann væri skráður kröfuhafi á skuldabréf þessi. Svar hans var bókað orðrétt: „Þessi bréf, sem ég á, eru framseld eyðuframsali af Jóhönnu Heiðdal. Ég er ekki skráður kröfuhafi á bréfin." Og í lok yfirheyrslunnar segir mætti: „að hann og Jóhanna hafi verið með samkomulag sín á milli um að mætti leysti út vörur fyrir Jóhönnu sem hún endurgreiddi þegar varan seldist. Mætti neitar alfarið að hafa lánað Jóhönnu peninga en segir hana hafa sóttst eftir slíku láni sem mætti neitaði."

Nokkrum dögum áður, þ.e. 14. júní 1984, var kærða Jóhanna til yfirheyrslu hjá RLR. (skjal 2 bls. 30-31 í rannsóknargögnum málsins). Hún var beðin að skýra frá ráðstöfun sinni á þeim skuldabréfum sem hún fékk frá Kristjönu Guðmundsdóttur og fyrr er um rætt. Í lok þeirrar greinargerðar kemur hún að þætti nefnds Jóhanns Þorgeirssonar og segir orðrétt (2-31): „Afganginn af þessum bréfum, alls 20 stk., að nafnverði kr. 1.000.000,00, lét ég til Jóhanns Þorgeirssonar. Hann rekur firma með nafninu Kaupstofan og var á horninu á Hverfisgötu og Vitastíg í Reykjavík. Jóhann þessi lánaði mér um kr. 300.000,00 á sl. ári 1983, líklega í apríl. Hann sagði svo, þegar ég kom með bréfin, að hann greiddi mér eitt, en með afganginum, bréfum fyrir kr. 950.000,00 værum við kvitt. Ég var ekki sammála því en gat ekkert gert.

Þannig ráðstafaði ég öllum skuldabréfunum frá Kristjönu til greiðslu á mínum skuldum."

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins og til rökstuðnings kröfunni um hald á veðskuldabréfunum er kærumál þetta lýtur að, og svo sem fram

komi í gögnum málsins, er bent á að rekstur heildverslunar Jóhönnu J. Heiðdal hafi verið erfiður og óviðráðanlegur vegna mikilla skulda hér heima og erlendis. Um þetta hafi lánardrottnum kærðu Jóhönnu verið kunnugt og því ástæða til að ætla að sala fyrirtækisins væri almennt útilokuð, þar sem rekstursgrundvöllur þess var brostinn. Framsal lánardrottna kærðu Jóhönnu á veðskuldabréfum hennar vegna sölu fyrirtækisins hafi því tæpast farið fram án þess að þeim mætti vera ljóst að um blekkingu hafi verið að ræða við söluna, en meðal lánadrottna kærðu var Jóhann Þorgeirsson.

Nefndur Jóhann Þorgeirsson var yfirheyrður öðru sinni hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 7. febrúar 1986 og þá að kröfu ríkissaksóknara í framhaldi af því er fram hafði komið við meðferð RLR-málsins nr. 106/84 og gagngert snerti viðskipti hans við kærðu Jóhönnu. Hann var þá yfirheyrður sem kærður eða grunaður um ætlað brot og gætt ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974.

Til rökstuðnings framangreindri kröfu ákæruvaldsins um frekari rannsókn á þætti kærða Jóhanns, og verjandi hans Hilmar Ingimundarson hrl. vitnar til í greinargerð sinni, dskj. nr. 6, segir ríkissaksóknari m.a. svo: „Af fyrirliggjandi rannsókn má þegar leiða rökstuddan grun um refsiverða háttsemi Jóhanns Halldórs Þorgeirssonar, eiganda umræddra sjö veðskuldabréfa, því ætla má, samkvæmt framburði kærðu Jóhönnu Lusindu á skjali nr. 2 bls. 31 og vætti Jóhanns Halldórs á skjali nr. 2 bls. 36-38, að þessara veðskuldabréfa hafi Jóhann Halldór aflað í okurviðskiptum og að Jóhann Halldór hafi á öll umrædd sjö veðskuldabréf, þingskjöl nr. 2, 4, 6, 8, 10, 12 og 14, í áðurgreindu uppboðsréttarmáli nr. 46/1985, sem öll voru framseld af Jóhönnu Lusindu ódagsettum eyðuframsölum, falsað þær framsalsáritanir og breytt í framsal sjálfum sér til handa með dagsetningum 1. október 1983 og með þeim fölsuðu framsalsáritunum séu veðskuldabréfin lögð fram í uppboðsrétti."

Vegna kröfu ríkissaksóknara um frekari rannsókn á þætti kærða, Jóhanns Þorgeirssonar, var hann yfirheyrður hjá RLR þrisvar sinnum sama dag, hinn 7. febrúar sl.

Í fyrstu yfirheyrslunni var hann spurður um hvort dagsetningar framsala á hér umræddum skuldabréfum séu réttar. Svar: „Það get ég nú ekki alveg sagt um, en eignabreytingarnar fara fram á þessum dögum allavega.". Hann neitaði að hafa dagsett framsöl bréfa þessara eftir að hann var yfirheyrður hjá RLR 22. júní 1984, en þá kom fram að bréfin væru með eyðuframsali kærðu Jóhönnu Heiðdal. Er kærða var bent á að framburður hans um framsöl bréfanna væri ekki í samræmi við framburð hans um sama efni við yfirheyrslu 22. júní 1984 sagðist hann engu geta svarað um það

atriði og kvaðst ekki skilja í því að svo geti verið. Hann neitaði algerlega kæruefninu, þ.e, að hann hefði sett framsöl til sín og frá sér til Kaupstofunnar inn á bréf þessi eftir yfirheyrsluna yfir honum 22. júní 1984.

Í annarri yfirheyrslunni viðurkenndi kærði Jóhann að hafa árið 1983 keypt veðskuldabréf af Jóhönnu Heiðdal, 17 bréf, hver að fjárhæð kr. 50.000,00, alls kr. 850.000,00, öll útgefin af Kristjönu Guðmundsdóttur. Hann neitaði því að hafa lánað Jóhönnu peninga, heldur aðeins aðstoðað hana lítilsháttar árið 1982 og þá með þeim hætti að greiða fyrir hana toll af vörusendingu. Hann kvaðst ekki muna hvaða kjör hafi verið á þessum viðskiptum við Jóhönnu Heiðdal, segist hafa keypt bréfin með einhverjum afföllum sem hann mundi ekki hver voru. Um greiðslu bréfanna segir hann sig ráma í að Jóhanna hafi fyrst endurgreitt honum tollinn af vörunum með víxli, en þennan víxil hafi hann síðan notað til að skuldajafna við Jóhönnu þegar hann tók hjá henni skuldabréfin 1983.

Í þriðju yfirheyrslunni upplýsti kærði Jóhann að hann væri einkaeigandi firmans Kaupstofunnar en starfrækti það ekki lengur. Hann gaf ýmsar upplýsinga um fyrirtækið. Þá var kærða að nýju bent á að framburður hans um framsöl skuldabréfanna, sem hann keypti af Jóhönnu Heiðdal og skýrði frá við fyrri yfirheyrslu þennan sama dag, sé ekki í samræmi við framburð hans um sama efni í skýrslunni hjá RLR 22. júní 1984..... „Mætti segist ekki hafa skýringu á þessu, hann trúi varla að svo geti verið, en ef misræmi sé í hans framburði þá hljóti hann að hafa misskilið það sem hann hafi verið spurður að í annað hvort skiptið." Framburður kærða er samkvæmt þessu fremur óljós.

Kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um að hald verði lagt á umrædd sjö veðskuldabréf er mótmælt af hálfu réttthafa þeirra samkvæmt formlegri heimild, þ.e. Jóhanns Halldórs Þorgeirssonar og Kaupstofunnar. Þessum aðilum hefur verið gefinn kostur á að tala máli sínu vegna kröfunnar og hefur lögmaður þeirra, Hilmar Ingimundarson hrl., lagt fram skriflega greinargerð. Hann gerir þær dómkröfur að synjað verði kröfu RLR um hald á framangreindum veðskuldabréfum. Jafnframt er krafist lögmannsþóknunar að mati réttarins.

Lögmaðurinn byggir kröfu sína um synjun á því að í RLR-málinu nr. 106/84 þar sem Jóhanna J. Heiðdal, nú Jóhanna Lusinda Vilhjálmsdóttir, er kærð fyrir ætlað brot á 248. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 séu umbjóðendur hans, Jóhann Þorgeirsson og Kaupstofan, hvergi nefndir. Hins vegar komi fram að Rannsóknarlögregla ríkisins vinni að rannsókn á ætluðu skjalafalsi við framsal bréfanna og aðild Jóhanns Þorgeirsonar að því broti, er helst sé að skilja að sé fólgið í því að dagsetnigar þær sem fram koma í bréfum Jóhanns, hafi verið rangfærðar. Þessu er alfarið mótælt af hálfu kærða Jóhanns og vísað til framburðar hans hjá RLR 7. febrúar sl. Síðan segir

í greinargerð lögmannsins orðrétt: „Vísar umbj.m. á bug órökstuddum fullyrðingum vararíkissaksóknara um okurviðskipti og skjalafals, enda ekkert það fram komið í málinu sem réttlætt gæti slíkar ásakanir. Kærða, Jóhanna Heiðdal, hefur hvergi haldið því fram í skýrslum sínum hjá RLR að umbj.m. hafi aflað sér þessara skuldabréfa með okri eða fölsun. Rökstuddur grunur um slíka háttsemi liggur því ekki fyrir. Skýrslutakan af umbj.m. hinn 7. febrúar sl. var því tilraun til yfirklórs af hálfu ákæruvaldsins og RLR, þegar þessum aðilum var ljóst í hvert óefni málið var komið og umbj.m. höfðu kært úrskurð sakadóms Ólafssvíkur til Hæstaréttar Íslands. Af hálfu Hæstaréttar er réttilega bent á, að umbj.m. „hafa formlegar heimildir sem eigendur þeirra skuldabréfa sem hér er fjallað um."

Með greinargerðinni fylgja ljósrit af sjö tilkynningum eða skilagreinum, dags. 30.1. 1984, frá bankastofnun sem haft hefur bréfin til innheimtu, þar sem Jóhann Þorgeirsson, Álfheimum 25, Reykjavík, er skráður viðtakandi greiðslu, og er ætlað að færa sönnun á framsöl bréfanna. Þar er ekki minnst á Kaupstofuna þrátt fyrir hið „formlega framsal" til þess aðila pr. 1.1. 1984. Kvittun sú (bls. 2, 41 ranns.gögnum málsins) sem vitnað er til vegna greiðslu fyrir skuldabréfin, dags. 18. september 1983, tilgreinir ekki nafnverð bréfanna sem verið er að greiða fyrir með peningum og víxlum, heldur kemur þar aðeins fram að þau séu 17. Slík gögn hafa augljóslega takmarkaða þýðingu til sönnunar varðandi kæruatriði þau sem liggja til grundvallar kröfu um hald í máli þessu.

Niðurstaða:

Krafa um hald á sjö veðskuldabréfum í máli þessu er gerð vegna rannsóknar RLR-málsins nr. 106/84 vegna ætlaðra fjársvika af hálfu kærðu Jóhönnu Heiðdal í sambandi við sölu hennar á heildsölufyrirtæki og þáttar kærða, Jóhanns Þorgeirssonar, tengdum því máli vegna meðferðar hans á þessum sömu veðskuldabréfum er notuð voru sem hluti af greiðslu fyrir hið selda, og ennfremur í því sambandi, en þó rekið sem sérstakt mál, ætlað skjalafals og okurviðskipti með þessi sömu bréf af hálfu kærða Jóhanns þar sem hann hafi beitt blekkingum í viðskiptum með bréfin með því m.a. að rangfæra dagsetningar á framsöl til sín (og frá sér til Kaupstofunnar) á þeim, til að láta líta svo út að hann sem handhafi bréfanna með „formlegri heimild" til þeirra samkvæmt þannig rituðu framsali á bréfunum hafi verið grandlaus um tilurð bréfanna og kæruatriði þau sem þess vegna eru til rannsóknar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þeirra lögskipta er að baki þeim liggja.

Fyrir liggur að umrædd veðskuldabréf hafa verið lögð fram í uppboðsrétti Ólafsvíkur í málinu nr. 46/1985. Hilmar Ingimundarson hrl. v/Kaupstofunnar og Jóhanns Þorgeirssonar o.fl. gegn Jóni Guðmundssyni og

Kristjönu Guðmundsdóttur, þar sem krafist er nauðungaruppboðs á Vallholti 17, Ólafsvík, (til lúkningar fjárkröfum samkvæmt bréfunum) og tilheyra bréfin sem slík því nú uppboðsréttinum sem dómsskjöl. Málið var þingfest 12. júní 1985. Síðan hefur því verið frestað vegna ágreinings málsaðila um hvort krafan um nauðungaruppboð skuli ná fram að ganga. Það atriði hefur enn ekki verið tekið til úrskurðar.

Krafan um hald er gerð með vísun til 43. gr. laga nr. 74/1974. Rannsókn á ætluðum brotum, sem eru til meðferðar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt framanrituðu, er ólokið.

Vegna hinna miklu réttarhagsmuna sem þykja liggja fyrir í málum þessum og í þágu rannsóknar þeirra með vísun til þess sem hér hefur verið rakið og fyrirliggjandi skjala og rannsóknargagna, og þar sem skilyrðum 43. gr. laga nr. 74/1974 þykir vera fullnægt, enda nauðsynlegt að frumrit veðskuldabréfanna verði lögð fram í málinu, ber að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um hald og því

úrskurðast:

Rannsóknarlögreglu ríkisins skal vera heimilt að leggja hald á framangreind sjö verðtryggð veðskuldabréf í þágu rannsóknar opinberra mála samkvæmt framanrituðu á meðan meðferð þeirra stendur yfir.

Miðvikudaginn 18. júní 1986.

Nr. 251/1984. **Bára Kolbrún Pétursdóttir**
Alda Guðbjörg Pétursdóttir og
Víðir Már Pétursson f.h. dánarbús
Péturs Jónassonar
(Árni Halldórsson hrl.)
gegn
Grétari Heimi Helgasyni
(Sveinn Snorrason hrl.)

Lífsgjöf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjendur skutu héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. desemer 1984 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, útgefnu sama dag. Áfrýjendur krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og dómkröfur þeirra í héraði teknar til greina, þ.e. að gjafaafsal útgefið af föður þeirra, Pétri Jónassyni, dagsett 28. júlí 1983, verði dæmt ógilt og að þar greindar eignir komi til skipta í dánarbúi hans. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Líta verður svo á eftir gögnum málsins að héraðsdómi sé áfrýjað af hálfu dánarbús Péturs Jónassonar þó að þess sé ekki berlega getið í áfrýjunarstefnu.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber áfrýjendur til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti og þykir hann hæfilega ákveðinn 25.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Bára Kolbrún Pétursdóttir, Alda Guðbjörg Pétursdóttir og Víðir Már Pétursson f.h. dánarbús Péturs

Jónassonar, greiði stefnda, Grétari Heimi Helgasyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Í lokakafla hins áfrýjaða dóms segir m.a. svo: „Þótt gjöfin hafi verið efnd í lifanda lífi Péturs Jónassonar sker það ekki að fullu úr um, hvort hún verður talin lífsgjöf eða dánargjöf, sbr. lokamálslið 54. gr. erfðalaga nr. 82, 1962 um gjafir á dánarbeði." Síðan vísar héraðsdómari til framburðar vitnanna Helga Seljan og Unnar Bjargar Gunnlaugsdóttur um að sýnt hafi verið fram á, að Pétur Jónasson hafi um nokkurt skeið haft í hyggju að gefa stefnda umræddar eignir eða a.m.k. hluta þeirra.

Í framburði vitnisins Unnar Bjargar Gunnlaugsdóttur kemur fram, að vitnið hafði heyrt Pétur heitinn tala um að Grétar Heimir fengi hlutdeild í eignum hans og að hann hafi verið fastur á því að gengið yrði þannig frá málum, að Heimir fengi Laufás. Ekki verður af framburði þessum neitt ráðið um það með hverjum hætti Pétur Jónasson ætlaði að tryggja Grétari Heimi þetta, þ.e. hvort hann ætlaði að gefa honum eignirnar eða ánafna í arfleiðslugerningi. Þá kveður vitni þetta ekki hafa komið fram hjá Pétri hvenær þetta ætti að gerast. Vitnið kveður þessa umræðu hafa farið fram áður en það fluttist úr nágrenni við Pétur á árinu 1982.

Í vottorði Helga Seljan segir að Pétur Jónasson hafi oft rætt um það við hann (Helga) „að hann þyrfti að ráðstafa eignum sínum á þann veg að tryggt yrði að Grétar Heimir Helgason væri eigandi er hann félli frá."

Ég tel, að á orðalagi þessa vottorðs sé niðurstaða héraðsdóms byggð.

Afsalið var gefið út á dánarbeði svo sem mér virðist héraðsdómari ganga út frá í hinni tilgreindu málsgrein í héraðsdóminum, enda staðfesta læknisvottorð það hvort sem Pétri Jónassyni hefur verið sagt það berum orðum eða ekki að hann væri að deyja. Ég tel niðurstöðu dómsins reista á orðalagi vottorðs Helga Seljan svo sem að framan greinir, vætti lækna um skýra hugsun Péturs heitins, sem

ég fæ ekki séð að ráði úrslitum er skorið er úr um hvort um lífsgjöf eða erfðagerning hafi verið að ræða, og almennri heimild eignarréttar til þess að ráðstafa eignum í lifanda lífi. Hið síðasta er máli því sem hér þarf að skera úr um einnig óviðkomandi, þar sem úrlausnarefnið er ekki um það hvort mönnum sé heimil slík ráðstöfun inter vivos, heldur hitt, hvort um lífs- eða dánargerning hafi hér verið að ræða. Ég tel þá vottorð vitnisins Helga Seljan eitt verða að standa undir niðurstöðu héraðsdóms um að um lífsgjöf hafi verið að ræða þótt á dánarbeði hafi verið gefin, þar sem hér hafi aðeins verið um að ræða formlega staðfestingu á áður veittri gjöf. Þetta tel ég ekki eitt sér nægjanlega sterkan grundvöll til þess að víkja til hliðar þeirri meginreglu íslensks réttar, að skylduerfingjar verði ekki sniðgengnir nema að fullnægðum ströngum reglum og takmörkunum erfðalaga.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að það hafi verið reifað í héraði á þeim grundvelli, að gjafaafsalið gæti verið gilt sem arfleiðslugerningur innan ráðstöfunarheimildar arfleiðanda og málið var eigi heldur reifað á þeim grundvelli fyrir Hæstarétti. Ég tel því að takmarka beri niðurstöðu dóms í þessu máli við skjalið sem löggerning inter vivos og er því niðurstaða mín sú að taka beri til greina dómkröfu áfrýjenda um ógildingu skjalsins sem gjafagernings án þess að með því sé skorið úr um hugsanlega þýðingu þess sem arfleiðslugernings.

Ég tel rétt að málskostnaður falli niður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Suður-Múlasýslu 15. júní 1984.

I.

Mál þetta er höfðað með stefnu birtri 23. febrúar sl.

Stefnendur eru Bára Kolbrún Pétursdóttir, Steinholtsvegi 11, Eskifirði, nnr. 0962-8436, Alda Guðbjörg Pétursdóttir, Brekkugötu 5, Reyðarfirði, nnr. 0206-7374 og Viðir Már Pétursson, Hæðargerði 15, Reyðarfirði, nnr. 9191-3119, fyrir hönd dánarbús Péturs Jónassonar.

Stefndur er Grétar Heimir Helgason, Seylu, Reyðarfirði, nnr. 2741-5598.

Dómkröfur stefnenda eru þær að gjafaafsal, útgefið af föður þeirra, Pétri Jónassyni, hinn 28. júlí 1983, verði dæmt ógilt þannig að þar greindar eignir komi til skipta í dánarbúi Péturs Jónassonar. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnds að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar að skaðlausu eða samkvæmt mati dómsins.

Málið var þingfest 29. febrúar sl. og dómtekið 30. f.m. að loknum munnlegum málflutningi.

Sáttaumleitun bar ekki árangur.

II.

Hinn 6. ágúst 1983 lést Pétur Jónasson, fæddur 23. september 1904, síðast til heimilis að Mánagötu 5 (Laufási), Reyðarfirði, á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Hann hafði verið lagður inn á sjúkrahúsið hinn 13. júlí s.á. vegna gulu, en strax lék grunur á að hann væri haldinn illkynja sjúkdómi. Staðfestist grunurinn við aðgerð daginn eftir og var sýnt að meinið, illkynja æxli í briskirtli, myndi draga hann til dauða á tiltölulega skömmum tíma.

Á meðan Pétur lá á sjúkrahúsinu, eða hinn 28. júlí 1983, undirritaði hann svohljóðandi „GJAFAAFSAL“:

„Ég undirritaður, Pétur Jónasson, Mánagötu 5, Reyðarfirði, nnr. 7099-7126, gef hér með dóttursyni mínum, Grétari Heimi Helgasyni, Seylu, Reyðarfirði, nnr. 2741-5598, sem er fjárráða, húseign mína nr. 5 við Mánagötu á Reyðarfirði ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, að fasteignamati kr. 286.000,00 tvöhundruðáttatíuogsexþúsund krónur.

Húseignin er gefin í því ástandi sem hún nú er í, með öllum þeim sömu réttindum og ég átti hana.

Á 1. veðrétti eignarinnar hvílir skuld við Lífeyrissjóð Austurlands, skv. veðleyfi mínu dags. 21/2 1978. Á 2. veðrétti eignarinnar hvílir skuld við Lífeyrissjóð Austurlands, skv. veðskuldabréfi útg. 20/3 1978, upphaflega að fjárhæð kr. 5.973,00, en nú að eftirstöðvum kr. 3.840,00. Tekur Grétar Heimir að sér greiðslu þessarar skuldar með samþykki Lífeyrissjóðs Austurlands, sbr. meðfylgjandi yfirlýsingu. Engar aðrar veðskuldir hvíla á eigninni og engar kvaðir.

Jafnframt gef ég Grétari Heimi hlut minn í jörðinni Sléttu, Reyðarfirði, og bifreiðina U-3604.

Engin skilyrði fylgja gjöf þessari. Afsalshafi skal greiða kostnað af stimplun og þinglýsingu skjals þessa.

Til staðfestu ritum við báðir nöfn okkar í votta viðurvist.“

Grétar Heimir Helgason, stefndur í máli þessu, samþykkti móttöku gjafar með nafnritun sinni á skjalið.

Gjafaafsalið var móttekið til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu hinn 5. ágúst 1983, degi áður en Pétur andaðist.

Erfingjar Péturs eru fjögur börn hans, þau Bára Kolbrún, Alda Guðbjörg, Víðir Már og Siggerður Svala, sem er móðir stefnds. Á skiptafundi

hinn 15. febrúar sl. fengu þrjú hin fyrst töldu leyfi skiptaréttar Suður-Múlasýslu til þess að höfða mál þetta.

III.

Í greinargerð stefnds kemur fram að stefndur hafi að miklu leyti verið alinn upp hjá afa sínum, Pétri heitnum, og ömmu, Bergljótu Einarsdóttur, sem var sambýliskona Péturs í 42 ár, en þau slitu samvistir á árinu 1979.

Eftir sambúðarslitin hafi stefndur búið hjá afa sínum og rekið með honum sauðfjárbúskap. Hafi Pétur lýst því yfir við ýmsa aðila að hann ætlaði að gefa dóttursyni sínum, stefndum, húseignina Mánagötu 5 og hluta sinn í jörðinni Sléttu. Hafi hann skýrt Helga Seljan alþingismanni frá þessu meðal annarra og jafnframt óskað eftir því að hann aðstoðaði sig við að ganga frá formlegum löggerningi í því skyni.

Lögð hefur verið fram í málinu yfirlýsing Helga Seljan, dags. 13. mars sl., þar sem segir:

„Ég undirritaður votta það hér með að á undanförnum árum ræddi Pétur heitinn Jónasson það oft við mig að hann þyrfti að ráðstafa eignum sínum þann veg að tryggt yrði að Grétar Heimir Helgason væri eigandi er hann félli frá. Þetta var margyfirlýst við mig af Pétri. Á sl. sumri hringdi hann til mín og kvaðst verða að koma þessum málum í umrætt horf.

Ég leitaði þá til Inger L. Jónsdóttur um aðstoð. Hún benti mér á form gjafabréfs sem Pétur heitinn taldi æskilegt og ágætt þrátt fyrir að ég greindi honum frá möguleikum lögerfingja til ógildingar.

Tiltók hann síðan áður en hann fór á sjúkrahúsið þau atriði sem hann vildi að fram kæmu í gjafaafsalinu. Þau voru sett þar öll og komið í löglegt form. Pétur gekk svo eftir því á sjúkrahúsinu að undirrita þetta sem fyrst en ég dró það nokkuð þar sem vænst var heimkomu hans. Þegar svo afsalið var undirritað 28. júlí 1983 var Pétur vel hress andlega og lýsti í lokin ánægju sinni með það að nú væri þetta komið í kring. Gjafaafsalið og þau atriði, sem þar voru upptalin, voru enda í fyllsta samræmi við allt það sem Pétur hafði áður greint mér frá og raunar ýmsum fleiri um vilja sinn til ráðstöfunar eigna sinna.“

Yfirlýsingu þessa hefur Helgi Seljan staðfest fyrir dómi.

Vitnið Magnús Guðmundsson hreppstjóri, Stekkjarbrekku 12, Reyðarfirði, kvaðst hafa búið um langan tíma í nágrenni við Pétur Jónasson og þekkt hann vel. Sagði vitnið að Pétri hefði þótt ákaflega vænt um stefndan og kvað hann konu sína hafa haft eftir Pétri á árinu 1981 og síðar að hann ætlaði stefndum húsið Laufás (Mánagötu 5) á Reyðarfirði.

Vitnið Unnur Björg Gunnlaugsdóttir, eiginkona Magnúsar Guðmundssonar hreppstjóra, kvaðst hafa heyrt Pétur heitinn tala um, og hafi hann

verið fastur á því, að hann gengi þannig frá málum að stefndur fengi Laufás.

Börn Péturs heitins, sem höfða mál þetta fyrir hönd dánarbúsins, hafa öll komið fyrir dóminn.

Bára Kolbrún Pétursdóttir kvað föður sinn aldrei hafa rætt við sig um að ráðstafa eignunum sem gjafaafsalið fjallar um. Hún kvaðst hafa spurt hann hvort hann vildi ráðstafa eignum með einhverjum hætti, en hann hafi eytt slíku tali, þó talað um að stefndur fengi að halda kindunum sem hann átti.

Hún sagði að læknir hefði sagt sér, eftir að faðir hennar var skorinn upp, að faðir hennar gengi með krabbamein. Hafi honum ekki verið sagt frá þessu, en hún taldi að hann hefði vitað það.

Víðir Már Pétursson sagði föður sinn aldrei hafa rætt um það við sig að ráðstafa eignum þeim sem gjafaafsalið fjallar um. Hann kvaðst ekki minnast þess að faðir hans hefði rætt um ráðstöfun eigna til handa stefndum, en hann hefði haft það á tilfinningunni að faðir hans vildi ráðstafa einhverju til stefnds.

Víðir kvaðst hafa vitað með hvaða sjúkdóm faðir hans gekk þegar hann lá á sjúkrahúsinu á Neskaupstað, en föður hans hafi ekki verið sagt frá því. Hann sagði sér hafa fundist koma fram í viðræðum þeirra að faðir hans hefði grun um sjúkdóminn.

Alda Guðbjörg Pétursdóttir kvað föður sinn hvorki hafa rætt við sig um ráðstöfun þeirra eigna sem gjafaafsalið fjallar um né annarra eigna. Hún sagði að aldrei hefði verið náið samband milli þeirra feðgina og þau ekki verið trúnaðarvinir. Hún hafi heimsótt hann oft á sjúkrahúsið í Neskaupstað og vitað hvað að honum gekk. Honum hafi ekki verið sagt frá því, að minnsta kosti hafi hún ekki gert það, en hann hafi oft talað um að hann væri að deyja.

Lögð hafa verið fram bréf Magnúsar Ásmundssonar, yfirlæknis á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, dags. 20. febrúar sl., og Eggerts Brekkan, yfirlæknis á sama sjúkrahúsi, dags. 27. mars sl., en í bréfum læknanna eru svör við fyrirspurnum lögmanna aðila um banalegu Péturs Jónassonar.

Í bréfi Magnúsar yfirlæknis til Árna Halldórssonar hrl. segir:

„Hér kemur svar við fyrirspurn þinni frá 15. febr. varðandi Pétur Jónasson, Mánagötu 5, Reyðarfirði.

Hann var lagður á sjúkrahúsið í hinsta sinn 13.07.83. og lést 06.08.83. Banamein hans var illkynja æxli í briskirtli með útsæði til lifrar.

Þegar hann kom á sjúkrahúsið var hann í allgóðu ástandi, en mjög gulur og var því daginn eftir gerð á honum aðgerð í því skyni að létta gallstíflu, sem hann hafði.

Hann komst á fætur, en hrakaði hægt og hægt uns hann lést. Dagana

26.-29.07.83 hafði hann þó lítils háttar fótaferð. Hann var algjörlega skýr í hugsun alla banaleguna, alveg framundir síðasta dag."

Í bréfi Eggerts yfirlæknis til Sveins Snorrasonar hrl. segir:

„1. Sjúklingur var lagður inn á sjúkrahúsið vegna gulu. Strax við komu hans þann 13.07. var sterkur grunur um að sjúklingur væri með illkynja sjúkdóm sem sannaðist við aðgerð daginn eftir. Vegna gulunnar var gert skammhlaup á gallvegum og hvarf þar eftir gulan. Orsökin var illkynja æxli í briskirtli með útsæði til lifrar og annarra líffæra í kviðarholi.

2. Það var ljóst strax eftir aðgerð þann 14.07. að sjúklingur hafði illkynja banvænan sjúkdóm sem mundi á tiltölulega stuttum tíma draga hann til dauða. Ekki mun sjúklingi sjálfum hafa verið skýrt frá þessu, en aðstandendum var strax skýrt frá hvað um væri að ræða.

3. Það er mjög sennilegt að sjúklingi til uppörvunar hafi honum verið sagt að ef hann hresstist mundi hann komast heim aftur af sjúkrahúsinu.

4. Það er ljóst að sjúklingur var algjörlega skýr í hugsun alla banaleguna alveg fram undir síðasta dag."

IV.

Af stefnenda hálfu er ríkust áhersla lögð á að Pétur Jónasson hafi gert gjafaafsalið á dánarbeði og verði það því að fullnægja reglum um erfðaskrár, sbr. 54. gr. erfðalaga nr. 8, 1962. Þar sem ekki hafi verið gætt ákvæða VI. kafla þeirra laga um form erðaskráa, beri að ógilda afsalið.

Þá er því haldið fram að jafnvel þótt formreglna erfðaskráa hefði verið fylgt beri að hafa gjafaafsalið að engu, þar sem hinn látni hafi ráðstafað meginhluta eigna sinna með því, eða 71,64% eignanna, miðað við skattframtal ársins 1982, og þannig brotið gróflega gegn ákvæðum 35. gr. erfðalaga.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að gjafaafsalinu hafi verið ætlað að koma til framkvæmda og það komið til framkvæmda að Pétri Jónassyni lifandi, enda þinglýst á meðan hann var enn á lífi og geymi það langvarandi yfirlýstan vilja hans. Um dánargjöf sé því ekki að ræða.

V.

Eins og rakið er hér að framan undirritaði Pétur heitinn Jónasson gjafaafsalið á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað hinn 28. júlí 1983 og afhenti stefnda sem samþykkti það með því að rita nafn sitt á skjalið. Afsalið var afhent til þinglýsingar hinn 5. ágúst 1983, degi áður en Pétur andaðist.

Sýnt er að Pétur Jónasson hafði þannig, á meðan hann lifði, svipt sig rétti til þess að ráðstafa eignum þeim sem greinir í afsalinu með löggerningi.

Þótt gjöfin hafi verið efnd í lifanda lífi Péturs Jónassonar sker það ekki

að fullu úr um hvort hún verður talin lífsgjöf eða dánargjöf, sbr. lokamálslið 54. gr. erfðalaga nr. 82, 1962 um gjafir gefnar á dánarbeði.

Með vætti vitna hefur stefndur sýnt fram á, að Pétur Jónasson hafði um nokkurt skeið haft í hyggju að gefa stefndum umræddar eignir, sbr. vitnisburð Helga Seljan, eða að minnsta kosti hluta þeirra, sbr. vitnisburð Unnar Bjargar Gunnlaugsdóttur.

Samkvæmt vottorðum yfirlækna Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað var Pétur heitinn skýr í hugsun til dauðadags og í raun hefur efni gjafaafsalsins ekki verið vefengt.

Þá verður að telja víst að Pétri hafi ekki verið sagt frá því á meðan hann lá banaleguna að hann væri haldinn banvænum sjúkdómi. Þrjú barna hans hafa borið að hann hafi virst vita eða gruna hvað að honum gekk, en frekari vitneskju um hugmyndir Péturs heitins sjálfs um eðli sjúkdómsins og batahorfur liggur ekki fyrir.

Þegar allt framanritað er virt með hliðsjón af þeirri heimild sem felst í eignarrétti handa fjárráða manni til þess að ráðstafa kvaðalausum eignum sínum í lifanda lífi svo bindandi sé þykja ekki næg efni til þess að ógilda umrætt gjafaafsal Péturs Jónassonar dagsett 28. júlí 1983 til handa stefndum.

Eftir atvikum þykir mega ákveða að hvor aðili beri sinn málskostnað.

Bogi Nilsson sýslumaður kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndur, Grétar Heimir Helgason, er sýkn af kröfum stefnenda, Báru Kolbrúnar Pétursdóttur, Öldu Guðbjargar Pétursdóttur og Víðis Más Péturssonar f.h. dánarbús Péturs Jónassonar.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. júní 1986.

Nr. 188/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Björgólfi Guðmundssyni

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Varnaraðili hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 21. maí sl. Ekki hefur verið sýnt nægilega fram á að þörf sé nú framhalds á gæslu vegna rannsóknarnauðsynja eða af öðrum ástæðum. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. júní 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 12. júní er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Bergsteini Georgssyni fulltrúa yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða, Björgólfi Guðmundssyni, fæddum 20. janúar 1941, til heimilis að Hofsvallagötu 1, Reykjavík verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 25.júní 1986, kl. 17:00, en fyrri gæsluvarðhaldstími kærða átti að renna út í gær kl. 17:00.

Kærði er grunaður um brot á XVII. og XXVI. köflum almennra hegningarlaga og lögum nr. 32, 1978 um hlutafélög.

Réttargæslumaður kærða fyrir hans hönd mótmælir kröfunni.

Málavextir:

Nú stendur yfir umfangsmikil rannsókn hjá RLR á þrotabúi Hafskips hf. sem tekið var til gjaldþrotaskipta 6. desember 1985 í skiptarétti Reykjavíkur.

Rannsókn RLR beinist að því að kanna hvort forráðamenn félagsins hafi gerst sekir um stórfellt misferli með fjármuni þess.

Rannsóknin hingað til hefur einkum beinst að því hvort uppgjörsreikningar ársins 1984 hafi verið rangfærðir, hvort vaktar hafi verið rangar hugmyndir forráðamanna Útvegsbankans um verðgildi eigna félagsins með tilliti til veðsetningar og að síðustu hvort forsvarsmenn Hafskips hf. hafi misnotað hlaupareikninga félagsins.

Rannsókn á ofangreindum þáttum hefur miðað vel en þess ber þó að gæta að ýmsir þættir aðrir en að ofan greinir eru skemmra á veg komnir þótt e.t.v. séu þeir ekki eins umfangsmiklir og þeir er þegar hafa verið upptaldir.

Sex menn voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald 21. maí sl. en fjórum þeirra hefur þegar verið sleppt og sitja enn eftir kærði og Ragnar Kjartansson.

Með hliðsjón af því sem að ofan er rakið þykir ljóst að 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 á við um gæsluvarðhaldskröfu þá sem hér er til umfjöllunar, enda ótækt að kærði geti borið sig saman við meðákærðu og aðra og þannig torveldað rannsókn málsins, enda er kærði grunaður um stórfellt fjármálamisferli.

Það athugast að kærði var aðeins tvívegis yfirheyrður frá handtöku og allt til 2. júní sl. og er meginþorri skýrslna þeirra sem liggja fyrir af kærða tilkomnar eftir þann tíma. Er það haft í huga við ákvörðun gæsluvarðhaldstíma.

Með vísan til framanritaðs þykir verða að taka kröfu RLR til greina að gera kærða að sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 25. júní nk. kl. 17:00, enda þykir kröfunni í hóf stillt miðað við umfang og framgang málsins.

Úrskurðarorð:

Kærði, Björgólfur Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00.

Miðvikudaginn 18. júní 1986.

Nr. 189/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Ragnari Kjartanssyni

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Varnaraðili hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 21. maí sl. Ekki hefur verið sýnt nægilega fram á að þörf sé nú framhalds á gæslu vegna rannsóknarnauðsynja eða af öðrum ástæðum. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. júní 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 12. júní er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Bergsteini Georgssyni fulltrúa yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða, Ragnari Kjartanssyni, fæddum 4. mars 1942, til heimilis að Vogalandi 11, Reykjavík verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 25.júní 1986, kl. 17:00, en fyrri gæsluvarðhaldstími kærða átti að renna út í gær kl. 17:00.

Kærði er grunaður um brot á XVII. og XXVI. köflum almennra hegningarlaga og lögum nr. 32, 1978 um hlutafélög.

Réttargæslumaður kærða fyrir hans hönd mótmælir kröfunni.

Málavextir:

Nú stendur yfir umfangsmikil rannsókn hjá RLR á þrotabúi Hafskips

hf. sem tekið var til gjaldþrotaskipta 6. desember 1985 í skiptarétti Reykjavíkur.

Rannsókn RLR beinist að því að kanna hvort forráðamenn félagsins hafi gerst sekir um stórfellt misferli með fjármuni þess.

Rannsóknin hingað til hefur einkum beinst að því hvort uppgjörsreikningar ársins 1984 hafi verið rangfærðir, hvort vaktar hafi verið rangar hugmyndir forráðamanna Útvegsbankans um verðgildi eigna félagsins með tilliti til veðsetningar og að síðustu hvort forsvarsmenn Hafskips hf. hafi misnotað hlaupareikninga félagsins.

Rannsókn á ofangreindum þáttum hefur miðað vel en þess ber þó að gæta að ýmsir þættir aðrir en að ofan greinir eru skemmra á veg komnir þótt e.t.v. séu þeir ekki eins umfangsmiklir og þeir er þegar hafa verið upptaldir.

Sex menn voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald 21. maí sl. en fjórum þeirra hefur þegar verið sleppt og sitja enn eftir kærði og Björgólfur Guðmundsson.

Með hliðsjón af því sem að ofan er rakið þykir ljóst að 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 á við um gæsluvarðhaldskröfu þá sem hér er til umfjöllunar, enda ótækt að kærði geti borið sig saman við meðákærðu og aðra og þannig torveldað rannsókn málsins, enda er kærði grunaður um stórfellt fjármálamisferli.

Það athugast að kærði var aðeins tvívegis yfirheyrður frá handtöku og allt til 2. júní sl. og er meginþorri skýrslna þeirra sem liggja fyrir af kærða tilkomnar eftir þann tíma. Er það haft í huga við ákvörðun gæsluvarðhaldstíma.

Með vísan til framanritaðs þykir verða að taka kröfu RLR til greina að gera kærða að sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 25. júní nk. kl. 17:00, enda þykir kröfunni í hóf stillt miðað við umfang og framgang málsins.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ragnar Kjartansson, sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00.

Fimmtudaginn 19. júní 1986.

Nr. 85/1985. **Sveinn Skúlason**
(Guðný Höskuldsdóttir hdl.)
gegn
Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins
(Guðrún Margrét Árnadóttir hdl.)

Lífeyrissjóðir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1985. Hann krefst þess, að viðurkennt verði að hann eigi áframhaldandi aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins frá og með 1. ágúst 1983 með þeim réttindum og skyldum sem slíkri aðild fylgja. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara að hann verði sýknaður að svo stöddu og málskostnaður verði felldur niður.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdómara að áfrýjandi hafi ekki þurft að leggja mál þetta í úrskurð fjármálaráðuneytis samkvæmt lokaákvæði 2. greinar laga nr. 55/1980 áður en hann bar það undir dómstóla og ennfremur að 2. mgr. 17. greinar laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, hafi ekki fallið úr gildi við gildistöku fyrrnefndra laga nr. 55/1980.

Ákvæði 2. mgr. 17. greinar laga nr. 29/1963 var upphaflega lögtekið með 2. mgr. 16. greinar laga nr. 101/1943 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þeim lögum var sérstaklega ætlað að tryggja starfsmönnum ríkisins lífeyri, en með 4. grein þeirra var þó veitt sérstök heimild til að taka aðra nánar tiltekna menn í tölu sjóðfélaga. Hefur sú heimild haldist, en nokkuð breytt, við síðari breytingar og endurskoðun laganna. Meðal þeirra sem nú geta átt aðild að lífeyrissjóðnum eru starfsmenn nokkurra einkaaðila, meðal

annars Starfsmannafélags ríkisstofnana, sbr. lög nr. 23/1967, lög nr. 21/1975 og lög nr. 98/1980.

Samkvæmt 2. grein ráðningarsamnings áfrýjanda hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana var hann ráðinn um óákveðinn tíma en gert ráð fyrir að ráðning stæði ekki skemmri tíma en tvö ár nema samkomulag yrði um annað. Verður að skilja þetta svo að áfrýjandi hafi verið ráðinn til tveggja ára en eftir það hafi hvor aðili um sig mátt slíta ráðningarsamningnum að undangenginni uppsögn með hæfilegum fyrirvara. Verður hvorki talið að tilvísun 8. greinar ráðningarsamningsins til laga nr. 38/1954 hafi þrengt heimild vinnuveitanda áfrýjanda samkvæmt 2. gr. samningsins til að segja honum upp störfum, hvort sem annar maður var ráðinn í hans stað eða ekki, né að samningsákvæði þetta hafi veitt áfrýjanda sérstaka ástæðu til að ætla að starf hans hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana, sem er einkaaðili, væri stofnað til varanlegrar frambúðar eins og að jafnaði gerist um stöður hjá ríkinu. Þykir uppsögn áfrýjanda úr starfi sínu, sem fram fór með samkomulagi við hann, ekki verða jafnað til þess er staða opinbers starfsmanns hefur verið lögð niður og hann eiga sjálfkrafa rétt til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt 2. mgr. 17. greinar laga nr. 29/1963 skýrðri eftir undirstöðurökum sínum. Ber af þessari ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Áfrýjandi hefur ekki beint málsókn sinni að Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Hins vegar ritaði lögmaður áfrýjanda félaginu bréf dagsett 14. júní 1984. Bréfið ber yfirskriftina: „Tilkynning samkvæmt 52. gr. l. 85/1936." Í bréfinu segir m.a.: „Á hendur Starfsmannafélagi ríkisstofnana eru engar kröfur gerðar og varðar málið

því ekki hagsmuni félagsins. Það er hins vegar eðlilegt að félaginu sé kunnugt um málarekstur þennan og því sendist hér með stefna og önnur sóknarskjöl ásamt framlögðum skjölum lögmanns stefnda. ... og getur félagið þá með meðalgöngustefnu eða öðrum hætti, ef fyrirsvarsmenn þess telja ástæðu til, gerst aðili að málinu." Bréfið var lagt fram í málinu á bæjarþingi Reykjavíkur 24. september 1984. Þá mætti lögmaður félagsins og lýsti yfir, ,,að félagið sjái ekki ástæðu til að meðalgöngustefna sér inn í málið.

Í greinargerð, sem lögmaður áfrýjanda lagði fyrir Hæstarétt, segir m.a. svo: ,,Ef kröfur áfrýjanda yrðu teknar til greina ... kæmi það í hlut lögfræðiskrifstofu áfrýjanda að greiða framlag atvinnurekanda í málinu, þannig að engar kröfur eru gerðar á Starfsmannafélag ríkisstofnana í því efni ... Spurningunni um það, hvort Starfsmannafélagi ríkisstofnana sé skylt að greiða verðtryggingu á lífeyri áfrýjanda síðar meir, verður ekki svarað í þessu máli. Áfrýjandi er ekki aðili að þeirri kröfu. Hann er ekki aðili að gagnkvæmum samningum milli stefnda og Starfsmannafélags ríkisstofnana ..." Í þessu sambandi vitnaði lögmaðurinn til bréfs Starfsmannafélags ríkisstofnana dags. 14. mars 1979 til stefnda, en efni þess er svohljóðandi:

,,Á fundi stjórnar Starfsmannafélags ríkisstofnana var samþykkt yfirlýsing þess efnis, að félagið tæki á sig ábyrgð gagnvart Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna, vegna greiðslu hækkana á lífeyri, sbr. 25. gr. laga sjóðsins, fyrir þá starfsmenn félagsins, er væntanlega koma til með að njóta lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum."

Eigi er um það deilt í málinu, að áfrýjandi hafi, á meðan hann var starfsmaður Starfsmannafélags ríkisstofnana, verið fullgildur sjóðfélagi í Lífeyrissjóði starfsmanna rkisins, sbr. 3. gr. laga nr. 29/1963. Staða hans var lögð niður. Ekki verður fallist á með stefnda að starfssamningur áfrýjanda eða samningur hans um starfslok hafi verið með þeim hætti, að réttur hans til að vera áfram í sjóðnum svo sem fyrir er mælt í fortakslausu ákvæði 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963, hafi fallið niður, þegar hann lét af störfum. Viðurkenna ber því áframhaldandi aðild áfrýjanda að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins frá og með 1. ágúst 1983. Í máli þessu er hins vegar ekki um það dæmt, hvort eða að hve miklu leyti Starfsmannafélag ríkisstofnana beri að greiða verðbætur á lífeyri áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og ákveðst hann 30.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sveinn Skúlason, skal eiga rétt á áframhaldandi aðild að Lífeyrisjóði starfsmanna ríkisins frá og með 1. ágúst 1983.

Stefndi. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, greiði áfrýjanda, 30.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. febrúar 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. febrúar 1985, er höfðað með stefnu sem birt var 16. febrúar 1984 af Sveini Skúlasyni héraðsdómslögmanni, nnr. 8762-7691, Flókagötu 67, Reykjavík, gegn Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, nnr. 6088-9406, Laugavegi 114, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi réttarins að stefnandi eigi áframhaldandi aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins frá og með 1. ágúst 1983 með þeim réttindum og skyldum sem slíkri aðild fylgja og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Þá áskildi stefnandi sér rétt til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalflutning málsins.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst hann sýknu að svo stöddu og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefnandi lýsir málavöxtum og málsástæðum sínum svo, að hann hafi með ráðningarsamningi dags. 11. september 1981, sem gilti frá 1. apríl s.á., verið ráðinn til starfa um óákveðinn tíma hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Við málflutning túlkaði stefnandi þetta svo að hann hafi verið ráðinn ótímabundið. Sem starfsmaður þess félags átti hann aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en hann hafi þá þegar átt umtalsverð réttindi í sjóðnum vegna undangenginna starfa sinna í þjónustu ríkisins öðru hverju allt frá 1972. Hinn 30. desember 1982 hafi staða hans hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana verið lögð niður frá og með 1. janúar 1983. Hafi hann þegið biðlaun hjá félaginu allt fram til 1. júlí 1983 og fengið greitt orlof fyrir júlímánuð. Fyrri hluta árs 1983 hóf hann starfrækslu eigin lögmannsstofu. Er biðlaunatíma og orlofi hans hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana lauk hugðist hann sinna brýnni lagaskyldu og vera áfram aðili að lífeyrissjóði. Lífeyrissjóður lögmanna — starfsstéttar hans — var lagður niður hinn 25.

mars 1983. Hugðist hann þá neyta réttar síns til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Taldi hann sig eiga ótvíræðan rétt til þessa þar sem staða hans hefði verið lögð niður. Sendi hann bréf til sjóðsins dags. 30. júní 1983 þar sem hann tilkynnti áframhaldandi aðild sína að sjóðnum. Við því bréfi barst ekkert svar og sendi hann því hinn 28. október 1983 skilagrein og greiðslur vegna ágúst, september og okóber. Viðbrögð sjóðsins hafi verið þau að honum hafi verið synjað um áframhaldandi aðild. Þessu kvaðst hann hafa mótmælt enda séu umtalsverðir hagsmunir í húfi fyrir hann bæði að því er varði lánsfjárhæðir til sjóðfélaga og lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga og maka.

Kröfu sína styður stefnandi þessum lagarökum: Skyldu til aðildar að lífeyrissjóði við 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrissréttinda. Rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Bendir hann á að þrátt fyrir niðurlagsákvæði 2. gr. laga nr. 55/1980 eigi fjármálaráðherra ekki úrskurðarvald um ágreining þennan og vísar í því sambandi til HRD LII-1150.

Málskostnaðarkröfu sína kveðst hann styðja við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 184. gr. s.l. að því er varðar framlagningu málskostnaðarreiknings.

Stefndi styður sýknukröfu sína eftirfarandi rökum:

Með lögum nr. 55/1980 hafi öllum þeim sem vinna fyrir tekjum verið gert rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Nái ákvæði þetta jafnt til launþega sem til þeirra er stundi sjálfstæða starfsemi eða atvinnurekstur. Rök bendi til þess að 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963 hafi verið felld niður með tilkomu þessara laga. Ekki verði betur séð en að fyrrverandi ríkisstarfsmönnum, er mátt hafa sæta því að staða þeirra væri lögð niður, sé nú gert að greiða til lífeyrissjóðs þeirrar starfsstéttar sem þeir tilheyra í sínu nýja starfi. Sýni athugasemdir með frumvarpi til laga nr. 55/1980, einkum varðandi 3. gr., að áhersla sé lögð á að menn eigi aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfshóps sé þess nokkur kostur. Hér gildi það að yngri lög gangi framar eldri lögum. Þessi málsástæða stefnda er rakin hér eins og hún var sett fram breytt við flutning málsins skv. bókun um leiðréttingu á greinargerð stefnda. Stefnandi mótmælti þessum lagarökum og taldi að þá hefði eins mátt telja ákvæðið niður fallið með lögum nr. 9/1974 forvera laga 55/1980. Í 3. og 4. gr. laga 55/1980 sé vísað til reglna einstakra sjóða um sjóðsaðild og um valfrelsi manna sem ekki eiga sér sjálfsagða aðild að lífeyrisjóði. Sé 2. mgr. 17. gr. dæmi um reglu um sjóðsaðild. Stefnandi starfi nú sem héraðsdómslögmaður í Reykjavík. Fyrir liggi í málinu að Lífeyrissjóður lögmanna hefur verið lagður niður. Lögmenn munu að miklum meirihluta eiga aðild

að Lífeyrisjóði verslunarmanna en einnig nokkrir að Söfnunarsjóði lífeyrissréttinda. Þessir sjóðir séu því ótvírætt lífeyrissjóðir umræddrar starfsstéttar. Ekkert liggi fyrir um að stefnandi hafi óskað aðildar að þeim sem honum virðist þó rétt og skylt að gera. Svo sem nafn sjóðsins bendi til hafi Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins upphaflega eingöngu verið ætlaður ríkissstarfsmönnum. Síðar hafi starfsmönnum ýmissa annarra aðila, s.s. stéttarfélaga ríkisstarfsamanna og mörgum öðrum verið veitt aðild skv. sérstöku heimildarákvæði í 4. gr. laganna.

Verði ekki á ofangreind rök fallist um að 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963 sé niður fallin, þá vill stefndi halda því fram, að ákvæðið geti ekki átt við aðra en ríkisstarfsmenn. Beri hér að hafa í huga að þetta ákvæði hafi komið inn í lögin á meðan Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins var einn fárra lífeyrissjóða í landinu. Aðild að þessum lífeyrissjóði var og er nátengd ráðningarkjörum þeirra almennt. Hugtakið „staða" sé nátengt hinni varanlegu tilvist opinbers valds í landinu og um leið þeim sérstöku réttindum, sem ríkisstarfsmönnum, sem þrátt fyrir það höfðu mátt sæta niðurlagningu stöðu sinnar, var ætlað að njóta. Ekki sé um „stöðu" í þessum skilningi að ræða hjá öðrum en opinberum aðilum. Beri að túlka ákvæði 2. mgr. 17. gr. með hliðsjón af þeim grundvallarmun sem þarna sé á. Geti þetta reyndar átt við fleiri ákvæði laganna.

Lífeyrir skv. lögum nr. 29/1963 sé verðtryggður. Að því er ríkisstarfsmenn varði beri vinnuveitandinn, ríkið, ábyrgð á verðtryggingunni. Vinnuveitendur annarra sjóðfélaga en ríkisstarfsmanna beri sams konar skyldur gagnvart sínum starfsmönnum. Slíkt sé jafnan gert að skilyrði fyrir viðtöku slíkra aðila í sjóðinn. Fyrir liggi í málinu að Starfsmannafélag ríkisstofnana neiti greiðslu verðtryggingar að því er stefnanda varðar. Við málflutning bar stefndi enn fremur fram þá málsástæðu að stefnandi hefði ekki gert kröfu um áframhaldandi ábyrgð starfsmannafélagsins vegna aðildar hans að lífeyrissjóðnum í samningum þessara aðila um starfslok hans, hann hefði engar frekari kröfur gert beinar eða óbeinar. Stefndi bendir á að óeðlilegt verði að teljast að Starfsmannafélaginu skuli ekki vera stefnt til varnar í máli þessu við hlið stefnda þar sem félagið geti augljóslega átt hagsmuna að gæta af niðurstöðu málsins. Ef litið verði svo á að stefnandi eigi kröfu til aðildar að sjóðnum er því haldið fram að sú aðild geti ekki orðið með öðru móti en því, að hann beri sjálfur verðtrygginguna. Ekkert liggi fyrir í málinu um það hvort stefnandi sé reiðubúinn til sjóðsaðildar með þeim hætti. Sé varakrafa byggð á þessari forsendu.

Niðurstaða.

Um það hefur verið deilt við flutning máls þessa hvort vísa bæri því frá

dómi ex officio en engin frávísunarkrafa hefur komið fram. Álitaefnið er hvort 2. gr. i.f. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda eigi við um mál þetta þannig að vísa beri úrlausnarefni þess til fjármálaráðherra en ekki til dómstólanna. Ákvæðið hljóðar svo: „Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og/eða þeirra aðila annarra, sem hlut eiga að máli." Það er álit dómsins að ákvæði þetta leiði ekki til frávísunar málsins ex officio. Ágreiningsefnið er ekki það hvort stefnandi skuli greiða lífeyrissjóðsiðgjald sitt til einhvers tiltekins lífeyrissjóðs. Ekki heldur það hvort Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins sé lífeyrissjóður starfsstéttar stefnanda, þ.e. lögmanna. Ljóst er að svo er ekki. Deilan snýst um það hvort stefnandi hafi áunnið sér sérstakan lögbundinn rétt, sbr. 2. mgr. 17. gr laga nr. 29/1963 til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með samningi við vinnuveitanda sinn og á grundvelli þess með hvaða hætti starfslok hans verða hjá þeim vinnuveitanda.

Dómurinn telur að megintilgangur laga nr. 55/1980 sé að tryggja almenna skylduaðild launþega og þeirra sem stunda sjálfstæða starfsemi að lífeyrissjóði, og jafnframt þá meginreglu að lífeyrisþegi skuli eiga aðild að lífeyrissjóði starfsstéttar sinnar. Ákvæði 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963 verður að líta á sem sérreglu um sjóðsaðild, sem ætlað sé að tryggja hag launþega við sérstakar aðstæður. Verður ekki á það fallist með stefnda að regla þessi sé ósamrýmanleg tilgangi og anda hinna almennu laga að því marki að hún verði talin fallin úr gildi án þess að löggjafinn hafi gert það berum orðum. Það hefur hann ekki gert. Þykir aðili, sem ekki á sjálfsagða aðild að tilteknum lífeyissjóði, því geta leitað sjóðsaðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skv. henni.

Deilt er um það í máli þessu hvort þannig sé ástatt um stefnanda. Stefnandi er starfandi lögmaður með sjálfstæðan rekstur. Upplýst er að Lífeyrissjóður lögmanna var lagður niður 25. mars 1983 eða á því tímabili sem leið frá því að stefnandi hætti störfum hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana og þar til launagreiðslum lauk til hans vegna þess starfs. Jafnframt er upplýst að til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda greiða nú um það bil 30 lögmenn sem starfa við sjálfstæðan atvinnurekstur og um 70 lögmenn greiða að jafnaði til Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Af hálfu stefnda var það staðhæft við málflutning að síðasttaldi sjóðurinn teldi sig vera lífeyrissjóð lögmanna en ekki liggur fyrir í málinu nein staðfesting þessa frá sjóðnum sjálfum eða frekari rökstuðningur. Ekki er upplýst hvar aðrir lögmenn eru í lífeyrissjóði. Því þykir ekki með þessu í ljós leitt að einhver einn lífeyrissjóður sé augljóslega lífeyrissjóður starfsstéttarinnar lögmenn þar sem stefnanda

verði gert að fullnægja tryggingaskyldu sinni og standi í vegi fyrir því að honum verði veitt aðild að öðrum líðfeyrissjóði en hinum tveimur ofangreindu.

Það er óumdeilt að starfsmönnum Starfsmannafélags ríkisstofnana hefur verið veitt aðild að Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna og að stefnandi máls þessa var aðili að sjóðnum á meðan hann var í starfi hjá starfsmannafélaginu, sbr. 4. gr. laga nr. 29/1963. Það er stjórn sjóðsins sem tekur ákvörðun um aðild skv. 4. gr. og þykir ljóst að slíkar ákvarðanir varða ekki einstaka starfsmenn heldur hópa starfsmanna þeirra aðila, sem lagaákvæði þetta tiltekur. Ekki verður litið svo á að þeir sem öðlast hafa aðild að lífeyrissjóðnum samkvæmt 4. gr. hafi á einhvern hátt minni rétt en sjóðfélagar skv. 3. gr. s.l. Þar sem löggjafinn hefur ekki gert þann fyrirvara að 2. mgr. 17. gr. laganna taki ekki til sjóðfélaga skv. 4. gr. verður að líta svo á að þeir gætu unnið rétt til sjóðsaðildar samkvæmt henni.

Þar sem orðalag 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963 er fortakslaust: „Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður" verður ekki á það fallist með stefnda, þrátt fyrir sögulegan aðraganda ákvæðisins, að það verði túlkað þannig að það taki aðeins til ríkisstarfsmanna. Hins vegar verður um túlkun á því hvenær um „niðurfellingu stöðu" er að ræða að líta til túlkunar dómstóla og fræðimanna í stjórnarfarsrétti. Jafnframt verður við úrlausn þessa máls að hafa í huga að um túlkun á samningi milli einkaaðila er að ræða. Þau ákvæði ráðningarsamningsins sem máli skipta eru 2. og 8. gr. Í 2. gr. segir að stefnandi sé ráðinn „um óákveðinn tíma, en gert er ráð fyrir því að ráðning standi eigi skemmri tíma en tvö ár, nema samkomulag verði um annað" og samkvæmt 8. gr. skyldi fara um réttindi og skyldur starfsmannsins eftir lögum nr. 38/1954 „að því leyti sem ekki er á annan hátt mælt fyrir í ráðningarsamningi þessum", sbr. dskj. nr. 3. Varðandi starfslokin hefur stefnandi lagt fram þrjú skjöl, sbr. dskj. 4, 5 og 6: yfirlýsingu þar sem segir að stjórn SFR og stefnandi séu sammála um það að hann „leggi niður störf" hjá félaginu, uppgjör vegna „niðulagningar starfs Sveins Skúlasonar", þar sem segir m.a. að þar sem starf hans hafi verið „lagt niður" verði uppgjöri við hann hagað þannig að honum verði greidd föst mánaðarlaun miðað við 6 mánuði auk launa fyrir sjöunda mánuðinn sem teljist fullnaðaruppgjör á orlofi. Einnig er á skjali þessu yfirlýsing stefnanda svohljóðandi: „Samþykkur framangreindu uppgjöri og lýsi því yfir að ég tel mig ekki eiga frekari kröfur á hendur félaginu." Loks er á þriðja skjalinu svohljóðandi yfirlýsing: „Stjórn SFR samþykkir að leggja niður starfa Sveins Skúlasonar lögfræðings hjá félaginu frá 1. janúar 1983." Öll eru þessi skjöl dagsett sama dag 30. des. 1982. Það verður að teljast ljóst af gögnum málsins að staða sú er stefnandi gegndi var lögð niður í þeim skilningi að hætt var þeirri þjónustu við félagsmenn, sem í

henni fólst, og annar aðili var ekki ráðinn í stað stefnanda. Dómurinn lítur hinsvegar svo á að hugtakið „óákveðinn tími" í ráðningarsamningi stefnanda verði skv. almennri málnotkun ekki túlkað þannig að það þýði það sama og „ótímabundið" eins og stefnandi heldur fram. Fyrrnefnda hugtakinu fylgir mun meiri óvissa og þykir vísa til þess, að búast megi við að starfi ljúki hvenær sem er. Er þessi skilningur í samræmi við þá fullyrðingu vitnisins Einars Ólafssonar að stofnað hafi verið til starfs stefnanda í tilraunaskyni.

Það er niðurstaða dómsins með tilvísun til ráðningarsamningsins og í ljósi þess að hér var um nýtt starf að ræða er stefnandi tók við því að stefnandi hafi ekki mátt treysta því að um framtíðarstarf væri að ræða og þar sem einnig er sannað að samkomulag verður um starfslok hans samkvæmt ráðningarsamningnum, þá þykir hann ekki geta byggt rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins á því að starf hans hafi verið lagt niður í skilningi 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 og ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Með tilvísun til forsendna dómsins og þess hversu sakarefninu er háttað þykir rétt að láta málskostnað falla niður, sbr. 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sveins Skúlasonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 19. júní 1986.

Nr. 151/1986. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Stefáni Almarssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Fjársvik. Tékkar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1986 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 22. maí 1986.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds og ákærða að ekki væri óskað endurskoðunar á ákvæðum héraðsdóms um skaðabætur. Koma þau því ekki til álita í málinu, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði stofnaði tékkareikning sinn nr. 7834 hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 24. maí 1984 og var eiginkona hans, Sif Bjarnadóttir, ábyrgðarmaður hans við reikningsstofnunina. Ákærði gaf út hina innistæðulausu tékka í framhaldi af stofnun reikningsins, annan sama dag en hinn daginn eftir. Hann gaf út tékka þessa án þess að láta sig það nokkru skipta, hvort víst væri að næg innstæða væri fyrir þeim. Ber, eins og hér stendur á, að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og heimfærslu brota hans til refsiákvæða. Þá ber og með skírskotun til forsendna dómsins að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða svo og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 10.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Stefán Almarsson, greiði allan áfrýjunar-

kostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnalaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 19. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 721/1985: Ákæruvaldið gegn Sigurði Stefáni Almarssyni, sem tekið var til dóms 16. s.m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 14. október sl. „á hendur Sigurði Stefáni Almarssyni, Karfavogi 33, Reykjavík, fæddum í Hafnarfirði 30. ágúst 1956, fyrir tékkasvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 með því að hafa notað í staðgreiðsluviðskiptum í Reykjavík eftirgreinda 2 tékka, sem hann gaf út til handhafa á tékkareikning sinn nr. 7834 hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis án þess að innistæða væri fyrir hendi á reikningnum:

Tékki nr. 223910, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 25. maí 1984. Seldur í Álfheimaútibúi Útvegsbanka Íslands á útgáfudegi.

Tékki nr. 223908, dagsettur 24. maí 1984, að fjárhæð kr. 5.000. Ákærði greiddi Jens Emil Snæbjörnssyni, Ljósvallagötu 14, Reykjavík, með tékkanum í staðgreiðsluviðskiptum þeirra á milli.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Með bréfi, dagsettu 20. júní 1984, kærði Útvegsbanki Íslands, lögfræðingadeild, ákærða fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna misferlis með ávísun. Ávísunin, nr. 223910, fylgdi með í frumriti. Er hún útgefin 25. maí 1984 af ákærða til handhafa, að fjárhæð 5.000 krónur, á ávísanareikning nr. 7834 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Einnig hefur ákærði ritað framsal aftan á ávísunina. Þrír stimplar eru einnig á bakhliðinni. Samkvæmt þeim hefur ávísunin verið innleyst í Útvegsbanka Íslands, Álfheimum 74, 25. maí 1984, hún sýnd í greiðslubankanum samdægurs og innistæða þá ekki verið næg og reikningi lokað 4. júní 1984.

Sigurmar K. Albertsson héraðsdómslögmaður kærði f.h. Gúmmívinnustofunnar hf. ákærða einnig fyrir ávísanamisferli með bréfi 12. mars sl. til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Tékkinn, nr. 223908, fylgdi í frumriti. Er hann að fjárhæð 5.000 krónur, dagsettur 24. maí 1984 og útgefinn af ákærða til handhafa og stílaður á sama reikning og fyrri tékkinn. Tékkinn er framseldur af Jens Emil Snæbjörnssyni, nnr. 4921-2968, Efstahjalla 19,

Kópavogi, og Gúmmívinnustofunni hf. Skipholti 35, Reykjavík, (lögð inn á hlaupareikning firmans nr. 1580 í Búnaðarbanka Íslands). Þar er ávísunin greiðslustimpluð hinn 1. júní 1984. Greiðslubanki hefur stimplað hana tvívegis, hinu fyrra sinni hinn 7. maí 1984 um að innistæða væri eigi næg, og hinu síðara sinni um að reikningi hafi verið lokað 4. júní 1984.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 4. júní 1985 bar ofangreindur Jens Emil, fæddur 23. ágúst 1946, þá til heimilis að Ljósvallagötu 14, Reykjavík, er honum var sýndur síðargreindi tékkinn, að hann hefði fengið hann fyrir meira en ári hjá ákærða er hann hefði selt ákærða föt. Jens Emil kvaðst ekki hafa vitað betur en að tékkinn væri „í lagi" og hefði hann framselt hann með eigin nafni við kaup á hjólbörðum.

Samkvæmt gögnum málsins opnaði ákærði hinn 24. maí 1984 tékkareikninginn í Sparisjóðinum. Þá lagði hann inn 6.500 krónur. Hinn 4. júní 1984 var hann kominn með 70.926 krónur í yfirdrátt.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 30. júlí sl. kannaðist ákærði við að hafa stofnað reikninginn og „lagt inn á hann einhverja upphæð en hann muni ekki hvað það var mikið." Hefði hann þá verið nýbúinn að ganga að eiga Sif Bjarnadóttur sem hefði gerst ábyrgðarmaður reikningsins. Hefði hún sagt sér að hún ætti von á peningum vegna skyldusparnaðar svo og af öðrum ástæðum. Um hefði verið talað að hún legði inn 100.000 krónur og eftir að hún hefði sagt að hún væri búin að leggja inn hefði hann í góðri trú ávísað á reikninginn. Ákærði hefði ekki sjálfur athugað hvort hún hefði lagt inn á reikninginn. Þau hefðu síðan farið saman, sennilega í júní 1984, til Amsterdam og verið þar um tíma og síðan til Spánar. Þar hefði ákærði verið fram í júní á þessu ári.

Í skýrslunni um yfirheyrsluna kemur fram að ákærða var sýndur tékki nr. 223910 og hann beðinn að greina frá notkun hans. Í skýrslunni er þá ekkert bókað eftir ákærða um notkunina, heldur aðeins samþykki á bótakröfu.

Hinn 31. júlí sl. var ákærði spurður hjá rannsóknarlögreglunni um tékkann sem Jens Emil framseldi. Ákærði kvaðst ekki muna sérstaklega eftir tékkanum en þekkja rithönd sína á honum. Ákærði myndi eftir að hafa látið Jens Emil hafa einhvern tékka en myndi ekki fyrir hvað það var.

Í dóminum bar ákærði að hann teldi málsóknina stafa af einhverjum misskilningi þar sem hann hefði haft ástæðu til að ætla að eiginkona hans, Sif Bjarnadóttir, myndi vera búin að leggja inn á reikninginn eins og hann hefði skýrt frá við rannsókn málsins. Ákærði hefði bara hennar orð fyrir þessu, hann hefði ekki kannað sérstaklega hjá bankanum hvort þessi frásögn hennar væri rétt. Ákærði viðurkenndi að hafa notað tékkana eins og í ákæru greinir. Fyrri tékkann hefði hann selt í Álfheimaútibúi Útvegs-

bankans og þann seinni hefði hann notað til að greiða Jens Emil fyrir „dót", sem hann hefði keypt af honum.

Með eigin játningu ákærða, framlögðum frumritum tékkanna og öðrum gögnum málsins, er sannað að ákærði hefur notað báða tékkana eins og í ákæru greinir. Hann hefur einnig viðurkennt að hafa gefið þá út og notað án þess að staðreyna, hvort hann hefði yfir nægilegri innistæðu að ráða í bankanum. Dómurinn metur það haldlaust í máli af þessu tagi að það leysi ákærða undan ábyrgð þótt hann beri fyrir sig að einhver aðili utan bankans segi innistæðu vera fyrir hendi. Væri hlaupið eftir slíku, yrði refsivernd tékkakerfisins gagnslaus. Háttsemi ákærða verður því metin honum til refsiábyrgðar samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur sætt kærum og refsingum, sem hér greinir:

— — —

[Sakavottorð tilgreinir 25 refsidóma ákærða frá árunum 1973-1983 og einn refsidóm frá 30. júlí 1985 (60 daga fangelsi fyrir umferðarlagabrot). Þess er getið að 25. mars 1984 hafi ákærði fengið reynslulausn, skilorðsbundið til eins árs, af eftirstöðvum refsingar, 145 dögum.]

Ákærði hefur með framangreindum brotum í reynd brotið gegn skilyrðum reynslulausnar frá 25. mars 1984, en ekki eru skilyrði til að taka reynslulausnina upp í þessu máli samkvæmt 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga ákveðst refsing ákærða, sem er vanaafbrotamaður, fangelsi í 4 mánuði.

Í málinu liggja fyrir bótakröfur frá báðum kærendum. Verða þær báðar teknar til greina. Ákærði greiði því Gúmmívinnustofunni hf., Skipholti 35, Reykjavík, 5.103 krónur með hæstu leyfilegum dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma frá 1. júní 1984 til greiðsludags og Útvegsbanka Íslands 5.000 krónur ásamt hæstu leyfilegum dráttarvöxtum frá 25. maí 1984 til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 6.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Stefán Almarsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði greiði Gúmmívinnustofunni hf., Skipholti 35, Reykjavík, 5.103 krónur ásamt hæstu leyfilegum dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá 1. júní 1984 til greiðsludags og Útvegs-

banka Íslands 5.000 krónur ásamt hæstu leyfilegum dráttarvöxtum frá 25. maí 1984 til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 6.000 krónur.

Fimmtudaginn 19. júní 1986.

Nr. 7/1985. **Þorgrímur Jónsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Björgun hf.
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Fjárnámsgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. janúar 1985 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með sáttargerð á bæjarþingi Reykavíkur 13. júní 1984 lofaði áfrýjandi að greiða stefnda 5.809,00 krónur með 45% ársvöxtum frá 1. júní 1982 til 21. september 1983, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 9.000,00 krónur í málskostnað, allt fyrir 1. ágúst 1984.

Áfrýjandi greiddi skuldina ekki og 15. ágúst 1984 fór stefndi þess á leit við yfirborgarfógetann í Reykjavík að gert yrði fjárnám í eigum áfrýjanda til tryggingar greiðslu skuldarinnar ásamt vöxtum og kostnaði. Ólafur Sigurgeirsson fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík tók beiðni þessa fyrir í fógetarétti Reykjavíkur sem háður var að Vorsabæ 4 hér í borg 16. ágúst 1984. Fógeti lagði fram nr. 1, gerðarbeiðni og nr. 2, sátt í bæjarþingsmálinu nr. 6612/1983. Lögmaður stefnda sótti þing og krafðist fjárnáms fyrir skuldinni ásamt vöxtum og kostnaði. Síðan var bókað: „Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Jón Guðjónsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni R-18606, sem er Chevrolet Nova 1978.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið ...“

Er þessari fjárnámsgerð áfrýjað.

Krafa áfrýjanda um að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi er byggð á því að áfrýjandi hafi átt lögheimili og búið að Hólavallagötu 7 hér í borg, þegar fjárnámsgerðin fór fram. Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. aðfararlaga nr. 19/1887 hafi gerðin átt að hefjast á heimili áfrýjanda. Þar sem það var ekki gert sé gerðin haldin slíkum annmarka að fella beri hana út gildi.

Stefndi byggir kröfur sína um staðfestingu fjárnámsgerðarinnar á því að ákvæði 33. gr. laga nr. 19/1887 verði ekki skýrð á þann veg að þau leggi þá skyldu á fógeta að ganga endanlega úr skugga um skráð heimilisfang gerðarþola. Sýni og ákvæði síðari hluta 2. mgr. 33. gr. að fógeti sé ekki undantekningarlaust skyldugur til að byrja gerðina á heimili gerðarþola. Svigrúm það sem ákvæði þetta veiti fógeta nái til atvika máls þessa en óvéfengt sé að áfrýjandi hafi verið eigandi bifreiðar þeirrar sem fjárnám var gert í þegar það fór fram og hann búið í umdæmi fógeta.

Í málinu er fram komið vottorð Hagstofu Íslands dagsett 22. nóvember 1984 þar sem fram kemur að aðsetur áfrýjanda hafi verið að Hólavallagötu 7 hér í borg frá 1. apríl 1984.

Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1887 skal aðför að jafnaði

hefja að heimili gerðarþola nema fógeta þyki eftir atvikum vera ástæða til að bregða út af því. Er ekkert komið fram um að hér hafi verið ástæða til að bregða út af þessu og ekkert um það bókað við gerðina. Þykir gerðin því vera haldin slíkum annmarka að fella beri hana úr gildi.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti 18.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Björgun hf., greiði áfrýjanda, Þorgrími Jónssyni, 18.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 16. ágúst 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 16. ágúst var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Vorsabæ 4 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-5673/1985: Björgun hf. gegn Þorgrími Jónssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, sátt bæjarþings Rvíkur í málinu nr. 6612/1983.

Nr. 1 fylgir með í ljósriti.

Nr. 2 fylgir með í frumriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Gísli Baldur Garðarsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 5.080,00 með 45% ársv. frá 1/7 1982 til 21/9 1983, með 37% ársv. frá þ.d. til 21/10 1983, 36% ársv. frá þ.d. til 21/11 1983, 32% ársv. frá þ.d. til 21/12 1983, 25% ársv. frá þ.d. til 21/1 1984 og 19% ársv. frá þ.d. til greiðsludags, kr. 9.000,00 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ kr. 717,00 fyrir gerðarbeiðni, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda. Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Jón Guðjónsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni R-18606, sem er Chevrolet Nova 1978.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 19. júní 1986.

Nr. 22/1986. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Adolf Frederiksen
(Örn Clausen hrl.)

Manndráp. Brenna. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Líndal prófessor.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 skotið héraðsdómi til Hæstaréttar til staðfestingar með áfrýjunarstefnu 13. nóvember 1985. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. f.m.

Ríkissaksóknari hefur lagt fyrir Hæstarétt ályktun Læknaráðs þar sem fallist er á niðurstöður álitsgerðar Hannesar Péturssonar um geðheilbrigði ákærða.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöður hans um sakarmat og færslu brota til refsiákvæða. Einnig ber að fallast á að refsilækkunarástæður 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 komi eigi til álita, svo og að ákærði hafi rofið skilorð dóms frá 13. júlí 1984 og beri að dæma honum refsingu samkvæmt reglum 60. gr. hegningarlaga. Þykir refsingin með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 16 ár. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans svo sem í héraðsdómi greinir og auk þess gæsluvarðhald síðan héraðsdómur var upp kveðinn, en ákærði hefur setið í gæsluvarðhaldi samfleytt síðan 15. mars 1985.

Dæma ber ákærða til þess að greiða sakarkostnað í héraði, en úrlausn héraðsdómara um það efni í dómsforsendum hefur fallið niður úr dómsorði. Þá ber að dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, allt svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Adolf Frederiksen, sæti fangelsi 16 ár. Til

frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans óslitið síðan 15. mars 1985.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar í héraði og áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals 40.000,00 krónur fyrir báðum dómum, og réttargæslulaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, og málsvarnarlaun til hans fyrir báðum dómum, samtals 55.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 4. nóvember 1985.

Ár 1985, 4. nóvember er á dómþingi sakadóms Kópavogs, sem háð er á Auðbrekku 10, af Ólöfu Pétursdóttur héraðsdómara kveðinn upp dómur í málinu nr. 41 og 53, 1985: Ákæruvaldið gegn Sigurði Adolf Frederiksen, sem tekið var til dóms 16. f.m. Málið var endurupptekið 1. nóvmber sl. og dómtekið þann dag.

Mál þetta er höfðað með tveimur ákærum ríkissaksóknara á hendur Sigurði Adolf Frederiksen sjómanni, Þverbrekku 2, Kópavogi, nú gæslufanga, fæddum 27. apríl 1965 í Reykjavík.

Ákæra, dagsett 23. júlí 1985.

Með ákæru, dagsettri 23. júlí 1985, er málið höfðað á hendur ákærða, og er ákæruefni og dómkröfum þannig lýst í ákæru:

„I. Fyrir brennu

Fyrir að hafa árla morguns sunnudaginn 10. mars 1985 með íkveikju í rúmfatnaði í káetu sinni um borð í vélskipinu Boða GK 24, sem er 208 brúttórúmlesta stálskip, er skipið lá bundið utan á vélskipinu Haffara GK 240 við Norðurgarðinn í Njarðvíkurhöfn, valdið eldsvoða um borð í skipinu, er leiddi til verulegs brunatjóns í káetunni og öðrum nærliggjandi vistarverum í skipinu aftanverðu, undir aðalþilfari, hafði jafnframt í för með sér stórfellda hættu á yfirgripsmiklu eignatjóni og stefndi í bersýnilegan lífsháska þeim þremur manneskjum, sem um borð í skipinu voru, auk ákærða, er eftir íkveikjuna sofnaði ölvunarsvefni í matsal skipsins, stýrimanni og næturgesti hjá honum, en þau dvöldu, eins og ákærði vissi, í káetu stýrimanns, á sama gangi og aðliggjandi þeirri káetu, sem ákærði kveikti eldinn í.

Telst þetta brot ákærða varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Fyrir manndráp og brennu.

Fyrir að hafa, um eða laust eftir kl. 02:00 aðfaranótt fimmtudagsins 14. mars 1985, er ákærði var staddur á trésmíðaverkstæðinu JHS innréttingar, Smiðjuvegi 50 í Kópavogi, svipt Jósef Liljendal Sigurðsson, til heimilis að Ásbúð 10, Garðakaupstað, lífi, með því að slá hann að minnsta kosti þrisvar sinnum í höfuðið með járnröri svo hann féll í gólfið, þá stungið hann með skrúfjárni tveimur stungum, þá fyrri í andlitið við nefrót inn í gegnum höfuðkúpuna inn í fremstu heilagróf, en þá síðari á kaf í kviðarhol, og í framhaldi af því hellt lakkþynni eða öðrum eldfimum vökva yfir föt hans og líkama og lagt eld í er leiddi Jósef Liljendal til dauða.

Með íkveikjunni í fötum Jósefs Liljendal og líkama, sem lá í timburbyggðri skrifstofu og kaffistofu verkstæðisins, olli ákærði einnig eldsvoða sem að mestu var slökktur er slökkviliðið kom á vettvang en var til þess fallinn að hafa í för með sér stórfellda hættu á yfirgripsmiklu eignatjóni á öllu húsinu Smiðjuvegi 50 með þeim tækjum, áhöldum og efni er þar voru, svo og að minnsta kosti á næsta húsi, Smiðjuvegi 48, en trésmíðaverkstæðið JHS innréttingar er í iðnaðarhverfi í sambyggðri röð einnar hæðar steinhúsa með járnklæddum timburþökum er hvíla á stálbitum.

Framangreind brot ákærða teljast varða við 211. gr., svo og 2. mgr. 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

III. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði auk greiðslu alls sakarkostnaðar dæmdur til þyngstu refsingar samkvæmt framangreindum lagaákvæðum. Verði refsingu markaður tiltekinn tími er krafist þyngingar þeirrar refsingar samkvæmt 2. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra, dagsett 2. september 1985.

Þá er málið einnig höfðað gegn ákærða með ákæru, dagsettri 2. september sl. fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot:

I.

Fyrir að hafa, aðfaranótt 24. desember 1984, brotist inn í verslunina Spesíuna, Iðnbúð 4, Garðakaupstað í félagi við Ragnar Ólafsson, Skólagerði 18, Kópavogi og stolið allt að 7.000 krónum í reiðufé og 20 vindlingalengjum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Aðfaranótt fimmtudagsins 3. janúar 1985 brotist í þjófnaðarskyni inn í smurbrauðstofuna Björninn, Njálsgötu 49, í félagi við Vilmund Sigurð

Vilmundarson, Ásvallagötu 29, Reykjavík, en lögreglumenn komu að þeim á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr. sbr. 20. gr. hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákæra, dagsett 23. júlí 1985.
Ákæruliður I.

Málsatvik.

Aðfaranótt sunnudagsins 10. mars sl. kl. 06:14, barst lögreglunni í Keflavík tilkynning í gegnum loftskeytastöðina, að eldur væri laus í vélskipinu m/b Boða GK 24, þar sem hann lá bundinn við Norðurgarðinn í Njarðvíkurhöfn, utan á vélskipinu m/b Haffara GK 240.

Þegar lögreglan kom á vettvang lagði talsverðan reyk úr vistarverum skipverja aftur í bátnum. Innan skamms kom slökkviliðið og tók eina klukkustund að ráða niðurlögum eldsins. Þrennt hafði verið um borð þegar eldurinn braust út, Guðmundur Kristinsson stýrimaður, Peggy Lynn Berry húsmóðir og ákærði. Voru þau flutt á sjúkrahúsið til athugunar þar sem þeim leið hálf illa eftir að hafa andað að sér reyknum.

Rannsóknarlögreglan í Keflavík tók fyrstu skýrslur af Guðmundi Kristinssyni, Peggy Lynn Berry og ákærða strax 10. mars sl. Hinn 15. mars sl. afhenti rannsóknarlögreglan í Keflavík rannsóknarlögreglu ríkisins gögn málsins og lauk hún við rannsókn málsins. Verða málsatvik nú rakin eins og þeim er lýst í framangreindum lögregluskýrslum, sem staðfestar hafa verið fyrir dómi, framburði ákærða og vitna fyrir dómi.

M/b Boði GK 24 er 208 brúttórúmlesta stálskip smíðað 1965. Íbúðir skipverja eru í afturhluta skipsins undir aðalþilfari. Þar eru kojur fyrir 6 menn í fjórum káetum, tveimur tveggja manna og tveimur eins manns. Brattur stigi liggur upp úr gangi fyrir framan íbúðirnar og er þá komið í gang sem tengist eldhúsi, matsal og vélarrúmi, og er gengið úr honum fram í yfirbyggt beitingarskýli og þaðan er svo aftur farið út á þilfar. Úr ganginum er einnig stigi upp í brú skipsins. Fyrir aftan aftari káeturnar eru olíutankar fyrir um 4000 ltr. af gasolíu, og milli fremri káetanna og vélarrúms eru einnig olíugeymar.

Rannsóknarlögreglumaður frá rannsóknarlögreglu ríkisins fór á vettvang 20. mars sl., skoðaði skipið og ræddi við útgerðarmanninn, Garðar Magnússon. Var þá búið að mála klefa þann, sem eldur hafði kviknað í, í hólf og gólf, og einnig hafði verið málað yfir veggi framan við umræddan klefa. Hafði útgerðarmaðurinn litið svo á, að rannsókn málsins hefði verið lokið þegar rannsóknarlögreglan í Keflavík hafði kannað og ljósmyndað vettvang. Fram kemur í vettvangslýsingu rannsóknarlögreglu ríkisins, sem

hefur verið staðfest, að megna reykjarlykt mátti finna strax og komið var um borð og varla væri hægt að notast við vistarverur afturí vegna skemmda af völdum eldsins og þá helst þar sem lyktin væri svo slæm og óþægileg.

Ákærði skýrir svo frá, að eftir hádegi 9. mars sl. hafi hann hitt útgerðarmann m/b Boða GK 24, Garðar Magnússon, Höskuldarkoti, Njarðvík, og fengið hjá honum peninga kr. 4000, en ákærði var skipverji á m/b Boða GK 24. Hann hafi síðan fengið að sitja í bifreið hjá kunningjum sínum til Reykjavíkur. Hann hafi verið byrjaður að drekka áfengi um miðjan dag. Um kl. 19:00 kveðst ákærði hafa farið á veitingastaðinn „Y" í Kópavogi og dvalið þar til kl. 03:00 er dansleik lauk. Ákærði kveðst hafa drukkið bjórlíki fyrir allt að kr. 3500 á dansleiknum. Að loknum dansleik kveðst ákærði hafa gengið yfir að matsölustaðnum Smiðjukaffi. Þar hafi hann heyrt á tal manna að þeir væru að leggja af stað til Keflavíkur í leigubifreið og fékk hann að verða þeim samferða. Ákærði kveðst hafa farið út úr bifreiðinni við Njarðvíkurhöfn. Ákærði kveðst hafa drukkið áfengi á leiðinni suður. Hafi hann, er hér var komið sögu, verið búinn að drekka 1 og ½ flösku af sterku áfengi, auk bjórlíkis frá því að hann hóf áfengisdrykkju um miðjan dag. Telur hann sig hafa verið undir miklum áfengisáhrifum er hann kom um borð í m/b Boða GK 24.

Ákærði kveðst hafa gengið beint niður í klefa Guðmundar stýrimanns þegar hann kom um borð. Ákærði kveðst hafa séð að stúlka var hjá Guðmundi en kveðst einungis hafa séð í fætur hennar. Ákærði kveðst hafa beðið Guðmund að lána sér peninga til þess að komast til Reykjavíkur en því hafi Guðmundur neitað. Ákærði kveðst hafa farið upp í matsal og hitað sér pylsur og borðað þær. Hann hafi síðan fari upp í stýrishús og kallað í talstöð bátsins án árangurs. Ákærði kveðst á ný hafa gengið niður í káetu Guðmundar og ítrekað fyrri beiðni sína. Hann kveðst hafa reiðst þegar Guðmundur synjaði honum um peningalán og farið upp. Nokkru síðar hafi hann farð niður aftur og inn í káetu sína, sem er aðliggjandi káetu Guðmundar og hafi þá verið búinn að ákveða að kveikja í káetu sinni. Ákærði segir að þessi ákvörðun sín hafi verið hefndarráðstöfun þar sem Guðmundur hafi ekki viljað lána sér peninga og hafi það verið ætlun sín að kveikja í bátnum. Ákærði kveðst hafa borið eld í sæng í neðri koju með eldspýtu. Hann hafi beðið á meðan eldurinn magnaðist og þegar hann hafi yfirgefið káetuna hafi eldurinn logað vel. Að því búnu kveðst ákærði hafa gengið upp í matsal og lagst þar til svefns á bekk, enda þreyttur, og hafi verið farinn að dotta þegar stýrimaðurinn hafi kallað til hans og beðið hann að koma þar sem eldur væri laus í klefa hans. Ákærði skýrir svo frá bæði fyrir dómi og í lögregluskýrslum að hann hafi ekki hugleitt afleiðingar verknaðarins, þ.e. að fólki því sem um borð var stafaði lífsháski af gerðum hans þegar hann kastaði eldspýtunni í sængurfatnaðinn.

Ákærði segir Guðmund hafa vakið sig með þeim orðum að kviknað væri í káetu ákærða. Hann hafi jafnframt sagt ákærða að finna slökkvitæki og fara niður og reyna að slökkva eldinn. Ákærði kveðst hafa hlýtt Guðmundi. Þegar hann hafi komið inn í klefa sinn, þá hafi neðri kojan verið alelda. Ákærði kveðst án árangurs hafa reynt að slökkva eldinn. Hann tæmdi tækið, en kveðst þá ekki hafa getað haldist við niðri sökum hita og reyks. Ákærði kveðst þá hafa farið upp í stýrishúsið og hitt fyrir Guðmund stýrimann og Peggy Lynn Berry. Hafi þau flúið frá borði með því að fara út um glugga á stýrishúsinu yfir í næsta bát en þetta hafi verið eina undankomuleiðin. Ákærði kveðst síðan hafa að beiðni stýrimannsins hlaupið til Garðars Magnússonar útgerðarmanns og tilkynnt honum hvernig komið væri.

Vitnið Guðmundur Kristinsson, stýrimaður á m/b Boða GK 24, skýrir svo frá að hann hafi farið á dansleik í KK-húsinu laugardagskvöldið 9. mars sl. Á dansleiknum hafi hann hitt stúlku, Peggy Lynn Berry, sem hann hafi boðið með sér um borð í m/b Boða GK 24 að loknum dansleik um kl. 03:30. Þau hafi farið um borð í bátinn, haft stutta viðdvöl í matsalnum og gengið niður í káetu vitnisins og lagst til svefns. Um það bil klukkustundu síðar hafi ákærði komið inn í klefa til hans og beðið hann um peningalán fyrir leigubifreið til Reykjavíkur. Guðmundur kveðst hafa neitað að lána ákærða peninga. Ákærði hafi yfirgefið káetuna og kveðst vitnið hafa heyrt er ákærði gekk upp stigann. Nokkur tími leið þar til ákærði kom á ný inn í klefa til Guðmundar og ítrekaði fyrri beiðni um peninglán en vitnið kveðst aftur hafa synjað ákærða um það. Ákærði hafi þá reiðst og skellt á eftir sér hurðinni er hann fór út úr klefanum. Guðmundur kvaðst þá hafa sofnað, og ekki getur hann sagt hversu löng stund leið þar til hann vaknaði aftur og kveikti ljós. Í sömu andrá kveðst hann hafa heyrt, að gengið var niður stigann og farið inn í klefa ákærða. Sá sem var á ferð hafði mjög stutta viðdvöl inni í káetunni og heyrði vitnið að hlaupið var upp stigann og járnhurð stjórnborðsmegin skellt aftur. Vitnið kveðst hafa ályktað að ákærði væri á ferð í illu skapi. Nokkrum mínútum síðar kveðst vitnið hafa fundið reykjarlykt og farið fram til þess að aðgæta hvers kyns væri. Klefahurðin inn til ákærða hafi verið opin og hafi eldur logað í sængurfötum í neðri kojunni. Reykur hafi verið inni í klefanum aðallega uppi við loft. Guðmundur kveðst hafa gengið úr skugga um að engir væru í kojunum. Að því búnu kveðst hann hafa farið inn til sín og vakið Peggy Lynn Berry er risið hafi upp við dogg þegar hann kallaði til hennar að eldur væri laus um borð. Að því búnu kveðst Guðmundur hafa hlaupið upp í leit að slökkvitæki. Hafi hann þá séð í fætur ákærða, þar sem hann lá á bekk í matsalnum. Hann hafi kallað til ákærða

að eldur væri laus í klefa ákærða og beðið hann að fara og sækja slökkvitæki sem væri á ganginum bakborðsmegin.

Vitnið kveðst hafa hlaupið niður aftur til þess að sækja Peggy, sem reyndist sofandi. Vitnið keðst hafa átt í erfiðleikum með að vekja hana. Hann hafi þurft að hrista hana til og þegar hún loks kom til sjálfrar sín, þá hafi hann þurft að aðstoða hana upp stigann. Þegar hér var komið sögu var töluverður reykur í vistarverum niðri. Á leið upp stigann hafi þau mætt ákærða með slökkvitækið. Guðmundur sagði ákærða að fara niður og reyna að slökkva eldinn en sjálfur kveðst hann hafa farið upp ásamt Peggy og inn í stýrishús. Guðmundur kveðst hafa tilkynnt um eldsvoðann í gegnum lofskeytastöðina. Í sömu andrá hafi ákærði komið og sagt að sér hefði ekki tekist að ráða niðurlögum eldsins en hann hefði tæmt slökkvitækið. Þau hafi þá reynt að komast frá borði en sökum þess að báðar hurðir í stýrishúsi voru læstar og ógerlegt að fara út um dyr á íbúðargangi vegna reykjar, þá hafi þau verið tilneydd að skríða út um glugga á stýrishúsi. Hafi þau farið yfir í næsta bát en m/b Boði GK 24 lá bundinn við hann. Guðmundur kveðst hafa leitað skjóls í bátnum ásamt Peggy þar til lögreglan og slökkviliðið komu á vettvang en ákærði hljóp til útgerðarmannsins og tilkynnti honum um atburðinn.

Guðmundur telur að bæði lífi hans og stúlkunnar hafi verið stefnt í bersýnilega hættu með íkveikjunni. Það hafi verið hrein tilviljun að hann hafi vaknað þegar ákærði fór niður í 3ja sinnið og kveikti í. Það hafi ekki mátt tæpara standa að honum lánaðist að vekja Peggy og koma henni upp. Eina undankomuleiðin úr káetu Guðmundar hafi verið upp stigann við hlið káetu ákærða.

Veðrinu lýsir Guðmundur á þá leið að það hafi verið kaldi, snjóað hafi fyrr um nóttina en engin snjókoma verið þegar þau yfirgáfu bátinn.

Vitnið Peggy Lynn Berry húsmóðir skýrir svo frá að hún hafi kynnst Guðmundi Kristinssyni stýrimanni á m/b Boða GK 24, á dansleik í KK-húsinu, aðfaranótt 10. mars sl. Guðmundur hafi boðið henni um borð í m/b Boða að loknum dansleik um kl. 03:30. Þau hafi farið um borð, komið við í matsalnum og gengið síðan niður og tekið á sig náðir. Peggy kveðst hafa sofnað og hafi ekki orðið vör við ferðir ákærða inni í káetu Guðmundar og getur því ekki borið vitni um samræður þeirra. Peggy kveðst hafa verið ölvuð og þreytt. Hún kveðst ekki muna eftir því að Guðmundur hafi vakið sig nema einu sinni og hafi hún þá farið fram úr og með aðstoð hans farið upp stigann og inn í stýrishúsið. Peggy kveðst hafa átt í erfiðleikum með að vakna þar eð sér hafi fundist hún vera að kafna, sökum reyksins, þegar hún kom til sjálfrar sín. Á leið út úr káetu Guðmundar kveðst Peggy hafa séð mann vera með slökkvitæki að reyna

að slökkva eldinn og reyndist hann vera ákærði í máli þessu. Ákærði hafi komið inn í stýrishúsið til þeirra Guðmundar þegar slökkvitilraunir hans reyndust árangurslausar. Þau hafi yfirgefið bátinn með því að fara út um glugga á stýrishúsi. Ákærði hafi farið fyrstur, næst vitnið og síðastur hafi Guðmundur farið frá borði. Peggy segir að ákærði hafi aðstoðað sig við að komast milli bátanna.

Rannsóknarlögregla ríkisins leitaði til brunamálastjóra ríkisins með bréfi, dagettu 28. mars 1985, og óskaði eftir áliti um það, hvort íkveikjan hefði valdið eldsvoða, sem haft hefði í för með sér almannahættu, bersýnilegan lífsháska annarra manna eða augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.

Brunamálastjóri fól Ástvaldi Eiríkssyni, forstöðumanni eldvarnaeftirlits á Keflavíkurflugvelli, og Guðmundi Gunnarssyni, byggingaverkfræðingi, að meta almannahættu vegna íkveikjunnar, og skiluðu þeir ítarlegri skýrslu, dagsettri 4. apríl 1985, um það efni, sem þeir hafa staðfest við meðferð málsins. Í skýrslu þeirra segir svo, eftir að þeir hafa lýst aðstæðum:

„*Skemmdir af völdum eldsins í skipinu.*

Tveggja manna káeta á bakborða: er við hliðina á káetunni sem kveikt var í. Hurðin hefur verið lokuð við brunann. Lítilsháttar sótskemmdir í lofti káetunnar en óverulegar hitaskemmdir.

Eins manns káeta í bakborða: skemmdist á svipaðan hátt og tveggja manna káetan sem að ofan er lýst.

Eins manns káeta á stjórnborða: Í þessari káetu var stýrimaðurinn og stúlka með honum. Búið er að endurklæða loftið í káetunni, þannig að ekki var hægt að skrá skemmdir á því. Hurðin er allmikið brunnin, einkum karmar að ofan. Spónn á timburstykki yfir hurð hefur flagnað af og brunnið allmikið. Á veggjum hefur harðplast (formica) brunnið af ca. 80 sm innfyrir dyrnar. Lakk á tréverki uppi við loft er mikið bólað upp. Ljóst er af hitamerkjum að stutt hefur verið í að það kviknaði í lofti káetunnar.

Tveggja manna káeta á stjórnborða: Í þessari káetu var eldurinn kveiktur. Búið var að fjarlægja hurðina og negla krossviðarspjald fyrir gatið. Káetan er mest brunninn í loftinu og á afturvegg að olíutönkunum. Káetan hefur verið einangruð með polystyren og var það brunnið burtu á þeim stöðum sem eldurinn hefur verið kominn í gengum klæðningar á veggjum og lofti. Utaná veggnum að olíutanknum er eingöngu eftir upplímingin á plastinu og plastslettur. Harðplastið á veggjum og lofti brunnið burtu að miklu leyti, þó minnst úti í stjórnborðsíðunni."

Er næst vikið að lýsingu á brunanum, sem er í samræmi við skýrslur ákærða og vitna fyrir dómi, síðan segir:

„Útkallið um brunann berst til slökkviliðsins kl. 0614. Þegar reykkafarar

fara niður í skipið, þar sem eldurinn var, var kominn mjög mikill hiti í skipið og talsverður eldur. Loftræsting skipsins var í gangi, þannig að eldurinn fekk nægilegt súrefni. Hitinn var það mikill að tveir reykkafarar fengu 1. stigs bruna á hálsinn við það að fara þarna niður.

Hefði stýrimaður ekki vaknað við umganginn í Sigurði eins og raun varð á, má telja víst að stýrimaðurinn Guðmundur Kristinsson og Peggy Lynn Berry hefðu farist í brunanum. Eldurinn hefði haldið áfram að breiðast út því nægur eldsmatur var fyrir hendi og loftræstikerfið sá eldinum fyrir nægu súrefni. Aftari eldsneytistankarnir voru fullir af olíu og má reikna með því að olía hefði runnið úr þeim þegar hún hefði hitnað og þanist út. Olían hefði þá runnið út um yfirfallsopin upp á dekk og hefði getað tekið eld þar. Fremri olíutankarnir voru hálffullir þannig að olían hefði ekki runnið úr þeim þrátt fyrir upphitun. Viss sprengihætta er aftur á móti frá þannig fylltum geymum sem þó er ekki talin vera mikil í þessu sambandi.

Hefði eldurinn magnast skjótt, eru líkur á að hann hefði getað valdið hitaskemmdum á næsta skipi, einkum á veiðarfærum.

Niðurstaða.

Umræddur bruni stefndi tvímælalaust lífi þeirra Guðmundar Kristinssonar og Peggy Lynn Berry í bráða hættu og einnig er mögulegt að Sigurður A. Frederiksen hafi verið í hættu í borðsalnum. Þó eru mestar líkur á því að hann hafi verið vakandi og því getað forðað sér áður en reykurinn og hitinn fóru að vera hættuleg.

Skipið hefði mjög líklega gjöreyðilagst ef eldurinn hefði ekki uppgötvast svona snemma, en önnur skip hefðu varla verið í umtalsverðri hættu."

Fébótakröfur hafa ekki verið gerðar en í staðfestri upplýsingaskýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsettri 7. júní sl., segir að m/b Boði GK 24, sé tryggður brunatryggingu hjá Samábyrgð Íslands. Í samtali rannsóknarlögreglu ríkisins við Henrik Matthíasson, deildarstjóra hjá Samábyrgð, kemur fram að tjónið, sem varð af eldsvoðanum, sé metið á aðra milljón króna en endanlegar tölur liggi ekki fyrir þar sem viðgerð sé ekki lokið á skipinu.

Ákæruliður II.

Málsatvik.

Fimmtudaginn 14. mars 1985, kl. 02.54 var tilkynnt til lögreglunnar í Kópavogi að eldur væri laus að Smiðjuvegi 50, Kópavogi. Þegar lögreglan kom á vettvang voru starfsmenn frá Smiðjukaffi búnir að ráða niðurlögum eldsins en í ljós hafði komið að maður hafði brunnið inni. Lögreglan hafði tal af manni þeim sem fyrstur varð eldsins var, Sigurði Adolf Frederiksen,

Þverbrekku 2, Kópavogi, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Ákærði kvaðst hafa verið á gangi fram hjá Smiðjuvegi 50, áleiðist að Smiðjukaffi, þegar hann varð þess áskynja að reyk lagði frá húsinu. Hann hafi reynt að komast inn í húsið en þegar það hafi ekki tekist, hafi hann farið í Smiðjukaffi og náð í hjálp. Ingimar Friðrik Jóhannsson, Tunguvegi 74 og Eiríkur Árni Hermannsson, Laugarásvegi 24, hafi fylgt sér yfir að Smiðjuvegi 50. Ennfremur hafi komið með þeim starfsmenn frá Smiðjukaffi, þeir Bjarni Jónsson, Þórarinn Kjartansson og Albert Birgisson. Þessir menn voru allir staddir fyrir utan Smiðjuveg 50, og voru búnir að slökkva eldinn eins og áður greinir. Höfðu þeir séð að maður lá á gólfi kaffistofunnar og logaði eldur í honum aðallega í miðjum líkama. Skömmu eftir að lögreglan kom á vettvang komu sjúkrabifreið og slökkvilið.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var tilkynnt um atburðinn, og hófu starfsmenn hennar rannsókn málsins þegar um nóttina. Í málinu liggja fyrir skýrslur þeirra um gagngera rannsókn á vettvangi svo og myndir. Við frumrannsókn vöknuðu strax grunsemdir um að hinum látna hefði verið ráðinn bani.

Rétt þykir að gera lýsingu á vettvangi ítarleg skil, þar sem ákærði er, auk þess að vera ákærður fyrir brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga, ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

Í vettvangsskýrslu rannsóknarlögreglu ríkisns er vettvangi lýst svo:

„Húsið við Smiðjuveg 50, Kópavogi, er steinsteypt með járnklæddu þaki. Það er í röð húsa sem í eru ýmiskonar iðnfyrirtæki. Í húsinu eru tvö fyrirtæki, annað trésmíðaverkstæðið JHS innréttingar en hitt vörugeymsla fyrir rafvirkjameistara. Sú hlið hússins, sem snýr að Smiðjuvegi, er á móti suð-vestri.

Trésmíðaverkstæðið JHS innréttingar er í vesturenda hússins og eru tvennar dyr að fyrirtækinu, sem snúa að Smiðjuvegi. Önnur stór „vængjahurð" og til hægri við hana minni hurð með lóðréttu gluggaopi og er tréspjald neglt fyrir opið. Fyrir ofan minni hurðina eru tveir gluggar. Á austurhlið verkstæðisins er röð glugga.

Í suð-vestur enda hússins, innan við stóru „vængjahurðina", er bílageymsla og er hún þiljuð af frá verkstæðinu með léttum veggjum úr spónaplötum. Inni í geymslunni eru margskonar varahlutir í bíla.

Til hægri, þegar komið er inn um aðalinnganginn, er 220 sm hár steinveggur og ofan á honum léttur skilveggur upp undir þak. Mesta lofthæð í verkstæðinu er um 7 m. Gólf verkstæðisins er steinsteypt og á því eru ýmiskonar trésmíðavélar og verkfæri.

Í suð-austur horni verkstæðisins er upphækkun, u.þ.b. 12 m frá innganginum. Upphækkunin er byggð úr timbri og klædd með spónaplötum. Hæð upphækkunarinnar, frá gólfi verkstæðisins, er 236 sm og liggur

brattur stigi upp á hana. Undir stigapallinum er salernisaðstaða. Þar á gólfinu er járnruslafata og hefur rusli úr henni verið hvolft á gólfið. Skammt fyrir framan dyr salernisins er handslökkvitæki, dufttæki, og er blóðkám á haldi þess.

Á framhlið upphækkunarinnar er gengið inn í lítið geymsluherbergi sem í eru hillur og á þeim ýmiskonar smádót og verkfæri. Þar fyrir innan er herbergi sem notað hefur verið sem lakkklefi. Hluti loftsins í klefanum er klæddur með spónaplötum 10 mm þykkum, en hitt er óklætt. Á gólfinu, fyrir framan dyrnar inn í lakkklefann, liggja tvær lausblaðamöppur.

Þrep stigans upp á upphækkunina eru klædd teppisefni og á því sjáanleg blóðspor. Til vinstri þegar komið er upp stigann er baklaus fataskápur með hillum og fatahengi. Tvær hurðir eru á hinni hlið skápsins og vísa þær inn. Innst á stigapallinum upp við vegg og stigahandriðið standa „rörberar".

Á upphækkuninni er skrifstofuaðstaða fyrirtækisins og kaffistofa. Til hægri, þegar horft er inn, eru innréttingar við vegg og fyrir innan þær er skrifborð og við það bakstóll. Við fremri enda skrifborðsins er skrifstofustóll á hjólum. Blóðslettur eru á innréttingunni. Á gólfinu við fremri enda innréttingarinnar liggur brotin glerkanna (ölkanna) og smærri brot úr henni út um gólf. Innst til vinstri, upp við 1 m háan skilvegg, stendur teikniborð og við hliðina á því, á gólfinu, eru tómar flöskur. Blóðslettur eru á flöskunum og á skilveggnum. Ofan á skilveggnum, framan við teikniborðið, er bókaskápur sem í eru bækur og ýmiskonar pappír. Á framhlið skápsins eru greinilegar blóðslettur svo og á skilveggnum fyrir framan hann og neðan. Við skilvegginn stendur borð (kaffiborð) og á því er ýmiskonar pappír og bækur, stimpill, tóm drykkjarílát og sími.

Á gólfinu fyrir innan borðið stendur bakstóll. Blóðslettur eru á stólfætinum og aftan á baki stólsins. Á gólfinu milli stólsins og skilveggsins liggur brunnið mannslík og nemur vinstra hné líksins við hægri framlöpp stólsins. Á gólfinu út frá mjöðm líksins, við skilvegginn, liggja brotin sólgleraugu, stimpill og brunnið málband. Gólfið undir miðju líksins er talsvert brunnið og brunnið gat gegnum gólfklæðninguna, sem er spónaplötur, niður í lakkklefann. Talsverður blóðlitaður pollur var á gólfinu hægra megin við höfuð líksins, en það liggur með höfuð til austurs og fætur til vesturs og koma þær að hluta undir borðið. Á gólfinu milli borðsins og innréttingarinnar er blóðlitaður vökvi sem hugsanlega hefur runnið frá líkinu undir vinstri fót þess og stólinn út á gólfið. Framan við borðið eru tveir bakstólar og eru vinnuföt á þeim báðum.

Loft verkstæðisins er allt klætt með spónaplötum. Vesturveggur verkstæðisins er steyptur brunaveggur og þakið klætt að honum svo og loftklæðning."

Lík Jósefs L. Sigurðssonar var krufið 14. mars sl. af Ólafi Bjarnasyni prófessor, dr. med. Í skýrslu hans er áverkum á líkinu lýst svo:

„.... Líkið er af 167 cm háum karlmanni eftir því sem nánast verður mælt en líkið er nokkuð kreppt, bæði í hnjáliðum og mjaðmaliðum. III. stigs bruni er um mestallan búkinn og eru vefir víðast hvar kolaðir. Bruninn er greinilega mestur hæ.megin á líkinu og hafa vefir eyðst þar neðanvert á brjóstkassa svo mjög að opið er inn í brjóstholið. Einnig er opið inn í kviðarholið ofan til hæ. megin og skín þar í utanverðan hæ. lifrarlappa. Á búknum einkum framanverðum eru leifar af fatnaði sem er að mestu brunninn. Fatnaðarleifum þessum er safnað saman og þær settar í poka og sendar Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði til nánari efnagreiningar. Hæ. handleggur er mikið brunninn og er þar einnig um III. stigs bruna að ræða og vefir kolaðir og mikið eyddir þannig að víða sér í vöðva. Á hæ. hendi sér víða í bein og hafa sumar fremstu kjúkur á fingrum eyðst með öllu. Vi. upphandleggur er einnig með útbreiddum III. stigs brunabreytingum og vefir kolaðir en framhandleggur er lítið sem ekki brunninn. Verulegar brunabreytingar eru á lærum og einnig á hægri fótlegg en lítið sem ekki á vi. fótlegg. Á fótum líksins eru stuttir bláir sokkar, hvítir strigaskór. Sokkur og skór á vi. fæti er ekki brunnið en hins vegar er efri hluti sokks á hæ. fæti brunninn að nokkru og sömuleiðis hælhluti á skónum. Brunabreytingar eru ekki á höfði og ná aðeins upp á hálsinn neðst. Ofanvert á höfðinu vi. megin eru miklir áverkar. Þannig er gapandi skurður með tættum börmum neðanvert á enni og liggur frá utanverðri vi. augabrún inn á við og upp á við á ennið á ská og mælist 7 cm á lengd. Áverki þessi gengur alls staðar inn í bein. 3,5 cm ofan við vi. augabrún og nokkurn veginn samhliða henni er 5 cm langur skurður með tættum börmum og gapir allt að 2 cm og gengur inn í bein. Uppi undir hársrótum vi. megin á enni er enn einn áverki 3,5 cm á lengd með tættum börmum og gengur inn í bein. Loks er stjörnulaga sár tætt um 1 cm í þvermál aðeins vi. megin við nefrótina og í augnabrúnarkantinum. Frá þessum áverka í húðinni liggur gangur inn í gegnum ennisbeinið og inn í höfuðkúpuna neðst í fremstu heilagróf en gengur ekki í gegnum dura. Innra opið á gangi þessum mælist 1 cm í þvermál. Áberandi glóðarauga er á vi. auga. Einnig vottar fyrir mari innan við augnakrók á báðum hæ. augnlokum. Rétt neðan við angulus mandubulae vi. megin er 1 cm langur skurður í húðinni með tættum börmum og gengur í gegnum húð. Ofan til á nefinu í stefnu þvert á það er 1,5 cm grunnur skurður sem nær aðeins inn úr húðinni. Enn er 2 cm langur skurður með tættum börmum framan á höku og gengur aðeins inn úr húð. 2 cm hæ. megin við nafla skagar járntittur 4,6 cm út úr kviðnum. Járntittur þessi er svartur af bruna. Armbandsúr er á vinstri úlnlið. Líkið er svo til allt þakið fíngerðu dufti að framan (úr eldslökkvitæki).

Brjóst- og kviðarhol opnað: Kviðveggsfita mælist 1 cm á þykkt. Við nánari athugun á ofangreindum járntitti sést að hér er um að ræða skrúfjárn sem gengur inn í gegnum kviðvegginn og skagar 7,5 cm inn í kviðarholið. Titturinn sem út úr kviðveggnum stendur hefur sýnilega borið handfangið sem að öllum líkindum hefur eyðst í eldinum. Þvermál skrúfjárnsins framanvert er 0,6-0,7 cm. Skrúfjárnið hefur aðeins litillega sært mjógirnislykkju og mesenterium rótina næst henni en þarna er ekki um perforation að ræða og mjög litilfjörleg blæðing í vefina í kring. Eins og áður segir sást utan frá gapa inn í kviðarholið efst hæ. megin og verður breytingum á lifur lýst nánar síðar. Vi. megin í brjóstholi eru 124 ml af tærum, ljósleitum vökva en pleura þeim megin er slétt og gljáandi. Hæ. megin hefur opnast inn í brjósholið neðst vegna brunans og er neðsti lappi lungans utanvert mattur á yfirborði en pleura sem heild er að öðru leyti slétt og gljáandi..."

Niðurstaða skýrslunnar er þessi:

„Við krufninguna komu í ljós miklir áverkar á höfði mannsins og er sýnilegt að stærstu áverkarnir hafa hlotist af því að maðurinn hefur verið barinn í höfuð með sljóu barefli að minnsta kosti þrisvar sinnum. Áverki vinstra megin við nefrót hefur orsakast af því að skarpt áhald (sennilega skrúfjárn) hefir verið rekið af miklu afli í gegnum húðina og inn í gegnum höfuðkúpuna inn í fremstu heilagróf. Höfuðhöggin hafa einnig valdið blæðingum í heilavef. Þá var stungusár á kvið, þar sem skrúfjárni hafði verið stungið á kaf, upp að skafti og skilið eftir í sárinu. Höfuðáverkarnir munu hafa leitt til þess að maðurinn missti meðvitund en brunabreytingar síðan dregið hann til dauða. Maðurinn hefir verið ölvaður er hann lést."

Samkvæmt niðurstöðum réttaefnafræðilegs mats var magn etanols í blóði 2.14‰ og í þvagi 2.99‰. Blóðrauði var mettaður koloxíði að 4 hundraðshlutum. Benzódiazepinasambönd voru ekki í mælanlegu magni í blóðinu. Kannabíóníðar voru ekki mælanlegir í þvagi, né amfetamín.

Klipptar voru pjötlur úr fatnaði ákærða með blettum, sem virtust vera blóðblettir og sent til blóðblettagreiningar til The London Hospital Medical College. Niðurstöður þeirrar rannsóknar staðfesta að umræddir blettir séu blóðblettir, en útilokað sé að það blóð gæti hafa komið úr ákærða sjálfum, en samrýmist því hins vegar að blóðið gæti verið úr Jósef Liljendal Sigurðssyni.

Ákærði hefur við meðferð málsins játað það afdráttarlaust að hann hafi slegið Jósef Liljendal Sigurðsson, að minnsta kosti þrisvar sinnum í höfuðið með járnröri svo hann féll í gólfið, þá stungið hann með skrúfjárni í kaf í kviðarhol og í framhaldi af því borið eld að fötum hans, er leiddi Jósef Liljendal Sigurðsson til dauða.

Ákærði kveðst hvorki muna að hafa stungið skrúfjárni í andlit Jósefs inn í gegnum höfuðkúpuna né að hafa hellt lakkþynni eða öðrum eldfimum vökva yfir fót hans og líkama. Ákærði ber ekki á móti því að hafa gert þessa hluti og hefur ekki véfengt rannsóknir er sýna fram á að svo muni hafa verið.

Verður nú rakið það sem fram hefur komið um verk þetta og aðdraganda þess.

Ákærði kveðst hafa farið í bæinn að kaupa sér föt miðvikudaginn 13. mars sl. Hann hafi jafnframt keypt sér 1 og ½ flösku af Baccardi og hafi hann hafið áfengisdrykkju um kl. 14:00-15:00. Hann hafi heimsótt vinnufélaga á trésmíðaverkstæði við Lindargötu og hafi þeir hjálpað honum við að ljúka úr flöskunni. Ákærði kveðst síðan hafa farið heim, skipt um föt og klæðst nýju fötunum, ljósum kakíbuxum, ljósbláum mittisjakka og svörtum netbol. Um kl. 20:30 kveðst ákærði hafa farið niður í bæ. Hann hafi komið við á Pöbbinum, Gauki á Stöng og Hellinum. Ákærði kveðst hafa sest niður á veitingastaðnum Gauki á Stöng og fengið sér könnu af öli. Hann hafi tekið þar tali mann, er starfar hjá Flugleiðum, en hann veit ekki frekari deili á. Þeir hafi síðan orðið samferða á veitingastaðinn Hellinn. Þar hafi þeir fengið sér drykk og að því búnu tekið sér leigubifreið á veitingastaðinn „Y" við Smiðjuveg í Kópavogi. Samferðamaður ákærða yfirgaf staðinn fljótlega, en ákærði sat þar til kl. 01:00. Rétt fyrir lokun kveðst ákærði hafa kynnst Jósefi Liljendal Sigurðssyni. Ákærði kveðst hafa gengið yfir að borði hans, sest niður og tekið hann tali. Hann kveðst ekki hafa þekkt hann neitt. Ákærði segir, að Jósef hafi boðið honum með sér í „party", án þess að tilgreina það neitt nánar. Hafi ákærði þegið boðið. Þeir hafi orðið samferða út. Jósef hafði þá að orði, að hann þyrfti fyrst að hringja og hafi þeir gengið yfir að trésmíðaverkstæði skammt frá, að Smiðjuvegi 50. Jósef hafi opnað með lykli og hafi þeir farið inn. Þeir hafi gengið í gegnum verkstæðið inn eftir húsinu og upp stiga í kaffistofu eða skrifstofu. Jósef hafi tekið síma úr hillu og sett hann á borðið og sjálfur sest innan við borðið og byrjað að hringja. Á meðan kveðst ákærði hafa staðið framan við borðið eða gengið um og horft yfir verkstæðið. Ákærði kveður Jósef hafa hringt þrisvar eða fjórum sinnum án árangurs. Ákærði kveðst þá hafa tekið stól, farið úr jakkanum og annaðhvort hengt hann á stólbakið eða sett hann yfir axlir sér og sest gegnt Jósefi við borðið. Ákærði segir að Jósef hafi þá sofnað fram á borðið og hafi hann þá ýtt við honum með því að ýta í öxlina á honum, og ætlað að athuga hvort Jósef ætlaði ekki í þetta „party" sem talað hafði verið um. Jósefi hafi brugðið og sló hann til hendinni sem lenti lauslega á nefi ákærða. Ákærði kveðst „hafa séð rautt". Hann hafi hlaupið framá stigapallinn, gripið þar

rör og hlaupið með það til baka. Þegar hann hafi nálgast borðið hafi Jósef verið að rísa upp. Ákærði kveðst hafa slegið hann viðstöðulaust í höfuðið með rörinu. Jósef hafi fallið niður á stólinn og síðan í gólfið. Ákærði kveðst hafa haldið á skrúfjárni, sem hann muni ekki hvar hann tók, og kveðst hann muna eftir því að hafa rekið það á kaf í kvið mannsins, þar sem hann lá á gólfinu. Ákærði kveðst alls ekki muna eftir því að hafa áður rekið skrúfjárnið í enni mannsins við nefrót. Ákærði segir að Jósef hafi legið meðvitundarlaus á gólfinu og hafi talsvert blætt úr höfði hans. Ákærði kveðst hafa tekið seðlaveski mannsins úr brjóstvasa hans og kannað innihald þess. Hann hafi í fyrsa lagi verið að athuga hvort einhver persónuskilríki fyndust og í öðru lagi hafi hann verið að kanna hvort peningar væru í veskinu. Svo hafi ekki reynst vera og hafi hann sett veskið á kvið mannsins án þess að taka neitt úr því. Ákærði kveðst síðan hafa borið eld að manninum með kveikjara sínum. Hann hafi kveikt í fötum hans í brjósthæð. Að því búnu hafi hann tekið jakkann sinn og gengið út og hafi þá logað í líkama Jósefs heitins.

Ákærði kveðst alls ekki muna eftir því að hafa hellt eldfimu efni, lakkþynni, yfir manninn áður en hann bar eld að fötum hans. Hann kveðst þó ekki bera á móti því að hann hafi gert það, þar sem í niðurstöðu rannsóknar prófessors Þorkels Jóhannessonar, sbr. skýrslu Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, dags. 3. júní sl., en þar segir:

„Niðurstöður þessara rannsókna eru í samræmi við þá ályktun, að klæði hins látna hafi verið vætt með áðurnefndum þynni (lakkþynni) og eldur borinn að og hann hlotið bana af."

Ákærði kveðst ekki vita hvað sér hafi gengið til, er hann sótti rörið og barði Jósef heitinn í höfuðið með því. Hann kveðst hafa séð rautt er hann gerði þetta og hafi engin heilbrigð hugsun komist að. Það sama hafi gilt er hann bar eld að klæðum hins látna. Ákærði kveðst ekki áður hafa kannað hvort líf leyndist með Jósefi þegar hann kveikti í fötum Jósefs. Hann kveðst hafa ályktað að Jósef væri látinn en hafi ekki hugleitt það sérstaklega. Ákærði kveðst hafa „panikerað" þegar Jósef hafi legið meðvitundarlaus á gólfinu. Hann hafi því ætlað að fela öll vegsummerki með því að brenna manninn. Það hafi ekki verið ætlun sín að brenna húsið. Ákærði kveðst ekki hafa hugleitt það að íkveikjan gæti valdið stórfelldum eignarspjöllum.

Eftir að hafa yfirgefið verkstæðið kveðst ákærði hafa gengið yfir að Smiðjukaffi og farið inn. Hann hafi farið fram á salerni og þvegið sér um hendurnar og gengið síðan inn í veitingasalinn. Hann hafi sest við borð hjá mönnum er hann kannist við og tekið tali. Hann mundi ekki nema nafn annars þeirra við yfirheyrslu fyrir dómi, og hafi sá heitið Pétur. Menn

þeir er hér um ræðir munu hafa verið Pétur Kristinsson, Óskar Hilmarsson og Pálmi Hannesson. — Ákærði kveðst muna óljóst eftir að hafa hringt en kveðst hvorki muna hvert hann hringdi né við hvern hann talaði. Að því búnu kveðst hann hafa gengið út og ætlað heim en þessir atburðir hafi legið svo þungt á sér að hann hafi snúið við og farið aftur inn í Smiðjukaffi. Hann kveðst hafa gengið yfir að borði til tveggja pilta sem voru að borða, og beðið þá að fylgja sér út þar sem hann hefði séð reyk leggja frá nærliggjandi húsi. Ákærði kveðst ekki þekkja menn þessa. Ákærði kveðst hafa beðið þá um að kanna málið með sér vegna þess að hann væri sjálfur undir áhrifum áfengis. Hafi piltarnir orðið við beiðni hans og fylgt honum út og að Smiðjuvegi 50. Menn þeir sem hér um ræðir munu hafa verið Ingimar Friðrik Jóhannsson nemi og Guðmundur Ingi Guðmundsson verkamaður. Ákærði kveðst ekki muna hversu langur tími leið frá því hann kom inn í Smiðjukaffi þar til hann tilkynnti að hann hefði orðið var við reyk. Þegar að var komið lagði reyk upp með húsinu ofanverðu frá samskeytum á stórri hurð. Fyrir dómi mundi ákærði ekki hvort hann eða annar piltanna hafi hlaupið til baka að Smiðjukaffi og tilkynnt um eldsvoðann. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, í skýrslu sem ákærði hefur staðfest, heldur ákærði því fram að hann hafi farið og er sá framburður í samræmi við framburð vitna. Verður hann lagður til grundvallar. Ákærði kveðst þá hafa hlaupið til baka að Smiðjukaffi og tilkynnt um eldsvoðann. Hafi starfsmenn Smiðjukaffis fylgt honum að Smiðjuvegi 50 til þess að kanna málið. Mennirnir sem fylgdu ákærða eftir munu hafa verið Bjarni Þór Ágústsson matsveinn, Þórir Kjartansson dyravörður og Eiríkur Árni Hermannsson bakari.

Ákærði segir Bjarna hafa lyft sér upp í glugga og séð að húsið var allt fullt af reyk. Bjarni hafi brotið tréspjald í hurðinni og opnað hana. Hafi þá gosið mikill reykur út. Ákærði kveðst hafa hlaupið yfir að Smiðjukaffi til þess að ná í slökkvitæki. Hafi dyravörður í Smiðjukaffi tekið tækið og hlaupið með það að Smiðjuvegi 50. Það mun hafa verið Albert Birgisson dyravörður.

Ákærði kveðst ekki hafa tekið þátt í slökkvistarfinu heldur hafi hann staðið utan dyra og fylgst með. Eftir að lögreglan hafði tekið niður nafn og heimilisfang ákærða kveðst hann hafa haldið af stað heim á leið. Annar piltanna er fór fyrst með honum að Smiðjuvegi 50 hafi ekið fram á hann og boðið honum akstur heim sem hann hafi þegið. Það mun hafa verið Ingimar Friðrik Jóhannsson nemi.

Ákærði hefur haldið því fram fyrir dómi að hafa verið „nokkuð vel drukkinn". Hann hafi drukkið 1 og ½ flösku af Baccardi yfir daginn með mönnum þeim er hann hitti. Um kvöldið hafi hann drukkið bjórlíki og áfengi á veitingastöðum þeim sem hann sótti.

Blóðsýni var tekið úr ákærða á Borgarspítalanum kl. 10:45, 14. mars sl. Samkvæmt þeirri niðurstöðu reyndist alkóhólmagn í blóði vera 0,45‰.

Ákærði mætti í fyrstu yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins kl. 8:25, 14. mars sl. Féll grunur á hann í þeirri yfirheyrslu og í næstu yfirheyrslu kl. 9:45 þann sama dag var hann yfirheyrður sem sakaður og var úrskurðaður í gæsluvarðhald 15. mars sl.

Ákærði kom fyrir dóm 15. október sl. og staðfesti framburð sinn í lögregluskýrslum og undirritun sína þar.

Enginn var vitni að þeim atburðum sem ákærði er ákærður fyrir, en rétt þykir að greina frá framburði vitna sem koma við sögu eftir að ákærði hafði framið verknaðinn, einkum vegna þess að nokkur vitnanna tóku þátt í slökkvistarfinu.

Framburður Ingimars Friðriks Jóhannssonar nema er í samræmi við framburð ákærða. Vitnið staðfestir að hafa veitt því athygli er ákærði reyndi að fá lánaðan síma til þess að hringja og hafi sagt við afgreiðslustúlkuna að um væri að ræða lögreglumál og þetta væri áríðandi símtal. Ingimar telur, að klukkan hafi verið u.þ.b. 2:45-3:00, þegar ákærði kom að borði hans og Guðmundar Inga Guðmundssonar og bað þá að fylgja sér út þar sem hann fyndi reykjarlykt. Ingimar kveðst enga reykjarlykt hafa fundið þegar út var komið og kveðst ekki hafa séð reykinn stíga frá húsinu fyrr en hann var næstum kominn að því. Ingimar segir að ákærði hafi ólmur viljað að húsið væri opnað og málið kannað nánar. Vitnið kveðst ekki hafa tekið þátt í slökkvistarfi dyravarðanna. Hann kveðst hafa boðið ákærða að aka honum heim og hafi hann þegið það. Ingimar segir að sér hafi virst ákærði mjög spenntur og hafi haft á orði á heimleiðinni að skömmu áður hafi brunnið hjá honum til sjós og væri hann því mjög hræddur. Vitninu fannst ákærði vera í miklu meira uppnámi en tilefni væri til. Ingimar kveðst ekki vilja bera um það hvort ákærði hafi verið undir verulegum áfengisáhrifum þar sem hann þekkti ekki ákærða.

Vitnið Guðmundur Ingi Guðmundsson verkamaður staðfestir framburð ákærða og Ingimars Friðriks Jóhannssonar. Hann segir að ákærði hafi viljað fá þá út með sér til þess að kanna málið, þar sem hann væri ölvaður en hafði áður spurt þá hvort þeir væru ekki „edrú". Guðmundur segir ákærða hafa gengið beint að húsinu Smiðjuvegi 50. Guðmundur kveðst hafa yfirgefið vettvang um kl. 3:00 og voru þá dyraverðir úr Smiðjukaffi og lögregla komin á vettvang.

Vitnið Bjarni Ágúst Jónsson matreiðslumaður kveðst hafa tekið eftir því, að ákærði hafi yfirgefið Smiðjukaffi um kl. 02:00 eða rúmlega það. Skömmu síðar hafi ákærði komið aftur og tilkynnt að kviknað væri í húsi skammt frá. Bjarni segir ákærða hafa verið talsvert ölvaðan en hann hafi engu að síður trúað honum. Vitnið segir, að tveir dyraverðir hafi fylgt þeim

út. Bjarni kveðst hafa teygt sig upp í glugga sem er fyrir ofan útidyrnar og séð að inni var allt fullt af reyk. Bjarni kveðst þá hafa brotið spjald í hurðinni og opnað útidyrnar. Bjarni lýsir aðkomunni svo, að þar hefði allt verið fullt af reyk, og hefði honum fundist sem loftið væri olíublandað. Reykurinn hafi verði mjög sterkur. Hann kveðst hafa hlaupið inn eftir húsinu til þess að aðgæta, hvort einhver leyndist inni. Hann kveðst hafa kannað geymslur undir skrifstofunni, en hafi þá ekki þolað lengur við og farið út aftur og opnað stóra vængjahurð, sem er við hliðina á dyrunum er hann fór inn um. Bjarni kveðst síðan hafa farið inn aftur og hafi Þórir dyravörur verið með honum. Bjarni kveðst nú hafa farið upp stigann og inn í skrifstofuna, og þar kveðst hann hafa séð að eldur logaði undir skrifborðinu. Í næstu andrá kveðst hann hafa gert sér grein fyrir því, að maður lá undir skrifborðinu og kraumaði í honum eldur. Var hann mikið brunninn. Þegar hér var komið kveðst Bjarni hafa orðið að hlaupa út og fá sér fríska loft. Bjarni kveðst hafa fengið handslökkvitæki hjá Alberti dyraverði og farið inn og sprautað dufti yfir manninn og hafi síðan orðið að hlaupa út. Hann hafi aftur farið inn og sprautað því sem eftir var úr slökkvitækinu yfir manninn. Honum hafi ekki tekist að slökkva eldinn en kæft hann að mestu. Bjarni segir, að eldurinn hafi gosið upp aftur en hann hafi orðið frá að hverfa. Lögreglan var nú komin á vettvang og hjá henni kveðst Bjarni hafa fengið stórt duftslökkvitæki og hafi dælt úr því, þar til hann hafi verið öruggur um að hafa slökkt eldinn. Bjarni kveðst hafa farið inn eina ferðina enn, nú til þess að setja viftu í gang til þess að hreinsa loftið. Bjarni kveðst ekki hafa haft frekari afskipti af þessum atburði. Bjarni kveðst hvorki hafa gefið ákærða gaum á meðan á slökkvistarfinu stóð né hafi hann veitt honum athygli fyrr um kvöldið. Bjarni kveðst hafa fengið snert af reykeitrun og verið frá vinnu í tvo daga.

Vitnið Þórir Kjartansson dyravörður kveðst hafa komið inn í Smiðjukaffi um kl. 01:45 og fljótlega á eftir hafa tekið eftir ákærða þar inni. Þórir telur, að klukkan hafi verið nálægt 03:00 er ákærði kom og tilkynnti að eldur væri laus í nærliggjandi húsi. Hann kveðst hafa hlaupið út með Bjarna og er samræmi í framburði þeirra um aðkomuna á Smiðjuvegi 50. Þórir segir að ákærði hafi verið mjög æstur er þeir komu að húsinu og hafi ákveðið viljað að þeir brytust inn þar sem maður kynni að vera inni. Þórir kveðst hafa farið inn í húsið á eftir Bjarna. Hann hafi bent Bjarna á að fara upp stigann. Hann kveðst hafa aðstoðað Bjarna að slökkva í líkinu eftir að lögreglan kom með slökkvitæki. Þórir segir, að ákærði hafi verið talsvert „sjokkeraður“ og haft að orði að kviknað hefði í bát, þar sem hann væri skipverji og fengi þessi atburður því mjög á hann. Þórir segir bæði ákærða og Jósef heitinn hafa verið ölvaða, en Jósef sýnu meira.

Vitnið Eiríkur Árni Hermannsson lagerstjóri kveðst hafa verið að fá sér

að borða í Smiðjukaffi. Hann hafi lokið við máltíðina milli kl. 02:00-03:30. Hafi hann þá heyrt er ákærði kom og tilkynnti í afgreiðslunni að kviknað væri í trésmíðaverkstæði á móti. Sér hafi virst ákærði vera mjög taugaveiklaður og ör. Eiríkur segist hafa fylgt Bjarna út og hafi hann farið inn í húsið þegar Bjarni opnaði það. Hann kveðst hafa skyggnst inn á neðri hæðina en orðið að fara út í leit að frísku lofti. Að því búnu hafi hann farið inn aftur og upp stigann og þá séð að eldur var í mannslíkama, sem lá úti í horni vinstra megin er komið var upp. Eiríkur segir nokkurn eld hafa verið í efri hluta líkamans. Hann kveðst hafa farið niður og sagt Bjarna frá þessu. Skömmu síðar komu lögreglumenn á staðinn.

Albert Birgisson dyravörður kveðst fyrst hafa tekið eftir ákærða inni í Smiðjukaffi um kl. 02:00. Klukkan hafi verið að nálgast 03:00, þegar ákærði kom til hans og bað hann að hringja á slökkviliðið þar sem kviknað væri í húsi á móti. Vitnið kveðst hafa hring í lögregluna í Kópavogi. Hann kveðst hafa hlaupið niður eftir og svo aftur að Smiðjukaffi og náð í slökkvitæki og látið Bjarna hafa það. Vitnið kveðst ekki hafa tekið þátt í slökkvistarfinu en aðeins farið inn og upp á loft og kveðst rétt hafa séð móta fyrir líkinu á gólfinu en erfitt hefði verið að sjá fyrir reyk.

Arndís Hreiðarsdóttir nemi var á þessum tíma afgreiðslustúlka á veitingastaðnum „Y". Hún kveðst hafa bæði veitt ákærða og Jósefi heitnum athygli umrætt kvöld. Jósef hafi verið á staðnum frá því kl. 18:00 um kvöldið og drukkið áfengi. Síðar um kvöldið hafi ákærði komið inn í veitingastaðinn „Y" og hafi ákærði og Jósef verið hávaðasamir í samræðum sínum. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því að þeir hafi yfirgefið staðinn saman. Sér hafi virst Jósef töluvert drukkinn en ákærði hafi hins vegar ekki verið það.

Sveinn Haukur Sigvaldason, meðeigandi Jósefs heitins Liljendals Sigurðssonar í trésmíðaverkstæðinu JHS, hefur einnig komið fyrir dóm og staðfest, að hann hafi síðast séð Jósef heitinn á veitingastaðnum „Y" um miðnætti 13. mars sl. Hafi Jósef verið töluvert ölvaður. Sveinn kveðst hafa boðist til að aka Jósefi heim en hann hafi ekki þegið boðið.

Í vottorði frá Veðurstofu Íslands um veður 13.-14. mars sl. kemur fram, að kl. 24 hinn 13. mars sl. hafi vindátt og veðurhæð verið VSV 2, él, skyggni 60 km og 2,1 stiga frost. Kl. 03.00 14. mars sl. hafi verið SSV 2, snjóél, 2,5 km skyggni og 3,1 stiga frost.

Rannsóknarlögregla ríkisins leitaði til brunamálastjóra ríkisins með bréfi, dagsettu 28. mars sl., og óskaði eftir áliti um það hvort íkveikjan hefði valdið eldsvoða sem haft hefði í för með sér almannahættu, bersýnilegan lífsháska annarra manna eða augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.

Brunamálastjóri fól Ástvaldi Eirikssyni, forstöðumanni eldvarnareftirlits

á Keflavíkurflugvelli, og Guðmundi Gunnarssyni, byggingaverkfræðingi, að meta almannahættu vegna íkveikjunnar og skiluðu þeir ýtarlegri skýrslu, dagsettri 2. apríl sl. Málið var enduruppteki 1. nóvember sl. og lögðu hinir sérfróðu matsmenn fram viðbótarupplýsingar um brunann á Smiðjuvegi 50. Báðar skýrslurnar hafa þeir staðfest fyrir dómi við meðferð málsins. Í skýrslu þeirra frá 2. apríl segir svo um aðstæður:

„Húslýsing.

Húsið Skemmuvegur (sic) 50 er nýlegt einnar hæðar steinsteypt hús með léttu þaki sem er borið uppi af stálbitum og stálsúlu. Stærð hússins er um 320 m^2, en því er skipt í tvennt með steyptum vegg upp í 220 sm hæð, en þar fyrir ofan er léttur veggur. Sú hlið veggsins sem snýr að trésmíðaverkstæðinu er klædd með 12 mm spónaplötum, en hin hlið veggsins er klædd með 16 mm spónaplötum. Þeim megin í húsinu er Jón B. Baldursson rafvirkjaverktaki til húsa. Þar sem um tvö óskyld fyrirtæki er að ræða ætti veggurinn á milli þeirra að vera a.m.k. B60, það er auk fyrrgreindra efna ætti veggurinn að vera með 3" harðpressaðri steinull í grindinni. Veggurinn ætti að ná að ystu vegg- og loftklæðningu. Eins og veggurinn stendur í dag er brunamótstaða hans vart meiri en 30 mín., auk þess sem hann er ekki nægilega þéttur gagnvart reyk. Í lakkklefanum og inni á snyrtingunni náðu plöturnar ekki niður á steypta vegginn, og myndaðist allt upp í 10 sm rifa milli þeirra. Á þessum stað er brunamótstaðan eingöngu fólgin í 16 mm spónaplötunni. Samkvæmt upplýsingum Jóns B. Baldurssonar eru 16 mm plöturnar harðpressaðar en 12 mm plöturnar virtust vera með venjulegri pressu.

Að Skemmuvegi (sic) 48 er steinsteyptur veggur sem nær 30 sm upp úr þaki. Efst á veggnum er spónaplata en ekki er vitað hvort þar sé um að ræða gat á veggnum eða ekki og við brunann, sem varð í þessu sama húsi 19. febr. 1982, var þarna gat, en ekki hefur fengist staðfesting á því að múrað hafi verið upp í það. Stærð plötunnar er ca. 40×90 sm.

Inni í trésmíðaverkstæðinu er pallur $2{,}55 \times 6{,}0$ m að stærð. Undir honum er lakkklefi, snyrting og geymsla en uppi á pallinum er kaffistofa og skrifstofuaðstaða. Milligólfið er úr timbri, 12 mm spónaplötur að neðan en 22 mm að ofan. Brattur stigi úr timbri liggur upp í kaffistofuna."

Í skýrslu dagsettri 31. október sl. kemur fram að við skoðun matsmanna 30. október 1985 kom í ljós að múrað hafi verið upp í gatið á steinsteypta veggnum sem skilur Skemmuveg (sic) 50 frá Skemmuvegi (sic) 48 skömmu eftir brunann í húsinu 19. febrúar 1982.

Um hugsanlega þróun brunans segir í skýrslu, dags. 2. apríl sl.:

„Líklegt framhald þessa bruna, ef hann hefði brunnið óhindraður áfram, er að hann hefði farið að breiðast út eftir að hafa brunnið í gegnum gólfið.

Þá ná plöturnar að hitna báðum megin frá sem eykur brunahraða þeirra verulega. Fljótlega hefði eldurinn náð í nærliggjandi vegg, og dreifst þaðan í loftklæðninguna sem er úr spónaplötum. Þaðan hefði eldurinn borist í undirliggjandi brennanleg efni með hitageislun. Þar er um að ræða hverskyns timburafurðir s.s. hálfsmíðaða skápa, vinnuborð, timbur og spónaplötulager svo og birgðir af þynnum og lökkum sem voru geymd undir vinnuborðum í austurenda hússins. Á þessu stigi eldvoðans brotnar gler í gluggum hússins út.

Aðskilnaður milli verkstæðisins og húshluta Jóns B. Baldvinssonar (sic) rafverktaka er tiltölulega léttur þar sem frágangi veggsins var ekki lokið. Brunamótstaða ca. 30 mín. Eldsvoði í þessu sama húsi þann 19. febrúar 1982 olli verulegu tjóni á verkstæði Jóns einmitt vegna þess að ekki var tryggilega gengið frá umræddum vegg."

Í skýrslu, dagsettri 31. október sl., kemur fram að Jón B. Baldursson metur verðmæti þau, sem voru inni í húsi hans þegar eldsvoðinn varð, frá 900.000,00 til 1000.000,00 króna.

Niðurstaða hinna sérfróðu matsmanna er sú, að þeir telja að allt húsið Smiðjuvegur 50 hafi verið í hættu vegna eldsins, en hins vegar ekki Smiðjuvegur 48.

Ákæra, dagsett 2. september 1985.
Ákæruliður I.

Málsatvik.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa aðfaranótt 24. desember 1984 brotist inn í verslunina Spesíuna, Iðnbúð 4, Garðakaupstað í félagi við Ragnar Ólafsson, Skólagerði 18, Kópavogi og stolið allt að 7.000,00 krónum í reiðufé og 20 vindlingalengjum.

Ákærði kom fyrir dóm 15. október 1985 og staðfesti framburð sinn í lögregluskýrslum og undirritun sína þar.

Ákæruliður II.

Málsatvik.

Ákærði hefur fyrir dómi viðkurkennt að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 3. janúar 1985 brotist í þjófnaðarskyni inn í smurbrauðsstofuna Björninn, Njálsgötu 49 í félagi við Vilmund Sigurð Vilmundarson, Ásvallagötu 29, Reykjavík, en lögreglumenn komu að þeim á vettvangi.

Ákærði kom fyrir dóm 15. október sl. og staðfesti framburð sinn í lögregluskýrslum og undirritun sína þar.

Persónulegir hagir ákærða:

Ákærði er fæddur og uppalinn í Reykjavík, eldri tveggja bræðra. Hann

gekk í skóla í Reykjavík og reyndist skólagangan honum erfið. Átta ára að aldri var hann í meðferð á barnageðdeildinni við Dalbraut í 3 mánuði. Hann hætti námi í 3. bekk og hafði þá reynst mjög erfiður nemandi sem hvorki gat einbeitt sér né aðlagað sig skólanum að sögn skólastjóra. Var latur og hyskinn að sögn foreldra. Ákærði vann ýmist á sjó eða landi eftir að skólagöngu lauk. Var stutt á hverjum vinnustað, var ýmist rekinn eða sagði sjálfur upp.

Ákærði byrjaði að drekka áfengi 14-15 ára gamall og ekki leið á löngu, að hann drakk í túrum sem gátu varað allt í sex til sjö mánuði. Ennfremur fór hann að misnota lyf í auknum mæli. Ákærði kveðst „éta allt sem hægt sé að éta".

Ákærði kveðst frá 17 ára aldri oft hafa verið í meðferð vegna ofangreindra vandamála bæði á meðferðarstofnunum SÁÁ og geðdeildum ríkisspítalanna. Hann hafi viljað komast út úr þessari óreglu þar sem hún hafi svo oft leitt hann í ógöngur.

Ákærði kveðst ekki hafa tölu á því hversu oft hann hafi verið tekinn af lögreglu vegna ölvunar og óspekta á almannafæri. Hann varð uppvís að þjófnaði og ávísanafalsi 1983 og var ákæru frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þá var hann dæmdur í 3ja mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár í sakadómi Reykjavíkur 13. júlí 1984 fyrir peningaþjófnað og bílþjófnað og fyrir að aka um bæinn réttindalaus.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi síðan 15. mars sl.

Hannes Pétursson, yfirlæknir á geðdeild Borgarspítalans, var fenginn til þess að rannsaka andlegan og líkamlegan þroska og heilbrigði ákærða, og er meðal gagna málsins ræki leg skýrsla um rannsókn þessa. Verður hér tekinn upp síðasti hluti skýrslu þessarar, þar á meðal niðurstöðukafli:

„Geðskoðun:

Á meðan á rannsókninni stóð einkenndist geðslag Sigurðar af spennu og einnig skorti nokkuð á samvinnufýsi hans í viðtölum. Í upphafi bar hann stundum fyrir sig að hann vildi ekki ræða málin og að undirritaður gæti leitað upplýsinga annars staðar. Þegar leið á seinni hluta rannsóknarinnar varð Sigurður jákvæðari og skýrði greiðlega frá. Að öðru leyti var ekkert sérstakt athugavert við almenna hegðun hans, útlit, hreyfingar eða klæðaburð. Tjáning hans og tal voru að mestu eðlileg og tilfinningaviðbrögð í samræmi við umræðuefnið hverju sinni. Við skoðunina greindust ekki einkenni, svo sem ofskynjanir, haldvillur eða sérviskulegur hugsanaháttur er bent gætu til meiriháttar geðveiki. Ekki varð heldur vart einkenna um meiriháttar taugaveiklun, en hins vegar lýsti Sigurður því að hann upplifði oft mikla spennu innra með sér. Minni Sigurðar svo og dómgreind og hæfi-

leiki til afstæðra hugsana og einbeitingar virtist óskert og hann var fyllilega áttaður á stað, stund og eigin persónu.

Ályktun:

Að mínu áliti er Sigurður Adolf Frederiksen hvorki haldinn formlegri geðveiki né greindarskorti. Hins vegar tel ég að hann sýni merki alvarlegra persónuleikatruflana sem meðal annars hafi komið fram í alvarlegum atferlisvandkvæðum allt frá bernsku, lélegri skóla- og atvinnusókn, áfengissýki, lyfjanotkun og endurteknum afbrotum. Á undanförnum árum hefur Sigurður oftlega vistast á meðferðarstofnunum vegna framangreindra vandamála eins og skýrslur um fyrra heilsufar hans greina frá. Persónuleikatruflanir Sigurðar hafa meðal annars komið fram í hömluleysi og lélegri hvatastjórn þannig að undir áhrifum áfengis og/eða lyfja/efna virðist stundum þurfa lítið áreiti til að hann missi stjórn á sjálfum sér. Talsvert virðist hafa borið á sjálfseyðingarhvöt hjá Sigurði á undanförnum árum svo og að hann virðist eiga erfitt með að læra af fenginni reynslu.

Því miður er það svo að persónuleikatruflanir af því tagi er hér um ræðir eru ekki læknanlegar í eiginlegum skilningi þess orðs, en með aldrinum dregur oft úr slíkum vandkvæðum í mörgum tilvikum. Af viðtölum og málsgögnum virðist ljóst að aðdragandi og orsök atviks þess, er Sigurður sætir kæru fyrir, hafi verið skyndilegur missir sjálfsstjórnar undir áfengisáhrifum. Þó líklegt megi teljast að dómgreind Sigurðar hafi verið sljóvguð vegna ölvunar þegar atburðurinn átti sér stað þá verður þó að álykta að raunveruleikamat og dómgreind Sigurðar Adolfs Frederiksens sé annars með þeim hætti að hann teljist sakhæfur."

Niðurstöður.

Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað sem fram hefur komið í málinu og rakið hefur verið, að ákærði varð valdur að eldsvoða árla morguns, sunnudaginn 10. mars sl. með íkveikju í rúmfatnaði í káetu sinni um borð í vélskipinu m/b Boða GK 24.

Ákærða var fullkunnugt um að stýrimaður og næturgestur hjá honum höfðu tekið á sig náðir í klefa aðliggjandi þeim sem hann kveikti í. Þá vissi ákærði ennfremur að m/b Boði GK 24 lá utan á vélskipinu m/b Haffara GK 240. Honum gat því ekki dulist, að með verknaði þessum var fólk það, sem um borð var, í bersýnilegum lífsháska. Ákærði hefur viðurkennt að hafa borð eld í sængurfatnaðinn í því skyni að kveikja í skipinu. Hafi hann með því móti ætlað sér að hefna sín, þar sem stýrimaðurinn hafði neitað ákærða um peningalán. Íkveikjan er því ásetningsbrot.

Atferli ákærða varðar við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Sannað er með játningu ákærða, sem studd er mjög ítarlegum rannsóknargögnum og framburði vitna, að ákærði sló Jósef Liljendal Sigurðsson, aðfaranótt 14. mars 1985 að minnsta kosti þrisvar í höfuðið með járnröri, stakk hann í andlit gegnum höfuðkúpuna með skrúfjárni og rak það síðan á kaf í kviðarhol Jósefs. Að því búnu hellti ákærði eldfimum vökva yfir hann og lagði eld í, sem leiddi Jósef Liljendal Sigurðsson til dauða.

Ákærði er einn til frásagnar um aðdraganda þessa verknaðar og þykir ekki ástæða að véfengja frásögn hans. Óljóst er hvaða hvatir leiddu ákærða til verksins. Telja verður, að ákærði hafi ekki fyrir fram búið yfir neinum áformum um að ráða Jósef af dögum, heldur hafi hann unnið verkið eftir að hafa misst alla sjálfstjórn, að því er virðist að tilefnislausu. Ákærði sló Jósef a.m.k. 3 högg í höfuðið með þungu járnröri, þannig að hann féll í gólfið meðvitundarlaus. Ákærði veitir Jósefi enn frekari áverka eins og að framan er lýst og leggur að því búnu eld að klæðum hans eftir að hafa hellt yfir hann eldfimum vökva. Ákærða hlaut að vera fyllilega ljóst, að slík atlaga myndi örugglega leiða þann til dauða sem fyrir henni varð.

Meta ber verknað hans ásetningsverk sem varði við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði hefur gefið þá skýringu á íkveikjunni að hann hafi orðið hræddur, er hann sá Jósef liggja meðvitundarlausan á gólfinu. Hann hafi viljað fela öll ummerki af verknaði sínum og hafi því lagt eld að manninum í því skyni að brenna hann. Það hafi á hinn bóginn ekki verið ætlun sín að brenna húsið. Ákærði kveðst á þeirri stundu alls ekki hafa hugleitt skaðvænlegar afleiðingar af háttsemi sinni.

Ákærði kveikti eld í trésmíðaverkstæði, þar sem inni voru eldnæm efni. Verkstæðið stendur í iðnaðarhverfi í sambyggðri röð einnar hæðar steinhúsa með járnklæddum timburþökum. Húsið Smiðjuvegur 50 er tviskipt og eru tvö óskyld fyrirtæki þar til húsa. Eins og rakið hefur verið í gögnum málsins var brunamótstöðu á vegg þeim er aðskildi fyrirtækin ábótavant. Stafaði almannahætta af atferli ákærða. Ennfremur var eignarhluti Jóns B. Baldvinssonar (sic) í hættu í Smiðjuvegi 50 vegna þessa bruna en þar inni voru mikil verðmæti.

Telst atferli ákærða með hliðsjón af framansögðu varða við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Talið er sannað með játningu ákærða, sem studd er gögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu, að hann hafi framið brot þau, sem lýst er í ákæruskjali, dagsettu 2. september sl., ákærulið I og II.

Ákærði telst hafa brotið gegn ákvæðum 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19, 1940 og 244. gr. s.l., sbr. 20. gr. s.l.

Ákærði hefur rofið skilorð dóms 13. júlí 1984 (3 mánaða fangelsi), og ber skv. 60. gr. almennra hegningarlaga að dæma honum refsingu í einu

lagi fyrir brot þau sem sá dómur lýtur að og þau sem hann er nú saksóttur fyrir. Höfð verður hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar þykja hvorki refsilækkunarástæður 75. gr. almennra hegningarlaga koma til greina né heldur neinar af ástæðum sem um ræðir í 74. gr.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 17 ára fangelsi með sérstakri vísan til 2. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvist hans komi refsingunni til frádráttar, en ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 15. mars sl. og hefur setið í því síðan, eða 235 daga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur. Ennfremur málsóknarlaun til ríkissjóðs 20.000,00 krónur, en sækjandi af hálfu ákæruvalds var Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Adolf Frederiksen, sæti fangelsi í 17 ár.
Gæsluvarðhaldsvist hans 235 dagar komi refsingunni til frádráttar.

Föstudaginn 20. júní 1986.

Nr. 99/1985. **Hrönn hf.**
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Skattar. Félög. Verðbreytingarfærsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl

1985. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda í máli þessu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt málflutningi aðilja ber að miða við að Olíusamlag útvegsmanna á Ísafirði sé sjálfstæður skattaðili skattskyldur samkvæmt 4. tl. 2. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Áfrýjandi byggir á þeirri málsástæðu að synjun héraðsdóms á því að reikna verðbreytingargjald af hinum svonefnda stofnsjóði hjá ofangreindu félagi brjóti gegn tilgangi 53. gr. laga nr. 75/1981. Sér beri samkvæmt skattalögum að telja til skattskyldra tekna arð og vaxtatekjur af innstæðum sínum í stofnsjóðnum. Gildi hér sama regla og um vexti af öðrum innstæðum svo sem viðskiptakröfum og bankainnstæðum. Í þessu sambandi ber að gæta þess að 10. tl. (áður 11. tl.) 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt svarar beint til 7. tl. C. kafla í 7. gr. sömu laga. Hafa ákvæði þessi aðeins að geyma reglur um skattalega meðferð á arði (afslætti), sem félög samkvæmt 4. tl. 2. greinar laganna greiða félagsaðilum sínum í hlutfalli við viðskipti þeirra. Hinsvegar er ekki að finna í 7. grein laganna ákvæði er skattgildi arð af stofnsjóðnum hjá áfrýjanda, enda veitir 31. gr. laganna greiðandanum (Olíusamlaginu) ekki heimild til að draga slíkar arðgreiðslur frá skattskyldum tekjum. Skiptir hér engu máli þótt arðurinn sé nefndur vextir eða reiknaður eftir reglum um vexti með því að um er að ræða ráðstöfun á rekstrarhagnaði. Verður því að hafna þessari málsástæðu áfrýjanda.

Um slit á Olíusamlagi útvegsmanna segir m.a. í 20. gr. félagslaga þess. „Eignum félagsins skal ráðstafað til sölu af skilanefnd, sem að öðru leyti framkvæmir reikningsskilin og nettó andvirði eignanna skal skiptast milli félagsmanna í réttu hlutfalli við bókaðar eignir þeirra hjá félaginu.“ Stofnsjóðsinnstæða sú er mál þetta snýst um felur ekki einvörðungu í sér tiltekna peningakröfu, heldur fylgir henni réttur til hlutdeildar í því óskipta eigin fé sem félagið á eða eignast kann. Ekki þykja þær hömlur sem á meðferð hennar hvíla samkvæmt félagslögunum eiga að ráða úrslitum málsins. Verður því að telja stofnsjóðsinneign þessa vera eignarhluta í félagi í merkingu 53. gr. laga nr. 75/1981.

Samkvæmt því sem að framan er rakið ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meirihluta dómenda frá orðunum: „Um slit á Olíusamlagi útvegsmanna...“ Fellst ég, samkvæmt því er þar greinir, á dómsniðurstöðu þeirra. Er þá ekki þörf á að fjalla um það, hvort lög um tekjuskatt og eignarskatt skattgildi arð (vexti) af stofnsjóðseign áfrýjanda á hendi hans en í málflutningi hefur aðilja ekki greint á um þetta.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 27. febrúar 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum aðalflutningi 12. febrúar 1985, höfðaði fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fyrir bæjarþingi Ísafjarðar gegn Ásgeiri Guðbjartssyni, stjórnarformanni, Túngötu 9 á Ísafirði, f.h. Hrannar hf. á Ísafirði með stefnu birtri 8. mars 1984.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að Hrönn hf. sé óheimilt að færa meðal eigna við útreikning á verðbreytingarfærslu í ársreikningi 1980, fylgiskjali með skattframtali félagsins 1981, stofnsjóðsinneign félagsins í Olíusamlagi útvegsmanna á Ísafirði hinn 31. desember 1979 að fjárhæð gkr. 4.985.681 og stefnda sé skylt að þola endurákvörðun ríkisskattstjóra á tekjuskattsstofni og tekjuskatti hans gjaldárið 1981 í samræmi við það. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir:

Tildrög mála eru þau að við endurskoðun skattframtals Hrannar hf. 1981 óskaði skattstjóri Vestfjarðaumdæmis með bréfi 17. mars 1982 m.a. skýringa á tölum á verðbreytingarfærslublaði eignamegin í dálknum „Skulda-

bréf til lengri tíma en eins árs og aðrar langtímakröfur", gkr. 38.346.965. Því bréfi var ekki svarað, og með bréfi skattstjóra 15. nóvember 1982 tilkynnti hann Hrönn hf. að tekjur á framtali 1981 hefðu verið hækkaðar um kr. 1.200.000,00. Skattstjóri endurákvarðaði Hrönn hf. síðan opinber gjöld gjaldárið 1981 með úrskurði 2. desember 1982. Umboðsmaður Hrannar hf. kærði úrskurðinn til lækkunar með kærubréfi 30. desember 1982. Skattstjóri tók kæruna til efnislegrar meðferðar í úrskurði sínum 5. janúar 1983. Skattstjóri hafnaði kröfum umboðsmanns kæranda varðandi útreikning verðbreytingargjaldfærslu á þeirri forsendu að eignarhlutar í félögum teldust ekki til eigna er færðar eru á verðbreytingarfærslublaði.

Umboðsmaður Hrannar hf. kærði úrskurð skattstjóra til ríkisskattanefndar með kærubréfi 3. febrúar 1983. Í kærubréfinu mótmælti umboðsmaðurinn breytingu á verðbreytingarfærslu umfram kr. 732.810,00 með þeim rökum að eignarhlutar í félögum séu ekki færðir á verðbreytingarfærslublað Hrannar hf. nema stofnsjóðseign í samlagsfélagi, kr. 49.857,00. Í skýringum aftan á verðbreytingarfærslublaði komi ekki fram hvernig meðhöndla skuli stofnsjóðsinneign í samlagsfélagi. Þar sem skattaleg meðhöndlun arðs og vaxtatekna af stofnsjóðsinneign í samlagsfélagi sé öðruvísi en í hlutafélagi og samvinnufélagi vilji hann láta á þetta reyna. Þá óskaði umboðsmaður kæranda eftir því, að við breytingu á tekjuskattsstofni yrði 25% lagt í varasjóð.

Með bréfi 14. mars 1983 til ríkisskattanefndar gerði ríkisskattstjóri þá kröfu fyrir hönd gjaldkrefjenda að úrskurður skattstjóra yrði staðfestur.

Með úrskurði ríkisskattanefndar 19. ágúst 1983 var sú krafa stefnda að honum yrði heimilað að telja meðal eigna, er mynda eiga stofn til útreiknings verðbreytingarfærslu í ársreikningi 1980, stofnsjóðseign að fjárhæð gkr. 4.985.681 í Olíusamlagi útvegsmanna á Ísafirði tekin til greina.

Þar sem stefnandi hafði í hyggju að bera lögmæti úrskurðar ríkiskattanefndar 19. ágúst 1983 undir dómstóla óskaði hann eftir því við ríkisskattstjóra með bréfi 13. janúar 1984 að reiknaðir yrðu út skattar stefnda eins og þeir ættu að vera ef krafa hans um það, að stofnsjóðseign í samlagi verði felld niður við útreikning verðbreytingarfærslu, næði fram að ganga. Ríkisskattstjóri svaraði erindi stefnanda 19. ágúst 1984 og lét honum í té útreikninga, sem unnir voru af Guðmundi Guðbjartssyni, viðskiptafræðingi hjá ríkisskattstjóra, á hugsanlegri endurkröfufjárhæð ríkissjóðs. Þar segir svo:

„Samkvæmt niðurstöðu í úrskurði ríkisskattanefndar nr. 453 frá 19. ágúst 1983 námu hreinar tekjur gjaldanda gkr. 196.642.272 rekstrarárið 1980 og af þeirri fjárhæð var álagður tekjuskattur gjaldárið 1981 kr. 958.631. Sé breyting sú er ríkisskattanefndin gerði á úrskurði skattstjóra varðandi verðbreytingarfærslu í framtali gjaldandans felld niður verða

hreinar tekjur hans gkr. 199.379.909 og tekjuskattur gkr. 97.197.705. Mismunurinn nemur kr. 13.345 í tekjuskatti.

Gjaldfærsla skv. 53. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum, sbr. nú lög nr. 75/1981, af svonefndri stofnsjóðseign gkr. 4.985.681 nam 54,91% eða gkr. 2.737.637.

Í samræmi við venju sem skapast hefur ber að fallast á að 25% varasjóðstillag af hækkun þeirri er leiðir af bakfærslu umræddrar fjárhæðar heimilist til lækkunar gjaldstofns.

Útreikningurinn er þannig samandreginn:

Framtal Hrannar hf. gjaldárið 1981:

Hreinar tekjur skv. úrskurði ríkisskattanefndar nr. 453/1983	gkr.	196.642.272
Krafa: Lækkun gjaldfærslu um 54,91% af 4.985.681	—	2.737.637
Hreinar tekjur	gkr.	199.379.909
25% varasjóðstillag	—	49.844.977
Tekjuskattsstofn	gkr.	149.534.932
Tekjuskattur 65%	gkr.	97.197.705
Tekjuskattur skv. úrskurði ríkisskattanefndar	—	95.863.106
Mismunur — Endurkrafa	gkr.	1.334.599

kr. 13.345.“

Málsástæður og lagarök:

Stefnandi reisir málsókn sína á því að dómstólar eigi endanlegt úrlausnarvald í máli þessu.

Stefnandi mótar kröfugerð sína með hliðsjón af ákvæðum 11. mgr. 100. greinar laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt, en í þeirri grein segi að úrskurður ríkisskattanefndar sé fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna megi bera undir dómstóla.

Samkvæmt þessu gerir stefnandi kröfu um viðurkenningardóm og að stefnda verði dæmt að þola endurákvörðun skattyfirvalda á tekjuskattsstofni og tekjuskatti gjaldárið 1981 til samræmis við kröfu stefnanda í máli þessu. Sú venja hafi myndast í framkvæmd að ríkisskattstjóri reikni að nýju skatta gjaldenda í þeim tilvikum er breyta beri skatti og skattstofni samkvæmt dómi.

Stefnandi bendir á að samkvæmt beinu ákvæði 3. mgr. laga nr. 75/1981 teljist ekki til eigna við uppgjör þetta verðtryggðar eignir, eignir, sem haldi verðgildi sínu við almennar verðhækkanir eða eignir, sem heimilt sé að endurmeta samkvæmt lögum, án þess að verðbætur af þeim, hækkun á peningaverði þeirra eða endurmat þeirra teljist til tekna samkvæmt lög-

unum. Til þessara eigna teljist m.a. fyrnanlegar eignir, íbúðarhúsnæði og aðrar ófyrnanlegar fasteignir og eignarhlutar í félögum.

Stefnandi telur stofnsjóðsinneign stefnda í Olíusamlagi útvegsmanna ótvírætt eign sem haldi verðgildi sínu við almennar verðhækkanir án þess að verðhækkunin teljist til tekna, og sem eignarhlut í félagi megi ekki taka þá eign með við uppgjör verðbreytingarfærslu samkvæmt 53. gr. laganna.

Stefnandi segir, að með lögfestingu laga nr. 40/1978 um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1980 um breytingu á þeim lögum, sbr. nú lög nr. 75/1981, hafi verið mörkuð ný stefna varðandi áhrif verðbólgunnar á skattlagningu í atvinnurekstri. Í lögunum sé sú leið farin að setja fram tiltölulega einfaldar reglur sem taki mið af áhrifum verðlagsbreytinga og hafi áhrif til lagfæringar á hagnaðar- og eignahugtaki að því er tekur til atvinnurekstrar. Í megindráttum gangi lögin út frá því að ákvarða skattskyldar tekjur atvinnurekstrarins, þ.e. tekjuskattsstofninn, þannig að það sé sá hagnaður sem er mismunur á eign fyrirtækis í upphafi og lok ákveðins tímabils án þess að möguleikar þess til að viðhalda sömu starfsemi eða rekstrarafkomu séu skertir. Almenn áhrif verðbólgu komi fram í hefðbundnum reikningsskilum fyrirtækis. Peningaeignir verði verðminni og eigandi þeirra tapi en skuldari hagnist. Fasteignir, vélar og tæki haldi oftast verðmæti sínu en eignfærsla þeirra og afskriftir séu ekki í samræmi við verðmæti þeirra á hverjum tíma ef hefðbundnum reikningsskilaaðferðum sé beitt. Ef mæla eigi mismun á raunverulegri eign fyrirtækis í upphafi og lok ákveðins tímabils samkvæmt áðurnefndri hagnaðarskilgreiningu þurfi að leiðrétta áhrif verðbreytinga á hagnað og eigið fé fyrirtækisins. Vandamálið hafi verið að finna einfaldar reglur sem taki mið af áhrifum verðlagsbreytinga og hafi áhrif til lagfæringa á hagnaðar- og eignahugtakinu. Í lögunum sé farin leið sem óhjákvæmilega feli í sér nokkra annmarka, en á það sé að líta að ekki virðist fyrir hendi algildar leiðir til úrbóta sem hafi sveigjanleika í takt við verðbólguna á hverjum tíma. Reglur laganna einkennist þannig sumpart af því sjónarmiði að nauðsyn einfaldra og skýrra reglna nái fram að ganga í lögunum á kostnað nákvæmni. Í lögunum sé kveðið á um leiðréttingu á verðmæti eigna fyrirtækisins. Í fyrsta lagi með endurmati fyrnanlegra eigna, sbr. 36. gr. laganna. Í öðru skuli fyrirtækið færa upp svokallaða verðbreytingarfærslu samkvæmt 53. gr. laganna, en inn í þann útreikning komi eignir, sem ekki hafi tekið leiðréttingum gagnvart verðbólguáhrifum samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Samkvæmt 53. gr. komi vissar eigir inn í grundvöllinn og frá þeim dragist síðan að meginstefnu til allar skuldir skattaðila. Greinin skilji milli ýmissa tegunda eigna. Í fyrsta lagi sé gerður greinarmunur á eignum, sem hækki í verði við almennar verðhækkanir og eignum, sem geri það ekki. Í því efni ráði úrslitum, hvort eign sé þess eðlis að almennt séð hækki slíkar eignir í verði,

en það skipti ekki máli við uppfærslu verðbreytingarfærslu hvort umrædd eign hafi í reynd hækkað í verði. Dæmi um eign, sem hækki í verði við almennar verðhækkanir, sé t.d. hlutabréf, en innstæða á bankabók sé aftur á móti eign, sem engum slíkum breytingum taki. Til eigna sem eru verðtryggðar eða hækka í verði við almennar verðhækkanir og teknar eru með í þennan útreikning teljist þær eignir sem verðhækkunin telst til skattskyldra tekna, t.d. verðtryggðar innistæður. Niðurstaðan sé því sú að allar peningalegar eignir komi inn í þennan útreikning. Eignir sem eru endurmetnar samkvæmt öðrum ákvæðum skattalaganna komi ekki inn í þennan útreikning, enda gerist þess engin þörf þar sem þær hafi þegar tekið leiðréttingum vegna verðbólguáhrifa. Samkvæmt beinu ákvæði greinarinnar komi vörulagerinn og helmingur af matsverði bústofnsins inn í uppgjör þetta, sem þá samanstandi af peningalegum eignum + vörulager (bústofn) ÷ skuldirnar. Stefnandi telur, að heildstætt eigi reglur þessar að tryggja óbreytt raunvirði eigin fjár fyrirtækisins í upphafi og lok ákveðins tímabils. Mismunurinn sé þá hagnaður eða tap fyrirtækisins.

Þá bendir stefnandi á að samkvæmt ákvæðum stofnsamnings og laga fyrir Olíusamlag útvegsmanna á Ísafirði sýnist ótvírætt, að eignarhluti félagsmanna í félaginu sé í öllum tilvikum ákvarðaður sem tiltekin hlutdeild í nettóeign félagsins. Eignarhlutinn sé þannig verðtryggður í þeim skilningi að hann hækki í verðgildi í samræmi við þá hækkun sem verði á verðgildi eigna félagsins í verðbólgunni. Þannig geti félagsaðili við félagsslit fengið úthlutaðri hlutdeild af nettóandvirði eigna félagsins í hlutfalli við stofnsjóðseign sína. Á sama hátt sýnist hann í öllum tilvikum geta hagnýtt sér fullt verðgildi hlutdeildar sinnar í eignum félagsins við úrgöngu úr því. Samkvæmt 18. gr. laga um tekju- og eignarskatt teljist verðhækkun eignarhluta í samlagsfélagi ekki til skattskyldra tekna við sölu nema að því marki sem hún fer fram úr almennri verðbólgu sem við er miðað í 26. gr. laganna. Stefnandi leggur áherslu á að það ráðist ekki af reglum um skattalega meðhöndlun arðs og vaxtatekna hvort eign komi inn í uppgjör þetta. Höfuðmáli skipti að 53. gr. kveði á um í fyrsta lagi að í uppgjör þetta komi ekki eignir, sem séu endurmetnar samkvæmt öðrum ákvæðum laganna né eignir sem haldi verðgildi sínu við almennar verðhækkanir, ef sú verðmætisaukning eignarinnar teljist ekki til skattskyldra tekna. Í öðru lagi taki greinin skýrt af skarið um að eignarhlutir í félögum eigi ekki að koma inn í þetta uppgjör.

Stefnandi telur því með vísun til ákvæða 53 gr. laga nr. 75/1981 að stefnda sé óheimilt að færa við uppgjör verðbreytingarfærslu inneign sína í stofnsjóði Olíusamlags útvegsmanna á Ísafirði. Leiði þetta af því ákvæði greinarinnar er afdráttarlaust taki af skarið um að eignarhlutir í félögum komi ekki inn í uppgjör þetta. Ennfremur af því ákvæði 53. gr. að til eigna

í sambandi við uppgjör þetta teljist ekki verðtryggðar eignir og eignir sem haldi verðgildi sínu við almennar verðhækkanir án þess að verðbætur af þeim eða hækkun á peningaverði þeirra teljist til tekna samkvæmt lögunum, en af 18. gr. laga um tekju- og eignarskatt sé einsýnt að stofnsjóðseign stefnda í samlagsfélagi falli þar undir. Það styðji og þessa niðurstöðu að samkvæmt 4. mgr. 53. gr. sé sérstaklega tilgreint að til skulda við uppgjör þetta teljist ekki hlutafé, stofnsjóðir, stofnfé, endurmatsreikningar, varasjóðir og aðrir eiginfjárreikningar.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á þeim rökum að stofnsjóðsinneignir hans í Olíusamlagi útvegsmanna á Ísafirði beri að færast meðal eigna á útreikningi á verðbreytingarfærslu samkvæmt 3. málsgrein 53. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, eins og þeim lögum var breytt með lögum nr. 7/1980, sbr. nú lög nr. 75/1981. Stefndi bendir á að í 2. gr. tekjuskattslaga sé tiltekið á hvaða lögaðilum skattskylda hvíli og sé þar greint á milli fimm flokka lögaðila. Í lögunum sé síðan ávallt vitnað í þessa flokka, en þeir aldrei meðhöndlaðir sem ein heild. Eignir og tekjur þessara lögaðila séu meðhöndlaðar á mismunandi vegu samkvæmt skattalögunum, þótt töluverðs samræmis gæti hjá hlutafélögum og sameignarfélögum. Jafnframt séu mun ítarlegri ákvæði um skattlagninu þessara tveggja flokka lögaðila en annarra lögaðila. Ofangreind tvö félagaform, þ.e, hlutafélög og sameignarfélög, njóti samkvæmt skattalögum verulegs skattalegs hagræðis framyfir aðra rekstraraðila ef samvinnufélög séu undanskilin. 53. gr. kveði á um, að eignarhlutur í félögum skuli ekki teljast til eigna við útreikning samkvæmt 2. mgr. greinarinnar. Greinin kveði ekkert nánar á um það hvað felist í orðinu félag, en við könnun á því hvaða lögaðilar falli þar undir verði að líta til áðurnefndrar sundurliðunar laganna á lögaðilum og þess tilgangs greinarinnar m.a. að reikna til gjalda eða tekna áhrif verðbólgu á peningastöðu rekstraraðila. Jafnframt beri að líta til þess sjónarmiðs að skattalög eigi að skýra þröngt, þ.e, að heimildin til skattlagningar þurfi að vera ótvíræð.

Stefndi segir að þegar litið sé til stofnsamnings og laga fyrir Olíusamlag útvegsmanna komi fram að hér sé um mjög sérstakt rekstrarform að ræða. Tilgangur þess sé að útvega samlagsfélögum allskonar brennslu- og smurningsolíur. Samlagsfélagar geti orðið á hverjum tíma eigendur og útgerðarmenn vélbáta og skipa á samlagssvæðinu og ennfremur önnur fyrirtæki eftir tillögu samlagsstjórnar og með samþykki ⅔ atkvæða á samlagsfundi. Stofnfé eða stofnsjóðsinnistæður megi hvorki selja né veðsetja né afhenda á annan hátt nema sem fylgifé skips eða fyrirtækis, eftir því sem nánar sé kveðið á um í samlagslögunum. Í stofnsamningnum greini að það sem afhendingarverð vöru kunni að reynast hærra en nauðsynlegt sé í lok hvers reikningsárs skuli endurgreiðast samlagsfélögum í réttu hlutfalli við við-

skipti þeirra það ár. Segi síðan í 12. gr. laga félagsins að arður af viðskiptum félagsmanna skiptist eftir viðskiptamagni hvers félagsmanns. Af arði félagsmanna skuli leggja 50% í stofnsjóð og endurgreiða 50% nema aðalfundur samþykki annað. Skuli vextir af stofnsjóðsinnistæðum vera 1% hærri en vextir séu reiknaðir hjá innlánsdeild Landsbankans á hverjum tíma. Skuli gera stofnsjóðseign samlagsfélaga upp árlega og séu ábyrgðir félagsmanna á skuldbindingum félagsins takmarkaðar við hana. Segi félagsmaður sig úr félaginu skuli gera reikninga upp svo fljótt sem auðið er. Ekki eigi hann kröfu á útborgun á inneign sinni úr stofnsjóði fyrr en gert sé út um skuldbindingar sem hann hafi tekið á sig sameiginlega við aðra félagsmenn, og aldrei fyrr en tveimur árum eftir úrsögn. Félagsmaður megi ekki veðsetja stofnsjóðseign sína hjá samlagsfélaginu né selja nema þá um leið og hann selji bát sinn eða atvinnufyrirtæki. Samlagsfélaginu megi slíta ef ¾ hlutar samanlagðs atkvæðamagns félagsins samþykki það á lögmætum aðalfundi eða fundi sem til þess sé sérstaklega boðaður. Sé félaginu slitið skuli gera reikninga þess upp að fullu og gera sérstaklega upp sameiginlegar skuldbindingar félagsmanna áður en endaleg reikningsskil séu gjörð. Olíusamlag útvegsmanna sé sjálfstæður skattaðili en rekstrarhagnaði samlagsins hafi ávallt verið skipt milli félagsmanna eins og lög samlagsins kveði á um.

Stefndi telur að samkvæmt þessu og með hliðsjón af 7. gr. skattalaga, 7. tölulið c-málsliðar, og 3. tölulið 8. gr. sé ljóst, að allur hagnaður stefnda af eignaraðild sinni í ofangreindu samlagi og ávöxtun af fjármunum hans bundnum þar sé skattskylt hjá honum. Eins og fram komi í áðurnefndum samlagssamningi séu verulegar hömlur lagðar á meðferð eignarhluta samlagsmanna og við úrsögn eða brottrekstur úr samlaginu eigi samlagsmenn eingöngu rétt til greiðslu á bókaðri inneign sinni í stofnsjóði samlagsins og skuli hún greidd á nokkrum árum með vaxtalausri greiðslu. Í slíkum tilvikum sé samlagsmaður að endurheimta fé sitt verulega skert og fjármuni sem hann hefur að fullu greitt bæði- tekju- og eignarskatt af, og jafnframt sé ljóst að raunvirði þessa sjóðs hljóti að hafa rýrnað stórlega þar sem hann sé ekki verðbættur. Við munnlegan flutning lagði lögmaður stefnda áherslu á, að samkvæmt 7. tl. c málsliðar 7. gr. skattalaga bæri aðilum samlagsfélaga að greiða tekjuskatt af því fé er samlagsfélög greiddu þeim út hverju sinni eða færðu þeim til séreignar, þótt það fé rynni í stofnsjóð samlagsfélagsins.

Þá segir stefndi að varðandi þann fræðilega möguleika, að hann njóti hlutdeildar í eignum títtnefnds samlags þ.e.a.s. að samlaginu verði slitið og eignum þess skipt milli samlagsmanna, sé hugsanlegt að sjóðir þess hafi verið það vel nýttir að samlagsmenn fái fjármagn sitt endurgreitt með verðbótum, en þá beri að hafa í huga að allur hagnaður samlagsins hafi

samkvæmt samþykktum þess og skattalögum ávallt verið skattskyldur hjá hverjum og einstökum samlagsmanni.

Stefndi telur því ljóst vera að ef ná eigi þeim tilgangi 53. gr. laga nr. 75/1981 að jafna út verðbólguáhrif í rekstrarreikningi sé eðlilegt að stofnsjóðsinneign í ofangreindu samlagi sé talin til eigna samkvæmt 3. mgr. greinarinnar. Slík túlkun á greininni sé einnig í samræmi við skýringar skattayfirvalda á bakhlið verðbreytingarfærslueyðublaðs og komi fram í úrskurði ríkisskattanefndar frá 19. ágúst 1983.

Niðurstaða:

Um það er ekki ágreiningur milli aðila að mál þetta megi leggja fyrir dómstóla til úrlausnar, enda standa lög til þess.

Með lögum nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt var mörkuð ný stefna varðandi áhrif verðbólgu á skattlagningu í atvinnurekstri og er þar að finna ýmis ákvæði sem taka mið af áhrifum verðbólgu eða almennra verðbreytinga á afkomu atvinnurekstraraðila. Í athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 7/1980 um breytingu á lögum nr. 40/1978 segir, að með ákvæðum frumvarpsins sé ætlunin að halda áfram á sömu braut og gera frekari breytingar á þeim þáttum sem tengdir eru skattlagningu eða frádráttarbærni fjármagnstekna og fjármagnskostnaðar og varða tekju- eða gjaldfærslu vegna verðbreytinga. Í athugasemdunum segir ennfremur, að með 22. gr. frumvarpsins, sbr. nú 53. gr. laga nr. 75/1981, hafi verið stefnt að því að tryggja óbreytt raunvirði eigin fjár fyrirtækja í atvinnurekstri í ársbyrjun og árslok. Fram kemur, að verðbreytingarregla 53. gr. sé afar einföld og hlutlaus enda þurfi að beita henni í öllum atvinnurekstri hvert sem umfangið sé. Við það er miðað, að skattalög sem gangi eins langt og núgildandi lög til leiðréttingar á verðbólguáhrifum verði að byggja á einföldum reglum, sem auðveldar séu í framkvæmd, enda þótt nokkur frávik verði frá því, sem æskilegast þyki á hverjum tíma.

Í 2. gr. laga nr. 75/1981 er greint milli hinna ýmsu lögaðila sem skattskylda hvílir á og kemur sú sundurgreining víðar fram í lögunum. Í 53. gr. laganna er á hinn bóginn enginn greinarmunur gerður á félögum, þegar eignarhlutar í þeim eru undanþegnir verðbreytingarfærslum ákvæðisins. Það er þó ljóst að skattaleg meðferð á eignarhlutum í samlagsfélögum og arði af þeim annars vegar og öðrum félagstegundum hins vegar, svo sem hlutafélögum, er á ýmsan hátt mismunandi. Telja verður að það hefði þurft að koma skýrt fram af hálfu löggjafans ef ætlunin hefði verið að greina á milli einstakra tegunda skattaðila við beitingu verðbreytingarákvæða 53. gr. skattalaga. Þegar af þeirri ástæðu ber að taka til greina dómkröfur stefnanda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Pétur Kr. Hafstein bæjarfógeti, og meðdómsmennirnir Halldór Kristinsson bæjarfógeti og Ólafur K. Ólafsson dómarafulltrúi.

Dómsorð:

Stefnda, Hrönn hf., er óheimilt að færa meðal eigna við útreikning á verðbreytingarfærslu í ársreikningi 1980 stofnsjóðsinneign sína í Olíusamlagi útvegsmanna á Ísafirði hinn 31. desember 1979 að fjárhæð gkr. 4.985.681. Stefnda er skylt að þola endurákvörðun ríkisskattstjóra á tekjuskattsstofni og tekjuskatti sínum gjaldaárið 1981 í samræmi við það.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 20. júní 1986.

Nr. 119/1985. **Logi Pétursson**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Iðnaðarbanka Íslands hf.
(Ólafur Axelsson hrl.)

Sjálfskuldarábyrgð. Kröfulýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 29. apríl 1985. Er þingfesta átti málið hinn 3. maí s.á. var ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda og var málið þá fellt niður. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 13. maí 1985 sam-

kvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að héraðsdómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er höfðað af stefnda á bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál gegn áfrýjanda með stefnu birtri 27. nóvember 1984 til heimtu „skuldar að fjárhð kr. 27.971,00 ásamt 4,0% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 23.07.82 af kr. 28.834,00 sem er höfuðstóll ásamt samningsvöxtum kr. 863,00 fyrir vaxtatímabilið frá 23.06.82 - 23.07.82, til 01.11.82, en með 5,0% dráttarvöxtum frá þeim tíma til 21.10.83, en með 4,75% dráttarvöxtum frá þeim til tíma til 21.11.83, en með 4,0% dráttarvöxtum frá þeim tíma til 21.12.83, en með 3,25% dráttarvöxtum frá þeim tíma til 21.01.84, en með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim tíma til 01.09.84, en með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ."

Í stefnu segir: „Hin umstefnda skuld er skv. skuldabréfi útg. 23.04.82 af Jóni Eðvarðssyni til Iðnaðarbanka Íslands hf., Reykjavík, að fjárhæð kr. 40.000,00. Skuldabréfið var til 6 mánaða og átti að greiðast upp með 6 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 23.05.82. Bréfið bar hæstu skuldabréfalánsvexti skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, í upphafi 6,5% auk 33,5% verðbótaþáttar og áttu vextir að greiðast eftirá á sama tíma og afborganir. Ákvæði eru í skuldabréfinu um að hluti verðbótaþáttar leggist við höfuðstól skv. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 13/1979. Stefndi Logi tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu láns þessa með áritun sinni á skuldabréfið. Innheimtubréf til aðila var dagsett 11.10.82 en greiðsla hefur eigi verið innt af hendi þrátt fyrir loforð þar að lútandi. Bréf þetta er gjaldfellt og mál þetta höfðað skv. heimild í skuldabréfinu vegna vangreiðslu afborgana og vaxta pr. 23.07.82 kr. 28.834,00 sem er höfuðstóll kr. 27.971,00 + samningsvextir kr. 863,00 pr. 23.06.82 - 23.07.82."

Málið var þingfest á bæjarþinginu 13. desember 1984, og var þá ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda. Var málinu þá frestað að ósk stefnda til 24. janúar 1985 en þá var málið tekið til áritunar, og 1. febrúar 1985 var af Þórhildi Líndal, fulltrúa yfirborgardómara, rituð á stefnuna svofelld áritun: „Stefnukröfur máls þessa og kr.

5.790,- í málskostnað eru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dagsetningu áritunar þessarar."

Jón Eðvarðsson lést 23. desember 1982. Dánarbú hans var tekið til opinberra skipta sem skuldafrágöngubú. Innköllun skiptaráðandans í Reykjavík var gefin út 4. febrúar 1983 og birt þrívegis í Lögbirtingablaðinu dagana 18., 23. og 28. febrúar 1983. Þar var skorað á alla er teldu til skulda í búinu að lýsa kröfum sínum fyrir skiptaráðanda innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu innköllunarinnar.

Frumvarp skiptaráðanda til úthlutnargerðar úr dánarbúinu er dagsett 27. júlí 1983. Þar kemur fram, að eignir umfram skuldir þ.e. hrein eign til skipta var kr. 114.028,31. Var frumvarpið lagt óbreytt til grundvallar skiptagerð 8. ágúst 1983 og var erfingjum úthlutað ofangreindri fjárhæð sem arfi.

Af skuldabréfinu höfðu aðeins verið greiddar tvær fyrstu afborganirnar, þegar innköllun var birt. Voru eftirstöðvar skuldarinnar því fallnar í gjalddaga samkvæmt ákvæðum bréfsins.

Stefndi lýsti ekki kröfu sinni í búið. Er því haldið fram af áfrýjanda, að stefndi hefði fengið fullnaðargreiðslu á kröfu sinni, ef hann hefði lýst kröfunni í dánarbúið innan innköllunarfrestsins. Krafa stefnda á hendur erfingjum sé hins vegar nú fallin niður vegna vanlýsingar. Krafa stefnda á hendur áfrýjanda hafi einnig fallið niður um leið og skuldakrafa stefnda á hendur búinu féll niður. Stefndi hafi með aðgerðarleysi sínu einnig komið í veg fyrir að áfrýjandi geti endurkrafið aðalskuldara, ef hann greiddi skuldina.

Áfrýjandi kveður þingsókn hafa fallið niður í héraði vegna misskilnings. Það hafi verið ásetningur hans að láta mæta í málinu og taka til varna um efni málsins. Hann telur, að ákvæði 45. gr. laga nr. 75/1973 heimili honum að koma að vörnum í málinu fyrir Hæstarétti þar sem hann hafi gert áskilnað um það í áfrýjunarstefnu, grundvelli máls sé ekki raskað og afsakanlegt sé að málsvarnir voru ekki hafðar uppi í héraði. Áfrýjandi leggur áherslu á, að um nafnbréf hafi verið að ræða. Stefndi sé bankastofnun, sem reki lánastarfsemi og hafi því brýnni skyldur en borgarar almennt. Áfrýjandi hafi ekkert vitað um vanskil aðalskuldara, enda kveðst áfrýjandi ekki hafa fengið neina tilkynningu um þau. Sjálfskuldar-

ábyrgðaryfirlýsingin hafi verið samningur milli áfrýjanda og stefnda. Telja verði ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju ef stefndi beri þennan samning fyrir sig, eftir að hann hafi útilokað með vanrækslu sinni að áfrýjandi geti endurkrafið aðalskuldara um það fé sem áfrýjandi kynni að greiða. Beri því samkvæmt 33. gr. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, sbr. 3. og 6. gr. laga nr. 11/1986 að víkja samningi aðilanna til hliðar.

Stefndi mótmælir því að kröfur áfrýjanda fái að komast að fyrir Hæstarétti á grundvelli 45. gr. laga nr. 75/1973. Kröfur áfrýjanda komist heldur ekki að með vísan til 208. gr. laga nr. 85/1936, þar sem málið sé samkvæmt heimild í skuldabréfinu rekið eftir ákvæðum XVII. kafla nefndra laga. Málsástæður og lagarök áfrýjanda eigi ekki við rök að styðjast, enda sé áfrýjandi ábyrgur sem sjálfskuldarábyrgðarmaður fyrir greiðslu skuldarinnar. Þá ber að líta til þess að áfrýjandi hafi sjálfur gert kröfu í búið út af annarri skuld dánarbúsins við áfrýjanda. Hann hafi einnig vitað að umrædd skuld samkvæmt skuldabréfinu hafi verið í vanskilum. Hann hefði og sjálfur getað lýst ábyrgðarkröfunni í búið samkvæmt 37. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Það hafi hann ekki gert og þar með sýnt slíkt tómlæti að honum beri að greiða skuldina sem sjálfskuldarábyrgðarmaður.

Fullnægt er skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til að áfrýjandi megi bera fram kröfur og málsástæður fyrir Hæstarétti.

Telja verður, að sú málsvörn áfrýjanda, að krafa stefnda á hendur honum samkvæmt sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingunni sé fallin niður vegna vanlýsingar, komist að í máli þessu, sbr. 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Svo sem fyrr greinir lýsti stefndi ekki kröfu sinni í dánarbú Jóns Eðvarðssonar sem tekið var til skipta sem skuldafrágöngubú. Ekki er um það deilt í málinu að krafa stefnda á hendur aðalskuldara þ.e. dánarbúinu hafi þá fallið niður fyrir vanlýsingu. Sjálfskuldarábyrgð áfrýjanda var ekki þannig úr garði gerð að hún standi sjálfstætt eftir að krafan á hendur aðalskuldara hefur fallið niður með þeim hætti sem hér varð. Þá á það hvorki að koma áfrýjanda í koll að hann lét hjá líða að lýsa hugsanlegri endurkröfu sinni í dánarbúið né að hann lýsti annarri kröfu í dánarbúið og fékk þá kröfu greidda.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Logi Pétursson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Iðnaðarbanka Íslands h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Mánudaginn 23. júní 1986.

Nr. 20/1985. **Karnabær h/f**
(Skúli J. Pálmason hrl.)
gegn
Herbert Ólasyni
(Gunnar Sólnes hrl.)

Fasteignakaup. Riftun. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Bjarni K. Bjarnason og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Oddur Ólason fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. febrúar 1985. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara að kröfur stefnda verði lækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var höfðað í héraði með stefnu birtri 16. febrúar 1983.

Í héraðsdómi eru gagnkröfur þær sem áfrýjandi gerir á hendur stefnda raktar í átta töluliðum.

Við munnlegan málflutning í héraði viðurkenndi stefndi skuldajöfnuð á gagnkröfum áfrýjanda samkvæmt kröfuliðum 1, 3 og 8 samtals að fjárhæð 83.755,23 krónur (53.003,57 + 21.312,92 + 9.438,74), en fjárhæð þessi er ranglega tilgreind 83.652,67 krónur í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti er um það deilt hvort gagnkröfur áfrýjanda samkvæmt kröfuliðum 2 og 4-7 samtals að fjárhæð 82.652,67 krónur megi koma til skuldajafnaðar eftirstöðvum upphaflegrar kröfu stefnda að fjárhæð 245.000,00 krónur, sbr. yfirlýsingu stefnda 24. ágúst 1982, en um þá fjárhæð er ekki ágreiningur með aðilum.

Kröfuliðir 2, 4 og 5 eru ekki byggðir á svo skýrum gögnum að efnisleg afstaða verði tekin til þeirra og koma þeir því ekki til frekari álita í máli þessu.

Þegar vætti Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns er virt svo og gögn málsins að öðru leyti ber að fallast á það með stefnda að yfirlýsing hans frá 14. ágúst 1982 hafi verið gefin á þeirri forsendu að ekki kæmu fram kröfur um greiðslu húsaleigu eða sölulauna, og verða því skuldajafnaðarkröfur samkvæmt kröfuliðum 6 og 7 ekki teknar til greina.

Héraðsdómari hafnaði kröfu stefnda um dráttarvexti en ákvað að áfrýjandi skyldi greiða innlánsvexti af hinni dæmdu fjárhæð. Málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað. Skilja verður kröfugerð og málflutning stefnda fyrir Hæstarétti þannig að hann sætti sig við að einungis verði dæmdir innlánsvextir svo sem héraðsdómari gerði. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms þó þannig að frá 1. apríl 1986 til greiðsludags ákveðast vextir af hinni dæmdu fjárhæð 9% ársvextir.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti sem ákveðst 25.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó með þeirri breytingu á vaxtaákvæði hans, sem að framan greinir.

Áfrýjandi, Karnabær h/f, greiði stefnda, Herbert Ólasyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 27. nóvember 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Herbert Ólason, nnr. 4409-0487, trésmiður, Króksstöðum, Öngulsstaðahreppi, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar gegn fataversluninni Karnabæ hf., nnr. 5530-5242, Fosshálsi 27, Reykjavík, til greiðslu skulda, vaxta og málskostnaðar vegna vanefnda á samningi.

Upphaflegar stefnukröfur stefnanda voru þær að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 245.000,00 að frádregnum kr. 78.592,10 ásamt 5% dráttarvöxtum á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 167.407,90 frá 1. janúar 1983 til greiðsludags svo og málskostnað að mati réttarins, en þó eigi lægri en samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, auk þess sem krafist sé málskostnaðar að skaðlausu úr hans hendi.

Til vara er krafist lækkunar á kröfu stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir eru þeir að með kaupsamningi dags. 17. febrúar 1982 keypti stefnandi af stefnda eignarhluta hans merktan A í fasteigninni nr. 94 við Hafnarstræti á Akureyri. Stefnandi greiddi stefnda hinn 17. febrúar kr. 100.000,00 í peningum. Hafi hann þegar byrjað kostnaðarsamar breytingar við viðgerðir og innréttingar á hinu nýkeypta húsnæði, sem hann lauk síðan á nokkrum mánuðum. Vegna greiðsluörðugleika stefnanda varð síðan samkomulag með honum og stefnda hinn 24. ágúst 1982 um að kaupunum væri rift og skyldi stefndi endurgreiða þær kr. 100.000,00, er hann hafði tekið við, með vöxtum til greiðsludags og greiða kr. 100.000,00 fyrir lagfæringar á fasteigninni. Greiðsla þessara fjármuna átti að fara fram eins fljótt og verða mátti, en þó eigi síðar en 31. desember 1982. Hinn 15. desember 1982 var stefnda ritað bréf þar sem hann var minntur á skyldu sína samkvæmt greindum samningi. Hinn 31. desember 1982 greiddi stefndi kr. 78.592,10 inn á kröfuna og taldi hann þar um lokagreiðslu að ræða þar sem til skuldajafnaðar kæmu ýmsar kröfur sem hann tiltók, en stefnandi mótmælti algerlega sem röngum að verulegu leyti og utan þess ósamrættum kröfu þeirri sem stefnt væri út af og því eigi kræfum til skuldajafnaðar. Stefndi hefur ekki fengist til að greiða eftirstöðvar kröfunnar þrátt fyrir ítrekuð tilmæli þar um allt til þessa dags.

Eignarhlutur hvors málsaðila um sig var 30% eignarinnar en hlutafélagið Cesar var eigandi að 40% eignarinnar. Afborganir og vextir lána sem hvíldu á öllu húsinu skyldu greidd eftir hlutföllum eigenda.

Í greinargerð hefur lögmaður stefnda, Skúli J. Pálmason hdl., vísað til samnings dags. 11. september 1981 um skuldaskil varðandi eignarhluta hvors um sig í Cesar hf. Efni þessa samkomulags hafi verið á þá leið að aðilar skiptu að jöfnu tilgreindum áhvílandi skuldum en stefndi skyldi fá fjármuni og verðmæti tilgreind í samningnum sem endurgjald fyrir áður útlagða fjármuni í þágu Cesars hf., enda tæki stefndi jafnframt við skuldum félagsins, sbr. umræddan samning.

Á grundvelli samkomulags þessa hafi stefndi fært nánar tilgreindar kröfur á hendur stefnanda til skuldajafnaðar kröfu hans á hendur stefnda.

Kaup stefnanda á áðurnefndri fasteign gengu til baka með samningi dagsettum 24. ágúst 1982. Stefndi tilgreinir eftirtaldar skuldir til skuldajafnaðar í greinargerð sinni:

„1. *Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl., kr. 53.003,57.*

Guðmundur Ingvi hafði með höndum innheimtu 13 veðskuldabréfa útg. 27/12 1976. Skv. 3. tl. b, í samningi málsaðila frá 11. sept. 1981 skyldi stefnandi greiða helming skuldabréfanna auk vaxta og kostnaðar. Upphæðin er fundin þannig:

Skuld hinn 31/12 1982	kr.	55.607,13
greitt af Karnabæ 7/9 '82	"	42.000,00
dráttarvextir til 31/12 '82	"	8.400,01
	kr.	106.007,14

Helmingur þeirrar fjárhæðar kr. 53.003,57.

Gögn um þessa greiðslu hafa ekki borizt, en þau munu lögð fram strax og þau verða tiltæki.

2. *Greitt Guðmundi Ingva v/sama og nr. 1, kr. 17.992,44.*

Skv. ljósriti kvittana sem lögð verða fram, dskj. nr. 9 og 10 greiddi umbj. m. samtals kr. 59.974,91 til Guðmundar Ingva hinn 15. maí 1981. Greiðsla þessi er vegna sömu handhafaskuldabréfa og lýst er undir 1. lið. Stefnandi var eigandi að 30% eignarinnar á þessu tímabili og ber því að greiða sama hlutfall af ofangreindri fjárhæð þ.e. kr. 17.992,41. Umbj. m. hefur ekki krafizt dráttarvaxta af þessum lið, en áskilur sér rétt þar til, ef ástæða þykir.

3. *Verzlunarlánasjóður kr. 21.312,92.*

Vísað er enn til samningsins frá 11. sept. 1981 um uppgjör þessa liðar. Skv. yfirlýsingu Verzlunarbankans, dskj. nr. 11, námu skuldir áhvílandi á Hafnarstræti 94, samtals kr. 37.421,58

Umbj.m. greiddi afborgun og vexti af láni nr. 10453 hinn 13. jan. '83 með dráttarvöxtum	"	5.644,88
	kr.	43.066,46
Frá dregst vegna tímabilsins frá 1/1 '83 - 13/1 s.á.	"	440,63
	kr.	42.625,83

Hlutur stefnanda er helmingur eða kr. 21.312,92.

4. og 5. *Verzlunarlánasjóður.*

lagt út 30/9 '81	kr.	2.381,64
" " 22/2 '82	kr.	2.579,38

Skv. dskj.nr. 12, hefur umbj.m. greitt af láni sbr. lið 3, kr. 7.938,80 hinn 30. sept. 1981 og kr. 8.597,95 hinn 22. febr. 1982. Umbj. m. ætlar stefnanda einungis að greiða 30% af þessum kostnaðarliðum.

Sé hér um að ræða afborganir sem gjaldféllu eftir samkomulagið frá 11. sept. 1981 hefur umbj.m. vanreiknað hlutdeild stefnanda í þessum kostnaði, sem þá ætti að vera helmingur.

Aflað mun verða gagna sem taka af tvímæli um þetta vafaatriði og fyrirvari gerður hér um hækkun þessa liðs, hafi mistök átt sér stað. Einnig er fyrirvari gerður um töku dráttarvaxta skv. þessum lið.

6. *Húsaleiga frá 1. marz 1982 - 15. ágúst s.á. kr. 33.736,17.*

Það var ávallt ætlun umbj.m. að krefja stefnanda um húsaleigu fyrir þann tíma sem hann hafði afnot húsnæðisins, sem keypt var með samningnum frá 17. febrúar 1982. Í máli því sem umbj. m. hugðist höfða á hendur stefnanda með stefnu útg. 5. ágúst 1982 var krafa gerð um húsaleigu fyrir þann tíma, sem stefnandi hafði afnot húsnæðisins. Krafizt var kr. 10.000,00 á mánuði.

Stefnandi var því ekki í nokkrum vafa um það, að krafa um húsaleigu yrði sett fram í lokauppgjöri aðilja.

Húsaleiguupphæðin er miðuð við leigusamning sem stefnandi og umbj. m. áttu aðild að um leigu á hluta húseignarinnar nr. 94 við Hafnarstræti. Leigusamingur þessi er lagður fram sem dskj. nr. 14.

Útreikningur Hauks Björnssonar, dskj. nr. 15 er framreiknuð húsaleiga miðað við áðurnefndan húsaleigusamning. Krafizt er dráttarvaxta á húsaleiguupphæðinni, bæði með hliðsjón af því að umbj.m. reiknar fulla dráttarvexti af endurgreiðslu útborgunar og einnig með vísan til 54. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigu.

7. *Sölulaun kr. 18.000,-.*

Umbj.m. varð að greiða þennan kostnað til Jóns Sólnes hdl. vegna endursölu á hluta eignarinnar nr. 94 við Hafnarstræti til Flosa Jónssonar með samningi dags. 24. ágúst 1982.

Þessi útgjöld umbj.m. leiða beint af vanefndum stefndanda og þarf því ekki að fara mörgum orðum um þennan lið.

Krafizt er hæstu dráttarvaxta af útlagðri upphæð í samræmi við reikning umbj.m. á endurgreiðslu útborgunar.

8. *Iðnaðarbanki Íslands hf. kr. 9.438,74.*

Um greiðsluskyldu stefnanda skv. þessum lið vísast til samkomulags frá 11. sept. 1981, 3. tl. c).

Fyrirvari er gerður um frekari gagnaöflun að því er þennan lið varðar. Vísað er til bréfs Hauks Björnssonar, dskj. nr. 18."

Fyrir dómi kvaðst stefnandi ekki kannast við að gert hefði verið ráð fyrir skuldajöfnuði í samkomulagi um riftun. Hafi stefndi átt að greiða u.þ.b. 245.000,00 vegna riftunarinnar, þ.e. greiðsla stefnanda inn á kaupsamninginn, kostnaður vegna endurbóta svo og vaxta af þeim fjárhæðum. Stefndi hafi átt að greiða þetta fyrir 1. desember 1982 eða svo fljótt sem unnt var. Stefnandi kvað framangreindar upphæðir hafa átt að vera endanlegt uppgjör milli aðila og ef annað hefði verið tilskilið hefði það átt að koma fram í samkomulagi á dskj. nr. 4 (Viðauki við kaupsamning stefnda og Flosa Jónssonar um fasteignina Hafnarstræti 94, neðri hæð). Aðspurður kvað stefnandi samkomulag þetta hafa verið í fullu gildi þegar samið var um riftun og sé það enn.

Fyrir hönd Karnabæjar hf. kom fyrir dóminn Hermundur Haukur Björnsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnda. Hermundur staðfesti að breytingar stefnanda á húsnæði stefnda hefðu verið metnar á kr. 100.000,00. Þá staðfesti hann og að samkomulag á dskj. nr. 4 hafi verið uppgjör milli aðila vegna riftunarinnar. Hermundur taldi að það hefði komið til tals að skuldajafnað yrði á móts við kröfur stefnanda þar sem aðilar málsins voru í sumum tilvikum báðir ábyrgir fyrir greiðslum skuldbindinga þeirra sem síðar var skuldajafnað út af. Hins vegar hafi það eitt verið fastmælum bundið í margumræddu samkomulagi að greiða ætti framangreindar upphæðir. Hermundur kvaðst hafa samið yfirlit á dskj.nr.

6. Þar séu tilgreindir þeir liðir sem aðilar höfðu rætt og um flesta hafi þeir verið sammála þó vera kynni að deilt hefði verið um fjárhæðir. Þá kannaðist Hermundur við dskj. nr. 19 og hafi verið samkomulag um einstaka liði, en hins vegar hafi ekki verið fullt samkomulag um fjárhæðir. Hermundur tók fram að uppkastið, sem fram kemur á dskj. nr. 19, væru hugmyndir lögmanns stefnanda að lausn málsins. Hafi þessi sami lögmaður síðar bætt þar við tölum eða breytt að tillögu mætta og hafi þetta verið rætt á skrifstofu Hermundar 8. desember 1982, en Hermundur tók fram að hann hefði þá verið óundirbúinn og umræður og tillögur þær sem komi fram á skjalinu hafi e.t.v. borið merki þess. Hermundur áréttaði aðspurður að í áritun stefnanda á kaupsamning á dskj. nr. 4 hafi falist að stefnandi skyldi fá þær greiðslur sem þar eru tilgreindar og annað ekki. Aðrar kröfur og skuldbindingar aðila skyldu standa óhaggaðar.

Vitnið Jón Kr. Sólnes hrl. kvaðst hafa samið kaupsamninga á dskj. nr. 3 og 4 um Hafnarstræti 94. Þá kvaðst vitnið hafa haft milligöngu um riftun fyrri kaupsamnings (dskj. nr. 3). Vitnið minntist þess ekki að fyrirvari hafi verið gerður um að stefnandi greiddi húsaleigu eða sölulaun. Vitnið kvaðst hafa talið að orðalag í áðurnefndu samkomulagi „greindir hagsmunir" hafi ekki falið í sér annað en þar til greindar greiðslur. Vitnið kvað samkomulag þetta hafa verið tilkomið eftir allnokkurt þóf, en ef til þess hefði verið ætlast að stefnandi greiddi húsaleigu og sölulaun mætti ætla að slíkt hefði komið fram í samkomulaginu.

Við flutning málsins féllst stefnandi á að skuldajöfnuður yrði heimilaður í eftirgreindum tilvikum:

1. Samkvæmt 1. lið í sundurliðun í greinargerð stefnda, skuld við Guðmund Ingva Sigurðsson hrl., kr. 53.003,57.
2. Samkvæmt 3. lið í greinargerð stefnda, skuld við Verslunarlánasjóð kr. 21.312,92.
3. Samkvæmt 8. lið greinargerðar stefnda, skuld við Iðnaðarbanka Íslands hf. kr. 9.438,74.

Lögmaður stefnanda mótmælti við flutning málsins þeirri staðhæfingu Hermundar Hauks Björnssonar um að hann hefði lagt fram tillögur þær sem greindar eru á dskj. nr. 19. Þar hafi Hermundur Haukur sjálfur átt hlut að máli. Samningar hafi þá hins vegar ekki tekist. Áréttað var að ekkert hafi verið rætt um húsaleigu og væri það staðfest með framburði vitnisins Jóns Kr. Sólnes. Sama gilti í raun um aðra liði í greinargerð stefnda þar sem hann hefði leyft sér að skuldajafna þótt stefnandi hafi fallist á slíkt í framangreindum tilvikum.

Samkomulagið á dskj. nr. 4 hafi samkv. skilningi stefnanda verið endan-

legt uppgjör og hafi stefnda verið í lófa lagið að gera fyrirvara um skuldajöfnuð ef sú hefði verið ætlunin.

Lögmaður stefnda mótmælti í málflutningi vaxtakröfu stefnanda. Miða ætti við ársvexti á tímabilinu, þ.e. innlánsvexti skv. auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Lögmaðurinn benti á að stefnandi hafi verið eigandi að 30% eignarinnar á því tímabili sem stefndi greiddi af lánum, sem á henni hvíldu. Bæri honum að greiða af þeim í sama hlutfalli. Þetta ætti við um lið 2 og lið 4 og 5 í greinargerð stefnda. Að vísu væru greiðslur samkv. lið 4 og 5 tilkomnar eftir undirritun samkomulags á dskj. nr. 8 frá 11. sept. 1981. Herbert ætti þannig að greiða helming eftirstöðva láns við Verslunarlánasjóð og væri krafa stefndu í þessu efni því ekki ósanngjörn. Ávallt hafi verið ætlunin að krefja stefnanda um húsaleigu sbr. 6. lið greinargerðar. Leiga þessi væri lág miðað við stærð húsnæðisins. Ekki stoðaði í þessu efni að vísa til samkomulagsins frá 24. ágúst 1982, það væri einhliða yfirlýsing stefnanda og einungis væri þar gengið frá ákveðnum greiðsluliðum í uppgjöri aðila og það eitt að rætt var um uppgjör í þessu sambandi þýddi væntanlega að eitthvað ætti að koma þar á móti. Einungis væri verið að binda stefnanda við ákveðnar tölur. Kröfu stefnda um sölulaun rökstuddi lögmaður hans á þá lund að ljóst væri að stefndi hafi orðið fyrir tjóni af hátterni stefnanda. Loks hefði stefndi komið vel á móts við stefnanda varðandi mat á endurbótum á húsnæðinu, þar sem ljóst var að stefndi hefði ekki not af endurbótunum þar sem þær voru miðaðar við aðra starfsemi en þá sem síðar fluttist í húsið.

Lögmenn aðila voru sammála um að ekki væri tölulegur ágreiningur í máli þessu, heldur einungis deilt um greiðsluskyldu, sbr. einstaka liði greinargerðar stefnda.

Niðurstaða.

Í máli þessu liggur frammi yfirlýsing stefnanda sem viðauki við kaupsamning stefnda við Flosa Jónsson um fasteignina að Hafnarstræti 94, dags. 24. ágúst 1982. Í yfirlýsingunni kemur fram að stefnandi falli frá kaupsamningi við stefnda um sömu eign dags. 17. febr. 1982, enda greiði stefndi til stefnanda kr. 200.000,00 skv. nánari sundurliðun.

Fallast má á það sjónarmið stefnda að skjal þetta geti vart talist annað en einhliða yfirlýsing stefnanda um uppgjör aðila. Á hinn bóginn hefur fulltrúi stefnda, Hermundur Haukur Björnsson, staðfest að í yfirlýsingu þessari fælist í raun samkomulag vegna riftunar kaupsamnings stefnanda við stefnda.

Framburður vitnisins Jóns Kr. Sólnes hrl. rennir ennfremur stoðum undir þá niðurstöðu.

Þykir því mega leggja skjal þetta til grundvallar sem samning málsaðila

um uppgjör í tilefni af sölu þeirri sem viðfestur kaupsamningur greinir frá.

Stefnda þykir með málatilbúnaði sínum ekki hafa tekist að sýna fram á að þrátt fyrir samkomulag þetta hafi stefnandi mátt gera ráð fyrir að gagnkröfur komi þar til skuldajafnaðar. Verður að fallast á það með stefnanda að slíkt hefði átt að koma fram í margumræddu samkomulagi af hálfu stefnda ef hann vildi bera þvílíkt fyrir sig á síðari stigum uppgjörs aðila. Framburður áðurnefnds vitnis þykir í þessu efni ekki verða til annars en að staðfesta þann skilning stefnanda að hann hefði litið á samkomulagið sem endanlegt uppgjör.

Samkvæmt öllu framangreindu ber því að dæma stefnda til greiðslu stefnukröfunnar kr. 166.407,90 að frádregnum þeim skuldajafnaðarkröfum stefnda sem stefnandi samykkti við flutning málsins, alls kr. 83.652,67. Stefnda ber þannig að greiða stefnanda kr. 82.652,67.

Á hinn bóginn verður eigi fallist á að reiknaðir verði dráttarvextir (vanskilavextir) á kröfu stefnanda með vísan til almennra reglna þar að lútandi og dómaframkvæmdar og verða stefnanda dæmdir innlánsvextir eins og þeir eru á hverjum tíma.

Samkvæmt ofangreindum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 33.341,00.

Dómsorð:

Stefndi, Karnabær hf., nnr. 5530-5242, Fosshálsi 27, Reykjavík, greiði stefnanda, Herbert Ólasyni, nnr. 4409-0847, kr. 82.652,67, auk 42% ársvaxta af þeirri upphæð frá 1. jan. 1983 til 21. sept. s.á., 35% ársvaxta frá þ.d. til 21. okt. s.á., 32% ársvaxta frá þ.d. til 21. nóv. s.á., en með 27% ársvöxtum frá þ.d. til 21. des. s.á., en með 21,5% ársvöxtum frá þ.d. til 21. jan. 1984, en með 15% ársvöxtum frá þ.d. til 11. ágúst 1984, en með 17% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, auk kr. 33.341,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. júní 1986.

Nr. 270/1985. **Helgi Reynir Björgvinsson og Hanna Níelsdóttir**
gegn
Gylfa Sigurgeirssyni

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. desember 1985, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m., til þingfestingar 3. febrúar 1986. Fékk hann þá frest til júnímánaðar 1986. Er málið var tekið fyrir 2. júní sl. báðu áfrýjendur um að því yrði frestað til október nk. en stefndi andmælti því að frekari frestur yrði veittur.

Telja verður að áfrýjendur hafi þegar haft nægan frest til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti. Að svo vöxnu þykir ekki fært að veita frekari frest í því gegn andmælum stefnda. Ber því að vísa því frá Hæstarétti og dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Helgi Reynir Björgvinsson og Hanna Níelsdóttir, greiði stefnda, Gylfa Sigurgeirssyni, 2.500,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. júní 1986.

Nr. 192/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Dagmar Kristjánsdóttur

Kærumál. Húsleit. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Jón Ragnar Þorsteinsson settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru skráðri í sakadómsbók 24. mars sl. er barst Hæstarétti 16. júní sl. Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð en ætla verður að úrskurðurinn sé kærður í því skyni að fá hann felldan úr gildi.

Frá ákæruvaldi hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp að varnaraðila og skipuðum réttargæslumanni hans viðstöddum. Héraðsdómari leiðbeindi varnaraðila um rétt hans til að kæra úrskurðinn. Varnaraðili lýsti því þegar yfir að hann kærði úrskurðinn en neitaði að undirrita bókun héraðsdómara í þingbók um framangreind atriði. Ef héraðsdómari taldi vafa geta leikið á því hvort varnaraðili vildi halda kæru sinni til streitu er hann neitaði að undirrita bókunina bar honum að inna varnaraðila sérstaklega eftir því. Var héraðsdómara því ekki rétt að láta undir höfuð leggjast að senda kæruna til Hæstaréttar allt til 13. þ.m. svo sem hann gerði. Ber að átelja drátt þennan.

Með vísan til 48. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög nr. 65/1974 ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Vestmannaeyja 24. mars 1986.

Laust fyrir kl. 05:00 aðfaranótt sunnudagsins 23. þ.m. bárust lögreglunni í Vestmannaeyjum upplýsingar frá ónafngreindum aðilja um að fólk væri

í annarlegu ástandi að Ásvegi 11 hér í bæ, en þar er til heimilis Dagmar Kristjánsdóttir.

Að boði lögregluvarðstjóra fóru lögreglumenn þegar á vettvang og hittu þar fyrir húsráðanda Dagmar Kristjánsdóttur, sem fædd er 14. apríl 1954 og fyrrverandi sambýlismann hennar Bóas Dagbjart Bergsteinsson, sem fæddur er 23. mars 1959, með lögheimili að Aðallandi 11, Reykjavík, en auk þeirra voru þar tveir menn innan dyra. Ekki gátu lögreglumenn séð að neysla fíkniefna færi þar fram en ytra útlit Bóasar og Dagmar gaf lögreglumönnum ástæðu til að ætla að þau væru undir áhrifum örvandi lyfja. Leiddi það síðan til handtöku þeirra Bóasar og Dagmar og við leit á honum fannst samanbrotið bréf er innihélt hvítt duft og lítill tjörulitaður moli innpakkaður í plast. Efni þessi munu verða send til efnagreiningar en lögreglan telur að hér geti verið um kókain og kannabisefni að ræða.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu hafa Bóas og Dagmar neitað að hafa verið undir áhrifum fíkniefna er þau voru handtekin og hvorugt þeirra kannast við efni þau sem fundust í fórum Bóasar.

Samkvæmt upplýsingum sakaskrár ríkisins hefur kærði Bóas alls átta sinnum hlotið refsingu fyrir meðferð ólöglegra fíkniefna, á tímabilinu frá 13. september 1976 til 28. maí 1985.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Verið er að rannsaka ætluð brot kærða gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 16/1986.

Með vísan til þess, sem hér að ofan er ritað, 48. gr. svo og 50. gr. laga nr. 74/1974, að því er tekur sérstaklega til kærða Bóasar, sem er með lögheimili að Aðallandi 11, Reykjavík, eins og að framan greinir, en virðist venja komur sínar að Ásavegi 11, þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og heimila að leit megi gera á heimili Dagmar Kristjánsdóttur, Ásavegi 11, hér í bæ, enda kunna þar að finnast ólögmæt fíkniefni og munir, sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efnanna, er gera skal upptæk skv. lögum nr. 65/1974, 5. mgr. 5. gr. og 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

Úrskurðarorð:

Leit skal gera að sakargögnum á heimili Dagmar Kristjánsdóttur, Ásavegi 11, hér í bæ.

Miðvikudaginn 2. júlí 1986.

Nr. 81/1985. **Marinó Jónsson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Samvinnutryggingum g.t.
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

Vátrygging. Greiðsla iðgjalds. Ábyrgð vátryggjenda. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1985. Hann krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 492.868,70 krónur með 15% ársvöxtum frá 1. mars 1984 til 28. júní s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur komið fram að gíróseðlar, sem stefndi sendir viðskiptamönnum sínum, eru ritaðir í tölvu. Geymir tölvan upplýsingar um ritun seðlanna í minni sínu.Er því jafnan unnt að fá upplýsingar úr tölvunni skráðar á innheimtulista, eins og þann sem lagður er fram í málinu, um það hvort og hvenær gíróseðill hafi verið ritaður. Þykir mega leggja til grundvallar að gíróseðill vegna iðgjalds áfrýjanda fyrir tímabilið 8. september 1983 til 1. janúar 1984 hafi verið ritaður 21. september 1983 svo sem stefndi heldur fram og greint er á hinum framlagða innheimtulista.

Ekkert er komið fram sem veitir ástæðu til að ætla að gíróseðillinn hafi ekki verið lagður í póst eftir að hann var ritaður, eins og tilætlunin var. Engin sennileg skýring er heldur komin fram er veiti líkur fyrir staðhæfingu áfrýjanda um að gíróseðillinn hafi ekki borist honum. Verður því við það miðað í málinu að svo hafi verið. Styrkir það þá niðurstöðu, að áfrýjandi grennslaðist ekki eftir því hjá umboðsmanni stefnda á Þórshöfn hvað liði kröfu stefnda um greiðslu iðgjaldsins, svo sem ekki hefði verið ólíklegt að hann hefði gert, ef langur tími hefði liðið án þess gíróseðillinn bærist.

Samrit hins tölvuritaða gíróseðils liggur ekki fyrir í málinu. Hefur stefndi upplýst að hann haldi ekki eftir samritum sendra gíróseðla enda sé fullnægjandi að upplýsingar um ritun þeirra séu geymdar í minni bókhaldstölvu hans svo sem áður var lýst. Í málinu hefur hins vegar verið lagður fram gíróseðill sem áfrýjandi fékk frá stefnda ásamt endurnýjunarkvittun í janúar 1984. Sá gíróseðill er sagður ritaður á sams konar eyðublað og gíróseðillinn frá september 1983 og verður það lagt til grundvallar. Á eyðublað þetta er prentuð svofelld aðvörun: „Vanskil á vátryggingariðgjöldum geta valdið því að réttur yðar til bóta falli niður."

Telja verður að gíróseðillinn, sem áfrýjanda var sendur í september 1983, hafi verið nægileg krafa um iðgjald í skilningi 14. greinar laga nr. 20/1954 af hendi stefnda. Þar sem iðgjald var enn ógreitt þegar veiðarfærin brunnu aðfaranótt 1. janúar 1984 bar stefndi ekki ábyrgð á því tjóni sem af hlaust, sbr. 14. gr. laga nr. 20/1954. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Ég tel að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Sératkvæði

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi heldur því fram að hann hafi boðið fram greiðslu fyrsta iðgjaldsins er hann bað um vátrygginguna hjá umboðsmanni stefnda en hann hafi ekki viljað taka við henni og sagt að áfrýjandi yrði krafinn síðar með gíróseðli. Það var á valdi umboðsmannsins að áskilja greiðslu iðgjaldsins þegar í stað enda samþykkti hann með undirritun sinni beiðni áfrýjanda. Því tel ég að svo hafi verið um

samið að gjalddagi fyrsta iðgjaldsins skyldi vera er áfrýjanda bærist slík krafa um greiðslu þess, sbr. upphafsákvæði 33. gr. laga nr. 20/1954. Gegn mótmælum áfrýjanda er ósannað að honum hafi verið sendur gíróseðill. Innheimtulisti stefnda er ekki sönnun um að gíróseðill hafi verið sendur. Ég tel því ósannað að áfrýjandi hafi verið krafinn um greiðslu fyrsta iðgjaldsins er tjónatburðurinn varð og því hafi samningur aðilanna þá verið í gildi og ábyrgð stefnda virk. Var það og á valdi stefnda að segja brunatryggingunni upp ef hann taldi iðgjaldið ekki greitt á réttum tíma sbr. 13. gr.laga nr. 20/1954. Er einnig á það að líta að stefndi var krafinn um endurnýjunariðgjald fyrir brunatrygginguna tímabilið 1. janúar 1984 - 1. janúar 1985 og reiknaðir dráttarvextir í apríl 1984 af ógreiddu iðgjaldi þrátt fyrir ákvæði 15. gr. laga nr. 20/1954. Ég tel að við framangreindar aðstæður geti stefndi ekki borið fyrir sig að ábyrgð hans á tjóni áfrýjanda sé fallin niður vegna tómlætis hans.

Ég tel mótmæli stefnda gegn réttmæti vátryggingarfjárhæðarinnar hafa komið of seint fram og því verði ekki á þeim byggt.

Samkvæmt þessu tel ég að dæma beri stefnda til að greiða áfrýjanda vátryggingarfjárhæðina, 500.000,00 krónur, að frádregnu fyrsta iðgjaldinu, 2.563,40 krónum, og iðgjaldi fyrir tímabilið 1. janúar 1984 til 1. janúar 1985, 8.680,80 krónur, eða 488.755,80 krónur ásamt vöxtum eins og krafist er, svo og 100.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1985.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 31. janúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 22. júní 1984 af Marinó Jónssyni, nnr. 6474-5484, Langholti 8, Þórshöfn, gegn Samvinnutryggingum g.t., Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi greiði vátryggingarbætur kr. 651.319,20 með 15% ársvöxtum frá 1. mars 1984 til 28. júní s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en til vara að stefndi greiði vátryggingarbætur kr. 493,447,00 með sömu vöxtum. Í báðum tilvikum dragist iðgjald kr. 2.653,40 frá tildæmdum fjárhæðum, en málskostnaðar er krafist úr hendi stefnda ásamt dómvöxtum af honum frá aðfararhæfi dóms til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Stefnandi byggir kröfur sínar á vátryggingarsamningi, sem hann telur að komist hafi á milli aðilja og hafi verið í fullu gildi þegar vátryggingaratburðurinn varð aðfararnótt 1. janúar 1984. Tildrög hafi verið þau að stefnandi og félagi hans, Friðrik Jónsson, hafi átt veiðarfæri í sameign sem geymd voru í Lækjarflöt, húsi Agnars Vilhjálmssonar á Þórshöfn, og hafi þeir viljað vátryggja þau. Stefnandi hafi farið til umboðsskrifstofu stefnda á Þórshöfn og undirritað þar beiðni um brunatryggingu hinn 8. september 1983, og hafi vátryggingarfjárhæðin verið kr. 500.000,00 og hafi átt að hækka skv. verðlagsvíxitölu. Stefnandi hafi boðist til að greiða iðgjaldið strax en starfsmaður umboðsins, Þorkell Guðfinnsson, hafi ekki viljað taka við greiðslu og sagt að stefnandi yrði krafinn með gíróseðli frá aðalskrifstofunni í Reykjavík þar sem skírteinið yrði gefið út. Iðgjaldið hafi stefnandi ekki greitt þar sem gíróseðill hafi aldrei borist honum í hendur.

Aðfararnótt 1. janúar 1984 hafi geymslan brunnið og öll veiðarfærin þar með, en þau hafi verið þessi a.m.k.:

30 stk. þorskanet nýuppsett og 360 netahringir.
268 stk. grásleppunet (löng).
40 baujur og belgir.
60 færi 10 faðma (nælon 8-14 m/m).

Grunur hafi leikið á að kveikt hafi verið í húsinu og hafi rannsókn farið fram af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins en ekkert hafi verið upplýst um eldsupptök.

Stefnandi kveðst aldrei hafa fengið neina kröfu um greiðslu iðgjalds, hvorki með gíróseðli né á annan hátt, fyrr en 5. eða 6. janúar 1984, er honum hafi borist gíróseðill dags. 1.01. 1984 með viðfestri endurnýjunarkvittun 1. janúar 1984 fyrir vátryggingartímabilið 1. janúar 1984 til 1. janúar 1985. Þar sé vísað í skírteini nr. 41-19615, verðtryggð brunatrygging, skilmálar 1. Hið tryggða sé veiðarfæri í geymslu, tryggingarstaður Lækjarflöt, Þórshöfn. Tryggingarupphæð kr. 660.000,00. Hækkun verðlagsvísitölu 32%. Iðgjald kr. 6.844,00, viðlagatrygging kr. 165,00, söluskattur kr. 1.651,80, samtals kr. 8.680,80.

Stefnandi hafi krafið stefnda um vátryggingarbætur eftir að skýrsla rannsóknarlögreglu hafi legið fyrir, en engin svör hafi fengist hjá stefnda í fimm mánuði þar til honum hafi verið tjáð að bætur yrðu ekki greiddar. Stefnandi telji að stefnda beri að greiða bæturnar þar sem stefndi hafi sjálfur vanrækt að krefjast iðgjaldsins og af 14. gr. 1. mgr. laga nr. 20/1954 leiði að stefndi sé ábyrgur fyrir greiðslu bótanna. Stefndi hafi getað innheimt fyrsta iðgjaldið þegar við gerð samningsins 8. september 1983 og því hafi það verið alfarið á ábyrgð stefnds að gjaldið var ekki greitt þá. Engin upp-

sögn hafi farið fram. Stefndi hafi haldið því fram að ábyrgð hans hafi fallið niður en sönnunarbyrði um það liggi á stefnda sjálfum. Stefndi þurfi að sanna að iðgjaldsins hafi verið krafist en það hafi ekki verið gert. Upplýst sé í málinu að engin ítrekun hafi verið gerð og stefnandi hafi ekki verið aðvaraður um vanskil og afleiðingar þeirra. Hér komi því einnig neytendasjónarmið til athugunar og verja þurfi hinn almenna tryggingartaka gegn ofurvaldi félagsins sem ráði og hafi yfirhöndina í þeirra samskiptum.

Kröfufjárhæð í aðalkröfu sé byggð á verðbótum á upphaflegri vátryggingarfjárhæð, en til vara sé krafist bóta skv. upphaflegri vátryggingarfjárhæð.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ábyrgð félagsins hafi ekki verið fyrir hendi þegar tjónið varð vegna vanskila á iðgjaldinu. Iðgjaldið fyrir tímabilið frá 8. september 1983 til 1. janúar 1984 hafi fallið í gjalddaga við gerð samningsins 8. september 1983. Það hafi ekki verið greitt þá, en ráð fyrir því gert að greitt yrði samkvæmt gíróseðli sem sendur yrði frá aðalskrifstofu, enda beiðnin send þangað og þar væri skírteinið gefið út. Vátryggingarbeiðnin hafi borist aðalskrifstofu 15. september 1983, og hafi skírteinið verið gefið út sama dag. Samkvæmt framlögðum gögnum úr bókhaldi stefnda hafi iðgjald vátryggingarinnar fram til 1. janúar 1984, en það sé almennur árlegur gjalddagi brunatryggingar hjá stefnda, verið kr. 2.653,40 og hafi stefnanda verið sendur gíróseðill til greiðslu iðgjaldsins með pósti 21. september 1983. Stefnandi hafi aldrei greitt iðgjaldið og hafi því ekki fengið vátryggingarskírteinið, en hið vátryggða hafi farið forgörðum aðfararnótt 1. janúar 1984.

Með vísan til 1. mgr. 12. gr. laganna um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 hafi fyrsta iðgjaldið fallið í gjalddaga um leið og vátryggingasamningurinn var gerður, enda ekki um annan gjalddaga samið. Því sé mótmælt að stefnandi hafi boðist til að greiða iðgjaldið strax 8. september. Hins vegar hafi verið gert ráð fyrir að greiðslan drægist í nokkra daga og yrði innt af hendi samkvæmt gíróseðli. Þetta hafi ekki falið annað í sér en fyrirkomulag á greiðslu hins gjaldfallna iðgjalds.

Yrði hinni fyrstu málsástæðu stefnda hafnað og fallist á með stefnanda að gíróseðill vegna iðgjaldsins hafi verið nauðsynlegur til þess að fullnægt væri áskilnaði 1. mgr. 14. gr. laganna, er önnur málsástæða stefnda sú, að gíróseðill hafi verið sendur stefnanda hinn 21. september 1983. Sending gíróseðla í almennum pósti sé og hafi verið langsamlega algengasta innheimtuaðferðin, hvort heldur af hálfu opinberra stofnana og fyrirtækja eða aðila í einkarekstri og félagsstarfsemi. Öll vátryggingarfélög hérlendis hafi notað þessa aðferð um árabil en þess sé enginn raunhæfur kostur að tryggja sönnur fyrir því að gíróseðill hafi verið sendur eða komist til skila. Meginlíkur séu því fyrir því að stefndi hafi fylgt þessari föstu venju, enda sýni

tölvuútskrift úr bókhaldi hans það. Meginlíkur séu einnig fyrir því að gíróseðillinn hafi ekki misfarist í pósti og stefndi fengið hann í hendur. Stefndi hefði haft fullkomna sönnun hefði hann sent gíróseðilinn í ábyrgðarpósti. Slíkt sé þó mjög kostnaðarsamt en einnig sé árátta að sækja alls ekki ábyrgðarbréf á pósthús. Almennur póstur sé því í raun vænlegri til þess að tryggja að móttakandi fái tilkynninguna í hendur. Stefndi bendi á athugasemdir með frumvarpi að lögunum varðandi 33. gr. og tilvísun til laga nr. 7/1936. Samkvæmt 39. gr. þeirra laga komi það sendanda tilkynningar, sem hafi verið afhent til flutnings með pósti, ekki að sök þótt tilkynningu seinki eða komist ekki til skila. Stefndi bendi á það, að stefnandi byggi alfarið á því að hann hafi ekki fengið hinn umrædda gíróseðil í hendur. Nái stefnandi fram kröfu sinni sé það dauðadómur yfir þessu innheimtufyrirkomulagi og við tæki eitthvert annað innheimtukerfi seinvirkt, fyrirhafnasamt og kostnaðarsamt.

Í þriðja lagi sé málsástæða stefnda sú, að hvað sem líði umræddum gíróseðli, hafi stefnandi ekki getað haldið að sér höndum mánuð eftir mánuð án þess að greiða iðgjaldið eða spyrjast fyrir um greiðslu þess. Hann hafi vitað að gíróseðill væri væntanlegur, þetta hafi verið fyrsta iðgjaldið, þetta sé lítill staður og náin samskipti milli manna. Stefnandi hafi ekkert gert sjálfur og því hafi hann vanefnt sínar skyldur og ábyrgð stefnda fallið niður.

Til öryggis mótmæli stefndi aðalkröfu stefnanda sérstaklega hvað fjárhæð varði, þar sem hún miði við upphaflega vátryggingarfjárhæð að viðbættri 32% hækkun vegna verðtryggingar eins og fyrir allt árið 1984. Tjónið hafi hins vegar orðið á 1. degi ársins, og slík hækkun komist því ekki að. Stefndi mótmæli einnig kröfufjárhæð á þeim grundvelli að skv. upplýsingum frá meðeiganda stefnanda á veiðarfærunum hjá rannsóknarlögreglu 9. janúar 1984 hafi grásleppunetin ein sér verið metin á kr. 150.000,00 og sé þorskanetunum bætt við fyrir kr. 50.000,00 sé ljóst að tjónið hafi numið í mesta lagi kr. 200.000,00, og hafi því hvergi nærri vátryggingarfjárhæðinni verið.

Niðurstaða.

Upplýst er og óumdeilt í málinu að svo hafi verið um samið við gerð vátryggingarsamnings aðilja 8. september 1983 að stefnandi fengi sendan gíróseðil frá aðalskrifstofu stefnda fyrir sunnan til innheimtu á fyrsta iðgjaldinu og að hann myndi greiða þann seðil. Sending gíróseðilsins til stefnanda var því nauðsynleg til þess að fullnægt væri áskilnaði 1. mgr. 14. gr. laga nr. 20/1954, eins og samkomulagi aðilja var háttað.

Stefndi heldur því fram að gíróseðill hafi verið sendur stefnanda 21. september 1983. Hann hefur lagt fram innheimtulista úr tölvubókhaldi sínu þar sem skráðar eru upplýsingar um tryggingartaka og vátryggingar þeirra,

þar sem þess er getið að slíkur seðill hafi verið sendur stefnanda þann dag. Skjalfest sönnun um sendingu gíróseðla eða annarra bréfa í almennum pósti er ekki til. Sending gíróseðla er algeng aðferð við innheimtu ýmissa gjalda og er notuð af öllum vátryggingarfélögum. Ekki er ástæða til að ætla annað en sami háttur hafi verið á hafður við sendingu gíróseðilsins til stefnanda eins og til annarra móttakenda slíkra bréfa. Fallast ber því á með stefnda að löglíkur séu fyrir því að stefnanda hafi verið sendur umræddur seðill hinn 21. september 1983. Jafnvel þótt honum hefði ekki borist seðillinn í hendur, sem ólíklegt er, hefði stefnandi ekki getað verið aðgerðarlaus í meira en þrjá mánuði um greiðslu á þessu fyrsta iðgjaldi tryggingarinnar.

Þess vegna verður fallist á með stefnda að vegna vanskila stefnanda hafi ábyrgð félagsins verið lokið þegar tjónsatburðurinn varð og ber að sýkna hið stefnda félag af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir að hvor aðila beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g.t., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Marinós Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 3. júlí 1986.

Nr. 90/1984. **B. M. Vallá hf.**
(Jón Finnsson hrl.)
gegn
Karli Ottó Karlssyni og gagnsök.
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál. Líkamstjón. Kvittun fyrir bótum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen og Arnljótur Björnsson prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1984. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 25. maí 1984. Hann krefst þess aðallega að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 614.989,00 krónur með 9% ársvöxtum frá 22. ágúst 1973 til 15. júlí 1974, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978,með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979,með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 19. ágúst 1983, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 12. apríl s.á., en frá þeim degi með hæstu innlánsvöxtum (dómvöxtum), eins og þeir eru ákveðnir á hverjum

tíma, til greiðsludags. Til vara krefst hann að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 470.419,00 krónur með vöxtum eins og greinir um aðalkröfu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn um vinnutekjur gagnáfrýjanda árin 1983 - 1985. Ennfremur ný áætlun Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings, dags. 19. janúar 1986, um tjón gagnáfrýjanda vegna örorku, tímabundinnar og varanlegrar. Er sú áætlun gerð á grundvelli endurmats Ólafs Jónssonar læknis á örorku gagnáfrýjanda, dags. 18. nóvember 1981, eins og áætlun tryggingastærðfræðingsins 16. ágúst 1983, sú sem frá er greint í héraðsdómi, en í örorkumati þessu endurmat læknirinn örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins frá því sem hann hafði metið hana 18. desember 1974 með leiðréttingu 26. febrúar 1975. Eru kröfur gagnáfrýjanda reistar á fyrrgreindu örorkumati og hinni nýju áætlun um tjón hans vegna örorku.

Loks hefur verið lagt fyrir Hæstarétt mat Bjarna Jónssonar læknis, dags. 25. júní 1982, á örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins, en það var gert fyrir Tryggingastofnun ríkisins.

II.

Gagnáfrýjandi hefur hækkað kröfur sínar frá því sem greinir í héraðsdómi án þess að skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 sé fullnægt.

Eins og í héraðsdómi greinir slasaðist gagnáfrýjandi hinn 22. ágúst 1973 er bifreið, sem hann ók, rakst á steypubifreið í eigu aðaláfrýjanda. Er ekki ágreiningur um að aðaláfrýjandi hafi borið fulla fébótaábyrgð á því slysi. Hlaut gagnáfrýjandi brot á vinstra sköflungi og vinstra ölnarbeini. Auk þess hlaut hann áverka á báðum hnjám og komu síðar fram brjóskskemmdir í hnjánum. Ennfremur hlaut gagnáfrýjandi nokkur önnur meiðsli sem ekki reyndust alvarleg. Hann lá á slysadeild Borgarspítalans frá 22. ágúst til 4. september 1973. Auk aðgerðar daginn sem slysið varð, gekkst hann undir skurðaðgerðir vegna slyssins í desember 1973 og í mars og júní 1974. Í þessi fjögur skipti voru alls gerðar átta skurðaðgerðir á honum.

Í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar læknis á Slysadeild, dagsettu 9. júlí 1974, segir m.a., að brjóskskemmdirnar í báðum hnjánum verði aldrei bættar að fullu, en reynslan ein skeri úr um hversu miklum vandkvæðum þær valdi. Í vottorði læknisins, dagsettu 18. nóvember 1974, segir að gagnáfrýjandi hafi unnið verkamannavinnu frá því í ágúst 1974. Í því vottorði er einnig tekið fram að vera kunni, „að nauðsynlegt verði að gera frekari meðferðartilraunir, einkanlega á vi. hné, ef einkennin frá því versna frá því, sem nú er." Þá segir í læknisvottorðinu að nokkrar líkur séu til þess að brjóskskemmdirnar í hnjánum leiði síðar meir til slitbreytinga í liðunum fremur en ella hefði orðið.

Ólafur Jónsson læknir mat hinn 18. desember 1974 örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins þannig: Frá slysdegi í 12 mánuði 100%, síðan í 1 mánuð 50%, síðan varanleg 8%. Í greinargerð læknisins, dags. 26. febrúar 1975, segir m.a., að mistök hafi orðið við mat varanlegrar örorku 18. desember 1974 og sé varanleg örorka 15% í stað 8%.

Í mars 1975 samdi umboðsmaður gagnáfrýjanda, Egill Gestsson tryggingamiðlari, við ábyrgðartryggjanda aðaláfrýjanda, Brunabótafélag Íslands, um bætur fyrir slysið á grundvelli þessara læknisfræðilegu gagna og áætlunar Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings, dags. 27. febrúar 1975, um tjón gagnáfrýjanda vegna örorku. Námu bæturnar alls 1.024.170 gkr. Kvittaði umboðsmaðurinn fyrir þeirri greiðslu sem fullnaðargreiðslu á kröfum gagnáfrýjanda vegna slyssins.

Hinn 3. september 1975 leitaði gagnáfrýjandi til Slysadeildar Borgarspítalans og kvartaði undan sífelldum ónotum í hnjánum, bæði við álag og í hvíld. Taldi hann einkennin frá vinstra hné hafa farið versnandi síðustu undanfarna mánuði. Næst leitaði hann til Slysadeildar 22. nóvember 1976 og kvað hnéð hafa bagað sig mikið; einkum fyndi hann mikið til í lok vinnudags og þegar hann vaknaði á morgnana. Tjáði læknir gagnáfrýjanda þá, að ekki væru miklar líkur til að unnt væri að gera gagn með aðgerðum en þó mætti, ef hann vildi, gera eina tilraun enn. Ekki varð þó af aðgerð að þessu sinni.

Gagnáfrýjandi kom enn á Slysadeild hinn 10. mars 1977 og segir í læknisvottorði Rögnvalds Þorleifsonar frá 30. ágúst 1981, að

óþægindi hafi þá síst batnað og líklega heldur farið versnandi. Lá gagnáfrýjandi nú á deildinni frá 24. - 30. mars 1977 og var reynt að lagfæra vinstra hné með skurðaðgerð. Kom gagnáfrýjandi til eftirlits eftir aðgerðina í apríl og maí 1977.

Haustið 1980 leitaði gagnáfrýjandi til Gunnars Þórs Jónssonar sérfræðings í bæklunarskurðlækningum. Gerði hann að vinstra hné gagnáfrýjanda í Sjúkrahúsi Akraness hinn 9. febrúar 1981. Lá gagnáfrýjandi þar frá 8. - 22. febrúar og á bæklunardeild Landspítalans í mars og apríl 1981.

Hinn 18. nóvember 1981 mat Ólafur Jónsson læknir örorku gagnáfrýjanda að nýju. Tók hann m.a. fram í því örorkumati, að vinstra hné valdi verulegri truflun á starfsgetu og að langtíma horfur séu slæmar. Verði því „að gera ráð fyrir að mál þetta verði tekið upp að nýju síðar". Gagnáfrýjandi hafi varanlegan baga af vinstra handlegg. Auk þess sé hægra hné langt frá því að vera eðlilegt „og líkur á að ástand þess muni versna". Niðurlag örorkumatsins er svohljóðandi: „Örorka sú er af slysinu hlaust eins og málin standa í dag telst hæfilega metin 100% í sex mánuði til viðbótar því er áður var metið, 50% í tvo mánuði til viðbótar áður metnu, síðar 35% varanleg."

Í fyrrgreindu örorkumati Bjarna Jónssonar læknis er örorka gagnáfrjanda metin þessi: Frá 22. ágúst 1973 - 31. ágúst 1974 100%, 1. september 1974 - 15. nóvember 1974 50%. 16. nóvember 1974 - 7. febrúar 1981 30%, 8. febrúar 1981 - 28. apríl 1981 100%, 29. apríl 1981 - 28. júlí 1981 50%, en eftir það varanleg örorka 30%.

Að kröfu gagnáfrýjanda tók Brunabótafélag Íslands mál hans upp að nýju á árinu 1982 og greiddi honum það sem eftir stóð af vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar bifreiðar aðaláfrýjanda auk vaxta. Var sú greiðsla innt af hendi með þeim fyrirvara að hún fæli ekki í sér viðurkenningu á réttmæti kröfu gagnáfrýjanda gagnvart aðaláfrýjanda.

Af gögnum þeim, sem fyrir liggja í málinu, kemur fram að á árunum 1976 - 1979 voru árlegar vinnutekjur gagnáfrýjanda minni en Þórir Bergsson gerir ráð fyrir í örorkutjónsáætlun sinni 19. janúar 1986 að þær hefðu orðið, ef slysið hefði ekki borið að höndum, en þau ár var gagnáfrýjandi í skóla. Eftir það hafa árlegar vinnutekjur hans verið meiri en áætlun gerir ráð fyrir og sum árin til mikilla muna.

III.

Svo sem greint hefur verið undirritaði umboðsmaður gagnáfrýjanda í mars 1975 kvittun þar sem berum orðum var tekið fram að allar kröfur vegna tjóns gagnáfrýjanda væru að fullu greiddar. Kröfur sínar þá studdi gagnáfrýjandi við örorkumat Ólafs Jónssonar læknis, dags. 18. desember 1974, svo sem því hafði verið breytt 26. febrúar 1975. Í ályktarorðum örorkumatsins segir svo: „Þar sem aðgerðum er lokið, og ekki líkur á, að frekari lækningatilraunir verði gerðar vegna slyss þessa, er tímabært að meta örorku, er af því hlaust ... " Örorkumat þetta var m.a. reist á ítarlegri álitsgerð í læknisvottorði Rögnvalds Þorleifssonar, dags. 18. nóvember 1974, en eins og áður er rakið er þar gert ráð fyrir að brjóskskemmdirnar í hnjánum kunni síðar meir að leiða til slitbreytinga í liðunum og sagt að vera kunni að nauðsynlegt verði að gera frekari meðferðartilraunir. Var samkvæmt þessu tilefni til þess að af hálfu gagnáfrýjanda væri gerður fyrirvari ef hann vildi áskilja sér að hafa uppi kröfugerð síðar.

Þegar framangreint er virt verður ekki talið sannað að af slysinu hafi gagnáfrýjandi hlotið heilsubrest sem hafi verið í verulegum atriðum annar og meiri en gera mátti ráð fyrir þegar hinn tryggingafróði umboðsmaður hans gaf fullnaðarkvittun fyrir þeim skaðabótum sem greiddar voru samkvæmt bótauppgjörinu í mars 1975. Samkvæmt því og þegar litið er til þess að gagnáfrýjandi hófst ekki handa um kröfugerð á hendur aðaláfrýjanda að nýju fyrr en í febrúar 1982 þykja ekki efni til að dæma aðaláfrýjanda til að greiða honum fébætur vegna slyss hans til viðbótar þeim bótum sem gagnáfrýjandi hefur þegar fengið með greiðslu allrar vátryggingarfjárhæðarinnar samkvæmt ábyrgðartryggingu aðaláfrýjanda hjá Brunabótafélagi Íslands. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, B. M. Vallá hf., á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Karls Ottós Karlssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar og Magnúsar Thoroddsen.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, svo og til fordæmis í hæstaréttardómi 1969 bls. 360, um afgreiðslu á fyrningarmálsástæðu, er fyrst var borin fram við munnlegan flutning í héraði, þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málalokum er rétt að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 45.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. apríl 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. mars sl., hefur Karl Ottó Karlsson, nnr. 5499-7388, Silfurbraut 25, Höfn, Hornafirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 19. ágúst 1983 á hendur B. M. Vallá hf., nnr. 0908-0104, Hátúni 4, Reykjavík. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 470.419,00 með 9% ársvöxtum frá 22. ágúst 1973 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september '79, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1.nóvember 1982, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Til vara er krafist annarrar lægri fjárhæðar að mati réttarins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að þann 22. ágúst 1973 hafi stefnandi ekið sendiferðabifreið sinni R-20085 suður Háaleitisbraut. Hafi hann ekið á hægri ferð og ætlað að beygja til hægri vestur Sléttuveg. Steypubifreiðinni G-5453, eign stefnda, hafi verið ekið austur Sléttuveg og beygt til vinstri norður Háaleitisbraut. Hafi steypubifreiðinni verið ekið á vinstri vegar-

helmingi og framan á bifreið stefnanda. Er stefnandi sá til ferða steypubifreiðarinnar hafi hann hægt á ferð bifreiðar sinnar og ætlað að aka út af veginum en hafi eigi unnist tími til þess þar sem bifreið stefnda bar svo brátt að.

Árekstur bifreiðanna hafi verið mjög harður. Hafi bifreið stefnanda kastast út af veginum og skemmst mjög mikið.

Stefnandi hafi slasast mjög alvarlega. Hafi hann m.a. hlotið opin brot á vinstri fótlegg og vinstri handlegg og mjög þungt högg á vinstra hné.

Örorka stefnanda hafi verið metin þann 18. desember 1974 af Ólafi Jónssyni lækni og hafi hann metið orkumissi stefnanda frá slysdegi 100% í 12 mánuði, síðan 50% í einn mánuð og síðan varanlega 8%, sem hann síðan breytti í 15%.

Bifreið stefnda hafi verið ábyrgðartryggð hjá Brunabótafélagi Íslands hf. Tryggingafélagið hafi fallist á skaðabótaskyldu stefnda og greitt stefnanda bætur vegna tjóns hans á grundvelli örorkumatsins frá 18. desember 1974 og útreikninga tjóns stefnanda, sem byggðir voru á því mati. Hafi stefndi fengið alls greiddar kr. 11.663,00.

Eftir að samið hafði verið um greiðslu ofangreindra bóta hafi ástand stefnanda og líðan versnað mjög, og í ljós hafi komið, að afleiðingar slyssins voru til muna alvarlegri en áður hafði verið talið. Hafi verið um að ræða mikil og vaxandi einkenni frá vinstra hné og vinstra handlegg svo og frá hægra hné. Hafi stefnandi liðið miklar kvalir af þessum sökum og þurft að gangast undir uppskurði í þeirri von að bati næðist.

Ólafur Jónsson læknir hafi metið á ný örorku stefnanda þann 18. nóvember 1981 og hafi þá talið að örorka stefnanda væri rétt metin 100% í 6 mánuði til viðbótar því sem áður var metið, 50% í 2 mánuði til viðbótar og síðan 35% varanleg.

Eftir að í ljós kom, að tjón stefnanda var til muna meira en áður hafði verið talið, hafi Brunabótafélag Íslands hf. greitt eftirstöðvar vátryggingarfjárhæðarinnar kr. 18.337,00 auk vaxta, en vátryggingarfjárhæðin hafi verið á slysdegi gkr. 3.000.000,-.

Stefnandi telji stefnda bera alla ábyrgð á slysinu. Ökumaður steypubifreiðarinnar, sem var starfsmaður stefnda, hafi ekið á ófugum vegarhelmingi í og út úr beygjunni, og hafi hann því gerst brotlegur við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. 1., 2. og 4. mgr. 45. gr., 3. mgr. 46. gr. og 1. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Telji stefnandi ábyrgð stefnda byggjast annars vegar á 68. gr. sbr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og hins vegar á reglum um húsbóndaábyrgð vegna gáleysislegrar hegðunar ökumannsins.

Krafa um miskabætur sé byggð á 264. gr. alm. hegningarlaga.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	15.395,00
vegna varanlegrar örorku til 1/10 1983	"	67.173,00
vegna varanlegrar örorku eftir það	"	328.352,00
Samtals	kr.	410.920,00
miskabætur	"	100.000,00
ferðalög + lækniskostn.	"	10.000,00
umönnun á heimili	"	10.000,00
Samtals	kr.	530.920,00
÷ gr. frá Brunabótafél. Ísl. (reikn. til slysdags)	"	16.224,00
÷ dagpen. frá Tryggingast. ríkisins	"	1.810,00
÷ örorkulífeyrir	"	42.467,00
	kr.	470.419,00

1. Krafa vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku byggist á útreikningum Þóris Bergssonar, dags. 16/8 1983 og sé krafan um bætur vegna varanlegrar örorku tvíþætt. Í fyrsta lagi sé um að ræða tjón vegna varanlegrar örorku til 1. október 1983 að fjárhæð kr. 67.173,00 og í öðru lagi tjón vegna varanlegrar örorku eftir það að fjárhæð kr. 328.352,00. Augljóst sé að stefnandi hafi orðið fyrir og muni verða fyrir mjög miklum tekjumissi vegna slyssins. Hann hafi lokið prófi frá Vélstjóraskólanum og hafi verið vélstjóri á fiskiskipum af og til, en ætíð orðið frá starfi að hverfa vegna áverka sinna á hnjám og þurft að vinna fyrir sér við mun verr launuð störf í landi af þessum sökum.

Allar líkur bendi til þess, að stefnandi verði alfarið að hætta vélstjórn á fiskiskipum og verði því að telja, að kröfu hans sé mjög í hóf stillt. Þá sé auk þess líklegt, að þegar fram líði stundir, muni þrautir stefnanda aukast og þar með aukist örorka hans. Í kröfulið þessum sé gert ráð fyrir 5% ársávöxtun eftir 1. október 1983. Byggist það á því, að með öðrum hætti, þ.e.a.s. ef reiknað væri með hærri vöxtum, fengi stefnandi ekki tjón sitt að fullu bætt, og sé það í raun vafasamt, að reikna með að unnt sé að fá 5% raunvexti á peninga í dag hérlendis, og ætti því raunar að miða við mun lægri vexti.

2. Krafa um miskabætur að fjárhæð kr. 100.000,00. Augljóst sé, við skoðun á sjúkrasögu stefnanda, að miski hans sé mikill. Í fyrsta lagi megi nefna þann voðalega sársauka, sem hann hafi orðið að þola, bæði við slysið sjálft og síðan allar þær aðgerðir sem hann hafi orðið að gangast undir vegna áverka sinna af völdum slyssins. Sé þjáninga hans t.d. getið í vottorðum þeirra lækna, sem meðhöndlað hafi stefnanda, sbr. dskj. nr. 4, 5 og

6. Í öðru lagi megi nefna þau óþægindi, sem stefnandi hafi orðið fyrir. Hann hafi margsinnis, og oft lengi, þurft að dvelja fjarri heimili sínu vegna læknismeðferða. Hann hafi þurft að hætta í því starfi, sem hann hafi menntun til að vinna, auk allra annarra óþæginda, sem áverkar hans óhjákvæmilega hafi haft í för með sér, bæði í starfi og í einkalífi. Í þriðja lagi beri stefnandi lýti bæði á fótum og á handlegg vegna þeirra fjölda aðgerða, sem fram hafi farið á honum og vegna þess, að hann geti ekki rétt úr vinstra fæti og stingi því við er hann gangi. Í fjórða lagi hafi orðið mikil röskun á stöðu og högum stefnanda, og hafi þess að nokkru verið getið hér að framan.

3. Krafa um greiðslu á kostnaði vegna ferðalaga og lækniskostnaðar kr. 10.000,00. Engir reikningar séu lagðir fram til stuðnings kröfu þessari. Það sé hins vegar deginum ljósara, að um mjög mikinn kostnað hafi verið að ræða fyrir stefnanda vegna hinna tíðu ferða hans á milli Hafnar í Hornafirði og Reykjavíkur. Á árunum 1980 og 1981 hafi stefnandi t.d. farið 6 ferðir. Sé kröfulið þessum augljóslega mjög í hóf stillt.

4. Krafa um bætur vegna umönnunar á heimili að fjárhæð kr. 10.000,00. Ljóst sé að mikill tími hafi farið í að sinna stefnanda vegna áverka hans og hljóti því krafa þessi að teljast mjög sanngjörn.

5. Frádráttarliðir séu allir reiknaðir til slysdags.

Aðalkröfu sína styður stefndi þessum rökum:

Vátryggjandi stefnda, Brunabótafélag Íslands, hafi gert upp tjón stefnanda að fullu þann 6.3. 1975. Að frádregnum 20% vegna eingreiðslu og greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins hafi örorkubætur til stefnanda numið kr. 991.341,00 og miskabætur kr. 175.000,00 eða samtals kr. 1.166.341,00. Vextir, að frádregnum vöxtum af innborgunum árin 1973 og 1974, hafi verið kr. 152.452,00. Að auki hafi tryggingafélagið greitt allan kostnað. Samtals nemi þessar greiðslur miðað við núverandi verðgildi krónunnar kr. 421.984,00.

Umboðsmaður stefnanda hafi kvittað fyrir þessum greiðslum sem fullnaðarbótum og væru allar kröfur vegna tjóns stefnanda þar með greiddar.

Rúmum átta árum eftir slysið, eða þann 1. október 1981, muni umboðsmaður stefnanda hafa snúið sér að nýju til tryggingarfélagsins með bótakröfu f.h. stefnanda og séu kröfur hans nú byggðar á örorkumati frá 18.11. 1981, en þar sé varanleg örorka metin 35% auk þess sem tímabundin örorka lengist.

Stefndi hafi lagt það í vald vátryggingafélagsins að meta bætur til handa stefnanda að því marki, sem vátryggingafjárhæð bílsins segði til um, og hafi stefndi lagt á það áherslu, að málinu yrði endanlega lokið, þannig að ekki yrði um bakkröfur á hendur honum að ræða. Hafi stefnanda verið fullkunnugt um þessa afstöðu.

Vátryggingafjárhæð bifreiðar stefnda hafi á þeim tíma, er slysið varð, numið gkr. 3.000.000,00 eða kr. 30.000,00.

Þann 14. október 1982 hafi umboðsmaður stefnanda veitt viðtöku mismuninum á vátryggingarfjárhæðinni og þegar greiddum örorku- og miskabótum kr. 30.000,00 ÷ kr. 11.663,00 eða kr. 18.337,00 auk vaxta fjögur ár aftur í tímann kr. 25.590,00 eða samtals kr. 46.927,00.

Í texta bótakvittunar, sem undirrituð sé af umboðsmanni stefnanda,sé tekið fram að greiðsla á eftirstöðvum vátryggingafjár feli ekki í sér viðurkenningu á réttmæti kröfu tjónþola gagnvart vátryggingartaka og síðan kvitti umboðsmaðurinn fyrir fjárhæðinni og að allar kröfur vegna tjónsins séu að fullu greiddar.

Stefndi hafi haldið bifreið sinni í lögboðinni tryggingu, sem á þeim tíma hafi verið talin nægilega há til þess að mæta hugsanlegum bótakröfum. Hann hafi því greitt fyrir því, að stefnandi fengi hámarksvátryggingarbætur greiddar samkvæmt þessari tryggingu, þrátt fyrir það að stefnandi hafi afsalað sér öllum frekari kröfum til bóta við tjónsuppgjör 6.3. 1975.

Þetta hafi verið bundið því skilyrði, að ekki yrði um bótakröfur á hendur stefnda að ræða. Stefnandi eigi ekki neina lögvarða kröfu á stefnda. Aðiljar eigi að mega treysta því, að málum sé raunverulega lokið, þegar á þau hafi verið sæst.

Við munnlegan málflutning byggði stefndi sýknukröfu sína ennfremur á því, að krafan væri fyrnd, þá væri vaxtakrafan og fyrnd.

Af hálfu stefnanda var þessum málsástæðum mótmælt sem of seint fram komnum, en til vara sem röngum.

Varakröfu sína styður stefndi eftirfarandi rökum:

Örorkutjónsútreikningur sé byggður á læknisfræðilegu mati. Í þessu tilviki sé um að ræða læknisfræðilegt mat sérfræðings í lyflæknisfræði og meltingarsjúkdómum.

Sé síðara örorkumatinu mótmælt sem röngu og allt of háu. Af samanburði fyrri og síðari læknisvottorða verði ekki betur séð en allar sömu læknisfræðilegar forsendur hafi verið til staðar, þegar örorka stefnanda var metin hið fyrra sinni og síðar varð.

Tímabundið og varanlegt örorkutjón, án nokkurs frádráttar, hafi numið gkr. 1.424.155,00, þegar bótauppgjör fór fram 6.3. 1975, og megi ætla, að vátryggingarfjárhæð bílsins hefði á þeim tíma nægt til að greiða kröfur stefnanda, þótt örorka hans hefði verið metin 35% í byrjun í stað 15%.

Tryggingafræðingur reikni út verðmæti bótagreiðslna, sem stefnanda hafi verið greiddar, kr. 16.224,00. Miðað við verðgildi peninga í dag mætti þrítugfalda greiðsluna frá 6.3. 1975. Sé dæmið hins vegar sett upp í einfalda þríliðu og gert ráð fyrir því, að bótagreiðslur til stefnanda greiði 15% ör-

orku- og miskabætur en krafa stefnanda 35%, nemi verðmæti greiðslna til stefnanda rúmlega kr. 212.000,00.

Útreikningi tryggingafræðingsins er mótmælt sem allt of háum og ekki í samræmi við hefðbundnar venjur.

Kröfu um greiðslu vegna lækniskostnaðar og ferðalaga, svo og vegna umönnunar á heimili er ekki andmælt tölulega.

Af hálfu aðilja hefur því verið lýst yfir, að óumdeilt sé, að frumrit dskj. nr. 31 og 33 hafi verið kvittað af Agli Gestssyni tryggingamiðlara f.h. stefnanda.

III.

Ekki verður litið svo á að samkomulag það, sem aðiljar gerðu með sér þann 6. mars 1975 um uppgjör tjónsins, sé bindandi fyrir stefnanda nema hvað varðar það tjón, sem þegar var komið fram á þeim tíma, en firrir stefnanda hins vegar ekki rétti til þess að krefjast bóta vegna afleiðinga slyssins, sem síðar komu fram og ekki var fyrirsjáanlegt að myndu koma fram.

Þegar bótakvittun á dskj. nr. 33 var undirrituð þann 14. október 1982 voru allar afleiðingar slyssins hins vegar komnar fram. Í texta þeirrar kvittunar er svohljóðandi fyrirvari: „Kvittast hér með fyrir nefndri upphæð og eru allar kröfur á Brunabótafélag Íslands vegna ofangreinds tjóns að fullu greiddar. Ennfremur afsala ég til Brunabótafélags Íslands öllum endurgreiðslum eða kröfum, er ég kann að eiga á hendur þriðja manni."

Fyrirvari þessi telst ekki bindandi fyrir stefnanda gagnvart stefnda, samkvæmt orðalagi sínu.

Ekki er ágreiningur um sök.

Þær málsástæður stefnda, sem byggjast á fyrningu, komast ekki að í máli þessu gegn andmælum stefnanda sbr. 4. tl. 2. mgr. 110. gr. l. nr. 85/1936.

Verður nú fjallað um bótafjárhæðina.

Um kröfulið 1, örorkubætur kr. 410.920,00.

Stefnandi byggir kröfur sínar á örorkumati, sem Ólafur Jónsson læknir framkvæmdi þann 18.11. 1981, þar sem örorka stefnanda er metin þannig:

100% í 6 mánuði til viðbótar því, sem áður var metið.
50% í 2 mánuði " " " " " " "
Síðan 35% varanleg örorka.

Örorkumati þessu hefur stefndi mótmælt sem röngu og allt of háu. Við munnlegan málflutning vitnaði lögmaður stefnda til örorkumats, sem væri

í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins, og væri varanleg örorka stefnanda þar metin 30%. Gerði stefndi kröfu til þess í varakröfu sinni, að það mat yrði lagt til grundvallar.

Örorkumat það, sem um ræðir, hefur ekki verið lagt fram í máli þessu og verður því ekki á því byggt í dómi. Þar sem framlögðu mati Ólafs Jónssonar læknis hefur ekki verið hnekkt ber að leggja það til grundvallar í málinu, enda hefur því ekki verið andmælt á öðrum forsendum en að ofan greinir.

Á grundvelli framangreinds örorkumats hefur Þórir Bergsson cand. act. reiknað út örorkutjón stefnanda, og eru niðurstöður tryggingafræðingsins miðað við 20% varanlega viðbótarörorku eftirfarandi:

1. Viðbótarörorka 20% varanlega. Vaxtaforsenda I.

Ársvextir eftir 1. - 10. 1983	5%	7%	9%	13%
v/tímab. örorku	10.572	10.572	10.572	10.572
v/varanl. " til 1.-10. 83	42.315	42.315	42.315	42.315
v/ " " eftir það	140.622	111.623	91.928	67.529
Samtals	193.509	164.510	144.815	120.416

2. Viðbótarörorka 20% varanlega. Vaxtaforsenda II

Ársvextir eftir 1. - 10. 1983	5%	7%	9%	13%
v/tímab. örorku	15.395	15.395	15.395	15.395
v/varanl. örorku til 1.-10.'83	67.173	67.173	67.173	67.173
v/ " " eftir það	328.352	260.640	214.463	157.680
Samtals	410.920	343.208	297.031	240.248

Er í vaxtaforsendu I miðað við samsetta vexti, en í vaxtaforsendu II miðað við einfalda vexti.

Þá hefur tryggingafræðingurinn ennfremur reiknað út greiðslur til stefnanda frá Brunabótafélagi Íslands miðað við verðmætamat á slysdegi, en þær eru miðaðar við vaxtaforsendu I kr. 8.570,00 og miðað við vaxtaforsendu II kr. 16.224,00.

Krafa stefnanda miðast við vaxtaforsendu II og 5% ársávöxtun.

Þegar virtir eru möguleikar til ávöxtunar fjár í dag og þróun vaxta og peningamála, og jafnframt höfð hliðsjón af framangreindum útreikningum Þóris Bergssonar cand. act. miðað við einfalda vexti auk þess sem tekið er tillit til annarra þeirra atriða, sem hafa ber í huga, þegar örorkubætur eru metnar, þykja greiðslur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr.

210.000,00. Frá þeirri fjárhæð dragast bætur frá Brunabótafélagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og örorkulífeyrir, samtals kr. 60.501,00, en útreikningi á frádráttarliðum til slysdags hefur ekki verið hnekkt, og verða þeir því látnir koma til frádráttar eins og í kröfugerð stefnanda greinir.

Um lið 2, miskabætur kr. 100.000,00.

Í kröfugerð sinni virðist stefnandi krefjast bóta fyrir allan þann miska, sem stefnandi hefur orðið fyrir bæði við slysið og eftir það. Hér ber þó að taka tillit til þess, að þegar samið var um bætur þann 6. mars 1975, þá var samið um fullnaðarbætur fyrir allt það tjón, sem þá var komið fram, og verður að líta svo á að þar hafi miski verið innifalinn. Þegar virt eru meiðsl stefnanda og sjúkrasaga eftir að uppgjör fór fram þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 20.000,00.

Um liði 3 og 4, bætur vegna læknishjálpar, ferðakostnaðar og umönnunar á heimili, samtals kr. 20.000,00.

Þessum lið hefur ekki verið andmælt tölulega og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið andmælt að öðru leyti en því sem fram kom við munnlegan málflutning, og verður hún því tekin til greina með þeirri breytingu að 19% ársvextir reiknast frá 21. febrúar 1978 og dæmast vextir eins og greinir í dómsorði.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 37.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi B. M. Vallá hf. greiði stefnanda Karli Ottó Karlssyni kr. 189.499,00 ásamt 9% ársvöxtum frá 22. ágúst 1973 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 19. ágúst 1983, en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember

s.á., en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 12. apríl 1984, en síðan með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og kr. 37.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. júlí 1986.

Nr. 10/1986. **Almennar Tryggingar h/f**
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands og
Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. - Erste Beteiligungs KG.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 7. janúar 1986, er barst Hæstarétti 15. s.m. Verður við það að miða, að sóknaraðili hafi fengið vitneskju um dóminn 2. janúar 1986.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á málið. Sóknaraðili krefst kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn H/f Eimskipafélag Íslands krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. - Erste Beteiligungs KG krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta þann þátt hans, er fjallar um málsóknina gegn H/f Eimskipafélagi Íslands.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að grundvöllur réttarstöðu vátryggðs sem farmskírteinishafa gagnvart eigendum skipsins, þ.e. Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. - Erste Beteiligungs KG, sé farmskírteinið, sem gefið var út í Amsterdam 26. október 1983. Í 2. gr. skilmála þess eru skýr ákvæði um, að deilumál skuli útkljáð á Íslandi að íslenskum lögum. Hið þýska fyrirtæki verður því að lúta íslenskri lögsögu í máli þessu, er Almennar Tryggingar h/f, réttartaki vátryggðs, hefur höfðað.

Í niðurlagi hinnar þýsku þýðingar á stefnunni er firmanu Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. - Erste Beteiligungs KG stefnt. Í bréfi ræðismanns Íslands í Hamborg, dags. 29. október 1984, til forseta landsréttar í Itzehoe er þess óskað, að stefnan sé birt fyrir því fyrirtæki og það var gert 31. s.m. Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 10. janúar 1985. Í greinargerð, sem lögmaður stefnanda lagði þá fram, er málsókninni eingöngu beint gegn H/f Eimskipafélagi Íslands og ofangreindu fyrirtæki, sem hefur látið sækja þing og haldið uppi vörnum. Af þessum sökum á ósamræmið á milli hins íslenska frumrits stefnunnar og hinnar þýsku þýðingar hennar eigi að leiða til frávísunar á máli þessu gegn hinu þýska firma Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. - Erste Beteiligungs KG, eiganda m/s Kampen.

Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi að því er margnefnt firma varðar og vísa þeim þætti málsins heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður að því er varðar H/f Eimskipafélag Íslands, en sá þáttur frávísunardómsins er lýtur að Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. - Erste Beteiligungs KG er úr gildi felldur og honum vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ágreiningslaust er að firmað Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co - Erste Beteiligungs KG hafi verið eigandi ms. Kampen.

Mál þetta er höfðað með réttarstefnu útgefinni 17. október 1984 á hendur H/f Eimskipafélagi Íslands og Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. Í þýðingu stefnunnar á þýsku var nafni annars hinna stefndu breytt í fyrirkalli stefnunnar þannig að auk Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. kom nú Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. - Erste Beteiligungs KG. Í greinargerð sóknaraðila í héraði var ekki fjallað um þessa breytingu. Við þingfestingu málsins var mætt af hálfu Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. Af hálfu firmans var krafist frávísunar málsins. Einnig var krafist frávísunar málsins af hálfu H/f Eimskipafélags Íslands. Fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna. Héraðsdómari endurupptók málið til að veita lögmönnum aðila kost á að skýra aðild að málinu. Kom þá fram að lögmaður sóknaraðila taldi kröfum málsins beint að Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. - Erste Beteiligungs KG.

Kröfur sóknaraðila beindust í upphafi að firmanu Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co og var það fyrst er málið hafði verið endurupptekið að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu að sóknaraðili beindi kröfum sínum að Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. - Erste Beteiligungs KG.

Ég tel málinu hafa verið beint að röngum aðila í upphafi og hafi tilraun til að bæta úr þeim ágalla í samræmi við ákvæði laga nr. 85/1936 fyrst hafa verið gerð við endurupptöku málsins, enda tel ég breytingu á nafni varnaraðila við þýðingu stefnunnar á þýsku engu breyta hér um. Jafnvel þótt talið yrði að með yfirlýsingu sinni hafi lögmaður sá sem með málið fór af hálfu Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co samþykkt að mæta óstefndur af hálfu Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co - Erste Beteiligungs KG. Þá tel ég málatilbúnaði sóknaraðila hafa verið svo áfátt í upphafi á hendur þessum aðila að rétt hafi verið að vísa málinu frá héraðsdómi að því er hann varðaði. Ég tel að staðfesta beri niðurstöðu héraðsdómsins að því er varðar H/f Eimskipafélag Íslands.

Samkvæmt þessu tel ég að staðfesta beri héraðsdóminn en kærumálskostnaður falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. desember 1985.

Mál þetta var tekið til úrskurðar eða dóms að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu hinn 25. nóvember sl., endurupptekið, flutt og dómtekið á ný hinn 17. þ.m.

Stefnandi er Almennar Tryggingar hf., Síðumúla 39, Reykjavík, nnr. 0267-3363.

Stefna var birt stefnda Hf. Eimskipafélagi Íslands Pósthússtræti 2, Reykjavík, nnr. 1794-9298, hinn 26. október 1984.

Stefna var gefin út á hendur firmanu Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH, Stettinstrasse 28-30, 2000 Wedel, Vestur-Þýskalandi, sem er einn eigenda félagsins Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH Erste Beteiligungs KG, en stefnan var ekki birt fyrir firmanu. Firmað hefur látið sækja þing í málinu, óstefnt.

Stefna var birt stefnda Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH Erste Beteiligungs KG, Stettinstrasse 28-30, Wedel, Vestur-Þýskalandi, hinn 31. október 1984. Hann hefur ekki látið sækja þing í málinu fyrr en við yfirlýsingu lögmanns Schulauer Schiffahrts-Ges. mbH í þinghaldi 17. þ.m., að teldist Schulauer Schiffahrts-Ges. mbH Erste Beteiligungs KG stefnt í málið sem varnaraðila þá mæti hann einnig af hálfu þess firma og hafi uppi sömu kröfur og hafðar séu uppi af hálfu Schulauer Schiffahrts - Ges. mbH.

Dómkröfur stefnanda eru að stefndu Hf. Eimskipafélag Íslands og Schulauer Sciffahrts - Ges. mbH Erste Beteiligungs KG verði in solidum dæmdir til að endurgreiða skaðabætur sem stefnandi hafi greitt Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi vegna þess að farmur af kolum, sem tryggður hafi verið hjá stefnanda, hafi farist með skipinu M.S. Kampen undan suðurströnd Íslands 1. nóvember 1983, að fjárhæð ísl. kr. 8.770.092,00 auk 26% ársvaxta af kr. 7.320.903,00 frá 15. nóvember 1983 til 23. nóvember s.á., og af kr. 8.770.092,00 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. taxta LMFÍ, þar með talinn allur kostnaður við sjópróf og lögfræðilega aðstoð við stefnanda í Þýskalandi.

Stefndu krefjast frávísunar málsins, en til vara sýknu af kröfum stefnanda, og til þrautavara lækkunar, auk málskostnaðar.

Frávísunarkröfur sínar byggja stefndu á því að Hf. Eimskipafélag Íslands hafi gert ferðbundinn farmsamning við Sementsverksmiðju ríkisins hinn 2. febrúar 1983 um flutning á kolum til Grundartanga frá þremur tilteknum höfnum. Í samningi þessum hafi verið gert ráð fyrir því, að kolin yrðu flutt að hluta með eigin skipum félagsins, en félaginu hafi ennfremur verið

heimilt að taka önnur skip á leigu til þessara flutninga. Félagið hafi gert tímabundinn farmsamning 31. ágúst 1983 við Schulz & Clemmensen Schulauer Befrachtungskontor um flutning á kolum með M.S. Kampen. Viðskipti Hf. Eimskipafélagsins og Sementsverksmiðjunnar hafi alfarið farið eftir „skipsleigusamningnum" frá 2.2. 1983, sem hafi verið mjög ýtarlegur um viðskipti aðilja, og stefnandi máls þessa leiði rétt sinn frá Sementsverksmiðjunni. Í 26. gr. samningsins frá 2. febrúar 1983, sem lagður hafi verið fram á dskj. nr. 4, segi að allar deilur skuli leysa fyrir gerðardómi í London. Samkvæmt þessu sé ljóst, að Hf. Eimskipafélagið og Sementsverksmiðjan höfðu samið sig undan lögsögu íslenskra dómstóla um ágreiningsmál út af samningi þeirra og ákveðið að þau skyldu lögð í gerð í London. Stefnandi sé bundinn af þessum samningi og geti því ekki sótt mál sitt hér fyrir bæjarþinginu og beri því að vísa því frá dómi. Farmbréfið, sem gefið hafi verið út 26. október 1983 í Amsterdam um farm þann sem farist hafi með skipinu, beri einungis að skoða sem kvittun fyrir móttöku farmsins, og ákvæði 2. gr. þess um varnarþing á Íslandi hljóti að víkja fyrir gagnstæðum ákvæðum samningsins.

Stefndu leggja áherslu á það, að stefnandi hafi öðlast sama rétt og vátryggði, þ.e. Sementsverksmiðjan hafi átt en ekki meiri rétt, enda sé viðurkennt að stefnandi hafi greitt vátryggingarbætur og þar með fengið framseldan rétt vátryggðs. Þetta komi skýrt fram í 25. gr. vátryggingasamningalaga og túlkun stefnanda um að hann hafi öðlast „sjálfstæðan rétt að endurkröfumálinu og sé því ekki bundinn af samkomulagi sem farmsendandi og stefndu kunni að hafa gert með sér um aðra meðferð ágreiningsmála" sé því beinlínis röng. Öll ákvæði samnings aðila, sem byggi rétt sinn í þessu máli, séu að finna í samningnum á dskj. nr. 4, og kvittun fyrir móttöku farmsins á dskj. 5 breyti ekki ákvæðum samningsins. Stefnandi sé jafnbundinn af samningi og aðilar hans, og þess vegna hafi hann átt að fara fyrir hinn samningsbundna gerðardóm í London, eins og þeir.

Lagarök fyrir frávísunarkröfunni séu í 66. - 68. gr. laga um meðferð einkamála í héraði og dómum Hæstaréttar, studd skýringum fræðimanna. Samið hafi verið með ýtarlegum ákvæðum að leggja ágreiningsmál vegna siglinga með farminn í gerðardóm í London. Málið hafi því verið undanþegið lögsögu dómstóla hér á landi með sérstakri heimild, og vísi dómarinn því frá skv. 66. gr. eml. Fræðimenn hafi verið sammála um að samningur um gerðardóm falli hér undir. Elsti dómur Hæstaréttar um þetta sé frá 1926, þar sem gerðardómsákvæði í húsbyggingarsamingi um Túngötu 5 hafi verið talið fortakslaust og varðaði frávísun, og síðan hafi allmargir dómar fallið í sömu átt.

Þá rísi hin spurningin, hvort farmskírteinið, sem út hafi verið gefið í Amsterdam 26. október 1983, breyti þessu gerðardómsákvæði, þar sem það

sé á stöðluðu formi Hf. Eimskipafélagsins og í gr. 2 segi að hverja deilu sem rísi út af farmskírteininu beri að úrskurða á Íslandi samkvæmt íslenskum lögum. Stefndu bendi á, að farmskírteini þetta hafi einungis átt að vera kvittun fyrir móttöku farmsins og hafi aldrei átt að vera annað, og þess vegna geti ákvæði þess ekki breytt samningi aðila. Algengt sé að litið sé á að farmskírteini teljist einungis kvittun, eins og í þessu tilviki, og skoðanir fræðimanna séu þá á einn veg, að þegar handhafi farmskírteinis og farmsamnings sé sami aðili þá skuli farið eftir farmsamningi, nema beinlínis hafi verið ætlast til af aðilum að gagnstæð ákvæði í farmskírteini skuli ganga fyrir. Það hafi alls ekki verið um að ræða í máli þessu, heldur hafi farmskírteinið verið gefið út og meðhöndlað einungis sem kvittun fyrir móttöku farmsins, sem í engu ætti að breyta gerðum farmsamningi aðila.

Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH bendir auk þess á, að hann sé einn eigenda félagsins Messrs Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. - Erste Beteiligungs - KG., en það félag hafi átt og gert út skipið M.S. Kampen. Eiganda skipsins sé ekki stefnt í máli þessu, en hann, sem einn eigenda í útgerðarfélagi skipsins, sé ekki í neinu samningsréttarlegu sambandi við stefnanda máls þessa. Jafnvel þótt hann teldist vera það í gegnum eignaraðild sína hafi hann í hvorugu tilvikinu samið sig undir að þurfa að þola dóm á Íslandi vegna máls þessa. Þar sem alþjóðasamningar um þetta efni séu ekki í gildi milli Vestur-Þýskalands og Íslands beri þegar að vísa málinu frá dómi gagnvart honum. — Telji dómurinn nú, þrátt fyrir misræmi á milli upphaflegrar gerðar íslensku stefnunnar og þýskrar þýðingar á henni og galla á stefnubirtingu í Þýskalandi í framhaldi af því, að Schulauer Schiffahrts - Ges. mbH Erste Beteiligungs KG sé stefnt í máli þessu, þá geri hann sömu kröfur og fyrrgreindur eignaraðili að félaginu og haldi fram sömu málsástæðum fyrir frávísunarkröfu. Hann bendi á til viðbótar, að það hljóti að varða frávísun, að stefna sé ekki svo úr garði gerð að hún uppfylli kröfur laga nr. 85/1936 um skýrleika.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfum stefndu verði hrundið og að honum verði tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins. Hann bendir á að enda þótt dskj. nr. 4 sé farmsamningur þá dugi hann ekki til flutnings á vöru skv. íslenskum lögum. Farmskírteini hafi þurft að koma til viðbótar, og stefndi Hf. Eimskipafélag hafi sjálfur valið þetta skírteini á dskj. nr. 5 með þeim skilmálum sem í því eru. Dómskjal nr. 5 sé annað og meira en kvittun fyrir móttöku farmsins, það sé farmskírteini sem bindi eiganda skipsins með undirskrift „For the master", en eigandi skipsins komi ekki sem aðili að farmsamningnum á dskj. nr. 4. Stefnandi leggi áherslu á það, að skv. ákvæðum 25. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi hann öðlast sjálfstæðan rétt að endurkröfumálinu og sé ekki bundinn af samkomulagi sem farmsendari og stefndu kunni að hafa gert með sér um

aðra meðferð ágreiningsmála. Hvergi segi að um rétt stefnanda skuli fjallað í gerðardómi í London, enda sé réttur stefnanda sjálfstæður réttur. Ákvæði farmskírteinis um lögsögu íslenskra dómstóla séu skýr og ótvíræð, og stefnandi telji að um stefnubreytingu sé að ræða hjá stefnda Hf. Eimskipafélagi Íslands, sem hingað til hafi lagt kapp á að íslenskir dómstólar fjölluðu um ágreiningsmál.

Lögmaður stefnanda tekur fram, að hann hafi sjálfur farið með stefnu til Hamborgar til birtingar. Við komuna til Hamborgar hafi komið í ljós, að nefnt félag væri rekið í fleiri deildum, sem hver væri sjálfstætt hlutafélag. Stefnunni hafi því verið breytt þannig, að við nafnið hafi verið bætt orðunum „Erste Beteiligung K.G." Það sé hinn rétti aðili sem eigandi skipsins M.S. Kampen og kröfum stefnanda í máli þessu sé því beint að því félagi. Með tilliti til þess að hér hafi verið um óverulegan misskilning að ræða og að mætt hafi verið í málinu af hálfu þess sem stefnan hafi verið birt fyrir í Þýskalandi, telji hann fráleitt að þetta eigi að varða frávísun.

Niðurstaða.

Stefnandi, Almennar Tryggingar hf., greiddi Sementsverksmiðju ríkisins tjónsbætur og öðlaðist þar með rétt vátryggðs á hendur þeim sem skaðabótaskyldir voru við Sementsverksmiðjuna. Stefnandi beinir kröfum sínum að stefndu á þeim forsendum að hann hafi öðlast rétt vátryggðs. Stefnandi öðlaðist sama rétt og vátryggður hafði, og ekki meiri rétt skv. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga. Stefnandi er því bundinn af samningi vátryggðs um flutninga á farminum með þeim ákvæðum sem þar er að finna um lögsögu og varnarþing.

Vátryggður og stefndi Hf. Eimskipafélag sömdu sérstaklega í ferðbundnum farmsamningi frá 2. febrúar 1983 að gerðardómur í London skuli skera úr um allar deilur sem rísa kunni af samningnum, og var vátryggður þar með bundinn við samning um að skilja deilumál aðilja undan íslenskum dómstólum.

Ekki hefur verið sýnt fram á að tilgangur vátryggðs og stefnda Eimskipafélags hafi verið annar en fram kemur í nefndu gerðardómsákvæði í 26. gr. samningsins.

Þegar meta ber hvaða þýðingu andstætt ákvæði um lögsögu og varnarþing hafi í farmskírteininu, sem út var gefið í Amsterdam 26.10. 1983, verður að líta til þess, að ekkert er í máli þessu komið fram um að ætlun aðilja hafi verið að breyta upprunalegum samningi sínum um gerðardóm með útgáfu farmskírteinisins eða á annan hátt. Þegar þetta er virt, og einnig hitt, að vátryggður var farmsamningshafi skv. samningnum frá 2.2. 1983, og handhafi farmskírteinisins, sem gefið var út í Amsterdam 26.10. 1983,

verður að fallast á með stefnda Hf. Eimskipafélagi Íslands, að líta beri á farmskírteinið sem móttökukvittun farmsins eingöngu, og að ákvæði þess um lögsögu og varnarþing hér á landi breyti ekki upprunalegum samningi vátryggðs og stefnda Hf. Eimskipafélags um gerðardóm í London.

Dómurinn fellst því á að stefnandi og Hf. Eimskipafélagið séu bundnir af samningi um að leggja mál þetta fyrir gerðardóm í London, og því beri að vísa því frá dómi að því er varðar stefnda Hf. Eimskipafélag.

Grundvöllur réttarstöðu vátryggðs sem farmskírteinishafa gagnvart eigendum skipsins, þ.e. Schulauer Schiffahrts - Ges. mbH Erste Beteiligungs KG, er farmskírteinið, sem gefið var út í Amsterdam 26. október 1983. Í því eru skýr ákvæði í 2. gr. skilmála þess, um að deilmál skuli útkljáð á Íslandi að íslenskum lögum. Hins vegar ber að fallast á með lögmanni hinna þýsku félaga, að málatilbúnaður stefnanda á hendur þeim, sem hann hyggst beina kröfum gegn, sé svo óskýr, bæði er varðar tilgreiningu aðila í stefnu og misræmi í frumútgáfu stefndu og þýðingu hennar, svo og varðandi stefnubirtingu, að vísa beri málinu frá dómi að því er þá varðar.

Eftir öllum atvikum er rétt að hver aðili beri sinn málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason, borgardómari, Guðmundur Hjaltason, skipstjóri og Ingvar Sveinbjörnsson, hdl.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 25. júlí 1986.

Nr. 218/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Sverri Þór Einarssyni

Kærumál. Hald á verðmætum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 17. þ.m., er barst Hæstarétti 21. þ.m. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur og er vísað til forsendna hans og einnig til 1. sbr. 2. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður að skilja kröfugerð þessa þannig að til greina komi að krafa verði gerð í opinberu máli um að hin haldlögðu verðmæti verði gerð upptæk.

Eigi er þörf á að halda umræddum verðmætum lengur vegna sönnunargildis þeirra. Hins vegar verður eigi skorið úr því fyrr en í væntanlegu refsimáli hvort krafa um upptöku verður tekin til greina. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum kærða úrskurði, er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. júlí 1986.

Málavextir:

Hinn 21. júní sl. var Sverrir Þór Einarsson f. 2.5. 1962, þá til heimilis að Hjarðarhaga 23 hér í borg, handtekinn á Hótel Loftleiðum hér í borg, ásamt þýskum ríkisborgara og hafði Sverrir skömmu fyrir handtöku veitt

viðtöku tösku af hinum þýska manni og innhélt nefnd taska tæplega 3 kíló af hassi. Eftir handtöku Sverris var kveðinn upp húsleitarúrskurður hér fyrir dómi um húsleit að Hjarðarhaga 23, Reykjavík. Við nefnda húsleit lögðu rannsóknaraðilar m.a. hald á mikið magn lausafjár. Sverrir Þór mun nú hafa fengið hluta nefnds lausafjár afhentan utan erlendan gjaldeyri, sem reyndist vera 5.061 bandarískir dollarar, 7.850 danskar krónur, 250 sænskar krónur og 60 ensk pund. Sverrir hefur krafist þess af rannsóknaraðilum málsins að fá framangreindan gjaldeyri afhentan en verið neitað um afhendingu. Réttargæslumaður Sverris Þórs hefur því fyrir hönd nefnds Sverris gert þá kröfu hér fyrir dómi að dómurinn úrskurði um réttmæti haldlagningar framangreinds gjaldeyris er lagt var hald á við áðurgreinda húsleit að Hjarðarhaga 23, Reykjavík.

Sverrir Þór Einarsson var yfirheyrður hér fyrir dómi 21. júní sl. vegna gæsluvarðhaldskröfu og var Sverrir Þór þá spurður um gjaldeyri er fannst við framangreinda húsleit. Sverrir Þór bar við nefnda dómsyfirheyrslu að hafa síðustu vikurnar safnað að sér gjaldeyri til að þurfa ekki að skipta ísl. mynt í erlendan gjaldeyri er komið var að greiðslu til flutningsaðila fíkniefnanna hingað til lands. Sverrir Þór bar við lögregluyfirheyrslu 24. júní sl. að gjaldeyrir, sem ætlaður var til greiðslu fíkniefnanna er hann fékk afhent hinn 21. júní sl., hafi verið geymdur í tösku undir rúmi að Hjarðarhaga 23. Framangreindur gjaldeyrir fannst einmitt þar.

Niðurstöður:

Samkvæmt upplýsingum rannsóknaraðila er rannsókn á meintum þætti Sverris Þórs í máli þessu ekki lokið.

Samkvæmt 43. gr. laga nr. 74, 1974 skal leggja hald á muni sem ætla má að hafi sönnunargildi í opinberu máli eða ætla má að gerðir verði upptækir.

Sverrir Þór hefur viðurkennt bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að gjaldeyrir sá er hér er um fjallað hafi verið sérstaklega ætlaður til greiðslu fyrir fíkniefni þau er hann fékk afhent hinn 21. júní sl. á Hótel Loftleiðum en Sverrir Þór gat ekki efnt kaupin af sinni hálfu vegna afskipta lögreglu.

Telja verður að margnefndur gjaldeyrir hafi sönnunargildi í væntanlegu refsimáli á hendur Sverri Þór og að vegna hinnar víðtæku upptökuheimildar í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og vegna málavaxta að öðru leyti, kunni af hálfu ákæruvalds að vera gerð krafa um upptöku framangreindra fjármuna og er því nauðsynlegt að hafa sérgreint andlag vegna hugsanlegrar upptökukröfu þótt ekki komi í ljós fyrr en í væntanlegu refsimáli hvort slík krafa verði gerð og þá hver verði afdrif hennar.

Samkvæmt öllu ofanrituðu og með vísan til 43. gr. laga nr. 74, 1974 skal hald það, er lagt var á 5.061 bandaríska dollara, 7.850 danskar krónur,

250 sænskar krónur og 60 ensk pund við húsleit að Hjarðarhaga 23, Rvk. hinn 21. júní sl., standa óhaggað.

Úrskurðarorð:

Hald það, er lagt var 21. júní 1986 á 5.061 bandaríska dollara, 7.850 danskar krónur, 250 sænskar krónur og 60 ensk pund við húsleit hjá Sverri Þór Einarssyni að Hjarðarhaga 23, hér í borg, skal standa óhaggað.

Fimmtudaginn 28. ágúst 1986.

Nr. 234/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Birnu Björnsdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. þ.m., er barst dóminum 25. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Varnaraðili gaf skýrslu fyrir sakadómi Reykjavíkur 22. ágúst 1986. Þau atriði, er varnaraðili gat ekki upplýst við þá skýrslugjöf, eru ekki þess eðlis, að telja verði að hann hefði getað spillt sönnunargögnum varðandi þau eða torveldað rannsókn þeirra með öðrum hætti, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974, þótt hann hefði þá verið látinn laus úr haldi. Því buðu rannsóknarnauðsynjar eigi að varnaraðili væri hnepptur í gæsluvarðhald eftir fyrrgreinda skýrslugjöf. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda 6.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Ríkissjóður greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Atla Gíslasonar héraðsdómslögmanns, 6.000,00 krónur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. ágúst 1986.

Ár 1986, föstudaginn 22. ágúst er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

RLR hefur gert þá kröfu að Birna Björnsdóttir, atvinnulaus, fædd 2. desember 1967 í Reykjavík, með lögheimili að Stallaseli 4, en dvalarstað að Framnesvegi 22, Reykjavík, verði úrskurðuð til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. september nk. kl. 17:00 vegna gruns um skjalafals, fjársvik og þjófnað.

Málavextir:

Kærða hefur kannast við að hafa brotist inn í Skeiðarvog 97 aðfaranótt 9. ágúst sl. og stolið þar m.a. seðlaveski Randíar Arngríms með greiðslukorti, tékkhefti og bankakorti tengdu því, ennfremur öðru greiðslukorti, gullúri, vasatölvu og fleiru. Þá hefur hún kannast við að hafa falsað úr framangreindu tékkhefti 5 tékka samtals að fjárhæð 20.000,00 krónur. Hafa tveir tékanna þegar komið fram. Tvo tékka kveðst hún hafa afhent barnsföður sínum, Ólafi Sigurðssyni, sem hafi verið ljóst að hún hafði falsað þá.

Kærða hefur einnig kannast við að hafa notað greiðslukort Randíar og falsað nafn hennar á 18 úttektarseðla, sem fundust á heimili kærðu við húsleit í gær, samtals að fjárhæð rúmlega 50.000,00 krónur.

Við húsleitina fannst einnig greiðslukort Olgeirs Olgeirssonar, en kærða hefur ekki getað gert grein fyrir tilvist þess.

Loks hefur kærða viðurkennt að hafa tekið á leigu í eigin nafni sjónvarpstæki og myndbandsspólur en ákveðið síðar að skila því ekki. Þá hefur hún og viðurkennt að hafa tekið á leigu í nafni Randíar 4 myndbandstæki og allmargar myndbandsspólur og notað greiðslukort Randíar til þess að greiða leiguna. Tvö myndbandstækjanna hefur kærða selt og kveðst einnig hafa ætlað að selja að minnsta kosti annað hinna tveggja.

Svo sem fyrr greinir eru enn ekki komnir fram allir þeir tékkar sem kærða kveðst hafa falsað og ekki liggur fyrir hvort hún notaði greiðslukort Randíar við fleiri úttektir en að framan segir, né hvort um einhverja misnotkun á hinum greiðslukortunum tveimur er að ræða. Þá hefur ekki tekist að hafa uppi á Ólafi Sigurðssyni til þess að yfirheyra hann um aðild hans að brotum kærðu, en hann er að sögn kærðu atvinnulaus og án fasts samastaðar. Þá leikur grunur á að kærða hafi tekið á leigu fleiri myndbandstæki en hún hefur kannast við og selt þau eða ráðstafað á annan hátt, en ekki er upplýst hverjum kærða seldi þau tækjanna sem hún kannast við.

Brot þau, sem kærða er grunuð um, geta varðað hana fangelsisrefsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu kærðu er þess krafist að gæsluvarðhaldskröfunni verði synjað, en til vara að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir óhjákvæmilegt að kærða sæti gæsluvarðhaldi og ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt til föstudagsins 29. ágúst nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærða, Birna Björnsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 29. ágúst 1986 kl. 17:00.

Föstudaginn 12. september 1986.

Nr. 231/1986. **Interpool Ltd.**

gegn

Þrotabúi Hafskips h/f

Kærumál. Gjaldþrotalög. Kröfulýsingarfrestur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili kærði hinn 31. júlí 1986 til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 23. s.m., með heimild í 1. mgr. 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Kæran barst Hæstarétti 22. ágúst sl.

Sóknaraðili gerir þá kröfu, að úrskurði skiptaréttar verði hrundið og viðurkennt, að krafa hans að fjárhæð 878.581,01 bandaríkjadalir á hendur varnaraðila fái komist að við búskiptin. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir rétt að staðfesta hann.

Rétt er að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Eftir 111. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 getur krafa, sem lýst er eftir lok kröfulýsingarfrests, komið til greina við úthlutun úr þrotabúi, ef skiptaráðandi telur að „afsakanlegt sé vegna búsetu kröfuhafa í öðru landi eða af svipuðum ástæðum að kröfulýsing dróst." Segir í greinargerð, sem fylgdi frumvarpinu til gjaldþrotalaga, þegar það var lagt fyrir Alþingi, að reglan eigi að koma í veg fyrir bersýnilega ósanngjörn málalok „og verður skiptaráðandi að hafa þann

tilgang í huga við skýringu á henni og einstakar ákvarðanir sínar.“ Sóknaraðili sendi kröfulýsingu sína frá New York með bréfi 13. maí sl. Hraðboðakerfi það, sem hann byggði á, dugði ekki til að bréfið kæmist til viðtakanda 15. maí. Sanngirnisrök tel ég leiða til þeirrar niðurstöðu að krafan skuli koma til álita. Er þá m.a. á það að líta, hve stuttu eftir lok hins auglýsta frests bréfið barst. Þá er og á það að líta, að í öðrum ákvæðum íslenskra laga kemur fram, að mistök þeirra sem annast boðburð skuli ekki, þar sem þessi ákvæði eiga við, koma sendanda í koll, sbr. 39. gr. laga nr. 7/1936 og 61. gr. laga nr. 39/1922. Ég tel því að fella eigi hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir skiptaráðanda að fara með kröfu sóknaraðila eins og hún hefði komið í hans hendur innan loka kröfulýsingarfrests.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 23. júlí 1986.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að undangengnum munnlegum málflutningi þann 18. júlí 1986.

Sóknaraðili málsins, Sigurður Guðni Guðjónsson héraðsdómslögmaður, fyrir hönd Interpool Ltd., krefst þess að lýst krafa hans í þrotabú Hafskips hf. fái komist að við búskiptin, en því var lýst yfir við munnlegan flutning málsins að hún hefði tekið lækkun frá upphaflegri kröfulýsingu og næmi nú 878.581,01 bandaríkjadölum. Krefst hann jafnframt málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili, þrotabú Hafskips hf., krefst þess að kröfum sóknaraðila í máli þessu verði hrundið og honum gert að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

Málavextir eru þeir að bú Hafskips hf., Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum 6. desember 1985. Sama dag skipaði skiptaráðandi þrjá bústjóra til bráðabirgða í búinu, lögmennina Gest Jónsson, Jóhann H. Níelsson og Viðar Má. Matthíasson. Innköllun til skuldheimtumanna búsins var gefin út 27. desember 1985, og birtist hún fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom þann 15. janúar 1986. Samkvæmt heimild í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1985, var kröfulýsingarfrestur í búinu ákveðinn fjórir mánuðir, og lauk honum því þann 15. maí 1986.

Áðurnefndum bústjórum til bráðabirgða var falið að tilkynna þeim, sem

vitað var að kynnu að telja til krafna gegn þrotabúinu, um gjaldþrotaskiptin og hvenær kröfulýsingarfresti í búinu lyki, sbr. 2. mgr. 87. gr. áðurnefndra laga. Af hálfu sóknaraðila hefur því verið lýst yfir að erlendum lögmanni hans hafi borist dreifibréf bústjóra með fyrrgreindum upplýsingum, dagsett 10. janúar 1986, um miðjan aprílmánuð 1986.

Þann 16. maí 1986, eða einum degi eftir lok kröfulýsingarfrests í þrotabúið, barst skiptaráðandanum í Reykjavík kröfulýsing sóknaraðila, að fjárhæð 1.109.081,01 bandaríkjadalir, en krafa þessi mun eiga rætur að rekja til skuldbindinga hins gjaldþrota félags samkvæmt leigusamningum við sóknaraðila um vörugáma. Með bréfi dagsettu 9. júní 1986 tilkynntu bústjórar í þrotabúinu sóknaraðila að krafa hans hafi ekki borist í tæka tíð og hún yrði því ekki tekin inn á skrá um lýstar kröfur í búið. Í bréfi þessu er vakin athygli sóknaraðila á þeim möguleika samkvæmt 111. gr. laga nr. 6/1978 að hann geti komið kröfu sinni að við búskiptin með því að fá fyrir því samþykki 75 hundraðshluta atkvæðisbærra kröfuhafa á skiptafundi.

Fyrsti skiptafundur eftir lok kröfulýsingarfrests var haldinn í þrotabúinu þann 20. júní 1986. Á honum kom til umfjöllunar skrá bústjóra um lýstar kröfur í búið, en samkvæmt henni var heildarfjárhæð þeirra jafngildi kr. 2.386.299.352. Af þeirri fjárhæð lýstu bústjórar sig samþykka að viðurkenna kröfur að fjárhæð samtals kr. 1.009.402.958. Þar sem sýnt þótti að eignir búsins hrökkvi til úthlutunar upp í almennar kröfur og með því að fjöldi krafna var umdeildur, var atkvæðisréttur á fundi þessum ákveðinn að hætti 98. og 100. gr. laga nr. 6/1978. Var fundur þessi sóttur af yfir 80 hundraðshluta atkvæðisbærra kröfuhafa samkvæmt nefndri ákvörðun. Fyrir skiptafundinn fór umboðsmaður sóknaraðila þess bréflega á leit við Útvegsbanka Íslands, sem fór með liðlega 75 hundraðshluta atkvæða á fundinum samkvæmt fyrrnefndri ákvörðun, að hann veitti atbeina sinn til að krafa sóknaraðila fengi komist að við skiptin. Varð umræddur kröfuhafi ekki við þeirri ósk. Á skiptafundinum fóru fram atkvæðagreiðslur um málefni annarra kröfuhafa en sóknaraðila, sem kröfur bárust frá eftir lok kröfulýsingarfrests, og fóru þær á þann veg að enginn atkvæðismanna greiddi því atkvæði að kröfur þeirra fengju komist að. Lýsti umboðsmaður sóknaraðila því yfir á fundi þessum að hann óskaði ekki eftir að atkvæði yrðu greidd um sína kröfu, en áskildi sér rétt til að leitast við að koma kröfunni að eftir öðrum leiðum, sem 111. gr. laga nr. 6/1978 heimili. Samkvæmt 2. mgr. 110. gr. nefndra laga var fjallað á ný um kröfu sóknaraðila á skiptafundi, sem haldinn var þann 4. júlí 1986. Kom þar fram sú afstaða skiptastjóra í þrotabúinu, sem kjörnir höfðu verið hinir sömu og áður gegndu hlutverki bústjóra til bráðabirgða, að þeir héldu fast við mótmæli sín gegn því að krafa sóknaraðila fengi komist að við skiptin. Var

vegna þess ágreinings ákveðinn rekstur þessa máls og var það þingfest sama dag og nefndur skiptafundur var haldinn.

III.

Í greinargerð og við munnlegan málflutning hefur sóknaraðili byggt kröfur sínar í máli þessu á þeirri heimild 111. gr. laga nr. 6/1978 að taka megi til greina við úthlutun úr búi kröfu, sem berst eftir lok kröfulýsingarfrests, ef skiptaráðandi telur afsakanlegt vegna búsetu kröfuhafans í öðru landi eða af svipuðum ástæðum að kröfulýsing dróst.

Sóknaraðili telur heimildarákvæði þetta eiga við um kröfu hans í ljósi eftirfarandi atriða:

1. Sóknaraðili, Interpool Ltd., er erlent fyrirtæki.

2. Forsvarsmenn sóknaraðila hafi ekki fengið vitneskju um lok kröfulýsingarfrests um leið og innköllun birtist opinberlega hér á landi. Erlendum lögmanni sóknaraðila hafi fyrst borist tilkynning bústjóra um þetta atriði um miðjan aprílmánuð 1986 og hafi án ástæðulauss dráttar hafist handa um gagnaöflun. Sóknaraðili mótmælir sérstaklega í þessu sambandi sem ósönnuðum staðhæfingum varnaraðila um að honum hafi verið kunngert um kröfulýsingarfrestinn fyrr.

3. Krafa sóknaraðila eigi rætur að rekja til leigusamninga við hið gjaldþrota félag um vörugáma, sem leigðir hafi verið gegn ákveðinni dagleigu. Við upphaf gjaldþrotaskipta á búi Hafskips hf. hafi félagið haft í vörslum sínum mikinn fjölda leigðra gáma frá sóknaraðila og að auki staðið í vanefndum á leigugreiðslum. Krafa sóknaraðila sé í meginatriðum tvíþætt, annars vegar krafa um vangoldna gámaleigu og hins vegar bótakrafa vegna gáma, sem ekki hafi komið í leitirnar og ekki sé vitað hvort finnist síðar. Vegna eðlis kröfunnar hafi hún tekið sífelldum breytingum eftir því sem tekist hafi að finna einstaka hinna leigðu gáma. Af þessum sökum telur sóknaraðili að ekki hafi verið unnt að gera raunhæfa kröfulýsingu fyrr en undir lok kröfulýsingarfrests, til þess að bústjórum gæfist ráðrúm til að leitast við að skila sem flestum hinna leigðu gáma til að komast undan bótaskyldu vegna vanefnda á afhendingu þeirra. Því hafi sóknaraðili gert kröfur sínar endanlegar úr garði þann 13. maí 1986, og hafi þær miðast við stöðu fyrrgreindra atriða þann 7. sama mánaðar.

4. Sóknaraðili vísar einnig til þeirrar skoðunar sinnar að krafa hans sé að hluta til hlutaréttarlegs eðlis, sem hann telur leiða af því að hún sé öðrum þræði byggð á því að hið gjaldþrota félag hafi enn í vörslum sínum vörugáma samkvæmt leigusamningum við hann. Telur sóknaraðili kröfu sem þessa ekki glatast vegna vanlýsingar.

5. Erlendur lögmaður sóknaraðila hafi þegar er kröfulýsing hans lá

tilbúin fyrir þann 13. maí 1986 falið bandarískra hraðboðafyrirtækinu DHL að annast um að koma henni til skiptaráðandans í Reykjavík, og hafi umrætt fyrirtæki fullvissað lögmanninn um að það tækist eigi síðar en þann 15. maí. Krafan hafi hins vegar ekki skilað sér fyrr en kl. 13:00 þann 16. þess mánaðar. Við munnlegan flutning málsins kom fram af hálfu sóknaraðila að meginástæða þess að umrædd sending hafi ekki borist í tæka tíð hafi verið sú, að Flugleiðir hf. hafi fellt niður áætlað flug frá Bandaríkjunum þann 15. maí, og hafi hún því ekki komið til landsins fyrr en degi síðar. Telur sóknaraðili hér vera um atvik að ræða, sem hann hafi ekki haft á sínu valdi, og hljóti að teljast afsakanlegt að krafan hafi vegna þessa ómöguleika ekki borist í tæka tíð.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að þau fyrirmæli 111. gr. laga nr. 6/1978, sem varða ágreiningsefni þessa máls, verði ekki skýrð á annan veg en þann, að þeim sé ætlað að tryggja hagsmuni erlendra kröfuhafa sem ekki fá vitneskju um gjaldþrotaskipti hér á landi í tæka tíð til þess að koma kröfum sínum að innan kröfulýsingarfrests. Kröfulýsingarfrestur í þrotabúi þessu hafi verið ákvarðaður lengri en almennt tíðkast, einmitt af tilliti til hagsmuna erlendra viðsemjenda hins gjaldþrota félags. Er því haldið fram af hálfu varnaraðila að sóknaraðila hafi verið kunnugt um gjaldþrotaskipti á búi Hafskips hf. og um kröfulýsingarfrest þegar í janúar 1986, þótt erlendum lögmanni hans hafi ekki borist samrit tilkynningar um það efni fyrr en síðar. Jafnvel þótt vitneskja um þetta hefði ekki borist sóknaraðila fyrr en um miðjan aprílmánuð 1986, sem hann viðurkenni, hafi allt að einu staðið eftir meira en nægur tími til að koma kröfulýsingu fram í tæka tíð og hafi erlend búseta sóknaraðila enga afgerandi þýðingu haft í þeim efnum. Að auki hafi sóknaraðili átt þess kost að lýsa kröfu sinni til bráðabirgða með símskeyti eða öðrum ámóta hætti, jafnvel sama dag og hann fól hraðboða að koma kröfulýsingu sinni til skila.

Þá telur varnaraðili þau sjónarmið sóknaraðila engu breyta, að þörf hafi verið á að draga í lengstu lög gerð kröfulýsingar vegna óvissu um umfang kröfunnar. Þetta atriði hafi átt við um fjölda annarra kröfuhafa í búinu, sem komist hafi hjá vandkvæðum með því að lýsa kröfum sínum með fyrirvara um að þær sæti síðar lækkun eftir því sem tilefni gefist. Bendir varnaraðili á í þessu sambandi að kröfulýsing sóknaraðila sé einmitt þessu sama marki brennd, enda hafi því þegar verið lýst yfir að hún lækki um verulegar fjárhæðir, og hefði honum því verið í lófa lagið að lýsa kröfu sinni miklu fyrr en reynd varð á af þessum sökum.

Varnaraðili telur vísan sóknaraðila til hlutaréttarlegs eðlis kröfu sinnar ekki eiga við í máli þessu. Sóknaraðili hafi sjálfur í greinargerð sinni sagt að krafa sín væri leigu- og skaðabótakrafa, en slíkar kröfur eigi ekkert skylt við hlutaréttindi. Enginn ágreiningur standi um að sóknaraðili eigi

réttmætt tilkall til að fá afhenta alla þá vörugáma, sem hann hafi leigt hinu gjaldþrota félagi og ekki hafi enn tekist að veita honum umráð yfir.

Því hefur verið mótmælt af varnaraðila að það hafi nokkra þýðingu í máli þessu að sóknaraðili hafi fengið fyrirheit hraðboðafyrirtækis um að kröfulýsing hans yrði komin á áfangastað í tæka tíð. Telur hann heldur engu skipta þótt ástæður vanefnda hraðboðans hafi verið þær, að áætluð flugferð hafi fallið niður. Hjá þessu hefði sóknaraðili komist með því að lýsa kröfu sinni til bráðabirgða með símskeyti, úr því kröfulýsing hans lá ekki fyrir fullbúin fyrr en reynd varð á.

IV.

Eins og kröfugerð og málatilbúnaði aðila þessa máls er háttað, er úrlausnarefni þess eingöngu það, hvort áður reifað heimildarákvæði 111. gr. laga nr. 6/1978 eigi við um kröfulýsingu sóknaraðila, þannig að hún komi til frekari álita við gjaldþrotaskipti á búi Hafskips hf. Hvorugur aðilanna hefur rekið málið með hliðsjón af því, hvort krafa sóknaraðila yrði viðurkennd með þeim hætti, sem henni er lýst, ef komist yrði í máli þessu að þeirri niðurstöðu að farið skuli með kröfulýsingu sóknaraðila eins og hún hefði borist innan kröfulýsignarfrests. Ekki verður séð að réttarfarsreglur standi því í vegi að leyst verði úr ágreiningsefni þessa máls einu sér með þessum hætti.

Skýra verður þau fyrirmæli 111. gr. laga nr. 6/1978, sem ágreiningsefni þessa máls varða, á þann veg að þeim sé ætlað að verja hagsmuni erlendra kröfuhafa, sem hafa ekki til jafns við innlenda kröfuhafa átt þess kost að öðlast vitneskju um gjaldþrotaskipti og kröfulýsingarfrest vegna opinberrar birtingar innköllunar eða annarra atvika. Fyrirmæli 2. mgr. 87. gr. nefndra laga, sem kveða svo á að senda beri þekktum kröfuhöfum tilkynningu um umrædd efni, eiga sýnilega þann tilgang öðrum þræði að fyrirbyggja að erlendir kröfuhafar verði fyrir réttindamissi vegna vanlýsingar. Ætla verður að heimildarákvæði 111. gr. nefndra laga geti einkum komið til álita, ef misbrestur verður á að erlendum kröfuhafa berist slík tilkynning með nægilegum fyrirvara, þótt beiting þess verði ekki einskorðuð við þær aðstæður. Ekki verður ákvæði þetta heldur skýrt á þann veg að erlend búseta kröfuhafa ein sér veiti honum ríkari rétt en innlendum kröfuhafa, ef sýnt er að honum hafi borist vitneskja um gjaldþrot með þeim fyrirvara, að hann hafi átt þess sanngjarnan kost að koma kröfum sínum á framfæri.

Fram kemur í gögnum, sem sóknaraðili hefur lagt fram, að hann hafi í nóvembermánuði 1985 sagt upp leigusamningum sínum við Hafskip hf. og krafist uppgjörs leiguskulda og afhendingar hins leigða. Kemur einnig fram að um líkt leyti hefur sóknaraðili falið erlendum lögmanni sínum að annast um frekari innheimtuaðgerðir. Liggur fyrir að lögmaðurinn hafi

skömmu síðar hafið tilraunir til að fá tryggingar fyrir greiðslu kröfu sóknaraðila erlendis. Það hefur ekki verið staðhæft af hálfu sóknaraðila að honum hafi ekki verið kunnugt um töku búsáðurnefnds félags til gjaldþrotaskipta, enda virðist slíkt vart hafa getað farið framhjá honum vegna áframhaldandi samskipta varðandi skil á hinum leigðu munum. Eðli krafna sóknaraðila á hendur varnaraðila er slíkt, eins og sóknaraðili bendir sjálfur á, að örðugt er að ákvarða endanlega kröfufjárhæð fyrr en sýnt verður að hverju marki misbrestur verður á endurheimtu hans á hinu leigða. Kemur fram í kröfulýsingu hans áskilnaður um að kröfufjárhæð, sem þar greinir, kunni að taka breytingum síðar, og hefur sem fyrr segir sú raunin þegar orðið á. Viðurkennt er af hálfu sóknaraðila að lögmanni hans hafi um miðjan aprílmánuð 1986 borist dreifibréf bústjóra, þar sem fram kom hvenær kröfulýsingarfrestur í þrotabúið rennur út. Í ljósi þess verður hvorki séð að of naumur tími hafi þá staðið eftir til gerðar kröfulýsingar í tæka tíð né að sóknaraðili hafi haft tilefni til að tefla hagsmunum sínum í tvísýnu með drætti á kröfulýsingu í því skyni að afla sérstaks útreiknings á stöðu kröfunnar skömmu fyrir lok kröfulýsingarfrests, þegar fyrir hefur legið að þar væri ekki um endanlega kröfufjárhæð að ræða. Þykja þessi atvik því ekki þess eðlis að afsakanlegt geti talist í skilningi 111. gr. laga nr. 6/1978 að kröfulýsing sóknaraðila hafi ekki borist í tæka tíð.

Af hálfu varnaraðila hefur því verið lýst yfir í máli þessu að enginn ágreiningur sé af hans hálfu um tilkall sóknaraðila til umráða hinna leigðu muna. Verður því ekki séð á hvern hátt krafa sóknaraðila, sem hann sjálfur kveður vera leigugjalds- og skaðabótakröfu, geti talist hlutaréttarleg og þannig hugsanlega lúta öðrum reglum um frest til kröfulýsingar en fjárkröfur. Eru því ekki efni til að fallast á kröfur sóknaraðila á þeim grundvelli.

Sóknaraðili hefur vísað til þess að dráttur hafi orðið á afhendingu kröfulýsingar hans í meðförum boðsendingarþjónustu vegna atvika, sem hann hafði ekki sjálfur á sínu valdi. Telur hann að sanngirnissjónarmið þau, er búi að baki 111. gr. laga nr. 6/1978, eigi af þeim sökum að leiða til þess að kröfur hans í máli þessu verði teknar til greina. Með vísan til þess, sem hér á undan greinir um aðdraganda að kröfulýsingu sóknaraðila, verður óhjákvæmilega að telja að hann hafi á eigin áhættu rétt fyrir lok kröfulýsingarfrests tekið ákvörðun um með hverjum hætti kröfulýsingin yrði send á áfangastað og verði sjálfur að bera af því halla að fyrirheit viðsemjanda hans í þeim efnum hafi brugðist.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, þykja ekki vera forsendur til að fallast á þá kröfu sóknaraðila að kröfulýsing hans í þrotabú Hafskips hf. komi til álita við búskiptin samkvæmt heimild í 111. gr. laga nr. 6/1978. Rétt þykir þó að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Það athugast að í máli þessu hafa verið lögð fram allmörg skjöl á erlendu tungumáli án þess að þeim hafi fylgt þýðing á hið lögboðna þingmál, sbr. 40. gr. laga nr. 85/1936.

Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti kvað uppúrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Interpool Ltd., um að kröfulýsing hans í þrotabú Hafskips hf. fái komist að við búskiptin.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. september 1986.

Nr. 232/1986. **Trans Container Leasing (U.K.) Ltd.**
vegna Trans Container Technical AG
gegn
Þrotabúi Hafskips h/f

Kærumál. Gjaldþrotalög. Kröfulýsingarfrestur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 31. júlí 1986, er barst Hæstarétti 22. ágúst sl., hefur sóknaraðili, samkvæmt heimild í 1. mgr. 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973, kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 23. júlí s.á.

Sóknaraðili gerir þá kröfu, að úrskurði skiptaréttar „verði breytt á þann veg, að krafa hans verði tekin til greina við úthlutun úr búinu." Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila. Skilja ber kröfugerð sóknaraðila svo, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og krafa hans að fjárhæð 17.219,45 bandaríkjadalir á hendur varnaraðila fái komist að við búskiptin.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir rétt að staðfesta hann.

Rétt er að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Eftir 111. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 getur krafa, sem lýst er eftir lok kröfulýsingarfrests, komið til greina við úthlutun úr þrotabúi, ef skiptaráðandi telur að „afsakanlegt sé vegna búsetu kröfuhafa í öðru landi eða af svipuðum ástæðum að kröfulýsing dróst." Segir í greinargerð, sem fylgdi frumvarpinu til gjaldþrotalaga, þegar það var lagt fyrir Alþingi, að reglan eigi að koma í veg fyrir bersýnilega ósanngjörn málalok „og verður skiptaráðandi að hafa þann tilgang í huga við skýringu á henni og einstakar ákvarðanir sínar." Sóknaraðili sendi kröfulýsingu sína frá Bretlandi með bréfi 14. maí sl. Hraðboðakerfi það, sem hann byggði á, dugði ekki til að bréfið kæmist til viðtakanda 15. maí. Sanngirnisrök tel ég leiða til þeirrar niðurstöðu að krafan skuli koma til álita. Er þá m.a. á það að líta, hve stuttu eftir lok hins auglýsta frests bréfið barst. Þá er og á það að líta, að í öðrum ákvæðum íslenskra laga kemur fram, að mistök þeirra sem annast boðburð skuli ekki, þar sem þessi ákvæði eiga við, koma sendanda í koll, sbr. 39. gr. laga nr. 7/1936 og 61. gr.laga nr. 39/1922. Ég tel því að fella eigi hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir skiptaráðanda að fara með kröfu sóknaraðila eins og hún hefði komið í hans hendur innan loka kröfulýsingarfrests.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 23. júlí 1986.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að undangengnum munnlegum málflutningi þann 18. júlí 1986.

Sóknaraðili málsins, Othar Örn Petersen hæstaréttarlögmaður, fyrir hönd Trans Container Leasing UK Ltd. vegna Trans Container Technical

A.G., krefst þess að lýst krafa þessa aðila í þrotabú Hafskips hf., að fjárhæð 17.219,45 bandaríkjadalir, verði tekin til greina við úthlutun úr búinu. Hann krefst einnig málskostnaðar úr hendi varnaraðila í máli þessu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili, þrotabú Hafskips hf., krefst þess að hafnað verði kröfum sóknaraðila um að fyrrnefnd fjárkrafa hans komi til greina við úthlutun úr búinu. Varnaraðili krefst málskostaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

Málavextir eru þeir að bú Hafskips hf., Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum þann 6. desember 1985. Sama dag skipaði skiptaráðandi þrjá bústjóra til bráðabirgða í búinu, lögmennina Gest Jónsson, Jóhann H. Níelsson og Viðar Má Matthíasson. Innköllun til skuldheimtumanna búsins var gefin út þann 27. desember 1985, og birtist hún fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom þann 15. janúar 1986. Samkvæmt heimild í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1985, var kröfulýsingarfrestur í búinu ákveðinn fjórir mánuðir, og lauk honum því þann 15. maí 1986.

Áðurnefndum bústjórum til bráðabirgða var falið að tilkynna þeim, sem vitað var að talið gætu til krafna gegn búinu, um gjaldþrotaskiptin og hvenær kröfulýsingarfresti lyki, sbr. 2. mgr. 87. gr. nefndra laga. Eintak dreifibréfs þeirra umræðds efnis, sem dagsett er 10.janúar 1986, hefur verið lagt fram í máli þessu í myndriti, áritað af sóknaraðila um móttöku 21. apríl 1986. Með bréfi dagsettu þann 30. apríl 1986 beindi sóknaraðili þeirri fyrirspurn til skiptaráðandans í Reykjavík hvort fram væru komnar kröfur af hans hendi í búið, en í bréfi þessu var greint frá því að hann teldi að svo ætti að vera en gæti þó ekki slegið því föstu vegna starfsmannaskipta. Þessari fyrirspurn svöruðu bústjórar í þrotabúinu með svonefndri „telefax" sendingu þann 13. maí 1986 þar sem fram kom að krafa hefði ekki borist frá sóknaraðila og áréttað að kröfulýsing yrði að berast skiptaráðandanum í Reykjavík eigi síðar en þann 15. þess mánaðar.

Þann 16. maí 1986, eða einum degi eftir lok kröfulýsingarfrests, barst skiptaráðanda kröfulýsing sóknaraðila þessa máls, þeirrar fjárhæðar sem áður greinir, en krafa þessi mun eiga rætur að rekja til leigusamninga sóknaraðila við hið gjaldþrota félag um vörugáma. Með bréfi dagsettu 9. júní 1986 tilkynntu bústjórar sóknaraðila að krafa hans hefði ekki borist í tæka tíð og að hún yrði af þeim sökum ekki tekin inn á skrá um lýstar kröfur í búið. Í bréfi þessu, sem lagt hefur verið fram í máli þessu, er bent á að sóknaraðili eigi þess kost samkvæmt 111. gr. laga nr. 6/1978 að leita eftir samþykki þeirra, er fari með 75 hundraðshluta atkvæða á skiptafundi, fyrir því að krafa hans fái komist að við skiptin.

Skiptafundur var haldinn í þrotabúinu þann 20. júní 1986. Á honum kom til umfjöllunar skrá bústjóra til bráðabirgða um lýstar kröfur í búið, en samkvæmt henni var heildarfjárhæð þeirra jafngildi kr. 2.386.299.352. Af þeirri fjárhæð lýstu bústjórar sig samþykka að viðurkenndar yrðu kröfur samtals að fjárðhæð kr. 1.009.402.958. Þar sem ljóst þótti að eigur búsins væru nægjanlegar til þess að úthlutun fengist upp í almennar kröfur og vegna fjölda umdeildra krafna, var atkvæðisréttur á fundi þessum ákveðinn að hætti 98. og 100. gr. laga nr. 6/1978 og var hann sóttur af hálfu yfir 80 hundraðshluta atkvæðisbærra kröfuhafa samkvæmt nefndri ákvörðun. Að beiðni umboðsmanns sóknaraðila var borið undir atkvæði á fundinum hvort krafa hans, sem í máli þessu er fjallað um, fengi komist að við búskiptin. Fór sú atkvæðagreiðsla á þann veg að enginn greiddi atkvæði með því. Var í kjölfar þess óskað eftir því af hálfu sóknaraðila að krafa hans fengi komist að eftir öðrum heimildum 111. gr. laga nr. 6/1978. Málefni þetta var samkvæmt 2. mgr. 110. gr. nefndra laga tekið á ný fyrir á sérstökum skiptafundi þann 4. júlí 1986. Kom þar fram sú afstaða skiptastjóra í þrotabúinu, sem kjörnir höfðu verið hinir sömu og áður gegndu hlutverki bústjóra til bráðabirgða, að þeir héldu fast við mótmæli sín gegn því að krafa sóknaraðila kæmist að við búskiptin. Var af þeim sökum ákveðið að reka þetta mál til úrlausnar um þetta ágreiningsefni og var það þingfest þann 18. júlí 1985.

III.

Í greinargerð og við munnlegan málflutning hefur sóknaraðili byggt kröfur sínar í máli þessu á þeirri heimild 111. gr. laga nr. 6/1978 að taka megi kröfu, sem berst eftir lok kröfulýsingarfrests, til greina við úthlutun úr búi, ef skiptaráðandi telur afsakanlegt vegna búsetu kröfuhafans í öðru landi eða af svipuðum ástæðum að kröfulýsing dróst.

Af hálfu sóknaraðila er þessu til stuðnings vísað til þess að fullnægt sé þeim skilmála þessa ákvæðis að hann sé búsettur erlendis. Í annan stað telur hann að afsakanlegt sé að kröfulýsing hafi dregist þar sem eins og fram komi í framlögðu bréfi hans frá 30. apríl 1986 hafi hann talið sig þegar hafa lýst kröfu í búið. Óeðlilegur dráttur hafi orðið á svari frá bústjórum í þrotabúinu sem fyrst hafi borist sóknaraðila með „telefax" sendingu kl. 15:30 þann 13.maí 1986 og þá komið í ljós að kröfulýsing hafi ekki komið fram af hans hálfu. Sóknaraðili hafi þegar gert nauðsynlegar ráðstafanir til að kröfulýsing bærist í tæka tíð en verulegur fjöldi gagna hafi orðið að fylgja henni. Hann hafi samið sérstaklega við hraðboðasendingarfyrirtæki sem hafi lofað að sendingin yrði komin á áfangastað þann 15. maí 1986, en það hafi brugðist. Hann hafi síðan á skiptafundi leitað samþykkis tilskilins fjölda atkvæðamanna til þess að krafan kæmist að,

en afstaða stærsta kröfuhafans í búinu hafi komið í veg fyrir að slíkt samþykki fengist.

Af hálfu sóknaraðila hefur jafnframt verið haldið fram að hann hafi ekki fengið tilkynningu bústjóra til bráðabirgða um gjaldþrotið og kröfulýsingarfrest fyrr en í aparílmánuði 1986 og hafi fresturinn þá verið svo langt á veg kominn að honum hafi ekki til jafns við innlenda kröfuhafa gefist kostur á að gera kröfum sínum skil í tæka tíð. Telur sóknaraðili þetta árétta enn frekar réttmæti krafna sinna í máli þessu, þar sem tilgangur 111. gr. laga nr. 6/1978 sé samkvæmt lögskýringargögnum að koma í veg fyrir bersýnilega ósanngjörn málalok.

Þá hefur því einnig verið borið við af hálfu sóknaraðila að í reynd megi telja að kröfulýsing hafi átt sér stað með ritun bréfs hans 13. maí 1986, enda hafi hraðboðasending hennar einungis dregist lítillega fram yfir lok kröfulýsingarfrests.

Af hálfu varnaraðila er vísað til þess að óvefengt sé af sóknaraðila að honum hafi borist tilkynning bústjóra til bráðabirgða þann 21. apríl 1986 þar sem fram komi hvert beina eigi kröfulýsingum, innan hvers tíma þær þurfi að berast og hverjar afleiðingar þess séu að krafa berist ekki í tæka tíð. Sennilegt sé að auki að sóknaraðila hafi borist vitneskja fyrr um gjaldþrotaskiptin vegna samskipta við bústjóra varðandi skil á leigðum vörugámum. Þrátt fyrir þessa vitneskju hafi vafist fyrir sóknaraðila hvort hann hafi enn lýst kröfu eins og séð verði af fyrirspurn hans í bréfi dagsettu 30. apríl 1986. Fyrirspurn þessari hafi bústjórar svarað með „telefax" sendingu 13. maí 1986, þar sem fram kom að engin krafa hefði borist frá sóknaraðila og hafi á ný verið áréttað að kröfulýsingar yrðu að berast skiptaráðanda eigi síðar en þann 15. þess mánaðar. Sóknaraðila hefði verið í lófa lagið að lýsa kröfu til bráðabirgða með telexskeyti eða „telefax" sendingu í síðasta lagi í kjölfar þess. Er af hálfu varnaraðila haldið fram að jafnvel þótt sóknaraðila hafi fyrst borist vitneskja um gjaldþrotaskiptin þann 21. apríl 1986, hafi yfirdrifinn tími enn verið aflögu til að koma kröfum fram, enda hafi kröfulýsingarfrestur í þessu tilviki verið umfram venju langur af tilliti til erlendra kröfuhafa. Orsakir þess að krafan hafi ekki borist í tæka tíð geti þannig ekki talist afsakanlegar, heldur sé þar tómlæti sóknaraðila um að kenna.

Af hálfu varnaraðila er einnig vísað til þess, að sú sérstaða, sem 111. gr. laga nr. 6/1978 veitir erlendum kröfuhöfum, eigi eingöngu við ef þá skortir vitneskju um gjaldþrotaskiptin og lok kröfulýsingarfrests. Tilgangur ákvæðisins sé að sporna við ójafnræði af völdum vitneskjuleysis sökum erlendrar búsetu en ekki að gefa erlendum kröfuhöfum, sem fengið hafa nauðsynlegar upplýsingar í tæka tíð, forréttindi umfram innlenda kröfuhafa. Sóknaraðili hafi valið þann kost að fela hraðboða að koma kröfu

sinni á framfæri og hljóti vanefndir hans á fyrirheitum um skil hennar að vera á áhættu sóknaraðila. Engir sérstakir örðugleikar hafi verið til staðar sem geri að verkum að ætla þurfi sóknaraðila lengri tíma til sendingar kröfu sinnar en öðrum kröfuhöfum.

Telur varnaraðili að framangreind atriði leiði til þess að heimild 111. gr. laga nr. 6/1978 eigi ekki við um sóknaraðila, enda yrðu þau málalok, að krafa hans komist ekki að við skiptin, ekki ósanngjörn í ljósi þeirra möguleika sem sóknaraðili átti úr að velja til að koma kröfu sinni á framfæri.

IV.

Eins og kröfugerð og málatilbúnaði aðila þessa máls er háttað, er úrlausnarefni þess eingöngu hvort heimildarákvæði 111. gr. laga nr. 6/1978 eigi við um kröfulýsingu sóknaraðila, þannig að hún komi til frekari álita við skipti á þrotabúi Hafskips hf. Málið hefur af hvorugum aðila verið rekið með hliðsjón af því, hvort krafa sóknaraðila yrði viðurkennd með þeim hætti, sem henni er lýst, ef komist verður að þeirri niðurstöðu hér að farið skuli með kröfulýsingu sóknaraðila eins og hún hefði borist í tæka tíð. Verður ekki séð að réttarfarsreglur standi því í vegi að leyst verði úr ágreiningsefni þessa máls einu sér með þessum hætti.

Þegar virt eru þau fyrirmæli 111. gr. laga nr. 6/1978, sem ágreiningsefni þessa máls varða, þykir verða að skýra þau á þann veg, að þeim sé ætlað að jafna aðstöðu erlendra lánardrottna, sem ekki hafa átt þess kost að öðlast vitneskju um gjaldþrotaskipti hérlendis með opinberri birtingu innköllunar eða öðrum þeim hætti, sem innlendir kröfuhafar geta notið hagsbóta af. Í greinargerð með þessu ákvæði í frumvarpi því, er varð að nefndum lögum, segir eins og sóknaraðili hefur bent á, að tilgangur þess sé að koma í veg fyrir bersýnilega ósanngjörn málalok. Ummæli þessi þykja ekki gefa tilefni til að álykta að erlend búseta kröfuhafa ein sér veiti honum forréttindi umfram innlenda kröfuhafa, ef sýnt þykir að hann hafi öðlast vitneskju um gjaldþrotið með slíkum fyrirvara að hann hafi átt þess sanngjarnan kost að koma kröfum sínum á framfæri.

Óumdeilt er í máli þessu að sóknaraðili hafi svo víst sé öðlast vitneskju um gjaldþrot Hafskips hf. og kröfulýsingarfrest í búið eigi síðar en 21. apríl 1986, en sem áður segir er eintak dreifibréfs bústjóra áritað um móttöku sóknaraðila þann dag. Í bréfi þessu kemur fram að bú félagsins hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta og að innköllun til skuldheimtumanna hafi verið gefin út með þeim réttaráhrifum að frestur til kröfugerðar á hendur búinu renni út þann 15. maí 1986. Efni bréfsins er á þann veg að það gefur viðtakanda þess ekkert tilefni til að ætla að þegar sé komin fram kröfulýsing af hans hálfu. Ljóst er og af gögnum, sem sóknaraðili hefur

lagt fram í málinu og hann nefnir „innanhúss minnisblöð" í greinargerð sinni, að honum hafi verið kunnugt um gjaldþrotaskiptin allnokkru fyrr. Í einu slíku minnisblaði, sem virðist dagsett þann 18. febrúar 1986, kemur fram heiti hins gjaldþrota félags undir fyrirsögninni „Future claims", en síðar, þar sem ótilgreindur ritandi orðsendingarinnar tiltekur hver fyrstu viðfangsefni nýs starfsmanns þurfi að verða varðandi Hafskip hf., segir að senda þurfi bústjóra ábyrgðarbréf til þess að fá staðfest að sóknaraðili sé talinn á skrá um kröfuhafa og með hverri fjárhæð það sé. Í annarri slíkri orðsendingu, sem dagsett er þann 3. mars 1986, kemur fram að hlutaðeigandi starfsmanni sóknaraðila sé kunnugt um að bú Hafskips hf. sé komið til gjaldþrotaskipta og þurfi hann að lýsa heildarkröfu sinni í búið. Segir ennfremur að í janúarmánuði muni hafa átt að berast formleg tilkynning bústjóra um gjaldþrotið og kröfugerð. Í bréfi sóknaraðila, sem dagsett er síðan þann 30. apríl 1986 og áður hefur verið nefnt, segir að hann telji að kröfum hans hafi þegar verið lýst, en vegna starfsmannabreytinga innan félagsins sé óljóst hvert umfang krafnanna sé og hvort ástæða sé til að breyta þeim vegna síðar tilkominna atvika. Bréfi þessu er svarað skömmu fyrir lok kröfulýsingarfrests, en þó með þeim fyrirvara að enn hefur þess verið kostur að koma kröfulýsingu á framfæri til bráðabirgða með símskeyti eða öðrum áþekkum hætti. Í ljósi þessara atriða verður ekki séð að sóknaraðila hafi skort vitneskju um málsatvik og fresti til kröfugerðar með þeim hætti, að erlend búseta hans hafi tálmað að hann kæmi kröfum sínum á framfæri innan kröfulýsingarfrests, enda þykir hann sjálfur verða að bera hallann af því að hafa ekki gert sér ljóst vegna eigin áðstæðna hvort kröfu hans hafi þegar verið lýst í búið.

Sem fyrr greinir hefur sóknaraðili borið því við að hann hafi samið við hraðboðafyrirtæki um sendingu kröfulýsingar sinnar, en fyrirheit þess um að krafan yrði komin til skila fyrir lok kröfulýsingarfrests hafi brugðist. Telur sóknaraðili kröfulýsingu sína væntanlega hafa borist hingað til lands á lokadegi kröfulýsingarfrests, þótt hún hafi ekki verið afhent viðtakanda fyrr en deginum síðar. Hefur af hálfu sóknaraðila ennfremur verið látin í ljós sú skoðun að í ljósi atvika megi líta svo á að kröfu hans hafi í reynd verið lýst með gerð kröfulýsingar, enda hafi hún borist skiptaráðanda innan sólarhrings eftir lok kröfulýsingarfrsts. Þótt í lögum segi ekki afdráttarlaust að krafa þurfi að berast í hendur skiptaráðanda innan kröfulýsingarfrests, þykja efnisrök leiða til að skýra beri lagaákvæði um kröfulýsingarfrest á þann hátt, auk þess að sú skýring á sér stoð í undantekningarlausri framkvæmd. Í ljósi þess tíma, sem sóknaraðili átti til reiðu til kröfugerðar og þeirra möguleika sem hann átti til að verja hagsmuni sína með skjótum hætti þegar honum barst endanleg staðfesting á því þann 13. maí 1986 að krafa hefði ekki komið fram af hans hálfu, þykja vanefndir viðsemjanda

hans við skil á kröfulýsingu ekki slíkar afsakanlegar ástæður fyrir drætti kröfulýsingar sem 111. gr. laga nr. 6/1978 tekur til.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið þykja ekki vera forsendur til að fallast á þá kröfu sóknaraðila að kröfulýsing hans í þrotabú Hafskips hf. komi til álita við búskiptin samkvæmt heimild í 111. gr. laga nr. 6/1978. Rétt þykir þó að málskostnaður í máli þessu verði látinn falla niður.

Það athugast að í máli þessu hafa verið lögð fram allmörg skjöl á erlendu tungumáli án þess að þeim hafi fylgt þýðing á hið lögboðna þingmál, sbr. 40. gr. laga nr. 85/1936.

Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Trans Container Leasing UK Ltd. vegna Trans Container Technical A.G., um að kröfulýsing hans í þrotabú Hafskips hf. fái komist að við búskiptin.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. september 1986.

Nr. 233/1986. **Trans Container Leasing (U.K.) Ltd. vegna Trans Container Leasing AG**
gegn
Þrotabúi Hafskips hf.

Kærumál. Gjaldþrotalög. Kröfulýsingarfrestur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili kærði hinn 31. júlí 1986 til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reyjavíkur 23. s.m., með heimild í 1. mgr. 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Kæran barst Hæstarétti 22. ágúst sl.

Sóknaraðili gerir þá kröfu, að úrskurði skiptaréttar verði breytt á þann veg, að krafan, sem um er deilt, „verði tekin til greina við úthlutun úr búinu." Þá er krafist kærumálskostnaðar. Skilja verður

kröfugerð sóknaraðila þannig, að viðurkennt verði, að krafa hans að fjárhæð 288.335,81 bandaríkjadalir á hendur varnaraðila fái komist að við búskiptin.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir rétt að staðfesta hann.

Rétt er að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Eftir 111. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 getur krafa, sem lýst er eftir lok kröfulýsingarfrests, komið til greina við úthlutun úr þrotabúi, ef skiptaráðandi telur að „afsakanlegt sé vegna búsetu kröfuhafa í öðru landi eða af svipuðum ástæðum að kröfulýsing dróst." Segir í greinargerð, sem fylgdi frumvarpinu til gjaldþrotalaga, þegar það var lagt fyrir Alþingi, að reglan eigi að koma í veg fyrir bersýnilega ósanngjörn málalok „og verður skiptaráðandi að hafa þann tilgang í huga við skýringu á henni og einstakar ákvarðanir sínar." Sóknaraðili sendi kröfulýsingu sína frá Bretlandi með bréfi 14. maí sl. Hraðboðakerfi það, sem hann byggði á, dugði ekki til að bréfið kæmist til viðtakanda 15. maí. Sanngirnisrök tel ég leiða til þeirrar niðurstöðu að krafan skuli koma til álita. Er þá m.a. á það að líta, hve stuttu eftir lok hins auglýsta frests bréfið barst. Þá er og á það að líta, að í öðrum ákvæðum íslenskra laga kemur fram, að mistök þeirra sem annast boðburð skuli ekki, þar sem þessi ákvæði eiga við, koma sendanda í koll, sbr. 39. gr. laga nr. 7/1936 og 61. gr. laga nr. 39/1922. Ég tel því að fella eigi hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir skiptaráðanda að fara með kröfu sóknaraðila eins og hún hefði komið í hans hendur innan loka kröfulýsingarfrests.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 23. júlí 1986.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að undangengnum munnlegum málflutningi þann 18. júlí 1986.

Sóknaraðili málsins, Othar Örn Petersen hæstaréttarlögmaður, fyrir hönd Trans Container Leasing UK Ltd. vegna Trans Container Leasing A.G., krefst þess að lýst krafa þessa aðila í þrotabú Hafskips hf., að fjárhæð 288.335,81 bandaríkjadalir, verði tekin til greina við úthlutun úr búinu. Hann krefst einnig málskostnaðar úr hendi varnaraðila í máli þessu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili, þrotabú Hafskips hf., krefst þess að hafnað verði kröfum sóknaraðila um að fyrrnefnd fjárkrafa hans komi til greina við úthlutun úr búinu. Varnaraðili krefst málskostnaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

Málavextir eru þeir að bú Hafskips hf., Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum þann 6. desember 1985. Sama dag skipaði skiptaráðandi þrjá bústjóra til bráðabirgða í búinu, lögmennina Gest Jónsson, Jóhann H. Níelsson og Viðar Má Matthíasson. Innköllun til skuldheimtumanna búsins var gefin út þann 27. desember 1985, og birtist hún fyrra sinni í Lögbirtingarblaði, sem út kom þann 15. janúar 1986. Samkvæmt heimild í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1985, var kröfulýsingarfrestur í búinu ákveðinn fjórir mánuðir, og lauk honum því þann 15. maí 1986.

Áðurnefndum bústjórum til bráðabirgða var falið að tilkynna þeim, sem vitað var að talið gætu til krafna gegn búinu, um gjaldþrotaskiptin og hvenær kröfulýsingarfresti lyki, sbr. 2. mgr. 87. gr. nefndra laga. Eintak dreifibréfs þeirra umrædds efnis, sem dagsett er 10. janúar 1986, hefur verið lagt fram í máli þessu í myndriti, áritað af sóknaraðila um móttöku 21. apríl 1986. Með bréfi dagsettu þann 30. apríl 1986 beindi sóknaraðili þeirri fyrirspurn til skiptaráðandans í Reykjavík hvort fram væru komnar kröfur af hans hendi í búið, en í bréfi þessu var greint frá því að hann teldi að svo ætti að vera en gæti þó ekki slegið því föstu vegna starfsmannaskipta. Þessari fyrirspurn svöruðu bústjórar í þrotabúinu með svonefndri „telefax" sendingu þann 13. maí 1986 þar sem fram kom að krafa hefði ekki borist frá sóknaraðila og áréttað að kröfulýsing yrði að berast skiptaráðandanum í Reykjavík eigi síðan en þann 15. þess mánaðar.

Þann 16. maí 1986, eða einum degi eftir lok kröfulýsingarfrests, barst skiptaráðanda kröfulýsing sóknaraðila þessa máls, þeirrar fjárhæðar sem áður greinir, en krafa þessi mun eiga rætur að rekja til leigusamninga

sóknaraðila við hið gjaldþrota félag um vörugáma. Með bréfi dagsettu 9. júní 1986 tilkynntu bústjórar sóknaraðila að krafa hans hefði ekki borist í tæka tíð og að hún yrði af þeim sökum ekki tekin inn á skrá um lýstar kröfur í búið. Í bréfi þessu, sem lagt hefur verið fram í máli þessu, er bent á að sóknaraðili eigi þess kost samkvæmt 111. gr. laga nr. 6/1978 að leita eftir samþykki þeirra, er fari með 75 hundraðshluta atkvæða á skiptafundi, fyrir því að krafa hans fái komist að við skiptin.

Skiptafundur var haldinn í þrotabúinu þann 20. júní 1986. Á honum kom til umfjöllunar skrá bústjóra til bráðabirgða um lýstar kröfur í búið, en samkvæmt henni var heildarfjárhæð þeirra jafngildi kr. 2.386.299.352. Af þeirri fjárhæð lýstu bústjórar sig samþykka að viðurkenndar yrðu kröfur samtals að fjárhæð kr. 1.009.402.958. Þar sem ljóst þótti að eigur búsins væru nægjanlegar til þess að úthlutun fengist upp í almennar kröfur og vegna fjölda umdeildra krafna, var atkvæðisréttur á fundi þessum ákveðinn að hætti 98. og 100. gr. laga nr. 6/1978 og var hann sóttur af hálfu yfir 80 hundraðshluta atkvæðisbærra kröfuhafa samkvæmt nefndri ákvörðun. Að beiðni umboðsmanns sóknaraðila var borið undir atkvæði á fundinum hvort krafa hans, sem í máli þessu er fjallað um, fengi komist að við búskiptin. Fór sú atkvæðagreiðsla á þann veg að enginn greiddi atkvæði með því. Var í kjölfar þess óskað eftir því af hálfu sóknaraðila að krafa hans fengi komist að eftir öðrum heimildum 111. gr. laga nr. 6/1978. Málefni þetta var samkvæmt 2. mgr. 110. gr. nefndra laga tekið á ný fyrir á sérstökum skiptafundi þann 4. júlí 1986. Kom þar fram sú afstaða skiptastjóra í þrotabúinu, sem kjörnir höfðu verið hinir sömu og áður gegndu hlutverki bústjóra til bráðabirgða, að þeir héldu fast við mótmæli sín gegn því að krafa sóknaraðila kæmist að við búskiptin. Var af þeim sökum ákveðið að reka þetta mál til úrlausnar um þetta ágreiningsefni og var það þingfest þann 18. júlí 1986.

III.

Í greinargerð og við munnlegan málflutning hefur sóknaraðili byggt kröfur sínar í máli þessu á þeirri heimild 111. gr. laga nr. 6/1978 að taka megi kröfu, sem berst eftir lok kröfulýsingarfrests, til greina við úthlutun úr búi ef skiptaráðandi telur afsakanlegt vegna búsetu kröfuhafans í öðru landi eða af svipuðum ástæðum að kröfulýsing dróst.

Af hálfu sóknaraðila er þessu til stuðnings vísað til þess að fullnægt sé þeim skilmála þessa ákvæðis að hann sé búsettur erlendis. Í annan stað telur hann að afsakanlegt sé að kröfulýsing hafi dregist þar sem eins og fram komi í framlögðu bréfi hans frá 30. apríl 1986 hafi hann talið sig þegar hafa lýst kröfu í búið. Óeðlilegur dráttur hafi orðið á svari frá bústjórum í þrotabúinu, sem fyrst hafi borist sóknaraðila með „telefax“

sendingu kl. 15:30 þann 13. maí 1986 og þá komið í ljóst að kröfulýsing hafi ekki komið fram af hans hálfu. Sóknaraðili hafi þegar gert nauðsynlegar ráðstafanir til að kröfulýsing bærist í tæka tíð en verulegur fjöldi gagna hafi orðið að fylgja henni. Hann hafi samið sérstaklega við hraðboðasendingarfyrirtæki sem hafi lofað að sendingin yrði komin á áfangastað þann 15. maí 1986, en það hafi brugðist. Hann hafi síðan á skiptafundi leitað samþykkis tilskilins fjölda atkvæðamanna til þess að krafan kæmist að en afstaða stærsta kröfuhafans í búinu hafi komið í veg fyrir að slíkt samþykki fengist.

Af hálfu sóknaraðila hefur jafnframt verið haldið fram að hann hafi ekki fengið tilkynningu bústjóra til bráðabirgða um gjaldþrotið og kröfulýsingarfrest fyrr en í aprílmánuði 1986 og hafi fresturinn þá verið svo langt á veg kominn að honum hafi ekki til jafns við innlenda kröfuhafa gefist kostur á að gera kröfum sínum skil í tæka tíð. Telur sóknaraðili þetta árétta enn frekar réttmæti krafna sinna í máli þessu, þar sem tilgangur 111. gr. laga nr. 6/1978 sé samkvæmt lögskýringargögnum að koma í veg fyrir bersýnilega ósanngjörn málalok.

Þá hefur því einnig verið borið við af hálfu sóknaraðila að í reynd megi telja að kröfulýsing hafi átt sér stað með ritun bréfs hans 13. maí 1986, enda hafi hraðboðasending hennar einungis dregist lítillega fram yfir lok kröfulýsingarfrests.

Af hálfu varnaraðila er vísað til þess að óvefengt sé af sóknaraðila að honum hafi borist tilkynning bústjóra til bráðabirgða þann 21. apríl 1986 þar sem fram komi hvert beina eigi kröfulýsingum, innan hvers tíma þær þurfi að berast og hverjar afleiðingar þess séu að krafa berist ekki í tæka tíð. Sennilegt sé að auki að sóknaraðila hafi borist vitneskja fyrr um gjaldþrotaskiptin vegna samskipta við bústjóra varðandi skil á leigðum vörugámum. Þrátt fyrir þessa vitneskju hafi vafist fyrir sóknaraðila hvort hann hafi enn lýst kröfu eins og séð verði af fyrirspurn hans í bréfi dagsettu 30. apríl 1986. Fyrirspurn þessari hafi bústjórar svarað með „telefax" sendingu 13. maí 1986, þar sem fram kom að engin krafa hefði borist frá sóknaraðila og hafi á ný verið áréttað að kröfulýsingar yrðu að berast skiptaráðanda eigi síðar en þann 15. þess mánaðar. Sóknaraðila hefði verið í lófa lagið að lýsa kröfu til bráðabirgða með telexskeyti eða „telefax" sendingu í síðasta lagi í kjölfar þess. Er af hálfu varnaraðila haldið fram að jafnvel þótt sóknaraðila hafi fyrst borist vitneskja um gjaldþrotaskiptin þann 21. apríl 1986, hafi yfirdrifinn tími enn verið aflögu til að koma kröfum fram, enda hafi kröfulýsingarfrestur í þessu tilviki verið umfram venju langur af tilliti til erlendra kröfuhafa. Orsakir þess að krafan hafi ekki borist í tæka tíð geti þannig ekki talist afsakanlegar, heldur sé þar tómlæti sóknaraðila um að kenna.

Af hálfu varnaraðila er einnig vísað til þess að sú sérstaða, sem 111. gr. laga nr. 6/1978 veitir erlendum kröfuhöfum, eigi eingöngu við ef þá skortir vitneskju um gjaldþrotaskiptin og lok kröfulýsingarfrests. Tilgangur ákvæðisins sé að sporna við ójafnræði af völdum vitneskjuleysis sökum erlendrar búsetu en ekki að gefa erlendum kröfuhöfum, sem fengið hafa nauðsynlegar upplýsingar í tæka tíð, forréttindi umfram innlenda kröfuhafa. Sóknaraðili hafi valið þann kost að fela hraðboða að koma kröfu sinni á framfæri og hljóti vanefndir hans á fyrirheitum um skil hennar að vera á áhættu sóknaraðila. Engir sérstakir örðugleikar hafi verið til staðar sem geri að verkum að ætla þurfi sóknaraðila lengri tíma til sendingar kröfu sinnar en öðrum kröfuhöfum.

Telur varnaraðili að framangreind atriði leiði til þess að heimild 111. gr. laga nr. 6/1978 eigi ekki við um sóknaraðila, enda yrðu þau málalok, að krafa hans komist ekki að við skiptin ekki ósanngjörn í ljósi þeirra möguleika sem sóknaraðili átti úr að velja til að koma kröfu sinni á framfæri.

IV.

Eins og kröfugerð og málatilbúnaði aðila þessa máls er háttað, er úrlausnarefni þess eingögnu hvort heimildarákvæði 111. gr. laga nr. 6/1978 eigi við um kröfulýsingu sóknaraðila, þannig að hún komi til frekari álita við skipti á þrotabúi Hafskips hf. Málið hefur af hvorugum aðila verið rekið með hliðsjón af því hvort krafa sóknaraðila yrði viðurkennd með þeim hætti sem henni er lýst, ef komist verður að þeirri niðurstöðu hér að farið skuli með kröfulýsingu sóknaraðila eins og hún hefði borist í tæka tíð. Verður ekki séð að réttarfarsreglur standi því í vegi að leyst verði úr ágreiningsefni þessa máls einu sér með þessum hætti.

Þegar virt eru þau fyrirmæli 111. gr. laga nr. 6/1978, sem ágreiningsefni þessa máls varða, þykir verða að skýra þau á þann veg að þeim sé ætlað að jafna aðstöðu erlendra lánardrottna, sem ekki hafa átt þess kost að öðlast vitneskju um gjaldþrotaskipti hérlendis með opinberri birtingu innköllunar eða öðrum þeim hætti, sem innlendir kröfuhafar geta notið hagsbóta af. Í greinargerð með þessu ákvæði í frumvarpi því, er varð að nefndum lögum, segir eins og sóknaraðili hefur bent á, að tilgangur þess sé að koma í veg fyrir bersýnilega ósanngjörn málalok. Ummæli þessi þykja ekki gefa tilefni til að álykta að erlend búseta kröfuhafa ein sér veiti honum forréttindi umfram innlenda kröfuhafa, ef sýnt þykir að hann hafi öðlast vitneskju um gjaldþrotið með slíkum fyrirvara að hann hafi átt þess sanngjarnan kost að koma kröfum sínum á framfæri.

Óumdeilt er í máli þessu að sóknaraðili hafi svo víst sé öðlast vitneskju um gjaldþrot Hafskips hf. og kröfulýsingarfrest í búið eigi síðar en 21. apríl 1986, en sem áður segir er eintak dreifibréfs bústjóra áritað um mót-

töku sóknaraðila þann dag. Í bréfi þessu kemur fram að bú félagsins hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta og að innköllun til skuldheimtumanna hafi verið gefin út með þeim réttaráhrifum að frestur til kröfugerðar á hendur búinu renni út þann 15. maí 1986. Efni bréfsins er á þann veg að það gefur viðtakanda þess ekkert tilefni til að ætla að þegar sé komin fram kröfulýsing af hans hálfu. Ljóst er og af gögnum, sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu og hann nefnir „innanhúss minnisblöð" í greinargerð sinni, að honum hafi verið kunnugt um gjaldþrotaskiptin allnokkru fyrr. Í einu slíku minnisblaði, sem virðist dagsett þann 18. febrúar 1986, kemur fram heiti hins gjaldþrota félags undir fyrirsögninni „Future claims", en síðar, þar sem ótilgreindur ritandi orðsendingarinnar tiltekur hver fyrstu viðfangsefni nýs starfsmanns þurfi að verða varðandi Hafskip hf., segir að senda þurfi bústjóra ábyrgðarbréf til þess að fá staðfest að sóknaraðili sé talinn á skrá um kröfuhafa og með hverri fjárhæð það sé. Í annarri slíkri orðsendingu, sem dagsett er þann 3. mars 1986, kemur fram að hlutaðeigandi starfsmanni sóknaraðila sé kunnugt um að bú Hafskips hf. sé komið til gjaldþrotaskipta og þurfi hann að lýsa heildarkröfu sinni í búið. Segir ennfremur að í janúarmánuði muni hafa átt að berast formleg tilkynning bústjóra um gjaldþrotið og kröfugerð. Í bréfi sóknaraðila, sem dagsett er síðan þann 30. apríl 1986 og áður hefur verið nefnt, segir að hann telji að kröfum hans hafi þegar verið lýst, en vegna starfsmannabreytinga innan félagsins sé óljóst hvert umfang krafnanna sé og hvort ástæða sé til að breyta þeim vegna síðar tilkominna atvika. Bréfi þessu er svarað skömmu fyrir lok kröfulýsingarfrests, en þó með þeim fyrirvara að enn hefur þess verið kostur að koma kröfulýsingu á framfæri til bráðabirgða með símskeyti eða öðrum áþekkum hætti. Í ljósi þessara atriða verður ekki séð að sóknaraðila hafi skort vitneskju um málsatvik og fresti til kröfugerðar með þeim hætti, að erlend búseta hans hafi tálmað að hann kæmi kröfum sínum á framfæri innan kröfulýsingarfrests, enda þykir hann sjálfur verða að bera hallann af því að hafa ekki gert sér ljóst vegna eigin ástæðna hvort kröfu hans hafi þegar verið lýst í búið.

Sem fyrr greinir hefur sóknaraðili borið því við að hann hafi samið við hraðboðafyrirtæki um sendingu kröfulýsingar sinnar, en fyrirheit þess um að krafan yrði komin til skila fyrir lok kröfulýsingarfrests hafi brugðist. Telur sóknaraðili kröfulýsingu sína væntanlega hafa borist hingað til lands á lokadegi kröfulýsingarfrests, þótt hún hafi ekki verið afhent viðtakanda fyrr en deginum síðar. Hefur af hálfu sóknaraðila ennfremur verið látin í ljós sú skoðun að í ljósi atvika megi líta svo á að kröfu hans hafi í reynd verið lýst með gerð kröfulýsingar, enda hafi hún borist skiptaráðanda innan sólarhrings eftir lok kröfulýsingarfrests. Þótt í lögum segi ekki afdráttarlaust að krafa þurfi að berast í hendur skiptaráðanda innan kröfulýsingarfrests, þykja efnisrök leiða til að skýra beri lagaákvæði um kröfulýsingarfrest á

þann hátt, auk þess að sú skýring á sér stoð í undantekningarlausri framkvæmd. Í ljósi þess tíma, sem sóknaraðili átti til reiðu til kröfugerðar og þeirra möguleika sem hann átti til að verja hagsmuni sína með skjótum hætti þegar honum barst endanleg staðfesting á því þann 13. maí 1986 að krafa hefði ekki komið fram af hans hálfu, þykja vanefndir viðsemjanda hans við skil á kröfulýsingu ekki slíkar afsakanlegar ástæður fyrir drætti kröfulýsingar sem 111. gr. laga nr. 6/1978 tekur til.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið þykja ekki vera forsendur til að fallast á þá kröfu sóknaraðila að kröfulýsing hans í þrotabú Hafskips hf. komi til álita við búskiptin samkvæmt heimild í 111. gr. laga nr. 6/1978. Rétt þykir þó að málskostnaður í máli þessu verði látinn falla niður.

Það athugast að í máli þessu hafa verið lögð fram allmörg skjöl á erlendu tungumáli án þess að þeim hafi fylgt þýðing á hið lögboðna þingmál, sbr. 40. gr. laga nr. 85/1936.

Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Trans Container Leasing UK Ltd. vegna Trans Container Technical A.G., um að kröfulýsing hans í þrotabú Hafskips hf. fái komist að við búskiptin.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 22. september 1986.

Nr. 111/1985. **Blaða- og fréttaþjónustan sf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
Gegn
Lýsi hf.
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Samningar. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 9. maí 1985. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 273.425,00 krónur með 45% ársvöxtum frá 1. júlí 1983 til 21. september s.á., með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. mars 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. febrúar sl., höfðaði Blaða- og fréttaþjónustan sf. nnr. 1362-4976, Bolholti 6, Reykjavík gegn Lýsi hf. nnr.

6145-3520, Grandavegi 42, Reykjavík með þingfestingu málsins 14. júní 1984.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 273.425,00 með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júlí 1983 til 21. október s.á., með 4,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., með 3,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, og með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Í máli þessu er deilt um það hvort stefnda beri að greiða eftirstöðvar kostnaðar við útgáfu bæklings til auglýsingar á skreið í Nígeríu. Eftirstöðvarnar nema stefnufjárhæðinni. Reikningur Prentsmiðjunnar Odda hf., en þar var bæklingurinn prentaður, er að fjárhæð kr. 344.175,00. Þessi reikningur mun ógreiddur.

Stefnandi er sameignarfélag þriggja manna, en afskipti af útgáfu bæklingsins höfðu tveir eigendanna þeir Ólafur Geirsson og Gissur Sigurðsson.

Ólafur Geirsson sagði aðdraganda útgáfu hins umdeilda bæklings hafa verið þann að í fyrstu hefðu þeir Steinar Berg Björnsson, framkvæmdastjóri stefnda, tekið tal saman sem oft áður. Komið hefði í ljós áhugi Steinars á því að auka útflutning skreiðar. Þeir hefðu rætt útgáfu auglýsingabæklings, en Jón Ármann Héðinsson þáverandi sölustjóri stefnda hefði fljótlega tekið við þessu verkefni af hálfu stefnda.

Steinar Berg Björnsson sagði Jón Ármann Héðinsson hafa verið sölustjóra skreiðar- og hrognaviðskipta stefnda frá árinu 1980 fram á sumar 1983 og hefðu þeir rætt um nauðsyn á því að kynna íslenska skreið á Nígeríumarkaði. Sumarið 1982 hefði hann hitt Ólaf Geirsson sem þá hafi nýverið stofnað Blaða- og fréttaþjónustuna sf. og verið í verkefnaleit. Steinar kvaðst hafa rætt það við Jón Ármann hvort ekki væri mögulegt að halda upp á ríkisstjórnina loforði hennar um fjárveitingu til kynningar á skreið erlendis og beðið hann að ræða við Ólaf Geirsson um útgáfu auglýsingabæklings. Eðlilegt hefði verið að Jón tæki þetta verkefni að sér vegna þess að hann hefði haft afskipti af félagsmálum um margra ára skeið. Steinar kvað þá Jón hafa lagt til við Ólaf að hann gerði tillögu að bæklingi og hefði stefndi verið reiðubúinn að greiða útlagðan kostnað vegna þeirrar tillögugerðar svo að hægt væri að taka ákvörðun um hvort gefa ætti

bæklinginn út eða ekki. Steinar kvaðst hafa ætlað að greiða þennan kostnað samkvæmt reikningum. Þeir hefðu ekki fengist hjá stefnanda en úr hefði orðið að stefndi greiddi kr. 25.000,00.

Hinn 30. september 1982 skrifuðu þeir Ólafur Geirsson og Gissur Sigurðsson stefnda bréf þar sem segir að þeir hafi gert frumkönnun og unnið fyrstu hugmyndir að átta blaðsíðna bæklingi til notkunar við sölu á skreið í Nígeríu. Síðan segir í bréfinu:

„Meðfylgjandi er stutt greinargerð um efnistök og innihald auk áætlunar um kostnað við gerð bæklingsins og tæknilega vinnslu. Einnig fylgir með fyrsta uppkast að slíkum hugsanlegum bæklingi."

Stefndi skrifaði síðan sjávarútvegsráðuneytinu bréf 1. október og falaðist eftir fjárframlagi til útgáfu bæklingsins.

Ráðuneytið svarar málaleituninni í bréfi dags. 22. október en þar segir m.a. svo:

„Ráðuneytið er reiðubúið til að veita styrk til auglýsinga á skreið erlendis að fjárhæð kr. 200.000,00 enda eigi þá hlut að máli allir eða a.m.k. allir helstu útflytjendur skreiðar á Íslandi."

Ólafur Geirsson sagði að sér hefði verið kynnt þetta bréf ráðuneytisins fljótlega og muni hann hafa fengið afrit þess í hendur. Sér hafi allan tímann verið ljóst að bæklingurinn ætti að vera þannig úr garði gerður að allir útflytjendur skreiðar gætu notað hann til kynninga á vöru sinni.

Ólafur kvaðst ætíð hafa talið stefnda vera samningsaðila stefnanda og Jón Ármann Héðinsson fulltrúa hans, en Jón hafi verið sá eini sem hann hafi átt samskipti við um útgáfu bæklingsins. Hann hafi talið það fortakslaust að allar greiðslur fyrir verkið kæmu frá stefnda, enda hafi sú orðið raunin á um þær greiðslur sem stefnandi hafi fengið.

Steinar Berg Björnsson kvað það hafa verið ætlunina að skreiðarútflytjendur samþykktu hugmyndina um útgáfu auglýsingabæklingsins og síðan keypti hver og einn það upplag sem hann þarfnaðist. Ólafi Geirssyni hafi verið það ljóst frá upphafi að Jón Ármann starfaði að útgáfunni sem áhugamaður í hópi skreiðarútflytjenda. Jón Ármann hafi hins vegar verið á föstu mánaðarkaupi hjá stefnda og starfað að útgáfunni í vinnutíma sínum. Jón hafi verið sjálfstæður í sínu starfi að undanskildu því að hann hafi ekki getað tekið ákvarðanir um að leggja fjárskuldbindingar á stefnda. Stefndi hafi hins vegar aldrei ætlað að láta prenta þennan bækling á sínum vegum og það hafi Ólafi Geirssyni verið ljóst.

Jón Ármann Héðinsson kvað það oft hafa verið rætt á meðal útflytjenda íslenskrar skreiðar að nauðsynlegt væri að gera átak til þess að auglýsa vöruna. Aðallega hafi verið um að ræða fimm útflytjendur, Skreiðarsamlagið, Sjávarafurðadeild SÍS, Sameinaða framleiðendur, Lýsi hf. og Bæjarútgerð Reykjavíkur. Þessir aðilar hafi tekið vel í að gefa út auglýsinga-

bækling. Rætt hafi verið um hundrað þúsund eintök, jafnvel upp í hundrað og fimmtíu þúsund. Jón Ármann kvaðst út af fyrir sig hafa komið fram gagnvart stefnanda fyrir hönd Lýsis hf. en það hafi verið vegna sameiginlegra viðræðna skreiðarútflytjenda. Hann hefði ekkert formlegt umboð haft frá skreiðarútflytjendum. Forráðamönnum stefnanda, Ólafi og Gissuri, hafi verið gerð grein fyrir því að um sameiginlegt átak skreiðarútflytjenda væri að ræða. Ekki hafi þó verið ákveðið í upphafi að allir útflytjendur stæðu að þessu heldur síðar þegar sjávarútvegsráðuneytið hafi sett skilyrði fyrir fjárveitingu sinni. Jón Ármann kvaðst hafa tjáð forráðamönnum stefnanda að líkur væri á því ef vel tækist til að hver skreiðarútflytjandi tæki 5—20 þúsund eintök.

Jón Ármann kvaðst hafa fengið bækling í próförk í byrjun desember 1982 og sýnt hann skreiðarútflytjendum. Í þeirri gerð bæklingsins hafi ekki verið mynd af Jóni Páli Sigmarssyni og blökkustúlku, sem er að finna í bæklingnum í endanlegri gerð. Mynd þessi er af Jóni Páli með krosslagðar hendur og nema olnbogar hans við neðri brún myndar. Að baki hans stendur blökkustúlka og hvílir vinstri handlegg sinn á vinstri öxl Jóns Páls.

Jón Ármann kvað skreiðarútflytjendur hafa litist vel á þessa frumgerð en viljað gera smávægilegar breytingar. Hann hefði komið breytingartillögunum á framfæri við stefnanda. Síðan hefði málið dregist í margar vikur. Jón Ármann taldi að á þessu stigi málsins hefðu allir þeir skreiðarútflytjendur, sem hann hefði talað við, samþykkt að taka þátt í kostnaði við gerð bæklingsins.

Jón Ármann sagði að í þessari frumgerð bæklingsins, sem hann hefði sýnt, hefði verið gert ráð fyrir því að mynd yrði af negrahöfðingja ásamt konu og börnum, en því hafi verið breytt að sér forspurðum og í staðinn sett myndin af Jóni Páli Sigmarssyni og blökkustúlkunni. Þessi mynd af Afríkubúa sem hvíli á herðum hvíta mannsins sé hugmynd sem sé dauðadæmd til notkunar við auglýsingu á skreið í Nígeríu.

Ólafur Geirsson og Gissur Sigurðsson sögðu að í upphafi hafi verið gert ráð fyrir mynd af negrahöfðingja ásamt fjölskyldu á þeim stað í bæklingnum þar sem nú er hin umdeilda mynd. Jón Ármann hefði ætlað að útvega myndina en við það kannast Jón Ármann ekki. Tilraunir hefðu verið gerðar til þess að útvega mynd af þessu tagi eða aðra svipaða en þær hefðu ekki tekist. Gissur Sigurðsson kvað allt annað efni í bæklinginn en þessa mynd hafa verið tilbúið og hann hafi verið farinn að örvænta um að mynd fengist. Jón Ármann hafi verið orðinn mjög óánægður með það hve allar framkvæmdir drógust á langinn. Gissur sagði að þá hefði komið fram sú hugmynd að nota mynd af Jóni Páli og blökkustúlku í staðinn en einhver hefði bent á að þessi mynd væri til á tímaritinu Vikunni. Myndina hefði hann fengið þar. Samþykki Jóns Páls til myndbirtingarinnar hafi verið

fengið og honum greitt fyrir. Ákvörðun um að nota þessa mynd hafi verið tekin áður en myndin var litgreind og þar af leiðandi nokkru áður en prentun hófst. Þeir Ólafur og Gissur töldu fullvíst að hugmyndin um að nota þessa mynd hefði verið borin undir Jón Ármann eins og annað efni í bæklingnum en vissu ekki hvenær það hefði verið gert. Því harðneitar Jón Ármann og kveðst enga hugmynd hafa haft um þessa mynd. Hann hafi frétt af því að prentun bæklingsins væri hafin og þá gert sér ferð í prentsmiðjuna. Þá fyrst hafi hann séð myndina og fengið að vita að hún hefði verið notuð. Prentun bæklingsins hafi þá verið langt komin eða búin og nær búið að hefta hann.

Jón sagðist hafa þurft nokkurn tíma til þess að átta sig á bæklingnum með myndinni af Jóni Páli og blökkustúlkunni. Hann kvaðst hafa tjáð Ólafi Geirssyni að myndin gæti verið hættuleg og haft alvarlegar afleiðingar. Óvíst væri hvort skreiðarútflytjendur samþykktu bæklinginn. Þegar hann hafi sýnt skreiðarútflytjendum bæklinginn hafi þeir hafnað honum vegna þessarar myndar.

Ólafur Geirsson sagðist hafa tekið ákvörðun um prentun bæklingsins í samráði við Jón Ármann. Jón Ármann sagðist aldrei hafa gefið samþykki sitt fyrir því að bæklingurinn yrði prentaður og engin afskipti hafa haft af prentuninni.

Jón Ármann kvaðst hafa farið með Ólafi Geirssyni og fengið greiddar kr. 120.000,00 frá sjávarútvegsráðuneytinu og hefði bæklingurinn verið sýndur þegar greiðslan fór fram.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að komist hafi á samningur á milli aðila málsins að frumkvæði stefnda um útgáfu bæklings til að auglýsa skreið í Nígeríu. Jón Ármann Héðinsson, sem verið hafi umboðsmaður stefnda við verkið, hafi fylgst með öllum þáttum þess frá upphafi til enda og allt efni í bæklinginn hafi verið borið undir hann og samþykkt af honum. Bæklingurinn hafi verið prentaður í fullu samráði við Jón Ármann og hafi hann lýst yfir samþykki sínu við bæklinginn fullbúinn með því að hafa milligöngu um að stefnandi fengi greiðslu frá sjávarútvegsráðuneytinu, en bæklingurinn hafi verið sýndur þegar sú greiðsla fór fram. Jón Ármann hafi ennfremur lýst yfir ánægju sinni með bæklinginn.

Það sé stefnanda óviðkomandi þótt Jón Ármann kunni að hafa farið út fyrir umboð sitt. Það sé stefnanda einnig óviðkomandi þótt stefndi kunni að hafa gert samninga við aðra útflytjendur skreiðar um að taka þátt í útgáfukostnaði bæklingsins. Stefnandi hafi ekki samið við neinn annan en stefnda.

Stefndi hafi haft frumkvæði að því að sækja um styrk frá sjávarútvegsráðuneytinu og fá hann greiddan. Þær greiðslur sem stefnandi hafi fengið

hafi því allar komið frá stefnda sem sýni að hann hafi talið sig vera samningsaðila stefnanda.

Verði ekki á þetta fallist sé þó alveg ljóst og viðurkennt af hálfu stefnda að hann hafi farið fram á það við stefnanda að hann undirbyggi gerð bæklingsins fram að því að hann mætti prenta og sé ekki ágreiningur um að samningur hafi komist á milli aðila um þessa verkþætti. Þeir hafi kostað kr. 154.250,00 og eigi stefndi alla vega að greiða þá fjárhæð að frádregnum kr. 25.000,00 sem hann hafi þegar greitt.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að aðilar málsins hafi ekki samið um annað en það að stefndi skyldi greiða fyrir frumvinnu bæklingsins. Stefndi hafi óskað eftir því að greiða þetta samkvæmt reikningum, en þrátt fyrir eftirgangsmuni hafi engum reikningum verið framvísað og hafi niðurstaðan þá orðið sú að stefndi greiddi stefnanda kr. 25.000,00 fyrir frumvinnuna og hafi hann því fullnægt samningsskyldu sinni.

Stefndi hafi hins vegar samþykkt fyrir sitt leyti að Jón Ármann Héðinsson yrði ráðgefandi fyrir stefnanda um útgáfu bæklingsins, en því hafi engar fjárhagslegar skuldbindingar fylgt, enda hafi Jón Ármann ekki haft heimild til að skuldbinda stefnda með þeim hætti. Jón Ármann hafi á engan hátt verið umboðsmaður stefnda. Hér hafi fyrst og fremst verið um að ræða greiða framkvæmdastjóra stefnda við Ólaf Geirsson og fyrirtæki hans.

Stefnanda hafi frá upphafi verið kunnugt um það skilyrði sem sjávarútvegsráðuneytið hafi sett fyrir styrkveitingu sinni, að allir helstu útflytjendur skreiðar ættu hlut að máli. Honum hafi því verið fullvel ljóst við hverja hann var að semja. Stefnanda hafi láðst að tryggja sér samþykki þeirra og virðist hafa gefið bæklinginn út á eigin ábyrgð, en enginn hafi samþykkt endanlega efnið sem í bæklingnum birtist. Stefnandi hafi hins vegar fengið ádrátt um að bæklingurinn yrði keyptur yrði hann skaplegur.

Það geti á engan hátt talist viðurkenning stefnda á greiðsluskyldu þótt Jón Ármann hafi farið með Ólafi Geirssyni til að ná í greiðslu frá sjávarútvegsráðuneytinu. Hann hafi einungis verið að liðka til með það að stefnandi fengi greiðslu frá ráðuneytinu í þeirri von að skreiðarútflytjendur vildu kaupa bæklinginn sem þeir þó hafi hafnað vegna myndarinnar af Jóni Páli og blökkustúlkunni. Engu breyti hvað stefnda varði þótt forsendur þessarar greiðslu kunni að hafa verið rangar.

Þá heldur stefndi því fram, þótt litið yrði svo á að samningur hafi komist á milli aðila, eigi stefndi þrátt fyrir það ekki að greiða skuldina. Stefndi hafi aldrei samþykkt að hafist yrði handa um prentun bæklingsins með því efni sem endanlega hafi verið í honum, sem sé gallað og geri hann ónothæfan. Jón Ármann hafi staðfastlega neitað því að hafa nokkurt samþykki

gefið við endanlegu efni né prentun bæklingsins. Kostnaður í prentsmiðju kr. 344.175,00 hafi aldrei verið samþykktur af stefnda. Stefnanda beri að sanna að hann hafi fengið efni bæklingsins samþykkt og heimild til þess að láta prenta hann. Honum hafi ekki tekist sú sönnun og verði að bera hallann af því.

Verði litið svo á að stefndi hafi samþykkt að greiða einhvern kostnað fram yfir það sem hann hafi gert verði jafnframt að líta svo á að hann hafi greitt stefnanda kr. 225.000,00 og sé það hærri fjárhæð en sú sem stefnandi vilji telja að stefndi hafi lofað að greiða, en þetta sé engu að síður misskilningur hjá stefnanda.

Niðurstaða dómsins.

Telja verður upplýst að það hafi verið fyrir atbeina framkvæmdastjóra stefnda að vinna hófst við undirbúning að útgáfu bæklings til auglýsingar á íslenskri skreið í Nígeríu. Ekki er annað upplýst en markmiðið hafi verið að fullgera þennan bækling með einhverjum hætti til notkunar. Starfsmaður stefnda, Jón Ármann Héðinsson, vann að gerð bæklingsins ásamt tveimur eigendum stefnanda, þeim Ólafi Geirssyni og Gissuri Sigurðssyni, með vitund og vilja framkvæmdastjóra stefnda. Þegar frumdrög að bæklingnum lágu fyrir sótti stefndi um styrk til útgáfunnar hjá sjávarútvegsráðuneytinu og var hann veittur í bréfi dags. 22. október 1982 með því skilyrði að a.m.k. allir helstu útflytjendur skreiðar á Íslandi ættu hlut að máli. Fram að þeim tíma kom ekkert í ljós um það að aðrir en aðilar þessa máls skyldu eiga hlutdeild að útgáfu bæklingsins.

Ólafi Geirssyni var kunngert þetta skilyrði ráðuneytisins. Skilyrði þetta virðist ekki hafa leitt til þess að sérstaklega væri rætt um samningsaðild eða breytta samningsaðild. Eigendur stefnanda halda áfram verkinu í samvinnu við starfsmann stefnda eftir sem áður og ekkert samningssamband virðist skapast á milli stefnanda og annarra skreiðarútflytjenda en stefnda. Aldrei virðist hafa komið til tals að stefnandi gæfi bæklinginn út á eigin kostnað og seldi síðan þeim sem kaupa vildu. Helst virðist hafa verið gert ráð fyrir því að skreiðarútflytjendur keyptu þann fjölda eintaka bæklingsins sem þeir sjálfir töldu sig þarfnast, en ekki virðist þó sérstaklega hafa verið samið um það.

Samkvæmt því sem að framan er rakið verður að líta svo á, þrátt fyrir staðhæfingu stefnda um að samningur aðila hafi aðeins náð til þess að stefndi greiddi stefnanda fyrir undirbúningsvinnu sem hann hafi nú þegar gert, að það samningssamband hafi skapast á milli aðila málsins að stefnanda sé rétt að beina fjárkröfum sínum vegna útgáfukostnaðar auglýsingabæklingsins að stefnda, sem samningsaðila sínum.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að starfsmaður stefnda, Jón

Ármann Héðinsson, hafi fylgst með gerð bæklingsins í öllum greinum og samþykkt efni hans og prentun. Reikningur Prentsmiðjunnar Odda hf., þar sem bæklingurinn var prentaður, er að fjárhæð kr. 344.175,00.

Eins og að framan er rakið er mynd af lyftingamanninum Jóni Páli Sigmarssyni og blökkustúlku í bæklingnum sem stefndi heldur fram að geri hann ónothæfan til auglýsinga á skreið í Nígeríu. Jón Ármann Héðinsson lýsti því fyrir dóminum að sama sinnis hefðu þeir skreiðarútflytjendur verið sem hann sýndi bæklinginn.

Upplýst er að til stóð að nota aðra mynd á þeim stað í bæklingnum sem nú er myndin af Jóni Páli og blökkustúlkunni. Ólafur Geirsson sagði að ákvörðun um að nota myndina hefði verið tekin þegar búið var að panta prentun á bæklingnum en prentun gat ekki hafist fyrr en allt efni í bæklinginn var fullbúið.

Jón Ármann Héðinsson hefur staðfastlega neitað því að hafa nokkru sinni séð umrædda mynd fyrr en í bæklingnum fullprentuðum eða samþykkt að hún yrði notuð. Hann hefur ennfremur neitað því að hafa heimilað prentun bæklingsins.

Gegn þessum mótmælum starfsmanns stefnda verður að telja ósannað að stefnandi hafi haft heimild frá stefnda til þess að nota hina umdeildu mynd af Jóni Páli og blökkustúlkunni og hefjast handa um prentun bæklingsins.

Skortur á sönnun fyrir því að stefndi hafi veitt heimild til þess að láta prenta bæklinginn og að nota efni sem hann telur gallað og gera bæklinginn ónothæfan leiðir til þess að sýkna verður stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Lýsi hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Blaða- og fréttaþjónustunnar sf.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 25. september 1986.

Nr. 152/1986. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sveinbirni Sverrissyni
(Örn Clausen hrl.)

Þjófnaður. Nytjastuldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var með stefnu 20. mars 1986 áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og ákvörðunar refsingar. Ákærði hafði eigi óskað áfrýjunar.

Fébótakröfur þær sem dæmdar voru í héraði verða eigi teknar til meðferðar í Hæstarétti þar sem þess hefur eigi verið óskað, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Svo sem í héraðsdómi greinir er sannað að ákærði hefur framið þau brot sem honum eru gefin að sök og eru rétt færð til refsiákvæða í héraðsdómi. Ákærði var einungis 15 og 16 ára að aldri er hann framdi brotin. Fyrir Hæstarétti hefur komið fram að á þessu ári hefur hann með tveimur ákærum, útgefnum 12. mars og 24. september, verið saksóttur fyrir samtals 28 þjófnaðarbrot og þjófnaðartilraunir og eru þau mál enn ódæmd. Fallast verður á að eigi hafi verið rétt að dæma ákærða óskilorðsbundna refsingu, og þykir eins og hér stendur á rétt að látið verði sitja við þá úrlausn héraðsdómara að fresta ákvörðun um refsingu ákærða.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sveinbjörn Sverrisson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 17. desember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómi, á hendur Sveinbirni Sverrissyni, Melasíðu 4 f, Akureyri, fæddum í Reykjavík 18. júní 1969:

A. Með ákæru útgefinni 23. október 1985 fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum framin á árinu 1985:

1.

Að kvöldi fimmtudagsins 10. janúar brotist inn í Sundlaug Kópavogs og stolið þar um 2.500 krónum.

2.

Um miðnættið aðfaranótt föstudagsins 11. janúar brotist í þjófnaðarskyni inn í kjallara hússins nr. 14 við Vesturgötu í Reykjavík en lögreglumenn komu að honum á vettvangi.

3.

Um miðnættið aðfaranótt þriðjudagsins 15. janúar brotist inn í Þjóðkirkjuna í Hafnarfirði og stolið þar um 2.000 krónum úr söfnunarbaukum.

4.

Aðfaranótt miðvikudagsins 16. janúar brotist inn í húsnæði Bílaþjónustunnar, Hafnarbraut 21 - 23, Kópavogi, og stolið þar nokkrum flöskum af gosdrykk, um 20 stykkjum af súkkulaðikexi og 2.000 krónum.

5.

Framangreinda nótt brotist inn í prentsmiðju G. Benediktsson, Nýbýlavegi 40, Kópavogi, og stolið þar 980 krónum.

6.

Miðvikudagskvöldið 30. janúar brotist inn í skrifstofur Sjólastöðvarinnar við Óseyrarbraut í Hafnarfirði og stolið þar um 15.600 krónum.

7.

Framangreinda nótt brotist inn í húsnæði Vita- og hafnarmálastjóra, Kársnesbraut 58 - 60, Kópavogi, og stolið þar 2.000 krónur.

8.

Aðfaranótt fimmtudagsins 31. janúar brotist inn í Fossvogskirkju og stolið þar 1.000 krónum.

9.

Aðfaranótt föstudagsins 1. febrúar brotist inn í Mosfellsbakarí, Urðarholti 3, Mosfellshreppi, og stolið þar um 1.500 krónum.

Telst háttsemin varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 nema háttsemin í ákærulið 2, sem varðar við sömu gr. sbr. 20. gr. hegningarlaganna.

10.

Framangreinda nótt tekið í heimildarleysi bifreiðina G-20158 við Lágholt 21, Mosfellshreppi, í félagi við ósakhæfan pilt sem ók bifreiðinni til Keflavíkur og síðan til Reykjavíkur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. hegningarlaganna sbr. lög nr. 20, 1956.

11.

Laugardagskvöldið 9. febrúar brotist inn í áhaldahús Vita- og hafnarmálastjóra á Kársnesbraut í Kópavogi og stolið þar um 800 krónum.

12.

Aðfaranótt sunnudagsins 10. febrúar brotist inn í Kópavogskirkju, rótað þar í hirslum í leit að fjármunum og stolið um 500 krónum úr söfnunarbaukum.

13.

Framangreinda nótt brotist inn í félagsheimili knattspyrnufélagsins Vals við Hlíðarenda í Reykjavík og stolið þar um 1.000 krónum og smávegis af sælgæti.

Telst háttsemin í liðum 11 - 13 varða við 244. gr. hegningarlaganna.

14.

Framangreinda nótt tekið í heimildarleysi bifreiðina G-4121 við Lágholt 1, Mosfellshreppi, og ekið henni til Reykjavíkur og um götur þar og síðan til Kópavogs þar sem akstrinum lauk við Urðarbraut 41.

15.

Framangreinda nótt brotist inn í húsnæði bílaleigunnar Ás, Skógarhlíð 12, Reykjavík, og tekið þar bíllykla, sem hann síðan notaði árangurslaust við að gangsetja bifreiðar á athafnasvæði fyrirtækisins, í því skyni að aka þeim af vettvangi.

Telst háttsemin í liðum 14 og 15 varða við 1. mgr. 259. gr. hegningarlaganna og í lið 15 jafnframt sbr. 20. gr. sömu laga.

16.

Framangreinda nótt brotið í þjófnaðarskyni upp hurð í myndbandaleigunni Myndbandalaginu í Mosfellshreppi, en horfið af vettvangi er viðvörunarkerfi fyrirtækisins fór í gang.

17.

Framangreinda nótt brotist inn í húsnæði fyrirtækisins Landleiða hf., Skógarhlíð 10, Reykjavík, og stolið þar þrem lyklakippum og leðurjakka.

Telst háttsemi í liðum 16 og 17 varða við 244. gr. hegningarlaganna og í lið 16 jafnframt sbr. 20. gr. sömu laga.

18.

Aðfaranótt mánudagsins 11. febrúar tekið í heimildarleysi bifreiðina Y-7341 við Túnhvamm 4 í Hafnarfirði, í félagi við K og einn ósakhæfan pilt Óku þeir bifreiðinni til skiptis til Sandgerðis og aftur til Reykjavíkur þar sem þeir yfirgáfu bifreiðina á bílastæði við Iðnaðarbankann í Lækjargötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. hegningarlaganna.

19

Framangreinda nótt brotist inn í skrifstofur Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, Vesturgötu 11 -13, Hafnarfirði, í félagi við sömu pilta, og stolið þar myndavél.

20.

Framangreinda nótt brotist inn í húsnæði Bílaþjónustunnar, Hafnarbraut 21, Kópavogi, ásamt sömu piltum, og stolið þar um 1.000 krónum og 7 vindlingapökkum.

21.

Aðfaranótt þriðjudagsins 12. febrúar brotist inn í hraðfrystihúsið Sjófang, Hólmaslóð 2, Reykjavík, ásamt sömu piltum, rótað þar í hirslum í leit að fjármunum og stolið tveim kveikjurum og hníf.

22.

Framangreinda nótt brotist ásamt sömu piltum inn í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Barónsstíg 47, Reykjavík, og stolið þar um 1.000 krónum.

Telst háttsemi ákærða í liðum 19 - 22 varða við 244. gr. hegningarlaganna.

Ennfremur: B. Með ákæruskjali útgefnu 13. nóvember 1985 fyrir eftirgreind brot gegn umferðarlögum og almennum hegningarlögum framin í júlí 1985 í félagi við ósakhæfan pilt.

I.

Fyrir þjófnað með því að hafa, aðfaranótt þriðjudagsins 23. júlí, brotist inn í húsnæði Heyrnleysingjaskólans við Leynimýri í Reykjavík og stolið þar að minnsta kosti 2.000 krónum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Sömu nótt tekið í heimildarleysi í Kópavogi bifreiðina Y-20 í félagi við ofangreindan pilt og ekið henni til skiptis við hann, án ökuréttinda, áleiðis norður um land uns bifreiðin varð bensínlaus við Hvalstöðina í Hvalfirði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976 og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaganna sbr. lög nr. 20, 1956.

III.

Aðfaranótt miðvikudagsins 24. júlí brotist inn í trésmiðjuna Haga hf. Óseyri 4, Akureyri, og stolið þar 47.900 krónum úr litlum peningakassa.

Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

IV.

Brotist sömu nótt í þjófnaðarskyni inn í verkstæði Aðalgeirs og Viðars við Furuvelli á Akureyri en horfið af vettvangi eftir leit að fjármunum.

V.

Brotist sömu nótt í þjófnaðarskyni inn í Prentverk Odds Björnssonar, Tryggvabraut 18 - 20 á Akureyri en horfið af vettvangi eftir leit að fjármunum.

Telst þetta varða við 244. gr. sbr. 20. gr. hegningarlaganna.

VI.

Sömu nótt tekið í heimildarleysi bifreiðina A-9983 við Langholt 12 á Akureyri og ekið henni áleiðis til Reykjavíkur uns bifreiðin varð bensínlaus við Þelamerkurskóla í Hörgárdal. Tekið þar í heimildarleysi bifreiðina A-9269 og ekið henni til skiptis við ofangreindan pilt til Akraness.

Telst þetta varða við sömu lagaákvæði og háttsemin samkvæmt lið II.

VII.

Sömu nótt stolið peningaveski með 1.400 krónum úr bifreiðinni A-9269. Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

A.1.

Hinn 10. janúar 1985 kl. 22:55 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot og þjófnað í Sundlaug Kópavogs. Við könnun lögreglunnar á staðnum kom í ljós að brotnar höfðu verið tvær millihurðir og nokkrar skemmdir unnar á þeim. Af skrifstofu forstöðumanns var talið að stolið hefði verið samtals kr. 2.520.

Við yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 18. janúar 1985 viðurkenndu tveir piltar að hafa framið framangreindan verknað og var annar þeirra ákærði í máli þessu, en hinn T, fæddur ... 1971. Skýrði ákærði svo frá að T hefði stungið upp á því að þeir færu inn. Hafi hann verið til í það og taldi að klukkan hefði þá verið um 22:00. Nánar skýrir ákærði svo frá: „Við klifruðum yfir tréverk. Ég tók kúst. Það var pínu brotið úr glugga og sló ég það úr. T fór með hendina inn og opnaði hurðarlæsingu. Þetta er hurðin sem gengið er um er farið er úr lauginni, niður í sturturnar. Við spörkuðum upp tveim innihurðum og fann T peninga sem gætu hafa verið 2.520,00. Við skiptum þeim á milli okkar.“ T skýrði á sama hátt frá atvikum og ákærði.

Ákærði hefur staðfest framangreindan framburð sinn hér fyrir dómi.

A.2.

Hinn 11. janúar 1985 kl. 00:55 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um að tveir piltar væru að brjótast inn í húsið við Vesturgötu 14. Er lögreglan kom á staðinn kom í ljós að búið var að brjóta spjald í kjallarahurð á norðurhlið hússins og þar innan dyra voru þeir Sveinbjörn, ákærði í máli þessu og áðurnefndur T handteknir.

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 18. janúar 1985 viðurkenndu ákærði og téður T framangreint innbrot og skýrði ákærði svo frá að þeir T hefðu farið út um kl. 22:00 á fimmtudagskvöldið. Þeir hafi tekið strætó í bæinn frá skiptistöðinni. Þeir hafi farið til að brjótast einhvers staðar inn. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við gengum um bæinn til að leita okkur að stað. Við gengum hjá Hallgrímskirkju og við fórum niður Laugaveg og niður á torg en þaðan gengum við þessa götu (Vesturgötu) og leist mér vel á Vesturgötu 14 R. Við ætluðum að reyna að komast upp og í sjoppuna til rakarans. Ég tók stóran stein og kastaði honum í kjallarahurð. T tók svo steininn og kastaði líka. Spörkuðum við síðan í hana og skriðum inn um op á henni en það var spjald í hurðinni sem við

brutum. Við höfðum ekki verið inni nema 1 - 2 mínútur þegar lögreglan handtók okkur þar.“ T skýrði á sama hátt frá atburðinum.

Ákærði hefur hér fyrir dómi staðfest framangreindan framburð sinn.

A.3.

Þann 15. janúar 1985 kl. 16:15 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um að brotist hefði verið inn í Þjóðkirkjuna þar á staðnum. Við könnun lögreglumanna á staðnum kom í ljós að búið var að rífa upp níu söfnunarbauka frá Hjálparstofnun kirkjunnar, sem höfðu verið geymdir í skáp, sem var læstur. Skápurinn hafði verið tekinn frá vegg og bakhlið hans rifin upp og baukarnir þannig náðst. Talið var að stolið hefði verið einhverju af peningaseðlum, en smámynt var skilin eftir á gólfinu.

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 18. janúar 1985 viðurkenndu ákærði og áðurnefndur T að hafa framið umræddan verknað. Skýrði ákærði svo frá, að nokkrum dögum fyrir yfirheyrsluna hefðu þeir farið þarna inn um miðnættið. Hefðu þeir farið inn um opinn glugga og þá komið inn á klósett. Hafi þeir þurft að slíta stormjárn til að komast inn um gluggann. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við byrjuðum á því að hvíla okkur er við vorum komnir inn. Fórum við svo að leita að einhverju fémætu. Við sáum gamlan skáp. Hann var læstur og fórum við að velta honum. Losuðum við svo bakið úr honum en í honum voru nokkrir söfnunarbaukar. Tókum við peningana úr þeim og voru það um 2.000 krónur.“ T lýsti atvikum á sama veg og ákærði.

Ákærði hefur staðfest framangreinda skýrslu sína hér fyrir dóminum.

A.4.

Hinn 16. janúar 1985 kl. 13:05 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot og þjófnað í Bílaþjónustunni Hafnarbraut 21 - 23, Kópavogi. Við könnun lögreglumanna kom í ljós að brotin hafði verið rúða á austurhlið hússins með því að kasta í gegnum hana steini og hafði sjáanlega verið farið þar inn. Stunginn hafði verið upp peningakassi í afgreiðslu og tekin úr honum skiptimynt, kr. 2.000 að talið var, auk þess smávegis af sælgæti. Annað hafði ekki verið tekið svo séð yrði.

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 15. febrúar 1985 viðurkenndi ákærði að vera valdur að framangreindum verknaði ásamt áðurnefndum T, sem einnig viðurkenndi verknaðinn við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni þann 19. júní 1985. Skýrði ákærði svo frá, að þeir T hefðu verið þarna á ferðinni og minnti hann, að hann hefði brotið rúðu með því að kasta í gegnum hana steini. Nánar skýrði ákærði svo frá: „T stakk upp peningakassa og það getur vel verið að það hafi verið í honum 2.000 kr. en mér finnst að það hafi verið minna. Við tókum með okkur

eitthvað af sælgæti, Mars, Prince póló og eitthvað af gosi.“ Framburður T var mjög á sama veg.

Ákærði hefur staðfest framangreindan framburð sinn hér fyrir dóminum.

A.5.

Hinn 16. janúar 1985 kl. 08:00 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt um innbrot í Prentstofu G. Benediktssonar, Nýbýlavegi 30, Kópavogi. Við könnun á staðnum kom í ljós að farið hafði verið inn um glugga á fundarherbergi með því að spenna upp lausafagsglugga og brjóta stormjárnið. Rótað hafði verið til í skrifstofunni, skúffur dregnar út og skáphurðir opnaðar. Ekki var saknað neins af skrifstofunni. Á hæðinni fyrir ofan er vinnusalur og þar í afgreiðslunni höfðu verið teknar kr. 280 úr umslagi. Á fyrstu hæðinni var farið í fataskápa starfsfólksins og tekið þar úr buxnavasa kr. 700.

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þann 18. janúar 1985 viðurkenndi ákærði ásamt T að hafa verið valdir að framangreindum verknaði. Skýrði ákærði svo frá, að þeir hefðu farið þarna inn, því þeir hafi séð að gluggi var opinn. Hafi þeir skrúfað stormjárnið í sundur. Hafi þeir farið inn um gluggann og komið inn í einhverja fundarstofu. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við tókum 300 krónur úr einhverju umslagi og 800 kr. úr buxnavasa. Við rótuðum lítillega í skúffum er við vorum að leita að peningum en skemmdum ekkert.“ Framburður T var mjög á sama veg nema hann kvað þá hafa fundið 700 kr. í buxnavasa og 280 kr. í umslagi annars staðar.

Ákærði hefur staðfest framburð sinn hér fyrir dómi.

A.6.

Þann 30. janúar 1985 kl. 22:31 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um innbrot í Sjólastöðina hf. Óseyrarbraut 5 - 7, Hafnarfirði. Lögreglumenn fóru á staðinn og við könnun þeirra kom í ljós að rúða til hliðar við dyr aðalinngangs hafði verið brotin og þannig hægt að ná til læsingar hurðarinnar. Hurð á skrifstofu efri hæðar hafði verið sparkað upp og hafði dyrastafur klofnað lamamegin. Áður hafði verið reynt að spenna hurðina upp með járni. Rótað hafði verið til á skrifstofunni og skúffur dregnar út. Farið hafði verið inn á aðra skrifstofu til vinstri og þar spennt upp hurð á eldtraustum skáp. Hurðin var skemmd eftir verkfæri sem notuð höfðu verið. Úr skápnum hafði verið tekinn peningakassi og hann spenntur upp. Úr launaumslögum voru teknar kr. fjögur eða fimm þúsund að álitið var en ónotuð tékkhefti látin vera.

Rannsókn lögreglumanna leiddi til þess að ákærði og T voru yfirheyrðir af rannsóknarlögreglu þann 4. febrúar 1985 og viðurkenndu þeir að hafa framið framangreindan verknað. Kvaðst ákærði hafa brotist inn í Sjóla-

stöðina við Óseyrarbraut í Hafnarfirði ásamt T. Hafi þeir verið á flakki í Hafnarfirði. Þegar þeir hafi verið staddir á Óseyrarbraut hafi sú hugmynd komið upp að brjótast inn og hafi verið ákveðið að brjótast inn í það hús sem áður greinir. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við fórum að útidyrahurð hússins sem snýr út í portið og rúða, sem var við hliðina á útidyrahurð, var brotin með grjóti. Þegar búið var að brjóta þessa rúðu var hægt að teygja hendina í sneril á hurðinni. Þegar búið var að opna útidyrahurð fórum við báðir inn. Við fórum síðan upp á efri hæð þar sem skrifstofur eru staðsettar og til þess að komast þar inn spörkuðum við upp hurðinni. Þarna inni á skrifstofunni rótuðum við í hirslum án þess að taka nokkuð. Við fórum síðan inn á aðra skrifstofu þar sem T fann skjalatösku sem hann opnaði og tók peninga sem voru ca 15.000.- krónur. Ég fann þarna peningaskáp sem ég opnaði og notaði við það verkfæri sem voru þarna á staðnum. Úr þessum peningaskáp tók ég ca 600.- krónur en skildi annað eftir." T skýrði á sama hátt frá atvikum.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreinda skýrslu sína.

A.7.

Hinn 30. janúar 1985 kl. 06:57 var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt um innbrot í skrifstofu Vita- og hafnarmálastofnunar við Kársnesbraut í Kópavogi. Við skoðun lögreglumanna á staðnum kom í ljós, að brotin hafði verið rúða í opnanlegum glugga á snyrtingu á jarðhæð hússins. Stormjárn gluggans höfðu verið skrúfuð sundur og síðan farið inn um gluggann. Brotin hafði verið upp hurð að matsal starfsmanna og stolið um kr. 2.000.- að því er talið var, úr mötuneytissjóði. Þá hafði og verið farið inn í símaherbergi og skrifstofur og ýmsu rótað þar til en engu stolið þar eða skemmdir unnar.

Þeir ákærði og T viðurkenndu fyrir rannsóknarlögreglu að hafa framið framangreindan verknað og við yfirheyrslu 15. febrúar 1985 hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins skýrði ákærði svo frá: „Ég braut rúðuna en við T vorum þarna tveir saman. Þetta var klósettgluggi niðri og fórum við inn um hann. Við rótuðum pínu á skrifstofunum en brutum svo upp hurð að matsalnum og stálum skiptimyntinni þar. Það getur hafa verið um 2.000,00." Framburður T hjá rannsóknarlögreglunni er mjög á sama veg, en hann taldi að þeir hefðu ekki fundið nema 7 - 800.- krónur.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

A.8.

Hinn 31. janúar 1985 kl. 08:50 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt um innbrot í Fossvogskirkju, Reykjavík, nóttina áður. Lögreglumenn fóru á staðinn. Í ljós kom að skrúfað hafði verið sundur stormjárn á opnanlegum

glugga á suðurhlið bálstofu við kirkjuna og þar farið inn. Farið hafði verið inn á skrifstofu útfararstjóra og inn í tvö herbergi presta. Rótað hafði verið í skrifborðsskúffum á skrifstofunni og í herbergjum. Í geymsluaðstöðu hafði verið opnað duftker og hurð brotin af litlum skáp. Farið hafði verið um líkhús og hurðir að kapellu spenntar upp en litlar skemmdir orðið á hurðunum. Farið virtist hafa verið um kapelluna og niður í kjallara, en engar skemmdir unnar þar.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni þann 14. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa verið þarna að verki í greint sinn. Skýrði ákærði svo frá: „T skrúfaði glugga úr og opnaði, ég fór inn um hann og opnaði hurð fyrir hann. Við leituðum að peningum inni og rótuðum í skrifborði og fundum seðlaveski. Í því voru 1.000 krónur og tókum við þær." Framburðu T var á sama veg.

Ákærði hefur staðfest framangreinda skýrslu sína hér fyrir dóminum.

A.9.

Þann 1. febrúar 1985 kl. 16:40 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot og þjófnað þá nóttina áður í Mosfellsbakarí, Urðarholti 2, Mosfellssveit. Við könnun lögreglumanna á staðnum kom í ljós að brotin hafði verið rúða í opnanlegum glugga. Þá hafði stormjárn gluggans verið slitið sundur og þarna farið inn. Brotin hafði verið upp hurð að skrifstofu í risi hússins og þar mikið rótað til og m.a. peningaskápur færður fram á gólf. Ekki voru sjáanlegar skemmdir á öðru en glugganum og skrifstofuhurðinni. Talið var að um 2.000,00 krónur hefðu verið teknar í peningakassa á afgreiðsluborði bakarísins og einnig hvítar smekkbuxur úr fatahengi starfsmanna.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni 14. og 15. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa framið framangreindan verknað í umrætt sinn. Skýrði ákærði svo frá: „Ég braut rúðu og við skriðum inn. Fengum við okkur að éta og tókum peningana úr peningakassanum niðri. Það voru um 1.500 kr. Fórum við svo upp og brutum upp hurð til að komast á skrifstofu. Ég tók hvítar smekkbuxur og skildi þær svo seinna eftir í Lödunni." Framburður T var mjög á sama veg, en hann taldi þá hafa tekið 900.- krónur í skiptimynt eða meira.

Ákærði hefur staðfest framangreindan framburð sinn hér fyrir dómi.

A.10.

Þann 1. febrúar 1985 kl. 08:54 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt að bifreiðinni G-20158, Lada Sport 1984, hefði verið stolið frá Lágholti 21, Mosfellssveit, um kvöldið eða nóttina áður. Síðar þennan dag eða kl. 14:15 fannst bifreiðin á stæði bak við Hafnarhúsið í Reykjavík. Við yfirheyrslu

hjá rannsóknarlögreglunni 12. og 13. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa stolið umræddri bifreið í greint sinn. Skýrði ákærði svo frá að þeir T hefðu tekið jeppann sömu nótt og þeir brutust inn í vélsmiðjuna í Hafnarfirði. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við tókum okkur leigubíl upp í Mosfellssveit í þeim tilgangi að stela okkur bíl þar. Fyrir utan hús stóð græn Lada sport og voru búllyklarnir í svissinum. Við keyrðum bílinn til skiptis. Fórum við í Aðalstöðina í Keflavík og fengum okkur að éta. Við fórum inn í Voga við Vatnsleysuströnd og lékum okkur þar á bílnum. Fórum við síðan í bæinn og skildum bílinn eftir niðri á höfn, rétt hjá þar sem Akraborgin stoppar." Framburður T var á sama veg og framburður ákærða.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreinda skýrslu sína.

A.11.

Hinn 9. febrúar 1985 kl. 23:45 var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt um innbrot í áhaldahús Vita- og hafnarmálastjóra v/Kársnesbraut, Kópavogi. Við könnun lögreglumanna á staðnum kom í ljós að brotnar höfðu verið þrjár rúður í gluggum og farið inn. Fljótt á litið varð ekki séð að neinu hefði verið stolið en rótað hafði verið í herbergjum og á lager.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni þann 15. febrúar 1985 og 19. júní 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa framið framangreint innbrot. Skýrði ákærði svo frá: „Við T vorum þarna á ferð. Við brutum glugga en ég teygði hendi inn og opnaði. Við fundum strax skiptimynt því við vissum hvar hún var. Hún var í matsalnum. Það voru um 800 krónur. Við rótuðum eitthvað pínu í herbergjum í leit að peningum." Framburður T var mjög á sama veg nema hann sagði að þeir hefðu enga peninga fundið.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

A.12.

Þann 10. febrúar 1985 kl. 11:10 var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt um innbrot í Kópavogskirkju nóttina á undan. Við rannsókn lögreglumanna á staðnum kom í ljós að brotinn hafði verið upp opnanlegur gluggi á norðurhlið og farið þar inn, farið í skrúðhús og rótað í skrifborði. Einnig rótað til í skrifborði á skrifstofu og þaðan tekinn söfnunarbaukur úr pappa með einhverju af smápeningum í. Á sönglofti hafði verið tekin svört skjalataska með ýmsum pappírum, en ekki verðmætum, sem þjófur gæti nýtt.

Við yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 12. og 13. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa framið framangreint innbrot. Skýrði ákærði svo frá, að þeir hefðu verið tveir saman hann og T. Hefðu þeir spennt upp glugga sem þeir hefðu farið inn um áður. Inni á skrifstofu hafi þeir fundið einn söfnunarbauk og hafi þeir stolið úr honum. Í honum hafi

verið 400 - 500 krónur. Þeir hafi síðan gengið út um dyr og ekki skemmt neitt nema e.t.v. gluggann lítillega sem þeir fóru inn um. Framburður T var á sama veg, en hann taldi að um hefði verið að ræða ca 500 - 600 krónur sem þeir tóku úr bauknum.

Ákærði hefur hér fyrir dómi staðfest framangreindan framburð sinn.

A.13.

Hinn 10. febrúar 1985 kl. 10:16 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot og þjófnað í Valsheimilið við Hlíðarenda. Við könnun lögreglumanna kom í ljós að brotin hafði verið rúða í opnanlegum glugga á vesturhlið með því að kasta steini í gegn og þar hafði verið farið inn. Talið var að stolið hefði verið 2 - 3.000.00 krónum úr afgreiðslukassa í sjoppu. Ennfremur að eitthvert sælgæti hefði verið tekið.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni 13. og 14. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa framið framangreindan verknað. Ákærði skýrði svo frá: „Við brutum glugga með steini og fórum inn um hann. Þá komum við inn á gang. Fórum við síðan í sjoppuna og fórum inn um afgreiðslulúguna. Það var vont sælgæti þarna og tókum við ekki mikið. Við nenntum ekki að vera að taka þetta allt og átum bara þangað til við vorum saddir. Ég fékk mér eina Malt og eina Sinalco og T svipað. Það voru engar sígarettur þarna. T tók sjampó og sprautaði yfir sælgætið til að leika sér. Við fundum um 1.000 kr. í skiptimynt í peningakassanum. Við skiptum því á milli okkar." Framburður T var á sama veg, en hann taldi að skiptimyntin í kassanum hefði verið 600 - 700 krónur sem þeir tóku.

Ákærði hefur hér fyrir dómi staðfest framangreindan framburð sinn.

A.14.

Þann 10. febrúar 1985 kl. 05:15 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um innbrot í húsið Lágholt 1, Mosfellssveit og þjófnað á bifreiðinni G-4121 þaðan. Við könnun lögreglunnar kom í ljós að farið hafði verið inn um opinn glugga í um tveggja metra hæð frá jörðu, en glugginn var á þvottahúsi til vinstri við anddyri hússins. Til þessa hafði verið lagt vörubretti upp við húsvegginn og þannig hafði viðkomandi komist upp í gluggann. Í forstofu hússins var skápur á veggnum þar sem geymdir voru ýmsir lyklar, þar á meðal bíllyklar að G-4121. Hafði ein lyklakippa verið tekin þar sem á voru m.a. lyklar að Barnaskólanum í Mosfellssveit og lykill að G-4121. Lögreglan í Kópavogi fann bifreiðina G-4121 síðar um daginn eða um kl. 15:36 þar sem hún stóð á Urðarbraut á móts við hús nr. 41 við Kópavogsbraut.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni 13. og 14. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa stolið framangreindri bifreið, G-4121 í greint

sinn. Skýrði ákærði svo frá, að hann og T hafi tekið leigubíl við Hlemm á miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 10. febrúar 1985 og farið með honum upp í Mosfellssveit í þeim tilgangi að ná í bíl. Nánar skýrir hann svo frá: „Við létum setja okkur úr bílnum hjá Kaupfélaginu. Ég sá lausa hurð í Myndbandalaginu og sparkaði ég henni upp. Þegar ég fór inn fór þjófabjalla í gang og hlupum við í burtu og földum okkur í grjóti. Það kom einhver bíll, ekki lögreglubíll, en með stórt ljós uppi á toppi. Við stukkum þá yfir garða og földum okkur í gróðurhúsi. Við opnuðum nokkra bíla til að athuga hvort við fyndum bíllykla í þeim. Við komum svo að Saab fyrir utan hús. T sá opinn glugga í húsinu og skreið inn um hann til að leita að bíllyklum inni. Hann fann þá ekki og kom út aftur. Kom hann með lykla að Audi. Við ýttum þá Saabinum frá bílskúrnum, opnuðum bílskúrinn, sem var ólæstur, og ókum burt í Audi bílnum. Ég keyrði fyrst en T tók seinna við. Keyrðum við til Reykjavíkur og út á Seltjarnarnesið og rúntuðum þannig um stund. Keyrðum við síðan í Kópavog og skildum bílinn eftir við gatnamótin Kópavogsbraut og líklega Urðarbraut. Klukkan var þá 06:00 og fórum við inn á Unglingaheimili.“ T skýrði á sama hátt frá atvikum.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

A.15.

Hinn 10. febrúar 1985 kl. 11:10 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot í Bílaleiguna Ás, Skógarhlíð 12, Reykjavík, nóttina áður. Við könnun lögreglunnar á staðnum kom í ljós að plokkaðir höfðu verið listar frá rúðu á vesturhlið hússins og farið þar inn. Gramsað hafði verið í skúffum í skrifborði og tekin tvö tékkhefti upp á borðið en ekki hafði verið tekið neitt blað úr þeim. Útfyllt hafði verið eitt tékkablað í öðru heftinu en það ekki rifið úr. Ekki var talið að neitt hefði horfið nema lyklar að bifreið.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni 14. og 15. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa framið framangreint innbrot í téð skipti. Skýrði ákærði svo frá: „Við losuðum gluggann úr eða tókum glerið úr í heilu lagi. T fór inn og opnaði fyrir mig. Við þurftum ekki að sparka upp neinni hurð til að komast um og fórum við inn á skrifstofuna en fundum ekkert nema ávísanahefti. Ég, eða við, skrifuðum eina ávísun en skildum hana svo eftir og hættum við að taka hana. Við ætluðum að taka bíl og tókum bíllykla en þeir pössuðu ekki að neinum bíl og hentum við þeim einhvern tímann löngu seinna en ég gleymdi þeim í vasanum. Við fundum enga peninga.“ Framburður T var í meginatriðum á sama veg.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

A.16.

Þann 10. febrúar 1985 kl. 03:00 tilkynnti fyrirtækið Securitas lögreglunni í Hafnarfirði um innbrot í Myndbandalagið við Bjarkarholt í Mosfellssveit. Við skoðun lögreglunnar á staðnum kom í ljós að hliðarhurð við aðalinngang í húsið hafði verið sparkað upp og farið inn í afgreiðsluna. Var búið að negla hurðina aftur er lögreglan kom á staðinn, en karmur hennar hafði brotnað.

Ákærði og T viðurkenndu fyrir rannsóknarlögreglu að hafa framið framangreint innbrot, samanber framburð ákærða undir lið A. 14 hér að framan, en T var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni 14. febrúar 1985 og var framburður hans á sömu lund og framburður ákærða.

Ákærði hefur staðfest framburð sinn hér fyrir dómi.

A.17.

Þann 10. febrúar 1985 kl. 11:24 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot og þjófnað að Skógarhlíð 10, Reykjavík, þá nóttina áður, en Landleiðir hf. voru þar til húsa. Við rannsókn lögreglunnar kom í ljós að opnaður hafði verið gluggi á vesturhlið hússins, en gluggi þessi hafði verið illa lokaður og auðvelt að opna hann. Komið er þá inn í sal sem notaður er til að þrífa stóra bíla og úr honum er innangengt í lítið herbergi. Þar hafði rúða verið tekin úr sem er milli þessa herbergis og viðgerðarverkstæðis þar sem margir rútubílar voru inni. Úr bifreið frá Landleiðum var stolið brúnum leðurjakka. Þá hafði einnig verið stolið þremur lyklakippum frá Norðurleið.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 14. og 15. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði og T að hafa framið framangreint innbrot. Skýrði ákærði svo frá: „Það var opinn gluggi þarna og við fórum inn um hann. Við fórum inn á eina skrifstofu og fundum ekkert. Við þurftum að mölva glugga til að komast inn á aðra skrifstofu og gerðum við það en reyndum fyrst að losa hann. T tók leðurjakka en henti honum fyrir utan. Við heyrðum í bíl fyrir utan, kíktum út og sáum að hann var mannlaus. Forðuðum við okkur þá í burtu." Framburður T var samhljóða framburði ákærða.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

A.18.

Þann 11. febrúar 1985 kl. 08:00 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt að stolið hefði verið bifreið frá Túnhvammi 4, Hafnarfirði, nóttina á undan. Um var að ræða bifreiðina Y-7341 af gerðinni Datsun Cherry, árgerð 1982. Um kl. 09:27 fannst bifreiðin við Iðnaðarbankann í Hafnarfirði við Strandgötu og reyndist hún mikið skemmd.

Við yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 14. og 15. febrúar 1985 og 5. júní 1985 viðurkenndu ákærði, T og K að hafa stolið framangreindri bifreið í greint sinn. Skýrði ákærði svo frá: „Við tókum lítinn rauðan bíl sem var með lyklunum í fyrir utan bílskúr við hús. Við keyrðum bílinn allir til skiptis. Fórum við á honum til Sandgerðis. Þar stálum við Cortinu, en ég veit ekki nákvæmlega hvar hún var. Datsuninn var svo lítill og vont að sitja afturí svo við sátum allir frammí en það var þröngt um okkur og þess vegna ætluðum við að hafa Cortinuna líka. ... Við skiluðum Datsuninum upp að Iðnaðarbanka í Hafnarfirði." Framburðir T og K eru mjög á sama veg og framburður ákærða.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framburð sinn.

Það athugast að í ákæruskjali er ákærði ásamt framangreindum félögum sínum talinn hafa ekið bifreiðinni frá Sandgerði til Reykjavíkur og yfirgefið hana þar á bifreiðastæði við Iðnaðarbankann í Lækjargötu, en samkvæmt gögnum málsins óku þeir bifreiðinni til Hafnarfjarðar og skildu hana þar eftir á bifreiðastæði við Iðnaðarbankann þar á Strandgötu.

A.19.

Þann 11. febrúar 1985 kl. 08:18 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um innbrot í hús Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar við Vesturgötu. Við könnun lögreglu kom í ljós, að farið hafði verið inn í húsið með því að brjóta rúðu í útidyrahurð á suðurhlið þess, en þessi hurð er fyrir vélasal. Úr þessum vélasal er síðan greið leið um allt húsið. Farið hafði verið eftir stiga upp á efstu hæð þar sem skrifstofa Ríkismats sjávarafurða er til húsa á norðurhlið. Sparkað hafði verið upp hurðinni á skrifstofunni og rótað hafði verið í hirslum þar. Álitið var að tveim myndavélum hefði verið stolið, önnur af gerðinni Polaroid og hin af gerðinni SX-70.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni þann 12. febrúar 1985 viðurkenndi ákærði framangreint innbrot ásamt T og K. Skýrði ákærði svo frá: „Við vorum á flakki í Reykjavík þegar við ákváðum að fara til Hafnarfjarðar til þess að brjótast þar inn. Til þess að komast til Hafnarfjarðar fórum við gangandi. Þegar við komum suður eftir var ákveðið að brjótast inn í frystihúsið og til þess að komast inn var gluggi á suðurhlið á útidyrahurð brotinn, en þessi gluggi snýr að sjónum. Þegar búið var að brjóta þennan glugga, sem T gerði, fórum við allir inn. Þegar við komum inn í húsið þar sem vélasalur er staðsettur, var farið fram á ganginn og eftir stiganum upp á efri hæð. Þar uppi á hæðinni brutum við upp hurð á skrifstofu og þar inni rótuðum við í hirslum og tók T þar myndavél, en ég veit ekki hvort eitthvað annað var tekið þar, en ég tók ekkert sjálfur. Þegar við fórum síðan aftur niður mætti ég konu sem var að mæta til vinnu og

þá urðum við hræddir og forðuðum okkur út úr húsinu út um aðal útidyrahurð.“ Framburður T og K er í meginatriðum samhljóða framburði ákærða.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framburð sinn.

A.20

Þann 11. febrúar 1985 kl. 13:20 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot og þjófnað í húsakynni Bílaþjónustunnar, Hafnarbraut 21, Kópavogi. Við skoðun lögreglumanna á vettvangi kom í ljós að farið hafði verið inn um glugga á vesturhlið hússins þar sem krossviðarplata hafði verið brotin úr. Þá hafði verið spenntur upp peningakassi á lager og talið var að úr honum hefðu horfið ca 3.000 til 6.000 krónur. Þá var talið að horfið hefðu 10 pakkar af sígarettum.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 12., 13. og 14. febrúar 1985 viðurkenndi ákærði ásamt T og K að hafa framið umræddan verknað í greint sinn. Skýrði ákærði svo frá, að sunnudaginn 10. febrúar milli kl. 21:00 og 22:00 hefðu þeir þrír byrjað á því að brjótast inn í verkstæði í Kópavogi, en það var í verksmiðjuhverfi í vesturbænum. Nánar skýrði ákærði svo frá: T braut spjald úr glugga og fórum við allir þar inn um. Við fundum skiptimynt og sígarettur og skiptum við því á milli okkar. Ég fékk í minn hlut rúmlega 300 krónur og tvo sígarettupakka.“ Framburður þeirra K og T var mjög á sama veg og framburður ákærða. K taldi að þeir hefðu fundið u.þ.b. 1.000 krónur í skiptimynt, en T taldi að um 800 krónur í peningum hefði verið að ræða. Báðir töldu þeir að þeir hefðu stolið 7 sígarettupökkum.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

A.21

Þann 12. febrúar 1985 kl. 07:45 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um innbrot í frystihúsið Sjófang, Örfirisey. Við könnun lögreglu á staðnum kom í ljós að farið hafð verið inn um opnanlegan glugga á suðurhlið hússins á fyrstu hæð. Greið leið var síðan upp á efri hæð þar sem skrifstofa fyrirtækisins er til húsa í suðausturenda hússins. Til þess að komast inn á skrifstofuna hafði viðkomandi sparkað upp hurðinni svo hún hafði rifnað frá dyrakarmi. Rótað hafði verið mikið í hirslum og skjölum kastað á gólf. Í fljótu bragði varð ekki séð að neinu hefði verið stolið.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni þann 12. febrúar 1985 viðurkenndu ákærði T og K að hafa framið framangreint innbrot í greint skipti. Skýrði ákærði svo frá: „Við vorum að flakka um götur Reykjavíkur þegar við ákváðum að fara út í Örfirisey og brjótast þar inn í frystihús. Við komum að húsi þar sem Sjófang er til húsa og þar ákváðum við að brjótast

inn. Við fundum síðan opinn opnanlegan glugga á jarðhæð og var ákveðið að fara þar inn og fór T fyrstur. Þegar við vorum allir komnir inn fórum við af 1. hæð upp á 2. hæð þar sem skrifstofur eru staðsettar. Til þess að komast inn á skrifstofur spörkuðum við upp hurðinni sem er fyrir skrifstofuhúsnæðinu og rifnaði hurðin frá dyrakarmi og féll á gólfið. Þegar við komum svo inn á skrifstofu var rótað til í hirslum í leit að peningum eða öðru verðmætu. Við tókum ekkert þarna á staðnum og fórum því aftur niður á 1. hæð og út um útidyrahurð þar." Framburður þeirra K og T var mjög á sama veg, en K kvaðst hafa tekið 2 kveikjara og Sveinbjörn hefði tekið 1 hníf.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum viðurkennt þjófnaðinn og staðfest framburð sinn að öðru leyti.

A.22.

Hinn 12. febrúar 1985 kl. 08:20 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot og þjófnað í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Barónsstíg 47, Reykjavík. Við rannsókn lögreglumanna á staðnum varð ekki séð hvernig innbrotsmenn hefðu komist inn í húsið, en innanhúss hafði millihurð að barnadeild verið brotin upp og reynt við aðra. Læsing hafði verið tætt úr hurð í kjallara og stórskemmd. Einnig hafði hurð að mæðradeild verið sparkað upp og skemmd. Farið hafði verið í skápa uppi og skúffur og talið að þar hefðu verið teknir master lyklar að millihurðum hússins uppi og um 100 - 200 krónur. Brotinn hafði verið upp hespulás og rennihurð spennt upp í kjallara.

Við yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 12. og 13. febrúar og 19. júní 1985 viðurkenndu ákærði, K og T að hafa framið framangreindan verknað í greint sinn. Skýrði ákærði svo frá, að þeir hefðu um kl. 15:00 farið inn í Heilsuverndarstöðina. Þar hafi verið fullt af fólki og hafi þeir byrjað á því að fara í kjallarann og enginn orðið var við það. T hafi opnað einhverja rennihurð og þeir hafi lagt sig þar inni á dýnur sem voru á gólfinu. Síðan hafi þeir sofið þar til kl. 23:00, en þá hafi allir verið farnir úr húsinu. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Þá fórum við að leita að peningum. Við brutum upp nokkrar hurðir. T tætti læsingu með vasahníf, af hurð í kjallaranum. Ég reyndi að fá hann ofan af því. Við fundum 800 kr. og tvær ávísanir í kjallaranum. Þær voru báðar 100 kall hvor. Skiptum við þessu á milli okkar. Við fundum lykla niðri og það var annaðhvort K eða T sem tók þá. Okkur vantaði lykla að útidyrahurðinni til að komast út. Við fundum lykil með plastspjaldi áföstu og stóð á því „Útidyrahurð". Við gengum svo í átt að Laugavegi og strákarnir hentu lyklunum einhvers staðar þarna stutt frá sjoppu en ég tók ekki nákvæmlega eftir því þegar

þeir gerðu það.“ Framburðir T og K voru efnislega samhljóða framburði ákærða.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

B.I.

Hinn 23. júlí 1985 kl. 11:15 var Rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um innbrot í Heyrnleysingjaskólann við Leynimýri í Reykjavík aðfaranótt 23. júlí. Við könnun á staðnum kom í ljós að spenntur hafði verið upp stór gluggi á austurhlið hússins. Einnig hafði verið spenntur upp gluggi á norðurhlið á skrifstofu skólastjóra og þar farið inn. Ennfremur þriðji glugginn á norðurhlið á kennarastofu. Á skrifstofu skólastjóra höfðu verið spenntar upp læstar hurðir á skáp og rótað þar. Einnig farið í aðrar hirslur, svo sem skápa og skrifborð, en einskis var saknað þaðan. Þá hafði verið spennt upp skrifborðsskúffa á skrifstofu skólans og læstur peningakassi. Ekki var talið að neinu hefði verið stolið.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni á Akureyri þann 25. júlí 1985 viðurkenndi ákærði að vera valdur að framangreindu innbroti og skýrði nánar svo frá, að þeir (sic) hefðu gengið frá Reykjavík í átt að Kópavogi á mánudagskvöldi. Á leiðinni hafi þeir farið framhjá Heyrnleysingjaskólanum rétt við Fossvogskirkju. Þar hafi þeir séð opinn glugga á jarðhæð skólans og ákveðið í sameiningu að fara þar inn, sem þeir hafi síðan gert. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við fórum um allan skólann en skemmdum ekki neitt, nema peningabauk sem við fundum þarna inni. Þarna inni stálum við 2-3.000 kr. í seðlum, mest hundrað króna seðlum. Mig minnir að peningar þessir hafi verið í umslagi í peningabauknum sem við skemmdum.“ Framburður T er efnislega á sömu lund.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

B.II.

Sömu nótt og að framan greinir var bifreiðinni Y-20 stolið úr Kópavogi. Ákærði viðurkenndi í yfirheyrslu hjá lögreglunni á Akureyri þann 25.júlí 1985 að hafa framið þann verknað ásamt T. Skýrði ákærði svo frá, að eftir að þeir yfirgáfu Heyrnleysingjaskólann hafi þeir farið inn í Kópavog þar sem þeir hafi fundið rauða Lada station bifreið með straumlyklunum í. Hafi hún staðið í einhverju nýbyggingahverfi. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við ákváðum að taka þennan bíl og settumst inn í hann og T gangsetti hann og ók af stað í átt til Akureyrar, en er við komum upp í Mosfellssveit skiptum við og ég tók við akstrinum. Mig minnir að kl. hafi verið um 02:00 er við fórum inn í Heyrnleysingjaskólann og um 05:00 á þriðjudagsmorguninn er við tókum Lada bílinn í Kópavogi. Ég ók svo bifreiðinni langleiðina upp í Hvalfjörð, en þá tók T aftur við. Við Hvalstöðina í Hvalfirði bilaði svo bensíngjöfin á bifreiðinni. Reyndum við að gera við hana og tókst það

en T missti svo bifreiðina út fyrir veginn svo að við komum henni ekki upp á veginn aftur. Við skildum svo bifreiðina eftir þarna í Hvalfirðinum og þá hefur klukkan líklega verið um 07:00 á þriðjudagsmorguninn." Framburður T var efnislega samhljóða framburði ákærða, en ákærði hefur staðfest framburð sinn hér fyrir dóminum.

B.III.

Miðvikudaginn 24. júlí 1985 kl. 15:38 var lögreglunni á Akureyri tilkynnt að brotist hefði verið inn í Trésmiðjuna Haga, Óseyri 4 á Akureyri þá nóttina áður. Við rannsókn á staðnum virtist hafa verið farið inn um glugga á austurálmu hússins. Fataskápar starfsfólks höfðu verið opnaðir, þá hafði peningaskápur í herbergi syðst í suðurálmu verið opnaður og teknar þar ca 40.000 krónur úr ólæstum peningakassa sem var inni í honum. Einungis hafði reiðufé verið tekið úr kassanum en ávísanahefti, ávísanir og smápeningar skilið eftir.

Ákærði og T viðurkenndu í yfirheyrslu hjá lögreglu að hafa framið framangreint innbrot og skýrði ákærði svo frá, að þeir hefðu um miðnætti verið staddir úti á Óseyri. Hafi þeir þá veitt athygli opnum glugga á einni byggingunni sem þar er. Þeir hafi síðan ákveðið í sameiningu að fara þarna inn og gert það með því að skríða inn um gluggann. Hafi þeir þurft að reisa upp fleka sem þarna voru til þess að ná upp í gluggann. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Við fórum svo inn um allt húsið og fundum peningaskáp þar inni. T tókst að spenna hann upp með skrúfjárni. Inni í skápnum fundum við svo lítinn peningakassa sem var opinn. Úr honum tókum við kr. 48.000 í seðlum, mest eitt þúsund króna seðlar. Ávísanir og ávísanahefti sem þarna var létum við svo vera." Framburður T er efnislega samhljóða.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreindan framburð sinn.

B.IV.

Þann 24. júlí 1985 var tilkynnt á lögreglustöðina á Akureyri að brotist hefði verið inn á Trésmíðaverkstæði Aðalgeirs og Viðars við Furuvelli 5. Við rannsókn á staðnum kom í ljós að hurð hafði verið brotin upp með því að stinga upp skrána og sparka síðan í hana, en hurð þessi lá að lager verkstæðisins. Ekki varð í fljótu bragði séð að neinu hefði verið stolið. Ekki varð séð hvernig komist hefði verið inn í húsið.

Ákærði og T hafa viðurkennt framangreindan verknað í yfirheyrslu hjá lögreglu. Skýrði ákærði svo frá, að áður en þeir brutust inn í hús Haga á Óseyri, sem að framan er getið, hafi þeir farið niður í Furuvelli, þar sem þeir hafi farið inn á Trésmíðaverkstæði Aðalgeirs og Viðars. Þeir hafi farið þar inn með því að skrúfa úr glugga á klósetti sem er á jarðhæð.

Hafi T átt hugmyndina að því. Þar inni hafi þeir engu stolið en þeir hafi leitað að verðmætum um allt húsið.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framangreinda skýrslu sína og T hefur skýrt frá atvikum efnislega á sama hátt hjá lögreglu.

B. V.

Þann 24. júlí 1985 kl. 08:10 var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um að brotist hefði verið inn í fyrirtækið Prentverk Odds Björnssonar, Tryggvabraut 18 - 20 Akureyri þá nóttina áður. Við skoðun á staðnum kom í ljós að búið var að brjóta loftræstirist sem er fast við dyr að kyndiklefa hússins. Einnig var búið að brjóta loftræstirist að dyrum í geymslu í kjallara hússins. Hægt var að teygja höndina í gegnum gatið og opna þannig hurðirnar. Í fljótu bragði varð ekki séð að neinu hefði verið stolið.

Ákærði og T viðurkenndu í yfirheyrslu hjá lögreglu, að hafa framið verknað þennan. Ákærði skýrði svo frá, að eftir að þeir félagar hefðu yfirgefið trésmíðaverkstæði Aðalgeirs og Viðars hefðu þeir farið inn í annað hús sem er þar rétt hjá. Það hafi þeir gert með því að brjóta loftræstiristar sem voru í kjallaranum. Þeir hefðu síðan getað opnað dyrnar með því að teygja hendurnar inn um götin á ristunum. Þeir hafi ekki komist lengra inn í húsið en í geymslu og einhvern kyndiklefa í kjallara. Þeir hafi ekkert tekið þarna og ekkert skemmt nema ristarnar. Framburður T er efnislega samhljóða.

Ákærði hefur staðfest framburð sinn hér fyrir dóminum.

B. VI.

Þann 24. júlí 1985 var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um að bifreiðinni A-9983 hefði verið stolið þá nóttina áður frá Langholti 12 á Akureyri. Sama dag var lögreglunni tilkynnt að bifreiðinni A-9269 hefði verið stolið frá Þelamerkurskóla sömu nótt. Þennan sama dag fannst bifreiðin A-9983 á bifreiðastæði sunnan við skólahús Þelamerkurskóla í Hörgárdal. Daginn eftir eða 25. júlí fannst bifreiðin A-9269 við afgreiðslu Akraborgar á Akranesi.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu viðurkenndu ákærði og T að hafa stolið framangreindum bifreiðum í téð sinn og skýrði ákærði svo frá, að þegar þeir voru búnir að brjótast inn á Óseyri hefðu þeir farið gangandi heim til sín. Á leiðinni hafi þeir séð græna Lada fólksbifreið og séð að straumlásyklarnir voru í henni. Þeir hafi ákveðið að stela bifreiðinni og fara á henni til Reykjavíkur og hafi T átt hugmyndina að því. Þeir hafi síðan fyrst farið gangandi heim til ákærða þar sem þeir hefðu fengið sér að borða. Síðan hafi þeir farið aftur til baka að bifreiðinni, en þá hafi klukkan verið á milli 02:00 og 03:00. Þeir hafi farið upp í bifreiðina og ekið af stað rakleiðis

út úr bænum í átt til Reykjavíkur. Nánar skýrði ákærði svo frá: „Er við vorum komnir að Þelamerkurskóla rétt norðan Akureyrar var Ladan sem við vorum á að verða bensínlaus. Við stoppuðum þá við skólann og ákváðum í sameiningu að reyna að taka annan bíl. Þarna við skólann fundum við svo Subaru station bíl með lyklunum í. T ók svo af stað á Subaru bílnum í átt til Reykjavíkur. Ég tók svo við akstrinum í Varmahlíð og ók til Blönduóss en þá tók T aftur við og ók til Borgarfjarðar þar sem ég tók aftur á ný við og ók síðustu leiðina til Akraness, en þar skildum við bílinn eftir þar sem Akraborgin fer til Reykjavíkur.

Framburður T er efnislega samhljóða framburði ákærða, en ákærði hefur staðfest framburð sinn hér fyrir dóminum.

B. VII.

Sama dag og að framan greinir var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um að farið hefði verið inn í tvær bifreiðar sem staðið hefðu á túni sunnan við Þelamerkurskóla. Önnur bifreiðin var A-7734 og var talið að úr henni hefði horfið peningaveski með u.þ.b. 1.500 krónum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu viðurkenndu ákærði og T að hafa farið inn í téða bifreið og stolið umræddu peningaveski. Skýrði ákærði svo frá fyrir lögreglu, að er þeir voru staddir við Þelamerkurskóla hafi T tekið veski, brúnt venjulegt seðlaveski úr einhverri bifreið. Í veski þessu hafi verið u.þ.b. 1.200 - 1.300 krónur. T skýrði efnislega eins frá og ákærði. Hann taldi að í veskinu hefðu verið á milli 1.000 og 2.000 krónur.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum staðfest framburð sinn.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, þykja brot ákærða nægjanlega sönnuð eins og þeim er í ákærum lýst og varða þau við þargreind lagaákvæði.

Ákærði hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1985 á Akureyri. Uppvís að brotum g. 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hgl. Ákæru frestað skb. 2 ár frá 5/9 1985.

1985 03.10. á Akureyri. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 12 mán. frá 3/10 1985.

Rétt þykir, einkum með hliðsjón af aldri ákærða, að fresta ákvörðun um refsingu hans skilorðsbundið, þannig að hún falli niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Í málinu hafa komið fram eftirtaldar bótakröfur:

1. Frá Rósu Randversdóttur, Þelamerkurskóla, Eyjafirði kr. 1.400,00.
2. Frá Haga hf., Akureyri kr. 37.900,00.

Kröfum þessum er eigi andmælt af hálfu ákærða og ber að dæma hann til greiðslu þeirra ásamt dómvöxtum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja til greiðsludags. Auk framangreindra bótakrafna hafa komið fram nokkrar bótakröfur frá ýmsum aðilum í Hveragerði sem ákærði hefur viðurkennt að hafa framið (sic). Þar sem ákærði hefur ekki verið ákærður fyrir brot þessi verður eigi um þessar kröfur fjallað í þessu máli. Að lokum ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Sveinbjörns Sverrissonar, er frestað og fellur niður að liðnum tveim árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði Rósu Randversdóttur kr. 1.400,00 og Haga hf. kr. 37.900,00, hvort tveggja ásamt dómvöxtum frá uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 25. september 1986.

Nr. 151/1985. **Háskóli Íslands**
(Jóhannes L.L. Helgason hrl.)
gegn
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
(Gestur Jónsson hrl.)

Verkfall. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. júní 1985. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða 314.609,00 krónur með dómvöxtum frá 1. nóvember 1984 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að dómkrafan verði lækkuð og málskostnaður þá felldur niður.

Rektor Háskóla Íslands er yfirmaður stjórnsýslu skólans, samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 77/1979. Hvorki stóðu ákvæði laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja né ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 eða aðrar réttarreglur í vegi fyrir því, að honum væri heimilt að opna hús háskólans, svo að fullnægt yrði þar lögbundinni starfrækslu samkvæmt 1. gr. laga nr. 77/1979, enda þótt hafið væri allsherjarverkfall stefnda. Ágreiningslaust er, að kennslu þá, sem hér um ræðir, skyldu kennarar, er stóðu utan samtaka stefnda, inna af hendi. Aðgerðir á vegum stefnda til að koma í veg fyrir aðgang nemenda og kennara að húsakynnum háskólans og hindra þannig lögboðna kennslu voru því ólögmætar. Ber stefndi af þeim sökum fébótaábyrgð á því tjóni er áfrýjandi varð fyrir.

Áfrýjandi telur tjón sitt nema 314.609,00 krónum, sem er, auk launatengdra gjalda, sú fjárhæð, er hann þurfti að greiða stundakennurum samkvæmt samningum fyrir þær kennslustundir er niður

féllu dagana 4.—9. október 1984 vegna hinna ólögmætu aðgerða á vegum stefnda.

Fjárhæð þessi hefur ekki sætt reikningslegum andmælum. Hún er studd fullnægjandi gögnum og þar sem ekki verður talið að áfrýjandi hafi átt rétt á því að fá kennslu þessa síðar innta af hendi á niðursettu verði, ber að taka kröfu áfrýjanda til greina að fullu auk vaxta, svo sem í dómsorði greinir.

Eftir þessum málalokum verður stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 130.000,00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, greiði áfrýjanda, Háskóla Íslands, 314.609,00 krónur með dómvöxtum frá 1. nóvember 1984 til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstaretti samtals 130.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Guðmundar Skaftasonar.

Við erum sammála meirihluta dómara um að aðgerðir þær sem stefndi stóð fyrir við Háskóla Íslands 4.-9. október 1984 hafi verið ólögmætar og að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni sem áfrýjandi varð fyrir af þeim sökum.

Stefndi hefur mótmælt því að áfrýjandi hafi orðið fyrir tjóni. Hann hefði orðið að greiða kennslulaunin hvort sem var og hann hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir aukakostnaði vegna aðgerða þeirra sem stefndi stóð fyrir. Þá er því haldið fram til vara að fjárhæð dómkröfu áfrýjanda sé of há. Launagreiðslurnar séu bæði greiðsla fyrir kennslustundir og undirbúning kennara fyrir þær. Sá undirbúningur hljóti að hafa nýst síðar.

Menntamálaráðherra staðfesti 19. nóvember 1982 reglur um greiðslur fyrir stundakennslu í Háskóla Íslands. Er 1. gr. þeirra svohljóðandi:

„1. Kennslustundir í stundakennslu skulu metnar til vinnustunda samkvæmt eftirfarandi reglum, sbr. og reglur um mat á vinnu fastra kennara:

Til *fjögurra* vinnustunda metast fyrirlestrar og sérlega undirbúningsfrekir umræðufundir (seminör).

Til *þriggja* vinnustunda metast almennir umræðufundir, dæmatímar, verklegar æfingar og tungumálakennsla að því leyti sem ekki er um sjálfstæða fyrirlestrarkennslu að ræða.

Til *tveggja* vinnustunda skal meta endurtekna kennslu og aðra kennslu, sem krefst hliðstæðs undirbúnings.

Til *einnar* vinnustundar skal meta kennslu, sem ekki krefst undirbúnings (viðvist).

Fyrirvari varðandi gildi framangreindra reglna er gerður um kennslu í námsefni, sem að öðru jöfnu fellur undir menntaskólastig, en kennt er í háskólanum vegna sérstakra inntökueða forprófsskilyrða einstakra háskóladeilda, sbr. bréf fjármálaráðuneytis, dags. 16. nóvember 1972."

Er því haldið fram af stefnda að kostnaður áfrýjanda við að kaupa kennslu í stað þeirrar sem féll niður nemi samkvæmt þessum reglum um helmingi af fjárhæð dómkröfu áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur ekki gert grein fyrir því hvernig nemendum voru bættar kennslustundir í stað þeirra sem féllu niður vegna aðgerða stefnda, en telja verður að áfrýjandi hafi orðið fyrir tjóni. Með hliðsjón af framangreindu teljum við það hæfilega ákveðið 157.304,50 krónur. Við teljum að málskostnaður eigi að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. maí 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 3. maí sl., höfðaði Jóhannes L. L. Helgason hrl., Tjarnargötu 4, Reykjavík, fyrir hönd Háskóla Íslands, nnr. 3808-0040, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. október 1984, gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, nnr. 0950-5164.

I.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 314.609,00 með dómvöxtum frá 1. nóvember 1984 til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að honum (sic) verði tildæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara er þess krafist að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og málskostnaður felldur niður.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Hinn 4. október 1984 kom til boðaðs allsherjarverkfalls stefnda. Meðal þeirra sem verkfall þetta tók til voru húsverðir í störfum hjá Háskóla Íslands, þ.e. í aðalbyggingu Háskólans, Lögbergi, Árnagarði og húsum verkfræði- og raunvísindadeildar. Húsverðirnir eru félagar í starfsmannafélagi ríkisstofnana sem er eitt aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Hinn 18. september 1984 leitaði stefnandi til kjaradeilunefndar með ósk um það m.a. að húsvörðum Háskóla Íslands yrði gert skylt að starfa kæmi til boðaðs verkfalls. Erindinu fylgdi síðar listi með nöfnum og starfsheitum þeirra einstaklinga sem beiðnin náði til. Hinn 3. október 1984 úrskurðaði kjaradeilunefnd að húsverði aðalbyggingar Háskóla Íslands væri skylt að starfa kæmi til verkfalls, en starf húsvarðarins var bundið við nauðsynlega öryggisvörslu.

Að morgni 4. október 1984 opnaði rektor Háskóla Íslands, Guðmundur Magnússon, framantalin hús, en kennsla skyldi hefjast í húsunum kl. 8:15. Er nemendur og kennarar komu til skóla þennan morgun voru húsin opin en verkfallsverðir BSRB stóðu fyrir dyrum og meinuðu fólki inngöngu. Í aðalbyggingu Háskólans fór þó nokkur kennsla fram svo og í húsum verkfræði- og raunvísindadeildar.

Hinn 9. október 1984 var af hálfu stefnanda sótt um það til verkfallsnefndar stefnda að húsvörðum Háskóla Íslands yrði veitt undanþága til þess að sinna störfum sínum svo að full kennsla mætti fara fram í deildum og námsbrautum Háskóla Íslands. Sama dag var umbeðin undanþága veitt.

Mál þetta höfðar stefnandi til heimtu skaðabóta úr hendi stefnda og er skaðabótakrafan samanlögð sú fjárhæð sem stefnandi greiddi 1. nóvember 1984 til stundakennara skólans fyrir þær kennslustundir, sem þeir gátu ekki kennt dagana 4. - 9. október 1984 vegna aðgerða verkfallsvarða stefnda auk launatengdra gjalda vegna þessa.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að verkfallsverðir hafi hindrað það dagana 4. - 9. október 1984 að Háskóli Íslands gæti haldið uppi kennslu fyrir stúdenta skv. l. nr. 77/1979. Eigi að síður hafi stefnandi orðið að greiða laun fyrir þær kennslustundir sem ekki nýttust. Óhjákvæmilegt verði að greiða stundakennurum sérstaklega fyrir aukakennslu ef stúdentar

eigi að fá þá kennslu sem til stendur. Aðeins sé krafist bóta vegna stundakennslu en ekki vegna kennslu fastráðinna kennara, enda sé þess vænst að fastir kennarar skólans bæti stúdentum kennslumissinn án sérstakrar aukagreiðslu.

Aðgerðir verkfallsvarða BSRB við hús Háskóla Íslands hafi verið með öllu löglausar. Þeir hafi hindrað með valdi að kennarar og stúdentar gætu gengið um opnar dyr húsanna og sinnt störfum sínum. Hafi þetta fólk þó ekki verið bundið af verkfallsboðun BSRB um störf sín. Hús stefnanda séu meira en kennsluhúsnæði. Þar séu m.a. vinnuherbergi kennara og annarra starfsmanna, lesstofur, bókasöfn o.s.frv. Margir starfsmenn stefnanda hafi lyklavöld að þessum húsum og gangi þar um að vild sinni og opni fyrir öðrum ef því sé að skipta. Hlutverk húsvarða í þessu efni sé það eitt að fylgjast með því að húsin séu opin á fyrirmæltum opnunartíma og læst þess utan. Það sé óumdeilt að húsverðir þurfi ekki að sinna þessum skyldum sínum í verkfalli sem löglega hafi verið boðað. Hitt sé fjarri lagi að aðrir starfsmenn missi í raun lyklavöld sín í verkfalli húsvarða. Það sé skoðun stefnanda að rektor, sem að lögum sé yfirmaður stjórnsýslu stefnanda, geti hvenær sem er gripið inn í störf annarra starfsmanna skólans sem hann beri ábyrgð á og beri raunar skylda til þess þegar starfsmaður gegni ekki starfi sínu af hvaða ástæðu sem er, enda sé ekki um að ræða störf sem sérstaka heimild eða löggildingu þurfi að landslögum til þess að rækja.

IV.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að verkfallið, sem varð tilefni þessa máls, hafi verið löglegt sbr. 18. gr. laga nr. 28/1976. Það muni óumdeilt að það sé starfsskylda húsvarða Háskólans og á þeirra verksviði að opna hús Háskólans að morgni og loka þeim að kvöldi.

Aðrir starfsmenn stefnanda hafi ekki þessa starfsskyldu. Hins vegar hafi margir starfsmenn stefnanda og reyndar einstaka stúdentar einnig lykla að húsunum og geti gengið þar um að vild sinni utan venjulegs opnunartíma skólans. Þessir aðilar hafi ekki það starf að annast húsvörslu og breyti þar engu hvort þeir stöku sinnum hafi hleypt öðrum inn í skólahúsnæðið í skjóli lyklavalda sinna. Það sé því á starfssviði húsvarða og engra annarra starfsmanna stefnanda að opna húsnæði stefnanda til almennrar notkunar og að loka því að vinnudegi loknum. Þetta hafi stjórnendum stefnanda verið vel ljóst áður en verkfallið hófst og hafi þeir því sótt um undanþágu til kjaradeilunefndar fyrir húsverði. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 29/1976 sé það kjaradeilunefndar að ákveða hvaða störf skuli unnin í verkfalli opinberra starfsmanna. Aðrar undanþágur en hún veiti séu ekki heimilar nema aðilar kjaradeilunnar semji um slíkt. Úrskurður kjaradeilunefndar hafi verið

sá að synjað var um undanþáguna nema hvað takmörkuð eignavarsla var úrskurðuð. Samkvæmt úrskurði kjaradeilunefndar hafi verkfallið því náð til allra annarra starfa húsvarða en öryggisvörslu.

Spurningin sé hvaða heimild aðrir aðilar, sem ekki séu í verkfalli, hafi til þess að ganga inn í störf verkfallsmanna. Í 18. gr. laga nr. 80/1938 segi að þegar vinnustöðvun hafi verið löglega hafin sé þeim, sem hún að einhverju leyti beinist gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda sem að vinnustöðvuninni standa. Um kjarasamninga BSRB gildi að vísu sérstök lög þannig að gæta verði varkárni í því að beita reglum laga nr. 80/1938 um verkfall sem boðað sé á grundvelli laga nr. 29/1976. Það verði þó að telja vafalaust að sú meginregla eigi við að vinnuveitandanum sé óheimilt með aðstoð félaga í öðrum stéttarfélögum að koma í veg fyrir áhrif vinnustöðvunarinnar með því að láta þá ganga í störf verkfallsmanna. Verði að líta svo á að sú meginregla sem víðast hvar hafi verið viðurkennd um framkvæmd verkfalla eigi við, þ.e. að starfsskyldur annarra starfsmanna á vinnustaðnum en þeirra sem eru í verkfallinu eigi hvorki að aukast né minnka í verkfallinu. Samkvæmt því hafi öðrum starfsmönnum stefnanda verið óheimilt að ganga inn í störf húsvarðanna í verkfalli þeirra.

Annar skilningur á inntaki verkfallsréttarins fái ekki staðist. Það væri til lítils að heimila ríkisstarfsmönnum að gera verkfall ef yfirmennirnir eða aðrir launþegar á vinnustaðnum, sem ekki séu í verkfalli, mættu ganga inn í störf þeirra og afstýra eða draga mjög úr áhrifum verkfallsins. Sá geti ekki hafa verið tilgangur löggjafans með verkfallsheimildinni. Verkfall sé vopn sem ætlað sé að beita til þess að þvinga gagnaðilann til samninga um betra kaup og kjör sbr. 18. gr. laga nr. 29/1976. Þess vegna sé það meginregla að ekkert megi aðhafast til þess að slæva það vopn.

Um framkvæmd verkfalla séu íslensk lög fáorð. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn megi lögregla ekki hafa afskipti af verkföllum. Af því leiði að löggjafinn hafi sett framkvæmd verkfalla í hendur deiluaðilum. Að sjálfsögðu verði báðir aðilar að halda sig innan ramma réttra leikreglna við þá framkvæmd og bera á því fulla ábyrgð. Frá upphafi verkfallsréttarins hafi stéttarfélögin sjálf annast verkfallsvörslu. Byggi sú framkvæmd á langri og öruggri venju. Markmið verkfallsvörslunnar sé að koma í veg fyrir að verkfallsbrot séu framin, þ.e. að aðrir aðilar utan verkfallsins gangi í störf verkfallsmanna. Verkfallsvarsla stefnda hafi beinst að því að aðrir starfsmenn stefnanda gengju ekki í störf húsvarðanna.

Ekki hafi verið reynt að hindra þá einstaklinga, kennara eða stúdenta sem höfðu lyklavöld, í því að fara um húsnæði Háskólans. Verkfallsvarslan hafi beinst að því að koma í veg fyrir að þessir aðilar opnuðu húsakynni Háskólans til almennrar notkunar. Með því hefði verið gengið í störf hús-

varðanna. Því hafi hér verið um að ræða fullkomlega lögmæta aðgerð stéttarfélagsins.

Af hálfu stefnda er tekið fram, að stefnukröfunni sé ekki reikningslega mótmælt. Hins vegar er forsendum hennar mótmælt og hún talin of há. Á dskj. 12 og 13 séu bréf er varði framsetningu skaðabótakröfu stefnanda. Komi m.a. fram á dskj. 13, að greiðsla til stundakennara sé bæði umbun fyrir sjálfan fyrirlesturinn og undirbúning undir hann sem venjulegast fari fram utan húsnæðis stefnanda, þessi undirbúningur nýtist að sjálfsögðu í síðari fyrirlestrum þannig að fjártjón stefnanda geti ekki numið þeirri fjárhæð sem stefnukrafan geri ráð fyrir. Þá hafi verkfallsvörslu ekki verið haldið uppi nema til hádegis þann 9. október 1984.

V.

Álit dómarans.

Lögmenn aðila eru sammála um það að verkfallsvörslu við byggingar stefnanda hafi verið hætt um hádegi 9. október 1984. Það er óumdeilt að stefnandi hafi hinn 1. nóvember 1984 greitt stefnufjárhæðina til stundakennara skólans fyrir þær kennslustundir sem þeir gátu ekki kennt dagana 4. október 1984 til hádegis 9. sama mánaðar.

Með lögum nr. 29/1976 var stefnda fyrst veitt heimild til þess að gera verkföll. Ekki eru í lögunum ákvæði um verkfallsvörslu og lögin fáorð um framkvæmd verkfalla. Í 26. gr. laganna segir að þótt löglegt verkfall sé hafið sé starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu. Kjaradeilunefnd ákveður hvaða einstakir menn skuli vinna í verkfalli.

Þegar lög nr. 29/1976 voru sett hafði skapast viss hefð um framkvæmd verkfalla og verkfallsvörslu á tímanum frá því að lögin um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 voru sett. Þykir því verða að telja að um þau atriði, sem ekki eru sérstök ákvæði í lögum nr. 29/1976, skuli farið eftir þeim reglum sem farið hefur verið eftir í verkföllum, það er m.a. að hlutaðeigandi stéttarfélag veiti sjálft undanþágu frá verkfalli og annist verkfallsvörslu sbr. 10. gr. laga nr. 56/1972.

Á dskj. 5 og 6 eru talin helstu verkefni húsvarða stefnanda og meðal daglegra verkefna er m.a. talið að opna húsin að morgni, loftræsa eftir þörfum (opna glugga o.s.frv.), setja hitunartæki á dagstillingu, hleypa straumi á rafkerfi og ganga frá húsum að kvöldi, þ.e. setja hitunarkerfi á næturstillingu, gæta þess að gluggar séu lokaðir, taka rafstraum af húsum og læsa dyrum.

Þegar litið er til tilgangs verkfallsheimildar stefnda skv. 18. gr. laga nr. 29/1976, þ.e. að vinna að framgangi krafna sinna í deilu um aðalkjarasamning, þá verður ekki talið að verkfallsvörðum stefnda hafi verið

óheimilt að reyna að koma í veg fyrir að rektor Háskóla Íslands eða aðrir starfsmenn stefnanda gengju í störf húsvarðanna með því að opna húsin til almennra nota. Enda hafði ekki verið óskað eftir undanþágu frá verkfalli fyrir húsverðina til stefnda en fram er komið að stefndi veitti undanþágu þessa strax og eftir henni var óskað. Opnun húsanna að morgni hefði væntanlega haft í för með sér frekari störf af verksviði húsvarða, a.m.k. að ganga frá húsunum að kvöldi. Þá hefðu starfsskyldur starfsmanns eða starfsmanna stefnanda sem ekki voru í verkfalli aukist, en það er brot á þeirri reglu að í verkfalli eigi starfsskyldur þeirra, sem ekki eru í verkfalli hvorki að aukast né minnka.

Niðurstaða málsins verður því sú að stefnandi hafi ekki sýnt fram á ólögmæta verkfallsvörslu stefnda og verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 58.000,00.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist nokkuð vegna veikinda dómarans sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Háskóla Íslands, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 58.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. september 1986.

Nr. 235/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Sparisjóði Kópavogs og
Skiptaráðandanum í Reykjavík
f.h. þrotabús Árna Björgvinssonar

Kærumál. Hald á skjölum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Varnaraðilar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. f.m., er barst Hæstarétti 27. f.m. og krafist þess að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og þeim tildæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Greinargerð ríkissaksóknara, sem barst Hæstarétti 23. þ.m., fylgdu ljósrit af þeim sjö veðskuldabréfum sem um ræðir í máli þessu svo og endurrit framhaldsrannsóknar sem fram fór 17. og 19. þ.m., en þá komu fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins Árni Björgvinsson, Vilhjálmur Sigurðsson Heiðdal og Sigurlaug Barðadóttir bankafulltrúi.

Samkvæmt greinargerð ákæruvalds beinist rannsókn málsins nú, auk rannsóknar á viðskiptum Jóhönnu Lúcindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal og Kristjönu Guðmundsdóttur, að því „hvernig tilkomið er eignarhald kærða Árna Björgvinssonar og síðar Sparisjóðs Kópavogs á umræddum sjö veðskuldabréfum svo og ætluð fölsun á framsölum þessara sjö veðskuldabréfa, þar sem upphaflegum ódagsettum eyðuframsölum Jóhönnu Heiðdal er sýnilega breytt í nafnframsöl til Árna Björgvinssonar en á þeim fölsunum á framsalsárituunum svo og síðari handveðsetningu leiða kærðu formlegan rétt sinn til innheimtu veðskuldabréfanna."

Ætla má að umrædd sjö veðskuldabréf hafi sönnunargildi við rannsókn þá sem fram fer á framsölum þeirra til Árna Björgvinssonar og handveðsetningu þeirra til Sparisjóðs Kópavogs og þar sem ekki er loku fyrir það skotið, að bréfanna hafi verið aflað á refsi-

verðan hátt, þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Krafa um kærumálskostnað verður ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sératkvæði
Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt gögnum málsins afhenti Jóhanna Lúcinda Vilhjálmsdóttir Heiðdal Árna Björgvinssyni umrædd sjö veðskuldabréf. Hann setti öll bréfin Sparisjóði Kópavogs að handveði fyrir skuld, en ekki einungis fjögur þeirra svo sem ranghermt er í hinum kærða úrskurði. Gögn málsins gefa eigi til kynna að varnaraðilar séu að bréfunum komnir með ólögmætum hætti. Eigi verður séð að krafa muni gerð um upptöku bréfanna og óþarft er að halda þeim lengur vegna sönnunargildis þeirra, enda kæmu ljósrit eða afrit af þeim að sama haldi. Að mínu áliti brestur því heimildir 43. gr. laga nr. 74/1974 til þess að bréfunum verði haldið og ætti að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og dæma varnaraðilum kærumálskostnað úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Ólafsvíkur 30. júní 1986.

Með kröfu RLR ásamt greinargerð dags. 23. júní 1986, og kröfu dags. 09.12.'85, hefur þess verið krafist að Rannsóknarlögreglu ríkisins verði með úrskurði heimilað að leggja hald á 7 verðtryggð veðskuldabréf, öll útgefin 4. ágúst 1983, hvert að fjárhæð kr. 50.000,00 að höfuðstól með veði í fasteigninni nr. 17 við Vallholt í Ólafsvík, 4. og 5. veðrétti, móttekin til þinglýsingar þann 8. ágúst 1983 með litra-númerum embættis bæjarfógetans í Ólafsvík, nr. 1127/1983 til 1129/1983 og 1132/1983 og 1135/1983.
Skuldari bréfanna er Kristjana Guðmundsdóttir, nnr: 5903-0582, og kröfuhafi Jóhanna J. Heiðdal, nafnnúmer: 5026-5846. Bréf þessi eru í vörslu embættis sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetans í Ólafsvík vegna nauðungaruppboðs á umræddri fasteign að Vallholti 17, Ólafsvík. Bréfin voru send embættinu af Gunnari Jónssyni lögfr. f.h. Sparisjóðs Kópavogs.

Vísað er til 43. gr. l. nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og krafan um heimild til að leggja hald á framangreind veðskuldabréf gerð í þágu

rannsóknar RLR-málsins nr. 106/1984, sem fram fer vegna gruns á fjárdrætti og/eða umboðssvikum, fjársvikum og brots á 39. gr. l. nr. 13, 1979. Rannsóknin fer fram vegna kæru Arnmundar Bachmans hrl. f.h. útgefanda bréfanna, Kristjönu Guðmundsdóttur, Ásbúð 52, Garðabæ, en kæran barst Rannsóknarlögreglu ríkisins 12. janúar 1984.

Málsatvik eru þau, að 29. júlí 1983 gerðu fyrrnefndar Kristjana Guðmundsdóttir og Jóhanna J. Heiðdal með sér kaupsamning um heildverslun Jóhönnu Heiðdal ásamt vörulager, tækjum og umboðum.

Samkvæmt samningnum fylgdu eftirtalin umboð með í kaupunum:

a) Mary Quant snyrtivörur,
b) Cutrin hársnyrtivörur,
c) Vagabond snyrtitöskur,
d) Gillgruist & Sons baðsnyrtivörur,
e) Nylon housery (sokkabuxur o.fl.),
f) Dolares Hats, M.Q. slæður,
g) Pictutarial sápur og gjafavara,
h) Christen Sonningbelti,
i) Beujanglas.

Samkvæmt kaupsamningnum lýsti seljandi, Jóhanna J. Heiðdal, því yfir að hún hefði einkaleyfi fyrir umboðunum A-I, en hefði munnlegt einkasöluleyfi fyrir öðrum umboðum. Samningi þessum fylgja skrifleg vottorð frá aðilum, en seljandi skuldbindur sig til að afla skriflegs einkasöluleyfis frá Max Factor (Mary Quant) fyrir 1. desember 1983. Jafnframt lýsti seljandi því yfir að hún muni reyna að afla skriflegra leyfa fyrir öðrum umboðum. Í kaupsamningnum er tekið fram, að kaupanda séu allar skuldbindingar seljanda, Jóhönnu J. Heiðdal, óviðkomandi með öllu. Umsamið kaupverð var kr. 3.500.000,00 og var að öllu leyti greitt með verðtryggðum veðskuldabréfum, upphæð hvers bréfs kr. 50.000,00.

Eftir að kaupsamningurinn var gerður komu í ljós ýmsir erfiðleikar fyrir kaupanda að fá fram efndir hans, m.a. fékk kaupandi aldrei skriflegt einkasöluleyfi frá Max Factor (Mary Quant). Við rannsókn málsins hefur komið fram að seljandinn, Jóhanna J. Heiðdal, hafði ekki neina heimild frá umbjóðanda sínum til að selja umboðið Mary Quant svo sem gert var, og umbjóðandanum hafði ekki verið tilkynnt um söluna. Seljandinn skuldaði Max Factor £10.436,29 og hinn nýi eigandi fyrirtækisins samkvæmt samningnum fékk þar af leiðandi ekki afgreiddar pantanir frá Max Factor eiganda Mary Quant, enda var skuld þessi gjaldfallin þegar kaupsamningurinn var undirritaður.

Við rannsókn málsins hjá RLR hefur enn fremur komið fram, að yfirlýsingar kærðu um árlega veltu fyrirtækisins fengu ekki staðist og vörulager-

inn reyndist að miklum hluta úreltur og óseljanlegur, auk þess sem hann var verðlagður á útsöluverði heildverslunar.

Þá hefur komið fram við rannsókn málsins að kærða hafði ekki í öllum tilvikum óskoraðan rétt til að framselja dreifiumboðin á þann hátt sem gert var samkvæmt samningnum, enda í sumum tilvikum aðeins um viðskiptasambönd að ræða. Við þessa aðila voru einnig óuppgerðar skuldir af hálfu kærðu er torvelduðu frekari viðskipti.

Svo sem fyrr greinir, var umsamið kaupverð heildverslunar Jóhönnu Heiðdal kr. 3.500.000,00 og var að öllu leyti greitt með verðtryggðum veðskuldabréfum. Hvert bréf var að fjárhæð kr. 50.000,00. Meðal þeirra veðskuldabréfa, er kaupverðið var greitt með, eru þau 7 bréf sem krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um hald í þessu máli lýtur að og áður hefur verið lýst. Rannsóknarlögregla ríkisins hefur þegar lagt hald á nokkur bréf, sem voru gefin út vegna þessara viðskipta og notuð hafa verið í lögskiptum. Bréfin, sem krafan um hald lýtur að, eru framhald (sic) með eyðuframsali Jóhönnu J. Heiðdal, andstætt skilyrðum verðtryggingar samkvæmt 39. gr. l. nr. 13/1979.

Kærða í máli þessu, Jóhanna Heiðdal, hefur við yfirheyrslu bæði hjá RLR og fyrir dómi í riftunarmáli, sem höfðað var vegna viðskipta þessara, skýrt frá því að hún hafi afhent Árna Björgvinssyni skuldabréf þau sem krafa er hér gerð um hald á. Kærða Jóhanna heldur því fram að Árni hafi fengið bréfin í hendur í þeim tilgangi að útvega lán fyrir kærðu í Sparisjóði Kópavogs. Hafi Árni átt að hafa notað bréfin í lögskiptum sínum við sparisjóðinn í stað þess að sinna umboðsmennsku fyrir Jóhönnu. Þessi ráðstöfun Árna átti að hafa átt sér stað án vitundar Jóhönnu.

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins kom fram þ. 10.12.'85 að grunur léki á að í málinu út af gerð kaupsamningsins um heildverslun Jóhönnu J. Heiðdal og því fyrirkomulagi, sem haft var við greiðslu kaupverðsins og fyrr hefur verið lýst, tengdust ætluðu broti vegna fjársvika sbr. 248. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Þá kom einnig fram við fyrirtöku málsins þ. 10.12.'85 af hálfu RLR að grunur léki um brot gegn 247. gr. og/eða 249. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 vegna ætlaðra svika Árna Björgvinssonar.

Af gögnum málsins má sjá að nokkuð er á reiki hver sé réttur eiganda veðbréfanna. Sparisjóður Kópavogs hefur komið fram sem formlegur innheimtuaðili þeirra og í greinargerð dómskj. nr. 7. kemur fram að Árni Björgvinsson hefur sett bréfin að handveði til sparisjóðs og þess vegna ritað undir sérstakt skjal sbr. dómskj. nr. 8. Í dómskj. nr. 8. kemur það fram að aðeins fjögur af þeim sjö bréfum, sem krafan um hald fjallar um, eru sett að veði. Samkvæmt uppboðsbeiðni dómskj. nr. 10. eru bréfin hins vegar 7.

Þá kemur fram í dómskj. nr. 7. að Sparisjóður Kópavogs viðurkennir að þrotabú Árna Björgvinssonar sé eigandi bréfanna að geymdum betra rétti sínum samkvæmt handveði.

Samkvæmt dómskj. nr. 13. gerir skiptaráðandinn í Reykjavík f.h. þrotabús Árna Björgvinssonar tilkall til bréfanna.

Framangreindum hugsanlegum eigendum hefur verið gefinn kostur á að tala máli sínu.

Ljóst er að verulegar líkur eru á því að Jóhanna hafi fengið bréfin með sviksamlegum hætti og Árni síðan annaðhvort hugsanlega vitað um hvernig þau voru tilkomin til Jóhönnu, sbr. yfirheyrsluna yfir honum fyrir RLR þ. 21. júní 1984, þar sem hann segist blandast inn í fjármál Jóhönnu og setið þess vegna uppi með stórskuldir, eða hann hefur með ætluðum fjárdrætti og/eða umboðssvikum fengið bréfin frá Jóhönnu. Þess má geta í þessu sambandi að ekki má ætla að þrotabú Árna Björgvinssonar hafi betri rétt en hann sjálfur.

Af ofanrituðu má ljóst vera að verulegar líkur eru á því að bréfanna hafi verið aflað á refsiverðan hátt og má því ætla að þau verði gerð upptæk.

Þá munu frumrit bréfanna og hafa sönnunargildi í málinu.

Af hálfu varnaraðila skiptaráðandans í Reykjavík f.h. þrotabús Árna Björgvinssonar er haldið fram að hugsanlegt sé að sakadómur Ólafsvíkur sé ekki bær um að fjalla um ofanritaða kröfu um hald.

Í rannsókn þessa máls kemur fram grunur um ætlað refsivert athæfi, sem gæti sætt opinberri ákæru. Samkvæmt I, II og VI kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 og samkvæmt XII kafla l. nr. 6/1978 um gjaldþrot þykir ljóst að krafan um hald eigi undir sakadóm Ólafsvíkur og sé hann bær um að úrskurða í máli þessu.

Niðurstaða:

Krafan um hald er gerð í þágu rannsóknar RLR málsins nr. 106/1984 vegna ætlaðra brota samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið og vísað til 43. gr. laga nr. 74/1974.

Fyrir liggur að hin verðtryggðu veðskuldabréf, sem krafan er um að leggja halda á, liggi frammi í uppboðsrétti Ólafsvíkur og eru merkt litra 1127/1983 til 1129/1983 og 1132/1983 til 1135/1983 í uppboðsmálinu nr. 46/1985.

Rétturinn lítur svo á að verulegar líkur séu á því að kærða hafi gert kaupsamning þann, sem fjallað er um í málinu, í sviksamlegum tilgangi bæði hvað varðar óhæfilega hátt verð á heildverslun, tækjum og vörulager.

Þá hafi kærða ekki í öllum tilvikum óskoraðan rétt til að framselja dreifiumboðin á þann hátt sem greindi í kaupsamningnum.

Ennfremur lítur rétturinn svo á með hliðsjón af framansögðum máls-

atvikum að verulegar líkur séu á að um fjárdrátt og/eða umboðssvik hafi verið að ræða hvað varðar þátt Árna Björgvinssonar í málinu.

Af þessu má ljóst vera að verlegar líkur eru á því að bréfanna hafi verið aflað á refsiverðan hátt og má einnig ætla að þau verði gerð upptæk.

Þá munu frumrit bréfanna og hafa sönnunargildi í málinu.

Rannsókn vegna RLR málsins nr. 106/1984 er enn ólokið.

Vegna hinna miklu réttarhagsmuna sem þykja liggja fyrir í máli þessu og í þágu rannsóknar þess, allt samkvæmt ofanrituðu og með vísan til fyrirliggjandi gagna málsins, og þar sem skilyrðum 43. gr. laga nr. 74/1974 um hald þykir vera fullnægt og þar sem nauðsynlegt þykir að frumrit veðskuldabréfanna verði lögð fram við rannsóknina, ber að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um hald og því

úrskurðast:

Rannsóknarlögreglu ríkisins skal vera heimilt að leggja hald á framangreind 7 verðtryggð veðskuldabréf merkt ltr. 1127/1983 til 1129/1983 og 1132/1983 til 1135/1983 í þágu rannsóknar málsins.

Föstudaginn 26. september 1986.

Nr. 250/1984. **Bæjarsjóður Akureyrar**
vegna Hitaveitu Akureyrar
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
þrotabúi Sindrafells h/f
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Endurgreiðsla. Fyrirvari.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardomararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. desember 1984. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og að stefndi

verði dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði uppkveðnum hinn 27. nóvember 1985 í skiptarétti Akureyrar var bú Sindrafells h/f tekið til gjaldþrotaskipta. Hefur þrotabúið tekið við varnaraðild málsins fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeirri athugasemd, að vaxtadaga er ranglega getið í forsendum dómsins, en þeir eru rétt tilgreindir í dómsorði.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 24.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bæjarsjóður Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar, greiði stefnda, þrotabúi Sindrafells h/f, 24.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 2. október 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ.m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, er höfðað með stefnu Þorsteins Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra f.h. Sindrafells hf., nnr. 8126-4554, Draupnisgötu 1, Akureyri, dagsettri 6. apríl 1984 á hendur Helga M. Bergs, bæjarstjóra á Akureyri, f.h. Hitaveitu Akureyrar og er stefnan birt 12. s.m. og málið þingfest sama dag.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi greiði honum kr. 43.600,00 með 19% ársvöxtum frá 15.02. 1984 til þingfestingardags, en vöxtum skv. lögum nr. 56, 1979 frá þ.d. til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ eða málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Málsatvik eru þau í stuttu máli að stefnandi kaupir heitt vatn i húseign sína að Draupnisgötu 1, Akureyri, af stefnda samkvæmt magnhemli. Þann 16.02. 1983 var mælt að tilhlutan stefnda vatnsmagn það er rann um hemil

hússins og reyndist það þá vera 14,8 lítrar á mínútu og var þá hemillinn stilltur á ný þannig að um hann rynni 16,03 lítrar á mínútu eftir stillinguna, en stefnandi keypti af stefnda 16 lítra á mínútu og það vatnsmagn hafði verið keypt allt frá nóvember 1980 er það magn var stillt á hemilinn af stefnda.

Tímabilið 25.08 til 23.09 1983 var lokað fyrir heitt vatn til húss stefnanda af stefnda vegna vanskila stefnanda. Þá keypti stefnandi 10 lítra á mínútu af stefnda af heitu vatni.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hann hafi ekki fengið meira vatn en 14,8 lítra á mínútu afhent frá nóvember 1980 til 16. febrúar 1983, en greitt fyrir 16 mínútulítra á mánuði á þessum tíma eða ofgreitt 33,6 mínútulítra á mánuði svo og beri honum ekki að greiða fyrir þá 10 mínútulítra, er hann aldrei hafi fengið fyrir tímabilið 25.08. til 23.09. 1983 en honum var gert að greiða fyrir og hann greiddi með fyrirvara um endurkröfu. Samtals hafi honum verið gert að greiða fyrir 43,6 mínútulítra á mánuði er hann hafi aldrei fengið og beri stefnda að endurgreiða þá og miðar stefnandi fjárhæð kröfunnar við verð á mínútulítra frá stefnda í febrúar 1984.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þau að stefndi hafi aldrei selt honum meira en 14,8 mínútulítra á mánuði frá nóvember 1980 til 16. febrúar 1983, þar sem ekki hafi meira vatn getað runnið um magnhemilinn frá upphafi og aldrei verið við honum hreyft og ekkert fundist athugavert við hitakerfi stefnanda er mælingin 16. febrúar 1983 var gerð og engin önnur skýring á þessum mun önnur en að magnhemillinn hafi frá upphafi verið rangstilltur af stefnda. Einnig sé stefnda óheimilt að láta hann greiða fyrir vatnsafnot fyrir tímabilið 25.08. til 25.09. 1983 þar sem engin afhending hafi átt sér stað. Telur stefnandi að í viðskiptum hans og stefnda gildi sömu sjónarmið og fram komi í lögum um lausafjárkaup þar sem seljandi eigi ekki rétt á að krefjast greiðslu fyrir vöru sem ekki sé afhent.

Stefndi heldur því fram að ekki sé sannað að stefnandi hafi ekki fengið meira vatnsmagn en 14,8 lítra á mínútu fyrir 16.02. 1983, þó svo að þá hafi það magn mælst, en skýring á því geti t.d. verið sandkorn í blendisgatinu, er ekki hafi sést við mælinguna eða að þrýstingurinn í vatnsæðum í Draupnisgötu hafi verið í lægra lagi er mælingin fór fram. Stefnandi hafi heldur aldrei kvartað um að hann fengi ekki nægjanlegt vatnsmagn og sýni það best hversu óverulegt vatnsmagn um hefði getað munað. Er mælingin hjá stefnanda hafi verið gerð hafi af hálfu stefnda verið farið yfir alla magnhemla í húsum er tengd voru Hitaveitu Akureyrar og hafi u.þ.b. 400 notendur ekki fengið það vantsmagn er þeir voru látnir greiða fyrir, en 930 hafi fengið of mikið. Í þessu sambandi hafi stjórn Hitaveitu Akureyrar sett í þessum mælingamálum þau mörk, að reyndust notendur fá of lítið vatnsmagn yrði reiknað með 10% fráviki og þeim er reyndust fara yfir það

mark verið endurgreitt. Þar sem mæliniðurstaðan hjá stefnanda hafi verið innan þessara marka hafi aldrei komið til að hann fengi greitt. Að visu séu ekki tiltekin slík skekkjumörk í rgj. hitaveitunnar nr. 394, 1977, en á það megi benda að í 2. mgr. 11. gr. rgj. sé fyrirvari um það að hitaveitan sé ekki skuldbundin að tryggja að þrýstingur í vatnsæðum sé ávallt nægjanlegur.

Hvað varðar endurgreiðslukröfu stefnanda er lokað var fyrir vatnið til hans heldur stefndi því fram að ekki skipti máli hvort vatn sé notað eða ekki ef hemill sé stilltur á ákveðið vatnsmagn og vatnssalan sé um magnhemil. Þó svo að lokað sé fyrir afhendingu vatnsins vegna vanskila leysi það ekki notandann undan greiðsluskyldu meðan lokun varir. Benda megi á að t.d. í mörgum reglugerðum fyrir rafveitur sé beint tekið fram að lokun fyrir veitur leysi ekki undan greiðsluskyldu á notkunartímabilinu, sbr. t.d. c-lið 16. gr. rgj. nr. 458, 1979 fyrir Rafveitu Akureyrar. Allt þetta leiði til sýknu stefnda.

Hér fyrir dóminum skýrði vitnið Böðvar Bjarnason, véltæknifræðingur og tæknifulltrúi Hitaveitu Akureyrar, svo frá að margnefnd mæling stefnda hjá stefnanda 16.02. 1983 hafi sýnt hvað hemillinn hafi í mesta lagi getað gefið í gegn af heitu vatni og að allar aðstæður á kerfi Hitaveitunnar hafi verið eðlilegar er mælt var og ekki hafi verið sjáanlegt að neitt hafi verið hróflað við upphaflegum stillingum.

Engin gögn væru til um hvernig upphaflegt vatnsmagn hafði verið ákveðið, en ekkert athugavert hafi komið fram á kerfinu er athugunin fór fram.

Vatnssala í hús stefnanda hafi hafist 14.10. 1980, þá 16 lítrar á mínútu. Vitnið upplýsti að í stillingaherferð hitaveitunnar hafi skekkja verið á stillingu um helmings hemlagrinda, en allar verið athugaðar.

Vitnið Haukur Adolfsson pípulagningarmeistari sagði það álit sitt, sem hann byggði á eigin reynslu og við athugun á mælingu stefnda, að stefnandi hefði aldrei fengið meira vatn inn á hitakerfið en 14,8 ltr.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnda því yfir að ekki væri tölulegur ágreiningur um stefnufjárhæðina.

Niðurstaða dómsins:

Um lögskipti aðilja máls þessa eru ákvæði í reglugerð Hitaveitu Akureyrar nr. 394, 1977 og gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393, 1977 ásamt síðari breytingum svo og í orkulögum nr. 58, 1967. Ekki er þar að finna ákvæði er almennt heimila stefnda gjaldtöku fyrir afnot af heitu vatni sem ekki er látið í té.

Dómurinn telur með vísan til þess er að framan er rakið svo og af öðrum gögnum málsins að telja verði sannað að magnhemill stefnanda hafi frá

upphafi verið ranglega stilltur á of lítið vatnsmagn, þannig að 1,2 mínútulítra hafi vantað uppá það vatnsmagn er hann greiddi fyrir.

Þykir því eðli málsins samkvæmt rétt að taka þennan kröfuþátt stefnanda til greina að fullu.

Varðandi kröfu stefnanda um endurgreiðslu jafnvirðis þeirra 10 mínútulítra er hann greiddi stefnda með fyrirvara, þá er sú krafa stefnanda einnig tekin til greina að fullu þar sem stefnda skortir ótvíræða lagaheimild til slíkrar gjaldtöku.

Samkvæmt þessari niðurstöðu eru því kröfur stefnanda teknar til greina að fullu, þó þannig að stefnda ber að greiða stefnanda 15% ársvexti á stefnukröfuna frá 14.02 1984 til 06.04 s.á. og síðan dómvexti eins og í kröfugerð stefnanda greinir.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 16.564,00.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson aðalfulltrúi ásamt meðdómsmönnum Þóri Jóni Ásmundssyni og Sveini Björnssyni véltæknifræðingum.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f.h. Hitaveitu Akureyrar, greiði stefnanda Sindrafelli hf. kr. 43.600,00 ásamt 15% ársvöxtum frá 15.02. 1984 til 12.04, s.á. en með vöxtum skv. lögum nr. 56, 1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 16.564,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. október 1986.

Nr. 121/1986. **Theodór Nóason**
gegn
Sigurði Georgssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Theodór Nóason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1986.

Nr. 155/1986. **Súsanna Regína Gunnarsdóttir**
gegn
Einari Herbertssyni og
Jóhannesi Gunnarssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Súsanna Regína Gunnarsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1986.

Nr. 156/1986. **Súsanna Regína Gunnarsdóttir**
gegn
Einari Herbertssyni og
Axis, Húsgagnaverslun
Axels Eyjólfssonar hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Súsanna Regína Gunnarsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1986.

Nr. 159/1986. **Erna Sigurjónsdóttir**
gegn
Guðrúnu Guðmundsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Erna Sigurjónsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1986.

Nr. 183/1986. **Hermann Björgvinsson**
gegn
Hinrik Lárussyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hermann Björgvinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1986.

Nr. 184/1986. **Hermann Björgvinsson**
gegn
Ágúst Kristmanns

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hermann Björgvinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1986.

Nr. 185/1986. **Hermann Björgvinsson**

gegn

Jónasi Jóhannessyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hermann Björgvinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1986.

Nr. 190/1986. **Valdimar Erlingsson**

gegn

Millner

Útivistardómur.

Dómur Hæstarettar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Valdimar Erlingsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1986.

Nr. 194/1986. **Hermann Björgvinsson**
gegn
Magnúsi Jónssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hermann Björgvinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1986.

Nr. 214/1986. **Guðni Ingvarsson**
gegn
Staðalhúsum sf. og
Sigurði Kristjánssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðni Ingvarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1986.

Nr. 215/1986. **Guðni Ingvarsson**
gegn
Hjólbarðasólun Hafnarfjarðar hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðni Ingvarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1986.

Nr. 236/1986. **Guðmundur Halldórsson**
gegn
Dánarbúi Thor R. Thors,
Richard Thors, Þórði Thors,
Unni Thors Briem og Jónu Íris Thors

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Halldórsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1986.

Nr. 238/1986. **Sigurður Helgason**
gegn
Dánarbúi Thor R. Thors,
Richard Thors, Þórði Thors,
Unni Thors Briem og Jónu Íris Thors

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Helgason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 2. október 1986.

Nr. 82/1986. **Olíuverslun Íslands hf.**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Er málið kom fyrir dóm í gær var þess krafist af hálfu áfrýjanda að það yrði hafið. Af hálfu stefnda var krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu ber að fella mál þetta niður. Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda 2.500,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, Olíuverslun Íslands hf., greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 2.500,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 2. október 1986.

Nr. 191/1986. **Níels Árnason og**
Kristinn H. Árnason
gegn
Bæjarstjóranum í Hafnarfirði
f.h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðiljar hafa með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 6. maí 1986, er barst Hæstarétti 16. júní s.á.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefjast þeir og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Héraðsdómur hefur vísað máli þessu frá dómi að hluta þar sem hann telur vandkvæði á að leggja dóm á þann þátt málsins eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Eigi þykir rétt, eins og á stendur, að hagga við þessari úrlausn héraðsdóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. apríl 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 21. apríl 1986, hafa Kristinn H. Árnason, Strandgötu 30, Hafnarfirði, nnr. 5800-5142 og Níels Árnason sama stað, nnr. 6613-3644, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 16. október 1985 gegn bæjarstjóranum í Hafnarfirði f.h. bæjarsjóðs, nnr. 3503-3521.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

„Að viðurkennt verði að leiguréttur stefnanda skv. lóðarleigusamningi dags. 16. maí 1903 varðandi lóðina Strandgata 30, Hafnarfirði, nái yfir 18 metra breitt landsvæði frá upphaflegum sjávarvarnargarði allt að stórstraumsfjöruborði, en þó ekki minna landsvæði en merkt er með grænum lit á dskj. 21. Auk þess er krafist málskostnaðar að skaðlausu."

Af hálfu stefnda Hafnarfjarðarbæjar er krafist sýknu af kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati dómsins.

II.

Hinn 16. maí 1903 var lóðin, sem nú er nr. 30 við Strandgötu í Hafnarfirði, leigð á erfðafestu og er henni svo lýst í lóðarleigusamningnum:

„Ég prófastur Jens Pálsson, beneficiarius í Görðum, gjöri kunnugt að jeg hefi leigt einsog jeg hér með leigi herra kaupmanni Sveini Sigfússyni í Hafnarfirði landræmu samastaðar vestan (þ.e. sjávarmegin) við alfaraveginn (sýsluveginn) um Hafnarfjörð *norðan frá* landamerkjalínunni milli Akurgerðislands að sunnan, og Garðakirkjulands norðan Hafnarfjarðarlækjar *suður að* paralellri línu, miðaðri frá lóðarmörkum milli lóðar Kristjáns Guðnasonar og lóðar Sigríðar Pjétursdóttur: er honum leigð landræma þessi frá alfaraveginum og í sjó fram til bryggju og húsabygginga til íbúðar og verslunarafnota og ennfremur réttur til fiskverkunarafnota á svonefndum Krosseyrarmölum, tveim malarblettum við Hafnarfjarðarskipalægi norðanvert."

Ekkert er minnst á flatarmál lóðarinnar í álnum eða fermetrum.

Þá segir í samningnum að afgjald fyrir lóðina sé kr. 20.00 á ári og sé heimilt, sé gjaldið ekki greitt á gjalddaga, að gera fyrir því fjánám í húsum þeim, sem á lóðinni standa, og uns hús verða þar byggð, í eignum leigutaka.

Í samningum þessum segir ennfremur að leigunaut sé heimilt að veðsetja leiguréttinn, selja og afhenda öðrum með fylgjandi húsum og mannvirkjum „með hjer settum skilmálum, en aldrei má hann selja nje afhenda öðrum nokkurn hluta þessa afnotaréttar síns án samþykkis sóknarprestsins í Görðum og nýrra samninga við hann."

Samningur þessi hlaut samþykki stiptyfirvalda 17. nóv. 1903.

Sveinn Sigfússon seldi erfðafesturéttinn samkvæmt ofangreindum samningi Agli Eyjólfssyni, skósmið í Hafnarfirði, og er kaupsamningurinn dagsettur 26. október 1907 og afsal sama dag.

Ekki er minnst á fiskverkunarréttindin á Krosseyrarmölum í samningum þeirra Sveins og Egils, og koma þessi réttindi ekki frekar við sögu í máli þessu.

Egill mun hafa byggt á lóðinni, en með afsali dags. 12. apríl 1910 selur hann Garðari Gíslasyni & Hay húseign sína í Hafnarfirði að stærð 14 x 24 álnir með öllu múr- og naglföstu svo og „lóðarréttindi sem eign þessari fylgir" fyrir umsamið kaupverð kr. 19.000,00 og í makaskiptum fyrir húseign í Keflavík.

Með afsali dags. 29. sept. 1911 seldi Garðar Gíslason og & Hay húseignina, sem nú er talin vera Strandgata 26, Hafnarfirði, Sigfúsi Bergmann kaupmanni, ásamt lóðarréttindum og öðru tilheyrandi.

Með erfðafestusamningi dags. 28. okt. 1914 fékk Sigfús Bergmann viðbótarlóð að stærð 109,9 fermetrar, þ.e. 15,7 metrar að lengd og 7 metrar að breidd.

Engin deila er um þessa viðbótarlóð og ekki er krafist viðurkenningar á neinum sjávarréttindum tilheyrandi henni, en breidd hennar meðfram götu er 7 metrar.

Faðir stefnenda, Árni Þorsteinsson bióstjóri, keypti fasteignina síðan. Hann stækkaði húsið verulega og breytti því í kvikmyndahús en jafnframt var innréttuð íbúð á efri hæð. Stefnendur urðu síðan eigendur að fasteigninni eftir lát föður þeirra.

Á árunum eftir 1960 mun Hafnarfjarðarbær og jafnvel fleiri aðilar hafa byrjað að flytja uppfyllingarefni í fjöruna neðan við steingarð, sem fyrri eigendur höfðu gert til varnar ágangi sjávar.

Um 1965 var lögð ný gata sem heitir Fjarðargata. Hún mun hafa verið tekin í notkun með bundnu slitlagi árið 1966.

Með bréfi dags. 27.4. 1965 var stefnda ritað bréf af hálfu stefnenda og þess krafist að stefndi hlutaðist til um að eignarnámsmat færi fram vegna þessa vegar, en stefndi synjaði þeirri kröfu með bréfi dags. 14.5. 1965.

Hafnarfjarðarbær varð landsdrottinn skv. samningnum í stað Garðakirkju með l. nr. 13/1912 og afsali dags. 30.ágúst 1912.

III.

Kröfur stefnenda eru á því byggðar að fjaran vestan við húsið, 18 metrar að breidd, falli undir erfðafestusamninginn.

Í lóðarleigusamningnum sé tekið fram að lóðin nái *í sjó fram* og verði það ekki skýrt öðruvísi en svo, að við sé átt að lóðin nái að stórstraumsfjöruborði.

Þá segi í samningnum að lóðin sé leigð til bryggjubygginga, og sýni það, að til þess hafi verið ætlast, að lóðarhafi hefði full afnot af fjörunni, en að öðrum kosti hefði hann ekki getað byggt bryggju eða haft af henni not. Skipti ekki máli þótt bryggja hafi aldrei verið byggð.

Stefndi Hafnarfjarðarbær bendir á að þann 18. mars 1933 var staðfest nýtt skipulag fyrir Hafnarfjörð, sem var unnið af skipulagsnefnd kauptúna og sjávarþorpa í samræmi við ákvæði laga nr. 55/1921. Skipulagsuppdrátturinn hafi verið kynntur og auglýstur með þeim hætti sem lögin mæltu fyrir um, sbr. einkum 12. gr., og síðan staðfestur af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, sbr. 12. tbl. Lögbirtingarblaðsins, 23. mars 1933.

Engar athugasemdir eða mótmæli hafi komið fram frá lóðarhafa að umræddri lóð þótt augljóst hafi verið að skipulagið mundi útiloka frekari nýtingu lóðarinnar til sjávar og að bryggja yrði þar byggð. Vesturmörk lóðarinnar, í sjó fram, hafi á uppdrættinum verið miðuð við sjóvarnargarð, sem lóðarhafi hafði þá þegar reist meðfram lóðinni, og lóðin hafi að því er virtist verið teiknuð á sama hátt og bærinn hafi alla tíð talið hana, 18 m frá norðri til suðurs, meðfram viðbótarlóð sem fengin var 1914.

Á árunum eftir 1960 hafi bærinn hafist handa um að fylla upp fjöruna neðan Strandgötu, neðan við hina umdeildu lóð nr. 30 við Strandgötu, samkvæmt fyrirhuguðu skipulagi, sem staðfest var þ. 17. apríl 1967.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, í fyrsta lagi, að krafa stefnanda um viðurkenningu á leigurétti yfir því landsvæði sem stefndi hefur fyllt upp vestan lóðarinnar, allt til sjávar við Fjarðargötu, og bótakrafa vegna missis þess réttar, sé fyrnd skv. ákvæðum fyrningarlaga nr. 14/1905, 4. gr. Fyrningarfrestur hafi hafist við staðfestingu skipulagsuppdráttar 1933, þegar ljóst varð að bæjarsjóður Hafnarfjarðar heimilaði ekki frekari landnot til vesturs af hálfu lóðarhafa.

Í öðru lagi byggir stefndi á því, að hann hafi unnið eignarhefð á landinu, sbr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905, ef stefnendur teldust þá yfir höfuð hafa átt nokkurt tilkall til landaukans. Stefndi hafi haft óslitin umráð þessa landsvæðis allt frá því að byrjað var þar á uppfyllingum, upp úr 1960, og hafi þau enn.

Álit réttarins.

Sem fyrr er greint krefjast stefnendur viðurkenningar á leigurétti á þrætuspildunni „allt að stórstraumsfjöruborði en þó eigi minna landsvæði en merkt er með grænum lit á dskj. 21."

Á uppdrættinum á dskj. 21, er næst Strandgötu sýnd hin 18 m breiða þrætuspilda 84,33 m til sjávar.

Er óumdeilt að á dskj. 21 eru neðri mörkin, til sjávar, sýnd þar sem nú er ytri (neðri) brún sjávarvarnargarðs við Fjarðargötu.

Taldi lögmaður stefnenda, við vettvangsgöngu, að núverandi stórstraumsfjöruborð væri um 5 metrum utar. Hann benti jafnframt á, að á ljósriti af gömlum uppdrætti, sem hann taldi vera frá því um 1950, er lagt er fram í málinu, er merkt stórstraumsfjöruborð um 25 m utar en núverandi sjávarvarnargarður.

Taldi hann skýringuna á því að stórstraumsfjöruborðið hefði færst nær landi um ca 20 m þá, að dælt hafi verið úr höfninni um árabil til þess að dýpka hana. Skýrði lögmaðurinn dómkröfu umbjóðenda sinna svo, að mörk lóðarinnar til sjávar ættu að miðast við stórstraumsfjöruborð á hverjum tíma, þau mörk gætu færst til ef stórstraumsfjöruborð breyttist, og einu gilti þótt breytingar á því væru af mannavöldum, svo sem vegna fyllinga eða dýpkunar.

Það er álit dómsins, að þar sem stefnendur hafa eigi markað kröfulínu sína að sjó (stórstraumsfjöruborði) skýrt og greinilega á uppdrátt, og þar sem eigi liggur skýrt fyrir í málinu hvar stefnendur telja umrætt stórstraumsfjöruborð vera, þá sé sá hluti dómkröfu þeirra, sem tekur til svæðis *utan* spildu þeirrar er afmörkuð er á dskj. 21, ekki dómhæfur og beri að vísa málinu að því leyti frá dómi ex officio.

Málskostnaðarákvörðun bíður dóms í þeim hluta málsins sem eigi er nú vísað frá dómi.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Steingrími Gaut Kristjánssyni borgardómara og Finnboga Alexanderssyni héraðsdómara.

Dómsorð:

Vísað er frá dómi dómkröfum stefnenda, að því leyti er þær taka til svæðis utan spildu þeirrar sem mörkuð er með grænum lit á dskj. 21.

Málskostnaður bíður dóms um aðra þætti málsins.

Fimmtudaginn 2. október 1986.

Nr. 76/1985. **Nýbarði sf.**
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)
gegn
Samvinnutryggingum g.t.
(Gunnar M.Guðmundsson hrl.)

Vátrygging. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 29. mars 1985. Dómkröfur hans eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 73.288,00 krónur með 37% ársvöxtum frá 1. apríl 1982 til 1. nóvember s.á., 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á. og með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu lægri fjárhæðar samkvæmt mati Hæstaréttar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi var bókhaldsskyldur samkvæmt 3. tl. 2. gr. A laga nr. 51/1968 um bókhald.

Starfsmaður stefnda óskaði eftir því, að áfrýjandi legði fram gögn, sem sýndu tilvist þeirra verkfæra, sem áfrýjandi krafðist bóta fyrir, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamn-

inga. Annar eigandi áfrýjanda taldi engin vandkvæði á því. Nokkru síðar afhenti hann stefnda fjóra kvittaða reikninga, samtals að fjárhæð 21.992,40 krónur, sem hann sagði vera úr bókhaldi áfrýjanda. Reikningar þessir voru hins vegar útbúnir eftir áðurgreint samtal af báðum eigendum áfrýjanda og í samráði við hinn nafngreinda verkfærasala, sem skráði reikningana. Til þess að gera skjöl þessi trúverðugri voru færslunúmer skráð á þrjá reikninganna eins og um bókhaldsgögn væri að ræða, enda þótt skjölin væru ekki tekin úr bókhaldi fyrirtækisins. Þegar þetta er virt, svo og það, að áfrýjandi hefur ekki lagt fram nein gögn um tilvist hjólbarðanna, sem hann krefst bóta fyrir, þykir áfrýjandi hafa gert málstað sinn þannig úr garði, að á honum hvíli rík sönnunarskylda um það tjón, sem hann telur sig hafa orðið fyrir. Með því að áfrýjanda hefur ekki tekist að færa fram fullnægjandi sönnunargögn um að hann hafi orðið fyrir því tjóni, sem hann krefur stefnda um bætur fyrir, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Nýbarði sf., greiði stefnda, Samvinnutryggingum g.t., 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. mars 1985.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. mars sl., hefur Nýbarði sf., nnr. 063-2520 (sic), Skeifunni 11, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 1. október 1984 á hendur Samvinnutryggingum g.t., nnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 73.288,00 ásamt 37% ársvöxtum frá 1. apríl 1982 til 1. nóvember s.á., með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu að mati dómara. Til vara krefst hann þess að fjárhæð stefnukröfu verði stórlækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að þann 15. febrúar 1982 hafi verið framið innbrot í verkstæðishús stefnanda, sem hafi þá rekið hjólbarðaverkstæði að Borgartúni 24. Talsverðu af lausamunum, dekkjum og verkfærum, hafi verið stolið, og hafi RLR verið tilkynnt um innbrotið strax að morgni er starfsmenn komu til vinnu. Jafnframt hafi stefnda verið tilkynnt um innbrotið sama dag, þar sem stefnandi hafði keypt innbrotstryggingu hjá stefnda þann 24. janúar 1980. Ekki hafi tekist að hafa hendur í hári þjófanna og hinir brottnumdu munir hafi ekki fundist. Stefnendur hafi átt í nokkrum erfiðleikum með að gera sér nákvæma grein fyrir hvers þeir söknuðu af verkstæðinu fyrst í stað. Í lögregluskýrslu, sem tekin var á vettvangi, hafi forráðamenn stefnanda gefið upp talsvert magn af hjólbörðum, sem sýnilega hefðu horfið, jafnframt því sem þeir hafi sagt að einhvers af verkfærum væri saknað.

Þann 5. mars hafi stefnda svo verið send krafa um greiðslu tryggingafjár ásamt sundurliðuðu yfirliti yfir þá muni sem glatast höfðu. Hafi krafan numið kr. 73.288,00 sem sé stefnufjárhæðin í máli þessu.

Stefndu hafi krafist þess í samræðum við Helga J. Davíðsson, annan eiganda Nýbarða sf., að hann legði fram gögn er sönnuðu að verkfærin, sem upp voru talin í yfirlitinu, hafi verið til á verkstæðinu fyrir tjónsatburð. Hafi Helgi talið það vandalaust í fyrstu, en við athugun á bókhaldsgögnum hafi komið í ljós að talsvert vantaði af nótum vegna kaupa á verkfærum frá verkfærabúð Júlíusar Kolbeins. Hafi þá verið haft samband við Júlíus sem hafi orðið við beiðni stefnanda um að rita nýjar nótur vegna þessara vörukaupa. Hafi eigendur Nýbarða og Júlíus borið saman bækur sínar og hafi nóturnar verið dagsettar eftir bestu vitund á þeim dögum og mánuðum sem viðskiptin fóru fram. Svo klaufalega hafi tekist til að ártal á nótunum hafi misritast. Af þeim sökum hafi stefndi talið ástæðu til að hafna kröfu um greiðslu í heild sem að hluta og hafi stefndi kært stefnendur fyrir meint tryggingasvik.

Við ítarlega rannsókn hjá RLR hafi ekkert komið í ljós sem gefið

hafi til kynna að um sviksamlegt afhæfi hafi verið að ræða hjá stefnanda. Engu að síður hafi vátryggingafélagið með öllu neitað að greiða vátryggingafé. Hafi forráðamenn stefnanda fengið þau svör að félagið myndi ekki greiða kröfu þessa nema samkvæmt dómi.

Kröfu sína byggja stefnendur á því að vátryggingasamningur hafi verið í fullu gildi er tjónsatburður varð. Stefnandi hafi efnt sinn hluta samningsins með því að greiða iðgjald fyrir trygginguna. Stefndi hafi á hinn bóginn neitað að standa við skuldbindingar sínar skv. vátryggingasamningnum jafnvel þótt átyllur fyrir synjun hafi reynst haldlausar.

Ekki verði séð af vátryggingaskilmálum, að tryggingataka beri að sanna að hinir horfnu munir hafi verið til staðar fyrir tjónsatburð. Það hafi stefndi hins vegar gert með óvéfengjanlegum hætti, þótt stefndi hafi reynt að bera á það brigður. Stefnandi hafi í einu og öllu staðið við sínar skuldbindingar skv. vátryggingasamningnum og á engan hátt gerst brotlegur við skilmála hans. Ástæður séu því ekki fyrir hendi, er réttlæti synjun stefnda um bótagreiðslur.

Vísað sé til laga um vátryggingasamninga nr. 20/1954.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum að stefnandi hafi með sviksamlegum hætti fyrirgert rétti sínum til vátryggingabóta þeirra sem krafist sé greiðslu á í málinu, með því að verða sér úti um og leggja fyrir stefnda reikninga sem búnir hafi verið til fyrir hann eftir að innbrot það átti sér stað sem um ræði í málinu. Tilbúningur þessara reikninga sé viðurkenndur af stefnanda þótt hann hafi svo viljað vera láta, eftir að upp komst, að þessi verknaður hafi ekki verið gerður í sviksamlegum tilgangi. Á skýringar stefnanda í því efni geti stefndi ekki fallist, enda verði þær að teljast næsta langsóttar.

Það hafi verið bæði rétt og eðlilegt að stefndi óskaði gagna um það tjón, sem stefnandi taldi sig hafa orðið fyrir í umræddu innbroti. Stefnanda hafi verið skylt að verða við þeim tilmælum, enda hafi hvílt á honum sönnunarbyrði um tjónið. Þetta hafi stefnanda átt að vera auðvelt þar sem hann hafi rekið atvinnufyrirtæki og sé hann bókhaldsskyldur lögum samkvæmt. Þáttur í þeirri skyldu sé að halda til haga og varðveita aðgengileg öll fylgiskjöl vegna rekstrarútgjalda. Þessi staðreynd, þótt ekki kæmi annað til, geri skýringu stefnanda á tiltæki sínu svo ósennilega og raunar fráleita að hún hljóti að falla um sjálfa sig.

Um sýknukröfuna sé vísað til 5. gr. vátryggingaskilmála þeirra, sem hér eigi við, svo og til laga nr. 20/1954, 23. gr. Lögin taki hart á röngum upplýsingum og sviksamlegu atferli vátryggingartaka, sbr. ákvæði laganna um rangar upplýsingar við samningsgerð.

Þá sé ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni af völdum innbrotsins, og hafi sú verið raunin, þá sé umfang tjónsins ósannað.

III.

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarlögreglu ríkisins á dskj. nr. 32 má telja upplýst að innbrot var framið á verkstæði stefnanda þann 15. febrúar 1982.

Viðurkennt er af hálfu stefnanda að hann hafi í því skyni að sanna hluta þess tjóns, sem hann telur sig hafa orðið fyrir og fá það bætt, beitt stefnda blekkingum með því að leggja fram kvittanir sem búnar voru til fyrir hann eftir að tjónsatburðurinn átti sér stað undir því yfirskini að þær væru úr bókhaldi hans frá því u.þ.b. ári áður en innbrotið átti sér stað.

Fallast má á það með stefnda að framangreint athæfi stefnanda falli undir 2. mgr. 5. gr. vátryggingasamnings þess, sem gilti um lögskipti stefnanda og stefnda, en 5. gr. samningsins hljóðar svo: „Hafi vátryggingartaki, er vátryggingin var tekin, sviksamlega gefið rangar upplýsingar um atvik, er ætla mátti að skiptu máli fyrir félagið eða leynt slíkum atvikum sviksamlega, er vátryggingin ekki skuldbindandi fyrir félagið. Hafi vátryggingartaki eða annar maður við önnur tækifæri gefið félaginu rangar upplýsingar, getur það haft þau áhrif að ábyrgð félagsins takmarkist eða falli niður."

Nótur þær, sem um ræðir, nema tæpum þriðjungi þess tjóns, sem stefnandi gerir kröfu til að fá bætt. Stefnandi hefur ekki á annan óyggjandi hátt sannað, að þeir munir, sem þar eru upp taldir, hafi verið til staðar á verkstæði hans fyrir innbrotið.

Af þessum sökum og með hliðsjón af skjölum málsins og málsatvikum öllum þykir stefnandi ekki hafa fært fram næg rök fyrir því, að dæma beri hið stefnda tryggingafélag bótaskylt að hluta eða öllu leyti á grundvelli 1. mgr. 23. gr. l. nr. 20/1954.

Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Samvinnutryggingar g.t. skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda Nýbarða sf. í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 3.október 1986.

Nr. 5/1985. **Sigurður V. Hallsson**
(Þórólfur Kr. Beck hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni á Seltjarnarnesi
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
og Sjóefnavinnslunni h/f
(Haraldur Blöndal hrl.)
og
Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi
gegn
Sigurði V. Hallssyni og
Sjóefnavinnslunni h/f
og Sjóefnavinnslan h/f
gegn
Gjaldheimtunni á Seltjarnarnesi

Frávísun frá Hæstarétti. Úrskurður um lögtak felldur úr gildi. Skylda atvinnurekanda til að gera skil á opinberum gjöldum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Aðaláfrýjandi, Sigurður V. Hallsson, hefur skotið málinu til Hæstaréttar, að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 28. desember 1984, með stefnu 16. janúar 1985 á hendur Gjaldheimtunni á Seltjarnarnesi og Sjóefnavinnslunni h/f. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi Gjaldheimtunnar á Seltjarnarnesi.

Gagnáfrýjandi, Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi, áfrýjaði málinu með stefnu 9. maí 1985, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. apríl s.á. Krefst hann þess aðallega að umbeðið lögtak nái fram að ganga til tryggingar 719.924,00 krónum auk dráttarvaxta á mánuði af 418.285,00 krónum sem hér segir: 2,75% frá 15. september 1984 til 1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á.,

3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., og 2,25% frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst þessi gagnáfrýjandi að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum eru þær kröfur gerðar að gagnáfrýjandi Sjóefnavinnslan h/f verði dæmd til greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti en aðaláfrýjandi til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Sjóefnavinnslan h/f áfrýjaði málinu með stefnu 6. júní 1985 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973 og gerir þær dómkröfur að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Þessi gagnáfrýjandi hefur eigi stefnt aðaláfrýjandanum, Sigurði V. Hallssyni, fyrir Hæstarétt og gerir engar kröfur á hendur honum.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ný gögn. Þar á meðal er skrá yfir 30 aðila er Sigurður V. Hallsson hefur unnið fyrir á verkfræði- og rannsóknastöð sinni og hefur fengið greitt fyrir í formi þóknunar og styrkja.

Áfrýjunarstefna Sigurðar V. Hallssonar var eigi löglega birt Sjóefnavinnslunni h/f.

Krafa Gjaldheimtunnar á Seltjarnarnesi fyrir fógetarétti Keflavíkur var um að lögtak yrði gert í eignum Sjóefnavinnslunnar h/f fyrir fé sem hlutafélaginu hefði borið samkvæmt 113. gr. laga nr. 75/1981 og 30. gr. laga nr. 73/1980 að halda eftir til greiðslu opinberra gjalda aðaláfrýjanda af fé sem félagið hafði greitt honum fyrir störf í þágu þess. Aðaláfrýjandi, Sigurður V. Hallsson, var ekki aðili þess fógetaréttarmáls og hinn áfrýjaði úrskurður varðar ekki hagsmuni hans með þeim hætti að honum sé heimil áfrýjun úrskurðarins. Ber því að vísa áfrýjun hans ex officio frá Hæstarétti svo og áfrýjun Gjaldheimtunnar á Seltjarnarnesi að því leyti sem henni er beint að honum en málskostnaður milli þessara aðila fyrir Hæstarétti á að falla niður.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða úrskurði vann Sigurður V. Hallsson eða fyrirtæki hans ýmis störf fyrir Sjóefnavinnsluna h/f. Þóknun fyrir störf sín fékk hann greidda eftir taxta Verkfræðingafélags Íslands sem sjálfstætt starfandi verkfræðingur. Af gögnum má ráða að skattyfirvöld hafa við álagningu skatta árin 1982 og 1983 litið á hann sem mann er stundaði sjálfstæða atvinnu.

Þykir Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi ekki hafa leitt næg rök að því, að Sigurður hafi verið í þjónustu Sjóefnavinnslunnar h/f í merkingu 113. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 1. og 4. mgr. 92. gr. sömu laga eða 30. gr. laga nr. 73/1980. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma Gjaldheimtuna á Seltjarnarnesi til að greiða Sjóefnavinnslunni h/f málskostnað í héraði og Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 75.000,00 krónur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er varðar áfrýjun áfrýjandans, Sigurðar V. Hallssonar, gagnvart Gjaldheimtunni á Seltjarnarnesi og Sjóefnavinnslunni h/f svo og gagnáfrýjun Gjaldheimtunnar á Seltjarnarnesi á hendur Sigurði V. Hallssyni.

Málskostnaður milli þessara aðila fellur niður.

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og er synjað um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi greiði gagnáfrýjandanum, Sjóefnavinnslunni h/f, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti 75.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Keflavíkur 15. október 1984.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar þann 28. september sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur gerðarbeiðandi krafist þess að lögtak verði gert í eignum gerðarþola til tryggingar opinberum gjöldum Sigurðar V. Hallssonar, nnr. 7865-4058, Bygggarði 4, Seltjarnarnesi, til gerðarbeiðanda, kr. 923.501,00, miðað við sl. áramót. Undir rekstri málsins féll gerðarbeiðandi frá kröfu um lögtak vegna álagðra gjalda fyrir árin 1980 og 1981 og lækkaði kröfu sína, sbr.dskj.nr. 25 - 27, í kr. 719.924,00 auk 2,75% dráttarvaxta á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 418.285,00 frá 15. september sl. til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Til vara er þess krafist að lögtakið nái fram að ganga fyrir annarri lægri fjárhæð og að málskostnaður falli niður.

Gerðarþoli krefst þess aðallega að synjað verði framgangi hinnar umbeðnu gerðar, en til vara, ef gerðin nær fram að ganga, að fjárhæð sú sem lögtaks er krafist fyrir verði lækkuð. Þá er gerð krafa um málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, sbr. dskj. nr. 28, kr. 129.473,00.

Með bréfi, dagsettu 3. nóvember 1983, krafðist gerðarbeiðandi þess af gerðarþola að hann héldi allt að 75% af útborguðum launum Sigurðar V. Hallssonar vegna opinberra gjalda, hvort heldur um væri að ræða laun eftir reikningi eða samningsbundin. Gerðarþoli neitar að hafa fengið bréf þetta í hendur. Gerðarbeiðandi kveðst hafa sent ljósrit af áðurnefndu bréfi ásamt ítrekun þann 22. febrúar sl. Með bréfi dags. 1. mars sl. hafnar gerðarþoli kröfum gerðarbeiðanda með þeim rökum að það sé Verkfræði- og rannsóknastöð Sigurðar V. Hallssonar, pósthólfi 7063, 127 Reykjavík, sem unnið hafi fyrir Sjóefnavinnsluna hf., en ekki einstaklingurinn Sigurður V. Hallsson og því telji gerðarþoli að umrædd krafa falli ekki undir reglur er gilda um skil á hluta launa til greiðslu opinberra gjalda og varða einstaklinga. Gerðarbeiðandi ítrekaði enn kröfu sína með bréfi dags. 5. mars sl.

Gerðarbeiðandi krafðist þess með bréfi dags. 3. maí sl. til bæjarfógetaembættisins í Keflavík að lögtak yrði gert hjá gerðarþola fyrir kr. 923.501,00 vegna ógreiddra opinberra gjalda Sigurðar V. Hallssonar fyrir árin 1980, 1981, 1982 og 1983, auk dráttarvaxta. Í beiðninni var þess jafnframt óskað, að aðgerðum yrði hraðað, því hér væri um dæmigert tilfelli að ræða þar sem reynt væri í skjóli „gervifyrirtækis" að komast hjá greiðslu opinberra gjalda.

Finnbogi Björnsson, framkvæmdastjóri gerðarþola, lýsti því fyrir réttinum að Sigurður V. Hallsson væri efnaverkfræðingur. Verkfræði- og rannsóknastöð Sigurðar V. Hallssonar hafi hafið starfsemi í þágu gerðarþola árið 1981 þegar Sjóefnavinnslan hf. var stofnuð. Ekki hafi verið gerður skriflegur samningur milli aðilanna en starfsemin sé fólgin í hönnunar- og ráðgjafarvinnu við uppbyggingu Sjóefnavinnslunnar hf. Greitt hafi verið fyrir störfin samkvæmt mánaðarlegum reikningum Verkfræði- og rannsóknastöðvarinnar og miðað við taxta Verkfræðingafélags Íslands. Finnboga Björnssyni er ekki kunnugt um að Verkfræði- og rannsóknastöð Sigurðar V. Hallssonar hafi aðra menn í vinnu en áðurnefndan Sigurð. Finnbogi kveður það ekki skipta máli fyrir gerðarþola hvort verkið er unnið af Verkfræði- og rannsóknastöð Sigurðar V. Hallssonar eða af öðrum, enda beri stöðin ábyrgð á þeim verkþáttum sem henni séu falin. Rannsóknastöðin taki að sér að vinna verk og ljúka því fyrir vissan tíma en um samningsbundinn fastan vinnutíma sé ekki að ræða. Ennfremur segir Finnbogi að Sigurður V. Hallsson sé ekki á launaskrá gerðarþola og af þóknun til Verkfræði- og rannsóknastöðvar Sigurðar V. Hallssonar séu

ekki greidd launatengd atvinnurekendagjöld eða launaskattur vegna Sigurðar V. Hallssonar.

Gerðarbeiðandi kveður þau opinberu gjöld, er hér um ræðir, vera sbr. álagningarseðla sem lagðir hafa verið fram á dskj.nr. 22 - 23:

		1982	1983
tekjuskattur	kr.	123.785,00	177.253,00
lífeyristrygg.gjald atv.rek.skv. 20. gr.	"		3.200,00
slysatryggingagjald atv.rek.skv. 36.gr.	"	180,00	1.058,00
kirkjugarðsgjald	"	805,00	1.180,00
vinnueftirlitsgjald	"	186,00	417,00
sóknargjald	"	200,00	400,00
sjúkratryggingargjald	"	4.475,00	6.422,00
útsvar	"	33.360,00	48.710,00
aðstöðugjald	"	1.620,00	2.600,00
atvinnuleysistr.gjald	"	511,00	748,00
launaskattur	"	10.675,00	
gjald í framkvæmdasjóð aldraða	"	200,00	300,00
Samtals	Kr.	175.997,00	242.288,00
		Samtals alls kr.	418.285,00

Upphæð kröfunnar í máli þessu, kr. 719.924,00, byggist á framangreindri álagningu áranna 1982 og 1983, samtals kr. 418.285,00, auk vaxta til 1. september sl., kr. 182.383,00 vegna álagningar 1982 og kr. 119.256,00 vegna álagningar 1983. Samkvæmt 113. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, og 30. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 73/1980, skulu atvinnurekendur halda allt að 75% af heildarlaunagreiðslu til greiðslu opinberra gjalda launþega. Sigurður V. Hallsson falli ótvírætt undir þá aðila er um ræði í framangreindum ákvæðum eins og starfssambandi hans og gerðarþola er háttað. Samkvæmt framlögðum reikningum Verkfræði- og rannsóknastöðvar Sigurðar V. Hallssonar á dskj. nr. 14 - 20 er mánaðarlegur vinnustundafjöldi Sigurðar samsvarandi því að hann hafi unnið 7 - 9 stundir á dag fyrir gerðarþola miðað við 5 daga vinnuviku sem er fullt starf fyrir venjulegan mann. Þóknun fyrir starfann sé miðuð við fjölda vinnustunda en ekki við skil ákveðinna verkþátta. Laun sín fái hann greidd mánaðarlega, hann hafi ekki aðra menn í þjónustu sinni og starfssamband þetta sé varanlegt því Sigurður hafi starfað þar frá stofnun Sjóefnavinnslunnar hf. eða í u.þ.b. 3 ár.

Gerðarþoli kveður lögtak hjá sér ekki vera heimilt skv. 113. gr. l. nr. 75/1981 eða 30. gr. l. nr. 73/1980, því þau ákvæði taki einungis til launþega en Verkfræði- og rannsóknastöð Sigurðar V. Hallssonar sé verktaki hjá

Sjóefnavinnslunni hf. Greiðsla til hennar sé ekki laun í merkingu áðurnefndra ákvæða, heldur þóknun til verktaka, enda sé Sigurður ekki á launaskrá gerðarþola og hafi aldrei verið það. Engin skyldugjöld séu greidd af gerðarþola vegna Sigurðar og hann njóti ekki réttinda sem launþegi hjá gerðarþola. Verkfræði- og rannsóknastöð Sigurðar V. Hallssonar leggi sér til aðstöðu og verkfæri en ekki sé vitað hvort hún hafi aðra menn í þjónustu sinni en Sigurð vegna starfa fyrir gerðarþola. Vinnutími sé ekki fastur og það sé hendingu háð hvenær greitt er fyrir verkið hvort það er á nokkurra mánaða fresti, mánaðarlega eða á skemmri tíma. Gerðarþoli leggur einnig áherslu á að persónulegt vinnuframlag Sigurðar skipti ekki máli fyrir gerðarþola heldur beri vinnuveitanda hans, Verkfræði- og rannsóknastöð Sigurðar V. Hallssonar, að skila ákveðnum verkþáttum sem væntanlega eru síðan teknir út. Þó talið verði að gerðarþoli hafi verið að skipta við Sigurð V. Hallsson persónulega, en ekki fyrirtækið Verkfræði- og rannsóknastöð Sigurðar V. Hallssonar, þá telur gerðarþoli að engu að síður beri að telja áðurnefndan Sigurð verktaka í þessu sambandi með sömu rökum og nefnd hafi verið. Skattyfirvöld virðast einnig líta á Sigurð sem verktaka því lagt er á hann aðstöðugjald skv. 36. gr. l. nr. 73/1980 en það gjald sé einungis lagt á atvinnurekendur og menn með sjálfstæða starfsemi.

Gerðarþoli krefst þess til vara að lögtak verði ekki heimilað vegna álagningar ársins 1982 því lögtaksréttur þessarar kröfu sé fyrndur, sbr. 110. gr. l. nr. 75/1981 og 29. gr. l. nr. 73/1980.

Þriðja varakrafa gerðarþola er að einungis skuli haldið eftir 75% af greiðslum til Sigurðar V. Hallssonar frá þeim degi er tilkynning gerðarbeiðanda, dags. 22. febrúar, barst gerðarþola í hendur, sbr. 2. tl. 103. gr. rgl. nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt.

Niðurstaða:

Telja verður Sigurð V. Hallsson launþega gerðarþola í merkingu 113. gr. l. nr. 75/1981 og 30. gr. l. nr. 73/1980, enda er starf hans í þágu gerðarþola ekki svo afmarkað eða tímabundið að telja megi það til verksamnings. Það þykir einnig styrkja þessa niðurstöðu, að reikningar Sigurðar í nafni Verkfræði- og rannsóknastöðvar Sigurðar V. Hallssonar eru lagðir fram og greiddir mánaðarlega og að þeir eru miðaðir við vinnustundafjölda, en ekki lúkningu tiltekins verks eða verkhlutar. Skattyfirvöld hafa við álagningu fyrir árin 1982 og 1983 ákvarðað gjöld Sigurðar sem atvinnurekanda eða mann með sjálfsstæða starfsemi. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að gerðarbeiðandi geti nú sótt ógreidd opinber gjöld Sigurðar V. Hallssonar með lögtaki hjá gerðarþola, því eins og áður er getið er það álit réttarins að Sigurður V. Hallsson telst vera launþegi gerðarþola og því eru skilyrði 113. gr. l. nr. 75/1981 og 30. gr. l. nr. 73/1980 til lögtaks fyrir hendi.

Hins vegar verður að taka undir það álit gerðarþola að lögtaksréttur vegna álagningar ársins 1982 sé fyrndur sbr. 2. og 3. málslið lögtakslaga nr. 29/1885 því skilja verður svo sérákvæði 5. mgr. 110. gr. l. nr. 75/1981 og 5. mgr. 29. gr. l. nr. 73/1980 að öll álagning ársins 1982 hafi fallið í gjalddaga 15. ágúst það ár vegna vanskila en fyrsti fyrirtökudagur máls þessa var þann 16.ágúst sl. Ákvæði 4. málsliðar 2. gr. l. nr. 29/1985 á því ekki við. Beiðni um lögtak rýfur ekki fyrningarfrest sbr. 3. málslið 2. gr. sömu laga. Gerð þessi nær því einungis fram að ganga fyrir álögðum gjöldum ársins 1983, kr. 242.288,00 auk dráttarvaxta sem krafist er til 15. september sl., kr. 119.256,00, samtals kr. 361.544,00 og 2,75% dráttarvaxta á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 242.288,00 frá 15. september sl. til greiðsludags. Fjárhæð sú, er nema má lögtaki, má þó ekki fara fram úr 75% af útborguðum launum Sigurðar V. Hallssonar frá 1. mars sl. til þess dags er gerðin fer fram.

Eins og málsúrslitum og framgangi málsins er háttað, þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Verulegan hluta dráttar á fyrirtöku málsins má rekja til mikilla anna við bæjarfógetaembættið í Keflavík. Fógeta í máli þessu var ekki úthlutuð framkvæmd gerðarinnar fyrr en 4. ágúst sl. Var þá þegar ljóst að tekið yrði til varna. Þann 8. ágúst sl. var ákveðið í samráði við yfirmann Gjaldheimtunnar á Seltjarnarnesi að fyrsti fyrirtökudagur máls þessa yrði 16. ágúst.

Ásgeir Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, kvað upp úrskurð þennan. Lögmaður gerðarbeiðanda var Vilhjálmur Þórhallsson hrl. en lögmaður gerðarþola var Ingi H. Sigurðsson hdl.

Úrskurðarorð:

Gerð þessi skal ná fram að ganga fyrir kr. 361.544,00, auk 2,75% dráttarvaxta á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 242.288,00 frá 15. september sl. til greiðsludags. Fjárhæð sú, er nema má lögtaki, má þó ekki fara fram úr 75% af útborguðum launum Sjóefnavinnslunnar hf. til Sigurðar V. Hallssonar, nnr. 7865-4058, frá 1. mars sl. til þess dags er gerðin fer fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 3. október 1986.

Nr. 23/1985. **Skipaklettur hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Jóni M. Guðmundssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Kaupgjaldsmál. Sjómannalög. Laun í veikindaforföllum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1985. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Af hálfu áfrýjanda hefur því verið haldið fram fyrir Hæstarétti að stefndi hafi ekki boðið fram vinnu sína þegar hann var orðinn vinnufær hinn 12. október 1983 svo sem hermt er í hinum áfrýjaða dómi. Ekki varð þó annað ráðið af málflutningnum en að ekki væri með því mótmælt að stefndi hefði þá verið reiðubúinn til að hefja störf hjá áfrýjanda og áfrýjanda verið það kunnugt.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 20.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skipaklettur hf., greiði stefnda, Jóni M. Guðmundssyni, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. janúar 1985.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 23. október 1984 af Jóni Magnúsi Guðmundssyni sjómanni, Útgarði 7, Egilsstöðum, nafnnúmer 5135-7752, gegn Skipakletti h/f, Reyðarfirði, nafnnúmar 8164-6988.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 25.528,00 með 36% ársvöxtum frá 15.11. 1983 til 21.11. 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu 23. október 1984, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Þá krefst stefnandi sjóveðréttar í Snæfugli SU 20 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst nú sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Samkomulag er með aðilum að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Stefnandi var háseti á skuttogaranum Snæfugli SU 20 sem stefndi á og hefur gert út. Hásetar tóku sér launalaust frí í fjórðu hverri veiðiferð skipsins. Stefnandi var í launalausu fríi frá veiðiferð, sem hófst í byrjun september 1983. Að ráði læknis á Egilsstöðum fór stefnandi til sérfræðings í Reykjavík hinn 9. september 1983 vegna sjúkdóms í höndum, handadofa sem hafi ágerst. Þar var honum ráðlagt að ganga undir skurðaðgerð sem Rögnvaldur Þorleifsson, læknir á Borgarspítalanum, framkvæmdi hinn 13. september 1983. Eftir aðgerðina var stefnanda tjáð, að hann yrði óvinnufær næstu þrjár vikur á eftir. Á Egilsstöðum rifnaði skurðsárið upp. Læknir á Egilsstöðum úrskurðaði þá, að stefnandi væri óvinnufær til 12. október 1983. Vegna þessa gat stefnandi ekki farið í veiðiferð, sem hófst 4. október 1983, en hann átti að fara í þá veiðiferð. Veiðiferðin stóð til 3. nóvember 1983, en stefnandi var úrskurðaður vinnufær aftur þann 12. eða 13. október 1983. Veiðiferðin stóð þannig í 32 daga. Óumdeilt er í málinu að hásetahlutur fyrir veiðiferð þessa var kr. 46.343,00 og orlof kr. 4.713,00 eða samtals kr. 51.056,00.

Stefndi taldi sér óskylt að greiða stefnanda laun nema í 9 daga, það er 4. til og með 12. október 1983, á meðan stefnandi var óvinnufær, eða kr. 14.360,00 sem eru 9/12 (sic) af kr. 51.056,00. Engu að síður greiddi stefndi

stefnanda samtals kr. 25.528,00, þ.e. helming fjárhæðarinnar, enda þótt hann telji að sér hafi aðeins verið skylt að greiða kr. 14.360,00.

Stefnandi telur sig hins vegar eiga rétt á fullum launum fyrir umrædda veiðiferð og krefur stefnda því um mismuninn sem er kr. 25.528,00.

Ágreiningur málsins er fyrst og fremst sá hvernig skýra beri 3. mgr. 18. gr. sjómannlaganna nr. 67/1963, sbr. lög nr. 49/1980 um breytingu á þeim lögum. Í nefndri málsgrein segir m.a. svo:

„Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausu fríi, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju."

II.

Af hálfu stefnanda er á það bent að stefnandi hafi strax boðið fram vinnu sína þegar hann varð vinnufær. Skipið hafi hins vegar verið í veiðiferð þá svo að stefnandi hafi ekki getað tekið við starfi sínu um borð í skipinu. Stefnandi eigi því rétt á fullum staðgengilslaunum þar sem stefndi verði að bera hallann af því að hann gat ekki tekið við stefnanda í vinnuna vegna fjarveru skipsins. Ráðningarsamningur aðilanna hafi verið í fullu gildi allan tímann einnig eftir 12. október 1983. Stefnandi geri ekki kröfu um laun á meðan hann var í hinu launalausa fríi heldur aðeins frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju, en það hafi einmitt verið 4. október 1983. Rétt skýring á 3. mgr. 18. gr. sjómannalaganna leiði því til þess, að stefnda beri að greiða stefnanda staðgengilslaunin að fullu fyrir nefnda veiðiferð, sbr. dóma Hæstaréttar 1978-722 og 1978-731, en í þeim málum sé fjallað um launakröfur tveggja skipverja á m/s Stálvík. Beri því að taka kröfur stefnanda til greina.

III.

Stefnandi heldur því fram að túlkun Hæstaréttar í dóminum 1978-722 á hugtakinu óvinnufær í 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 sé röng, þar sem svo rúm túlkun brjóti í bága við málvenju. Auk þess liggi það í hlutarins eðli að sama merking hljóti að vera í þessu orði í 3. mgr. 18. gr. sjómannalaganna og í öllum öðrum ákvæðum eða lögum. Verði að telja það í fyllsta máta óeðlilegt að hugtakið óvinnufærni hafi mismunandi merkingu, allt eftir því hvar orð þetta fyrirfinnist, nema þá að það komi skýrt fram að því sé ætlað að hafa rýmri eða þrengri merkingu en almenn málvenja segir til um. Í 18. gr. laganna komi hvergi fram nokkur vísbending

um það að túlka eigi hugtakið óvinnufærni rýmra en í öðrum tilvikum og á þann hátt sem fram komi í ofangreindum dómi Hæstaréttar í Stálvíkurmálinu. Þvert á móti komi skýrt fram í lögskýringargögnum með 18. gr. sjómannalaga að skýra eigi orðið samkvæmt almennri merkingu þess orðs. Hvað fordæmisgildi nefnds dóms Hæstaréttar snertir þá heldur stefndi því fram að nokkur dæmi séu þess að Hæstaréttur hafi hvikað frá fordæmi sínu í einstaka máli. Það sé viðurkennd regla að Hæstaréttur sé ekki bundinn af fyrri úrlausnum sínum og engin réttarregla sé fyrir hendi sem bindi héraðsdómara til að fylgja fordæmi Hæstaréttar.

Stefndi bendir á að íslensku sjómannalögin séu ekki séríslenskt fyrirbrigði. Þau séu samnorræn lög og í raun þýðing á norsku og þó sérstaklega dönsku sjómannalögunum. Í Noregi og Danmörku séu samsvarandi ákvæði við 3. mgr. 18. gr. íslensku sjómannalaganna túlkuð á annan veg en gert er í dómi Hæstaréttar í Stálvíkurmálinu.

Nú liggi fyrir fleiri og fullkomnari lögskýringargöng en voru fyrir hendi í Stálvíkurmálunum þegar þau voru flutt fyrir héraðsdómi og Hæstarétti á sínum tíma.

Samkvæmt framansögðu beri á það að fallast að skipverji eigi aðeins rétt á veikindakaupi frá þeim tíma sem hann er úrskurðaður óvinnufær og þar til hann er úrskurðaður vinnufær að nýju. Eigi stefnandi því aðeins rétt á veikindakaupi fyrir dagana 4. - 12. október 1983 af veiðiferðinni sem stóð frá 4. október til 3. nóvember 1983. Það veikindakaup hafi stefndi fengið (sic) greitt og meira til. Beri því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

IV.

Svo sem fyrr er frá greint fór stefnandi í skurðaðgerð í Reykjavík í september 1983, þegar hann var í launalausu fríi frá störfum sínum sem háseti á m/s Snæfugli SU 20. Á meðan hann var í hinu launalausa fríi átti hann ekki rétt á kaupi vegna veikinda sinna og læknismeðferðar fyrr en 4. október 1983, sbr. 3. mgr. 18. gr. sjómannalaganna en þá skyldi hann hefja störf að nýju. Þegar stefnandi varð svo vinnufær þann 12. eða 13. október 1983 gat hann ekki hafið störf á m/s Snæfugli vegna fjarveru skipsins. Stefnandi bauð fram vinnu sína strax þegar hann varð vinnufær að áliti læknis. Verður stefndi að bera hallann af því að skipið kom ekki úr margnefndri veiðiferð fyrr en 3. nóvember 1983. Að svo vöxnu máli og með vísan til dóma Hæstaréttar 1978-722 og 1978-731 ber stefnda að greiða stefnanda veikindakaup fyrir alla veiðiferðina, sem stóð frá 4. október til 3. nóvember 1983. Með því að ekki er deilt um fjárhæð veikindakaupsins ber að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti ásamt vöxtum svo sem krafist hefur verið.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 16.000,00.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Snæfugli SU 20 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum sbr. 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaklettur h/f, greiði stefnanda, Jóni Magnúsi Guðmundssyni, kr. 25.528,00 með 36% ársvöxtum frá 15. nóvember 1983 til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 23. október 1984 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 16.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Snæfugli SU 20 til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Þriðjudaginn 7. október 1986.

Nr. 197/1985. **Gunnar Guðjónsson sf.**
Magnús Ármann og
Magnús Gunnarsson
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)
gegn
Einari Hjaltasyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1985. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með tilvísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann og gera áfrýjendum að greiða stefnda 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Gunnar Guðjónsson sf., Magnús Ármann og Magnús Gunnarsson, greiði stefnda, Einari Hjaltasyni, 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum bér að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. mars 1985.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. f.m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 4. október 1984.

Stefnandi málsins er Einar Hjaltason stýrimaður, nú til heimilis að Bjarnhólastíg 17, Kópavogi, nafnnúmer 1812-0070.

Stefndu eru Gunnar Guðjónsson sf., Hafnarstræti 5, Reykjavík, nafnnr. 3353-9010, Magnús Ármann skipamiðlari, Sunnubraut 40, Kópavogi, nafnnr. 6244-3960, og Magnús Gunnarsson, Hrísholti 4, Garðabæ, nafnnr. 6258-6044.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum kr. 168.153,00 með 19% ársvöxtum frá 1. júlí 1984 til stefnubirtingardags 4. október 1984, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og „að vexti verði heimilt að leggja við höfuðstól árlega í fyrsta sinn þann 1. júlí 1985". Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Ennfremur krefst stefnandi að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Mar fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir af hálfu dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Stefnandi var 1. stýrimaður á m/s Mar sem er 1379 rúmlesta vöruflutningaskip í eigu Jarlsins h/f í Grindavík. Stefndi Gunnar Guðjónsson s/f gerði skipið út á þeim tíma sem hér skiptir máli. Eigendur sameignarfélagsins eru stefndu Magnús Ármann og Magnús Gunnarsson. Stefnandi hóf

störf á skipinu í júní 1983 og var lögskráður á skipið 22. júní til 12. ágúst 1983. Hann var aftur lögskráður á skipið 14. september 1983 og var samfellt á skipinu til 23. janúar 1984, er hann kveðst með samkomulagi við fyrirsvarsmenn stefnda og skipstjóra hafa farið í frí. Óumdeilt er í málinu að stefnandi hafi verið búinn að vinna sér inn 58,6 frídaga hinn 23. janúar 1984, sbr. 8. gr. kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands. Stefnandi kveðst hafa átt að hefja störf aftur í lok mars 1984. Þegar dró að þeim tíma hafi stefndi Magnús Ármann, einn fyrrisvarsmanna stefnda Gunnars Guðjónssonar s/f, tilkynnt stefnanda að hans væri ekki óskað í skiprúm aftur. Telur stefnandi að stefndi hafi með þessu slitið ráðningarsamningnum fyrirvaralaust og án lögmætra ástæðna. Stefnandi kveðst ekki hafa sagt upp störfum sínum hjá hinu stefnda félagi. Telur stefnandi sig því eiga rétt á þriggja mánaða staðgengilslaunum mánuðina apríl, maí og júní 1984 ásamt orlofsfé. Nemi laun þessi alls kr. 168.153,00.

II.

Í skýrslu dagsettri 7. júní 1984 hefur stefnandi skýrt svo frá:

„Samkvæmt beiðni, sem kemur fram í bréfi Gunnars Guðjónssonar s/f. dags. 18.5. 1984, hef ég tekið saman eftirfarandi athugasemdir: „Ég byrjaði um borð í skipinu þann 23.6. '84. Við vorum til að byrja með í siglingum á Miðjarðarhafi og síðan sigldum við til Mið-Evrópulanda. Við komum heim í ágúst 1983 og þá fór skipið í slipp. Ég var svo lögskráður um borð aftur þann 14.9. '84. Þá sigldum við til tveggja ítalskra hafna með saltfisk og síðan til Frakklands, en þaðan var farið með fóður til Þýskalands. Við sóttum saltfisk til Íslands í nóvember og fórum með hann til Portúgals, en sigldum þaðan með timbur til Rotterdam. Síðan fórum við til Skotlands, en þaðan með kartöflur til Casablanca og svo til Portúgals og Rotterdam. Um það bil sem við vorum í Skotlandi, sem var líklega um jólaleytið, hafði ég innunnið mér 40 - 50 frídaga. Ég skýrði þá skipstjóra skipsins, Ingólfi Teiti Garðarssyni, frá því að ég hygðist taka mér frí þegar skipið kæmi til Mið-Evrópuhafnar næst. Jafnframt lá fyrir að Sveinn Hall Másson vélstjóri, sem var á sama róli og ég, myndi taka frí á sama tíma. Skipstjóri tók þessu vel og var ákveðið að vinna að þessu. Við ræddum þetta oftlega saman á næstu dögum og vikum. Jafnframt varð ljóst, að Svanur Jónsson bátsmaður myndi taka frí á sama tíma. Skipstjóri hafði síðan samband við útgerð skipsins til að hægt væri að útvega mannskap í staðinn fyrir okkur sem ætluðum í frí. Þegar við komum til Portúgals frá Casablanca hafði skipstjóri samband heim og var okkur svo sagt að ákveðið væri að við færum í fríið þegar við kæmum til Rotterdam. Við komum svo til hafnar í Rotterdam þann 22. janúar 1984.

Þá hafði skrifstofan í Reykjavík séð um að panta flugmiða frá Amster-

dam til Reykjavíkur fyrir okkur sem fórum í frí. Lágu miðarnir tilbúnir á umboðsskrifstofu farmeiganda í Rotterdam. Ég fór af skipinu þann 23. janúar 1984 í fríið og var flogið heim þann 26. janúar sem var fimmtudagur. Mér hafði líkað vel í skiprúmi og milli mín og skipstjóra var ágætt samkomulag. Þegar við fórum frá borði í Rotterdam var auðvitað ljóst að við kæmum aftur, enda á leið í frí en ekki að hætta. Ég kom svo á skrifstofuna í Reykjavík strax um helgina til að afhenda nauðsynleg gögn s.s. upplýsingar um laun skipverja o.þ.h. Ég kom síðan oft á skrifstofuna, t.d. til að sækja laun og ýta á eftir því að fyrirtækið greiddi gjöld til bæjarfógetans í Kópavogi. Var svo ákveðið að ég og Sveinn Hall Másson færum um borð í lok mars. Það dróst nokkuð og skyndilega segir Magnús Ármann mér í símtali í lok mars að ég fari ekki um borð aftur. Ég varð mjög hissa og sagði að ég krefðist launa í uppsagnarfresti."

Hér fyrir dómi hefur stefnandi lýst því yfir að ofangreind skýrsla sé rétt. Þá kveðst hann hafa verið fastráðinn á skipið. Hann skýrir svo frá að Magnús Ármann hafi sagt í ofangreindu símtali að ástæðan fyrir því að stefnandi færi ekki aftur um borð væri út af ágreiningi stefnanda og skipstjórans á skipinu. Stefnandi kveðst ekki hafa vitað um neinn slíkan ágreining og hafi enginn ágreiningur komið upp á milli þeirra. Þegar skipið kom til Rotterdam kveðst stefnandi hafa haft í fórum sínum fjórar verðlitlar styttur sem hann hafi ætlað til gjafa fyrir fjölskyldu sína. Þær hafi verið í pakka sem ekki hafi verið falinn. Löggæslumenn úr landi hafi rifið pakkann upp og skoðað stytturnar en ekki tekið þær en farið í land að skoðun lokinni. Allt tal um þessar verðlitlu styttur sé hlægilegt mál.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að stefnandi eigi rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti sem miðist við mánaðamót mars/apríl 1984. Beri stefndu því að greiða stefnanda staðgengilslaun fyrir mánuðina apríl, maí og júní 1984. Er vísað í því sambandi til 2. mgr. 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 og kjarasamnings grein 4.2.1. Varðandi kröfu um orlof vísar stefnandi til laga nr. 87/1971 með síðari breytingum, sbr. einkum lög nr. 90/1982 um hlutfall orlofs af launum. Kröfu sína um að vextir leggist við höfuðstól árlega rökstyður stefnandi með vísan til 1. gr. laga nr. 56/1979. Er því haldið fram að með þeim hætti einum sé hægt að tryggja verðgildi krafna. Þá bendir stefnandi á algilda venju í bönkum sem ákvæðið miði við. Kröfu sína um sjóveðrétt í skipinu m/s Mar styður stefnandi við 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi nú þannig:

Apríl 1984.				
Grunnlaun í 21 dag	kr.	20.832,00		
Greiddir frídagar 17.1	"	16.964,00		
Eftirvinna samtals (án orlofs)	"	22.741,00		
			kr.	60.537,00
Maí 1984.				
Grunnlaun í 23 daga	kr.	22.816,00		
Greiddir frídagar 10.60	"	10.515,00		
Eftirvinna samtals (án orlofs)	"	19.357,00	kr.	52.688,00
Júní 1984.				
Grunnlaun í 16 daga	kr.	16.190,00		
Greiddir frídagar 7.4	"	7.488,00		
Eftirvinna samtals (án orlofs)	"	15.731,00	kr.	39.409,00
Orlof 10.17%			kr.	15.552,00
		Samtals krafa	kr.	168.153,00

III.

Í greinargerð er því haldið fram af hálfu stefndu að stefnandi hafi verið ráðinn til afleysinga á m/s Mar fyrst hinn 22. júní 1983 og síðan aftur hinn 12. ágúst 1983. Stefnandi hafi farið af skipinu í Rotterdam í Hollandi hinn 23. janúar 1984 eftir að hafa sagt upp störfum sjálfur með þeim ummælum að hann kæmi ekki um borð aftur þar sem hann væri að ráða sig til Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Brottför stefnanda af skipinu hafi auk þess verið með þeim hætti að hann hafi lent í útistöðum við tollayfirvöld og lögreglu í Hollandi vegna tilrauna til smygls. Hafi útgerðin orðið að greiða sektir vegna stefnanda af þeim sökum. Þótt komið hafi til álita að segja stefnanda upp fyrirvaralaust vegna hegðunar hans sem yfirmanns hafi ekki komið til slíks þar sem stefnandi hafi sjálfur sagt upp starfi sínu og vikið af skipinu. Hafi stefndu því gert að fullu upp við stefnanda vegna starfs hans sem skipverja á m/s Mar. Eigi stefnandi því enga kröfu til launa vegna uppsagnarfrests.

Við hinn munnlega málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu að málið snérist fyrst og fremst um það hvort stefnandi hafi sjálfur sagt upp störfum eða ekki.

IV.

Svo sem áður er fram komið hefur stefnandi gefi skýrslu hér fyrir dómi. Þá hefur stefndi Magnús Ármann einnig gefið skýrslu fyrir dóminum, svo og skipstjórinn Ingólfur Teitur Garðarsson, Magnús Kristinn Finnbogason,

vélstjóri, Sveinn Hall Másson, vélstjóri, og Svanur Jónsson, bátsmaður.

Gegn andmælum stefnanda hafa stefndu ekki sannað neinar þær ávirðingar af hálfu stefnanda sem leitt gætu til þess að heimilt væri að vísa honum úr skiprúmi fyrirvaralaust og án bóta. Þá er ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að stefnandi hafi verið ráðinn til afleysinga á skipið né að stefndu eða skipstjóri hafi sagt stefnanda upp starfinu.Gegn andmælum stefnanda hafa stefndu heldur ekki sannað að stefnandi hafi á einn eða annan hátt gefið í skyn svo ótvírætt sé að hann hafi sagt upp störfum sínum á skipinu. Verður því að líta svo á að stefnanda hafi verið vísað úr skiprúmi fyrirvaralaust þegar stefndi Magnús Ármann tilkynnti honum að hans væri ekki óskað aftur um borð í skipið.

Ber stefndu því að greiða stefnanda þriggja mánaða laun sbr. 2. mgr. 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 og gr. 4.2.1. í kjarasamningi. Með því að fjárhæð kröfunnar hefur ekki sætt tölulegum andmælum ber stefndu að greiða stefnanda kr. 168.153,00 ásamt vöxtum eins og krafist hefur verið, þó þannig að krafan um ,,að vexti verði heimilt að leggja við höfuðstól árlega í fyrsta sinn þann 1. júlí 1985.“ verður ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 35.000,00.

Eiganda m/s Mar, Jarlinum h/f í Grindavík, hefur ekki verið stefnt til að þola sjóveðrétt í skipinu til tryggingar tildæmdum fjárhæðum. Er því ekki að svo stöddu unnt að taka kröfu stefnanda um viðurkenningu á sjóveðrétti til greina.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnar Guðjónsson s/f., Magnús Ármann og Magnús Gunnarsson, greiði in solidum stefnanda, Einari Hjaltasyni, kr. 168.153,00 með 19% ársvöxtum frá 1. júlí 1984 til 4. október 1984 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. október 1986.

Nr. 157/1986. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Lúðvík Jónassyni og
(Gylfi Thorlacius hrl.)
Magnúsi Þorsteini Karlssyni
(Örn Clausen hrl.)

Brot í opinberu starfi. Tolllög. Áfengislög. Bifreiðar. Umferðarlög. Eignarupptaka. Ákæra. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. apríl 1986 af hálfu ákæruvalds til þyngingar að því er ákærða Lúðvík varðar og til sakfellingar samkvæmt ákæru að því er ákærða Magnús Þorstein varðar. Ákærðu höfðu eigi óskað áfrýjunar.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann að því er varðar ákærða Lúðvík Jónasson, svo og ákvæði dómsins um sýknu ákærða Magnúsar Þorsteins af refsikröfu ákæruvalds.

Í IV. kafla ákæru er krafist upptöku á varningi þeim sem fannst í skáp Lúðvíks í tollstöðinni, svo og varningi er fannst við húsleit heima hjá Magnúsi Þorsteini. Það athugast að ákærðu eru eigi saksóttir til refsingar að því er þennan varning varðar, enda þótt upptökukrafan sé reist á því að ákærðu hafi verið að honum komnir með refsiverðum hætti.

Svo sem að ofan greinir er upptökuákvæði þessa kafla staðfest að því er Lúðvík varðar.

Áfengis- og tóbaksvörur þær, sem fundust á heimili Magnúsar Þorsteins í fataskáp og búningsklefa hans í tollstöðinni, voru eigi merktar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Bar Magnúsi því að færa sönnur á það samkvæmt 17. gr. áfengislaga nr. 82/1969 hvernig hann væri að áfenginu kominn. Svo sem skýrlega er rakið

í héraðsdómi draga reglur um tollfrjálsan farangur farmanna og ferðamanna úr aðhaldi því sem 17. gr. er ætlað að veita. Hér er þó á það að líta að í sumum skýrslum þeim, sem Magnús Þorsteinn gaf við rannsókn málsins og grein er gerð fyrir í héraðsdómi, lýsti hann yfir því að hann hefði þegið gjafir í starfi sínu. Við meðferð málsins hefur hann raunar neitað því algerlega en enga haldbæra skýringu gefið á afturköllun sinni á fyrri yfirlýsingum að þessu leyti. Samkvæmt því þykir eiga að miða við að Magnús hafi ólöglega komist yfir þær áfengisbirgðir og tóbaks er um ræðir í IV. kafla B. í ákæru og taka til greina kröfu um upptöku þeirra samkvæmt þeim ákvæðum sem í ákæru greinir, þó svo að upptökuákvæði áfengislaga er í 34. gr. laganna en ekki 33. gr., svo sem mishermt er í ákæru. Einnig verður staðfest ákvæði héraðsóms um upptöku á kjötvörum.

Enda þótt ákærði Magnús Þorsteinn hafi verið sýknaður af refsikröfu samkvæmt ákærulið I. B. þykir þó verða að skýra 140. gr. laga nr. 74/1974 svo að hann skuli dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þar sem honum er dæmt áfall að því er varðar upptöku. Samkvæmt því þykir hann eiga að greiða sakarkostnað í héraði in solidum með ákærða Lúðvík, nema hvað málsvarnarlaun verjanda síns greiði Lúðvík einn. Um áfrýjunarkostnað fari þannig að hvor ákærðu greiði málsvarnarlaun verjanda síns en annan áfrýjunarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar ákærða Lúðvík Jónasson.

Ákærði Magnús Þorsteinn Karlsson skal vera sýkn af refsikröfum ákæruvalds. Hann sæti upptöku á 6 flöskum af áfengi, 16 dósum af bjór, 38 pökkum af vindlingum, sjö kjúklingum, 1½ spikpylsu, 1 kjötrúllu og 2 hamborgarhryggjum.

Ákærði Lúðvík greiði málsvarnarlaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, samtals 35.000,00 krónur. Ákærði Magnús Þorsteinn greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen

hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur. Sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað greiði ákærðu að öðru leyti in solidum, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, 20.000,00 krónur, og renni þau í ríkissjóð.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. febrúar 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 27. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 122 - 123/1986: Ákæruvaldið gegn Lúðvík Jónassyni og Magnúsi Þorsteini Karlssyni, sem tekið var til dóms 29. f.m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 8. maí 1984, „á hendur Lúðvík Jónassyni, Efstalandi 12, Reykjavík, fæddum 2. júní 1922 í Reykjahlíð í Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, og Magnúsi Þorsteini Karlssyni, Hraunbæ 25, Reykjavík, fæddum þar í borg 4. júlí 1936, báðum fyrrverandi tollvörðum við tollgæsluna í Reykjavík, fyrir hegningarlaga-, áfengis- og tolllagabrot og brot í opinberu starfi, sem í I. kafla ákæru greinir, og gegn ákærða Lúðvík fyrir brot í opinberu starfi og umferðarlagabrot, sem í II. og III. kafla ákæru greinir, og loks gegn báðum ákærðu til upptöku þess varnings sem í IV. kafla ákæru getur.

I.

Gegn báðum ákærðu fyrir að hafa í störfum sínum, ákærði Lúðvík sem varavarðstjóri en ákærði Magnús Þorsteinn sem tollvarðstjóri, er þeir unnu saman að tollafgreiðslu m.s. Mánafoss við brottför skipsins úr Sundahöfn í Reykjavík fimmtudagskvöldið 20. október 1983, þegið og/eða haft á brott með sér frá borði hvor í sínu lagi tollvarning sem hér greinir:

A. Ákærði Lúðvík fyrir að hafa þegið og haft meðferðis frá borði eina eins lítra flösku af genever og annaðhvort þá eða daginn áður einnig dós af niðursoðinni skinku, DAK, 900 gr, en tollvarning þennan hafði ákærði í bifreið sinni síðar um kvöldið er lögreglumenn höfðu afskipti af ákærða í Ofanleiti, sbr. III. kafla ákæru.

B. Ákærði Magnús Þorsteinn fyrir að hafa haft meðferðis frá borði í greint sinn eina flösku af vodka og eina lengju (10 pakka) af vindlingum (Winston) sem ákærði kveðst hafa fundið á þilfari skipsins nálægt landgangi, en tollvarning þennan tók ákærði í eigin vörslur án þess að gera neinar ráðstafanir til að grafast fyrir um hver eigandi varningsins væri eða gera skipstjóra skipsins, meðákærða eða öðrum viðvart um tollvarninginn sem ákærði hafði með sér á brott og setti án skrásetningar eða skýrslugerðar í læstan fataskáp sinn í Tollhúsinu við Tryggvagötu þar sem lögreglu-

menn fundu varninginn ásamt öðrum tollvarningi sem í IV.lið B. ákæru greinir við leit aðfaranótt föstudagsins 21. október 1983.

Framangreind brot ákærðu teljast varða við 128. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, — að því er ákærða Magnús Þorstein varðar til vara við 132. gr. og 139. gr. sömu laga — og brot beggja auk þess við 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr.laga nr. 52, 1978, sbr. 3. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr. og 2. mgr. 62. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Gegn ákærða Lúðvík fyrir að hafa fyrir alllöngu, 1 - 3 árum, skorið úr embættisstimpli Tollgæslunnar, sem ákærði hafði til notkunar í starfi sínu, númerið 81 á tveimur stöðum í stimplinum, en númerið var tollvarðarnúmer ákærða, og notað stimpilinn eftir breytinguna til stimplunar á tollvarningi sem var umfram lögleyfðan tollfrjálsan innflutning skipverja.

Telst þetta brot ákærða varða við 139. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. mgr. 13. gr. og 4. mgr. 18. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit og 3. mgr. i.f. 4. gr. áfengislaga.

III.

Gegn ákærða Lúðvík fyrir að aka fimmtudagskvöldið 20. október 1983 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Þ-246 frá Tollhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík áleiðis heim til sín í Efstaland þar til lögreglumenn stöðvuðu ákærða í akstri í Ofanleiti.

Telst þetta brot ákærða varða við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

IV.

Gegn báðum ákærðu er málið höfðað samkvæmt 6. tölul. 2. gr. laga nr. 74, 1974, til upptöku smyglvarnings, sem ákærðu höfðu hvor um sig í vörslum sínum og lögreglumenn fundu við leit aðfaranótt föstudagsins 21. október 1983 í læstum hirslum ákærðu á starfsstöð þeirra í Tollhúsinu við Tryggvagötu og einnig á heimili ákærða Magnúsar Þorsteins.

A. Ákærði Lúðvík á tveimur flöskum af vodka, einni flösku af líkjör, tveimur flöskum af áfengum bjór og einni lengju (10 pökkum) af vindlingum (Winston), en tollvarning þennan, sem lögreglumenn fundu í fataskáp ákærða í Tollstöðinni, hafði ákærði þegið sem gjafir frá skipverjum í tengslum við starf sitt.

B. Ákærði Magnús Þorsteinn á einni flösku af whisky, einni flösku af áfengum bjór (þýskum) og á einni lengju (10 pökkum) af vindlingum

(Marlboro), sem lögreglumenn fundu í fataskáp ákærða og í skúffu í búningsklefa hans í Tollstöðinni.

Ennfremur á eftirgreindum smyglvarningi sem lögreglumenn fundu innan um mikið magn átekins sams konar áfengis við leit sem þá var gerð á heimili ákærða:

a) Óáteknum áfengisflöskum og án merkis Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sem hér greinir: Tveimur flöskum af líkjör, einni flösku af vodka, einni flösku af sherry og einni flösku af rósavíni.

b) Þrettán dósum af áfengum bjór, 33 cl og tveimur dósum 50 cl.

c) Óáteknum tveimur lengjum og 8 pökkum, samtals 28 pökkum af Winston vindlingum.

d) Sjö stk. kjúklingum, 1½ spægipylsu, einni kjötrúllu og tveimur hamborgarhryggjum, allt í erlendum umbúðum.

Tollvarning þann, sem í liðum B a - d greinir, hafði ákærði Magnús Þorsteinn að hluta sjálfur smyglað til landsins, en að hluta keypt eða þegið sem gjafir hér á landi meðvitandi um það að varningurinn væri smyglaður.

Ákærðu sæti samkvæmt a og b liðum 33. gr. áfengislaga og 1. mgr., sbr. 5. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit upptöku hvor á sínum hluta þess varnings, sem í þessum kafla ákæru greinir.

V.

Dómkröfur.

Þess er krafist „að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til að sæta upptöku hvor á sínum hluta varnings þess, sem í I. kafla ákæru greinir, ákærði Lúðvík til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, og báðir til greiðslu sakarkostnaðar."

Hinn 5. desember 1983 sendi ríkissaksóknari, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 74/1974, fjármálaráðuneytinu rannsóknargögn málsins til umsagnar. Í svarbréfi ráðuneytisins segir m.a.: „Eftir ítarlegan lestur málsskjala leggur ráðuneytið til að mál þetta sæti frekari rannsókn, en að henni lokinni verði báðir aðilar ákærðir fyrir brot á hegningarlögum, áfengislögum, lögum um tollheimtu og tolleftirlit og lögum um varnir við því að gin- og klaufaveiki berist til landsins, en ákærði Lúðvík jafnframt fyrir brot á umferðarlögum."

Upphaf málsins má rekja til þess að kl. 20:55 fimmtudaginn 20. október 1983 stöðvuðu lögreglumenn akstur ákærða Lúðvíks á bifreiðinni Þ-246 í Ofanleiti þar eð þeir töldu að akstur hennar hefði verið aðfinnsluverður er henni hafði verið ekið skömmu áður austur Hringbraut. Lögreglumennirnir töldu ákærða bera merki þess að hafa neytt áfengis og færðu hann því til yfirheyrslu á lögreglustöðina. Er bifreiðinni hafði verið ekið þangað kom í ljós að í henni var varningur sá, sem getið er um í I.A. hluta ákæru

málsins. Síðan þróaðist málið svo, að leit var gerð í skápum sem ákærðu höfðu til umráða á vinnustað sínum í Tollstöðinni og á heimilum þeirra, hvort tveggja með samþykki ákærðu. Við leitirnar fannst varningurinn, sem getið er um í ákæru. Einnig var framkvæmd samkvæmt dómsúrskurði leit heima hjá Birni Ragnari Óskarssyni, bryta á m.s. Mánafossi. Var sú leit árangurslaus.

Kl. 21:08 fimmtudaginn 20. október 1983 var ákærði Lúðvík tekinn til yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík um ætlað umferðarlagabrot. Í framhaldi af því var ákærði færður til yfireyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar. Hófst hún kl. 21:54.

Um I. hluta ákæru.

A. Við síðargreindu yfirheyrsluna bar ákærði Lúðvík, að hann og meðákærði hefðu tollafgreitt m.s. Mánafoss við brottför um kl. 20:00 umrætt kvöld. Hefðu þeir skömmu fyrir brottför verið staddir í herbergi brytans, áðurgreinds Björns Ragnars. Hefði brytinn tekið áfengisflöskuna, sem fannst í bifreiðinni, úr skáp og gefið sér. Hefði ákærði þegið gjöfina „og talið að flaskan væri stimpluð sem tollfrjáls varningur en þó ekki athugað það nánar." Hefði meðákærði á meðan verið að skrifa tollvegabréf. Brytinn hefði ekki gefið meðákærða neitt eftir því sem ákærði vissi best. Tollgeymsla skipsins hefði verið innsigluð og ekkert hreyft við innsiglinu. Er skipið hefði látið úr höfn um kl. 20:45 hefðu ákærðu farið á Tollstöðina „til að skrifa skipið út." Ákærði hefði síðan farið akandi heim og verið stöðvaður á þeirri leið. Svínakjötsdósina hefði ákærði einnig þegið að gjöf frá brytanum um borð í Mánafossi, en það verið daginn áður.

Kl. 15:10 næsta dag var ákærði Lúðvík kominn til yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins eftir dvöl í hegningarhúsinu. Ákærði skýrði þá svo frá að Björn Ragnar bryti væri góður kunningi sinn. Mánafoss hefði komið í Reykjavíkurhöfn um kl. 23:00 17. október 1983. Hinn 19. s.m. um kl. 16:00 - 17:00, er ákærði var á vakt, fór hann um borð í skipið og hitti brytann. Hefði ákærði samkvæmt ósk brytans „stimplað" í greiðaskyni 5 óátekna bjórkassa fyrir hann. Hefði ákærði gert sér grein fyrir því að honum var þetta óheimilt, þar eð skipið hefði þegar fengið tollafgreiðslu „og því hafi verið búið að stimpla bjórskammt þann sem Birni bar. Þetta hafi því verið óleyfilegt umframmagn." Ákærði hefði notað embættisstimpil sinn sem á stæði: „Tollgæslan, dagsetning og tollfrjálst." Við þetta tækifæri hefði hann þegið 900 gr svínakjötsdós, sem fannst í bifreiðinni.

Ákærði Lúðvík bar við sömu yfirheyrslu að þeir ákærðu hefðu daginn áður tollafgreitt skip brytans fyrir brottför. Við það tækifæri hefði hann þegið genever flöskuna sem fannst í bifreiðinni.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 4. nóvember 1983 kvaðst

ákærði vilja leiðrétta framburðinn um samskiptin við brytann Björn Ragnar Óskarsson, sem hefði verið rangur og ekki sannleikanum samkvæmur. „Mætti kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann gaf þessa skýrslu og ekki vitað hvað hann var í raun að segja." Við aðra yfirheyrslu sama dag kvaðst ákærði ekki hafa verið undir áfengisáhrifum heldur ringlaður sökum langvarandi neyslu áfengis. Hefði ákærði ekki gert sér grein fyrir hversu slæmt ástand hans var við skýrslugjöfina hinn 21. október 1983 fyrr en eftir meðferð á Siglungapolli vegna áfengissýki. Þangað hefði hann farið strax eftir yfirheyrsluna.

Í dóminum hefur ákærði kannast við að lögreglan hafi hinn 20. október 1983 fundið eina flösku af genever áfengi og eina dós af skinku eftir að lögreglumenn stöðvuðu bifreið hans. Ákærði hefði þegið skinkudósina að gjöf frá skipverja á m.s. Mánafossi, sem hann vildi ekki nafngreina, daginn fyrir brottför skipsins. Búið hefði verið að tollafgreiða dósina eins og altítt sé um smádósir. Ákærði hefði fengið áfengisflöskuna um borð í öðru skipi samkvæmt venjunni „flösku í vasann." Ekki vildi ákærði tilgreina þetta nánar. Ofangreindar gjafir hefði ákærði ekki þegið af neinu tilefni. Ákærði kvað það lengi hafa tíðkast, þó það væri ekki föst venja, að tollverðir fái áfengisflöskur að gjöf við afgreiðslu á skipum.

Við ítrekaðar yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni neitaði Björn Ragnar, bryti á ms. Mánafossi, afdráttarlaust að hafa látið ákærða Lúðvík í té varning sem gjöf eða gegn greiðslu í einhverri mynd, hvorki tollafgreiddan né ótollafgreiddan. Björn Ragnar kvað ákærðu, sem hann kannaðist við vegna starfa þeirra þriggja, hafa tollafgreitt skipið við brottför hinn 20. október 1983. Ekkert hefði farið á milli þeirra annað en nauðsynlegt hefði verið vegna afgreiðslunnar.

B. Við yfirheyrslur hjá lögreglunni og rannsóknarlögreglunni hinn 21.10. 1983 bar ákærði Magnús Þorsteinn að þeir ákærðu hefðu afgreitt ms. Mánafoss við brottför með venjulegum hætti þ.e. „farið yfir tollpappíra og innsiglislista og gefið út tollpassa." Ekki hefði verið hreyft við tollgeymslu eða neinum innsiglum. Verkið hefði verið framkvæmt í herbergi brytans. Hefði ákærði séð alfarið um skýrslugerðina og ekki vitað hvað meðákærði var að sýsla á meðan. Er ákærði hefði verið að yfirgefa skipið hefði hann veitt athygli einni vodkaflösku og einni pakkalengju af vindlingum „við bitann við niðurför að landgangi." Hefði ákærði tekið varninginn í sínar vörslur, sett í fataskáp sinn á Tollstöðinni og ætlað að gefa skýrslu um fundinn næsta morgun. Engum öðrum hefði verið um það kunnugt og ákærði hefði hvorki sagt meðákærða né skipstjóranum frá þessu. Sagði ákærði að mjög algengt væri að tollverðir fyndu slíkan varning við brottför skipa. Ákærði hefði einn yfirgefið skipið og beðið meðákærða úti í tollbifreiðinni.

Í dóminum hefur ákærði Magnús Þorsteinn borið, að algangt væri að tollverðir fyndu varning um borð í skipum með svipuðum hætti og í umrætt sinn. Ákærðu hefðu verið sendir til að afgreiða skipið við brottför. Vakt ákærða hefði átt að ljúka kl. 20:00 og ákærði hefði lofað konu sinni að koma heim skömmu síðar. Brottför skipsins hefði verið fyrirhuguð kl. 20:00. Hefði ákærði séð um að ganga frá nauðsynlegum brottfararskjölum skipsins en meðákærði verið á vappi um skipið. Hefði ákærði gengið frá skjölunum í herbergi brytans. Brottför hefði seinkað. Ákærðu hefðu því dvalið um borð í skipinu lengur en upphaflega stóð til, enda beri þeim skylda til að vera um borð þar til skip fer. Ákærði hefði á meðan á hinni framlengdu dvöl stóð farið eftirlitsferð um skipið, enda algengt að smávarningur finnist undir spilum og víðar. Venja væri að taka slíkan varning, gera um hann skýrslu og skrá að eigandinn væri ókunnugur. Ef um smáræði væri að tefla væru ekki gerðar sérstakar ráðstafanir til að hafa upp á eiganda, væri skip á förum. Ákærði hefði sett umræddan varning í fataskáp sinn hjá tollgæslunni og hefði gert um hann skýrslu strax og hann losnaði úr haldi lögreglunnar. Fyrir sér hefði ætíð vakað að gera skýrslu um fundinn kl. 08:00 morguninn eftir.

C.1. Með játningu ákærða Lúðvíks og öðrum gögnum málsins er sannað að hann hefur þegið að gjöf um borð í skipum, er hann var að standa vaktir sem tollvörður, eina flösku af áfengi og eina dós af svínakjöti. Varðar þessi háttsemi ákærða við 128. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr.áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr.laga nr. 52/1978, og 1. og 2. mgr. 61. gr.laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1976 og 138. gr. almennra hegningarlaga.

C.2. Samkvæmt meginreglu 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála verður í málinu að leggja til grundvallar framburð ákærða Magnúsar Þorsteins um fund hans á varningi í ms. Mánafossi og meðferð hans á eftir, enda var vakt hans að ljúka og ekki verður það talið með ólíkindum að hann hugðist gera skýrslu um fund sinn næsta morgun. Ber því að sýkna hann af þessum ákærulið.

Um II. hluta ákæru.

Við leit í fataskáp ákærða Lúðvíks í Tollstöðinni aðfaranótt föstudagsins 21.10. 1983 var lagt hald á stimpil Tollgæslunnar sem ákærða var ætlað að nota við störf sín. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar um leitina og ljósmyndum af stimplinum hefur honum verið breytt eins og lýst er í ákæru. Framan og aftan við orðið „TOLLGÆSLAN" í efstu línu stimpilsins vantar tollvarðarnúmer ákærða Lúðvíks. Í annarri línu stimpilsins er dagsetning, breytanleg með hjólum svo að hægt sé að stimpla viðeigandi dag-

setningu hverju sinni. Framan og aftan við dagsetninguna er bókstafurinn T. Í þriðju og neðstu línu stimpilsins er orðið „Tollfrjálst".

Ákærði Lúðvík skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá 21.10. 1983 að hann viðurkenndi afdráttarlaust að hann hefði skorið númerið af báðum hornum stimpilsins fyrir líklega 1-3 árum. Ætti númerið að vera 81. Væri það skráð hjá yfirmönnum ákærða sem embættisnúmer eða afgreiðslunúmer ákærða. Hefði hann gert þetta í þeim tilgangi að ekki yrði séð hver hefði stimplað umframvarning, svo sem áfengisflöskur, bjórkassa eða annan varning. Ákærði kvaðst „hafa viljað dyljast fyrir öðrum starfsfélögum sínum, þegar hann stimplaði umframmagn af áðurgreindum varningi og þess vegna skorið númerin af stimplinum" svo stimplunin um tollfrelsi yrði ekki rakin til hans. Ákærði bar að í herbergi flestra skipverja væru tveir bjórkassar, annar óátekinn og stimplaður, því undirmenn ættu rétt á einum tollfrjálsum kassa og yfirmenn tveim. „Umframkassinn er þá ofast átekinn og hafi kærði stimplað þann kassa að beiðni skipverja."

Í dóminum hefur ákærði kannast við að hafa skorið úr embættisstimpli tollgæslunnar númerið 81 á tveim stöðum og notað stimpilinn eftir það. Ákærði bar að hver tollvörður um sig fái aðeins einn stimpil og sé sama númerið á honum og innsiglistöng sem tollverðir hafi til afnota við störf sín. Til þess sé ætlast að hver tollvörður um sig noti sinn stimpil. Þó hafi borið við að tollverðir láni starfsbróður stimpil ef hans eigin hefði gleymst í landi. Stimplarnir væru einungis notaðir við að stimpla áfengi, bjór og tóbak. Ákærði taldi að hann hefði ekki notað stimpilinn til annars en að stimpla átekna umframkassa og áteknar flöskur. Ekki vildi ákærði svara því í dóminm hvers vegna hannn hefði breytt stimplinum, „en hann hafi ekki gert það í auðgunarskyni."

Dómurinn telur sannað með játningu ákærða við rannsókn málsins og að nokkru við meðferð þess, en þá gerði ákærði nokkuð til að draga í land að hann hafi breytt embættisstimpli sínum til að afgreiða varning tollfrjálst umfram heimildir. Það framferði ákærða var til þess gert að rýra réttindi ríkissjóðs til tekna. Ákærði hefur með þessu háttalagi brotið gegn 139. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. mgr. 18. gr. um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969 og 3. mgr. i.f. 4. gr. áfengislaga nr. 82/1969 eins og hún var áður en henni var breytt með 1. gr. laga nr. 7/1986.

Um III. hluta ákæru.

Ákærði hefur skýrt svo frá, sbr. inngang dómsins, að hann hefði verið á leið heim til sín frá Tollhúsinu við Tryggvagötu er lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á bifreiðinni Þ-246. Hefði ákærði drukkið eina flösku af erlendum bjór um borð í ms. Mánafossi fyrir akstur og eitthvað af áfengi

um borð í skipi um hádegisleytið sama dag. Ákærði taldi að hann hefði eigi fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Í blóðsýni, sem ákærða var tekið í þágu rannsóknar þessa þáttar málsins, reyndist magn alkóhóls vera 1.17 ‰.

Með játningu ákærða á áfengisneyslu, alkóhólgreiningu á blóðsýni og öðrum gögnum málsins, er sannað að ákærði hefur gerst sekur um þá hátt-semi sem í III. hluta ákæru greinir. Þar með hefur hann brotið gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og unnið til refsingar samkvæmt 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

Um IV. hluta ákærunnar.

A. Um leit hjá ákærða Lúðvík liggur fyrir í málinu svohljóðandi skýrsla frá lögreglunni í Reykjavík:

„Erindi okkar í Tollstöðina var að gera leit í fataskáp Lúðvíks, en áður hafði hann gefið heimild til leitar þar svo og heima hjá honum að Efsta-landi 12.

Við leit í nefndum fataskáp kom í ljós að þar voru fyrir 1 flaska Smirnoff vodka 1 lítri, óaftekin með stimpli tollgæslunnar, 1. flaska, óaftekin, Irish Mist, óstimpluð, 1 flaska Royal vodka, Fleischmann's tæplega hálf (aftek-in) tvær flöskur Carlsberg bjór 33 cl og eitt karton sígarettur Winston.

Við leit heima hjá Lúðvík fundust tómar áfengisflöskur, 1 fl. OUDE OLIFANT genever (óstimpluð), 1 fl. Wolfschmidt vodka (óstimpluð) og fleygur af Camus Cognac (óstimpluð).

Við nánari athugun var ekki að sjá, að áfengisflöskur þær sem nefndar eru hér að framan væru með merki ÁTVR."

Ákærði Lúðvík kannaðist við hjá rannsóknarlögreglunni hinn 21.10. 1983, að í fataskáp hans í Tollstöðinni væru þrjár óáteknar áfengisflöskur af þeim tegundum sem greindar væru í ofangreindri leitarskýrslu, svo og átekin áfengisflaska, 2 bjórflöskur og ein pakkalengja af Winston vindling-um. Hefði ákærði fengið allan þennan varning að gjöf frá skipverjum á nokkrum skipum. Hefði þetta verið ótollafgreiddur varningur og sér gefinn eftir reglunni „flaska í vasann." Í dóminum bar ákærði að varninginn, sem fannst í fataskáp hans í Tollstöðinni, hefði hann fengið með svipuðum hætti og varninginn sem fannst í bílnum, hefði ákærði þegið varninginn smátt og smátt.

B. Um leit, sem gerð var hjá ákærða Magnúsi Þorsteini eftir frumyfir-heyrslu á lögreglustöðinni, liggur fyrir í málinu svohljóðandi skýrsla lög-reglunnar í Reykjavík:

„Vegna rannsóknar á máli Magnúsar Karlssonar var með hans samþykki og leyfi farið að Tollstöðinni við Tryggvagötu til leitar í fataskáp hans,

sem er á 2. hæð hússins. Einnig var gerð leit í geymsluskúffu í búningsklefa sem Magnús hefur.

Í fataskápnum og skúffunni fannst eftirtalið:

1,,karton" (10 pakkar) Winston vindlingar.
1 " (10 pakkar) Marlboro vindlingar.
1 flaska Budweiser bjór.
1 flaska Johnnie Walker áfengi,óátekin.
1 flaska Royal Vodka Fleischmann's áfengi, óátekin.
1 flaska Tovarisch vodka, flaskan var merkt ÁTVR, átekin um hálf.

Í framhaldi var farið að heimili Magnúsar að Hraunbæ 25 og gerð leit þar. Þar fannst víðsvegar um húsið eftirtalið:

12 dósir niðursoðnir ávextir Summertime, jarðber, óverðmerkt.
12 dósir niðursoðnir ávextir Adriatica Brand, blandaðir,óverðm.
13 dósir bjór Carlsberg Elephant 33 cl.
2 dósir bjór Carlsberg 50 cl.
1 flaska Bommerlunder áfengi,átekin með lögg í.
1 flaska Gammel Dansk Bitter Dram, axlarfull.
1 flaska Campari, stimpluð tollstimpli 18.11. 82, óátekin.
1 flaska Dry Sack Sherry, óátekin.
1 flaska Grand Marnier, átekin með lögg í.
1 flaska Mounnet Cognac, átekin rúmlega hálf.
1 flaska Mateus, rósavín,óátekin.
1 flaska Canadian Club Whisky,átekin axlarfull.
1 flaska Ballantines Whisky, átekin með ,,slatta" í.
1 flaska Bacardi rom, tómur ,,fleygur".
1 flaska White Label Whisky, átekin tæplega axlarfull.
2 flöskur D.O.M. liqueur, óáteknar.
1 flaska Camp Viejo, rauðvín, óátekin, merkt með spönskum verðm.
1 flaska Bols Genever, leirbrúsi átekinn.
1 flaska Smirnoff vodka, óátekin.
50 stykki vindlar Hamlet.
29 stykki vindlar London Docks.
46 stykki vindlar Agio.
5 stykki vindlar AL-Capone.
1 stykki vindill Willem 11.
10 stykki vindlar Ritmeester.
1 stykki vindlar Tueroz.
2 ,,karton" (20 pakkar) Winston vindlingar, óátekin.
8 pakkar Winston vindlingar, opið ,,karton".

Einnig var í frystiskáp talsvert af kjötvöru, kjúklingar, hamborgarhryggir, spægipylsa o.fl., sem ekki hefur verið flokkað."

Samkvæmt skýrslu frá rannsóknarlögreglunni var kjötvaran: „7 stk. kjúklingar í erlendum umbúðum, 1½ spegepylsa, 1 stk. kjötrúlla, 1 stór hamborgarhryggur og 1 lítill hamborgarhryggur."

Við frumyfirheyrslu hjá lögreglunni kvaðst ákærði Magnús Þorsteinn aldrei hafa þegið áfengi eða annað slíkt að gjöf, er hann hefði verið að sinna skyldustörfum sínum. Hefði hann til umráða á Tollstöðinni fataskáp, þar sem hann geymdi föt sín og ýmsa persónulega muni. Í skápnum geymdi hann auk þess varnings, sem greini í I.B., eina áfengisflösku sem hann hefði keypt í fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli næstliðið vor og væri sú flaska ekki merkt Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Lögreglan í Reykjavík yfirheyrði ákærða á ný eftir leitina. Þá kvaðst ákærði geta gefið skýringu á öllu áfenginu, sem lagt var hald á á heimili hans. Ákærði og eiginkona hans hefðu farið til útlanda árlega sl. 5 - 6 ár. Hefðu þau í öllum ferðum komið með áfengi og tóbak og 3 - 4 flöskur hefði hann þegið af föður sínum er nú væri látinn. Vindlarnir væru samansafn tíu ár aftur í tímann. Síðan segir í framburði ákærða:

„Ég var búinn að gera grein fyrir tveim áfengisflöskum og sígarettukartoni, sem var lagt hald á á vinnustað mínum, í vitnaskýrslu sem tekin var af mér fyrr í nótt. Svo var lagt hald á áfengisflösku og sígarettukarton sem ég geymdi í skúffunni við fataskápinn en þá flösku keypti ég fyrir ca fimm árum í áfengisversluninni hér heima enda er hún merkt sem slík en sígarettukartonið er komið eins og hin sígarettukartonin, þ.e. í gegnum fríhöfnina á Keflavíkurflugvelli.

Allur bjórinn sem var heima hjá mér að undanskildum tveim dósum af Carlsberg, hann kom ég með í gegnum fríhöfnina er ég kom frá Spáni í sumar en Carlsberg dósirnar þær fékk ég gefins um borð í einhverju skipi sem ég hef tollafgreitt og held ég að það hafi verið Hvítáin og sá sem gaf mér dósirnar heitir að mig minnir San Michael.

Matvælin, þau eru þannig til komin að reyktu hamborgarana tvo þá keypti ég í Kjötmiðstöðinni við Laugalæk fyrir ca einu og einu og hálfu ári síðan.

Spægipylsuna stóru keypti ég úti á Spáni í sumar og kom með til landsins í gegnum fríhöfnina.

Kjúklingana 7, Valid Edam ostinn, nautafylleið (sic) og hálfa spægipylsan voru sendir mér að gjöf þann 4. júlí sl. en þá átti ég afmæli. Ég var að koma af vakt, þegar ég fann þessa hluti í bílnum mínum en ég veit ekki hver það var sem sendi mér þetta.

Edam Juusto keypti Hreinn 1. meistari á Eyrarfossi fyrir mig á síðasta vori.

Ég ítreka það eins og í fyrri skýrslunni sem tekin var af mér fyrr í nótt

að ég hef aldrei þegið neitt að gjöf er tengst gæti starfi mínu sem tollvörður og það sem ég hef fengið hef ég borgað fyrir.

Ávaxtadósirnar, þær fékk ég frá foreldrum mínum, sem bjuggu í Meðalholti 2, Rvík og dósirnar eru orðnar nokkuð gamlar."

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni bar ákærði:

„Nánar aðspurður um það áfengi og tóbak sem fannst við leit í fataskáp mætta á Tollstöðinni kveðst mætti hafa þegið að gjöf Budwiser bjórflösku um borð í veðurathugunarskipinu Walther Hervig fyrir um 3 - 4 vikum síðan. 1 karton af Marlboro kveðst mætti hafa fært á stöðina heiman frá sér, með það fyrir augum að gefa vinnufélögum í tilefni af afmæli sínu þann 4. júlí sl., en ekki hafi orðið af. Þetta tóbak kveðst mætti hafa keypt einhvern tímann á ferðum sínum erlendis. 1 fl. af Johnnie Walker kveðst mætti hafa keypt í Þýskalandi á árinu 1981 og komið með að heiman frá sér með fyrrgreint afmæli í huga. Það hafi ekki gefist tími né tilefni til að veita vinnufélögum af þessu.

Varðandi áfengi það og tóbak, sem á heimili mætta var, kveðst mætti hafa keypt í gegnum árin á ferðum sínum erlendis. Mætti kveðst vera svo til bindindismaður, en hafa gaman af því að eiga margar áfengistegundir til að veita af í góðum félagsskap. Þetta hafi safnast upp á mörgum árum og kveðst mætti alfarið neita að það sé tilkomið frá skipum sem hann hafi verið við störf sín í.

Hvað varðar bjór þann, sem tilgreindur er í húsleitarskýrslum, kveðst mætti hafa keypt hann í vörumarkaði úti á Spáni, nánar tiltekið á Costa Del Sol. Mætti kveðst viðurkenna að er hann hafi komið til landsins í þetta skiptið hafi áfengisskammtur þeirra hjóna verið nokkuð meiri en heimilt er. Auk flösku af sterku áfengi kveðst mætti hafa verið með léttvínsflösku og 18 bjóra.

Varðandi matvæli, er fundust á heimili mætta, kveður hann hamborgarhryggi tvo vera úr Kjötmiðstöðinni Lækjarteigi, 1 pylsa hafi verið keypt í fyrrgreindri Spánarferð í sumar en kjúklingar, ostur, nautakjöt og spægipylsa hafi borist í hendur mætta á undraverðan hátt.

Eins og fyrr greinir hafi mætti átt afmæli þann 4. júlí sl. og þá farið niður í Tollstöð með rjómakökur til að veita vinnufélögum. Mætti kveðst hafa verið þar megnið af deginum, en er hann hafi komið heim til sín, sett bílinn inn í bílskúr og opnað farangursgeymslu, hafi þessi matvæli verið þar til staðar. Mætti kveðst ekki hafa hugmynd um hvernig þau hafi komist í farangursgeymslu bíls síns, en tekur fram að geymslan hafi ekki verið læst.

Aðspurður kveðst mætti alfarið neita að hafa tekið svokallaða „flösku í vasann" í starfi sínu, en hins vegar kveðst mætti viðurkenna að hafa í einstökum tilvikum þegið eina og eina flösku af bjór sem hann hafi borið

með sér heim. Mætti kveðst hafa haft það fyrir venju að snerta aldrei áfengi í vinnu sinni."

Síðan kvaðst ákærði vilja leiðrétta og bæta fyrri framburð þar sem hann hafi ekki greint réttilega frá.

„Mætti kveðst viðurkenna að hann hafi fengið „flösku í vasann" eins og aðrir vinnufélagar hans. Um sé að ræða í stöku tilfelli en ekki að öllu jöfnu. Mætti kveðst með engu móti geta fullyrt um áfengismagn sem hann hafi fengið með þessum hætti í gegnum tíðina en giskar á að ein flaska í mánuði láti nærri. Þó hafi það ekki verið mánaðarlega sem hann hafi þegið slíkt.

Mætti kveðst ekki geta tilgreint hvað af því víni, sem á heimili hans fannst, sé svokölluð „flaska í vasann." Þó kveðst mætti hallast að því að algengari tegundirnar whisky, vodka o.s.frv. sé hluti af þessu. Mætti kveðst engan veginn geta tilgreint magn í þessu sambandi."

24. október 1983 var ákærði enn yfirheyrður og bar:

„Mætti kveðst vilja koma því að í framburði sínum að hann hafi ofætlað á sig áfengismagn með því að telja að hann hafi fengið að meðaltali eina flösku í mánuði af svokallaðri „flösku í vasann."

Eftir á að hyggja, kveðst mætti hafa verið frá 16. mars 1972 til 28. september 1982, eða samtals 10 ár, á tollbátnum. Þá kveðst mætti afar sjaldan hafa farið um borð í skipin og því ekki verið í neinni aðstöðu með að þiggja „flösku í vasann."

Þá kveðst mætti einnig hafa leyst af á tollbátnum í sumar eða frá 20. maí til 5. júlí. Þá hafi hann einnig verið í sumarleyfi frá 5. júlí til 15. ágúst.

Mætti kveðst því aðeins í einu eða tveimur tilvikum muna eftir að hafa þegið „flösku í vasann". Mætti kveðst þó telja að ein flaska sé hið rétta."

Í dóminum hefur ákærði gefið sömu skýringar á varningnum sem greinir í B lið IV. hluta ákærunnar og við rannsókn málsins, bæði að því er varðar varninginn í fataskáp ákærða og í skúffu í búningsklefa hans í tollstöðinni svo og varninginn sem fannst við leit heima hjá honum. Ákærði neitaði þeirri fullyrðingu í ákæru að hann hefði að hluta sjálfur smyglað til landsins eða þegið gjafir hér á landi meðvitandi um að varningurinn væri smyglaður. Ákærði kvaðst aldrei hafa þegið „flösku í vasann", en sér hefði verið kunnugt um þá venju að slíkt stæði til boða en það væri komið undir hverjum og einum hvort hann þægi slíkt. Ákærði taldi að lögreglumaðurinn, sem yfirheyrði hann, hefði lagt sér orð í munn í þessu atriði. Ekkert af áfenginu, sem fannst heima hjá ákærða, væri þannig til komið. Hjónin hefðu ekki sleppt úr utanferð árið 1983 og talan 10 ár aftur í tímann hvað utanlandsferðir snerti gæti alveg eins verið 6 - 7 ár.

C.1. Með játningu ákærða Lúðvíks, sem ekki veikist af öðrum gögnum

málsins, er sannað að ákærði komst með ólögmætum hætti yfir varning þann sem í IV. A í ákæru greinir, og voru því vörslur hans á varningnum þess eðlis að beita ber 1. mgr. sbr. 5. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, svo og a. og b. liðum 34. gr. áfengislaga (ekki 33. gr. eins og í ákæru greinir) og 2. mgr. 8. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf og gera varninginn upptækan.

C.2. Í 17. gr. áfengislaganna nr. 82/1969, sbr. 1. gr. laga nr. 52/1978 segir að allt það áfengi, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur af hendi, skuli merkt innsigli hennar. Finnist í vörslum manna áfengi, sem ekki er merkt innsigli verslunarinnar eða tollyfirvalda og ætla má að sé ólöglegt, skal honum skylt að færa sönnur á hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki skal honum refsað samkvæmt lögunum. Í lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63/1969, 7. gr. segir að allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, skuli merktar með nafni verslunarinnar og/eða merki hennar.

Tilgangur beggja framangreindra ákvæða er að tryggja framkvæmd einkasölulaganna. Það aðhald, sem þessi ákvæði eiga að veita, slævist mjög af lagareglum um tollfrjálsan innflutning ferða- og farmanna, sbr. nú reglugerð nr. 482/1985 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, sem m.a. tekur til innflutnings öls. Slíkur innflutningur farmanna hefur tíðkast um langan aldur og verið látinn átölulaus. Einnig hefur viðgengist hjá ferðamönnum allt frá árinu 1980, sbr. reglugerð nr. 102/1980, að þeir flyttu inn takmarkað magn af öli.

Ofangreind undantekningarákvæði eru ekki bundin við það að far- og ferðamenn kaupi einkasöluvarninginn í fríhöfninni í Keflavík. Því getur ómerktur einkasöluvarningur verið kominn inn í landið með lögmætum hætti.

Við úrlausn upptökukröfunnar er ekki við annað að styðjast en vörslur ákærða Magnúsar Þorsteins og framburð hans sem að vísu hefur verið mikið á reiki. Telja verður fráhvarf hans frá játningum við rannsókn málsins haldlaust, en samkvæmt meginreglu 108. gr. almennra hegningarlaga (sic) verður að leggja framburð ákærða til grundvallar í öllum meginatriðum.

Um áfengi.

Ákærði viðurkenndi við rannsóknina að hann hefði fengið „flösku í vasann", en gat ekki fullyrt hve mikið af áfenginu, sem lagt var hald á, væri þannig til komið, en kvaðst hallast að því að algengari tegundirnar whisky, vodka o.s.frv. væri hluti af þessu. Ákærði gæti með engu móti tilgreint magnið. Sökum þessarar óvissu um andlag upptöku er ekki hægt

að taka kröfuna til greina um upptöku á áfenginu, sbr. B a) liður IV. hluta ákæru, enda ókleift að benda á ákveðnar flöskur í því sambandi.

Um öl.

Hafna ber upptöku af sömu ástæðum og greinir í „Um áfengi", að undantekinni einni flösku og tveim dósum af öli, sem ákærði viðurkenndi að hafa þegið um borð í erlendum skipum. Það öl skal gert upptækt til ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. 34. gr. áfengislaga og 1. mgr., sbr. 5. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Tóbak.

Engar óyggjandi upplýsingar liggja fyrir um ólögmæti á vörslum ákærða á tóbaksvörunum, sbr. B c), þótt þær hafi ekki verið merktar ÁTVR, sbr. það sem áður segir um undantekningarákvæði.

Kjötvörur.

Samkvæmt 2. mgr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969 eins og henni hefur verið breytt með 1. gr. laga nr. 71/1976 er það réttarbrot að veita viðtöku vörum, sem móttakandi veit eða má vita að eru ólöglega innfluttar. Ákærði hefur starfað við tollgæslu um langt árabil og var því kunnugt að innflutningur á hráu kjöti er fortakslaust bannaður. Honum hlaut því að vera ljóst að varningur þessi var með einum eða öðrum hætti kominn ólöglega inn í landið. Fallast ber því á þessa upptökukröfu samkvæmt 1. mgr., sbr. 5. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

V.

Ákærði Lúðvík hefur ekki svo kunnugt sé sætt refsingu, en ákærði Magnús Þorsteinn hlaut skilorðsdóm fyrir brot á 259. gr. almennra hegningarlaga árið 1976. Að auki undirgekkst hann á árunum 1954 til 1959 6 sinnum að greiða sektir fyrir minni háttar umferðarlagabrot.

Samkvæmt vottorði frá Kristni Ólafssyni tollgæslustjóra, dagsettu 25. þ.m., hóf ákærði Lúðvík störf hjá tollgæslunni 15.8. 1956 og ákærði Magnús Þorsteinn 1.11. 1966.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins frá 27. desember 1983, sem getið er um í inngangi dómsins, segir að ráðuneytið hafi þegar tekið ákvörðun um endanlega lausn beggja ákærðu úr starfi.

Refsing ákærða Lúðvíks ákveðst með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og stöðumissi hans á fullorðinsaldri, þriggja mánaða varðhald og 12.000 króna sekt til ríkissjóðs. Varðahaldsrefsingunni skal fresta og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi

ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Sektina ber að greiða innan 4 vikna frá birtingu dómsins, ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Með vísan til þess sem segir um I.B. er ákærði Magnús Þorsteinn sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins, enda ekki sóttur til refsingar fyrir aðra háttsemi en þar greinir.

Ákærði Lúðvík skal vera sviptur ökuréttindum sínum í 6 mánuði frá dómsbirtingu samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.

Ákærðu, hvor fyrir sig, sæti upptöku á varningi eins og í dómsorði greinir.

Ekki þykja vera efni til að skipta sakarkostnaði, sem ákærða Lúðvík ber einum að greiða, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð 15.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Lúðvík Jónasson, sæti varðhaldi í 3 mánuði og greiði 12.000 króna sekt til ríkissjóðs. Fresta skal fullnustu varðhaldsrefsingarinnar og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, gerist ákærði ekki sekur um nýtt brot á þeim tíma. Greiðist sektin ekki innan 4 vikna afplánist hún með varðhaldi í 10 daga.

Ákærði, Magnús Þorsteinn Karlsson, skal vera sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins.

Ákærði, Lúðvík, skal vera sviptur ökuréttindum sínum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði Lúðvík sæti upptöku á 4 flöskum af áfengi, tveim flöskum af áfengum bjór, einni pakkalengju af vindlingum og 1 dós af niðursoðnu svínakjöti.

Ákærði, Magnús Þorsteinn, sæti upptöku á 2 dósum og einni flösku af áfengum bjór, 7 kjúklingum, 1½ spikpylsu, einni kjötrúllu og 2 hamborgarhryggjum.

Ákærði, Lúðvík, greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð 15.000 krónur.

Miðvikudaginn 8. október 1986.

Nr. 210/1986. **Bjarnheiður Ragnarsdóttir**
gegn
Bjarna Ólafssyni og
Sigríði Valdísi Elíasdóttur

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 26. júní 1986, sem barst Hæstarétti 4. júlí, kært synjun þinglýsingardómara í Barðastrandarsýslu 11. júní á kröfu hennar um að afmáð verði úr fasteignabók sýslunnar yfirlýsing varnaraðila 24. febrúar 1986 er varðar réttindi yfir jörðinni Neðri-Rauðsdal. Verði lagt fyrir þinglýsingardómara að afmá yfirlýsinguna. Jafnframt krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar, sem mótmæltu kröfu sóknaraðila við þinglýsingardómarann, hafa ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerð.

Þinglýsingardómarinn, Tryggvi Bjarnason fulltrúi sýslumanns, hefur sent Hæstarétti svohljóðandi greinargerð:

„Málavextir eru þeir, að þann 4. mars 1986 barst embætti sýslumanns Barðastrandarsýslu bréf dags. 25. febrúar 1986, frá Friðjóni Erni Friðjónssyni hdl. f.h. Bjarna Ólafssonar og Sigríðar Valdísar Guðjónsdóttur (sic), Neðri-Rauðsdal, Barðastrandarhreppi. Með bréfinu fylgdi yfirlýsing, sem óskað var þinglýsingar á. Yfirlýsingin var skráð í þinglýsingarbók embættisins og merkt 231/86 og færð inn í fasteigna- og veðmálabók þann 10. mars. Í yfirlýsingu þessari var mótmælt gildi afsals dags. 14. desember 1977, en með afsali þessu afsalaði Bjarni Ólafsson syni sínum Elíasi Bjarnasyni hálfa jörðina Neðri-Rauðsdal, Barðastrandarhreppi, en Bjarnheiður Ragnarsdóttir situr í óskiptu búi eftir mann sinn, Elías Bjarnason, og er Bjarnheiður samkvæmt búsetuleyfi nú þinglýstur eigandi jarðarinnar. Ágreiningur mun nú vera risinn milli Bjarnheiðar Ragnarsdóttur og Bjarna Ólafssonar og Sigríðar V. Elíasdóttur um

eignarrétt og eignarheimildir að þeim hluta jarðarinnar, sem Elías eignaðist með afsalinu dags. 14. desember 1977.

Í bréfi Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl. segir m.a.: „Ágreiningslaust er að þann 27.06. 1965 afsala umbjóðendur mínir syni sínum Elíasi Bjarnasyni hálfri jörðinni Neðri-Rauðsdalur. Þann 18.01. 1978 var þinglýst „afsali" dags. 14.12. '77 undirrituðu af ofangreindum aðilum. Skjali þessu er mótmælt sem ógildu og þess farið á leit að hjálagðri yfirlýsingu verði þinglýst vegna ofangreindrar eignar. Því er haldið fram af umbjóðendum mínum að umrætt skjal hafi verið undirritað á röngum forsendum þ.e. í þeirri trú að um veðleyfi til handa syni sínum Elíasi Bjarnasyni hafi verið að ræða en ekki afsal.

Rétt er að fram komi að Bjarni Ólafsson varð árið 1977 fyrir blóðtappasjúkdómi og var nýkominn heim af spítala er undirritun skjalsins fór fram. Bjarni er fæddur árið 1900, en Sigríður kona hans árið 1907.

Þá er ennfremur rétt að vekja athygli á efnis- og formgöllum sem umrætt skjal er haldið. Ég læt nægja að taka eftirfarandi fram í því sambandi: Skjalið er nánast eftirgerð fyrra afsals. Í því er m.a. kveðið á um að kaupverð eignarinnar sé greitt að fullu með því að afsalsþegi taki að sér að greiða ákveðnar veðskuldir að hálfu á móti afsalsgjafa. Umræddar veðskuldir sem á eigninni hvíldu og taldar eru upp í umræddu skjali voru allar að fullu greiddar þegar undirritun skjalsins fór fram. Það er því ekki um neitt endurgjald að ræða samkvæmt „afsalinu"."

Óskaði lögmaður eftir því að yfirlýsingunni yrði þinglýst og vísaði til laga nr. 39/1978, sérstaklega 2. mgr. 27. gr. laganna.

Með bréfi dags. 30. apríl 1986 mótmælti Hilmar Ingimundarson hrl. f.h. Bjarnheiðar Ragnarsdóttur þinglýsingu yfirlýsingarinnar og krafðist þess, að yfirlýsingin yrði afmáð úr fasteigna- og veðmálabókum embættisins. Í bréfi lögmannsins segir m.a.: „Bjarni Ólafsson og Sigríður Valdís Elíasdóttir eiga engan lögvarðan rétt til jarðarinnar Neðri-Rauðsdalur og mótmæli þeirra núna við afsali dags. 14. des. 1977 eru með öllu þýðingarlaus. Þau hafa engan reka gert að því að fá afsal þetta ógilt með dómi og hafa heldur ekki sýnt fram á neinar ógildingarástæður.

Umbj.m. er einn þinglýstur eigandi jarðarinnar, Neðri-Rauðs-

dalur og hann einn getur þinglýst eða samþykkt þinglýsingu á skjölum varðandi eignina, nema þá að fyrir liggi úrskurður dómara þar að lútandi, sbr. t.d. 28. gr. l. nr. 39. 1978.“

Með bréfi dags. 16. maí 1986 var lögmanni Bjarna Ólafssonar og Sigríðar Valdísar Elíasdóttur gefinn kostur á að tjá sig um framkomna kröfu lögmanns Bjarnheiðar Ragnarsdóttur. Í svarbréfi lögmanns þeirra, Þórólfs Kristjáns Beck hrl. dags. 5. júní 1986 segir m.a.: „Með yfirlýsingu þeirri, sem um er deilt, vakti fyrir að tryggja bráðbirgðavernd réttinda fyrri eigenda yfir eigninni, þ.e. þar til dómur er gefinn (sic) eða samningar hafa tekist um kröfu Bjarna og Sigríðar um ógildingu afsals til sonar þeirra sem nú er látinn, en eignarheimild núverandi þinglýsts eiganda er aðeins búsetuleyfi, sem stafar alls ekki frá þinglýstum eiganda. Er brýn nauðsyn á að yfirlýsingarinnar, sem stafar frá fyrri þinglýstum eiganda, verði getið í veðmálabókum til að tryggja bráðabirgðavernd gagnvart ráðstöfunum yfir eigninni og til að fyrirbyggja að þriðji maður kunni að vinna rétt yfir eigninni í góðri trú vegna ráðstafana á grundvelli búsetuleyfisins. Er tilvik þetta nánst skóladæmi um réttarspjöll, sem ætlunin er að koma í veg fyrir með þinglýsingu, kröfu samkvæmt 2. mgr. 27. gr. þinglýsingarlaganna, sbr. sérstaklega yfirskrift 2. þáttar IV. kafla þinglýsingarlaga „Bráðabirgðavernd réttinda“.“

Þinglýsingardómari synjaði kröfu Hilmars Ingimundarsonar hrl. um að yfirlýsingin yrði afmáð úr fasteigna- og veðmálabókum, og var honum tilkynnt úrlausnin með bréfi dags. 11. júní 1986. Með bréfi dags. 26. júní 1986 kærði lögmaðurinn þessa synjun til Hæstaréttar.

Athugasemd um kæru þessa hefur verið skráð í þinglýsingarbók.

Í bréfi Þórólfs Kristjáns Beck hrl., dags. 5. júní 1986, er á það bent, að þinglýsing yfirlýsingarinnar hafi haft „res judicata“ áhrif gagnvart þinglýsingardómara og verði því ekki breytt nema með málskoti til æðra dóms. Ekki féllst þinglýsingardómari á þessi rök lögmannsins, og taldi hann sér heimilt að fjalla efnislega um andmæli gegn þinglýsingu yfirlýsingarinnar.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978 er það lagt á vald þinglýsingardómara að meta hvort aðili hafi fært veigamikil rök að því að færsla í fasteignabók sé efnislega röng og horfi sér til réttarspjalla. Hver svo sem efnisleg niðurstaða kann að verða

í ágreiningi Bjarnheiðar Ragnarsdóttur og Bjarna Ólafssonar og Sigríðar V. Elíasdóttur, þá þykir þinglýsingardómara að þau Bjarni og Sigríður hafi fært fyrir því veigamikil rök, eins og fram komu hér áður, að þau hafi réttmæta hagsmuni af því að fá hinni umdeildu yfirlýsingu þinglýst, og tryggja þannig bráðabirgðavernd þeirra réttinda, sem þau kunna að eiga. Af þessum sökum telur þinglýsingardómari, að synja eigi þeirri kröfu að yfirlýsingin, sem hér er fjallað um, verði afmáð úr fasteigna- og veðmálabókum sýslumannsins í Barðastrandarsýslu."

Hin umdeilda yfirlýsing er sem fyrr greinir dagsett 24. febrúar 1986. Hún er undirrituð fyrir hönd varnaraðila af Friðjóni Erni Friðjónssyni hdl. Meginmál hennar er þannig:

„Fyrir hönd umbjóðenda minna Bjarna Ólafssonar, nnr. 1226-9587, og Sigríðar Valdísar Elíasdóttur, nnr. 9075-7148, til heimilis að Neðri-Rauðsdal, Barðastrandarsýslu og með vísan til ágreinings um eignarheimildir að jörðinni Neðri-Rauðsdal, er þess farið á leit við sýslumannsembættið, Barðastrandarsýslu að bréfi þessu með eftirfarandi yfirlýsingu verði þinglýst varðandi jörðina Neðri-Rauðsdal, Barðastrandarsýslu:

„Skjali, nefnt afsal, dags. 14.12. 77 og þinglýst var þann 18.01. 1978, þar sem Bjarni Ólafsson bóndi Neðri-Rauðsdal og kona hans Valdís Elíasdóttir, „afsala" syni sínum Elíasi Bjarnasyni hálflendu jarðarinnar Neðri-Rauðsdal, er mótmælt sem ógildu. Bjarni Ólafsson og Sigríður Valdís Elíasdóttir eru eigendur hálfrar jarðarinnar Neðri-Rauðsdal ásamt öllu er henni fylgir og fylgja ber.

Viðbygging er byggð var við íbúðarhúsið á Neðri-Rauðsdal er ennfremur eign Bjarna Ólafssonar og Sigríðar Valdísar Elíasdóttur.

Bréfi þessu fylgir yfirlýsing núlifandi barna Bjarna og Sigríðar Valdísar dags. 04.02. 1986 varðandi sama skjal."

Í kæru þeirri, sem lögmaður sóknaraðila ritaði 26. júní, segir að engin þau rök hafi komið fram sem sýni að varnaraðilar „hafi einhverja réttmæta hagsmuni af því að fá hinni umdeildu yfirlýsingu þinglýst". Hafi þau engan reka að því gert að fá afsalið frá 1977 ógilt með dómi eða sýnt fram á ógildingarástæður. Þótt þau hafi einhvern tíma átt rétt á að fá afsalið ógilt, hafi þau glatað þeim rétti vegna tómlætis.

Þinglýsingardómara var heimilt að hafa þá aðferð, sem lýst hefur

verið, við meðferð mótmæla lögmanns sóknaraðila 30. apríl sl.

Í 2. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 er svofellt ákvæði: „Nú staðhæfir maður, að færsla í fasteignabók sé efnislega röng og horfi sér til réttarspjalla, og er honum þá kostur að fá þinglýst kröfu sinni um leiðréttingu, ef hann færir veigamikil rök fyrir staðhæfingu sinni, að mati dómara, eða setur tryggingu eftir því, sem dómari kveður á um. Ef hann færir ekki sönnur fyrir staðhæfingu sinni innan frests, sem dómari setur honum, skal athugasemdin strikuð út í fasteignabókinni."

Í greinargerð með frumvarpinu að þinglýsingalögunum segir m.a. svo um 27. gr.: „... getur það verið brýnt hagsmunamál fyrir mann, að getið sé kröfu hans um leiðréttingu í þinglýsingabók. Er dómara heimilt að fallast á tilmæli manns um þetta, í fyrsta lagi ef hann færir veigamikil rök fyrir staðhæfingu sinni að mati dómara eða í öðru lagi setur tryggingu eftir því sem dómari kveður á um. .... Er gert ráð fyrir, að dómari setji manni frest í þessu skyni, og ber þá að má athugasemd, ef aðila tekst ekki að færa sönnur á mál sitt innan hins mælta frests. Ef aðila auðnast að sanna staðhæfingu sína innan frestsins, ber dómara að framkvæma leiðréttingu þegar í stað."

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 eru það meðal skilyrða þess, að maður geti fengið þinglýst kröfu um leiðréttingu í fasteignabók, „ef hann færir veigamikil rök fyrir staðhæfingu sinni, að mati dómara, eða setur tryggingu eftir því, sem dómari kveður á um." Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að fyrra skilyrðinu hafi verið fullnægt, er varnaraðilar beiddust þinglýsingar og þar sem þinglýsingardómari kvað, að svo vöxnu, ekki á um tryggingu til handa sóknaraðila, ber að fella hina kærðu færslu dómarans úr gildi og leggja fyrir hann að afmá úr fasteignabók sýslunnar yfirlýsingu varnaraðila 24. febrúar 1986, er varðar réttindi yfir jörðinni Neðri-Rauðsdal í Barðastrandarhreppi.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðilum gert að greiða sóknaraðila 7.000,00 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Krafa sóknaraðila Bjarnheiðar Ragnarsdóttur þess efnis, að yfirlýsing varnaraðila Bjarna Ólafssonar og Sigríðar Valdísar

Elíasdóttur frá 24. febrúar 1986 er varðar réttindi yfir jörðinni Neðri-Rauðsdal í Barðastrandarhreppi verði afmáð úr fasteignabók Barðastrandarsýslu, er tekin til greina.

Varnaraðilar greiði sóknaraðila 7.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. október 1986.

Nr. 170/1986. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Unnsteini Óskari Guðmundssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Þjófnaður. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1986. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 8. september 1986. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds og ákærða, að skaðabótaákvæði héraðsdóms væru ekki til endurskoðunar. Koma þau því ekki til álita, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Fallast ber á með héraðsdómara að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er borinn í ákæru að öðru leyti en því, að ósannað er, að ákærði hafi stolið meiru en 7.500,00 krónum í heilsugæslustöðinni.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi og skal hún vera skilorðsbundin og falla niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms að því er varðar greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 10.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 10.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Unnsteinn Óskar Guðmundsson, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakarkostnað ákærða eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Njarðvíkur 3. nóvember 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 3. nóvember er á dómþingi sakadóms Njarðvíkur af Inga H. Sigurðssyni fulltrúa kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1287/1982: Ákæruvaldið gegn Unnsteini Óskari Guðmundssyni.

Mál þetta, sem þingfest var þ. 23.8. 1982 og dómtekið þ. 13.10. sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæruskjali dagsettu 8. júlí 1982 á hendur ,,Unnsteini Óskari Guðmundssyni sjómanni, Sjávargötu 26 í Njarðvík, fæddum 18. júlí 1963 í Reykjavík, fyrir eftirtalin þjófnaðarbrot í Bolungarvík:

1. Aðfaranótt sunnudagsins 13. desember 1981 brotist inn í Trésmiðjuna Þrótt hf. og stolið reiknivél.

2. Þessa sömu nótt brotist inn í heilsugæslustöðina og stolið 8.800,00 krónum.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls kostnaðar."

Mánudaginn 14.12. 1981 var lögreglunni í Bolungarvík tilkynnt um tvö innbrot er framin höfðu verið þá um helgina í plássinu. Brotist hafði verið inn í Heilsugæslustöð Bolungarvíkur við Höfðastíg. Úr skúffu í apóteki, sem þar er til húsa, höfðu verið teknir peningar, að því er talið var 9 - 10 þúsund krónur. Einnig var brotist inn í Trésmiðjuna Þrótt hf. við Hafnargötu í Bolungarvík og þaðan stolið reiknitölvu.

Ákærði og bróðir hans Þórður Einar Guðmundsson voru yfirheyrðir af lögreglu. Neituðu þeir báðir að hafa átt þátt í innbrotum þessum.

26. febrúar 1982 gaf Þórður Einar Guðmundsson skýrslu hjá lögreglunni í Bolungarvík, þar sem hann greindi frá því að sunnudaginn eftir að umrædd innbrot höfðu átt sér stað hefði ákærði tjáð sér að hann hefði brotist inn í trésmíðaverkstæði Þróttar og einnig í heilsugæslustöðina, aðfaranótt sunnudagsins 13. desember. Ákærði hefði tjáð sér að hann hefði tekið u.þ.b. 7.300,00 kr. í apótekinu en reiknitölvu í Þróttarhúsinu.

Sama dag var ákærði færður til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík. Í fyrstu neitaði hann alfarið sakargiftum en viðurkenndi síðar að hafa brotist inn í báða þá staði er um ræðir.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa í umrætt sinn brotist inn í Trésmiðjuna Þrótt í Bolungarvík með því að skrúfa í sundur læsingu á glugga trésmiðjunnar sem hann síðar skreið inn um. Hann kvaðst hafa tekið litla reiknivél í trésmiðjunni en hent henni síðar í sorptunnu við húsið nr. 10 við Bakkastíg þar í bæ. Í framhaldi af þessu innbroti hafi hann brotist inn í heilsugæslustöðina með því að spenna upp glugga sem hann skreið inn um og farið inn í apótekið sem þar er til húsa. Í apótekinu hafi hann spennt upp peningakassa, en ekkert fémætt hafi verið í kassanum. Í ólæstri skúffu í apótekinu hafi hann tekið kr. 7.500,00 sem hann hafði á brott með sér.

Árið 1979 var ákærði uppvís að broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga og ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 5.10. 1979.

Með viðurkenningu ákærða þykir sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er borinn í ákæru og varðar hún við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Eftirfarandi skaðabótakröfur hafa verið gerðar á hendur ákærða:

1. Sigurður E. Hannesson f.h. Trésmiðjunnar Þróttar kr. 700,00 (Krafa gerð 17. mars 1982.).

2. Hrafnkell Stefánsson f.h. útibús Ísafjarðarapóteks í Bolungarvík kr. 14.274,80. (Krafa gerð 12. maí 1982.).

Ákærði hefur samþykkt ofangreindar skaðabótarkröfur að öðru leyti en því, að eins og að framan er rakið hefur hann einungis viðurkennt að hafa tekið kr. 7.500,00 í apótekinu og verður sú fjárhæð hér lögð til grundvallar skaðabótunum.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til greiðslu kr. 700,00 samkvæmt lið 1. Samkvæmt lið 2 ber að dæma ákærða til greiðslu kr. 12.974,80 með 34% ársvöxtum frá 12.5. 1982 til 1.11. s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9. 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með vöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma af almennum sparisjóðsbókum til greiðsludags.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar máls þessa skv. 1. mgr. 141. gr. nr. 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði, Unnsteinn Óskar Guðmundsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði Sigurði E. Hannessyni f.h. Trésmiðjunnar Þróttar í Bolungarvík kr. 700,00.

Ákærði greiði Hrafnkeli Stefánssyni, f.h. Ísafjarðarapóteks kr. 12.974,80 með 34% ársvöxtum frá 12.5. 1982 til 1.11. s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9. 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með vöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma af almennum sparisjóðsbókum til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. október 1986.

Nr. 18/1985. **Ingvar Gýgjar Jónsson**
Olga Sigurbjörg Jónsdóttir og
Skapti Steinbjörnsson
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Friðrik Stefánssyni
og gagnsök
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Áfrýjun. Sératkvæði.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu dagsettri 4. febrúar 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi dómsmálaráðherra 23. janúar 1985 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Í greinargerð dagsettri 7. janúar 1986 hafa aðaláfrýjendur gert þær kröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og honum gert að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 4.mars 1985. Í greinargerð, dagsettri 8. janúar 1986, hefur hann gert þær kröfur aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur efnislega. Þá krefst hann þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur krefjast þess, að frávísunarkröfu gagnáfrýjanda verði hrundið og honum gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti í þessum þætti málsins.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram sérstaklega fyrir Hæstarétti um frávísunarkröfu gagnáfrýjanda.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp 24. júlí 1984. Aðaláfrýjendur tóku fyrst út áfrýjunarstefnu 8. október 1984 til þingfestingar 2. nóvember s.á. (hæstaréttarmál nr. 199/1984). Þá var útivist í málinu. Aðaláfrýjendur tóku aftur út áfrýjunarstefnu 6. nóvember 1984 (hæstaréttarmál nr. 215/1984) til þingfestingar 3. desember

s.á. Gagnáfrýjandi tók út gagnáfrýjunarstefnu 30. nóvember s.á. (hæstaréttarmál nr. 234/1984) til þingfestingar 3. desember s.á. Er málið kom fyrir þann dag, varð aftur útivist í því.

Hinn 23. janúar 1985 fengu aðaláfrýjendur útgefið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu áfrýjunarleyfi, sem byggt var á 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 og tóku út áfrýjunarstefnu hinn 4. febrúar s.á. til þingfestingar 1. mars s.á., en það er mál það, sem hér er til úrlausnar.

Hinn 4. mars 1985 fékk gagnáfrýjandi útgefna gagnáfrýjunarstefnu til þingfestingar 3. maí s.á. (hæstaréttarmál nr. 36/1985), sem er gagnsök í máli þessu. Sótt var þing fyrir Hæstarétti samkvæmt báðum stefnunum.

Gagnáfrýjandi reisir frávísunarkröfu sína á því, að áfrýjun aðaláfrýjenda með stefnunni 4. febrúar 1985 hafi verið þriðja áfrýjun þeirra á dóminum frá 24. júlí 1984. Samkvæmt 36. gr. laga nr. 75/1973 sé einungis heimilt að áfrýja einu sinni ef mál sé fellt niður eftir að áfrýjunarfrestur er liðinn, enda sé það gert innan fjögurra vikna eftir niðurfellingu máls, en það tímamark hafi aðaláfrýjendur heldur ekki virt.

Aðaláfrýjendur tefla fram þeim rökum gegn frávísunarkröfunni, að áfrýjun þessa máls sé byggð á áfrýjunarleyfinu frá 23. janúar 1985 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Það sé sjálfstæð áfrýjunarheimild, er ákvæði 36. gr. sömu laga fái eigi haggað, enda hafi aðalafrýjendur tekið út áfrýjunarstefnu innan þess fjögurra vikna frests, er þeim hafi verið settur í leyfinu. Verður að fallast á þessar röksemdir aðaláfrýjenda og hrinda frávísunarkröfu gagnáfrýjanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð:

Framangreind frávísunarkrafa er ekki tekin til greina.
Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Núgildandi lög um Hæstarétt nr. 75/1973 leystu af hólmi lög nr. 57/1962 um Hæstarétt. Í 36 gr. laganna eru svofelld samhljóða ákvæði.

„Ef mál, sem skotið hefur verið til Hæstaréttar innan lögmælts áfrýjunarfrests, fellur þar niður, er fellt niður eða því er vísað frá dómi, er aðila rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 20. gr. sé liðinn, enda sé áfrýjunarstefna gefin út að nýju innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms um niðurfellingu máls eða frávísun. Heimild þessari verður eigi beitt oftar en einu sinni."

Í athugasemdum við frumvarpið til laga nr. 57/1962, sem samið var af þáverandi dómurum Hæstaréttar og einum prófessor við Háskóla Íslands, taka höfundar fram, að við samningu þess hafi verið höfð hliðsjón af fenginni reynslu við meðferð mála fyrir Hæstarétti og erlendri löggjöf. Þá segja þeir að ofangreint ákvæði komi „í stað 27. gr. laga nr. 112/1935, en ákvæði frumvarpsgreinarinnar eru einnig látin taka til þess, er mál fellur niður vegna útivistar aðilja eða aðili fellir mál sitt niður. Í 54. gr. laga nr. 112/1935 ræðir um útivist aðilja, en í þeim lögum brestur skýr ákvæði um afleiðingar útivistar og svo um afleiðing þess, er mál er fellt niður eða fellur niður. Skýrt er tekið fram, að heimild til enduráfrýjunar verði ekki notuð nema einu sinni. Misnotkun í sambandi við heimild greinarinnar til enduráfrýjunar máls mundi varða réttarfarslegum viðurlögum."

Í dómi Hæstaréttar 1965, bls. 717 segir svo:

„Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp 10. ágúst 1963. Skaut áfrýjandi honum til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. desember 1963, en útivistardómur gekk í því máli, nr. 3/1964 þann 2. mars 1964. Áfrýjandi skaut nú málinu aftur til Hæstaréttar með stefnu 25. mars s.á. í málinu nr. 68/1964. Gekk útivistardómur í því máli þann 2. desember 1964. Samkvæmt ákvæðum 36. gr. laga nr. 57/1962 er aðilja rétt að skjóta máli aftur til Hæstaréttar, sem fallið hefur niður, en heimild þessari verður eigi beitt oftar en einu sinni. Af þeim sökum verður máli því, sem hér er til úrlausnar, vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti."

Líta verður svo á, að ákvæði 36. gr. laga nr. 75/1973 hafi að geyma almennt ákvæði um heimild til enduráfrýjunar máls til Hæstaréttar. Svo sem skýrt er tekið fram verður þessari heimild eigi beitt oftar en einu sinni. Þá heimild hafa áfrýjendur notfært sér. Þeir eiga ekki rétt á að áfrýja málinu í hið þriðja sinn. Samkvæmt því ber að vísa málinu frá Hæstarétti, enda hefur það ekki þýðingu

fyrir úrslit málsins þó að áfrýjendur hafi aflað sér áfrýjunarleyfis, sem talið er að eigi stoð í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 15. október 1986.

Nr. 158/1986. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Bent Níels Jónssyni og
(Örn Clausen hrl.)
Sveini Ragnari Jónssyni
(Eiríkur Tómasson hrl.)

Líkamsárás leiðir til dauða. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 94. gr. og 220. gr. alm. hegningarlaga. Neyðarvörn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Héraðsdómi var með stefnu 6. maí 1986 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærðu og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, m.a. ályktun Læknaráðs sem fellst á niðurstöður í skýrslu dr. Ólafs Bjarnasonar um réttarkrufningu á líki Þórðar Jónssonar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans að sýkna beri ákærða Svein Ragnar af ákæru fyrir nauðgun (ákæruskjal 3. janúar 1985).

Að því er varðar efni ákæru 12. nóvember 1984 verður, svo sem gert er í héraðsdómi, að leggja til grundvallar frásögn ákærðu um árás af hendi Þórðar Jónssonar. Var þeim því samkvæmt 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vítalaust þótt þeir verðust árás-

inni, ef þeir beittu eigi vörnum sem voru augsýnilega hættulegri en árásin og tjón það sem af henni mátti vænta gaf tilefni til. Ákærðu beittu Þórð meðal annars hálstaki er leiddi hann til bana. Hjálpuðust þeir að við verkið og verður ekki gerður greinarmunur á þætti hvors um sig í því. Telja verður að með þessu hafi ákærðu farið mjög út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar. Ber því að refsa ákærðu fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hegningarlaga sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, en til refsilækkunar verður hliðsjón höfð af 1. tl. 74. gr. sömu laga.

Ákærðu komu morguninn eftir í íbúðina og verður að ætla að Þórður hafi þá verið látinn. Verður ákærðu ekki refsað fyrir brot gegn 1. mgr. 220. gr. hegningarlaga þótt þeir hyrfu úr íbúðinni án þess að hafast að.

Refsing ákærðu hvors um sig þykir hæfilega ákveðin fangelsi 1 ár. Frá refsingu skal draga gæsluvarðhald ákærðu svo sem greinir í héraðsdómi, en auk þess sem þar segir er þess að geta að ákærði Sveinn Ragnar sætti einnig gæsluvarðhaldi dagana 19. til 22. nóvember 1984 vegna rannsóknar þeirrar sem leiddi til ákæru 3. janúar 1985, og þykir rétt að sú vist verði einnig dregin frá refsingu hans.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað þykir mega staðfesta. Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í sakadómi Reykjavíkur 10. desember 1984 en síðan var eigi þingað í því fyrr en 5. desember 1985. Eigi kemur fram í gögnum málsins skýring á þessum mikla drætti.

Dómsorð:

Ákærðu, Bent Níels Jónsson og Sveinn Ragnar Jónsson, sæti hvor um sig fangelsi eitt ár. Frá refsingu dragist gæsluvarðhaldsvist ákærðu, Bents Níelsar í 9 daga en Sveins Ragnars í 12 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði Bent Níels Jónsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur, og ákærði Sveinn Ragnar Jónsson málsvarnarlaun verjanda

síns, Eiríks Tómassonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur. Annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu in solidum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og Magnúsar Thoroddsen.

Með tilliti til hins slysalega verknaðar ákærðu, ungs aldurs þeirra svo og sakferils fyrir og eftir að brot var framið, teljum við rétt að fresta fullnustu refsingar og falli hún niður eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærðu halda almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Að öðru leyti erum við sammála atkvæði meiri hluta dómara.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. janúar 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 15. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 29-30/1986: Ákæruvaldið gegn Bent Níels Jónssyni og Sveini Ragnari Jónssyni, sem tekið var til dóms 11. f.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með tveim ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 12. nóvember 1984 og 3. janúar 1985.

Samkvæmt fyrrnefndu ákærunni er málið höfðað á hendur ákærðu, Bent Níels Jónssyni sjómanni, áður að Fífuseli 7 í Reykjavík, síðar að Melabraut 57, Seltjarnarnesi, fæddum 12. október 1965 í Reykjavík og Sveini Ragnari Jónssyni afgreiðslumanni, Stallaseli 2 í Reykjavík, fæddum 15. nóvember 1965 í Reykjavík, ,,fyrir að hafa aðfaranótt föstudagsins 23. desember 1983 orðið samvaldir að dauða Þórðar Jónssonar, fædds 28. desember 1963, í íbúð á 2. hæð hússins nr. 7 við Fífusel í Reykjavík, með því að hafa milli kl. 03 og 04 umrædda nótt, þá er ákærðu og Þórður Jónsson sátu þar að drykkju áfengis og Þórður réðst skyndilega að ákærðu með líkamlegu ofbeldi, gerst offarar í varnaraðgerðum gagnvart Þórði m.a. með því að snúa hann tvívegis í gólfið með harkalegum hálstökum og halda honum þar með hjálp hins, fyrst ákærði Bent Níels og síðar ákærði Sveinn Ragnar, og eigi látið af tökunum í seinna skiptið fyrr en Þórður lá eftir lífvana eða meðvitundarlaus og síðan hraðað sér á brott úr íbúðinni.

Þá er ákærðu ennfremur gefið að sök að hafa komið á ný í íbúðina um kl. 08 um morguninn og komið þar að Þórði liggjandi í sömu skorðum og þeir skildu við hann en eigi að síður yfirgefið íbúðina án þess að athuga um ástand Þórðar eða kalla eftir aðstoð. Komið var svo að Þórði seinna

sama dag um kl. 17 og reyndist hann þá látinn og leiddi krufning í ljós, að Þórður hafði verið kyrktur og köfnun af þeim sökum leitt hann til dauða.

Framanlýst atferli beggja ákærðu telst varða við 2. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með síðarnefndu ákærunni er höfðað mál á hendur ákærða Sveini Ragnari „fyrir að hafa, aðfaranótt eða að morgni sunnudagsins 18. nóvember 1984, með ofbeldi þröngvað stúlkunni X, fæddri ..... 1961, til holdlegs samræðis í herbergi sínu í Stallaseli 2 sem að ofan greinir.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Ákæra dagsett 12. nóvember 1984.

Föstudaginn 23. desember 1983 klukkan 17.04 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt frá slökkvistöðinni í borginni að slys hefði átt sér stað að Fífuseli 7. Þangað héldu tveir lögreglumenn og samkvæmt skýrslu annars þeirra var hér um að ræða íbúð á 2. hæð til vinstri, en þar bjuggu hjónin Jón Níelsson og Jódís Þorsteinsdóttir ásamt tveim sonum sínum, ákærða Bent Níels Jónssyni og Þórði Jónssyni, en það var hann sem lá látinn á grúfu á gólfinu þvert fyrir framan eldhúsdyrnar í íbúðinni.

Lögreglumennirnir komu á staðinn um líkt leyti og sjúkrabifreið með tveim brunavörðum, lækni og hjúkrunarfræðingi. Að sögn læknisins var Þórður látinn fyrir nokkrum klukkutímum og lík hans stirðnað. Bar íbúðin þess merki að átök hefðu átt sér stað þar. Í íbúðinni var húsmóðirin grátandi í taugalosti. Upplýsti hún að hún hefði ekki verið heima og þegar hún hefði komið heim rétt áður hefði hún komið að Þórði látnum á gólfinu.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var tilkynnt um málið klukkan 17.18 og komu starfsmenn hennar til frekari rannsóknar á vettvang.

Jódís Þorsteinsdóttir sagði lögreglunni að hún hefði dvalið að Brekku í Vogum á Vatnsleysuströnd. Fóru lögreglumenn úr Keflavík þangað og fengu staðfest að Jódís hefði komið þangað um klukkan 22 að kvöldi þriðjudagsins 20. desember og dvalið þar fram til á milli klukkan 15 og 17 hinn 23. desember að hún hefði farið á brott í leigubifreið.

Læknir sá, er kom með sjúkrabifreiðinni, hafði upplýst að hann hefði

athugað hinn látna og taldi hann að hann hefði ekki látist með eðlilegum hætti.

Jódís sagði lögreglunni að maður hennar væri úti á sjó á togara, en hún kvaðst ekki vita hvar sonur hennar ákærði Bent Níels væri, en hann ætti að vera í Reykjavík.

Högni Einarsson rannsóknarlögreglumaður og Bjarni Jóhann Bogason rannsóknarlögreglumaður komu fyrstir til rannsóknar málsins í íbúðina að Fífuseli 7. Gerði hinn fyrrgreindi skýrslu um för þeirra þangað.

Í skýrslu Högna kemur fram að Heimir Bjarnason aðstoðarborgarlæknir hafi komið á staðinn klukkan 18.05 til að skoða hinn látna og hefði hann talið að ekki væru minna en 12 klukkustundir síðan hann hefði látist og ekki meira en 20 klukkustundir.

Klukkan 18.10 hringdi í íbúðina Dóra Skúladóttir, Stallaseli 2, móðir ákærða Sveins Ragnars Jónssonar og spurði eftir honum. Hún upplýsti að sonur hennar og ákærði Bent Níels væru kunningjar og hefðu báðir verið heima hjá henni ölvaðir klukkan 7 um morguninn. Hefðu þeir sagt henni, að þeir hefðu verið að drekka í íbúðinni að Fífuseli 7 ásamt hinum látna og þá lent í einhverjum átökum.

Í skýrslu Högna segir svo um athugun á vettvangi:

„Þegar við Bjarni komum á staðinn þá lá hinn látni í holinu í íbúðinni þannig að höfuðið snéri að útidyrahurðinni. Hann lá á grúfu og andlitið snéri að hægri öxl.

Vinstri handleggur var krepptur um olnboga og lá undir kviði hins látna, en hægri handleggur var krepptur um olnboga og snéri hendi fram og nam við öxl. Fætur hins látna voru beinir.

Hinn látni var klæddur í bláar gallabuxur, dökkbláar nærbuxur og hvítan netbol að ofan.

Hann var berfættur.

Hann var með húðflúr á vinstri handlegg, en það var arnarmynd með áletruninni Ísland.

Sjáanlegir áverkar:

Tvær skinnsprettur á hálsi og mar vinstra megin á hálsi. Þrjár litlar húðrispur á þumalfingri vinstri handar og á hnúum vinstri handar sams konar sár.

Á olnboga vinstri handar voru þrír blettir.

Neðst á hægri hendi voru fleiður með húðrispur og eins alveg upp eftir handarjaðri og upp á framhandlegg.

Á innanverðum olnboga hægri handar var blettur ca 1 sm í þvermál.

Í handarkrika hægra megin voru sérstakir marblettir, smáir og stórir.

Húðrispur voru á framhandlegg hægri handar.

Líkið var einnig þakið líkblettum.

Á herðablöðum voru för með mynstri netbolsins sem hann var klæddur í, en þessi för voru rauðleitari en húðliturinn. Þetta eru tvær rákir skáhallt yfir hægra herðablað og stór blettur á vinstra herðablaði.

Einnig svona blettur frá hægri öxl og niður.

Trúlega eru þessi för stimpluð eftir skyrtuna sem hann var í við það að fá högg."

Lík Þórðar Jónssonar var krufið og segir svo um krufninguna í skýrslu dr. Ólafs Bjarnasonar prófessors:

„Líkið er af 183 cm háum karlmanni sterklega byggðum í meðal holdum. Líkið er alstirt og rauðbláleitir fremur dökkir líkblettir eru dreifðir um bæði aftan- og framanverðan líkamann. Á hægri kinn ofan til og hægra gagnauga eru 3 marblettir sem mælast frá 5 mm upp í 1 cm í þvermál. Rétt utan við ytri hægri augnkrók er mar í augnlokinu sem mælist 1×0,5 cm. Blóðlituð vilsa er í nösum. Húð á vörum er dökkbláleit og skorpin. Ekkert sérstakt á ytri eyrum að sjá.

Efst á hálsinum framanverðum eru 2 þverstæðar rákir með u.þ.b. 1 cm millibili en samhliða. Efri rákin er alveg upp undir kverkinni og mælist 12 cm á lengd. Neðri rákin mælist 7 cm á lengd. Þær ná báðar jafnlangt yfir til vinstri. Í miðjum rákunum sem eru svarbláar að lit er um 1 mm breið rispa sem nær ekki inn úr húð. Sitt hvoru megin meðfram rispunum eru rákirnar myndaðar úr mari sem mælist allt að 0.7 cm á breidd í efri rákinni og 0.4 cm á breidd í þeirri neðri. Um 3 cm neðan við rákirnar eru nokkrir hringlaga marblettir í húðinni frá 0.2-1 cm í þvermál.

Grunnar skurfur eru á hnúum vinstri handar. Ofan á vinstri þumalfingri eru 4 grunnar skurfur gulbrúnar frá 2-7 mm að lengd. Umhverfis vinstri olnboga eru 7 hruflblettir frá 4-8 mm í þvermál. Ofan til á vinstri upphandlegg 14 cm neðan við öxlina er marblettur á húðinni sem mælist 4×1.5 cm.

Utanvert á hægri framhandlegg er hruflrák með marblettum og nær frá ulnlið og 19 cm upp eftir handleggnum. Innanvert á handleggnum eru auk þess marblettir og hrufl á þrem stöðum upp undir olnboga og mælast frá 2-11 cm á lengd og frá 3 mm upp í 1.5 cm á breidd. Áverkar þessir virðast hvergi ná inn úr húðinni. Nokkur smá hrufl eru á hnúum hægri handar frá 1-6 mm í þvermál. Í hægri handarkrika eru dreifðir dökkbláir blettir skarpt afmarkaðir (vibicus eða marblettir), og eru sumir punktlaga en aðrir stærri og mælist sá stærsti 2.5×2 cm. Á herðablöðum er marbletta- eða hruflmunstur svipað því sem verið gæti eftir nærbol þann sem maðurinn var klæddur í.

Dreifðar punktblæðingar eru í andliti einkum á enninu. Í conjunctivae augna eru einnig dreifðar punktblæðingar."

Næst er gerð grein fyrir hinum einstöku atriðum krufningarinnar. Þar kemur fram, að nýlegar blæðingar séu í vöðva framan við vinstra lappa

skjaldkirtils. Svarandi til ofnagreindra ráka á hálsinum voru einnig nýlegar blæðingar í húðina og mjúka vefi undir henni. Þá var nokkur blæðing í galea svarandi til marblettsins á gagnaugasvæðinu. Við nánari athugun á barkakýli og málbeini sást sprunga í vinstri enda málbeins og nokkur blæðing í kring. Á barkarkýlinu sjálfu var ekkert að sjá.

Um smásjárskoðun segir svo í skýrslunni:

„Í sneiðum úr húð og subcutis af hálsi sést rof í epidermis svarandi til rispanna í miðjum þverrákum þeim sem lýst er að ofan og lágu þversum framanvert á hálsinum aðallega vinstra megin. Niður frá rispunum í epidermis eru ferskar blæðingar í dermis, sem teygja sig niður í supcutis.

H.d.: Abrasiones cutis colli cum hæmorrhagias contusiones dermis et subcutis.

Í sneiðum úr lungum sést bráð blóðfylla og nokkur bjúgur.

H.d.: Stasis acuta et oedema pulmonum.

Í sneiðum úr þverrákóttum vöðva og fituvef framan af hálsi sjást ferskar blæðingar.

H.d.: Hæmorrhagiae contusiones musculi et subcutis colli.

Samkvæmt réttarefnafræðilegu mati (Rannsóknastofa Háskólans í lyfjafræði), sem fylgir hér með í ljósriti, var magn etanóls í blóði 2.07‰ og í þvagi 1.75‰. Við almenna lyfjaleit fannst vottur af nikotíni, en engin önnur lyf eða eiturefni."

Í lok skýrslunnar segir síðan:

„*Ályktun:* Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því sem fannst við krufninguna virðist ljóst að maðurinn hafi verið kyrktur og hafi köfnun af þeim sökum leitt hann til dauða.

Maðurinn hefir verið ölvaður er hann lést."

Arinbjörn Sigurgeirsson rannsóknarlögreglumaður gerði skýrslu um lýsingu á íbúðinni á 2. hæð til vinstri að Fífuseli 7 og innanstokkshlutum í henni, sérstaklega í holi og stofu. Er lýsingin á þessa leið:

— — —

Ákærði Bent Níels var handtekinn á heimili sínu er hann kom þangað klukkan 22.41 um kvöldið með föður ákærða Sveins Ragnars sem hafði komið til þeirra þar sem þeir voru staddir á veitingahúsinu Gauki á Stöng. Var ákærði Bent Níels yfirheyrður þegar í stað í fangelsinu að Síðumúla 28, en þangað var hann fluttur. Hófst yfirheyrslan klukkan 22.50.

Ákærði kvaðst hafa farið í frí fyrir 7-8 dögum og notað tímann að nokkru til áfengisdrykkju. Hann kvaðst hafa drukkið sl. laugardag en einn eða fleiri daga hefði hann ekki neytt áfengis.

Ákærði kvaðst hafa byrjað áfengisdrykkju um kvöldmatarleytið kvöldið áður í bifreið kunningja síns, Sigtryggs Ólafssonar. Hefðu þeir farið heim

til Sigtryggs og hringt þaðan í ákærða Svein Ragnar. Eftir skamma stund fóru þeir í bifreið Sigtryggs heim til ákærða Sveins Ragnars og sóttu hann. Síðan var farið heim til ákærða og komið þangað klukkan 19-19.30. Fann ákærði þá til áfengisáhrifa. Drakk hann fyrst romm í coca-cola og síðan vodka.

Skömmu eftir að ákærði og félagar hans komu heim til ákærða komu kunningjar þeirra Kristinn og Jóhannes þangað, en Sigtryggur hafði hringt í þá. Var farið að drekka áfengi og spila á spil.

Ákærði hringdi í kunningja sinn Sigurð að nafni og bað hann að líta inn. Kom hann klukkan 21-21.30 og einnig vinkona Kristins, Herdís Sigurðardóttir. Stóð hún stutt við, kom einhvern tíma fyrir miðnætti og var í 10-20 mínútur.

Á milli klukkan 22 og 23 kom bróðir ákærða heim úr vinnu. Ræddi ákærði við hann og bauð honum áfengi. Þáði Þórður það og hóf drykkju í stofunni.

Ákærði kvaðst hafa orðið mjög drukkinn og hélt að gestir hans hefðu allir farið fyrir miðnætti eða um það bil, að ákærða Sveini Ragnari einum undanskildum. Ekki kvaðst ákærði muna um hvaða leyti Þórður fór inn í herbergi en ákærði kvaðst ekki vita hvort Þórður fór inn í sitt herbergi eða eitthvert annað herbergi. Þá kvaðst hann ekki muna hvort hann fór nokkru sinni inn í herbergi til Þórðar eða ekki. Ákærði sagði að langur tími hefði liðið frá því að Þórður fór inn í herbergi og þar til hann kom aftur inn í stofuna. Sátu ákærðu við drykkju allan þennan tíma. Síðan gerðist það skyndilega að Þórður kom inn í stofuna alveg óður. Sló hann loftljós í sundur. Kvaðst ákærði muna þetta mjög óljóst sökum ölvunar sinnar þá.

Ákærði kvaðst halda að hann hefði setið í hægindastól við plötuspilarann í stofunni og Sveinn hefði setið í sófanum í stofunni. Ákærði kvaðst ekki muna hvað Þórður gerði fleira þar sem ákærði kvaðst hafa staðið upp af stólnum og reynt að róa hann, en hann sá að Þórður sló með hnefunum frá sér. Kvaðst ákærði ekki muna hvort Þórður sló ákærða eða gerði tilraun til þess.

Ákærði kvaðst hafa tekið haustak eða hálstak á Þórði, og kvaðst hann muna eftir því, að þeir hefðu báðir legið á gólfinu fyrir framan eldhúsdyrnar. Kvaðst ákærði hafa haldið Þórði niðri með hálstaki og þar sem Þórður veitti mikla mótspyrnu, þá hefði ákærði beðið ákærða Svein Ragnar að halda fótum Þórðar. Hefði ákærði Sveinn Ragnar gert það.

Ákærði kvaðst hafa beðið ákærða Svein Ragnar að halda Þórði á meðan ákærði leitaði að seðlaveski sínu, og kvaðst ákærði hafa sleppt Þórði og ákærði Sveinn Ragnar þá tekið við og haldið Þórði í gólfinu. Kvaðst ákærði

ekki muna né vita hvernig ákærði Sveinn Ragnar hélt Þórði, en Þórður hefði þá verið farinn að róast.

Ákærði kvaðst ekki hafa fundið seðlaveski sitt. Hann kvaðst hafa beðið ákærða Svein Ragnar að hringja í sjúkralið fljótlega eftir að ákærði hafði Þórð í gólfið. Kvaðst ákærði hafa verið hræddur við Þórð og talið hann brjálaðan. Þar sem ákærðu voru mikið ölvaðir, þá misfórst þetta og ákærði Sveinn Ragnar hringdi aldrei neitt.

Ákærði sagðist hafa haldið það ráð að sleppa Þórði og skyldu þeir hlaupa út úr íbúðinni og láta Þórð einan eftir. Ákærða fannst Þórður veita viðnám, og þess vegna hélt ákærði að eina ráðið fyrir ákærðu væri að flýja úr íbúðinni. Þórður hefði þó sýnt mun minna viðnám í lokin og ákærði taldi að hann væri að róast.

Síðan hlupu ákærðu út úr íbúðinni og fóru beina leið heim til ákærða Sveins Ragnars og komu þangað síðla nætur eða snemma um morguninn.

Ákærði kvaðst hafa farið að sofa heima hjá ákærða Sveini Ragnari og hefði hann vaknað um klukkan 8 um morguninn þegar faðir ákærða Sveins Ragnars vakti hann til vinnu. Hann fór þó ekki til vinnu heldur fóru ákærðu heim til ákærða. Kvaðst ákærði hafa komið að hurðinni að íbúðinni heima hjá sér opinni og hefði Þórður þá legið á grúfu á gólfinu fyrir framan eldhúsið.

Ákærði taldi að Þórður svæfi ölvunarsvefni og reyndi ekkert að vekja hann eða snerti hann. Leitaði ákærði að seðlaveski sínu en fann það ekki en hann ætlaði að sækja það til þess að fara í búðir og kaupa jólagjafir. Ákærði Sveinn Ragnar var aftur á móti með peninga og gat lánað ákærða.

Ákærði kvaðst hafa farið inn í stofuna og séð að hún var öll í „rúst", þ.e.a.s., að stólar voru um koll, loftljós brotið og stofan öll í ólestri eftir átökin eða af völdum Þórðar, en nánar vissi ákærði ekki um ástæðurnar sökum ölvunar um nóttina.

Ákærði fór síðan úr íbúðinni og læsti hurðinni á eftir sér. Þeir ákærðu héldu síðan í bæinn og gengu í verslanir við Laugaveg og víðar.

Ákærði upplýsti að það hefði verið ákveðið í áðurgreindum kunningjahópi að fara á Gauk á Stöng við Tryggvagötu og borða þar. Fóru ákærðu þangað og sáu ekki félaga sína. Þeir fóru þá á brott, gengu upp Laugaveg og fóru á billiardstofu við Hverfisgötu. Þar dvöldu þeir í hálfa klukkustund að ákærði taldi og héldu þeir þá aftur á Gauk á Stöng og hittu þar Kristin og Sigtrygg. Voru þá liðnar 1-2 klukkustundir frá því að þeir komu þar í fyrra skiptið. Skömmu eftir komu ákærðu á Gauk á Stöng í síðara skiptið kom faðir ákærða Sveins Ragnars til þeirra og skýrði frá því að móðir ákærða Sveins Ragnars hefði hringt nýlega heim til ákærða Bents Níelsar og talað við móður hans og heyrt á henni að Þórður væri látinn. Héldu

ákærði og faðir ákærða Sveins Ragnars síðan heim til ákærða, þar sem hann var handtekinn eins og áður er frá greint.

Þessari yfirheyrslu lauk klukkan 0.30 um nóttina.

Ákærði Sveinn Ragnar var einnig handtekinn um kvöldið og hófst yfirheyrsla yfir honum klukkan 0.45 um nóttina.

Ákærði sagði að um kvöldmatarleytið umræddan dag hefðu ákærði Bent Níels og Sigtryggur Árni Ólafsson komið að heimili hans á bifreið Sigtryggs Árna. Fóru þeir síðan allir þrír í henni heim til ákærða Bents Níelsar og hófu þar áfengisdrykkju. Var í bifreiðinni 1,75 lítra Vodkaflaska óátekin, sem ákærði átti.

Um kvöldið komu til þeirra Jóhann Þorkelsson, Kristinn Tómasson, Sigurður Sigurðsson (sic) og Herdís Sigurðardóttir. Stóð hún þó stutt við.

Á milli klukkan 22 og 23 kom Þórður heim. Vissi ákærði ekki hvaðan hann kom eða hvort hann var undir áhrifum áfengis eða ekki.

Flestir gestirnir fóru um miðnætti, en Jóhann dvaldi lengur og fór um klukkan 1. Voru þá ákærðu og Þórður eftir í íbúðinni.

Ákærði sagði að fljótlega eftir að Þórður kom hefði hann beðið ákærða Bent Níels að biðja sig um áfengi. Var það auðsótt og færði ákærði Bent Níels bróður sínum áfengisglas inn í herbergi hans. Kom Þórður fyrst í eldhúsið þegar hann kom, en fór síðan inn í herbergi sitt. Mundi ákærði til þess að ákærði Bent Níels færði bróður sínum inn í herbergi hans tvö glös með áfengi frá komu hans í húsið og fram til þess að flestir fóru á brott.

Ákærði sagði að Þórður hefði komið fram í stofuna til þeirra ákærðu eftir að aðrir voru farnir, og hélt ákærði að Þórður hefði jafnvel verið búinn að drekka fleiri áfengisblöndur en þær tvær sem áður greindi þegar hann kom fram í stofuna skömmu eftir miðnætti. Minnti ákærða að Jóhann hefði verið farinn þegar Þórður kom fram. Var Þórður eitthvað ölvaður því hann var skrafhreifinn þegar hann kom inn í stofuna. Kvaðst ákærði hafa fundið vel til áfengisáhrifa um þetta leyti. Sagði ákærði Þórð hafa setið í stofunni hjá þeim í langan tíma, líklega 1-2 klukkustundir. Þá fór Þórður út úr stofunni og eftir 1-2 mínútur eða svo kom hann aftur inn í stofuna mikið breyttur í skapi. Kvaðst ákærði muna að vel fór á með þeim bræðrum á meðan þeir voru í stofunni og áður en Þórður fór úr henni. Hefðu þeir setið í sófanum við hlið ákærða og haldið hvor utan um annan og verið mjög vinsamlegir í garð hvor annars.

Ákærði kvaðst ekki hafa tekið eftir því þegar Þórður kom aftur inn í stofuna. Hefði hann verði að tala við ákærða Bent Níels, þegar honum varð litið til hliðar og sá hvar Þórður sló með hnefanum í ljósakrónuna. Beygði ákærði sig þá niður til þess að verða ekki fyrir ljósinu eða brotum

úr því. Stóð ákærði Bent Níels nú upp, tók utan um bróður sinn og hélt honum þannig, en lagði hann síðan á gólfið og tók hálstak á honum. Síðan sleppti hann takinu, og þeir stóðu upp. Þá trylltist Þórður aftur og ákærði Bent Níels tók honum á ný hálstaki og lagði hann á gólfið. Var þetta nær forstofunni en í fyrra skiptið. Hrópaði Þórður á ákærða Bent Níels þegar þeir lágu á góflinu að hann skyldi drepa hann.

Ákærði Bent Níels bað ákærða að ná í hjálp og einnig að hringja á Klepp eða eitthvað á meðan þeir bræður lágu á gólfinu. Kvaðst ákærði hafa hlaupið fram í stigahúsið og hringt dyrabjöllum á nokkrum íbúðum í stigahúsinu, en enginn hefði svarað. Kvaðst ákærði hafa trúað að Þórður væri líklegur til að fylgja eftir hótunum sínum. Var ákærði hræddur og virtist ákærði Bent Níels vera það einnig.

Ákærði kvaðst nú hafa hlaupið út úr húsinu, en þá hefði hann heyrt opnaða svalahurð eða gluggatjöld dregin frá og hrópað „Svenni". Ákærði kvaðst þá hafa hlaupið upp í íbúðina. Var hurðin að henni læst og barði ákærði á hana.

Þórður opnaði hurðina fyrir ákærða. Þá kom ákærði Bent Níels að og Þórður trylltist og réðst á hann. Sló hann ótt og títt með hnefum beggja handa til ákærða Bents Níelsar sem bar hendur fyrir andlit og höfuð sitt og reyndi einnig að taka utan um Þórð. Ákærði kvaðst þá hafa ráðist að Þórði og tekið hann hálstaki með hægri hendi og hert að. Stóð ákærði þá við vinstri hlið Þórðar og sneri hann niður í gólfið þannig að hægri hlið Þórðar kom fyrst í gólfið. Ákærði Bent Níels tók í fæturna á Þórði og hjálpaði ákærða að koma Þórði úr jafnvægi og í gólfið. Fór ákærði í gólfið með Þórði og hélt haustakinu áfram eftir að Þórður var kominn í gólfið. Hann gat ekki sagt með neinni nákvæmni, hvað hann hélt haustakinu lengi, en það hefði skipt einhverjum mínútum og verið þétt. Gerðist þetta við eldhúsdyrnar í holinu.

Ákærði sagði að ákærði Bent Níels hefði hrópað nokkrum sinnum til sín að Þórður væri að safna kröftum og tæki sitt stóra kast. Sammæltust ákærðu um að flýja úr íbúðinni, en ekki mundi ákærði hvor þeirra hafði fyrst orð á því að gera það, en það hefðu þeir verið sammála um að gera.

Á meðan ákærði hélt áðurgreindu taki var ákærði Bent Níels að leita að veski sínu og var hann nokkuð lengi að því. Þegar ákærði fann að Þórður veitti ekki viðnám linaði hann takið, en var tilbúinn að herða það ef hann sýndi frekari mótþróa. Lá Þórður allan tímann á hægri hliðinni á meðan ákærði hélt honum. Reyndi hann ekki að nota hendurnar gegn ákærða frá því að hann lenti í gólfinu og þar til ákærði sleppti honum og hljóp út úr íbúðinni með ákærða Bent Níelsi. Leit ákærði ekki á Þórð þegar þeir hlupu á brott, og kvaðst ákærði halda að hann hefði legið á

hægri hlið eða í sömu stellingum og hann var upphaflega lagður í gólfið. Hafi hann verið berhentur og áhaldalaus og ekki haft neitt í höndunum sem hann gæti notað gegn ákærða Bent Níelsi.

Ákærði kvað ákærða Bent Níels enga tilraun hafa gert til að nota símann til þess að kalla eftir hjálp, hvorki lögreglu né aðra aðila.

Ákærði kvaðst hafa verið talsvert ölvaður. Hann kvaðst ekki hafa neytt köldverðar áður en hann hóf drykkjuna né eftir að hann hóf hana. Hann giskaði á, að hann hefði drukkið úr ca 5 glösum fram að miðnætti og e.t.v. 3 glösum eftir þetta.

Ákærði gerði sér ekki grein fyrir hvor þeirra ákærðu varð fyrri til að yfirgefa íbúðina og hafði enga vitneskju um hvað klukkan var þá. Fóru ákærðu gangandi heim til ákærða, þar sem þeir lögðust til svefns og sofnuðu. Vakti faðir ákærða þá um morguninn. Var ákærði þá þunnur en ekki ölvaður. Fóru þeir fljótlega eftir að þeir vöknuðu heim til ákærða Bents Níelsar.

Ákærði sagði að ákærði Bent Níels hefði farið inn í íbúðina, en hurðin hefði staðið opin. Kvaðst ákærði hafa staðið í dyragættinni á meðan ákærði Bent Níels leitaði að veski sínu, sem hann fann ekki. Sá ákærði hvar Þórður lá á grúfu á sama stað og þeir höfðu skilið við hann um nóttina. Reyndi ákærði ekki að tala til Þórðar né varð hann þess var, að ákærði Bent Níels gerði það heldur. Leiddi ákærði ekki hugann að því í hvaða ástandi Þórður væri, liggjandi á grúfu á gólfinu. Kvaðst ákærði hafa haldið að hann væri sofandi.

Ákærði sagði þá síðan hafa farið á brott úr íbúðinni og ekki aðgætt neitt nánar um Þórð. Fóru þeir niður í miðborgina, á Hressingarskálann til að borða, á billiardstofu við Hverfisgötu og í Sundhöll Reykjavíkur í sund. Þá skoðuðu þeir í verslanir með það fyrir augum að kaupa síðar um kvöldið vörur til jólagjafa.

Um klukkan 18 litu þeir félagar inn á Gauki á Stöng og aftur komu þeir þangað um klukkan 20. Sagði þá faðir ákærða þeim frá láti Þórðar. Fór ákærði Bent Níels síðan með honum, en ákærði varð eftir og nokkru síðan kom faðir hans til baka og með honum maður frá rannsóknarlögreglunni.

Yfirheyrslunni yfir ákærða lauk kl. 4.20 um nóttina.

Ákærðu voru yfirheyrðir á ný 2. janúar 1984 af rannsóknarlögreglunni.

Ákærði Bent Níels kvaðst hafa verið mjög ölvaður, þegar gestir hans fóru um nóttina og mundi hann ekki eftir burtför þeirra. Ákærði kvaðst muna eftir því að Þórður hefði setið við hlið hans í stofunni þegar gestirnir voru farnir, aðrir en ákærði Sveinn Ragnar, og hefði farið mjög vel á með þeim bræðrum. Hefðu þeir verið að ræða uppeldi sitt og tjáð hvor öðrum

hve vænt þeim þætti um hinn. Þá komu fram hjá Þórði einhver særindi út af heimilisástæðum þeirra bræðra. Ekki gat ákærði munað neitt nánar um átökin.

Ákærði Sveinn Ragnar kvað nokkur atriði hafa skýrst hjá sér eftir fyrri yfirheyrsluna. Hann kvaðst muna eftir því að hafa aðstoðað ákærða Bent Níels í eitt skiptið við að leggja Þórð á gólfið og hefði það líklega verið í holinu, en þó væri hann ekki alveg viss um staðinn. Kvaðst ákærði hafa heyrt ákærða Bent Níels kalla til sín um að halda fótunum á Þórði, en þá hefði hann brotist um á gólfinu þar sem ákærði Bent Níels hélt honum í hálstaki. Kvaðst ákærði hafa haldið utan um fætur Þórðar og átt fullt í fangi með að halda þeim. Ákærði kveðst muna að þegar ákærði Bent Níels hélt Þórði á gólfinu í forstofunni hefði höfuð Þórðar snúið í áttina að eldhúsinu, en fæturnir að svefnherbergisgangi.

Ákærði kvaðst halda að ákærði Bent Níels hefði kallað til sín að hringja á Klepp, á meðan hann hélt Þórði á gólfinu í forstofunni. Ákærði kvaðst þó ekki vera alveg viss um þetta atriði. Mundi ákærði að hann hefði sest á símastól í forstofunni og tekið sér í hönd símaskrá til að leita að símanúmeri, en ekki fundið.

Ákærði kvaðst halda að hann hefði hlaupið út úr íbúðinni, þegar ákærði Bent Níels hélt Þórði á gólfinu í forstofunni, en var ekki viss um þetta atriði. Hann kvaðst hafa hringt á dyrabjöllur við íbúðardyr en ekki fyrir utan innkomudyr í stigahúsinu.

Ákærði taldi sig hafa sparkað með vinstra fæti í hurðina á íbúðinni þegar hann kom upp eftir að hafa heyrt ákærða Bent Níels kalla í sig, en ákærði kom að dyrunum læstum og barði einnig á þær. Hélt ákærði að Þórður væri að kasta ákærða Bent Níelsi út af svölunum.

Ákærði kvað Þórð hafa opnað hurðina að íbúðinni. Kvaðst ákærði hafa staðið á þröskuldinum og ekki þorað inn í íbúðina. Sá ákærði Þórð fara að hilluskilrúmi á milli forstofunnar og stofunnar. Í dyragatinu hafi hann staðnæmst og tekið til við að berja með hægri hendi í vinstra hliðarstykkið í hurðargatinu, séð frá íbúðardyrunum. Þá hafi ákærði Bent Níels komið innan úr stofunni og Þórður ráðist gegn honum og slegið til hans með hnúum og hnefum beggja handa. Ákærði Bent Níels hafi borið báðar hendur fyrir höfuð sér og hrakist eða hörfað inn að norðurvegg í stofunni fast upp við skilrúmið sem er á milli forstofu og stofu.

Ákærði kvaðst hafa séð að eigi mátti við svo búið standa og að hann yrði að koma ákærða Bent Níelsi til aðstoðar. Ákærði kvaðst því hafa farið frá íbúðardyrunum og inn í stofuna þar sem þeir bræður voru og tekið Þórði hálstaki. Ákærði Bent Níels hafi þá einnig tekið utan um Þórð, en ákærði kvaðst ekki geta lýst því nákvæmlega hvernig ákærði Bent Níels

hélt utan um Þórð. Ákærði kvaðst síðan hafa snúið Þórð niður á hálstaki og Þórður fallið í gólfið fyrir framan eldhúsdyrnar með höfuðið að fatahengisskoti og fætur að stofudyrum.

Ákærði kvaðst síðan hafa haldið Þórði í hálstakinu, en linað það aðeins þegar hann varð þess var að Þórður veitti minna viðnám. Hélt ákærði síðan hálstakinu á meðan ákærði Bent Níels leitaði að veskinu, en síðan hlupu þeir út úr íbúðinni. Kvaðst ákærði ekki muna til þess að ákærði Bent Níels héldi hálstaki á Þórði eftir að ákærði lagði Þórð á áðurgreindan stað og þar til þeir hlupu saman út úr íbúðinni.

Ákærði mundi ekki eftir því hvort þeir lokuðu íbúðarhurðinni á eftir sér eða skildu hana eftir opna. Hún hefði hins vegar fallið að stöfum þegar þeir komu um morguninn, og var þá pennastatíf á milli stafs og hurðar.

Ákærðu voru samprófaðir sama dag og skýrt frá því, að framburði þeirra bæri ekki saman um átökin skömmu áður en þeir fóru úr íbúðinni. Héldu ákærðu báðir fast við fyrri framburð.

Ákærði Bent Níels kvaðst ekkert muna eftir að hafa farið út á svalir og kallað til ákærða Sveins Ragnars né myndi hann til þess, að Þórður hefði gert það.

Ákærði Bent Níels kvaðst muna eftir því að hann hefði haldið Þórði í hálstaki í gólfinu í forstofunni eftir að hann hefði heyrt framburð ákærða Sveins Ragnars. Ákærði Bent Níels kvaðst halda að hann hefði ruglast á þessum tveimur skiptum sem Þórði var haldið í hálstaki á forstofugólfinu. Ákærði Bent Níels kvaðst ekki muna hvernig Þórður lá á gólfinu í forstofunni þegar hann hélt honum í haustakinu, en mundi eftir því að hann hefði séð hvar ákærði Sveinn Ragnar sat eða stóð við símaborðið. Ekki kvaðst ákærði Bent Níels muna eftir því að ákærði Sveinn Ragnar hefði farið út úr íbúðinni og ekki myndi hann eftir því að Þórður hefði ráðist á hann með hnefahöggum stofumegin við skilrúmið sem er á milli stofu og forstofu.

Ákærði Bent Níels kvaðst muna eftir að Þórður hefði slegið með hnefanum í skilrúmsvegginn milli forstofu og stofu, en kvaðst ekki muna hvar hann stóð þá eða í hvaða tímaröð það var.

Loks kvaðst ákærði Bent Níels ekki muna eftir því að Þórður hefði í frammi líflátshótanir eða aðrar hótanir.

Við meðferð málsins hefur ákærði Bent Níels borið við minnisleysi um atburðinn, en hann hafi verið mikið ölvaður. Segir hann að byggja megi á skýrslum sínum hjá rannsóknarlögreglu. Hann rámar nú í að hann hafi farið út á svalir íbúðarinnar eftir fyrstu átökin við Þórð og kallað á ákærða Svein Ragnar.

Ákærði Sveinn Ragnar hefur við meðferð málsins kannast við, að hann

hafi orðið samvaldur að dauða Þórðar, en vill þó halda því fram að full sterklega sé til orða tekið í verknaðarlýsingu ákæru.

Ákærði Sveinn Ragnar segir að ákærði Bent Níels hafi reynt að róa Þórð eftir að hann hafi slegið niður ljósakrónuna og hafi hann tekið honum hálstaki í þessum átökum.

Ákærði kveðst hafa tekið hálstaki sínu á Þórði þar sem þeir stóðu á gólfinu og í beinu framhaldi af því hafi þeim báðum tekist að fella hann í gólfið. Hafi ákærði Bent Níels haldið í fætur Þórðar á meðan hann braust um. Þegar umbrot Þórðar hafi minnkað hafi ákærði Bent Níels sleppt tökunum á fótum Þórðar og staðið upp. Ákærði kveðst ekki hafa orðið þess var að Þórður ætti í öndunarerfiðleikum á meðan hann var í hálstaki ákærða sem hann kveðst hafa tekið Þórði, þar sem hann hafi verið hræddur um að hann myndi ganga frá bróður sínum.

Vitnið Sigtryggur Árni Ólafsson, Skólatröð 5 í Kópavogi, kveðst hafa sótt ákærða Bent Níels heim til hans á milli klukkan 14 og 15 hinn 22. desember 1983. Voru þeir síðan saman í bifreið, sem vitnið ók. Einhvern tíma um klukkan 19 fór vitnið heim til ákærða Bents Níelsar ásamt ákærða Sveini Ragnari, og höfðu þeir þá báðir meðferðis sína áfengisflöskuna hvor. Hófu ákærðu áfengisneyslu, ákærði Bent Níels á leiðinni heim til sín í bifreiðinni en ákærði Sveinn Ragnar eftir komuna þangað. Laust fyrir klukkan 20 um kvöldið hóf vitnið áfengisneyslu með þeim.

Þeir þrír voru síðan saman í íbúðinni um kvöldið og í hana komu einnig þrír kunningjar þeirra, Jóhann, Sigurður og Kristinn. Þá kom stúlka í stutta heimsókn.

Þegar vitnið og Kristinn yfirgáfu íbúðina upp úr miðnætti, voru ákærðu báðir mikið drukknir. Hafði allt farið fram með friði og spekt um kvöldið, og höfðu engin illindi orðið á milli þeirra sem voru í íbúðinni, en þar var spilað á spil og drukkið áfengi.

Vitnið sá Þórð koma um klukkan 23 og það telur og ákærða Bent Níels færa honum áfengi, en Þórður hafði engin samskipti við hina. Var hann annars staðar í íbúðinni. Sá vitnið hann ekki þegar það yfirgaf íbúðina. Voru ákærðu þá töluvert ölvaðir.

Vitnið Kristinn Tómasson, Engjaseli 83 í Reykjavík, kveðst hafa verið gestkomandi í íbúðinni hjá ákærðu umrætt kvöld. Kom vitnið þangað með Jóhanni Þorkelssyni.

Vitnið segir að ákærðu hafi verið að neyta áfengis og hafi allt farið fram með friði og spekt, og voru engin illindi til staðar. Vitnið kveðst hafa yfirgefið íbúðina nálægt miðnætti ásamt Sigtryggi Árna og fannst því ákærðu ekki vera mikið ölvaðir þá.

Vitnið sá Þórð um kvöldið, en hann kom ca klukkustund eftir að vitnið

kom, en það telur sig hafa komið um klukkan 21. Vissi vitnið að ákærði Bent Níels færði bróður sínum áfengi, en hann blandaði ekki geði við aðra þá sem voru í íbúðinni og var út af fyrir sig. Kom vitnið inn í herbergið til Þórðar þegar það fór og sá ekki á honum áfengisáhrif þá svo að það muni. Sátu bræðurnir á rúmi Þórðar með glös hjá sér. Létu þeir samtal sitt falla niður þegar vitnið kom inn, en það var að sækja vindlingapakka sem þar var. Virtust ákærði og Þórður ekki neitt ósáttir þar sem þeir sátu.

Vitnið Jóhann Þorkelsson, Jörfabakka 6 í Reykjavík, kveðst hafa verið gestkomandi í íbúðinni hjá ákærðu umrætt sinn. Kom vitnið þangað með vitninu Kristni.

Vitnið sá ákærðu hafa áfengi um hönd um kvöldið og telur þá báða hafa verið töluvert ölvaða þegar það yfirgaf íbúðina nokkru eftir miðnætti.

Vitnið sá Þórð en hann hafi engin samskipti haft við aðra í íbúðinni um kvöldið en bróður sinn sem færði honum áfengi tví- eða þrívegis. Segir vitnið að allt hafi verið í góðu lagi á meðan það dvaldi í íbúðinni, engin sundurþykkja né leiðindi sjáanleg.

Vitnið skýrði rannsóknarlögreglu svo frá að það hefði litið inn í herbergi til Þórðar um leið og það fór. Þá hefðu bærðurnir setið þar á rúmi Þórðar og vitnið kastað kveðju á þá. Við meðferð málsins man vitnið ekki eftir þessu, en telur þó að þetta hljóti að hafa átt sér stað úr því að það bar þetta strax eftir atburðinn.

Vitnið Sigurður Sigfússon, Fjarðarseli 35 í Reykjavík, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni, en kom ekki fyrir dóminn við meðferð málsins.

Vitnið kom í íbúðina við Fífusel umrætt kvöld. Sagði vitnið að ákærðu hefðu verið greinilega ölvaðir. Fór fram spilamennska þegar vitnið bar að garði. Nokkru síðar hófu ákærðu að spila hljómplötur.

Vitnið taldi Þórð hafa komið um klukkan 23 eða fyrr. Hann kom ekki inn í stofuna, en ákærði Bent Níels var töluvert frammi hjá honum og færði honum áfengi þrisvar-fjórum sinnum á ekki mjög löngum tíma.

Vitnið kvaðst hafa farið úr íbúðinni ásamt vitninu Jóhanni. Var það nokkru eftir miðnætti. Var þá enginn hávaði í íbúðinni, vandræði né átök. Var ákærði Sveinn Ragnar þá töluvert mikið ölvaður í stofunni, en bræðurnir annaðhvort í eldhúsinu eða inni í herbergi, líklega frekar inni í herbergi.

Vitnið Herdís Sigurðardóttir, Fljótaseli 9 í Reykjavík, kveðst hafa komið í stutta heimsókn í íbúðina umrætt kvöld. Opnaði Þórður fyrir vitninu, og kveðst það ekki hafa séð áfengisáhrif á honum. Það ræddi ekkert við hann. Virtist vitninu ákærðu vera eitthvað undir áhrifum áfengis, en ekki mikið.

Vitnið Ómar Einarsson, Fífuseli 7 í Reykjavík, kveðst hafa vaknað við dyrasímahringingu um klukkan 3.30 umrædda nótt. Heyrði vitnið eitthvert

kall fyrir utan húsið og umgang í stigaganginum. Vitnið sinnti þessu ekki og fór aftur að sofa, en vitnið býr á 1. hæð til hægri.

Næsta morgun, þegar vitnið vaknaði, heyrði það ýl sem það taldi koma úr íbúðinni á móti. Laust fyrir klukkan 8 hélt vitnið út úr húsinu, og þegar það kom aftur eftir stutta stund að húsinu, sá það að íbúðin á 2. hæð til vinstri var uppljómuð af ljósum. Voru það ljós í eldhúsi og stofu, sem vitnið sá. Þegar vitnið kom nær sá það að svaladyrnar voru opnar og gluggatjöldin þar slógust til fyrir vindi. Vitnið komst að raun um það, þegar það kom inn, að ýlið kom úr áðurgreindri íbúð og að dyrnar inn í hana voru opnar. Vitnið hélt til vinnu um klukkan 8.30, og var þá hljóðið hætt.

Vitnið Guðný Guðlaugsdóttir, Fífuseli 7 í Reykjavík, eiginkona vitnisins Ómars, kveðst hafa yfirgefið húsið um klukkan 22.45 að kvöldi 22. desember á leið til næturvinnu á sjúkrahúsi. Hafði vitnið ekki orðið vart við neitt óeðlilegt í húsinu um kvöldið, áður en það fór á brott.

Vitnið kom aftur heim um klukkan 8.30 næsta morgun og mætti þá í stiga hússins frá jarðhæð upp á 1. hæð ákærða Bent Níels og öðrum pilti sem það þekkti ekki. Voru þeir á leið niður. Báðir voru hressir að sjá og kastaði ákærði Bent Níels kveðju á vitnið, en það var óvenjulegt. Vitnið fór síðan að sofa.

Vitnið Tómas Rögnvaldsson, Fífuseli 7 í Reykjavík, kveðst búa á jarðhæð hússins. Vaknaði vitnið umrædda nótt við hurðarskelli í húsinu og telur að millihurð í anddyri hafi verið skellt. Þá heyrði vitnið umgang í stigahúsinu, en gerir sér ekki grein fyrir hvort þar voru fleiri en einn á ferð.

Vitnið kveðst hafa heyrt að kallað var og fannst að verið væri að kalla á ákærða Bent Níels. Loks heyrði vitnið hávaða eins og verið væri að færa húsgögn til með gassalegum hætti. Ekki man vitnið hversu lengi þetta stóð en telur að það hafi átt sér stað um klukkan 2.30 um nóttina.

Vitnið Þórir Einar Steingrímsson, Fífuseli 7 í Reykjavík, kveðst búa á 2. hæð til hægri. Það kveðst hafa vaknað um nóttina við dyrasímahringingu, að það telur klukkan 3.15 til 3.30, en gerir sér ekki grein fyrir hvort hún kom neðan frá útidyrum eða frá íbúðardyrunum. Fór vitnið fram úr og fram í innri forstofu án þess þó að svara hringingunni. Heyrði vitnið dynki eins og verið færi að draga húsgögn til eða velta þeim. Vitnið man ekki hvort það heyrði í fólki eða tónlist. Stóð þessi hávaði stutt yfir með hléi nokkra stund. Um svipað leyti, annaðhvort á meðan dynkirnir stóðu yfir eða strax í framhaldi af þeim, heyrði vitnið í stigahandriðinu og í gegnum dyrnar heyrði vitnið a.m.k. tvo menn ræðast við frammi á ganginum. Fljótlega á eftir var útihurðinni skellt. Man vitnið eftir að hafa litið út um svefnherbergisglugga og séð tvo menn ganga á brott. Var klukkan þá tæplega 3.40. Var ekkert óeðlilegt við ferðir mannanna og fór vitnið síðan að sofa.

Þegar vitnið vaknaði næsta morgun heyrði það hljóð svipað vekjaraklukku sinni, einhvers staðar í húsinu.

Þegar vitnið hélt til vinnu um kl. 7.30 eða fljótlega eftir það sá það íbúðardyrnar á móti standa opnar og heyrði að hljóðið kom úr íbúðinni. Vitnið gekk á hljóðið, en það kom úr svefnherbergi og reyndist í klukku sem vitnið stöðvaði. Vitnið minnir að einhver ljós hafi verið í íbúðinni.

Á leiðinni út sá vitnið mann liggja á gólfinu í forstofunni. Hélt vitnið að maðurinn lægi þarna sofandi ölvunarsvefni. Vitninu fannst ekkert óeðlilegt við legu mannsins og taldi því ekki ástæðu til að hreyfa við honum, og ekki hvarflaði að vitninu að maðurinn væri látinn eða hjálparþurfi. Það sá ekki framan í manninn.

Vitnið minnir að það hafi ekki lokað dyrunum þegar það yfirgaf íbúðina þar sem einhver hlutur var fyrir þeim.

Þegar vitnið kom heim um klukkan 12.30 var búið að loka dyrum íbúðarinnar, og afskrifaði vitnið þá að nokkuð hefði verið að manninum sem þarna hafði legið.

Vitnið Áslaug Bjarnadóttir, Fífuseli 7 í Reykjavík, eiginkona vitnisins Þóris Einars vaknaði umrædda nótt við dynk eða skell á milli klukkan 2.30 og 3, og komu fleiri en einn dynkur. Þá heyrði vitnið að dyrabjöllu var hringt í íbúð þess. Um svipað leyti hljóp einhver niður stigann. Þá kveðst vitnið hafa heyrt að einhverjir voru að strjúka eftir stigahandriðinu.

Faðir ákærða Bents Níelsar, vitnið Jón Níelsson, Fífuseli 7 í Reykjavík, gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu um fjölskylduhagi sína, og var hann spurður um mögulegar ástæður fyrir snöggum skapbrigðum Þórðar umrætt sinn. Kvaðst hann ekki geta skýrt það svo óyggjandi væri. Kvaðst hann leggja fullan trúnað á að aðdragandi átakanna hefði verið með þeim hætti sem ákærðu lýsa honum.

Vitnið kvað Þórð hafa verið ljúfan dreng, skapmikinn, og hefði átt það til að verða fljótur að reiðast. Nefndi vitnið tvö dæmi um slíkt sem orsakaðist vegna fjölskylduástæðna. Taldi vitnið að talsverðar líkur væru á því að hin skyndilega reiði Þórðar eða æði, sem virtist hafa runnið á hann, kynni ef til vill að stafa að einhverju leyti af heimiliástæðum.

Vitnið Jódís Steinunn Þorsteinsdóttir, Fífuseli 7 í Reykjavík, móðir ákærða Bents Níelsar, gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu um fjölskylduhagi sína og heimkomuna hinn 23. desember 1983.

Vitnið kvaðst hafa farið úr borginni hinn 20. desember og kom aftur heim síðdegis umræddan dag.

Þegar vitnið kom inn í íbúðina sá það Þórð liggja á grúfu á gólfinu í holinu þvert fyrir eldhúsdyrunum. Hélt vitnið að hann væri sofandi, en þegar það reyndi að vekja hann varð því ljóst að hann var annaðhvort aðframkominn eða látinn. Hringdi vitnið á lögreglu og komu lögreglumenn

og sjúkraliðar skömmu síðar. Var vitninu þá tjáð að Þórður væri látinn.

Vitnið kvað Þórð hafa verið rólegan og ljúfan dreng sem hefði verið heimakær og viljað búa við sterk fjölskyldubönd. Nefndi vitnið þrjú dæmi um það að Þórður hefði misst stjórn á skapi sínu með því að leggja hendur á fólk eða berja í vegg og þá vegna umhyggju fyrir sínum nánustu.

Vitnið kvaðst vel geta trúað því að æði hefði runnið á hann umrædda nótt, þótt það gæti að sjálfsögðu ekki vitað hver hefði verið hin raunverulega ástæða fyrir snöggum skapbrigðum hans í þetta sinn.

Vitnið Dóra Skúladóttir, húsmóðir, Stallaseli 2 í Reykjavík, móðir ákærða Sveins Ragnars, óskaði ekki eftir að nýta sér undanþágurétt sinn frá vitnisburði í málinu.

Vitnið telur sig og mann sinn hafa vaknað um klukkan 7 að morgni 23. desember 1983, en þau þurftu að mæta í vinnu. Þá strax byrjaði eiginmaður þess að banka á hurðina hjá ákærða Sveini Ragnari, en hann átti að mæta í vinnu um klukkan 8. Herbergið reyndist ólæst og þegar eiginmaður vitnisins leit inn var ákærði Sveinn Ragnar sofandi á gólfinu en ákærði Bent Níels í rúminu, báðir alklæddir. Gekk illa að vekja þá.

Vitnið segir að sonur þess hafi upplýst að heima hjá ákærða Bent Níelsi hefði verið fyllerí og slagsmál um nóttina, en þar hefði hann verið. Ekki skýrði ákærði Sveinn Ragnar þessi slagsmál nánar.

Þegar ákærðu fóru virtust vitninu þeir báðir drukknir. Man vitnið að það heyrði ákærða Bent Níels tala um það, þegar hann var að fara, að bróðir hans hefði verið brjálaður. Kveðst vitnið ekki muna betur en ákærði Bent Níels hefði sagt að bróðir hans hefði verið brjálaður þegar hann kom heim úr vinnunni, og hefði verið enn verri þegar þeir fóru frá honum.

Um kl. 17 þennan sama dag hringdi vitnið heim til ákærða Bents Níelsar og var númerið þá á tali. Enn hringdi vitnið upp úr klukkan 17, og kom þá móðir ákærða Bents Níelsar í símann. Fannst vitninu hún þá alveg sturluð og heyrði strax á henni að eitthvað væri að. Spurði vitnið hvort ákærðu væru þarna, en hún neitaði því. Sagði móðir ákærða Bents Níelsar að hún væri að koma heim og íbúðin öll í rúst. Inn á milli kallaði hún: „Ó sonur minn, ó sonur minn, hann liggur þarna.“ Þá sagðist hún vera búin að hringja í sjúkrabifreið. Eftir þetta sleit hún samtalinu. Vitnið hringdi aftur nokkru seinna, en þá var á tali. Þegar vitnið hringdi klukkutíma síðar náði það sambandi við rannsóknarlögreglumann sem var í íbúðinni.

Vitnið Jón Björgvin Sveinsson, Stallaseli 2 í Reykjavík, faðir ákærða Sveins Ragnars, óskaði ekki eftir að nýta undanþágurétt sinn frá vitnisburði í málinu.

Vitnið kveðst hafa vaknað um klukkan 7.15 umræddan morgun. Það fór inn í herbergi ákærða Sveins Ragnars til að vekja hann, en hann átti

að mæta til vinnu klukkan 8. Voru dyrnar að herberginu lokaðar en ólæstar. Fann vitnið megna áfengislykt í herberginu og sá áfengi í einu glasi á borði. Ákærði Sveinn Ragnar lá sofandi á gólfinu með sæng yfir sér. Ekki man vitnið hvernig hann var klæddur. Í rúminu var ákærði Bent Níels alklæddur en ekki með neitt yfir sér. Tók ca 10 mínútur eða lengri tíma að vekja ákærðu sem voru mjög syfjaðir og dasaðir.

Vitnið sagði ákærða Sveini Ragnari að fara í vinnuna fyrst en síðan á Slysadeildina vegna sársauka í tá, en ákærða Bent Níelsi sagði vitnið að fara heim til sín. Þá sagði ákærði Sveinn Ragnar við vitnið að ákærði Bent Níels gæti ekki farið heim til sín eða hvort vitnið sæi ekki hvernig hann væri útleikinn, allur kýldur í andliti. Kom þá fram að Þórður bróðir ákærða Bent Níelsar hefði lamið hann svona í andlitið.

Vitnið segir að ákærði Bent Níels hafi sagt að Þórður væri vitlaus fyrir, en kvaðst halda að hann væri orðinn alveg vitlaus núna. Ákærðu héldu síðan á brott gangandi um klukkan 8 og þau hjónin eftir það.

Þegar vitnið kom heim til sín um klukkan 18.30 frétti það hjá konu sinni að hún hefði rætt í síma við móður ákærða Bents Níelsar, sem hefði verið örvingluð, en Þórður hefði legið á gólfinu og væri líklega látinn. Vitninu brá við þessar fréttir og hugsaði með sér að eitthvað mikið væri að fyrst Þórður lægi á gólfinu eftir allan þennan tíma. Hófst vitnið handa um að hafa upp á ákærðu og frétti, að þeir myndu vera á Gauki á Stöng. Hélt vitnið þangað og síðan með ákærða Bent Níels heim til hans og þaðan aftur niður á Gauk á Stöng til að sækja ákærða Svein Ragnar og félaga ákærðu sem þar voru.

Vitnið kveðst hafa spurt ákærða Bent Níels á leiðinni heim til hans um aðdraganda átakanna. Hefði hann sagt að Þórður hefði komið alveg óður inn í stofu og brotið ljósakrónuna í henni og þeir síðan tekist á.

Vitnið Ólafur Bjarnason prófessor, Brekkugerði 26 í Reykjavík, hefur komið fyrir dóminn.

Vitnið segir að Þórður heitinn hafi ekki reynst vera með neinn sjúkdóm, sem gæti hafa haft meðvirkandi áhrif á dauða hans né eigi alkóhólmagn það sem mældist í blóði líksins að vera samverkandi að dauða hans.

Vitnið upplýsir að tak, eins og ákærði Sveinn Ragnar kveðst hafa tekið Þórði, hefði hæglega getað leitt til dauða. Ennfremur hafi þeir áverkar, sem greindust á hálsi hins látna, þ.á m. brot á málbeini, eindregið bent til þess að hinn látni hafi verið kyrktur, enda sé það hinn dæmigerði áverki eftir kyrkingu.

Vitnið segir að ekki hafi fundist merki á líkinu um það að hinn látni hafi verið gripinn kverkataki framan frá, en það sé hið dæmigerða kverkatak þegar ásetningur sé að baki kyrkingu.

Vitnið segir að þegar um sé að ræða kyrkingu eins og hér muni hafa

átt sér stað þurfi að hefta öndun í 4-5 mínútur til að dauði hljótist af, en í þessu tilviki hafi það verið hindrun á öndun sem hafi valdið andlátinu. Vitnið segir að erfiðara sé að fullyrða um það að stöðvun á blóðrás til heila hafi valdið því.

Vitnið telur að þegar maður andast eftir kyrkingu að 4-5 mínútum liðnum hafi hann misst meðvitund eftir 2-3 mínútur, en áður hafi smádregið af honum.

Vitnið segir að sá sem tekinn sé hálstaki, eins og ætla megi að hafi átt sér stað í þessu tilviki, brjótist um í fyrstu, en síðan smádragi af honum.

Guðmundur S. Jónsson læknir skoðaði ákærðu eftir að þeir höfðu verið handteknir. Hefur hann gert skýrslur um þessar skoðanir og eru þær dagsettar 24. desember 1983. Í skýrslu læknis um ákærða Bent Níels segir svo:

„Skoðun:

Rólegur í framkomu. Kemur eðlilega fyrir.

Töluverð merki um nýleg átök: 1) Smásár og mar á v. rasskinn. 2) Klór á v. kinn, sem blæðir úr. 3) Klór í v. augnkrók utanverðum. 4) Nuddblettur og húðblæðingar á v. síðu upp undur rifjabarði. 5) Sams konar á v. síðu rétt neðan við naflahæð. 6) Nudd og húðblæðingar á v. upphandlegg innanverðum. 7) Sama á h. öxl. 8) Sama á v. olnboga. 9) 2 djúp för í vöðva á v. framhandlegg. Gætu verið eftir gamlan áverka.

Að öðru leyti er líkamleg skoðun eðlileg."

Um ákærða Svein Ragnar segir svo í skýrslu læknisins:

„Skoðun:

Rólegur í framkomu. Kemur vel fyrir.

Töluverð merki um nýleg átök: 1) Nuddblettir á báðum olnbogum. 2) Nudd og húðblæðingar yfir aflvöðva á h. framhandlegg. 3) Smáhúðafrifa á innanverðum framhandlegg h. megin. 4) Litlar húðblæðingar eftir átak á handlegg efst á v. upphandlegg og á aðliggjandi brjóstvöðva. 5) Nudd og húðblæðingar á h. herðablaði neðanverðu. 6) Nýtt sár á höku. 7) Ýmis merki um gamla áverka.

Að öðru leyti er líkamleg skoðun eðlileg."

Rannsóknarlögreglumenn fóru í íbúðina að Fífuseli 7 hinn 3. janúar 1984 til að kanna með svaladyr og umbúnað þeirra. Á hurðinni innanverðri var handfang til að kippa í hurðina, þegar dyrunum var lokað og auk þess tvær krækjur til að spenna hurðina að karminum. Höfðu móttökin fyrir krækjurnar dregið út að hluta skrúfurnar sem halda móttökunum að innanverðu, fjær hurðinni. Auk þess var sprunga í járnið í efra móttakinu, rétt fyrir ofan neðstu skrúfuna. Að sögn móður ákærða Bents Níelsar höfðu skúfurnar verið komnar aðeins út þegar hún síðast vissi, en það hefði aukist nokkuð síðan. Við sama tækifæri upplýsti móðir ákærða Bents Níelsar að

borð í holinu hefði legið á hvolfi þegar hún kom í íbúðina 23. desember og hún sett það á sinn stað við útidyr íbúðarinnar, en það hefði legið nálægt veggnum á mótum hols og baðherbergis.

Móðir ákærða Bents Níelsar upplýsti rannsóknarlögregluna, að Þórður sonur hennar hefði ætíð verið með hálsfesti og tvo silfurkrossa um hálsinn. Þessir hlutir hafa ekki fundist, en að mati rannsóknarlögreglunnar gætu þeir hugsanlega skýrt tilvist áverka á framanverðum hálsi líks Þórðar, en armur eða armar krossanna hefðu getað myndað rákir eða rispað húðina við hálstak eða hálstök.

Vitnið Eyjólfur Jónsson lögreglumaður, Rauðagerði 22 í Reykjavík, gerði skýrslu um fyrstu afskipti lögreglunnar af þessu máli og hefur staðfest hana við meðferð þess. Þá hafa rannsóknarlögreglumennirnir Bjarni Jóhann Bogason, Hannes Gunnar Thorarensen, Haraldur Árnason og Högni Einarsson ásamt Ragnari Vigni, aðstoðaryfirlögregluþjóni, unnið að rannsókn málsins og gerð rannsóknargagna. Hafa þessi vitni öll staðfest þau verk, sem þau hafa unnið að, við meðferð málsins.

Niðurstöður:

Með eigin játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, er sannað að ákærðu hafi orðið samvaldir að dauða Þórðar Jónssonar í íbúð á 2. hæð að Fífuseli 7 í Reykjavík umrædda nótt. Þykir bera að leggja til grundvallar þá frásögn ákærðu að Þórður hafi skyndilega ráðist að þeim, enda er enginn til frásagnar annar en þeir um það er gerðist né neitt er gerir frásögn þeirra um það tortryggilega. Þá er sannað með frásögn ákærðu og niðurstöðu krufningar að ákærðu hafi við varnaraðgerðir sínar gerst offarar gagnvart Þórði og hálstak þeirra hafi í síðara skiptið leitt þegar til dauða Þórðar vegna kyrkingar eða til meðvitundarleysis hans vegna hins sama og síðar til dauða, en ákærðu mátti vera ljóst að hálstök þeirra voru stórhættuleg. Verður sök ákærðu, sem stóðu saman að aðgerðum gagnvart Þórði, eigi skipt heldur litið á háttsemi þeirra í einni samfellu.

Þá er með eigin játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað sem fram er komið, sannað að ákærðu hafi komið á ný í íbúðina að Fífuseli 7 næsta morgun um klukkan 8 og þá komið að Þórði liggjandi í sömu skorðum og þeir skildu við hann um nóttina en samt yfirgefið íbúðina aftur án þess að athuga ástand Þórðar né kalla eftir aðstoð en það var ákærðu rétt að gera eins og á stóð. Mátti ákærðu vera ljóst að það væri ekki eðlilegt að ákærði lægi í sömu stellingum og þegar ákærðu skildu við hann um nóttina.

Brot ákærðu eru rétt færð til refsiákvæða í þessari ákæru.

Ákæra dagsett 3. janúar 1985.

Sunnudaginn 18. nóvember 1984 klukkan 6.10 var óskað lögregluaðstoðar að Stelkshólum 6 í Reykjavík, en þar væri stúlka sem hefði orðið fyrir nauðgun. Tveir lögreglumenn héldu á staðinn og hitta þar X þar til heimilis, sem kvað sér hafa verið nauðgað um nóttina í húsinu nr. 2 við Stallasel af manni sem þar hefði sagst búa hjá foreldrum sínum.

Samkvæmt skýrslu Hans Markúsar Hafsteinssonar lögreglumanns, Litlubæjarvör 3 á Álftanesi, sem hann hefur staðfest við meðferð málsins, var X allnokkuð úr jafnvægi en ekki var að sjá áverka á henni né kvaðst hún vita til þess að svo væri. Þá voru buxur hennar og peysa í lagi.

Rannsóknarlögregla ríkisins tók að sér rannsókn málsins og gaf vitnið X skýrslu hjá henni þegar þennan morgun. Verður nú gerð grein fyrir framburði vitnisins þá og síðar.

Vitnið kveðst hafa verið statt fyrir utan veitingahúsið Klúbbinn umrædda nótt og heldur að um þetta leyti hafi verið búið að loka veitingahúsinu. Þarna hitti vitnið ákærða Svein Ragnar sem bauð því í partí. Þekkti vitnið hann ekkert. Virtist ákærði eitthvað í því en ekki mikið drukkinn. Vitnið kveðst hafa sagt ákærða að það væri orðið þreytt og vildi fara heim. Þá fór ákærði að tala meira um þetta og vitnið spurði hvar partíið ætti að vera. Sagði ákærði að það ætti að vera heima hjá honum uppi í efra Breiðholti. Fór þá vitnið að lifna við og sagði ákærða að það ætti líka heima þar og væri stutt fyrir það að fara. Vitnið spurði ákærða hvort þau yrðu bara tvö í partíinu, og sagði hann svo vera. Þá kvaðst vitnið ekki vilja fara með ákærða, en hann upplýsti að líklega kæmu tvö pör á eftir. Vildi vitnið fá ákærða til að benda á þessi tvö pör, en hann var alltaf með einhverja útúrsnúninga og sagði að þau kæmu strax á eftir.

Ákærði og vitnið héldu nú heim til ákærða með leigubifreið. Var húsið allt í myrkri þegar þangað kom. Ákærði virtist ekki eiga fyrir leigubifreiðinni og bauð bifreiðarstjóranum að greiða með greiðslukorti, en hann gat ekki tekið við slíkri greiðslu. Þá spurði ákærði vitnið hvort það ætti peninga, en það átti ekki nóga peninga og þurfti að eiga þá fyrir leigubifreið fyrir sig. Endaði þetta með því að ákærði fór inn í húsið og kom til baka með þúsund krónur og greiddi bifreiðina. Voru þá vitnið og leigubifreiðarstjórinn búinn að bíða lengi og í þann veginn að fara.

Vitnið segir að þau hafi farið inn um aðaldyr hússins og komið inn á efri hæð þess. Þar fóru þau inn í strákaherbergi með skrifborði og flottum græjum. Kvaðst ákærði vera einn í húsinu og skrúfaði græjurnar strax á hæsta. Var vitnið af þeirri ástæðu visst um að svo væri.

Vitnið kveðst hafa spurt ákærða hvar vínið væri, en hann hefði sagt að hann ætti ekkert vín. Spurði vitnið hvað ákærði væri að bjóða því heim upp á vín og ætti svo ekkert. Sagði ákærði vitninu þá að bíða, fór út og

kom eftir nokkra stund með drykk sem vitninu fannst vondur. Síðan biðu þau og vitnið spurt hvort fólkið færi ekki að koma, og kvað ákærði svo hljóta að vera. Eftir að vitninu fannst langa bið viðurkenndi ákærði að fólkið kæmi ekki neitt. Brást vitnið illa við, en ákærði hló og var með einhverja stæla. Varð vitnið þá vont og sagðist ætla að fara. Greip ákærði þá fyrir nef og munn vitnisins svo að það gat hvorki andað né öskrað. Reyndi vitnið að rífa í höndina á ákærða og í hár hans en réð ekki við hann. Heldur vitnið að ákærði hafi verið á hnjánum í rúmi sem var fyrir aftan stólinn sem það sat í og tekið fram fyrir vitnið og með hinni hendinni um háls þess svo að það varð að fara aftur á bak og lenti þá í rúminu. Var ákærði þá ekki farinn að leita eftir kynmökum við vitnið, hvorki með orðum né athöfnum. Segir vitnið að ákærði hafi sífellt tekið fastar svo að það var að kafna. Vitnið taldi að ekki þýddi að æpa þar sem enginn væri heima.

Vitnið segir að ákærði hafi alveg haldið því föstu með því að halda fyrir nef þess svo að það var hrætt við að kafna. Reyndi vitnið að rífa í ákærða og sparka í hann og einnig í vegginn og öskraði eitthvað.

Vitnið segir að ákærði hafi rifið ytri buxur þess niður með því að losa smellu og rennilás og hafi hann dregið buxurnar niður fyrir hné, einnig nærbuxurnar. Gerði ákærði þetta snögglega með höndunum, og reyndi vitnið eitthvað að berjast á móti en fannst það ekki geta neitt. Það hefði þó reynt eins og það gat. Segir vitnið að ákærði hafi klætt það úr ytri og innri buxum og hafi það þá öskrað og öskrað. Kvaðst vitnið hafa reynt að fara úr sófanum, en ákærði alltaf ýtt því niður aftur. Segir vitnið að ákærði hafi alltaf haldið fyrir munn þess svo að það hafi ekki getað öskrað mikið.

Vitnið segir að ákærði hafi síðan lagst ofan á það í sófanum og hefði hann getað fært fætur þess eitthvað í sundur og sett lim sinn í kynfæri þess og hafið samfarir en hann var búinn að færa niður buxur sínar. Stóðu samfarirnar stutt og varð ákærða ekki sáðlát. Á meðan á þessu stóð telur vitnið að bankað hafi verið í vegginn sem sófinn var upp við. Vissi vitnið þá að það var ekki eitt og gæti fengið einhverja hjálp. Telur það að því hafi tekist að sparka í ákærða svo að hann hentist frá því. Hentist vitnið þá út á gólf og skreið eftir því. Tókst vitninu að klæða sig í buxurnar og opna dyrnar. Stóð þá systir ákærða fyrir utan og spurði hvað væri að ske og kallaði á foreldra þeirra.

Vitnið segir að foreldrar ákærða hafi komið strax og spurt hvað hefði verið að ske, og hefði það reynt að segja þeim að ákærði hefði verið að nauðga því. Kveðst vitnið hafa skolfið og grenjað af æsingi. Vitnið segir að foreldrarnir hafi ekki hlustað á það, en aðeins staðið og horft á það

og reynt að róa það niður. Kveðst vitnið hafa hlaupið í símann, en hann hefði verið algerlega dauður.

Vitnið kveðst hafa legið á gólfinu í sjokki, en faðir ákærða hefði spurt systur hans hvort hún hefði ekki heyrt neitt. Kveðst hún hafa heyrt einhver læti. Spurði hann þá hvers vegna hún hefði ekki látið þau vita. Kvaðst hún ekki hafa fattað það.

Vitnið kveður föður ákærða hafa talað við hana inni í stofu og hann inni í herbergi. Eftir það hefði ákærði komið og beðið það fyrirgefningar. Vitnið kveðst hafa neitað því og sest niður í stigann og grátið. Vitnið kveður ákærða hafa spurt það hvort það ætlaði að kæra sig, hefði það játað því. Segir vitnið að foreldrar ákærða hafi verið að reyna að róa það og boðið því kaffi sem það þáði ekki, heldur hélt áfram að gráta og öskra eitthvað.

Vitnið kveður móður ákærða hafa verið að reyna að tala við sig og spyrja sig hvort hún ætlaði að kæra. Telur vitnið sig hafa verið í húsinu í klukkustund, en þá ók móðir ákærða því heim. Reyndi hún í þeirri ferð að fá vitnið ofan af því að kæra ákærða. Sagði hún að ákærði væri ungur og hvort vitnið vissi hvað hún gerði ákærða með því að kæra hann. Vitnið kveðst hafa hringt í lögregluna strax og það kom inn og hefði hún sótt það eftir ca hálfa klukkustund.

Vitnið man ekki hvort ákærði hafði læst herberginu eftir að þau komu inn í það. Kveðst vitnið hafa verið undir áhrifum áfengis, en ekki ofurölvi og hafi það verið vel ferðafært. Það getur enga skýringu gefið á því hvers vegna föt þess voru heil eftir átökin í rúminu.

Ákærði Sveinn Ragnar var handtekinn á heimili sínu um klukkan 11.50 þennan dag, og var hann sofandi þegar ransóknarlögreglumenn komu heim til hans. Hófst yfirheyrsla yfir honum upp úr hádeginu.

Ákærði kvaðst muna lítið eftir atburðum liðinnar nætur því hann hefði verið mjög ölvaður. Byrjaði ákærði áfengisneyslu í afmælisveislu á milli klukkan 19 og 20 kvöldið áður. Hann var síðan við áfengisneyslu fram yfir miðnætti.

Ákærða fannst að hann hefði hitt stúlkuna fyrir utan Klúbbinn og minntist hann þess ekki að hafa hitt hana áður eða þekkja hana. Mundi ákærði ekki hvernig það atvikaðist að þau fóru að tala saman, hann og stúlkan, né mundi hann hvort hann bauð stúlkunni í partí eða hvort hún spurði um slíkt.

Ákærði kvaðst hafa boðið stúlkunni með sér í partí. Ætlaði ákærði að fara í partí í hús í Seljahverfi. Fannst honum að hann væri eitthvað að rugla því saman og að fara með stúlkuna heim og að fara með hana í áðurgreint hús í partíið. Sagði ákærði að tilgangurinn með því að fara með stúlkuna heim hafi verið sá að reyna við hana.

Ákærði kvaðst ekki hafa átt fyrir leigubifreiðinni sem flutti þau heim til hans og hefði hann farið inn í húsið og vakið systur sína og fengið 1000 krónur lánaðar hjá henni.

Ákærði kvaðst hafa farið með stúlkuna inn í húsið og beint inn í herbergi sitt, en þar kveikti ákærði á plötuspilara. Hann sótti síðan vín fram í eldhús í eitt glas fyrir þau bæði. Kvaðst ákærði, er þarna var komið, hafa verið eins fullur og hægt væri að vera án þess að vera ósjálfbjarga.

Ákærði mundi ekki eftir að hafa sagt við X að hann ætti von á fleira fólki eða tveim pörum heim til sín. Þó væri ekki útilokað að hann hefði gert það. Hafði ákærði verið í húsi við Gljúfrasel áður en hann fór að Klúbbnum og ætlaði þangað aftur, en þar voru tvær stúlkur þegar hann fór þaðan og tveir piltar. Gæti þetta því verið ástæðan fyrir því að ákærði hefði minnst á tvö pör.

Ákærði taldi sig hafa setið á rúminu og hafi glasið verið á gólfinu eða á skrifborðinu. Ekki mundi ákærði hvað hann og stúlkan voru að tala um eða hvort þau voru að tala um eitthvað. Taldi ákærði sig hafa setið við hlið stúlkunnar og hafi hann verið að reyna eitthvað við hana. Hún hafi ekki tekið því vel, en þó hélt ákærði að hún hefði ekki reynt að ýta honum frá sér eða standa upp.

Ákærði sagði atburðina í þoku fyrir sér og mundi hann ekki eftir að hafa tekið fyrir vit stúlkunnar og fengið hana þannig yfir á sófann. Mundi ákærði næst að hann var að draga ytri og innri buxur af stúlkunni þar sem hún lá í rúminu. Mundi ákærði að stúlkan reyndi að toga upp um sig buxurnar aftur, en mundi ekki eftir annarri mótspyrnu hennar. Mundi ákærði ekki eftir að stúlkan berðist á móti, hvorki með því að berja ákærða né klóra hann. Þá mundi ákærði ekki til þess að hafa haldið fyrir vit stúlkunnar eða haldið henni á annan hátt á meðan hann var að klæða hana úr buxunum. Loks mundi ákærði ekki eftir að stúlkan gæfi frá sér nein hljóð á meðan hann klæddi hana úr.

Ákærði kvaðst síðan muna eftir að hafa legið við hliðina á stúlkunni í rúminu og að það hefði líklega verið þá, sem hann klæddi sjálfan sig úr buxum og nærbuxum. Taldi ákærði sig síðan hafa lagst ofan á stúlkuna til að hafa við hana samfarir, og þá hafi hún farið að æpa og hann tekið fyrir munninn á henni. Tók ákærði enn fram að hann myndi þetta bara í þoku og óljóst. Hann myndi aðallega eftir því sem hann hefði gert sjálfur en minna eftir því sem stúlkan gerði. Sagði ákærði að verið gæti að stúlkan hefði eitthvað reynt að æpa þegar hann klæddi hana úr buxunum, en hann gæti ekkert sagt um þetta.

Ákærði mundi ekki hvort honum tókst að stinga getnaðarlim sínum í kynfæri stúlkunnar, en hann kvaðst viss um að hann hefði ekki fengið fullnægingu eða sáðlát. Ákærði mundi eftir því næst að bankað var á

herbergishurðina og beðið um að opna. Stóð ákærði þá upp og opnaði. Mundi ákærði ekki hvort stúlkan velti eða sparkaði ákærða ofan af sér. Þá mundi ákærði ekki hvort hurðin á herberginu var læst eða ekki. Ekki mundi ákærði með vissu hver bankaði á hurðina hjá honum. Hann mundi eftir að hafa farið út úr herberginu og beðið stúlkuna fyrirgefningar. Hann mundi ekki eftir að hafa rætt við foreldra sína. Ákærði fór síðan að sofa og vaknaði þegar rannsóknarlögreglumenn komu á heimilið til að tala við hann.

Gerð var krafa af hálfu rannsóknarlögreglunnar, að ákærði yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Var krafan sett fram að kvöldi 18. nóvember og ákærði þá yfirheyrður. Neitaði hann sakargiftum, en kannaðist við að hafa reynt að hafa samfarir við stúlkuna. Þá staðfesti ákærði áðurgeinda skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglunni. Var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald næsta dag.

Ákærði Sveinn Ragnar var yfirheyrður í ný 21. nóvember og gat þess að ýmislegt hefði rifjast upp fyrir sér eftir að hann gaf fyrstu skýrslu sína.

Ákærði sagði að sér hefði fundist stúlkan ekki streitast það mikið á móti, þegar þau voru í rúminu, að honum fundust það bara látalæti. T.d. hefði hún ekki gert tilraun til að standa upp og þegar hann hefði verið að færa hana úr buxunum hefði í fyrstu verið eins og henni stæði á sama, og hefði hún lyft rassinum og hjálpað til þannig að hún kæmist úr buxunum. Eftir það hefði hún farið að ná upp um sig buxunum, en ekki streist það mikið á móti, þegar ákærði var að toga niður um hana buxurnar, að það hefði verið með neinum erfiðismunum sem ákærði hefði gert það, en hún hefði hætt að toga í þær eftir að þær voru komnar niður að hnjám.

Ákærði sagði að stúlkan hefði ekki öskrað né látið illum látum fyrr en hann hefði lagst ofan á hana, en þá hefði hún farið að öskra. Var það í sömu mund og ákærði náði henni úr buxunum. Hefði hann tekið fyrir munninn á henni og þá hefði verið bankað. Hefði stúlkan þá ýtt við ákærða. Væri það svona hálft í hvoru, hvort hún hefði hrint honum ofan af sér eða að hann hefði staðið upp. Kvaðst ákærði hafa tekið þessu sem látalátum þar til stúlkan hefði farið að öskra. Þá hefði hann tekið fyrir munn hennar til þess að þagga niður í henni. Kvaðst ákærði hafa klætt stúlkuna úr báðum buxum öðru megin, en sjálfur hefði hann farið úr buxunum niður að hnjám. Kvaðst ákærði ekki muna nánar hvað hann hefði verið búinn að gera hvað samfarir varðaði, en hann héldi að hann hefði örugglega ekki verið búinn að hafa samfarir, og hefði hann hætt við það þegar stúlkan fór að öskra.

Ákærði kvaðst muna að hann hefði bankað upp á hjá systur sinni og Sveini unnusta hennar og hefði hann rétt honum 1.000 krónurnar fyrir leigubifreiðinni.

Ákærði kvað stúlkuna ekki hafa talað um að fara eftir að hún fékk að vita að ekki væri von á fleira fólki. Kvað ákærði plötuspilarann hafa verið lágt stilltan, svo að hann vekti ekki fólk í næsta herbergi.

Ákærði neitaði að hafa tekið stúlkuna af skrifborðsstólnum og yfir í rúmið. Hann kvaðst halda að það hefðu verið öskrin í stúlkunni sem orsökuðu það að hann hætti við að hafa samfarir og fór að þagga niður í henni.

Ákærði og X voru samprófuð hjá rannsóknarlögreglunni um misræmið í framburði þeirra. Fór samprófunin fram 22. nóvember og héldu bæði við fyrri framburð. Kannaðist ákærði ekki við að hafa haft samfarir við stúlkuna, og hún hélt fast við fyrri frásögn sína um viðskiptin við ákærða.

Ákærði var látinn laus úr gæsluvarðhaldi sama dag klukkan 15.

Við meðferð málsins lýsir ákærði því yfir að hann vilji ekki viðurkenna að hann hafi með ofbeldi þröngvað stúlkunni til holdlegs samræðis umrætt sinn.

Ákærði tekur fram að sér hafi fundist það á stúlkunni, eftir að hún kom inn í herbergi hans, að hún gæti hugsað sér að hafa við hann samfarir. Ákærði kveðst hafa hætt við tilraunir sínar, eins og áður er komið fram, vegna mótspyrnu stúlkunnar. Hann segir að bank á hurðina á herberginu hafi ekki verið ákvörðunarástæða fyrir því að hann hætti tilraunum sínum. Vill ákærði halda því fram að hann hafi verið hættur tilraunum sínum þegar bankað var.

Ákærði kveðst hafa orðið reiður yfir málalokum og viðhaft einhver illyrði í garð stúlkunnar, en man ekki að greina frá þessum orðum sínum.

Foreldrar ákærða óskuðu ekki eftir að nýta undanþágurétt sinn til vitnisburðar.

Vitnið Jón Björgvin kveðst hafa vaknað síðla nætur eða um klukkan 5 við kvenmannsgrát í íbúð sinni umrætt sinn. Þegar vitnið kom fram úr herberginu sá það stúlku á ganginum, sem var grátandi og sagði vitninu að sér hefði verið nauðgað af ákærða Sveini Ragnari. Hann var þarna nærstaddur og neitaði sakargiftum.

Vitnið sá engin merki um átök á ákærða og stúlkunni eða önnur merki þess að það hefði við rök að styðjast, sem hún sagði.

Vitnið hafði engin óp heyrt áður en það vaknaði við grátinn né sá það önnur merki þess að átök hefðu átt sér stað í íbúðinni.

Vitnið Dóra kveðst hafa vaknað á heimili sínu síðla nætur umrætt sinn við væl. Þegar vitnið kom fram á ganginn framan við svefnherbergisdyrnar sá það stúlku þar og var hún alklædd. Segir vitnið að stúlkan hafi verið snöktandi, og sagði hún að ákærði Sveinn Ragnar hefði verið að nauðga henni. Vitnið vill þó ekki fullyrða um þetta, og vera megi að stúlkan hafi talað um að ákærði hafi reynt að nauðga henni.

Vitnið segir að Rakel, dóttir þeirra hjóna, hafi einnig verið á ganginum, þegar vitnið kom þangað fram. Þá kveðst vitnið hafa séð ákærða þarna rétt hjá, og var hann klæddur í síðbuxur og ber að ofan.

Vitnið sá engin merki á ákærða eða stúlkunni sem bentu til þess að átök hefðu átt sér stað á milli þeirra.

Vitnið segir að eitt lítið herbergi sé á milli svefnherbergis þeirra hjóna og herbergis ákærða. Í því var 5 ára dóttir þeirra hjóna.

Vitnið segir að hljóðbært sé í húsinu, og hefðu þau hjón átt að heyra ef neyðaróp hefði verið rekið upp í herbergi ákærða.

Vitnið Sveinn Rúnar Þórarinsson, Holtaseli 35 í Reykjavík, kveðst hafa verið gestkomandi að Stallaseli 2 umrædda nótt. Vaknaði vitnið um klukkan 5 um nóttina við það að ákærði kom til að fá peninga að láni fyrir leigubifreið. Vitnið fór að sofa eftir að hafa lánað ákærða peningana. Það var síðan vakið af Rakel, systur ákærða, eftir um 20 mínútur og var hún þá að fara fram til að banka á dyrnar hjá ákærða, en hún hafði minnst á að þar væri eitthvað að ske. Kom þá stúlkan út úr herbergi hans en vitnið hafði áður heyrt eitthvert rifrildi innan úr því. Vitnið heyrði engin öskur þaðan né hávaða úr hljómflutningstækjum. Vitnið sá ekki stúlkuna sem kom út úr herberginu, en segir að því hafi verið sagt síðar að þar hafi verið stúlka.

Vitnið heldur því fram að það hefði heyrt í hljómflutningstækjunum ef þau hefðu verið stillt hátt í herbergi ákærða greinda nótt, en hljóðbært sé á milli herbergja.

Vitnið fullyrðir að það hafi engin hjálparköll heyrt í húsinu umrædda nótt eða öskur.

Rakel systir ákærða gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í upphafi rannsóknarinnar, en lýsti því síðan yfir að hún vildi nýta undanþágurétt sinn frá vitnisburði. Verður framburður hennar því eigi rakinn.

Rannsóknarlögreglumennirnir Bjarni Jóhann Bogason, Helgubraut 23, og Guðmundur Gígja, Birkigrund 55, báðir í Kópavogi, unnu að rannsókn málsins og hafa við meðferð þess staðfest þau verk sín.

Andrés Ásmundsson læknir, sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, skoðaði X klukkan 10.45 að morgni 18. nóvember. Í skýrslu læknisins segir svo um skoðunina:

„Við skoðun kveðst konan vera í sömu fötum og við nauðgunina. Fötin voru heil, teygjur í nærbuxum heilar, ekkert blóð í nærbuxum. Konan virtist allsgáð en nokkur vínþefur var úr vitum hennar. Engir áverkar sáust á líkama hennar, ekkert blóð á ytri kynfærum eða í leggöngum. Hægt var auðveldlega að þreifa leggöngin með 2 fingrum, enda kvaðst konan hafa fætt barn. Sýni var tekið úr leggöngum og leghálsi og sáust engir sáðlar við smásjárskoðun.

Skoðunin hefur ekki sýnt nein ótvíræð einkenni um ofbeldi eða nauðgun en hins vegar hefur ekkert komið fram sem afsanni frásögn konunnar."

Helgi Guðbergsson, aðstoðarborgarlæknir, skoðaði ákærða kl. 14 sama dag og X var skoðuð af Andrési lækni. Í vottorði læknisins segir svo:

„Á húð og yfir miðju bringubeini eru fjórar grunnar rispur, sem liggja niður á ská í stefnu frá hægri öxl í átt að vinstri rifjaboga. Rispur þessar eru misdjúpar en hver þeirra er u.þ.b. einn sentimetri að lengd. Útlit þeirra og hrúður bendir til að þær séu a.m.k. sólarhrings gamlar. Útlitið líkist fari eftir neglur.

Á hægri sköflungi miðjum er grunnur hruflblettur á stærð við 50 aura smápening. Þetta hrufl er mjög sennilega minna en hálfs sólarhrings gamalt. Slíkt hrufl getur sést t.d. eftir að maður rekur sig í eða spark eða högg af hlut.

A.ö.l. sjást ekki nein áverkamerki."

Ákærði og stúlkan voru vegin og mæld í tæknideild rannsóknarlögreglunnar 22. nóvember. Reyndist hún 1.69 cm á hæð og 84 kg, en hann 1.79 cm á hæð og 63 kg að þyngd.

Ákærða var tekið blóð- og þvagsýni til alkóhólrannsóknar klukkustundu eftir að hann var sóttur á heimili sitt á sunnudeginum. Var magn alkóhóls í blóðinu 0.65‰ en í þvaginu 1.20‰.

Niðurstöður.

Ákærði Sveinn Ragnar hefur staðfastlega neitað því að hafa haft samfarir við stúlkuna X nauðuga, en því hefur hún haldið fram. Hann kannast hins vegar við að hafa boðið X heim til sín í því skyni að reyna að hafa við hana samfarir. Kveðst ákærði ekki hafa getað haft samfarir við stúlkuna vegna mótþróa hennar.

Ákærði Sveinn Ragnar og X bera sitt með hvorum hætti eins og áður er rakið. Stendur þar staðhæfing gegn staðhæfingu. Engin áverkamerki reyndust á X við skoðun né merki þess að við hana hefðu verið hafðar samfarir og föt hennar voru heil. Þá liggur ekki fyrir framburður vitna sem styrki framburð X. Þegar allt er virt sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið, þykir ekki koma fram alveg næg sönnun fyrir því að ákærði hafi haft samfarir við X nauðuga greint sinn. Ber því að sýkna ákærða af þeim sakargiftum og þar með af broti á 194. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærum og refsingum sem hér segir:

— — —

[Samkvæmt sakavottorðum hefur hvor hinna ákærðu tvívegis sæst á greiðslu sektar fyrir umferðarlagabrot.]

Refsingar.

Refsing ákærðu hvors um sig þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár.

Gæsluvarðhald.

Ákærðu voru báðir úrskurðaðir í gæsluvarðhald 25. desember 1983 allt til 25. janúar 1984. Var ákærði Bent Níels færður í varðhaldið kl. 12.15, en ákærði Sveinn Ragnar klukkan 12.20. Þeir voru látnir lausir að lokinni samprófun í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni að kvöldi 2. janúar 1984. Voru þeir þá settir í farbann frá landinu allt til 1. júlí 1984 og gert að afhenda rannsóknarlögreglu vegabréf sín.

Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að framangreint gæsluvarðhald komi refsingum ákærðu til frádráttar, 9 dagar hjá hvorum.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað vegna sakarefnisins í ákæru málsins frá 12. nóvember 1984. Skal ákærði Bent Níels greiða skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 30.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun og ákærði Sveinn Ragnar skal greiða skipuðum verjanda sínum, Eiríki Tómassyni hæstaréttarlögmanni, 30.000 krónur í sömu laun. Annan sakarkostnað vegna sakarefnisins í þessari ákæru greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur.

Allur sakarkostnaður vegna sakarefnisins í ákæru málsins frá 3, janúar 1985 skal samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74, 1974, greiðast úr ríkissjóði, þar með taldar 10.000 krónur í málsvarnarlaun til verjanda ákærða Sveins Ragnars.

Jónatan Sveinsson saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærðu, Bent Níels Jónsson og Sveinn Ragnar Jónsson, sæti hvor um sig fangelsi 3 ár. Til frádráttar refsingum ákærðu skal koma gæsluvarðhaldsvist þeirra hvors um sig, 9 dagar.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað vegna sakarefnisins í ákæru málsins frá 12. nóvember 1984. Skal ákærði Bent Níels greiða skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 30.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun og ákærði Sveinn Ragnar skal greiða skipuðum verjanda sínum, Eiríki Tómassyni hæstaréttarlögmanni,

30.000 krónur í sömu laun. Annan sakarkostnað vegna sakarefnisins í þessari ákæru greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur.

Allur sakarkostnaður vegna sakarefnisins í ákæru málsins frá 3. janúar 1985 skal greiðast úr ríkissjóði, þar með taldar 10.000 krónur í málsvarnarlaun til verjanda ákærða Sveins Ragnars.

Fimmtudaginn 16. október 1986.

Nr. 169/1986. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sveinbirni Jónssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Misneyting. Tékkalagabrot. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. maí 1986 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um ákærulið I (brot gegn lögum um tékka).

Ákærði fékk Kötlu Þórðardóttur til þess að gefa út til sín og afhenda sér sex veðskuldabréf að fjárhæð samtals 270 þúsund krónur er hann síðan tók að hagnýta í eigin þarfir. Til þess að afla sér hagsmuna þessara notaði hann sér fákunnáttu hennar. Ber því að refsa ákærða samkvæmt 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eins og ákæru er hagað kemur eigi til álita hvort ákærði

hafi brotið gegn 248. gr. hegningarlaga í sambandi við skipti sín við Kötlu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Þá ber einnig að staðfesta ákvæði dómsins um sakarkostnað.

Fyrir Hæstarétti hafa málsaðilar óskað eftir endurskoðun á bótaákvæðum héraðsdóms.

Af hálfu Kötlu Þórðardóttur hafa skaðabótakröfur verið lækkaðar frá kröfugerð hennar fyrir sakadómi í það horf sem hér greinir:

1. Fallið er frá bótakröfu þeirri er greinir í 1. kröfulið í héraði.

2. Kröfuliður þessi er lækkaður í 60.000,00 krónur auk dráttarvaxta frá 4. september 1986, en þá vaxtakröfu þykir eiga að skilja eftir málsreifuninni sem kröfu um þá dráttarvexti sem Seðlabanki Íslands hefur heimilað.

3. Krafist er að ákærða verði gert að greiða 40.000,00 krónur í „óþæginda- og miskabætur".

Af hálfu ákærða hefur bótakröfu Kötlu verið mótmælt af þeim sökum að krafan hafi eigi verið borin undir hann í sakadómi.

Krafan var lögð fram á dómþingi 9. maí 1985 og þá kynnt skipuðum verjanda. Hefur málið verið flutt að þessu leyti fyrir sakadóminum og verður bótakröfunni eigi vísað frá sakadómi af þeim sökum að ekki hafi verði gætt ákvæða 145. gr. laga nr. 74/1974.

Um 2. kröfulið: Lækkun fébótakröfunnar samkvæmt þessum kröfulið stafar af því að hér fyrir dómi hefur Katla Þórðardóttir fallið frá bótakröfu vegna skuldabréfs þess sem ákærði ráðstafaði til Glerslípunar Hafnarfjarðar. Er krafa hennar fyrir Hæstarétti samkvæmt þessum kröfulið um 60.000,00 krónur sem hún galt Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni 4. september 1986 sem fullnaðargreiðslu vegna skuldabéfs þess að nafnverði 45.000,00 sem hann hafði til innheimtu.

Með öllu er ósönnuð sú staðhæfing verjanda ákærða, sem hann byggir á mótmæli sín gegn kröfulið þessum, að Katla hafi veitt viðtöku skuldaviðurkenningu hans til greiðslu á umræddu veðskuldabréfi. Og þar sem kröfufjárhæðin sætir ekki tölulegum andmælum né heldur vaxtakrafa verður þessi kröfuliður tekinn til greina með vöxtum svo sem greinir í dómsorði.

Um 3. kröfulið: Kröfu þessa skortir lagastoð að því leyti sem hún

er um fébætur fyrir ófjárhagslegt tjón, en að öðru leyti er hún ekki studd neinum gögnum. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um þennan kröfulið.

Ákærða ber að dæma til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Sveinbjörns Jónssonar, og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði Kötlu Þórðardóttur 60.000,00 krónur ásamt 27% ársvöxtum frá 4. september 1986 til greiðsludags.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 19. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 722/1985: Ákæruvaldið gegn Sveinbirni Jónssyni, sem tekið var til dóms 27. f.m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 3. maí 1984, ,,á hendur Sveinbirni Jónssyni framkvæmdastjóra, Brekkugerði 13, Reykjavík,fæddum 30. október 1943 í Reykjavík, fyrir eftirgreind brot:

I. Tékkabrot.

Þann 15. september 1982 gefið út tékka 0083890 að fjárhæð kr. 2.273,00 á tékkareikning sinn nr. 1234 við Útvegsbanka Íslands, Smiðjuvegi 1, Kópavogi, og greitt með honum skuld við Hafskip hf., Reykjavík, en innistæða eigi reynst næg þegar tékkinn var sýndur í greiðslubankanum.

Telst þetta varða við 73. gr. laga nr. 94, 1933 um tékka, sbr. lög nr. 35, 1977.

II. Misneyting.

Ákærða er gefið að sök að hafa gerst sekur um misneytingu gagnvart Kötlu Þórðardóttur, Hamraborg 22, Kópavogi, með því að notfæra sér væntingar um nánara samband við ákærða svo og fákunnáttu hennar og

fötlun (málleysi), á þann hátt að fá hana þann 10. maí 1983 til að gefa út og afhenda sér til fullra umráða sex skuldabréf, hvert að fjárhæð kr. 45.000,00, sem greiðast skyldu upp á 3 árum, og tryggja bréfin með veði í íbúð sinni að Hamraborg 22, Kópavogi gegn því að ákærði léti af hendi við hana einfalda skuldaviðurkenningu sem ákærða mátti vera ljóst að var haldlítil eins og komið var fjárhag hans á þeim tíma.

Telst þetta varða við 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

III. Dómkröfur.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

I.

Með bréfi, dagsettu 16. nóvember 1982, til Rannsóknarlögreglu ríkisins kærði Jón Gunnar Zoëga héraðsdómslögmaður ákærða fyrir „ávísunarmisferli". Bréfinu fylgdi ávísun, útgefin af ákærða 15. september 1982, að fjárhæð kr. 2.273,00, sem ákærði hefði afhent skipafélaginu Hafskipi hf. til greiðslu á skuld. Er tékkinn hefði verið sýndur í greiðslubankanum, Útvegsbanka Íslands, útibúinu í Kópavogi, hinn 15. september 1982 hefði ekki verið næg innistæða fyrir honum. Reikningnum hefði verið lokað 22. september 1982. Tékkinn er stimplaður af bankanum eins og lýst er í kærubréfinu. Lögmaðurinn óskaði eftir að ávísunin yrði tekin til „sakadómsmeðferðar". Ekki er minnst á neinar bótakröfur, höfuðstól, vexti eða kostnað í kærubréfinu.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu kvaðst ákærði hafa greitt skipafélaginu skuld fyrir kunningja sinn með tékkanum. Kunninginn hefði lofað að greiða inn á reikninginn og móttakandinn að geyma ávísunina í nokkra daga. Skipafélagið hefði staðið við sitt en kunninginn ekki.

Í dóminum hefur ákærði viðurkennt að hafa gefið út tékkann og notað hann í ofangreindum viðskiptum.

Með háttsemi sinni hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 73. gr. laga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

II.

Hinn 23. júní 1983 snéri Katla Þórðardóttir, Hamraborg 22 (32), Kópavogi, fædd 3. október 1945, sér til Rannsóknarlögreglu ríkisins til að kæra ákærða. Kærandi er mál- og heyrnarlaus. Með henni var Matthildur Magnúsdóttir, Bollagörðum 25, Seltjarnarnesi, fædd 16. september 1945, sem kom fram sem túlkur við yfirheyrsluna um kæruefnið sem Högni Einarsson rannsóknarlögreglumaður annaðist. Samkvæmt lögregluskýrslunni um yfirheyrsluna kom eftirfarandi fram hjá kæranda:

„Málavextir eru þeir að Sveinbjörn Jónsson fékk mig til þess vegna annmarka minna til þess að tjá mig og skilja annað fólk til þess að gefa út 6 skuldabréf, samtals að fjárhæð kr. 270.000,00 en bréf þessi eiga að greiðast upp á þremur árum og fyrsta afborgunin er á gjalddaga í nóvember 1983. Sveinbjörn lét útbúa þessi skuldabréf og þau eru stíluð á mig og það kemur fram í texta bréfanna að ég skuldi honum þessa fjárhæð sem bréfin hljóða upp á, eða kr. 270.000,00 og íbúðin mín að Hamraborg 22, Kópavogi, er veðsett fyrir þessari skuld. Ég tel rétt að það komi fram að áður en Sveinbjörn lét útbúa þessi skuldabréf hafði hann talað um það við mig að hann fengi lán hjá mér sem næmi þessari fjárhæð og ég hafði samþykkt að lána honum veð í íbúðinni minni fyrir þessari fjárhæð. Þegar þetta gerðist þá var ég í prófum í Heyrnleysingjaskólanum og var því mjög tímabundin og mjög stressuð líka.

Ég hafði óskað eftir því við Sveinbjörn af fá að vera viðstödd þegar þessi bréf væru útbúin og hann hafði lofað því. Sveinbjörn hafði svo samband við mig á þessum erfiðleikatímum hjá mér, sem ég hef greint frá hér að framan, og sagði að ég yrði að koma með honum til þessa lögfræðings sem átti að útbúa bréfin á einhverjum ákveðnum tíma sem hann tilgreindi.

Ég sagði þá Sveinbirni að ég gæti alls ekki komið á þessum tíma og sagði honum að þetta yrði að bíða þar til ég væri búin í prófunum og búin að koma syni mínum í sveit, en hann hafði lent í vandræðum um þetta leyti.

Sveinbjörn beið ekki eftir þessu, heldur fór hann og lét útbúa þessi skuldabréf án þess að ég væri viðstödd.

Þegar Sveinbjörn var búinn að láta útbúa bréfin, þá kom hann boðum til mín þess efnis að ég ætti að hitta hann heima hjá honum og mér datt ekki í hug að það væri í sambandi við þessi skuldabréf.

Þegar ég kom heim til Sveinbjörns þá var hann einn þar og fór strax að tala um þessi skuldabréf við mig.

Ég tel rétt að það komi fram að það var um kl. 23.00 sem hann hringdi til mín og ég var komin til hans um kl. 24.00. Sveinbjörn sagði þá við mig að ég yrði að koma með honum morguninn eftir og ganga frá þessum bréfum. Ég spurði þá Sveinbjörn að því hvort hann væri búinn að láta útbúa þessi bréf og hann sagði svo vera. Mér sárnaði þá reglulega við hann þar sem ég hafði verið búin að segja honum að ég gæti ekkert átt við þetta fyrr en ég væri búin í prófunum.

Sveinbjörn sagði mér að hann væri mjög svangur og ég fór með honum í Smiðjukaffi þar sem við fengum okkur að borða og þar sátum við til kl. 03.00 um nóttina. Þegar við fórum úr Smiðjukaffi um nóttina þá var ákveðið að ég færi heim til Sveinbjörns þegar ég væri búin í prófinu og hitti hann þar.

Ég tel að ég hafi komið heim til Sveinbjörns kl. rúmlega 10.00 og þá

var ég mjög illa sofin og ég bað Sveinbjörn um að fá að leggja mig þar í smá stund.

Ég veit ekki hvað ég svaf lengi þarna, en Sveinbjörn vakti mig og sagði að við yrðum að fara og hitta þennan lögfræðing. Ég fór þá með honum í einhverja fasteignasölu í Austurstræti 9 og þar var einn maður fyrir þegar við komum. Ég spurði Sveinbjörn að því hvort þetta væri lögfræðingurinn sem samið hefði skuldabréfin og hann sagði svo vera, en ég komst að því síðar að þessi maður, sem þarna var, heitir Jón Arnarr og er innanhússarkitekt.

Ég man ekki hvort við fengum þessi skuldabréf afhent þarna á skrifstofunni þá af Jóni Arnari eða hvort Sveinbjörn var með þau í skjalatösku sem hann var með, en hann fór að sýna mér bréfin þarna.

Ég man eftir því að þessi maður sem var þarna á skrifstofunni og Sveinbjörn voru að skoða bréfin og tala um þau, en ég skildi ekki hvað þeim fór á milli.

Eftir að þeir voru búnir að tala um bréfin og skoða þau þá sýndi Sveinbjörn mér bréfin, en ég vildi ekki skrifa undir þau þar sem þau höfðu ekki verið útskýrð fyrir mér.

Að þessu loknu fórum við Sveinbjörn heim til hans, en þar sagðist hann ætla að útskýra bréfin fyrir mér og þar gæti ég skrifað undir þau.

Á leiðinni heim til Sveinbjörns fórum við í Kaffivagninn á Grandagarði og fengum okkur að borða.

Þegar við komum svo heim til Sveinbjörns þá lét hann mig hafa bréfin svo að ég gæti lesið þau sjálf.

Ég tók þá strax eftir því að það kom fram í bréfunum að ég var talin skulda Sveinbirni þessa fjárhæð eða kr. 270.000. Ég sagði Sveinbirni að ég væri ekki ánægð með það, þar sem ég skuldaði honum ekki neitt og spurði hann að því, hvernig á þessu stæði. Sveinbjörn svaraði því aldrei beint hvers vegna þetta væri orðað svona, en sagði við mig að þetta skipti ekki neinu máli og að ég yrði að treysta honum og það væri allt í lagi með þessi skuldabréf. Ég man eftir því að hann sagði að ef hann dytti niður dauður þá fengi ég þessa peninga út úr einhverjum eignum sem hann ætti í gám, en það munu vera verkfæri og einhverjir aðrir munir úr fyrirtækinu Antikgler sem núna er hætt störfum.

Ég hef samt ekki fengið það skriflegt hjá Sveinbirni að ég hafi lánað honum þessa peninga og get ekki sannað það á nokkurn hátt ef eitthvað kemur fyrir hann.

Eftir að Sveinbjörn var búinn að sannfæra mig um það, að þetta orðalag í bréfunum væri í lagi, þá skrifaði ég undir þau sem greiðandi og hann skrifaði á þau sem vottur.

Ég kæri hér með þessa háttsemi Sveinbjörns Jónssonar við mig og óska eftir því, að það fari fram opinber rannsókn í þessu máli.

Eins og hér hefur komið fram, þá tel ég að Sveinbjörn hafi fengið mig til að skrifa undir þessi bréf með blekkingum og notfært sér þar þekkingarleysi mitt á þessum málum og fötlun mína. Ég tel líka rétt að það komi fram að Sveinbjörn Jónsson hafði, áður en þessi skuldabréf voru gefin út, verið að barma sér yfir því við mig hve illa hann væri staður fjárhagslega og væri í miklum vandræðum. Hann hafði það oftar en einu sinni á orði að fremja sjálfsmorð vegna þeirra fjárhagsþrenginga sem hann væri í og þetta ýtti undir það að ég skrifaði undir þessi skuldabréf.

Ég veit ekki fyrir víst hver það var sem útbjó þessi skuldabréf, en ég taldi að það hefði verið þessi maður sem var þarna á fasteignasölunni og ég hélt að væri lögfræðingur. Formin, sem þessi skuldabréf eru skrifuð á, eru merkt Gunnari Guðmundssyni hdl., Borgartúni 33, Reykjavík, en hver útbjó þau veit ég ekki."

Mætta er spurð að því hvort Sveinbjörn Jónsson hafi boðið henni skriflega skuldaviðurkenningu fyrir þessum bréfum sem hún gaf út fyrir hann.

„Já, hann gerði það, en mér hefur ekki tekist að fá þessa skuldaviðurkenningu hjá honum þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Ég fór m.a. heim til hans og þá var Matthildur Magnúsdóttir, vinkona mín, með mér og ætlun okkar var að fá þessa margumtöluðu skuldaviðurkenningu hjá Sveinbirni. Ég fór fyrst ein inn til hans en þegar ég kom þá var hann ekki kominn á fætur. Matthildur kom svo inn á eftir mér og þá varð Sveinbjörn reiður og ætlaði að reka hana út, en þegar hún spurði hann um þessa skuldaviðurkenningu þá sagði hann að hann myndi ekki afhenda hana fyrr en honum sýndist.

Áður en þetta gerðist þá var ég búin að reyna að fá Sveinbjörn til þess að hætta við þetta, en mér gekk illa að finna hann og var m.a. týndur í eina viku. Þegar ég fann hann, þá var hann staddur á Skálafelli og var þar með einhverjum vini sínum, en þetta gerðist 12.6.1983. Hann varð mjög reiður þegar ég kom þangað og sagði mér að fara og sagðist vilja vera einn í friði með þessum vini sínum sem hann var með.

Ég fór þá í burtu en þegar ég var komin út þá kom Sveinbjörn á eftir mér og dró mig inn í hótelið, inn í anddyrið. Þegar þetta gerðist þá var Sveinbjörn ölvaður og hafði ekkert sérstakt við mig að segja um þessi skuldabréf.

Ég geri þá kröfu að Sveinbjörn Jónsson verði látinn skila mér aftur þessum skuldabréfum sem ég gaf út, eða réttara sagt, hann blekkti mig til að gefa út og að honum verði refsað lögum samkvæmt fyrir þær blekkingar og svik sem hann hafði í frammi við mig."

Vitnið Matthildur Magnúsdóttir kvaðst við yfirheyrslu hjá rannsóknar-

lögreglunni hafa farið með kærandanum Kötlu heim til ákærða í því skyni að sækja skuldaviðurkenningu að fjárhæð 270.000 krónur til staðfestingar á því að hann hefði fengið þá fjárhæð að láni hjá Kötlu í formi sex skuldabréfa. Ákærði hefði tekið því illa og þær farið brott án viðurkenningarinnar.

Vitnið Jón Arnarr Einarsson, þáverandi sölustjóri á fasteignasölunni Austurstræti, Austurstræti 9, fæddur 12. febrúar 1949, til heimilis að Miðstræti 5, hefur skýrt svo frá við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni að Sigurður Georgsson héraðsdómslögmaður hefði hringt til sín. Lögmaðurinn hefði sagt að hjá honum væri maður sem vildi selja skuldabréf og hvort vitnið hefði einhverja kaupendur að slíkum bréfum. Vitnið hefði sagt að það væri hugsanlegt og féllst á ósk lögmannsins um að taka á móti manninum. Skömmu síðar hefði komið maður sem kynnti sig með nafni ákærða. Er vitnið spurði um bréfin kom í ljós að þau voru ekki fyrir hendi, heldur þyrfti að útbúa þau fyrir ákærða. Síðan segir í framburði vitnisins:

„Hann sagði mér hvaða fjárhæð þessi bréf þyrftu að dekka og við fundum út hvað þau þyrftu að vera há að viðbættum afföllum til þess að hann fengi í hendurnar þessa fjárhæð sem hann vantaði, en ég man ekki hvaða fjárhæð það var. Ég man eftir því að ég sagði honum að hann gæti reiknað með að þurfa að selja þessi bréf með 20 til 25% afföllum, þannig að þessi fjárhæð sem hann hefur vantað mun vera um kr. 200.000. Eftir að við vorum búnir að ræða um þetta þá bað hann mig um að sjá um að útbúa þessi bréf og ég féllst á að gera það.

Hann gaf mér upp nafnið á Kötlu Þórðardóttur og sagði að hún væri samþykkjandi að þessum bréfum og veðið væri í Hamraborg 22 í Kópavogi, þriggja herbergja íbúð sem er merkt D á 4. hæð. Sveinbjörn kvaðst ætla að láta Kötlu hafa skuldaviðurkenningu á móti þessum bréfum en ég útbjó ekki þessa viðurkenningu fyrir hann. Ég spurði Sveinbjörn ekkert að því hvernig stæði á því að hann hefði þetta veð þarna, enda fannst mér að þarna væri um sambúðaraðila að ræða og ég hugleiddi þetta mál ekki frekar. Í framhaldi af þessu bað ég Sveinbjörn um að útvega veðbókarvottorð og brunabótamat fyrir íbúðina að Hamraborg 22 og hann kom með þessi gögn til mín daginn eftir.

Ég útbjó svo sex samhljóða bréf, hvert að fjárhæð kr. 45.000,00, og ég man eftir því að hann kom og sótti þessi bréf til mín og þá var einhver kona með honum, en ég man ekki til þess að það hafi farið neitt sérstakt á milli okkar þá.

Ég tel þó að hann hafi sagt við mig, þegar hann kom og sótti bréfin, að konan sem þá var með honum væri sú sem ætlaði að gefa bréfin út.

Ég tel rétt að það komi fram að þegar þarna var komið sögu, þá var

Sveinbjörn búinn að segja mér að þessi kona sem bréfin voru stíluð á væri málaus.

Nokkrum dögum seinna kom Sveinbjörn með þessi bréf aftur til mín en þá var hann búinn að láta þinglýsa þeim og óskaði eftir því að ég tæki þau til sölumeðferðar og ég féllst á að athuga það. Hann vildi skilja frumrit bréfanna eftir hjá mér, en ég benti honum á það að við tækjum aldrei við frumritum af svona bréfum, sem við værum með í sölumeðferð og tók ljósrit af einu bréfinu, sem ég legg hér fram ásamt veðbókarvottorði og vottorði um brunabótamat, en hann fór aftur með frumritin.

Eftir að ég var búinn að fá þessi gögn, þá fór ég að kanna það hvað hvíldi á íbúðinni, og þegar ég var búinn að framreikna þau lán með vísitölu þá sá ég að það var meira en helmingur af brunabótamati sem hvíldi á íbúðinni.

Næst þegar Sveinbjörn hafði samband við mig þá sagði ég honum að ég teldi þessi bréf illseljanleg vegna þess hve áhvílandi skuldir væru háar.

Hann gekkst þá í því að aflétta veðskuldum sem voru uppgreiddar en þessar skuldir sem var aflétt eru yfirstrikaðar á veðbókarvottorðinu sem ég legg hér fram.

Þegar ég fer að hugsa um þetta, þá tel ég að hann hafi sagt mér frá því að hann ætlaði að láta aflétta þessu áður en ég útbjó bréfin.

Ég sé að hann hefur látið aflétta þessum veðskuldum á tímabilinu frá 13. til 17. maí og þetta sést ef þessi tvö veðbókarvottorð sem liggja hér frammi eru skoðuð.

Þegar ég var búinn að fá þessi bréf til sölumeðferðar, þá fór ég að kanna stöðu Sveinbjörns í vanskilaskrám og sá þá að hann var þar á svörtum lista, ef ég má orða það svo.

Hann hafði áður sagt mér að hann væri í einhverjum uppboðsvandræðum og útgáfa þessara bréfa og sala þeirra áttu endanlega að losa hann út úr því.

Ég tel rétt að það komi fram að við á fasteignasölunni tókum strax, þegar þarna var komið, þá afstöðu að selja ekki þessi bréf vegna þess að hann var með þau og var á vanskilaskrá.

Þegar hann hringdi svo til mín og spurði mig að því hvernig gengi að selja bréfin þá sagði ég honum að ég væri búinn að hafa samband við tvo af þeim aðilum sem keyptu svona bréf hjá okkur og að ég hefði boðið þeim bréfin, en þeir hefðu ekki viljað kaupa þau m.a. vegna þess að hann væri sjálfur á bréfunum sem vottur, en það væri í hæsta máta óeðlilegt undir þessum kringumstæðum."

Síðan kom fram hjá vitninu að það hefði frétt að ákærði hefði reynt án árangurs að selja bréfin annars staðar. Vitnið hefði síðan frétt að málaus kona hefði reynt að hafa samband við sig, sennilega mánudaginn hinn

13. júní. Að kveldi sama dags hefði vitnið Matthildur hringt og spurt um viðskipti ákærða og Kötlu, m.a. hvort Katla hefði lánað ákærða veðrétt í íbúð sinni að Hamraborg 22 í Kópavogi. Er vitnið hefði heyrt að um einhvern misskilning kynni að vera að ræða, hefði það beðið konurnar að hitta sig næsta morgun á skrifstofu sinni. Vitnið hefði þá sýnt Matthildi ljósrit af einu bréfanna og skýrt henni frá hvernig að útgáfu þeirra hefði verið staðið. Fannst vitninu þetta koma eins og reiðarslag yfir Matthildi og er hún hefði útskýrt fyrir Kötlu hvað bréfin raunverulega þýddu, „varð hún mjög sjokkeruð og ég gat ekki merkt annað en hún hefði verið blekkt til þess að skrifa undir bréfin." Vitnið hefði beðið Matthildi að spyrja Kötlu hvort hún hefði ekki vitað undir hvað hún hefði raunverulega verið að skrifa og hvort hún hefði ekki lesið bréfin. Vitnið hefði ekki fengið svar við því hvort hún hefði lesið bréfin, en Matthildur hefði fullyrt að hún hefði ekki skilið helminginn af því sem staðið hefði í bréfunum „vegna þess að Katla teldi sig ekki skilja svona lögfræðimál." Vitnið hefði ekki getað ráðið annað af viðbrögðum Kötlu en að hún væri mjög undrandi á því að hún væri talin skulda ákærða heildarfjárhæð bréfanna, 270.000,00 krónur.

Er vitnið hefði gert sér ljóst hvað raunverulega var á seyði hefði það hringt til ákærða í því skyni að fá hann til að koma með bréfin á skrifstofuna undir því yfirskini, að vitnið hefði kaupanda eða þyrfti að leiðrétta formgalla. Hefði þetta verið ákveðið í samráði við konurnar. Ekki náðist símasamband við ákærða. Sammælst hefði verið um að vitnið héldi áfram tilraunum sínum og konurnar kæmu aftur næsta mánudag. Vitnið hefði talað við konurnar þann dag á skrifstofu sinni, en þá hefði því ekki tekist, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, að ná sambandi við ákærða. Í ljós kom að Katla hefði í millitíðinni hitt ákærða á Akureyri og spurt hann um bréfin. Hefði ákærði brugðist illa við. Katla hefði þá sagt honum, að vitnið væri að reyna að ná í hann. Að fengnum þessum upplýsingum hefði vitnið hringt heim til ákærða. Vitnið hefði beðið ákærða að koma á skrifstofuna strax og hitta sig og Kötlu og fá botn í málið. Ákærði vildi það ekki, en lofaði að koma næsta morgun. Aðspurður hefði ákærði sagt, að hann hefði trassað að láta Kötlu fá skuldaviðurkenningu fyrir fjárhæðinni. Væri hún tilbúin, óvottuð, og ætti hann von á Kötlu síðdegis og hún gæti þá fengið viðurkenninguna. Að loknu símtalinu komst vitnið að því, að Katla kannaðist ekki við að hún ætlaði að hitta kærða. Vitnið hefði ráðlagt konunum að fara heim til ákærða og fá viðurkenninguna. Einnig hefði hann ráðlagt þeim að fara til Rannsóknarlögreglu ríkisins, ef ákærði afhenti ekki skuldabréfin með góðu.

Kl. 10.30 næsta morgun hefðu konurnar komið eins og umtalað var á

skrifstofu vitnisins, en ákærði hefði ekki látið sjá sig. Vitnið fékk þá að vita að konurnar hefðu farið til ákærða daginn áður og fengið óblíðar móttökur. Síðdegis þennan dag hefði vitnið náð símasambandi við ákærða og spurt hann hvort hann væri búinn að selja bréfin. Ákærði hefði neitað að segja hver væri með bréfin, en taldi sig geta náð aftur þrem bréfanna, en hin þrjú hefði hann nýtt til tryggingar á skuld sem hann hefði upphaflega ætlað að greiða með andvirði bréfanna. Vitnið hefði ítrekað við ákærða að koma á skrifstofuna með bréfin og hitta Kötlu og Matthildi til að útkljá málið. Vitnið hefði ekkert heyrt frá ákærða meira fyrir yfirheyrsluna þótt ákærði hefði lofað að hringja eftir að hann væri búinn að tala við manninn sem væri með bréfin til sölu. Vitnið hefði skýrt Matthildi frá þessu símtali.

Fram kom hjá vitninu að ákærði hefði sagt við það í síma morguninn eftir að Katla og Matthildur fóru til hans:

„Ég er ekki til sölu" og þá spurði ég hann að því hvað hann ætti við en þá svaraði hann: „Við erum ekki til sölu." Ég sagði þá við hann: „Hvað meinar þú, getur þú ekki útskýrt það nánar?" Þá svaraði hann: „Það er ósköp einfalt, hún er hrifin af mér en ég hef ekki viljað þýðast hana eins og hún vildi, ég er ekki til sölu."

Vitnið taldi að erfitt væri að selja bréfin af tveim ástæðum. Sú fyrri væri sú að gleymst hefði að telja upp áhvílandi veðskuldir sem væru á undan þessum skuldabréfum. Bæjarfógetaembættið í Kópavogi hefði aðeins handskrifað þær inn á skuldabréfin. Sú seinni væri sú að ákærði væri sjálfur fyrri vitundarvottur, sem væri mjög óeðlilegt. Hinn vitundarvotturinn væri fyrrverandi sölumaður fasteignasölunnar. Vitnið hefði ekki vitað um það fyrr en það sá nafn hans á bréfunum. Vitnið kvaðst sjálft hafa vélritað skuldabréfin og nafn Gunnars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns væri á haus bréfanna vegna þess að hann væri meðeigandi fasteignasölunnar og bréfin væru stíluð eftir stöðluðu formi fasteignasölunnar.

Ákærði kom til yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 24. júní 1983. Þá skýrði hann svo frá:

„Ég hef lesið kæru Kötlu Þórðardóttur og ég vil lýsa því yfir að þessi framburður hennar er hrein og klár helvítis lygi. Ég kannast við það að hún hafi skrifað upp á þessi sex skuldabréf fyrir mig, en aðdragandinn er allt annar en hún segir. Ég tel að það sé um það bil ár síðan ég skýrði Kötlu frá því að ég væri illa staður fjárhagslega og mig vantaði tryggingu til þess að fá lán.

Ég nefndi þetta við hana fyrst fyrir um það bil ári síðan, en þá var hún að fara til Englands og við máttum ekki vera að því að ræða þetta nánar þá. Ég nefndi ekki beint við hana þá að lána mér veð, heldur sagði ég henni frá mínum fjárhagsörðugleikum.

Frá því að hún kom frá Englandi og fram undir það að ég fékk þetta

lán hjá henni, þá var hún annað slagið að tala um það við mig hvort hún gæti eitthvað gert fyrir mig og ef ég vildi koma í sambúð með henni þá væru allar mínar áhyggjur búnar.

Ég var ekki tilbúinn til þess að þiggja neitt hjá henni og alls ekki tilbúinn til þess að fara í sambúð með henni þó svo að hún hefði boðist til þess að kaupa handa okkur einbýlishús með bílskúr þar sem ég átti að geta unnið.

Síðan skeður það núna í apríl sl. að hún býður mér það að hún skuli lána mér veð, þannig að ég geti fengið lán og losað mig þannig út úr mínum skuldum.

Ég tel rétt að það komi fram að þegar ég hitti hana á þessum tíma, þá var ég stundum uppstökkur og slæmur á taugum og þegar hún spurði mig að því af hverju það stafaði, þá sagði ég henni að það væri af fjárhagsáhyggjum eins og satt var.

Ég tel að þetta hafa verið ástæðan fyrir því að hún bauð mér þetta.

Þegar hún bauð mér þetta í aprílmánuði sl. þá var ég í miklum fjárhagsvandræðum og ég sá fram á það, ef ég tæki þessu boði hennar, þá gæti ég leyst þessi mál á einu bretti.

Ég vil að það komi fram að ég tók það skýrt fram við hana áður en ég fékk þetta lán hjá henni að það yrði sama á milli okkar og áður, en þar á ég við að ég ætlaði ekki að fara að búa með henni og samband okkar átti að vera óbreytt. Hún samþykkti þessa skilmála mína.

Eftir að þetta var ákveðið okkar á milli, þá fór ég til Sigurðar Georgssonar hdl., en hann er lögmaður minn í öllum mínum málum, og spurði hann hvort hann gæti bent mér á leið til þess að losna við fasteignatryggð skuldabréf.

Hann benti mér að fara á Fasteignasöluna í Austurstræti 9, Reykjavík, og tala við Jón Arnar og hann sagði mér að þeir væru með verðbréfasölu. Hann benti mér líka á Fjárfestingarfélag Íslands, en ég valdi þá leið að fara á þessa fasteignasölu.

Ég fór og hitti þarna Jón Arnar og skýrði út fyrir honum hvað ég ætlaðist fyrir, sýndi honum veðbókarvottorð og brunabótavottorð af eigninni sem átti að veðsetja og spurði hann að því hvort hann teldi að hann gæti selt fyrir mig skuldabréf að fjárhæð kr. 270.000.

Jón Arnarr taldi miklar líkur á því að þetta væri hægt og þá bað ég hann að sjá um að útbúa skuldabréfin í þeim einingum, sem hann teldi seljanlegastar og selja þau svo fyrir mig og hann féllst á að gera þetta.

Ég gaf honum upp nafnið á eiganda íbúðarinnar, sem átti að samþykkja bréfin og reyndar allar upplýsingar, sem hann óskaði eftir varðandi þessi bréf.

Ég var einn þegar ég gerði þetta og ég aflaði þessara vottorða sem ég lagði þarna fram líka einn.

Það næsta sem gerðist var það að ég fór með Kötlu á þessa fasteignasölu og sótti þessi bréf og varðandi það sem Katla segir um þetta að hún hafi beðið um frestun á þessu vegna þess að hún hafi verið í prófum þá er það lygi. Ég kannast ekki við það að hún hafi viljað tala sjálf við lögmanninn.

Ég tel rétt að það komi fram að það var ekki meiningin hjá okkur Kötlu að skrifa undir þessi bréf þarna á staðnum, heldur ætluðum við að fara með þau heim til mín og skrifa undir þau þar, og þar ætlaði ég líka að útskýra þessi skuldabréf fyrir henni sem eg og gerði.

Mætti er spurður að því hvort hann kannist við það að Kötlu hafi verið illa við það að það kæmi fram í skuldabréfunum að hún væri talin skulda honum.

„Ég kannast ekki við þetta, enda útskýrði ég það fyrir henni að þetta skipti engu máli hvernig þetta væri uppsett. Ég gat ekki annað séð en hún væri fullkomlega ánægð með þær skýringar sem ég gaf henni, enda hefði hún ekki skrifað undir bréfin hefði hún ekki verið það.

Ég tel að það hafi tekið mig þrjá klukkutíma að skýra það út fyrir henni hvernig þessi bréf væru og að því loknu skrifaði hún undir.

Ég tel rétt að það komi fram, að ég er búinn að þekkja Kötlu í 3 ár og ég á auðvelt með að tala við hana og skilja hana.

Daginn eftir fór ég með þessi skuldabréf til Jóns Arnars og bað hann um að koma þeim fyrir mig í peninga og hann féllst á að reyna það. Ég man eftir því að hann sagði við mig að þetta gæti tekið einhverja daga og ég sagði honum að það væri í lagi en bað hann um að flýta þessu eins og hann gæti.

Eftir fjóra daga hringdi ég til Jóns og spurði hann að því hvernig gengi og þá sagði hann mér að þessir menn, sem hann hefði á hendinni, væru þannig staddir á þessum tíma að þeir hefðu ekki áhuga.

Ég sagði honum þá að ég ætlaði að reyna aðrar leiðir, en ég bað hann samt um að halda þessu vakandi og hann kvaðst ætla að gera það.

Ég reyndi að selja bréfin í Kauppingi, Fjárfestingarfélaginu og fleiri stöðum, en það gekk ekki. Ástæðan fyrir þessu var mér sagt að væri kreppa á lánamarkaðinum og eins það að þessi bréf, sem ég var með, væru ekki góð í sölu. Bæði voru miklar skuldir áhvílandi á íbúðinni og eins skilst mér að nafn Kötlu sé ekki talið gott í viðskiptum.

Um það bil mánuði eftir að Katla skrifaði undir bréfin kom hún heim til mín og þá var ég óvenju þunglyndur og stafaði það meðal annars af erfiðleikum við að selja bréfin og ég man eftir því að hún spurði mig að því hvort ég væri búinn að fá peningana. Ég sagði það ekki vera og þá segir hún við mig: „Vilt þú að ég komi með þér til lögfræðingsins og segi

honum að þetta sé allt í lagi með þessi bréf vegna þess að það getur verið að hann treysti þér ekki þar sem þú skuldar.“

Ég afþakkaði þetta og sagði henni að ég myndi reyna að halda þessu áfram.

Katla hefur svo komið heim til mín annað slagið og var síðast heima hjá mér þann 13.6.1983. Hún talaði aldrei neitt um það að fá þessi skuldabréf til baka í þessi skipti sem hún heimsótti mig.“

Ákærði skýrði síðan svo frá að Katla hefði farið frá sér kl. 24.00 hinn 13. júní og hann hefði þá um nóttina farið í söluferð vestur og norður. Á Akureyri hefði hann hitt Kötlu. Hún hefði reiðst við hann og sagt: „Ég vil fá bréfin.“ Ákærði hefði svarað því til að hann væri ekki tilbúinn að ræða þessi mál á hóteli úti á landi en mundi gera það strax og þau væru komin heim. Eftir heimkomuna hefði Katla komið heim til hans með einhverri konu, vinkonu sinni. Vinkonan hefði sagt að ákærði væri búinn að reyna að svíkja íbúðina út úr Kötlu þar sem hann hefði látið hana skrifa undir sex skuldabréf þar sem hún teldist skulda honum 270.000 krónur og síðan hefði það verið ætlun hans að láta hana borga þessa peninga til sín. Ákærði hefði sagt að hann hefði fengið lánaðan veðrétt í íbúðinni og ekki stæði annað til en að ákærði greiddi af bréfunum sjálfur. Ég sagði vinkonunni að ég væri búinn að ráðstafa bréfunum en mundi reyna að ná þeim aftur og lofaði að hafa skuldaviðurkenningu tilbúna síðdegis. Með þetta hefðu konurnar farið.

Við yfirheyrsluna lofaði ákærði að skila þrem bréfum til rannsóknarlögreglunnar samdægurs, en ákærði taldi sig ekki sjá neina leið til þess að ná hinum eins og á stæði þar sem hann hefði þegar selt þau eða afsett. Þyrfti hann að endurgreiða andvirði þeirra til þess að fá þau aftur, en hann hefði ekki peninga til þess. Síðar kom fram hjá ákærða að hann hefði ekki selt bréfin, „heldur sett upp í skuldir“ sem hann hefði verið í við viðkomandi aðila, þ.e. Iðnaðarbanka Íslands hf., Glerslípun Hafnarfjarðar og Jón Gunnar Sæmundsson, Dalshrauni 1, Hafnarfirði. Ákærði sagði að afföllin af bréfinu sem fór í bankann hefðu verið 3.000-4.000 krónur og hann hefði fengið til baka í peningum um 1.142 krónur, er hann hefði gert upp skuld sína. Í Glerslípuninni hefði bréfið ekki nægt til að greiða skuldina og teldist hann þar enn skuldugur. Ekki hefði verið rætt um nein afföll af bréfinu. Hjá Jóni Gunnari hefði ákærði fengið 14.000 króna mismun í peningum eftir uppgjör skuldarinnar, sölulauna og affalla.

Ákærði neitaði að hafa ætlað að nota fötlun Kötlu. Útgáfa bréfanna hefði verið með fullu samþykki hennar og hún hefði vitað hvað hún var að gera.

Við yfirheyrslu síðdegis sama dag afhenti ákærði rannsóknarlögreglunni frumrit þriggja skuldabréfanna og ritaði undir skuldaviðurkenningu til

Kötlu, að fjárhæð 135.000 krónur. Skuldabréfunum var aflýst 29. júní 1983.

Í dóminum hefur ákærði neitað því að um nokkra misneytingu hafi verið að ræða af hans hálfu. Kærandi hefði boðið fram aðstoð sína og hefði ákærði verið búinn að þekkja kæranda í 3 ár er bréfin voru gefin út. Kærandi hefði hálfu öðru ári fyrr boðið fram slíka aðstoð er hún vissi að ákærði var í kröggum. Ákærði hefði eigi þegið boðið þá því hann hefði ætlað sér að leysa fjármálavanda sinn á eigin spýtur, en vegna veikinda og fleiri persónulegra ástæðna hefði fjárhagur hans versnað. Katla hefði boðið aðstoð á ný og ákærði þegið hana.

Ákærði var í dóminum spurður hvernig stæði á því, að Katla væri persónulegur skuldari á bréfunum, jafnhliða því að vera veðsali í stað þess að hún gæfi veðleyfi og ákærði væri persónulega ábyrgur. Ákærði kvaðst þá hafa snúið sér til Jóns Arnars og beðið hann að útbúa bréfin á tryggilegan lögfræðilegan hátt. Jón Arnarr hefði sagt að Katla væri ekki gott nafn í viðskiptum, „sem ákærði vissi reyndar fyrir." Ákærði hefði einnig verið undir gjaldþrotaskiptum. Ákærði taldi að hann hefði getað greitt bréfin á gjalddögum „ef Katla hefði staðið við sitt." Ákærði hefði notað bréfin þrjú, sem hann hefði ekki skilað, til að greiða þrotabússkuldir, en hin bréfin hefði átt að fá fjármagn fyrir til að kaupa hráefni og fá sér húsnæði til að hefja á ný framleiðslu. Vélarnar hefði hann átt. Alltaf hefði legið fyrir að ákærði væri hinn raunverulegi skuldari og fasteignasalinn hefði sagt hugsanlegum kaupendum það. Þeir hefðu kippt að sér hendinni er þeir fréttu að ákærði væri undir gjaldþrotaskiptum. Ákærði væri ekkert búinn að greiða af bréfunum.

Ákærði mótmælti því að hafa nokkru sinni gefið Kötlu tilefni til að ætla að þau mundu taka upp náið samband og ástarsamband hefði aldrei verið á milli þeirra. Skuldabréf hefðu ekki verið nein nýlunda fyrir Kötlu, eins og sjá mætti á veðbókarvottorði fyrir íbúð hennar. Ákærði sagði að þau hefðu ekki fyrr átt í neinum fjármálaviðskiptum og Katla hefði ekki fyrr tekið á sig fjármálaábyrgðir fyrir hann. Er ákærða voru sýnd gögn um hið gagnstæða kvaðst hann hafa verið búinn að gleyma þargreindri ábyrgð.

Áður en kærandi var kölluð fyrir dóm snéri dómarinn sér til Guðlaugar Snorradóttur, skólastjóra Heyrnleysingjaskólans, og óskaði eftir aðstoð hennar við að fá viðeigandi túlk. Benti hún á Sigurgeir Þorbjörnsson, kennara við skólann. Aðstoðaði hann dómarann í öllum réttarhöldum sem kærandi tók þátt í.

Vitnið Katla bar að ákærði hefði haft mjög á orði að hann væri í miklum fjárhagskröggum og myndi hann fyrirfara sér ef hann kæmist ekki út úr þeim. Ekki hefði hann haft á orði hve mikla peninga hann þyrfti en minnst á að hann ætlaði að mála bílskúr föður síns og nota sem verkstæði. Ekki

hefði ákærði þegið boð um peningalán. Vitnið skýrði frá aðdragandanum að útgáfu bréfanna mjög á sama veg og hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið hefði aldrei boðist til að undirrita bréf fyrir ákærða og hann hefði látið útbúa bréfin án samráðs við það og sýnt því þau fullbúin. Vitnið hefði aðeins einu sinni komið á lögfræðistofuna. Bréfin hefðu verið tilbúin. Vitnið hefði ekki lesið þau, heldur hefði það og ákærði farið heim til hans. Þar hefði vitnið lesið bréfin og séð að það var talið skulda ákærða fjárhæðirnar á bréfunum. Hefði það haft orð á þessu við ákærða, en hann þá sagt að hann skuldaði henni. Ákærði hefði ekki gert henni grein fyrir að íbúðin kynni að verða seld ef bréfin yrðu ekki greidd á réttum tíma. Vitnið hefði talið að það hefði aðeins skrifað undir 45.000 króna „ábyrgð" en ekki 270.000 króna. Ákærði hefði sagt að þetta væri nauðsynlegt til að lögfræðingar „gætu unnið með þetta". Vitnið hefði eingöngu aðstoðað ákærða í vináttuskyni, en ekki í von um að þau tækju upp sambúð eða nánara samband. Á milli þeirra hefði aldrei verið ástarsamband, heldur hefði henni aðeins þótt vænt um hann sem góðan vin.

„Vitnið kvaðst ekki skilja orðið „veð" nema það vissi, að það tengdist íbúð og svo kvaðst hún skilja orðið „veðdeild". Vitnið kvaðst ekki skilja orðið „opinbert uppboð". Vitnið vissi að orðið vottur þýddi sama og orðið vitni og skuldari væri sá sem skuldaði öðrum peninga. Vitnið hefði talið að það hefði skrifað undir bréfin sem vottur. Vitnið kannaðist við að hafa ritað nafn sitt á frumrit bréfanna þriggja sem liggja frammi í málinu, svo og þrjú önnur.

Vitnið bar að misskilningur væri í skýrslu þeirri, sem það gaf hjá rannsóknarlögreglunni sem sennilega stafaði af misskilningi milli vitnisins og Matthildar. Ekki væri rétt að ákærði hefði áður en skuldabréfin voru útbúin talað um það við vitnið að hann fengi lán hjá því að fjárhæð 270.000 krónur og vitnið hefði lánað ákærða veð í íbúð. Hið rétta væri að aðdragandinn að útgáfa bréfanna hefði verði sá sem vitnið hefur greint frá hér að framan. Vitnið kvaðst hafa staðið í þeirri trú að það væri að skrifa undir sem vottur en ekki sem skuldari eða greiðandi.

Vitnið óskaði eftir að það kæmi fram að það hefði viljað fara með ákærða eftir að það ritaði undir bréfin á skrifstofuna í Austurstræti til þess að vera öruggt um að allt væri í lagi. Ákærði hefði sagt það vera óþarft. Samt hefði verið umtalað að hún skryppi heim til matargerðar og hitti ákærða síðar. Er vitnið kom aftur heim til hans hefði ákærði verið farinn út og hún ekki náð fundi hans fyrr en í veitingastaðnum Skálafelli. Daginn eftir fór vitnið heim til ákærða og vildi fá hann með sér til „Sigurðar" í Austurstræti 9 til að fá bréfin aftur. Ákærði hefði þá sagt að það væri ekki hægt þar sem „Sigurður" hefði svo mikið að gera.

Vitnið kvaðst hafa kynnst ákærða í ágústmánuði 1981 og þau hefðu haft

mikinn félagsskap eftir það og fram að útgáfu bréfanna. Eftir það hefði félagsskapur fallið niður, aðallega vegna drykkjuskapar ákærða. Vitnið hefði ekki treyst honum í því ástandi og viljað hætta við bréfin. Ákærði hefði verið búinn að segja því að „Sigurður" væri með bréfin. Vitnið hefði því farið nokkrar ferðir á skrifstofuna í Austurstræti sem hún taldi að Sigurður Georgsson ræki. Taldi vitnið að Sigurður hefði verið á skrifstofunni er bréfin voru afhent. Hefði vitnið farið á skrifstofuna til að fá bréfin aftur og eyðileggja þau. Undir lokin hefði maður með skrifstofu í sama húsi leitt vitnið í allan sannleika um að Jón Arnarr ræki stofuna en ekki Sigurður. Vitninu hefði orðið mikið um þetta. Maðurinn hefði látið vitnið fá símanúmer Jóns Arnars og í framhaldi af því hefði vitnið leitað aðstoðar Matthildar. Matthildur hefði hringt í Jón Arnar sem hefði beðið þær að koma til sín í Austurstræti 9 næsta morgun. Þar hefði vitnið komist að raun um að um var að ræða sex sjálfstæð bréf, samtals að fjárhæð 270.000 krónur sem vitnið væri ábyrgt fyrir greiðslu á. Vitnið hefði gert ýmsar tilraunir til að láta bréfin ganga til baka og hefði m.a. hitt ákærða á Akureyri. Hún hefði spurt hann hvort hann væri með bréfin á hótelherbergi ákærða þar í bæ. Ákærði hefði neitað því og ekki hefði verið rætt meira um þau. Fyrir vitninu hefði upphaflega vakað að fá ákærða með sér á skrifstofuna í Austurstræti 9 til að fá bréfin. Er það tókst ekki hefði hún farið ein.

Er vitnið var spurt hvers vegna það hefði haft svona miklar áhyggjur af bréfunum sem hún teldi sig hafa skrifað á sem vottur en ekki skuldari kvaðst hún hafa orðið tortryggin vegna þess að ákærði hefði forðast hana eftir áritun bréfanna.

Vitnið og ákærði voru samprófuð á nokkrum dómþingum.

Eftir að vitninu hafði verið kynntur við samprófun framburður ákærða hjá rannsóknarlögreglunni neitaði það að hafa boðið ákærða upp á sambúð og fjárhagslega fyrirgreiðslu í því sambandi. Það hefði ekki boðið honum einbýlishús þó það hefði verið að skoða einhverjar fasteignaauglýsingar í blöðum fyrir sjálft sig.

Ákærði sagði að það hefði verið full sterkt að orði komist hjá sér að vitnið hefði boðið sér sambúð, en fram hefði komið hjá vitninu að betra væri við þetta að eiga ef þau væru í sambúð því þá gæti hún frekar réttlætt veðsetninguna gagnvart vandamönnum sínum.

Vitnið kannaðist ekki við að þetta hefði borið á góma.

Ákærði benti á að í sambandi við vinnuaðstöðu í bílskúr eða kjallara hefði vitnið haft á orði að það gæti haft þar vinnuaðstöðu og þyrfti ekki að fara að heiman til vinnu.

Vitnið sagði að þetta hafi borið á góma en það hefði verið meira sem óskhyggja en veruleiki.

Vitnið mótmælti því að hafa í aprílmánuði 1983 boðið ákærða veð svo hann gæti fengið lán og losnað úr sínum skuldum. Vitnið kveðst hins vegar hafa boðið ákærða að lána honum litla fjárhæð til þess að mála bílskúr í húsi foreldra hans, svo ákærði gæti komið sér þar upp vinnuaðstöðu.

Ákærði hélt fast við að vitnið hefði boðið sér veð eins og það hefði svo gert en kvaðst aldrei hafa heyrt minnst áður á lánafyrirgreiðslu vegna bílskúrsins.

Vitnið benti á í þessu sambandi að um þetta leyti hefði ákærði misst verkstæðishúsnæði á Smiðjuvegi og flutt verkfæri og áhöld heim til sín.

Ákærði sagði að verkfæri og efni hefðu verið sett í geymslu í gáma sem hann fékk lánaða hjá Eimskipafélaginu.

Vitnið áréttaði að það hefði verið í prófum þegar ákærði vildi láta það skrifa undir bréfin.

Ákærði sagði að skólinn hefði verið búinn.

Vitnið kannaðist ekki við að ákærði hefði varið 3 klukkustundum í að útskýra efni bréfanna áður en vitnið ritaði undir þau. Vitnið kvaðst aðeins hafa dvalist hjá ákærða frá því kl. 19.00 þar til um 19.30 og ritað undir bréfin áður en það fór en ákærði hefði vart eytt nema 3-4 mínútum í að útskýra efni bréfanna.

Ákærði sagði það rétt vera að þau hefðu komið heim til hans um kl. 19.00 og vitnið farið um kl. 19.30 heim til sín að elda mat. Þá hefði ekkert verið farið að ræða efni bréfanna. Vitnið hefði komið aftur heim til ákærða um kl. 21.00-21.30. Síðan hefðu þau rætt efni bréfanna þar til um kl. 02.00. Það eina sem vitnið hefði ekki skilið alveg var hvers vegna það var talið skuldari gagnvart ákærða en ekki ábyrgðarmaður og skuldari. Ákærði sagði að á því stigi hefði vitnið ekkert haft við þetta að athuga.

Vitnið kvaðst hafa komið aftur heim til ákærða seinna um kvöldið, en hann hefði þá ekki verið heima. Áður en vitnið fór heim til sín fyrr um kvöldið, hefði það spurt ákærða hvað ætti að gera við bréfin og hann sagt að það ætti að skila þeim um kvöldið. Það hafi spurt hvort það mætti koma með ákærða en hann sagt það vera óþarft.

Vitnið kvaðst hafa komið aftur til ákærða næsta kvöld og dvalið þar fram yfir lok sjónvarpsdagskrár. Þá kom fram hjá ákærða að hann hefði farið með bréfin kvöldið áður.

Ákærði kvaðst hafa farið með bréfin kvöldið áður.

Ákærði kvaðst hafa farið með bréfin eftir hádegi daginn eftir að þau voru undirrituð. Vitnið hefði komið til hans um hádegi og spurt hvort hann væri búinn að fara með bréfin. Hann neitaði því en sagðist vera að fara með þau og vitnið hefði ekki gert athugasemd við það. Ákærði mundi ekki hvort vitnið kom aftur þetta kvöld en taldi að svo hefði verið.

Vitnið kannaðist hvorki við að hafa hitt ákærða daginn eftir undirskrift-

ina áður en hann hefði farið með bréfin né við orðaskipti í þá átt. Vitnið hefði hitt ákærða um kvöldið og hann þá sagst vera búinn að skila bréfunum.

Vitnið kvaðst ekki minnast þess að neitt hefði verið ritað á bakhlið skuldabréfanna þegar það ritaði nafn sitt og nafnnúmer á þau og sér hefði fundist ákærði forðast það eftir undirskrift bréfanna og því hafi gengið illa að hitta á hann. Er vitnið hitti ákærða vildi það fá hann með sér á fasteignasöluna en hann neitaði því. Vitnið bar að það kynni að vera að það hefði boðist til að fara með ákærða til lögfræðingsins til að styrkja trúna á bréfin en það hefði einungis verið gert til að koma ákærða til lögfræðingsins.

Ákærði kannaðist ekki við að vitnið hefði viljað fá bréfin aftur, en það hefði virst hafa mikinn áhuga á að vita hvernig gengi að selja þau.

Vitnið kvaðst hafa verið búið að þekkja ákærða frá ágústbyrjun 1981 og ákærði kynni ekki táknmál, en hann hefði beitt varamáli og táknum sem hann hefði búið til sjálfur. Stundum hafi komið upp misskilningur og ákærði hefði, ef mikið lá við, skrifað á blað. Ákærði hefði átt það til að sleppa útskýringum alveg ef vitnið skildi hann ekki.

Ákærði sagði það alveg rétt að hann hefði stundum sleppt útskýringum ef um aukaatriði var að ræða, en ef um eitthvað mikilvægt var að ræða hefði hann skrifað á blað eða haldið áfram útskýringum sínum til þrautar.

Ákærði kvaðst ekki hafa tilkynnt vitninu fyrirfram um norðurferðina og vitnið sagði að er það kom á hótelherbergi ákærða á Akureyri hefði það spurt hann hvort hann væri búinn að fá peningana. Ákærði hafi sagt að það væri verið að vinna í þessu. Ákærði kannaðist við þetta og sagði að vitnið hefði þá í fyrsta skipti viljað fá bréfin aftur.

Vitnið bar að ákærði hefði hringt til þess daginn sem bréfin voru sótt í Austurstræti og beðið sig að koma heim til hans. Sonur vitnisins tók við boðunum. Er vitnið kom til ákærða sagði hann vitninu að nú stæði til að sækja bréfin. Vitnið hefði orðið mjög hissa og spurt hver lögfræðingurinn væri. Ákærði hefði sagt Sigurður Georgsson. Er þau komu í Austurstræti spurði vitnið hvort maðurinn á skrifstofunni væri Sigurður Georgsson. Játaði ákærði því. Var þetta um kl. 14.30. Stóðu þau við í um 10 mínútur. Fóru þau síðan á Kaffivagninn á Granda og síðan heim.

Ákærði kvaðst aldrei hafa minnst á Sigurð Georgsson við vitnið. Einu afskipti verjanda hafi verið þau að benda ákærða á fateignsasöluna. Þar gæti hann hugsanlega fengið nánari upplýsingar um sölu bréfanna. Ákærið neitaði að hafa sagt vitninu á fasteignaskrifstofunni að þar væri Sigurður Georgsson.

Vitnið hélt fast við framburð sinn.

Ákærði sagði að vitnið hefði spurt hvort þetta væri lögfræðingurinn sem

væri með bréfin á fasteignastofunni og bent á vitnið Jón Arnar. Ákærði kvaðst hafa játað því, enda staðið í þeirri trú að hann væri annaðhvort lögfræðingur eða viðskiptafræðingur.

Vitnið sagði að ákærði hefði sjálfur nálgast veðbókar- og brunatryggingarvottorð án sérstaks samráðs við vitnið. Ákærði kvaðst hafa sótt vottorðin en taldi að vitninu hafi verið ljóst að þau voru nauðsynleg, enda hefði hann sótt samkynja vottorð fyrir vitnið nokkrum dögum seinna vegna lántöku vitnisins hjá Útvegsbankanum í Kópavogi.

Vitnið kvaðst ekki hafa fengið í hendur neina skuldaviðurkenningu frá ákærða. Dómarinn sýndi vitninu dómskjalið. Vitnið sagðist ekki hafa séð skjalið áður.

Ákærði kannaðist við að hafa gefið út ofannefnda skuldaviðurkenningu og kvaðst standa við hana, sbr. fyrirvara vegna skaðabótakröfu.

Vitnið kvaðst áður sjálft hafa tekið veðlán, en þau bréf hafi verið í öðru formi. Vitnið var spurt hvort það hafi þá gert sér grein fyrir hvaða afleiðingar það hefði í för með sér ef það greiddi ekki skilvíslega. Vitnið kvaðst alltaf hafa greitt skilvíslega af bréfunum og hafa enga reynslu af því að gengið væri að eignum.

Ákærði kvaðst hafa gert sér grein fyrir því að vitnið hefði ekki skrifað undir bréfin ef því hefði verið ljóst að það yrði fyrir fjárhagslegum skakkaföllum í reynd þótt ákærði telji að vitnið hafi gert sér grein fyrir að svo kynni að fara. Ákærði kvaðst gera sér grein fyrir að vitnið hefði treyst á að hann myndi standa í skilum.

Að gefnu tilefni frá verjanda áréttaði vitnið að það hafi á undirskriftaraugnablikinu talið að það hefði ritað á bréfin eingöngu sem vottur, en það hafi farið að hafa áhyggjur er ákærði forðaðist vitnið í stað þess að hafa áður sóst eftir félagsskap þess með heimsóknum og upphringingum á öllum tíma sólarhringsins svo og fyrirspurnum um vitnið hjá fjölskyldu og vinkonum ef hann náði ekki sambandi við vitnið.

Ákærði sagði að vitnið hafi komið til hans á öllum tímum sólarhrings í tíma og ótíma.

Vegna fyrri bókunar um að vitnið hafi sagt að það hafi talið sig skrifa undir 45.000 kr. ábyrgð sagði vitnið að þetta væri einhver misskilningur. Það hefði aðeins verið að tala um bréf sem það skrifaði undir sem vottur.

Vitnið var spurt hvers vegna það sagði hjá lögreglu að það hafi skrifað undir sem greiðandi eftir að ákærði var búinn að sannfæra það um að orðalagið á bréfunum væri í lagi. Vitnið sagði þetta hafa snúist við vegna einhvers misskilnings hjá því, Matthildi eða skýrslutaka.

Vitnið kvaðst hafa orðið oftar fyrir fjárhagslegum skakkaföllum af völdum ákærða en í þetta eina skipti og nefndi dæmi þar um.

Vitnið kvaðst í maí 1982 hafa verið statt í Daihatsu-umboðinu Brimborg

í Ármúla í Reykjavík vegna bifreiðaskipta í eigin þágu. Ákærði hafi verið með henni og rætt við sölumanninn hjá umboðinu. Hún hafi skrifað upp á víxil að fjárhæð um 6.000 kr. Ákærði hafi stungið víxlinum í tösku og sagt að hann yrði sendur í banka og þar ætti hún að greiða hann seinna. Er vitnið hafi beðið í meira en ár eftir tilkynningu frá bankanum fór hún í umboðið og var henni sagt, að hún ætti að greiða fjárhæðina þar sem hún og gerði. Í janúar-febrúar 1984 fékk vitnið tilkynningu frá Útvegsbankanum sem hún fór með til Högna Einarssonar rannsóknarlögreglumanns. Hann hafði samband við bankastjóra sem sagði að Sveinbjörn væri búinn að selja víxilinn í bankanum. Vitnið sagði að hér hafi verið um sama víxilinn að ræða og hún skrifaði á við bílaskiptin í Daihatsu umboðinu og hún var búin að greiða þar.

Ákærði kannaðist við að hafa farið með vitninu í Daihatsu umboðið. Hún hafi haft í huga að fá sér nýjan bíl en það hafi ekki verið fjárhagslega kleift fyrr en gamli bíllinn væri seldur. Hún hafi ekki getað hugsað sér að vera bíllaus. Fyrir orð ákærða hafi hún samt fengið nýjan bíl hjá umboðinu, Jóhanni forstjóra, án þess að setja tryggingu eða skrifa víxil. Sagði ákærði að þetta hafi verið gert fyrir sín orð og Jóhann hafi tekið fram, „að hún væri hvort sem er ekki víxilbær." Hún hafi síðan haft báða bílana í 3 mánuði. Þá hafi Jóhann getað selt gamla bílinn en uppá hafi vantað 6.500 kr. Ákærði kvaðst hafa lánað vitninu þá fjárhæð í því formi að hann hafi boðist til að selja víxil fyrir hana á kvóta sinn við Útvegsbankann við Smiðjuveg í Kópavogi. Hafi þetta verið gert og vitnið fengið peningana til að greiða Jóhanni en víxillinn hafi farið í vanskil og síðan fjárhæðin dregin út úr handveðsbók fyrirtækis ákærða, Antikgler. Ákærði sagði að hann hafi greitt höfuðstól víxilsins en vitnið greiddi vexti og kostnað. Ákærði sagði það alrangt að vitnið hefði orðið fyrir skakkaföllum í þessu máli. Það hefði verið hann sjálfur.Ákærði lagði fram kvittun bankans, dagsetta 14. júlí 1983 um það.

Vitnið þvertók fyrir að hafa fengið peninga hjá Sveinbirni til að greiða Jóhanni í Daihatsu umboðinu.

Samræmi náðist ekki.

Vitnið sagði að öðru sinni hafi ákærði beðið sig að lána sér 7.000 kr. til að greiða með viðgerð á bifreið hans, sem hann þurfti að leysa út af verkstæði. Lofaði ákærði að greiða fjárhæðina aftir eftir tvo daga en væri ekki búinn að greiða hana enn.

Ákærði neitaði þessu. Kvaðst vera sjálfur bifvélavirki og aldrei hafa sett bíl á verkstæði. Ákærði kvaðst aldrei hafa fengið reiðufé hjá vitninu.

Vitnið kvaðst eitt sinn hafa farið með ákærða til Davíðs Sigurðssonar hf. og skrifað upp á einhver plögg til að gera honum kleift að kaupa bíl.

Síðan hefði hún fengið rukkanir sem hún hafi farið með, lítt lesnar, til Högna Einarssonar.

Ákærði kannaðist við að hafa keypt bifreið hjá Davíð Sigurðssyni hf. fyrir 35.000 krónur. Við það tækifæri hafi vitnið gengið í ábyrgð fyrir sig að fjárhæð 25.000 kr. það bréf hafi komist í vanskil og væri enn.

Ákærði var spurður um hvaða fjárhagslegu fyrirgreiðlu hann hafi veitt vitninu, sbr. framburð hans við rannsókn málsins. Kvaðst hann hafa átt við þá fyrirgreiðslu er hann gekkst í það að hún fékk afhentan nýjan bíl hjá Daihatsu umboðinu, sbr. framburð hans hér að framan. Kvaðst ákærði telja að sú fyrirgreiðsla hafi numið hærri upphæð en sú fyrirgreiðsla, sem vitnið veitti honum.

Vitnið Jóhann Jón Jóhannsson framkvæmdastjóri, Malarási 1, Reykjavík, fæddur 2. júní 1938 á Þórshöfn á Langanesi, bar í dóminum að vitnið Katla hefði verið í viðskiptum hjá sér síðan árið 1980, en vitnið þekkti ákærða í gegnum annan mann. Vitnið kvaðst kannast við viðskiptin, sem greint er frá hér að framan í framburðum ákærða og Kötlu. Vitnið kvaðst hafa litið svo á að ákærði hefði verið að aðstoða Kötlu vegna fötlunar hennar. Hún hefði ekki notið neinna sérstakra kjara því algengt væri að beðið væri eftir að kaupverð nýs bíls væri gert upp með þeim gamla. Á ýmsu hefði gengið í viðskiptum við Kötlu en hún hefði alltaf að lokum greitt sitt. Henni hefði verið sýnd viss tilhliðrunarsemi vegna erfiðra aðstæðna hennar.

Vitnið Matthildur Erna Magnúsdóttir bar í dóminum að hún hefði kynnst Kötlu árið 1976. Hún hafi getað skilið Kötlu, Katla skilji varamál og hún tali þó nokkuð og sé ekki vandræði ef um er að ræða einfalda og hversdagslega hluti. Ef um flóknari atriði hafi verið að ræða hafi vitnið skrifað niður og þá bar oft við að Katla skildi ekki orðin. Vitnið kveðst ekki sérstaklega hafa lært að skilja heyrnar- og mállaust fólk.

Vitnið var beðið að lýsa því hvernig staðið var að yfirheyrslunni hjá rannsóknarlögreglunni er vitnið kom þangað ásamt Kötlu. Vitnið sagði að yfirheyrslan hafi gengið í fyrstu mjög brösótt, sem m.a. stafaði af því að vitnið var taugaóstyrkt þar sem það gerði sér grein fyrir vankunnáttu sinni. Þetta hafi leitt til þess að skýrslutakandinn hefði ritað niður ákveðnar málsgreinar og síðan beðið vitnið um að spyrja Kötlu hvort þetta væri rétt. Vitnið kvaðst minnast í þessu sambandi málsgreinarinnar: „Ég tel rétt þessari .... fjárhæð." Kötlu var sýnd þessi setning og kinkaði hún kolli til samþykkis. Vitnið tók fram að það hafi eftir bestu getu reynt að koma því á framfæri við skýrslutaka sem Katla sagði, og Katla hefði lesið alla skýrsluna yfir áður en hún ritaði undir hana.

Vitnið var spurt hvers vegna Katla hafi leitað til þess og hvort hún hafi

áður leitað til skyldmenna sinna. Vitnið kvaðst hafa spurt Kötlu um það og Katla hafi sagt að hún vildi ekki að skyldmennin fengju vitneskju um þetta.

Vitnið kvaðst hafa farið með henni á skrifstofu niður í Austurstræti til að tala við „lögfræðinginn" og kanna undir hvað Katla hefði skrifað því að hún hafði tjáð vitninu að hún hefði skrifað nafn sitt nánast á autt blað. Á þessu stigi barst ekki í tal að fá bréfin aftur. Katla talaði hins vegar mikið um skuldaviðurkenningu.

Vitnið sagði að erindið til ákærða hafi verið, er það fór heim til hans, að fá skuldaviðurkenningu en ekki að fá skuldabréfin aftur. Þær fóru frá honum án viðurkenningarinnar.

Vitnið kvaðst telja, sbr. framburð þess hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, að ákærði hafi „svikið og blekkt" Kötlu og byggi vitnið skoðun sína á því að hún hafi talið sig vera að skrifa á autt blað og sem vottur.

Vitnið kynnti sér framburð sinn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið staðfesti undirskrift sína undir framburðinn og sagði að hann væri efnislega réttur. Einnig staðfesti vitnið undirskrift sína undir skýrsluna sem tekin var af Kötlu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Vitnið Högni Einarsson rannsóknarlögreglumaður, til heimilis að Stórateigi 12, Mosfellssveit, fæddur 20. desember 1944 á Hvammstanga, bar í dóminum að það hefði skráð niður það sem Matthildur sagði eftir Kötlu og virtist vitninu þær skilja vel hvor aðra. Vitnið kvaðst aðeins hafa skrifað niður eftir túlkun Matthildar og Katla hafi lesið skýrsluna yfir eða a.m.k. tekið við henni og farið yfir hana og síðan skrifað undir hana athugasemdalaust. Vitnið mótmælti því að hafa sjálft lagt eitthvað efnislega í skýrsluna og það væri tilhæfulaust að vitnið hafi samið heilu málsgreinarnar og látið Kötlu og Matthildi lesa þær á eftir.

Vitnið Matthildur sagði eftir að hafa kynnt sér framburðinn að vitnið Högni hafi verið að reyna að hjálpa þeim, þar sem þetta gekk brösulega hjá þeim og þótt orðalagið væri hans hafi hann aðeins sett það fram sem vitnið var að reyna að koma til skila.

Vitnið Högni sagði það vera af og frá að setningin: „Ég tel rétt fjárhæð ....." væri frá nokkrum öðrum komin en Kötlu og Matthildi.

Vitnið Jón Arnarr bar í dóminum að ekki hafi staðið til að undirrita skuldabréfin er Karla kom fyrst á skrifstofuna. Sveinbjörn hefði tekið bréfin með sér. Vitnið gæti ekki sagt um hvort Kötlu voru sýnd bréfin á skrifstofunni.

Ákærði og Katla hefðu eitthvað rædst við á skrifstofunni og hún hafi virst geta tjáð sig fyrir ákærða. Vitnið hafi lítið skilið af samtalinu en minntist þess ekki að lögfræðingur hafi borist í tal.

Vinkona Kötlu hafi haft símasamband við sig og í framhaldi af því hafi

þær komið á skrifstofuna. Þar útskýrði vitnið fyrir vinkonunni hvað var raunverulega á seyði. Virtist vinkonan þá verða mjög forviða og mikið um þetta. Síðan útskýrði vinkonan þetta fyrir Kötlu. Virtist hún vera mjög slegin er hún gerði sér grein fyrir því að hún var búin að skrifa undir það að hún skuldaði Sveinbirni stórfé. Vitnið kvaðst ekki hafa skilið viðbrögð hennar öðru vísi en að hún hefði ekki gert sér grein fyrir hvað hún hefði skrifað undir.

Vitnið minnti að þá þegar eða mjög fljótlega hafi það gert tillögu um að málinu væri vísað til Rannsóknarlögreglu ríkisins svo að hægt yrði að stöðva sölu bréfanna. Einnig hefði það reynt að hafa samband við ákærða til að reyna að fá upplýsingar um hvar bréfin kynnu að vera.

Vitnið kvaðst hafa náð sambandi við Sveinbjörn eftir nokkrar tilraunir og lagt ríkt á við hann að skila bréfunum og brást ákærði við því eins og fram kemur í framburði vitnisins hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Er vitnið Jón Arnarr var við samprófun við ákærða spurt hvort það eða ákærði hefði átt hugmyndina að því að skuldabréfin, sem ákært er út af, hefðu verið útbúin með þeim hætti, að vitnið Katla teldist skulda ákærða Sveinbirni tilteknar fjárhæðir kvaðst vitnið ekki muna betur en það hefði verið að ósk ákærða. Ákærði bar að vitnið hefði sagt við sig á sínum tíma að það væri betra að hafa þetta svona „þar sem nafn Kötlu væri betra í bókum en hans."

Vitnið bar að ákærði hefði á þessum tíma verið á lista yfir vanskilamenn og minnti vitnið að það hefði sagt honum að pappírar með hans nafni væru óseljanlegir. Hins vegar mótmælti vitnið því að hafa lagt til að Katla yrði skráður skuldari. Ákærði kvaðst fyrst hafa séð þessa hugmynd er hann tók við bréfunum. Ákærði hefði spurt vitnið hverju þetta sætti. Vitnið hefði svarað því til að bréfin væru með þessum hætti seljanlegri. Það hefði legið ljóst fyrir gagnvart vitninu, að sögn ákærða, að hann væri gjaldþrota og væri að útvega fjármagn til að greiða gjaldþrotakröfur. Hefði vitnið síðar sagt sér að bréfin hefðu eigi selst þar sem það hefði tjáð hugsanlegum kaupendum að ákærði væri hinn raunverulegi skuldari. Vitnið bar þá að það hefði ekki vitað að ákærði var gjaldþrota fyrir útgáfu bréfanna, enda hefðu þau þá ekki verið gefin út.

Vitnið sagði að það hefði legið ljóst fyrir frá upphafi að það hefði verið ákærði sem var að reyna að fá lán, en Katla hafi aðeins ætlað að lána veð. Ekki hefði verið hægt að gefa út handhafabréf vegna þess að skuldabréf með verðtryggingarákvæðum verði samkvæmt lögum að hljóða á nafn.

Vitnið bar að ekki væri neinn vafi á að það hefði sjálft eða skrifstofa þess verið búið að vélrita á bakhlið skuldabréfanna dags. „Reykjavík 10.

maí 1983" og textann: „Vitundarvottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila" áður en vitnið afhenti ákærða bréfin.

Í bréfi Sigurmars K. Albertssonar héraðsdómslögmanns frá 26. apríl sl. segir að vitnið Katla hafi gefið út skuldabréf til Iðnaðarbanka Íslands hf. með sjálfskuldarábyrgð Þórdísar Gunnlaugsdóttur móður Kötlu, Æsufelli 6, í stað þess bréfs sem ákærði seldi bankanum. Katla hefði afhent bankanum bréfið til að forða íbúð sinni frá nauðungarsölu þar sem bankinn hefði neitað frekari frestun uppboðs. Í bréfinu segir ennfremur að engin krafa hafi borist frá Glerslípun Hafnarfjarðar og Katla hefði ekki gert ráðstafanir til skila á því bréfi sem afhent var skrifstofu Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns (Jóni Gunnari Sæmundssyni).

Bréfi lögmannsins fylgdi skuldabréf með sjálfsábyrgð, að fjárhæð 100.000 krónur, sem greiðast skyldi á næstu 21 mánuði eftir 8. mars 1985 (útgáfudagur bréfsins) með 20 mánaðarlegum afborgunum. Vextir af höfuðstólnum áttu að vera breytilegir, en 34% við samningsgerðina.

Vitnið Egill Jónsson, forstöðumaður Glerslípunar Hafnarfjarðar, Reykjavíkurvegi 16, Hafnarfirði, fæddur 9. júní 1921 í Suður-Þingeyjarsýslu, bar í dóminum að það hefði undir höndum eitt af þeim bréfum sem ákært er út af. Vitnið hefði selt ákærða spegla sem hann setti upp í Smiðjukaffi í Kópavogi. Átti ákærði að greiða þá út í hönd. Við afhendingu hafði ákærði ekki handbæra peninga og vitnið vildi ekki láta hann fá gjaldfrest, þar sem hann var þegar í vanskilum með 15.000 króna víxil vegna fyrri vöruúttektar. Ákærði fékk speglana og afhenti um leið veðbréfið og var um talað að ákærði leysti út kaupverðið næsta eða næstu daga. Ákærði lét hins vegar ekki sjá sig. Vitnið hringdi margsinnis í ákærða sem sagði alltaf að þetta væri að koma og að lokum vísaði hann á Harald Jónasson og gaf upp símanúmer hans. Haraldur sagði einnig að þetta myndi vera að koma þar til að lokum hann sagði: „Þetta mun allt vera komið á hausinn."

Vitnið minnti að kaupverð speglanna hafi verið 40-45.000 krónur og kvaðst hafa reynt að koma bréfinu í verð en það hefði ekki tekist. Vitnið hefði ekkert fengið greitt upp í kaupverð speglanna. Vitnið kvaðst ekki hafa gert neinar ráðstafanir til að ganga að veðsala bréfsins.

Vitnið kvaðst m.a. hafa haft samband við rannsóknarlögregluna og þeir hafi sagt því hvernig bréfið var tilkomið.

Ákærði kvað frásögn vitnisins rétta að öðru leyti en því að bréfið hafi átt að vera fyrst og fremst til tryggingar greiðslu á gömlu 15.000 kr. skuldinni sem olli því að greiðslufrestur fékkst ekki á speglunum. Kvaðst ákærði hafa fengið umlíðun kaupverðs speglanna í nokkra daga. Hugðist ákærði nota greiðsluna frá Smiðjukaffi fyrir hráefni og vinnu til að greiða kaupverð speglanna. Kaupverð speglanna væri rétt tilgreint hjá vitninu.

Vitnið Egill sagði að bréfið hafi átt að vera til tryggingar gömlu skuldinni og til greiðslu á kaupverði speglanna svo langt sem fjárhæð þess nægði.

Ákærði og vitnið voru sammála um að bréfið hefði verið sett til tryggingar greiðslu skuldanna en hafi ekki átt að vera til greiðslu á þeim.

Vitnið Jón Gunnar Sæmundsson, starfsmaður Þorvalds Lúðvíkssonar hrl., Mímisvegi 4, fæddur 28. júní 1939 í Reykjavík, bar í dóminum að lögfræðiskrifstofan hefði haft til innheimtu fyrir Húsgagnahöllina hf. kröfu á ákærða sem ekki gekk að innheimta og hafði dómur ekki gengið um hana. Síðan kom að því að ákærði kom heim til vitnisins með skuldabréfið sem er í uppboðsrétti Kópavogs. Ákærði kvaðst hafa selt bifreið sem hann átti og hafi fengið söluverðið greitt með skuldabréfinu. Var gert samkomulag um að ákærði gerði skuld sína upp með bréfinu og fengi mismuninn greiddan í peningum. Mismuninn 13-15.000 kr. fékk ákærði greiddan í peningum.

Ákærði sagði frásögn vitnisins Jóns Gunnar í öllum meginatriðum rétta en gat þess jafnframt að rétt áður en ákærði fékk bréfin hafi vitnið hringt út af skuldinni. Því var þessi krafa frá Húsgagnahöllinni ofarlega í huga ákærða og eftir að hann fékk bréfin í hendur hafði hann símasamband við vitnið og spurði hvort vitnið gæti selt eitthvað af bréfunum. Þá hafi vitnið boðist til að taka eitt bréfið upp í skuldina og greiða mismuninn í peningum. Ekki kannast ákærði við að hafa sagt vitninu að hann hefði fengið bréfin við sölu á bifreið.

Vitnið hélt fast við framburð sinn.

Vitnið Ágúst Þórhallsson verkfræðingur, Klifvegi 4 í Reykjavík, fæddur 23. júní 1950 í Reykjavík, bar í dóminum að það hafi starfað í 3 mánuði á fasteignasölunni Austurstræti í Austurstræti 9 árið 1983. Vitnið kannast við undirskrift sína sem vottur á skuldabréfum þeim, sem lögð eru fram í málinu. Vitnið mundi ekkert eftir aðdragandanum en kvaðst hafa skrifað á bréfin á skrifstofunni. Vitnið minntist þess ekki að hafa haft neitt með samningu á bréfunum að gera. Vitnið gat ekkert sagt um hvort ákærði kom einn á skrifstofuna eða ekki.

Ákærði kvaðst hafa talað við Jón Arnar, er hann tók við bréfunum, um að hann sjálfur eða einhver á skrifstofunni vottuðu þau. Jón Arnar var ekki við og hefði því vitnið skrifað undir bréfin sem vottur daginn eftir undirskrift Kötlu. Þá var ákærði búinn að skrifa á þau sem vottur.

Að loknum framangreindum vitnaleiðslum var ákærði spurður um hvernig fjármál hans hafi staðið við útgáfu bréfanna, hvort hann hefði verið skuldugur og átt eignir. Ákærði taldi að hann hafi ekki verið mjög skuldugur en hann hefði verið úrskurðaður gjaldþrota árið 1980 eða 1981, en væri búinn að fá forræði á búi sínu. Ákærði hefði ekki átt fasteignir en hann hefði átt allt til að halda áfram rekstri fyrirtækisins Antikgler,

sem hann hefði rekið í 10-12 ár, nema rekstrarfé. Skuldabréfin hefði hann ætlað að nota til að endurreisa lánstraustið og fyrirtækið. Ákærði taldi, miðað við fyrri reynslu, að hann hefði átt góða möguleika á að greiða bréfin í samræmi við ákvæði þeirra. Ákærði sagði að er bréfin voru gefin út hafi ekki verið um umtalsverð vanskil að ræða. Er ákærði var gerður gjaldþrota í fyrra skiptið voru lýstar kröfur aðeins 80-100.000 kr. Ákærði sagði að búið væri að ljúka seinni gjaldþrotaskiptunum og hann væri á ný búinn að fá umráð yfir búi sínu.

Ákærði kvaðst hafa haft litlar tekjur síðustu 2 árin fyrir útgáfu bréfanna og verið tæpast matvinnungur, og hafi það aðallega stafað af aðstöðuleysi þar sem hann hafði ekkert rekstrarfé.

Ákærði segir að það hafi verið af trassaskap sem skuldaviðurkenningin var ekki gerð um leið og bréfin.

Fram hafa verið lögð í málinu tvö vottorð frá Heyrnleysingjaskólanum, annað undirritað af Guðlaugu Snorradóttur skólastjóra og hitt af Erni Gunnarssyni kennara.

Í vottorði skólastjórans er staðfest að á vori hverju sé próftími Heyrnleysingjaskólans frá 1. maí til 17. maí ár hvert.

Rétt þykir að birta vottorð Arnar í heild sinni sökum mikilvægis þess. Er það svohljóðandi:

„Að vanta heyrn er mikil fötlun sem flestum hinna heyrandi tekst illa að skilja. Það hlutskipti að hafa aldrei heyrt málhljóð orsakar mjög mikla erfiðleika í málanámi. Allt verður að lærast gegnum sjónskynið og ekkert lærist nema stöðugt sé tiltækur aðili sem útskýrir merkingu hvers einstaks orðs.

Hægt er með þrotlausum áhuga, dugnaði og góðri greind að komast það langt að skilja og tala einfalt mál, en allt erfiðara og flóknara mál er heyrnleysingjum ofvaxið að skilja nema með mjög miklum og góðum útskýringum annars aðila.

Hægt væri að hugsa sér líkingu af erlendu málanámi okkar heyrandi manna. — Við getum náð talsverðri leikni í erlendu daglegu máli, en skiljum svo ekki nema lítinn hluta í fagmáli þeirrar tungu og getum alls ekki lesið það af skilningi vegna þess að við höfum ekki lært öll þau orð sem þar standa eða skilið samhengi þeirra hvort til annars. Má þar benda á lögfræði, stjórnmál og ótal mörg fleiri sérsvið.

Undirritaður hefur verið kennari Heyrnleysingjaskólans frá 1949 eða 36 ár. Tel ég mig hafa fengið á þessum tíma talsvert raunsæja þekkingu á málskilningi heyrnleysingja almennt og þeim erfiðleikum sem þeir eiga í að skilja þungt mál.

Katla Þórðardóttir var meðal minna fyrstu nemenda við þennan skóla. Sem betur fer á hún því láni að fagna að hafa getað lært og tileinkað sér

talsverða leikni og skilning á daglegu léttu máli, en allt mál þar fyrir utan, hvort heldur er skriflegt eða munnlegt, skilur hún ekki nema með mikili og góðri hjálp og útskýringum.

Í skuldabréfi dagsettu 10. maí '83, sem hún hefur skrifað undir, er fjöldi orða sem ég veit að hún hefur ekki skilið án mikilla útskýringa. Má þar nefna orð eins og viðurkenna — lánskjaravísitala — grunnvísitala — hlutfall — vangoldin — og mörg fleiri.

Að sjálfsögðu getur hún lesið þessi orð, en það verður merkingarlaus lestur þar sem hún skilur ekki þýðingu orðanna. Þarf því útskýrandinn að kanna eftir lestur hverrar setningar, hvaða orð hún skilur ekki, útskýra þau og síðan kanna hvort öll setningin er skilin í heild.

Allt tekur þetta talsvert langan tíma. Hvort hún hefur vitað hvað hún var að skrifa undir og hvað mikið hún hefur skilið af þessu skjali, veltur á því hvað mikla og góða skýringu hún hefur fengið og hvað miklum tíma hefur verið varið í hana fyrir undirskrift."

Efni framangreindra þriggja bréfa (og bréfanna sem ákærði skilaði) er samkynja. Við þinglýsingu hjá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi eru þau auðkennd sem skjöl nr. 1982/83, 1983/83 og 1987/83. Vitnið Jón Arnarr lagði fram ljósrit af skjali nr. 1987/83. Um er að ræða „Skuldabréf með lánskjaravísitölu". Skilmálar eru þeir að „lánið" beri að endurgreiða með 6 afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. nóvember 1983. Sé eigi staðið í skilum með greiðslu vaxta eða afborgana er heimilt að fella alla skuldina í eindaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Íbúð vitnisins, 3ja herbergja íbúð á 4. hæð í húsinu nr. 22 við Hamraborg í Kópavogi, var sett að veði til tryggingar greiðslu skuldarinnar.

Dómarinn hefur aflað upplýsinga frá borgarfógetaembættinu í Reykjavík um hvenær gjaldþrotaúrskurðir hafi verið kveðnir upp yfir ákærða, hvaða kröfum var lýst við síðasta gjaldþrot, hvort eignir hafi reynst vera í búi ákærða og hvað hafi verið greitt upp í lýstar kröfur.

Í bréfi Markúsar Sigurbjörnssonar, borgarfógeta, um þetta efni segir:

„a) Gjaldþrotabeiðni barst fyrst þann 19. september 1980, og var búið tekið til skipta með úrskurði uppkveðnum 29. janúar 1981. Skiptum var lokið 4. september 1981 samkvæmt 120. gr. laga nr. 6, 1978, þar sem engar eignir fundust í búinu.

b) Gjaldþrotabeiðni barst þann 19. ágúst 1983, en var afturkölluð 17. nóvember s.á., án þess að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta.

c) Gjaldþrotabeiðni barst 27. mars 1984, og var búið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum 29. maí 1984. Skiptum var lokið 11. september 1984 samkvæmt 120. gr. laga nr. 6, 1978, þar sem engar eignir fundust í búinu.

d) Gjaldþrotabeiðni barst 17. september 1985. Hún var tekin fyrir í

skiptarétti Reykjavíkur í dag, en málið fellt með vísan til 4. tl. 18. gr. laga nr. 6, 1978, þar sem ekki var sótt þing af hálfu skiptabeiðanda."

Í endurriti úr skiptabók Reykjavíkur kemur fram að ákærði hefur mætt í skiptaréttinum 26. júlí 1984. Þá kvaðst hann vera atvinnulaus. Hefði hann haft með höndum eigin atvinnurekstur sem hætt hefði verið á árinu 1980. Ákærði teldi að rætur fjárhagsörðugleika sinna væru þær að hann hefði á árinu 1980 skilið við eiginkonu sína og eignum verið skipt. Húseign þeirra verið seld, en söluandvirðið ekki greiðst og hann því lent í vanskilum er leiddu til gjaldþrots. Ákærði byggi hjá foreldrum sínum og ætti engar eignir hvorki innistæður, lausafé né annað. Ákærði gerði ekki athugasemdir við kröfur sem borist hefðu á kröfulýsingarfresti, samtalst að fjárhæð 287.691,57. Stærstu kröfurnar voru frá Innheimtustofnun sveitarfélaga (meðlagsskuld), að fjárhæð 143.234,62, Gjaldheimtunni í Reykjavík, að fjárhæð kr. 50.234,00, Skeifunni hf., að fjárhæð kr. 37.995,00 og Godda sf., að fjárhæð 29.310,00. Auk þess var um að ræða 6 aðrar kröfur innan við 8.000 krónur hver.

Aflað hefur verið skattframtala ákærða fyrir árin 1981-1984. Samkvæmt þeim hafði ákærði í tekjur árið 1980 20.000 krónur, árið 1981 20.000, krónur, árið 1982 63.000 krónur og árið 1983 er áætlaðar tekjur á ákærða 500.000 krónur þar eð hann taldi ekki fram. Samkvæmt framtölunum átti ákærði í árslok 1980 ýmsa lausafjármuni úr rekstri Antikglers að fjárhæð 1.500.000 krónur, í árslok 1981 og 1982 voru slíkir munir taldir að verðmæti 10.000 krónur. Skuldir samkvæmt framtölunum voru í árslok 1980 16.319,175 krónur, í árslok 1981 244.365,00 krónur og í árslok 1982 369.195,00 krónur auk ótalinna átaldra vaxta og áætlaðra opinberra gjalda. Í framtali frá árinu 1981 segir að fasteignin Blesugróf 7, Reykjavík, hafi verið seld í nóvember 1979. Útborgun hafi farið í skuldir, aðrar skuldir hefði kaupandi yfirtekið og greitt eftirstöðvarnar með víxlum á gjalddögum 1980. Bifreiðin R-7964 hefði gengið til eiginkonu við skilnað um áramótin 1979/1980. Flestar eigur firmans Antikglers hefðu gengið til eiginkonu samkvæmt skilnaðarskilmálum. Þá segir í athugasemdum með framtali frá árinu 1981 að ákærði hafi mjög lítið getað unnið allt frá árinu 1979, sbr. læknisvottorð. Í framtali 1982 segir að ákærði hafi verið óvinnufær allt árið, sbr. læknisvottorð og í framtali ársins 1983 er vitnað í meðfylgjandi læknisvottorð.

Þegar ofangreind gögn um efnahag ákærða eru virt í heild sinni er ljóst að ákærði var búinn að missa stjórn á fjármálum sínum löngu fyrir 10. maí 1983, er vitnið Katla undirritaði skuldabréfin sem málið er sprottið út af, enda kemur fram í skjölum málsins að ákærði var þá þegar búinn að glata fjárhagslegu trausti í viðskiptalífinu. Var honum það sjálfum ljóst og var reynt að fara í kringum það með því að Katla var ekki aðeins veðsali,

eins og eðlilegast hefði verið, heldur einnig persónulegur skuldari. Ákærða hlaut að vera ljóst að allar líkur væru á því að bréfin færu í vanskil sökum fjarhagsvandræða hans sem hann hafði ekki nokkra ástæðu til að ætla það myndu lagast. Þrátt fyrir þessa vitneskju sína vílaði ákærði ekki fyrir sér að nota sér vináttu og trúnðartraust Kötlu, sem hann sjálfur taldi vera „hrifna af sér", sér til fjárhagslegs ávinnings með því að fá hjá henni margnefnd skuldabréf án nokkurs endurgjalds. Bréfin hugðist hann nota og notaði að hluta til að reyna að lappa upp á bágborinn fjárhag sinn á óskammfeilinn hátt án tillits til efnahagslegra afleiðinga gerða sinna fyrir vitnið Kötlu, sem stóð berskjölduð með eigur sínar gagnvart aðför grandlausra skuldheimtumanna sem gátu byggt rétt á traustfangsreglunum. Ákærði hefur sjálfur við meðferð málsins viðurkennt, að vitnið hefði ekki „lánað honum veðrétt" nema í trausti þess, að hann stæði við greiðsluskilmála bréfanna. Þá ber að hafa í huga persónulega hagi vitnisins Kötlu sem ákærða var vel kunnugt um og sem leiddu til þess að henni var ekki kleift til jafns við aðra að gera sér ljóst hvað í skuldabréfunum stóð. Enn þykir rétt að árétta að ákærði fékk Kötlu ekki aðeins til að undirrita veðheimild, heldur líka persónulega skuldbindingu sem verður að teljast með afbrigðum tortryggilegt.

Þegar framangreint er virt telur dómurinn sannað að ákærði hafi gerst sekur um misneytingu með því að nota sér fákunnáttu Kötlu og fötlun (málleysi) til að gefa út og afhenda skuldabréfin sex sem lýst hefur verið. Hins vegar eru ákærði og vitnið sammála um að „nánara samband" þeirra á milli hafi ekki komið til tals eða verið fyrir hendi. Verður því ákærði sýknaður af misneytingu af því tagi. Framferði ákærða varðar í málinu við 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, þótt vel komi til álita af hálfu dómsins að heimfæra brot ákærða beint undir 248. gr. laganna.

III.

Ákærði hefur sætt refsingum og kærum, sem hér greinir:

— — —

[Sakavottorð ákærða tilgreinir eina skilorðsbundna frestun ákæru vegna brots gegn 155. og 248. gr. hegningarlaga (1962), eina dómsátt vegna brots gegn 248. og 261. gr. sömu laga og auk þess fjóra refsidóma og 13 dómsáttir vegna umferðarlagabrota.]

Með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga ákveðst refsing ákærða varðhald í 3 mánuði.

Í málinu liggur fyrir bótakrafa frá Sigurmar K. Albertssyni héraðsdómslögmanni, vegna vitnisins Kötlu, svohljóðandi:

„1. Að Sveinbjörn verði dæmdur til að greiða Kötlu kr. 100.000,00 með 34% ársvöxtum frá 8/3 1985 til greiðsludags.

2. Að Sveinbjörn verði dæmdur til að greiða Kötlu kr. 90.000,00 með 2,5% ársvöxtum frá 1/5 1983 og lánskjaravísitöluhækkunum frá sama tíma miðað við 606 stig til greiðsludags.

3. Að Sveinbjörn verði dæmdur til að greiða Kötlu kr. 40.000,00 í óþæginda og miskabætur."

Hinn 8. mars 1985 komst vitnið Katla að samkomulagi við Iðnaðarbanka Íslands hf. vegna eins af skulabréfunum sex sem bankinn hafði fengið í hendur vorið 1983. Gaf hún út nýtt bréf í stað hins gamla. Nýja bréfið er gefið út 8. mars 1985 að fjárhæð 100.000,00 krónur með breytilegum vöxtum, þá 34% ársvöxtum. Óvefengt er að þetta bréf er tilkomið vegna réttarbrots ákærða. Taka ber því kröfulið 1 til greina að fullu.

Kröfuliður nr. 2 er vegna bréfanna sem skrifstofa Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns er með til innheimtu og skuldabréfsins hjá Glerslípun Hafnarfjarðar. Vitnið Katla er skuldari og veðsali bréfanna vegna brots ákærða og ber því að taka kröfulið þennan til greina þannig breyttan að vextir greiðist frá 10. maí 1983.

Ekki þykja vera lagarök til að taka 3. kröfulið til greina.

Skuldaviðurkenning ákærða, sem hann afhenti Rannsóknarlögreglu ríkisins við rannsókn málsins, fylgir frumskjölum málsins og gildir ekki samhliða dæmdri skaðabótakröfu.

Þá greiði ákærði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Jónsson, sæti varðhaldi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Kötlu Þórðardóttur, Hamraborg 32, Kópavogi:

1. 190.000 krónur.

2. 34% ársvexti af 100.000 krónum frá 8. mars 1985 til greiðsludags.

3. 2½% ársvextir af 90.000 krónum frá 10. maí 1983 til greiðsludags, og jafnframt hækkun samkvæmt lánskjaravísitölu á sama tímabili, grunnvísitala 606 stig.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hdl., að fjárhæð 35.000 krónur.

Föstudaginn 17. október 1986.

Nr. 17/1985. **Halldór Dagsson**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Steingrími Þormóðssyni
(Jóhann H. Níelsson hrl.)

Veðskuldabréf. Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1985. Dómkröfur hans eru þær, að synjað verði um hið umbeðna nauðungaruppboð og stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu stefnda, að hann byggði ekki á því sem málsástæðu til gjaldfellingar veðskuldabréfanna og eftirfarandi nauðungaruppboðs, að Tryggingastofnun ríkisins hefði hinn 8. apríl 1983 beiðst nauðungaruppboðs á bátnum m/b Rúnu SH-35 (áður Dagur HF - 1).

Veðskuldabréf þau, er mál þetta tekur til, féllu í fyrsta sinn í gjalddaga 1. apríl 1983. Áfrýjandi hefur ekki sannað að hann hafi fengið frest á þeim gjalddaga. Skuldabréfin voru þá til innheimtu í Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Blönduósi. Áfrýjanda var um þetta kunnugt og viðurkennt er af hans hálfu að hann hafi í tæka tíð fengið fullnægjandi tilkynningu frá bankanum um greiðslu afborgana og vaxta af bréfunum.

Hinn 1. maí 1983, er áfrýjandi hafði engin skil gert á bréfunum, ritaði stefndi honum innheimtubréf, þar sem m.a. segir: „Ekkert hefur verið greitt inná bréf þessi og eru þau því öll í eindaga fallin, skv. ákvæðum í þeim sjálfum." Bréf þetta verður eigi skilið á annan veg en þann, að með því gjaldfelli stefndi öll veðskuldabréfin sam-

kvæmt ákvæðum þeirra vegna vanskila áfrýjanda. Af hálfu áfrýjanda er viðurkennt, að honum hafi borist bréf þetta 2. maí 1983, en hann gerði ekki skil. Stefnda var því rétt í samræmi við ákvæði í veðskuldabréfunum að beiðast nauðungaruppboðs á hinu veðsetta skipi, svo sem hann gerði með bréfi til uppboðshaldarans í Hafnarfirði 9. maí 1983 og síðar, eftir að báturinn hafði verið umskráður, með bréfi til uppboðsréttar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 26. júní s.á.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 45.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Halldór Dagsson, greiði stefnda, Steingrími Þormóðssyni, 45.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 4. janúar 1985.

Með bréfi til uppboðshaldarans í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, dagsettu 26. júní 1983, hefur Steingrímur Þormóðsson héraðsdómslögmaður krafist þess að vélbáturinn Rúna SH-35, skipaskráningarnúmer 1252 (áður Dagur HF-1), sem er 29 brúttó-smálestir að stærð, verði seldur á nauðungaruppboði til lúkningar veðskuldum að fjárhæð samtals kr. 709.987,00 með 20% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. apríl 1982 til 1. apríl 1983, en með 5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 851.197,00 frá 1. apríl 1983 til greiðsludags, auk innheimtulauna samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og alls kostnaðar við uppboðið, allt að frádregnum kr. 304.034,10, sem greiddar hafa verið pr. 13. maí 1983.

Uppboðsþoli, Halldór Dagsson, hefur krafist þess að synjað verði um hið umbeðna nauðungaruppboð og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi uppboðsbeiðanda skv. gjaldskrá LMFÍ eða málskostnaðarreikningi.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 14. desember sl.

Uppboðsbeiðni gerðarbeiðanda fylgdu sem uppboðsheimild sjö veð-

skuldabréf sem öll er útgefin af Halldóri Dagssyni, Lyngbraut 3, Garði, Gullbringusýslu, hinn 1. maí 1982 og tryggð eru með 4. veðrétti og uppfærslurétti í m/b Rúnu SH-35 (1252), en skuldari bréfanna, nefndur Halldór Dagsson, uppboðsþoli í máli þessu, er þinglýstur eigandi veðsins samkvæmt veðbókarvottorði, sbr. dskj. nr. 18 og 50. Skuldabréfin eru útgefin til handhafa. Við útgáfu þeirra er nafn og skráningarnúmer bátsins tilgreint m/b Húnavík HU-38 (1252), en fyrri eigendur hans voru Sigursteinn Guðmundsson og Matthías Sigursteinsson, Blönduósi.

Eitt skuldabréfið er að fjárhæð kr. 51.883,00, eitt er að fjárhæð kr. 100.000,00, tvö eru að fjárhæð kr. 79.052,00 hvort og þrjú að fjárhæð kr. 150.000,00 hvert, eða samtals kr. 709.987,00. Skuldabréf þessi voru öll með gjalddaga í fyrsta skipti 1. apríl 1983, en að öðru leyti eru gjalddagar tveir á ári, 1. apríl og 1. september (1. október) ár hvert.

Þar sem tilskilin afborgun, ásamt vöxtum af bréfunum, var ekki greidd á gjalddaga 1. apríl 1983 kveður uppboðsbeiðandi að skuldara bréfanna, Halldóri Dagssyni, hafi verið tilkynnt, að færi greiðsla ekki fram fyrir 15. apríl 1983 yrðu bréfin öll gjaldfelld. En engin greiðsla hafði borist 1. maí 1983, voru bréfin gjaldfelld og sendi uppboðsbeiðandi, Steingrímur Þormóðsson hdl., sem þá hafði fengið bréfin til innheimtu, sérstaka tilkynningu um gjaldfellinguna til uppboðsþola, dags. sama dag, með hraðábyrgðarbréfi. Bréfi þessu var síðan fylgt eftir með uppboðsbeiðni, dags. 9. maí 1983, er beint var til uppboðshaldarans í Hafnarfirði, einnig með hrað-ábyrgðarbréfi, og krafist nauðungaruppboðs á m/b Degi HF-1 (1252). Með bréfi uppboðshaldara dags. 16. maí 1983 var uppboðsþola tilkynnt um kröfu uppboðsbeiðanda og væntanlegt uppboðsmál er tekið skyldi fyrir 16. september 1983. Er síðar kom í ljós að báturinn hafði verið umskráður til Stykkishólms vegna kaupsamnings milli uppboðsþola, Halldórs Dagssonar, og Önnu hf., Stykkishólmi, dags. 9. maí 1983, var áður sendri uppboðsbeiðni til uppboðshaldara í Hafnarfirði beint til þessa embættis, svo sem fyrr greinir.

Þá kemur fram, að hinn 11. maí 1983 greiddi uppboðsþoli kr. 304.034,19 vegna uppboðskröfunnar og var upphæðin lögð inn á ávísanareikning nr. 44320 við Búnaðarbanka Íslands, útibúið á Blönduósi, eigandi Sigursteinn Guðmundsson annar tveggja eigenda bátsins er höfðu selt hann uppboðsþola.

Þar sem uppboðsbeiðandi taldi að með umræddri greiðslu inn á reikninginn í Búnaðarbankanum væri ekki um fulla greiðslu að ræða til að koma bréfunum í skil, ógreiddir væru dráttarvextir og innheimtulaun, auk þess sem greiðslustaður væri ekki réttur, og skuldara hafði verið tilkynnt um gjaldfellingu bréfanna áður en greiðslan var innt af hendi, hélt hann fast við gjaldfellingu skuldabréfanna og krafðist eftir sem áður nauðungarupp-

boðs á veðinu m/b Rúnu SH-35 (1252) sbr. bréf hans til uppboðsréttarins dags. 26. júní 1983 og þingmerkt hefur verið nr. 1 í máli þessu, en áðurnefnd veðskuldabréf nr. 2 - 8.

Með bréfi dagsettu 28. september 1983 sendi því uppboðshaldari uppboðsþola, Halldóri Dagssyni, tilkynningu þess efnis að eftir kröfu Steingríms Þormóðssonar hdl. og samkvæmt heimild í 7 veðskuldabréfum dagsettum 1. maí 1982, verði m/b Rúna SH-35 (1252), þinglýst eign uppboðsþola, seld á opinberu uppboði, sem sett verði á skrifstofu embættisins, Aðalgötu 7, Stykkishólmi, föstudaginn 9. desember 1983 kl. 14:00 og síðan háð á eigninni sjálfri eftir ákvörðun uppboðsréttarins til lúkningar kröfum uppboðsbeiðanda, veðskuldum að fjárhæð kr. 709.987,00 auk vaxta og kostnaðar, en svo sem áður er fram komið hafði uppboðsþoli greitt kr. 304.034,19 upp í þessar kröfur. Frestur vegna birtingar í Lögbirtingablaðinu var veittur til 13. október 1983. Afrit tilkynningar var send Konráði Júlíussyni útgerðarmanni, Silfurgötu 10, Stykkishólmi, framkvæmdastjóra Önnu hf., en honum hafði áður verið send tilkynning um uppboðið dags. 21. júlí 1983, sem síðan þurfti að endurtaka og beina til uppboðsþola, Halldórs Dagssonar, hins þinglýsta eiganda veðsins.

Er málið var þingfest í uppboðsréttinum 9. desember 1983, var lagt fram 21. dómskjal varðandi beiðni uppboðsbeiðanda dags. 26. júní 1983 um nauðungaruppboð á veðinu m/b Rúnu SH-35 (1252) og auk þess endurrit úr uppboðsbók Gullbringusýslu frá 22. júlí 1983, er þingfest hafði verið uppboðsmál vegna kröfu Tryggingastofnunar ríkisins um nauðungaruppboð á veðinu, þar skráð m/b Dagur HF-1, og því síðan frestað, fyrst til 2. september 1983 og síðan til 2. nóvember sama ár er sala veðsins skyldi fara fram. Endurritinu fylgdu skjöl málsins, uppboðsbeiðni 1.2., yfirlit og fylgiskjöl, söluskilmálar og veðbókarvottorð, og voru þessi skjöl send embættinu með bréfi sýslumanns Gullbringusýslu, dagsettu 2. nóvember 1983.

Málin voru sameinuð.

Uppboðsþoli sótti þing við þingfestingu málsins og mótmælti uppboði á eigninni með svofelldri bókun:

„Framgangi nauðungaruppboðsins er mótmælt þar sem þessi 7 skuldabréf eru í skilum samkvæmt bréfanna hljóðan. Gjaldfelling hefur ekki ennþá farið fram að lögum. Málskostnaðarreikningi lögmanns gerðarbeiðanda, kr. 94.000,00, er sérstaklega mótmælt. Uppboðsþoli gerir kröfu um að beiðni um nauðungaruppboð verði hafnað og gerðar eru kröfur um málskostnað. Óskað er eftir fresti til gagnaöflunar og greinargerðar."

Uppboðsbeiðandi hélt fast við kröfu sína um að uppboðið fari fram.

Engar athugasemdir eða mótmæli komu fram gegn uppboðskröfu Tryggingastofnunar ríkisins. Var því ágreiningur uppboðsbeiðandans, Steingríms

Þormóðssonar hdl., og uppboðsþolans, Halldórs Dagssonar, um það hvort nauðungaruppboð á veðinu m/b Rúnu SH-35, til lúkningar veðkröfu vegna gjaldfellingar hinna 7 veðskuldabréfa er að framan greinir og tryggð eru með samhliða 4. veðrétti í bátnum, skuli ná fram að ganga, tekinn til sérstakrar meðferðar í uppboðsréttinum og úrskurðar sem uppboðsréttarmál.

Eftir þingfestingu málsins hafa aðilar lagt fram skriflegar greinargerðir o.fl. gögn. Vegna meðferðar málsins þurfti að senda það til sýslumannsins í Húnavatnssýslu og bæjarfógetans í Keflavík.

Uppboðsmálið var auglýst í 115., 116. og 119. tbl. Lögbirtingablaðsins 1983.

Uppboðsbeiðandi rökstyður kröfu sína um að uppboðið skuli ná fram að ganga fyrst og fremst með því að skuldabréfin, dskj. nr. 2 - 8, sem hann byggir uppboðskröfu sína á, kveði beinlínis sjálf á um heimild til gjaldfellingar, séu greiðslur ekki inntar af hendi á réttum gjalddögum og að öðru leyti farið að í viðskiptum aðila eftir ákvæðum bréfanna sjálfra.

Uppboðsbeiðandi staðhæfir að um lögmæta gjaldfellingu veðskuldabréfanna hafi verið að ræða og mótmælir staðhæfingu uppboðsþola um hið gagnstæða. Hann kveður uppboðsþola hafa verið um það kunnugt hinn 1. apríl 1983 hvar greiða átti af bréfunum og hverjum ætti að greiða af þeim. Hann skýrir svo frá, að í mars 1983 og til 20. apríl s.á. hafi Matthías Sigursteinsson og Sigursteinn Guðmundsson haft hin umkröfðu handhafaveðskuldabréf í Búnaðarbanka Íslands á Blönduósi til innheimtu pr. 1. apríl 1983. Þann dag skyldi greiða af bréfunum kr. 141.997,40 í afborgun og kr. 141.997,40 í vexti, og komi skýrt fram í bréfi umboðsmanns uppboðsþola, Birgis Ásgeirssonar hdl., dags. 11. maí 1983, til uppboðsbeiðanda, að uppboðsþoli hafi á gjalddaga 1. apríl 1983 vitað bæði um handhöfn og greiðslustað bréfanna, sbr. dskj. nr. 25. Uppboðsþola var þá strax tjáð að það kæmi sér mjög illa fyrir kröfuhafa bréfanna að fá ekki greiðslu á gjalddaga, en þeir skyldu hafa biðlund fram að 15. apríl 1983, en ef umkrafin greiðsla hefði ekki borist þá yrðu bréfin sett í innheimtu til lögfræðings og gjaldfelld.

Hinn 24. apríl 1983 var uppboðsbeiðanda í máli þessu fengin handhöfn umkrafðra handhafaskuldabréfa. En honum hafði verið gerð grein fyrir greiðslutregðu uppboðsþola, svo sem uppboðsbeiðandi tekur fram í greinargerð, dskj. nr. 24, voru téð skuldabréf gjaldfelld 1. maí 1983 frá og með 1. apríl 1983. Uppboðsbeiðandi kveður gjaldfellingarbréfið hafa borist uppboðsþola 2. maí 1983. Vísað er til dskj. nr. 15.

Hinn 6. maí 1983 kom uppboðsþoli á skrifstofu uppboðsbeiðanda til viðræðna um að kröfuhafar bréfanna gerðust kaupendur að veðinu m/b Rúnu SH-35 á þeim grundvelli að skuldabréfin, gjaldfelld, yrðu skoðuð sem útborgun af kröfuhafanna hálfu. Var þetta gert með þeim fyrirvara að aðeins

væri um könnunarviðræður að ræða og átti aðeins annar kröfuhafinn, Matthías, aðild að þeim. Á þessum viðræðufundi kveður uppboðsbeiðandi að uppboðsþoli hafi tjáð sig alls ófæran um að greiða hina gjaldfelldu skuld, og hafi honum þá verið tjáð að beðið yrði um uppboð á veðinu og var það gert 9. maí 1983, sbr. dskj. nr. 12, svo sem áður er vikið að.

Varðandi greiðsluna hinn 11. maí 1983, kr. 304.034,19, sem greidd var í reikning Sigursteins Guðmundssonar í Búnaðarbankanum á Blönduósi, tekur uppboðsbeiðandi fram að hann líti svo á að aðeins hafi verið um að ræða greiðslu upp í uppboðskröfu hans, enda hafi umrædd veðskuldabréf þá öll þegar verið gjaldfelld og beðið um uppboð á veðinu. Og enda þótt ætlunin hafi verið að greiða afborgun, vexti og kostnað miðað við gjalddagann 1. apríl 1983, þá hafi þar á skort dráttarvexti kr. 8.360,00, svo og innheimtulaun. Þá er fram komið, að 28. október 1983 hafi Konráð Júlíusson greitt kr. 134.187,06 í afborgun og vexti af skuldabréfunum pr. 1. október 1983 og einnig hafi verið greiddar kr. 8.360,00 sem vangreiddir dráttarvextir vegna gjalddaganna 1. apríl, hvort tveggja í fyrrnefndan bankareikning Sigursteins Guðmundssonar. Einnig þessar greiðslur eru af hálfu uppboðsbeiðanda skoðaðar sem greiðslur upp í uppboðskröfu hans og heldur hann fast við upphaflega gjaldfellingu bréfanna. Hann kvaðst jafnharðan hafa sent umboðsmanni uppboðsþola og uppboðsþola sjálfum athugasemdir við ofangreindum greiðslumáta og bendir á að fyrrnefndir dráttarvextir voru þrátt fyrir það ekki greiddir fyrr en 26. október 1983, og nægi það atriði eitt sér með hliðsjón af téðum athugasemdum til löglegrar gjaldfellingar. Greiðslan pr. 1. október 1983 var einnig innt af hendi á röngum greiðslustað og 28 dögum eftir gjalddaga. Er því mótmælt, að með greiðslu sinni þann 11. maí 1983 hafi uppboðsþoli firrt sig vanskilavítum, enda hafi þá þegar verið búið að biðja um uppboð á veðinu.

Varðandi sendingu sérstakrar greiðsluáskorunar til uppboðsþola bendir uppboðsbeiðandi á að þegar litið sé til þess að skuldara bréfanna hafði verið gefinn frestur til 15. apríl til að greiða, ella hafi honum verið hótað uppsögn skuldarinnar og að bréfin yrðu send til lögfræðings til innheimtu, þá verði ekki séð að þörf hafi verið á að skora sérstaklega bréflega á skuldarann að greiða þar sem og greiðslutregða skuldarans hafi verið orðin það berlega ljós er skuldin var gjaldfelld 1. maí 1983. Í bréfinu 1. maí hafi skuldarinn, uppboðsþoli í máli þessu, verið krafinn um greiðslu hinnar gjaldföllnu skuldar, þ.e. greiðslu höfuðstóls, ársvaxta, dráttarvaxta og innheimtuþóknunar skv. gjaldskrá LMFÍ og sé gjaldfellingin eða eindögun skuldarinnar því skilyrðislaus.

Þá ber uppboðsbeiðandi það einnig fyrir sig að Tryggingastofnun ríkisins hafi einnig beðið um uppboð á veðinu. Varðandi það gjaldfellingarákvæði skuldabréfanna að skuldin sé í gjalddaga fallin ef aðrir skuldheimtumenn

veðþola gangi að veðinu vísar uppboðsbeiðandi til 21. gr.laga nr. 57/1949, sbr 3. gr. laga nr. 18/1887 og 39. gr. laga nr. 95/1947 (nú lög nr. 68/1984).

Uppboðsþoli byggir kröfu sína um synjun þess að uppboðið nái fram að ganga fyrst og fremst á því að gjaldfelling veðskuldabréfanna, dskj.nr. 2-8, hafi ekki verið gerð með lögmætum hætti af hálfu uppboðsbeiðanda og þannig að hægt sé að láta gjaldfellingarákvæði bréfanna koma til framkvæmda. Hann kveður hafa skort á réttar tilkynningar af hálfu uppboðsbeiðanda í þessu sambandi, en síðan hafi bréfunum verið komið í full skil samkvæmt ákvæðum þeirra hinn 11. maí 1983 með greiðslu í reikning nr. 44320 í Búnaðarbanka Íslands á Blönduósi og því sé ekki fyrir hendi lögfræðileg heimild til sölu veðsins á nauðungaruppboði.

Uppboðsþoli kveður málsatvik vera þau að í byrjun febrúar 1982 gerði uppboðsþoli tilboð í v/b Húnavík HU-38, 29 brúttólesta bát hjá Fasteignamiðstöðinni í Reykjavík, en eigandi bátsins var Húnavík sf., Hlíðarbraut 5, Blönduósi, þ.e. þeir feðgar Sigursteinn Guðmundsson og Matthías Sigursteinsson. Kaupsamningur og afsal voru undirrituð 2. apríl 1982 og voru þá útbúin og undirrituð þau 7 handhafaskuldabréf sem eru til umfjöllunar í réttinum, dskj. nr. 2-8. Bréfin voru afhent Húnavík sf. Leiðrétt er að síðari gjalddaginn samkvæmt bréfunum eigi að vera 1. október, sbr. kaupsamning, en ekki 1. september, svo sem misritast hafði.

Í sambandi við bátakaupin og viðskipti aðila bar uppboðsþoli fyrir sig að við afhendingu bátsins hafi hann ekki verið í umsömdu ástandi og hafi það tafið útgerðarrekstur uppboðsþola, þá hafi vertíð brugðist og því ekki verið hægt að greiða á gjalddaga 1. apríl 1983.

Fór uppboðsþoli því fram á gjaldfrest. Skýrði hann öðrum eiganda skuldabréfanna, Matthíasi Sigursteinssyni, svo frá að hann væri með skip sitt v/b Vörðufell í sölu hjá Aðalskipasölunni í Reykjavík og jafnframt væri hann að leita tilboða í m/b Dag HF-1. Taldi hann sölulíkur góðar á þessum árstíma og ætti þá að vera hægt að gera skil fljótlega. Jafnframt tjáði hann Matthíasi að ef hann fengi meðeiganda að m/b Degi og seldi Vörðufellið, þá gæti hann komið skuldabréfunum í full skil. Hafi þá komið til tals milli uppboðsþola og Matthíasar, að sá síðarnefndi gerðist meðeigandi að m/b Degi. Heldur uppboðsþoli því fram að Matthías hafi talið það koma til greina og í því sambandi farið fram á að fá forkaupsrétt að bátnum. Kveðst uppboðsþoli ekki hafa talið það óeðlilegt miðað við aðstæður. Síðan hafi þeir rætt þetta nokkuð í sambandi við uppgjör skuldabréfanna og viðskipti sín, en ekkert orðið úr samningum. Uppboðsþoli seldi Vörðufellið 28. apríl 1983 og m/b Dag HF-1 hinn 9. maí 1983 samkvæmt kaupsamningi til Önnu hf. Stykkishólmi. Uppboðsþoli kveðst hafa álitið að um ótímabundinn frest hafi verið að ræða, enda hafi hann og nefndur Matthías staðið í samningaviðræðum.

Uppboðsbeiðandi hefur við munnlegan flutning málsins mótmælt því að þessi atriði og framangreind málsatvik varðandi bátakaupin og viðskipti aðila geti haft nokkur áhrif á rétt handhafa veðskuldabréfanna til að gera reka að innheimtu þeirra samkvæmt ákvæðum bréfanna.

Varðandi aðferð við gjaldfellingu skuldabréfanna bendir uppboðsþoli á að hefði átt að gjaldfella bréfin var nauðsynlegt að senda skuldara tilkynningu þar um með sannanlegum hætti og gefa honum tiltekinn lokafrest, annars yrði um gjaldfellingu að ræða. Hann kveður gjaldfellingu vera það alvarlega ákvörðun og afdrifaríka fyrir skuldara að það verði að gefa honum síðasta möguleika á greiðslu og láta hann vita að standi til að gjaldfella bréfin ella ekki síst þar sem aðilar hafa átt viðskipti saman og viðkomandi skuldabréf eru hluti af þessum viðskiptum samkvæmt kaupsamningi fyrir liðlega ári. Því hefði uppboðsbeiðandi átt að senda slíka tilkynningu eftir að hann fékk handhöfn bréfanna 24. apríl 1983, sbr. greinargerð hans, dskj. nr. 24. Þar sé einnig viðurkennt að eigendur skuldabréfanna hafi veitt frest og því sé spurning hvort þeir hafi ákvarðað annan gjalddaga með einum eða öðrum hætti, munnlega eða skriflega. Einnig sé spurning hvort líta megi á bréf uppboðsbeiðanda dags. 1. maí 1983 um ákvörðun um nýjan gjalddaga og þá hvort hann hefði átt að vera 1. maí eða hvort líta beri svo á, að þegar slitnaði upp úr samningaviðræðum aðila 6. maí hafi þar með verið brostnar forsendur fyrir frekari fresti og nýr gjalddagi þá 6. maí. Uppboðsþoli kveðst ekki telja mögulegt að líta svo á að bréfið dags. 1. maí ákvarði nýjan gjalddaga, til þess sé það of ómarkvisst. Það sé ekki heldur gjaldfellingarbréf þar sem í því felist tilboð um samninga, en óljóst að vísu. Því beri að telja bréfið marklaust. Uppboðsþoli kveðst telja vafasamt að nýr gjalddagi hafi myndast 6. maí 1983 því þá hefðu eigendur bréfanna orðið að tjá sig um það. Leggur uppboðsþoli áherslu á að hann hafi verið í stöðugu sambandi við eigendur bréfanna frá gjalddaga 1. apríl til 11. maí og þeir hafi því getað ákvarðað nýjan gjalddaga hvenær sem var. Og þó svo að talið yrði að nýir gjalddagar hefðu stofnast 1. maí eða 6. maí, þá hefði vart verið hægt að gjaldfella bréfin fyrir það fyrr en eftir 14 daga sbr. aðfararlög nr. 18/1887, en þá hafi bréfin verið komin í skil.

Að beiðni uppboðsþola komu þeir Sigursteinn Guðmundsson og Matthías Sigursteinsson fyrir uppboðsrétt Húnavatnssýslu 7. maí 1984 og gáfu þar skýrslu varðandi framangreint atriði og staðfestu fyrir dómi svohljóðandi, sbr. dskj. nr. 38 og 39.

„1) Ég undirritaður, Sigursteinn Guðmundsson, læknir, Blönduósi, gef hér með neðangreinda skýrslu varðandi sjö veðskuldabréf að nafnverði kr. 709.987,00, útgefin 1. maí 1982 af Halldóri Dagssyni: Fyrsti gjalddagi skuldarinnar skv. téðum bréfum var 1. apríl 1983 og var aldrei samið um

neinn annan gjalddaga af minni hálfu eða veitt umboð til slíks. Þá vil ég mótmæla sem röngum öllum fullyrðingum Halldórs Dagssonar um fresti á gjalddaga frá 1. apríl 1983 ótímabundið í sambandi við veittan forkaupsrétt að Degi HF-1 sem aldrei var veittur af minni hálfu. Þá vil ég ítreka að frá 9.5. 1983 hefur Steingrímur Þormóðsson hdl. verið handhafi téðra handhafaskuldabréfa."

2) Í skýrslu sinni segir Matthías Sigursteinsson, útgerðarm. Blönduósi. „....Fyrsti gjalddagi skuldarinnar skv. téðum bréfum var 1. apríl 1983 og var aldrei samið um neinn annan gjalddaga af minni hálfu. Skuldara bréfanna var gert ljóst í byrjun apríl 1983 að það kæmi sér illa fyrir mig að fá ekki greiðslu á gjalddaga og að allt yrði gert til að innheimta skuldina. Allar fullyrðingar Halldórs Dagssonar um að ég hafi falast eftir kaupum á m/b Degi eru rangar. Hann mun hins vegar hafa boðið mér bátinn til kaups og sagðist ég skyldi hugleiða það, en tók það skýrt fram að það væri óviðkomandi téðum skuldabréfum sem ég enda var ekki eigandi að nema að hluta. Ég vil ítreka að mér hefur aldrei verið veittur nokkur forkaupsréttur að Degi HF-1 og falaðist aldrei eftir honum. Þá vil ég taka fram að frá 9. 5. 1983 hefur Steingrímur Þormóðsson hdl. verið handhafi téðra skuldabréfa.

Uppboðsþoli kveðst hafa greitt af bréfunum 11. maí 1983 í Búnaðarbanka Íslands, Blönduósi, þar sem þau hafi verið til innheimtu þar, hann hafi fengið tilkynningu frá bankanum og þangað hafði hann greitt áður vegna viðskipta í sambandi við bátakaupin og þá í sama reikning í bankanum. Hann viðurkennir ekki greiðslustað hjá uppboðsbeiðanda, þar sem hann hafi ekki fengið frá honum venjulegt innheimtubréf, svo sem frá bankanum, heldur bréf dags. 1. maí 1983 um gjaldfellingu skuldabréfanna, sem uppboðsþoli viðurkenndi ekki. Hafi greiðslan verið send í reikninginn í Búnaðarbankanum til að tryggja það að eigendur skuldabréfanna, þ.e. þeir feðgar Sigursteinn og Matthías, fengju sitt, en uppboðsþoli vildi ekki viðurkenna kröfu uppboðsbeiðanda um innheimtulaun með vísun til gjaldskrár LMFÍ. Hann kveður vera ágalla á bréfi uppboðsbeiðanda dags. 1. maí 1983. "...Þar sem í þessu bréfi eru sambland af tilraun til gjaldfellingar, tilraun til samningsþvingunar og tilraun til innheimtu á alltof hárri þóknun til lögmanns langt umfram leyfilegt samkv. gjaldskrá LMFÍ og er því mótmælt að bréf þetta hafi nokkurt lagalegt gildi til tjóns fyrir umbj.m.", svo sem segir orðrétt í greinargerð lögmanns uppboðsþola, dskj. nr. 27, bls. 8.

Uppboðsþoli kveðst hafa farið í banka og látið reikna út greiðsluna 1. apríl 1983 og miðaðist útreikningur við dagvexti í 15 daga eftir gjalddaga. Hann mótmælir því að umrædd vangreiðsla á vöxtum kr. 8.360,00 nægi ein sér til gjaldfellingar bréfanna.

Þá kveður uppboðsþoli vera ágalla á uppboðsbeiðninni dags. 9. maí 1983, þar sem þar hafi þess ekki verið getið að báturinn hafði verið seldur Önnu hf. Stykkishólmi og ekki sé þess getið í uppboðsbeiðninni hverjir séu eigendur veðskuldabréfanna. Vísað er til 6. gr. uppboðslaga nr. 57/1949.

Uppboðsþoli kom fyrir dóm 14. desember 1984 og staðfesti aðiljaskýrslur, dskj. nr. 15 og 28. Hann gerði jafnframt þá leiðréttingu á ummælum í greinargerð dskj. nr. 27 að þeir Sigursteinn og Matthías hafi ekki fengið að sjá kauptilboð um m/b Rúnu SH-35 hinn 6. maí 1983, heldur hafi aðeins verið greint frá heildarverði eða tilboði sem þá hafði komið í bátinn.

Uppboðsbeiðandi mótmælti þessum aðiljaskýrslum sem röngum.

Niðurstaða.

Veðskuldabréf þau, sem eru uppboðsheimild í máli þessu, eru 7 handhafaskuldabréf, útgefin hinn 1. maí 1982 af uppboðsþola, Halldóri Dagssyni til handhafa. Bréfin eru samtals að nafnverði kr. 709.987,00 og tryggð með 4. veðrétti og uppfærslurétti í m/b Rúnu SH-35 (áður Húnaröst HU-38 og Dagur HF-1). Þeim var þinglýst 1. júní 1982 án athugasemda, auðkennd Litra nr. 533-539/1982.

Samkvæmt samhljóða ákvæðum í skuldabréfunum hefur útgefandi skuldbundið sig til að endurgreiða handhafa þeirra skuldina með 9 afborgunum á 6 mánaða fresti. Gjalddagar skulu vera 1. apríl og 1. október ár hvert í fyrst skipti 1. apríl 1983. Verði ekki staðið í skilum með greiðslur vaxta eða afborgana á réttum gjalddögum, skal greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti af vanskilaskuldinni. Jafnframt er þá heimilt að fella alla skuldina í eindaga fyrirvaralaust og án uppsagnar.

Síðan segir að þegar skuldin sé í eindaga fallin samkvæmt framangreindu, geti veðhafi látið selja hið veðsetta skip á opinberu nauðungaruppboði, án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 3. gr. veðlaga frá 4. nóv. 1887.

Það er viðtekin venja þegar veðhafi krefst sölu veðsettrar eignar á nauðungaruppboði vegna vanskila á greiðslu afborgana eða vaxta af veðskuldabréfi með uppboðsheimild sem þessa að þá krefst hann sölu veðsins til lúkningar á öllum eftirstöðvum höfuðstólsins auk vaxta og kostnaðar. Hefur hann þá venjulega áður sent skuldara tilkynningu þar að lútandi. Frávik frá þessum rétti veðhafa varðandi kröfu um greiðslu skuldar samkvæmt slíkum handhafabréfum, og þar með samsvarandi hlutdeild í uppboðsandvirði veðsins við úthlutun þess, komi til uppboðssölu, þarf veðhafi venjulega ekki að sætta sig við, nema til komi sérstakir samningar þar um milli aðila.

Gegn mótmælum þáverandi eigenda veðskuldabréfanna, þeirra Sigursteins Guðmundssonar og Matthíasar Sigursteinssonar, og samkvæmt

framburði þeirra fyrir uppboðsrétti Húnavatanssýslu 7. maí 1984, sbr. dskj. nr. 38 - 39, verður að telja ósannað að samið hafi verið um annan gjalddaga en 1. apríl 1983, svo sem kveðið er á um í bréfunum sjálfum. Sama gildir um greiðslufrest, nema þá til 15. apríl s.á. eftir umtali aðila, þegar uppboðsþoli tjáði sig ekki geta greitt á gjalddaganum 1. apríl. Viðræður aðila, sem að framan greinir, á meðan á greiðsludrætti af hálfu uppboðsþola stóð, geta engu breytt í þessum efnum uppboðsþola í vil.

Fallast ber á það sjónarmið uppboðsbeiðanda að viðskipti þau, sem liggja að baki útgáfu umræddra handhafabréfa eða voru ástæða til útgáfu þeirra í viðskiptum aðila, svo sem bátakaupin sjálf eða útgerð bátsins og léleg aflabrögð eftir útgáfu bréfanna eða aðrar aðstæður uppboðsþola, geti ekki að lögum haft áhrif á eða breytt réttarstöðu veðhafa samkvæmt ákvæðum handhafa bréfanna. Ósannað er að um nokkur frávik af þessum sökum hafi verið samið svo að bindandi geti talist.

Þegar 1. afborgun féll í gjalddaga 1. apríl 1983 voru skuldabréfin vistuð til innheimtu í Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Blönduósi. Viðurkennt er af uppboðsþola að hann hafi fengið í tæka tíð fullnægjandi tilkynningu frá bankanum um greiðslu afborgana og vaxta af bréfunum með tilliti til þessa fyrsta gjalddaga þeirra. Þegar ekkert hafði verið greitt af bréfunum 1. maí 1983 samkvæmt tilkynningu Búnaðarbankans, hafði uppboðsbeiðanda, Steingrími Þormóðssyni hdl., verið falin innheimta þeirra. Enda þótt finna megi vissa ágalla, miðað við stöðu mála, á bréfi uppboðsbeiðanda til uppboðsþola, dags. 1. maí 1983, dskj. nr. 9, verður að telja að í því felist nægileg tilkynning til uppboðsþola um staðfestingu á gjaldfellingu umræddra handhafabréfa vegna vanskila, jafnframt því að greiðslustaður þeirra hafi færst frá Búnaðarbanka Íslands til lögmannsskrifstofu uppboðsbeiðanda. Bar því að greiða skuldina þar. Í bréfi uppboðsbeiðanda er skuldin sérstaklega sundurliðuð og sögð vera með vöxtum og kostnaði samtals kr. 1.021.145,00. Því hefur ekki verið mótmælt að uppboðsþoli móttók tilkynningu þessa 2. maí 1983, enda mætti hann á lögmannsstofu uppboðsbeiðanda skömmu síðar eða 6. maí til viðræðna um möguleika á uppgjöri eða aðra lausn málsins, sem þó bar ekki árangur, og uppboðsbeiðandi lagði fram uppboðsbeiðni með kröfu um sölu veðsins til lúkningar allri fjárhæðinni, dags. 9. maí 1983. Þykir sannað að þá hafi uppboðsbeiðandi verið orðinn handhafi bréfanna. Er því vafalaust að honum var heimilt að reka uppboðsmálið sem gerðarbeiðandi í eigin nafni.

Uppboðsbeiðandi beindi uppboðsbeiðni sinni réttilega að uppboðsþola Halldóri Dagssyni, sem þá var þinglýstur eigandi veðsins og er svo enn þrátt fyrir flutning þess og skrásetningu í Stykkishólmi hinn 11. maí 1983. Öðru varðandi eignarréttindi yfir veðinu hefur ekki verið þinglýst. Hlaut því málið nafnið: Steingrímur Þormóðsson hdl. gegn Halldóri Dagssyni. For-

ráðamanni nýs eignaraðila skv. kaupsamningi Önnu hf., Stykkishólmi, hefur verið kunnugt um málið allt frá því það kom fyrir uppboðsrétt þessa umdæmis, en kaupsamningur þessi er dagsettur sama dag og uppboðsbeiðnin. Með tilliti til þessa verður ekki séð að athugasemdir uppboðsþola við uppboðsbeiðnina geti skipt máli, sbr. 6. gr. laga 57/1949.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, hefur greiðslum af umræddum handhafabréfum, allt frá því þau voru gjaldfelld með bréfi dags. 1. maí 1983 og uppboðsbeiðni var lögð fram 9. maí s.á., aldrei verið þannig háttað að þau teldust vera í fullum skilum á réttum gjalddaga þeirra, enda þótt ætlunin hafi e.t.v. verið að miða við það með greiðslunum.

Þegar 1. greiðslan, kr. 304.034,19, fór fram 11. maí 1983, sem var 40 dögum eftir gjalddaga, var hún send til Búnaðarbankans á Blönduósi þrátt fyrir vitneskju uppboðsþola 9 - 10 dögum áður um gjaldfellingu bréfanna, breytta handhöfn þeirra og nýjan greiðslustað, þ.e. hjá uppboðsbeiðanda, sbr. fyrrnefnt bréf hans dags. 1. maí 1983. Kom þá í ljós að ógreiddir voru dráttarvextir kr. 8.360,00 og innheimtulaun sem aðilar voru ekki ásáttir um. Með greiðslu uppboðsþola á vöxtum þessum 28. október 1983 eða nær 7 mánuðum eftir gjalddaga er réttmæti þeirra viðurkennt.

Greiðsla afborgana og vaxta af bréfunum pr. 1. október 1983 kr. 134.197,06 fór fram 28. sama mánaðar. Greiddi Konráð Júlíusson þá fjárhæð sem var einnig send Búnaðarbankanum. Við munnlegan flutning málsins 14. desember sl. var viðurkennt af báðum aðilum málsins að afborganir og vextir, sem greiða átti á árinu 1984, voru að verulegu leyti í vanskilum. Tilgreindar ástæður uppboðsþola fyrir því að beina greiðslum í fyrrnefndan reikning í Búnaðarbankanum á Blönduósi í stað þess að greiða uppboðsbeiðanda þykja ekki hafa við rök að styðjast með vísun til þess sem að framan hefur verið rakið.

Loks liggur fyrir í málinu að 22. júlí 1983 var uppboðsmál þingfest í uppboðsrétti Gullbringusýslu vegna uppboðs á veðinu að kröfu Tryggingastofnunar ríkisins er síðan skyldi fara fram á eigninni sjálfri 2. nóvember 1983, en var þá frestað og málið sent þessu embætti til áframhaldandi meðferðar. Var það sameinað þessu uppboðsmáli og hefur verið í fresti síðan. Uppboðsbeiðni Tryggingastofnunar ríkisins hefur ekki verið afturkölluð.

Þegar litið er á framangreind atvik og allt það virt sem nú hefur verið rakið verður að telja að uppboðsþoli hafi gerst sekur um vanefndir sem uppboðsbeiðandi og handhafi veðskuldabréfanna þurfi ekki að sætta sig við, og réttlæti eindögun allrar skuldarinnar og sölu veðsins á uppboði samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887 og 39. gr. laga nr. 68/1984. Til sömu niðurstöðu leiðir einnig framangreint eldra uppboðsmál, sem áður hafði verið ákveðið að færi fram, sbr. 21. gr. laga nr. 57/1949. Verður því hið umbeðna uppboð látið ná fram að ganga sam-

kvæmt kröfum uppboðsbeiðanda og fer uppboðið fram á hans ábyrgð.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í þessu uppboðsréttarmáli verði látinn falla niður.

Jóhannes Árnason sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðið uppboð skal ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 21. október 1986.

Nr. 114/1985. **Framleiðsluráð landbúnaðarins**
(Þórólfur Kristján Beck hrl.)
gegn
Aðalsteini Árnasyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Skattar. Lögtak. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Ásgeir Magnússon, aðalfulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 11. gr. laga nr. 29/1985, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 9. maí 1985. Hann gerir þær dómkröfur að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur að því marki, sem lögtaki var synjað, og að heimilað verði að lögtak nái fram að ganga fyrir 34.645,00 krónum með mánaðarlegum dráttarvöxtum svo sem hér segir: 5% frá 1. apríl 1983 til 21. október s.á, 4,75% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 4% frá þeim degi til 21. desember s.á., 3,25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til

1. september s.á., 2,75% frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars. s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á. og 2,25% frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst hann lögtaks fyrir kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Það kemur fram af greinargerð með frumvarpi til laga nr. 34/1948 um breytingu á lögum nr. 38/1945, sbr. lög nr. 27/1946, um stofnun búnaðarmálasjóðs og einnig af umræðum um frumvarpið á Alþingi, að tilgangur höfunda þess hefur verið að breyta ákvæði því sem í gildi var um ráðstöfun fjár þess sem í búnaðarmálasjóð rann. Við lokafrágang frumvarpsins hefur ákvæðið um skattprósentuna sjálfa fallið niður. Geta lögin í þeirri mynd ekki verið grundvöllur heimtu gjalds þess í búnaðarmálasjóð sem krafist er lögtaks fyrir í máli þessu.

Hinn 11. nóvember 1982 gaf landbúnaðarráðherra, samkvæmt heimild í lögum nr. 40, 7. maí 1982, út reglugerð nr. 631/1982. Í þeirri reglugerð er ákvæði til bráðabirgða er m.a. mælir svo fyrir: „Ekki skal innheimta af afurðum eða seldri þjónustu sem í fyrsta sinn varð gjaldskyld skv. lögum nr. 40/1982 fyrr en frá og með 1. júní 1982.“ Útreikningur á áætluðum gjöldum áfrýjanda vegna eggjaframleiðslu miðað við þetta tímamark hefur ekki verið lagður fram í málinu.

Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar að öðru leyti ber að staðfesta niðurstöðu hans.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Framleiðsluráð landbúnaðarins, greiði stefnda, Aðalsteini Árnasyni, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar og Halldórs Þorbjörnssonar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, þar á meðal sundurliðun á fjárhæð lögtakskröfunnar, sem er á þessa leið:

Bjargráðasjóðsgjald 1982, áætlað	kr.	24.455,29
Áætlun búnaðarmálasjóðsgjalds, tímabilin:		
janúar-apríl 1982	—	3.588,75
maí-ágúst 1982		3.265,43
september-desember 1982	—	3.335,53
Samtals	kr.	34.645,00

Áætlun gjaldanna var gerð af áfrýjanda. Gjöldin virðast lögð á andvirði eggja. Af gögnum málsins verður ekki séð að álagningin hafi verið kærð, sbr. 5. og 7. gr. reglugerðar nr. 166/1980 og 4. og 6. gr. rglg. nr. 631/1982 eða hún sætt andmælum að öðru en því er varðar skyldu stefnda til greiðslu búnaðarmálasjóðsgjaldsins og lögtaksrétt fyrir gjaldi til Bjargráðasjóðs. Svo sem mál þetta er lagt fyrir dómstóla verður við það að miða að stefndi hafi ekki selt framleiðslu sína þeim verslunum eða sölumiðstöðum er milligöngu skulu hafa um innheimtu gjaldanna samkvæmt ofangreindum reglugerðum.

Bjargráðasjóðsgjald.

Hér greinir málsaðila aðeins á um það hvort fyrir hendi sé lagaheimild til að taka gjald þetta lögtaki. Með vísun til 1. tl. 1. gr. lögtakslaga nr. 29/1885 þykir bera að heimila framgang lögtaks fyrir gjaldinu, 24.445,29 krónum.

Búnaðarmálasjóðsgjald janúar-apríl 1982.

Gjalds þessa er krafist á grundvelli laga nr. 38/1945 um stofnun búnaðarmálasjóðs, sbr. lög nr. 34/1948 og rglg. nr. 166/1980. Lögin geymdu ekki sjálfstæða heimild til gjaldtöku í því tilviki er um ræðir. Hinsvegar var í e-lið 2. gr. laganna heimild til að gjaldskylda söluandvirði eggja með ákvæði í reglugerð. Var svo gert í f-lið 1. gr. rglg. nr. 166/1980. Í 2. gr. hennar var sagt að gjaldið skyldi nema 0,5 af hundraði. Þetta ákvæði hafði ekki næga stoð

í lögum nr. 38/1945 eftir breytingu þá er á þeim var gerð með lögum nr. 34/1948. Ber því að synja um framgang þess hluta lögtakskröfunnar sem á því er byggður eða 3.588,75 krónur.

Búnaðarmálasjóðsgjald maí-desember 1982.

Gjaldskyldan er hér byggð á 2. gr. laga nr. 40/1982 um búnaðarmálasjóð og 1. gr. rglg. nr. 631/1982.

Stefndi telur gjaldtökuna fara í bága við 73. og 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði. Í 1. gr. laga nr. 40/1982 um búnaðarmálasjóð segir: „Tekjur sjóðsins skulu ár hvert skiptast að jöfnu milli búnaðarsambandanna annars vegar og Stéttarsambands bænda hins vegar, er hvort fyrir sig ráðstafar sínum hluta til nauðsynjamála bændastéttarinnar vegna verkefna þeirra, er þau hafa með höndum." Þegar tilgangur gjaldtökunnar er virtur þykir hún ekki verða talin ógild vegna framangreindra ákvæða stjórnarskrárinnar.

Eins og að ofan greinir nam álagt gjald fyrir mánuðina maí-ágúst 3.265,43 krónum. Vegna ákvæðis til bráðabirgða í rglg. nr. 631/1982 þykir eiga að miða upphaf gjaldtökunnar við 1. júní og heimila samkvæmt því framgang lögtaksgerðarinnar fyrir ¾ hlutum gjaldsins eða 2.449,07 krónum auk gjaldsins fyrir september-desember 3.335,53 krónur eða samtals 5.784,60 krónur.

Samkvæmt framanrituðu teljum við að hin umbeðna lögtaksgerð eigi fram að ganga til tryggingar 30.239,89 (24.455,29 + 5.784,60) krónum með dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands frá 1. mars 1983 og til greiðsludags.

Eftir atvikum telst rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 15. október 1984.

Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi krafist þess að lögtak verði gert í eignum gerðarþola til tryggingar: 1) búnaðarmálasjóðsgjaldi vegna framleiðslu ársins 1982, kr. 34.645,00, og 2) framleiðendagjaldi vegna framleiðsluársins 1982, kr. 20.379,00, ásamt 5% dráttarvöxtum af ofangreindum fjárhæðum frá 1/4 1983 til 21/10 1983, 4,75% dráttarvöxtum frá þeim tíma til 21/11 1983, en 4% dráttarvöxtum frá þeim tíma til 21/12 1983, en 3,25% dráttarvöxtum frá þeim tíma til 21/1 1984, en 2,5% dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags. Jafnframt krefst gerðarbeiðandi lögtaks til tryggingar

kostnaði við gerðina sjálfa og eftirfarandi uppboð ef til kemur. Málkostnaðar er og krafist úr hendi gerðarþola samkvæmt framlögðum reikningi.

Gerðarþoli hefur krafist þess að synjað verði um hið umbeðna lögtak og gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað í málinu að skaðlausu.

Gjöld þau, sem gerðarbeiðandi hefur krafist lögtaks fyrir, byggjast á áætlun hans á framleiðslu gerðarþola fyrir árið 1982, þar sem gerðarþoli mun ekki hafa skilað inn tilskildum skýrslum yfir framleiðslu sína fyrir það ár. Kveðst gerðarbeiðandi byggja áætlun sína og lögtaksbeiðni vegna kröfuliðs 1) á lögum um búnaðarmálasjóð nr. 38/1945 með síðari breytingum og nr. 40/1982, sbr. reglugerðir nr. 166/1980 og nr. 631/1982, og jafnframt lögum um Bjargráðasjóð Íslands nr. 51/1972 með síðari breytingum. Vegna kröfuliðs 2) kveðst gerðarbeiðandi byggja áætlun sína og lögtaksbeiðni á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins nr. 45/1971 og nr. 41/1982, sbr. fyrrgreind lög og reglugerðir um búnaðarmálasjóð.

Lögtaksúrskurður vegna ofangreindra gjalda var uppkveðinn og birtur gerðarþola þann 4/4 1984. Sagðist gerðarþoli þá íhuga að mótmæla framkominni lögtaksbeiðni og taka til varna í málinu. Samkvæmt ósk beggja aðila var síðan frestað að taka mál þetta fyrir til föstudagsins 21.09. sl. Var mál þetta þá þingfest og flutt í beinu framhaldi og síðan tekið til úrskurðar.

Gerðarþoli rökstyður mótmæli sín í fyrsta lagi þannig, að 0,6% gjald það, sem innheimt sé samhliða búnaðarmálasjóðsgjaldi og renna eigi til Bjargráðasjóðs skv. 3. mgr. 7. gr., sbr. b-lið 5. gr. laga nr. 51/1972, hafi enga lögtaksheimild. Sé alls enga beina lögtaksheimild að finna í fyrrgreindum lögum um Bjargráðasjóð. Hinsvegar sé í þeim tilvísun til 2. gr. l. nr. 38/1945 um stofnun búnaðarmálasjóðs varðandi innheimtu gjaldsins til Bjargráðasjóðs, en það geti á engan hátt leitt til þess að hægt sé að beita lögtaksheimildinni í 4. gr. l. nr. 38/1945 vegna gjalds þessa. Verði að telja algjörlega óheimilt að álykta á milli þessara laga um lögtaksréttinn og skipti í því sambandi engu þó fara eigi með innheimtu gjaldsins í samræmi við l. nr. 38/1945. Lögtakið varði ekkert innheimtuna sem slíka. Til þess að lögtaksréttur fylgi kröfu þurfi alveg ótvíræða lagaheimild og um það sé ekki að ræða varðandi gjald þetta.

Í annan stað er því haldið fram af hálfu gerðarþola að lög nr. 38/1945 séu ekki viðhlítandi heimild fyrir galdtöku þar sem ekkert sé ákveðið í þeim um fjárhæð gjaldsins. Slík lagasetning fái ekki staðist vegna ákv. 40. gr. sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Í 40. gr. stjórnarskrárinnar sé kveðið á um að enga skatta megi á leggja né breyta né taka nema með lögum og í 77. gr. segi að skattamálum skuli skipað með lögum. Í þessum ákvæðum felist því skýr fyrirmæli um það að skattlagningarvaldið sé í höndum löggjafans.

Í löggjöf finnist þó viss dæmi um það að löggjafinn hafi framselt vald sitt í einhverjum mæli varðandi álagninu skatta. Hafi álitaefni um það hvenær slíkt framsal standist og hvenær ekki verið borið nokkrum sinnum undir dómstóla, og hafi þau þá yfirleitt snúist um að draga því mörk hversu langt löggjafinn megi ganga í þessu efni. Megi ljóslega ráða af fyrrgreindum ákvæðum stjórnarskráinnar hvaða lágmarksskilyrði sett lög þurfi að uppfylla til að geta verið viðhlítandi skattaheimild. Sé ljóst að lög nr. 38/1945 uppfylli engan veginn þau skilyrði því í lögum þessum séu á engan hátt takmarkað hversu hátt búnaðarmálasjóðsgjaldið skuli vera. Í 1. gr. l. nr. 38/1945 hafi að vísu upphaflega verið skýrt ákvæði um að gjald þetta skyldi vera 0,5% af því, sem framleiðendur fengju fyrir tilteknar vörur, en þegar ákv. 1. gr. laganna hafi síðan verið breytt með l. nr. 34/1948, þá hafi ákvæði þetta verið fellt úr lögunum og þá hafi framkvæmdavaldshöfum verið algjörlega í sjálfsvald sett hversu hátt gjald þetta skyldi vera. Slíkt framsal skattlagningarréttarins sé andstætt stjórnarskránni og geti lögin nr. 38/1945 því ekki talist fullnægjandi grundvöllur skattlagningar þeirrar sem hér um ræðir. Skipti í þessu sambandi engu máli hvort framkvæmdavaldið, þ.e. Stofnlánadeild landbúnaðarins, hafi í raun aldrei farið yfir 0,5% markið í gjaldtöku sinni. Lögin uppfylli ekki þau lágmarksskilyrði sem setja verði um form slíkra skattheimilda og séu því marklaus að þessu leyti.

Ennfremur er því haldið fram af hálfu gerðarþola að með skattlagningarákvæðum 1. gr. l. nr. 40/1982 og 1. gr. l. nr. 38/1945 sé verið að skylda gerðarþola til þátttöku í hagsmunafélagsskap bændastéttarinnar þvert gegn vilja sínum og pólitískri sannfæringu. Félgsskapur sá sem gjald þetta eigi að renna til, Stéttarsamband bænda og búnaðarsamböndin í landinu, séu eins konar stéttarfélög sem starfi í reynd að þröngum sérhagsmunum bænda eins og reyndar sé títt um slík hagsmunafélög. Mótmæli gerðarþoli slíku ofríki á þeim grundvelli að í 73. gr. stjórnarskrárinnar felist að ekki sé hægt með lögum að skylda menn til þátttöku í félögum með þeim hætti sem gert sé með lögum þessum, allra síst pólitískum baráttufélögum eins og hér um ræði.

Að lokum er af hálfu gerðarþola véfengd heimild löggjafans til að beita skattlagningarvaldi sínu á þann hátt sem hér sé gert. Lagður sé skattur á gerðarþola, sem síðan sé fenginn hagsmunasamtökum til ráðstöfunar án þess að ríkissjóður komi þar nokkuð nærri, og komi skatturinn eða ráðstöfun hans ekki inn á fjárlög, sbr. 41. gr. stjórnarskrárinnar. Hér eigi sér því stað með valdboði beinn tilflutningur peninga (eigna) frá einum einkaaðila til annars, án nokkurra bóta. Standist þetta ekki m.a. vegna ákv. 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Gerðarþoli byggir mótmæli sín gegn framleiðslugjaldinu á því að lögin um Stofnlánadeild landbúnaðarins o.fl., nr. 45/1971, hafi ekki að geyma

viðhlítandi lögtaksheimild fyrir gjaldinu. Í lokaákvæði 2. tl. 1. mgr. 4. gr. l. nr. 45/1971 sé aðeins kveðið á um það að gjald þetta skuli ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald. Sé orðalag ákvæðisins allt of óljóst til að hægt sé að líta svo á að þetta veiti framleiðendagjaldinu löglegan lögtaksrétt.

Lögmaður gerðarbeiðanda mótmælir þeirri málsástæðu gerðarþola að 1. gr. l. nr. 38/1945 brjóti í bága við 40. gr. sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Þegar lögin nr. 38/1945 hafi verið sett í öndverðu hafi verið skýrt kveðið á um að fjárhæð búnaðarmálasjóðsgjaldsins skyldi vera 0,5% af söluverði nánar tilgreindra landbúnaðarvara. Hafi löggjafinn því strax í upphafi sett gjaldtökunni ákveðnar skorður. Við endurskoðun laganna og breytingu á umræddri grein með l. nr. 34/1948 hafi afmörkun gjaldfjárhæðarinnar hinsvegar fallið niður, augljóslega vegna mistaka löggjafans. Sé það ljóst þegar greinargerð með frumvarpi þessu sé skoðað og umræður, sem urðu á Alþingi, eru athugaðar, því þar sé ekkert minnst á það að ætlun löggjafans hafi verið að fella ákvæðið um upphæð gjaldsins úr lögunum, heldur þvert á móti sýnast öll rök hníga til þess að tilgangur löggjafans hafi verið að halda ákvæðinu í 1. gr. að þessu leyti óbreyttu. Þessa niðurstöðu styðji og ákvæði til bráðabirgða í l. nr. 38/1945 sbr. l. nr. 37/1968, en þar heimili löggjafinn töku ¼% viðbótargjalds af þeim landbúnaðarvörum, er greini í 2. gr. Ákvæði þetta væri algjörlega tilgangslaust, ef löggjafinn hefði litið svo á, að heimild framkvæmdavaldsins til að ákveða gjaldfjárhæðina væri takmarkalaus. Einnig sé ljóst að framkvæmdavaldshafar, sem sett hafi reglugerðir með stoð í lögunum síðar, þar sem gjaldfjárhæðin hafi verið ákveðin, hafi og talið sig bundna af hinu upphaflega ákvæði í 1. gr. l. nr. 38/1945, því gjaldfjárhæðin hafi aldrei verið ákveðin yfir 0,5% mörkin sem upphaflega voru ákveðin.

Af hálfu gerðarbeiðanda er og staðhæft að löggjafarvaldið geti á fullkomlega lögmætan hátt falið framkvæmdavaldshöfum að ákveða fjárhæð slíkra gjalda með reglugerð og brjóti það á engan máta gegn stjórnskipunarlögum. Er í því sambandi bent á, að í tilteknum lögum og reglugerðum megi einmitt finna dæmi um slíkt valdaframsal löggjafans, svo sem í l. nr. 56/1981 um vitamál, sbr. reglugerð nr. 700/1981 og l. nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum, 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 7. gr., sbr. reglugerð nr. 486/1982.

Vegna þessarar málsástæðu gerðarþola bendir gerðarbeiðandi á að innheimta búnaðarmálasjóðsgjaldsins hafi farið fram athugasemdalaust í fjölda ára, m.a. hjá gerðarþola, og hljóti hún þegar af þeirri ástæðu að helgast af langri og athugasemdalausri venju.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því og alfarið mótmælt að gjaldtökuákvæði laga um búnaðarmálasjóð brjóti í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Tvímælalaust sé heimilt að leggja sérstakt fégjald á einstaka hagsmunahópa til fullnægingar á þörfum þeirra þjóðfélagshópa er álögunum sæta. Er staðhæft að með slíkum álögum sé fráleitt verið að skylda viðkomandi aðila til þátttöku í félögum gegn vilja sínum, og þó svo teldist vera, þá bryti það á engan hátt gegn ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Lögmaður gerðarbeiðanda vísar og á bug þeirri fullyrðingu gerðarþola að álagning búnaðarmálasjóðsgjaldsins brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Af 40. gr. sbr. 77. og 67. gr. stjórnarskrárinnar sé ljóst að skattheimtan sé heimil þrátt fyrir friðhelgi eignarréttarins og sé fráleitt að halda því fram að hér sé um að ræða eignarnám sem bætur skuli koma fyrir skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Gjaldi þessu sé varið til nauðsynjamála bændastéttarinnar og hafi gerðarþoli notið bæði beint og óbeint góðs af þeim fjármunum er greiddir hafi verið til búnaðarmálasjóðs.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda bendir loks á að bæði búnaðarmálasjóðsgjaldið og framleiðendagjaldið njóti lögtaksréttar samkvæmt ákvæðum viðkomandi laga. Framleiðendagjaldið skv. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. l. nr. 45/1971 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 627/1982 og búnaðarmálasjóðsgjaldið skv. 4. mgr. 3. gr. l. nr. 40/1982.

Niðurstaða.

1) Gjöld til búnaðarmálasjóðs og Bjargráðasjóðs.

Með lögum nr. 38/1945 var kveðið á um stofnun búnaðarmálasjóðs. Var í 1. mgr. laganna kveðið svo á, að greiða skyldi árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræddi í 2. gr. laganna, og rynni það í sjóð er nefndist búnaðarmálasjóður. Var síðan tekið fram m.a. að fénu skyldi varið til stuðnings og eflingar sameiginlegum nauðsynjamálum bændastéttarinnar. Í síðasta málslið 1. gr. var síðan sagt: „Gjald til búnaðarmálasjóðs er ½% af því, sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma."

Með lögum nr. 27/1946 voru síðan gerðar smávægilegar breytingar á orðalagi 1. gr. l. nr. 38/1945, og sagði svo í 1. ml. 1. greinar: „Greiða skal ½% gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður."

Með lögum nr. 34/1948 var síðan enn gerð nokkur breyting á umræddri gildistöku l. nr. 40/1982 um búnaðarmálasjóð. Við þessa breytingu á l. nr. 38/1945 hvarf ákvæðið um ½% afmörkun gjaldsins úr lögunum og innihéldu lögin því ekki eftir það neins konar afmörkun á því hver upphæð gjaldsins til búnaðarmálasjóðs skyldi vera.

Við álagningu búnaðarmálasjóðsgjalds á gerðarþola vegna fyrri hluta ársins 1982, það er allt til gildistöku laga nr. 40/1982, giltu þannig fyrrnefnd lög nr. 38/1945, sbr. lög nr. 34/1948, þar sem hundraðshlutfalls gjaldsins var að engu getið. Heldur gerðarbeiðandi því fram, að hundraðs-

hlutafall gjaldsins hafi fallið brott úr lögunum vegna mistaka, og beri því að byggja á því sem það væri í gildi.

Við athugun á greinargerð með frumvarpi að lögunum nr 34/1948 og umræðum um það á Alþingi verður á engan hátt séð hvort tilgangur löggjafans hafi verið sá að fella ákvæði þetta brott úr lögunum eða ekki. Þar sem ekkert sérstakt verður ráðið um tilgang löggjafans í þessu efni, þykir óðeðlilegt að ætla það að ákvæði þetta um ½% afmörkun gjaldsins hafi fallið úr umræddri 1. gr. vegna mistaka í lagasetningu og verður því ekki á því byggt í máli þessu.

Í 40. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 segir m.a.: „Engan skatt má leggja á né breyta né aftaka nema með lögum." Í 77. gr. segir og: „Skattamálum skal skipað með lögum."

Þykir verða að líta svo á að þrátt fyrir augljósa heimild löggjafans til að skattgilda tiltekna hópa eða stéttir þjóðfélagsins á rökbundinn og málefnalegan máta, þá verði að gera tilteknar lágmarkskröfur til gjaldtökuákvæða skattalaga á þann veg að ráða megi af lögunum sjálfum ákveðna afmörkun á því hvern skatt gjaldendur skuli greiða.

Eins og ákvæðum l. nr. 38/1945, sbr. l. nr. 34/1948, var háttað var ekki í þeim að finna neina afmörkun á því hver upphæð gjaldsins, sem kveðið var á um í 1. gr. laganna, skyldi vera, eða hvernig það skyldi útreiknað. Þykja umrædd gjaldtökuákvæði 1. gr. laga þessara því vera andstæð 40. gr. sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar og verði þeim því ekki beitt sem gildri gjaldtökuheimild í máli þessu.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvað af hinu áætlaða gjaldi gerðarþola til búnaðarmálasjóðs sé vegna framleiðslu gerðarþola á gildistíma laganna nr. 38/1945 og hvað af gjaldinu sé vegna framleiðslu gerðarþola á tímabilinu eftir að lög nr. 40/1982 tóku gildi. Með hliðsjón af framansögðu þykir því verða að synja kröfu gerðarbeiðanda um lögtak til tryggingar gjöldum gerðarþola til búnaðarmálasjóðs.

Gerðarþoli mótmælir og því, að lögtak verði gert til tryggingar gjaldi gerðarþola til Bjargráðasjóðs á þeim forsendum að gjald þetta hafi engan lögtaksrétt.

Enga beina lögtaksheimild er að finna í l. nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð. Hins vegar er í 5. gr. þeirra laga svofellt ákvæði um gjald það, sem hér er til umfjöllunar: „Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru 0,6% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945 um stofnun búnaðarmálasjóðs ..." Jafnframt segir svo í 3. mgr. 7. gr. laganna: „Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimtir búvörugjald skv. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945 og greiðir Bjargráðasjóði hluta hans af gjaldinu skv. 5. gr. b-lið eftir því sem galdið innheimtist." Í tilvitnaðri 2. gr. l. nr. 38/1945 eru greindar þær framleiðsluvörur, sem búnaðarmálasjóðsgjaldið

skuli leggjast á, og jafnframt er þar veitt heimild til setningar reglugerðar þar sem m.a. yrði kveðið á um innheimtu gjalda til búnaðarmálasjóðs. Í nefndri 2. grein er hinsvegar hvergi að finna lögtaksheimild sem gjald til Bjargráðasjóðs gæti stuðst við. Eigi verður heldur ráðið af innbyrðis sambandi laganna um Bjargráðasjóð og laganna um búnaðarmálasjóð að gjald þetta skuli njóta lögtaksréttar. Þar eð ekki verður séð samkvæmt framansögðu að lögtaksréttur vegna gjalds þessa eigi sér ótvíræða lagastoð, þá þykir verða að hafna kröfu gerðarbeiðanda um að lögtak verði gert til tryggingar gjaldi gerðarþola til Bjargráðasjóðs.

2) Framleiðendagjald.

Gerðarþoli mótmælir lögtakskröfu vegna kröfuliðs 2) á þeim grundvelli að enga lögtaksheimild vegna gjalds þessa sé að finna í lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins nr. 45/1971, né í öðrum lögum. Hins vegar virðist enginn tölulegur ágreiningur vera um gjaldið sjálft.

Í 2. tl. 4. gr. l. nr. 45/1971, sbr. l. nr. 41/1982 segir svo: „Gjald þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald.“ Í 4. gr. l. nr. 38/1945 og síðar 4. mgr. 3. gr. l. nr. 40/1982, er kveðið svo á, að búnaðarmálasjóðsgjald megi taka lögtaki. Verður að telja að skýra beri ákvæði 2. tl. 4. gr. l. nr. 45/1971 á þann veg að ákvæðið nái einnig til innheimtuúrræða sem heimilt sé að beita samkvæmt lögunum um búnaðarmálasjóðsgjald. Samkvæmt þessu þykir því framleiðendagjaldið njóta fulls lögtaksréttar og taka verði til greina lögtaksbeiðni gerðarbeiðanda til tryggingar kröfum samkvæmt þessum kröfulið, að upphæð kr. 20.379,00.

Jafnframt er heimilað að lögtakið verði og gert til tryggingar dráttarvöxtum af framangreindri upphæð, svo sem krafist hefur verið, að því þó viðbættu, að 2,75% dráttarvextir reiknast frá 1/9 1984. Vísast í því sambandi til 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 631/1982, sbr. 3. mgr. 3. gr. l. nr. 40/1982 og 2. til 4. gr. l. nr. 45/1971. Lögtakið nái og til kostnaðar við gerðina sjálfa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist lengur en skyldi vegna mikilla anna dómarans.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ná fram að ganga til tryggingar framleiðendagjaldi gerðarþola, að upphæð kr. 20.379,00, ásamt 5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1/4 1983 til 21/10 1983, en 4,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21/11 1983, en 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/12 1983, en 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/1 1984, en 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim

degi til 1/9 1984, en 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður skal falla niður.

Miðvikudaginn 22. október 1986.

Nr. 87/1985 **Hulda G. Sigurðardóttir**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
Elísabetu Guðmundsdóttur
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
Hennýju Hermannsdóttur og
Hermanni Ragnari Stefánssyni
(Baldvin Jónsson hrl.)

Skaðabætur. Hlutafélög. Ábyrgð stjórnarmanna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Eiginmaður áfrýjanda, Björgvin P. Jónsson, stefnandi málsins í héraði, andaðist 18. september 1984, eftir uppsögu héraðsdóms. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt staðfest ljósrit af leyfi skiptaráðandans í Reykjavík til handa áfrýjanda til setu í óskiptu búi, dagsett 28. september 1984, og er hún samkvæmt því aðili málsins fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1985, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. mars s.á., samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hún krefst þess aðallega, að stefndu verði dæmd til að greiða sér in solidum skaðabætur að fjárhæð 24.458,67 krónur ásamt dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hér segir: Af 29.325,24 krónum 3% frá 20. janúar 1979

til 20. júní 1979, 4% frá þeim degi til 20. september 1979, 4,5% frá þeim degi til 20. apríl 1982, 4% frá þeim degi til 20. október 1982 og með sömu vöxtum af 24.458,67 krónum frá þeim degi til 20. nóvember 1982, 5% af 24.458,67 krónum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, 4,75% frá þeim degi til 20. desember 1983, 4% frá þem degi til 20. janúar 1984, 3,25% frá þeim degi til 20. febrúar 1984, 2,5% frá þeim degi til 20. september 1984, 2,75% frá þeim degi til 20. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 20. mars 1985, 4% frá þeim degi til 20. júní 1985, 3,5% frá þeim degi til 20. september 1985, 3,75% frá þeim degi til 20. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 20. apríl 1986 og 2,25% frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð 24.458,67 krónur með 19% ársvöxtum af 29.325,24 krónum frá 20.janúar 1979 til 6. október 1982 og með sömu vöxtum af 24.458,67 krónum frá 6. október 1982 til greiðsludags. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta er rekið sem skaðabótamál gegn stefndu á þeim grundvelli, að þau hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi við rekstur Parsins h/f, sem leitt hafi til tjóns fyrir áfrýjanda. Meðan stefndu voru hluthafar og stjórnarmenn í Parinu h/f greiddi félagið skilvíslega skuldir sínar við Björgvin P. Jónsson að sjálfs hans sögn, og þá hefur ekkert komið fram um það, að félagið hafi stöðvað greiðslur á skuldum sínum. Eftir að sala hlutabréfanna fór fram í desember 1978, ráðstöfuðu nýir eigendur miklu af vörubirgðum félagsins, án þess að bókhald væri fært yfir reksturinn, en vörubirgðir voru nær eina eign þess. Er m.a. af þeirri ástæðu ekki unnt að fullyrða, að fjárhagsstaða félagsins, er viðskiptin, sem mál þetta er risið af, áttu sér stað, hafi verið lakari en reikningar þess sýndu. Verður ekki talið sannað, að skilyrðum 2. mgr. 1. gr. laga nr. 25/1929 um gjaldþrotaskipti hafi verið fullnægt, þannig að stefndu hafi borið skylda til að framselja bú félagsins til gjaldþrotaskipta. Þykir ekki talið sannað að tjón áfrýjanda verði rakið til misfellna, sem á því urðu, að fylgt væri í einu og öllu ákvæðum laga um hlutafélög, bókhald og verslunarleyfi. Áfrýjandi hefur því ekki sýnt

nægilega fram á, að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis stefndu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti sem hér segir: Stefndu Elísabetu 18.000,00 krónur og stefndu Hennýju og Hermanni 18.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hulda G. Sigurðardóttir, greiði í málskostnað fyrir Hæstarétti stefndu Elísabetu Guðmundsdóttur 18.000,00 krónur og stefndu Hennýju Hermannsdóttur og stefnda Hermanni Ragnari Stefánssyni 18.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Útgefandi víxla þeirra, sem áfrýjandi byggir kröfur sínar á, lýsti skiptum sínum við Parið hf. þannig að hann hefði leyst úr tolli og greitt vörur sem pantaðar höfðu verið á vegum félagsins er það hafði ekki bolmagn til að greiða þær. Hann hafi síðan skrifað reikninga á hendur félaginu sem það greiddi með víxlum. Á reikningum þessum hafi hann bætt heildsöluálagningu ofan á verð varanna samkvæmt vörureikningum. Taldi hann vexti hafa verið tekna af víxlunum.

Fram er komið að tveir af víxlum þeim, sem áfrýjandi byggir kröfur sínar á, eru samþykktir af Andrési Guðbjartssyni fyrir hönd Parsins hf. en hann var einn kaupenda hlutabréfa stefndu í Parinu hf. Kvað útgefandi víxlanna Andrés hafa beðið um að tveir víxlanna yrðu framlengdir og hafi hann samþykkt það. Tel ég að áfrýjandi geti ekki byggt kröfu sína á hendur stefndu á þessum tveimur víxlum.

Samkvæmt stofnsamningi fyrir Parið hf. var tilgangurinn með rekstri þess að flytja inn, selja og dreifa tískufatnaði og annar skyldur rekstur.

Í yfirlýsingu borgarfógetaembættisins í Reykjavík 8. mars 1979 segir svo:

„Ekki verður séð af verzlunarleyfaskrá Reykjavíkur, að Parið h.f. eða stjórnarmenn félagsins Elísabet Guðmundsdóttir, Brúnalandi 26, R., Henny Hermannsdóttir, Háaleitisbraut 121, R. og Hermann Ragnar Stefánsson, s. stað hafi verzlunarleyfi í Reykjavík. Eignmaður Elísabetar Sveinn Jónsson fékk smásöluleyfi 15. nóv. 1972, eða rétt áður en Parið h.f. var skráð í hlutafélagskrá. Leyfi þetta átti að endurnýja í árslok 1977 en það var ekki gert.

Ekki verður heldur séð, að Andrés Guðbjartsson, Gyðufelli 4, Rvík, Bryndís Guðbjartsdóttir, s.stað og Ester Aradóttir, s.stað hafi verzlunarleyfi í Reykjavík sem talin eru stjórnarmenn í Parið h.f. Þetta vottast hér með."

Er ljóst samkvæmt þessu að félagið hefur ekki haft verslunarleyfi skv. 2. tl. 5. gr. laga nr. 41/1968. Verslunarrekstur þess var því óheimill og tel ég stjórnarmenn félagsins á þeim tíma er til víxilskuldbindinganna var stofnað, stefndu í máli þessu, bera persónulega ábyrgð á tjóni sem útgefandi víxlanna kann að hafa beðið er víxlarnir fengust ekki greiddir. Af hálfu stefndu er því mótmælt að tjón sem útgefandi víxlanna kunni að hafa beðið nemi fjárhæð víxlanna.

Hér að framan var rakið hvernig fjárhæðir víxlanna eru fengnar. Með vísan til þess tel ég áfrýjanda ekki hafa fært fullnægjandi rök fyrir því hvert tjón hans hefur orðið við það að víxlarnir fengust ekki greiddir og því ætti að vísa málinu frá héraðsdómi. Sú niðurstaða hefur ekki hlotið stuðning meirihluta dómara og ber mér því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 að taka þátt í að dæma málið að efni til. Tel ég þá að sýkna verði stefndu af kröfum áfrýjanda en eftir atvikum eigi málskostnaður að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. maí 1984, höfðaði Björgvin P. Jónsson, nnr. 1297-4019, Goðheimum 19, Reykjavík, gegn Elísabetu Guðmundsdóttur, nnr. 2030-9342, Brúnalandi 26, Reykjavík, Hennýju Hermannsdóttur, Hamraborg 6, Kópavogi og Hermanni Ragnari Stefánssyni, nnr. 4056-5868, Grænuhlíð 20, Reykjavík, með stefnu birtri 28. september 1979.

Í málinu var dómur kveðinn upp í bæjarþingi Reykjavíkur 23. júní 1981.

Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar af stefnanda. Dómur Hæstaréttar var kveðinn upp 6. febrúar 1984 og segir m.a. svo í honum:

„Eins og mál þetta er vaxið m.a. að því er varðar reikningsskil, birgðamat og viðskiptahorfur fyrirtækisins Parsins h.f. var brýnt að héraðsdómari kveddi til tvo meðdómendur sérfróða um endurskoðun og verslunarrekstur til þess að dæma mál þetta með sér, sbr. þágildandi 3. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936, sbr. nú 1. mgr. 37. gr. A sömu laga, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981. Þar sem málið hefir ekki sætt þeirri meðferð, sem nú var lýst, þykir óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði frá og með munnlegum flutningi í þinghaldi 5. júní 1981 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju."

Málið var flutt á nýjan leik 28. maí sl. og dómtekið s.d. eins og fyrr segir.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefndu verði dæmd til að greiða honum in solidum skaðabætur að fjárhæð kr. 24.458,67, með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 29.325,24 frá 20. janúar 1979 til 20. júní s.á., 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 20. september s.á., 4,5& dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 6. október 1982 og sömu vexti frá þeim degi af kr. 24.458,67 til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess að stefndu verði dæmd in solidum til þess að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 24.458,67 með 19% ársvöxtum af kr. 29.325,24 frá 20. janúar 1979 til 6. október 1982 og með sömu vöxtum af kr. 24.458,67 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess að stefndu greiði honum málskostnað eftir mati dómsins í báðum tilvikum.

Dómkröfur stefndu eru þær að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda. Stefnda Elísabet krefst þess að stefnandi verði dæmdur til að greiða henni hæfilegan málskostnað en stefndu Henný og Hermann Ragnar krefjast þess að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim ríflegan málskostnað.

Skýrslur fyrir dóminum hafa gefið eftirtaldir: Stefnandi og stefndu gáfu skýrslu 12. janúar 1981, Sveinn Jónsson endurskoðandi, áður hluthafi í Parinu hf., gaf skýrslu 2. apríl s.á., sama dag gaf skýrslu Andrés Guðbjartsson, nú hluthafi í Parinu hf., Þorvaldur Ásgeirsson bókhaldari, gaf skýrslu 28. apríl s.á.

Lagt hefur verið fram í málinu endurrit af skýrslu sem Andrés Guðbjartsson gaf í skiptarétti Reykjavíkur 31. mars 1980 og sömuleiðis endurrit af skýrslu sem stefnda Elísabet gaf í skiptarétti Reykjavíkur 18. september 1980.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Árið 1972, 2. desember, stofnuðu stefndu ásamt Sveini Jónssyni endur-

skoðanda, Unni Arngrímsdóttur, eiginkonu stefnda Hermanns, og Sigríði Guðmundsdóttur, Laufási v/Fífuhvammsveg, hlutafélagið Parið. Í stofnsamningi félagsins segir að tilgangur þess sé innflutningur, sala og dreifing á tískufatnaði og annar skyldur rekstur. Hlutafé nam kr. 200.000,00 og áttu stefndu Elísabet og Henný hvor kr. 90.000,00 af hlutafénu en hver annarra hluthafa kr. 5.000,00. Hlutabréf munu hafa verið gefin út og af gögnum málsins má ráða að félagið hafi verið skráð í hlutafélagaskrá fljótlega eftir stofnun þess.

Sama dag voru hlutafélaginu settar samþykktir, stefndu kosin í stjórn þess og stefnda Elísabet formaður stjórnarinnar. Stofnfundur félagsins var haldinn á skrifstofu hæstaréttarlögmanns hér í borg.

Að sögn stefndu Elísabetar hóf hlutafélagið rekstur tískuvöruverslunar á sama tíma og það var stofnað sem hlaut nafnið Parið. Hlutafélagið mun ekki hafa haft verslunarleyfi, en hins vegar hafði hluthafinn Sveinn Jónsson verslunarleyfi og kveður hann verslunina hafa verið rekna á grundvelli þess leyfis eins og hann orðaði það. Ekki hefur verið upplýst hvort Parið hf. hafði heildsöluleyfi, en það var fullyrt af hálfu Elísabetar í munnlegum flutningi þessa máls.

Á efnahagsreikningi Parsins hf. árið 1977 er bæði smásöluleyfi og heildsöluleyfi metið til eigna.

Verslunin var til húsa að Hafnarstræti 15 hér í borg og lagður hefur verið fram leigusamningur um verslunarhúsnæðið við eiganda þess frá 1. september 1975. Samningurinn framlengdist um eitt ár í senn ef ekki kom til uppsögn aðila hans. Leiga átti að greiðast fyrirfram fyrir hvern mánuð og var á þeim tíma er samningurinn var gerður kr. 110.700,00 á mánuði. Leigufjárhæðin var bundin vísitölu atvinnuhúsnæðis.

Í versluninni voru seldar innlendar og erlendar tískuvörur fyrir konur og einnig flutti verslunin inn tískuvörur erlendis frá. Þær stefndu Elísabet og Henný sáu um daglegan rekstur verslunarinnar en stefnda Henný kveðst hafa hætt að vinna í versluninni í febrúar 1977 og síðan ekki hafa haft nein afskipti af rekstri hennar. Stefnda Elísabet kveðst hafa fært bókhald verslunarinnar allt til ársins 1977 en frá þeim tíma hafi bókhaldið verið fært á skrifstofu Sveins Jónssonar endurskoðanda af starfsmanni hans Hauki Gunnarssyni.

Viðskipti stefnanda og Parsins hf., sem stefnandi kveður hafa byrjað árið 1977, voru með þeim hætti að stefnandi tók að sér að leysa út úr tolli og greiða vörur sem verslunin Parið keypti erlendis og tók fyrir það ákveðna þóknun eða heildsöluþóknun að sögn hans. Stefnandi kveðst hafa bætt þessari þóknun við kaupverð vörunnar og sent Parinu hf. reikning sem Parið hf. hafi samþykkt víxla fyrir, en útgefandi víxlanna var verslunin Grund, einkafyrirtæki stefnanda. Stefnandi kvað þær vörusendingar sem

hann þannig leysti út hafa skipt tugum. Ágætlega hefði gengið með greiðslur á þessum víxlum.

Stefnda Elísabet kvað ástæðu þessara viðskipta hafa verið þá að stefnandi hefði getað orðið sér úti um lánsviðskipti sem versluninni hefði verið ókleift. Aldrei hefðu víxlarnir lent í vanskilum, enda hefði allt verið í lagi með fjárhag verslunarinnar.

Stefnandi segir stefndu Elísabetu hafa tjáð sér í nóvember 1978 að til stæði að selja Parið hf.

Hinn 15. desember 1978 var gert bráðabirgðasamkomulag um sölu Parsins hf. og síðar ódagsett samkomulag. Á þessum tíma hafði stefnandi gefið út fyrir verslunina Grund, 12 víxla sem samþykktir voru af Parinu hf. Voru þeir ekki fallnir í gjalddaga þegar salan fór fram. Stefnukrafan í málinu nemur samanlagðri fjárhæð þessara víxla.

Þegar sala Parsins hf. fór fram voru hluthafar hinir sömu og við stofnun þess. Stefnda Elísabet var þá einnig formaður stjórnar hlutafélagsins. Stefnda Elísabet kvað hluthafafundi og stjórnarfundi hafa verið haldna í Parinu hf. en þó ekki reglulega. Ekki hafi verið rituð fundargerð á öllum fundunum en þó á nokkrum þeirra. Síðasti aðalfundur hafi verið haldinn á árinu 1977. Á árinu 1978 hafi verið boðað til aðalfundar en honum hafi verið frestað þar sem reikningar félagsins hafi þá ekki verið tilbúnir. Síðan hafi komið til sala hlutafélagsins og af aðalfundinum hafi ekki orðið.

Stefndi Hermann Ragnar kvaðst hafa setið í stjórn hlutafélagsins frá upphafi, en aldrei setið stjórnarfund og ekki vita til þess að þeir hefðu verið haldnir. Hann hefði alls setið þrjá fundi hluthafa, stofnfundinn, aðalfund í október 1977 og einn annan fund hluthafa sem hann myndi ekki hvenær hefði verið haldinn. Hann kvaðst engin afskipti hafa haft af rekstri félagsins né sölu þess.

Stefnda Henný kvaðst hafa verið í stjórn hlutafélagsins frá stofnun þess. Ekki hefðu verið haldnir formlegir stjórnarfundir, en þær Elísabet hefðu haft samráð um rekstur verslunarinnar þar til hún hefði látið af störfum. Stefnda Henný lýsti fundum hluthafa með sama hætti og stefndi Hermann Ragnar.

Áður en framangreint bráðabirgðasamkomulag frá 15. desember um sölu hlutafélagsins var gert hafði Andrés Guðbjartsson, sem var forsvarsmaður kaupenda, undirritað samkomulag við stefndu Elísabetu, eða 3. desember, þar sem hann lofar að kaupa 50% hlutafjár í Parinu hf., sem stefnda Elísabet er talin eigandi að, fyrir kr. 875.000,00. Sams konar samkomulag gera þau Andrés og stefnda Henný tveim dögum seinna.

Bráðabirgðasamkomulagið sem gert var er svohljóðandi:

„Vegna kaupa á Parinu h.f. Hafnarstræti 15, Reykjavík, hafa kaupendur og seljendur komist að eftirfarandi samkomulagi.

1. Aðilar eru sammála um að miða við kaupverð skv. meðfylgjandi fylgiskjölum 1-4, en það er þá kr. 1.010.004,00.

2. Kaupendur yfirtaka þær skuldir og þær eignir, sem nefndar eru á meðfylgjandi fskj. 1-4. Komi fram skuldir umfram það sem greinir á ofangreindum fylgiskjölum, bera seljendur fulla ábyrgð á þeim og taka að sér að greiða þær.

3. Miðað er við að staða hlaupareiknings nr. 23361 í Verslunarbanka Íslands þ. 3.12. 1978 sé 0, þannig að ekki sé um yfirdrátt að ræða og ekki inneign. Komi í ljós að um inneign hafi verið að ræða ofangreindan dag, hækkar kaupverðið sem því nemur, en lækkar um það sem yfirdrættí nemur, sé um yfirdrátt að ræða.

Kaupendur tóku við rekstri verslunarinnar Parið h.f. þ. 9.12. 1978, en á tímabilinu 3.12. 1978 - 9.12. 1978 greiddu seljendur nokkra víxla sem getið er um á fskj. 1-4 auk nokkurra annarra greiðslna og breytist því skulda- og eignastaða í samræmi við það.

2 víxlar per 28.1. og 5.2. 1979 hvor um sig að fjárhæð kr. 211.825,00 vegna vörukaupa frá Ednu s.f. voru samþykktir af Elísabetu Guðmundsdóttur þ. 4.12. s.l. og eru vegna vörukaupa. Þessir víxlar eru utan fskj. 1-4, en eru samt á ábyrgð kaupenda.

Miðað er við að ganga endanlega frá kaupunum og uppgjöri á milli aðila þ. 19.12. n.k."

Samkomulagi þessu fylgja skrár yfir skuldir og eignir hlutafélagsins. Skuldir eru taldar kr. 21.240.003,00 þar af vöruvíxlar kr. 13.815.268,00. Eru þar taldir allir víxlar stefnanda. Eignir eru taldar nema kr. 22.250. 007,00 og því kr. 1.010.004,00 hærri fjárhæð en skuldir og er sú fjárhæð kaupverðið eins og í samkomulaginu segir.

Síðan er gert annað samkomulag svohljóðandi:

„Í framhaldi af bráðabirgðasamkomulagi dags. 15.12. 1978 vegna kaupa á Parinu h.f. hafa aðilar gert með sér endanlegt

S a m k o m u l a g:

Aðilar hafa kannað stöðu fyrirtækisins og hafa komið sér saman um eftirfarandi uppgjör.

1. Ákvæði bráðabirgðasamkomulagsins og fylgiskjöl gilda með þeim frávikum, sem hér greinir: a) Sjóðsstaðan skv. nýju fskj. merkt 5 er neikvæð um 1.644.321 þ. 3.12. 1978. Skuld við Svein Jónsson fellur niður skv. ákvörðun hans og samþykki aðila og lækkar því kaupverðið um kr. 612.321. b) Skv. leiðréttu uppgjöri reynast eignir umfram skuldir nema kr.

383.825 sbr. fskj. 6. Kaupandi skuldbindur sig til að greiða mismuninn þannig:

þ. 15.1. 1979 greiðist 1/3
þ. 2.2. 1979 " 1/3 og
þ. 15.3. 1979 " eftirstöðvar

kr. 78.085 dragast frá hlut Elísabetar af fyrstu greiðslum skv. ofangreindu. c) Innstæður Elísabetar og Hennyar sbr. fskj. 3 greiðast þannig: þ. 1.6. skuld við Henny og ½ af skuld við Elísabetu, eftirstöðvar skuldarinnar greiðast þ. 1.8. 1979.

2. Kaupendur greiða kaupverðið með víxlum, sem seljendur sætta sig við.

3. Seljendur skuldbinda sig til að afhenda kaupendum uppfært bókhald fyrirtækisins til 3.12. 1978 sem allra fyrst."

Þessu samkomulagi fylgir listi til skýringar á breytingum á eigna- og skuldastöðu sem ekki þykir ástæða til að rekja hér, en þær breytingar eru ekki stórvægilegar og höfðu aðeins áhrif á kaupverðið en ekki fjárhæð skuldanna. Frá hinu endanlega kaupverði kr. 383.825,00 voru dregnar kr. 78.085,00 sem voru 11/12 hlutar hækkunar vísitölu leiguhúsnæðis umfram það sem ráð hafði verið fyrir gert og nam því kaupverðið, sem kaupendur greiddu seljendum, kr. 305.739,00.

Sala hlutafélagsins mun hafa farið fram með aðstoð lögmanna af beggja hálfu. Kaupendur hlutabréfanna voru Andrés Guðbjartsson eins og að framan segir svo og systir hans Bryndís Guðbjartsdóttir, móðir hans Ester Aradóttir og hálfsystkini hans Selma Pálsdóttir og Ari Jónsson. Ekkert þeirra hafði verslunarleyfi en Andrés kvað hafa átt að ganga frá því máli þegar umhægðist eftir kaupin.

Stefnda Elísabet mun hafa aðstoðað hina nýju kaupendur við verslunarreksturinn að einhverju marki eftir að salan hafði farið fram. Andrés fékk framlengda tvo víxla hjá stefnanda af þeim tólf sem að framan er getið.

Hinn 20. mars 1979 var kveðinn upp úrskurður í Skiptarétti Reykjavíkur um að bú Parsins hf. væri tekið til gjaldþrotaskipta að beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Fyrr eða með bréf dags. 22. janúar 1979 hafði Fatagerðin Bót óskað eftir því við skiptaráðandann í Reykjavík að bú Parsins hf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Lagður hefur verið fram listi yfir lýstar kröfur í þrotabú Parsins hf. og eftir því sem best verður séð nema þær alls gkr. 33.238.861,00 með vöxtum og kostnaði. Meðal lýstra krafna eru þeir víxlar sem um ræðir í máli þessu. Um það bil helmingur kröfuhafa eru erlend fyrirtæki. Skuldir hlutafélags-

ins við söluna voru taldar nema kr. 21.240.003,00 eins og fyrr segir. Þá var upplýst við munnlegan flutning málsins að lýstar kröfur í þrotabúið, sem viðurkenndar voru við skiptin, hefðu numið á úrskurðardegi samtals ísl. kr. 238.738,95, auk d. kr. 2.003,81, s.kr. 548,96 og finnskra marka 4.058,05, auk vaxta og kostnaðar. Allar kröfur hefðu verið flokkaðar sem almennar kröfur og upp í þær höfðu greiðst kr. 38.042,30 eða 15,5053% af höfuðstól.

Stefnda Elísabet kvað Parið hf. hafa átt pantaðar vörur þegar sala félagsins fór fram, sem ekki hefði verið búið að leysa út og af því stafi munurinn á þeim skuldum sem fyrir hendi hafi verið þegar salan fór fram og lýstum kröfum í þrotabúið. Hlutafélagið hafi átt eignir fyrir skuldum þegar það var selt.

Við sölu hlutafélagsins var verðmæti vörubirgða talið nema kr. 19.117. 157,00 en af hálfu kaupenda og seljenda höfðu vörubirgðirnar tvívegis verið taldar með nokkru millibili. Mat á verðmæti vörubirgðanna mun hafa verið framkvæmt þannig að frá söluverði þeirra voru dregin 25% sem mun hafa verið áætluð smásöluálagning svo og var fjárhæð söluskatts dregin frá. Viðskiptavild félagsins er metin á kr. 885.971,00.

Sveinn Jónsson kvaðst hafa fært upp bókhald verslunarinnar miðað við 3. desember og mun það nú í vörslum Skiptaréttar Reykjavíkur. Hins vegar segist Andrés Guðbjartsson aldrei hafa fengið bókhaldið svo upp fært í hendur.

Andrés kvað þá kaupendurna ekki hafa spurst fyrir um það hvaða vörur verslunin hafði í pöntun þegar kaupin fóru fram nema einungis um þær vörur sem pantaðar hefðu verið sérstaklega fyrir jólin. Stefnda Elísabet hefði ekki upplýst hvaða vörur hefðu verið pantaðar en boðist til þess að aðstoða þá kaupendurna við að leysa þær út, segja til um það hvaða vörur væri heppilegast að leysa fyrst út og fylla út tollskýrslur og annað þess háttar. Stefnda Elísabet hefði einu sinni hjálpað þeim til þess að leysa út vörur en ekki oftar. Hins vegar muni hún ekki hafa neitað því að veita aðstoð. Stefnda Elísabet hefði tjáð sér að allt væri í lagi með áframhaldandi leigu húsnæðisins. Hann hefði rætt við eiganda þess og þá hafi hann tjáð sér að komið væri að þeim tíma að greiða þyrfti kr. 2.000.000.- í húsaleigu fyrirfram. Þessar upplýsingar hefðu gert það að verkum að þau hefðu ákveðið að hætta rekstrinum. Andrés sagði að sig rámaði í að einhverjar skuldir hefðu komið í ljós hjá Parinu hf. eftir að kaupin fóru fram, en gat ekki sagt nánar til um það. Hann kvaðst minnast þess að um það hafi verið talað að aukið fjármagn þyrfti að leggja í verslunarreksturinn en þau kaupendurnir hefðu skilið það svo að laga þyrfti húsnæði verslunarinnar. Hann kvaðst minnast þess að hafa sagt stefndu Elísabetu að þau kaupendurnir hefðu fjármagn til að leggja í verslunarreksturinn.

Andrés sagði að svo hefði verið komið að bæði hann og aðrir hefðu átt inni laun hjá fyrirtækinu og ekki séð fram á að hægt væri að greiða þau. Þau (sic) hefðu því brugðið á það ráð að taka vörur upp í laun og selja þær úti á landi. Þessar vörur hefðu selst fyrir rétt um kr. 1.800.000,00, en kostnaður við söluna hefði numið kr. 600.000,00. Hann hefði séð um þessa sölu ásamt þrem systrum sínum. Þetta hefði verið gert í samráði við aðra hluthafa í félaginu eða a.m.k. hefðu þeir ekki gert athugasemdir við þetta.

Af hálfu stefnanda er á það bent að ekki liggi fyrir í málinu upplýsingar um fjárhagsstöðu Parsins hf. utan tvö síðustu árin áður en félagið var selt.

Þær kröfur, sem gerðar hafi verið í þrotabú félagsins, hafi verið miklar miðað við rekstur félagsins og sýni að staða þess hafi verið slæm þegar það var selt. Við söluna hafi eignir félagsins verið gróflega oftaldar, höfuðstóll hafi verið neikvæður umfram hlutafé og varasjóð.

Stefndu sem stjórnarmönnum í félaginu hafi borið skylda til samkvæmt 1. gr. gjaldþrotaskiptalaganna nr. 25/1929, sem þá hafi verið í gildi, að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta löngu áður en sala þess fór fram, en höfuðstóll félagsins hafi verið neikvæður eins og fyrr segi. Hefði lögunum verið fylgt að þessu leyti hefði ekki komið til viðskiptanna við stefnanda. Þetta brot stefndu sé í beinum tengslum við tjón stefnanda.

Þá hafi stefndu brotið ákvæði hlutafélagalaganna nr. 77/1921 með því að vanrækja að halda stjórnarfundi og aðalfundi í félaginu. Þetta sýni skýrsla stefnda Hermanns Ragnars fyrir dóminum en henni hafi ekki verið hnekkt.

Stefndu hafi einnig brotið 5. gr. sbr. 1. og 2. gr. bókhaldslaganna nr. 51/1968 en það sýni skýrsla Þorvalds Ásgeirssonar fyrir dóminum. Bókhald félagsins hafi ekki verið uppfært og því hafi ekki verið hægt að kanna það fullkomlega. Þessu hafi ekki verið hnekkt.

Þá hafi félagið starfað án þess að hafa verslunarleyfi.

Samkvæmt framansögðu þá liggi fyrir fjögur lögbrot hinna stefndu stjórnarmanna í Parinu hf. og eigi þeir að svara til saka fyrir þau með því að greiða stefnanda skaðabætur.

Stefndu séu skráðir stjórnarmenn í Parinu hf. til 16. febrúar 1979 og beri því ábyrgð á starfsemi félagsins til þess tíma. Andrés Guðbjartsson hafi framlengt tvo víxla í óformlegu umboði stjórnarinnar.

Tjón stefnanda sé því upphæð þeirra víxla sem ekki hafi fengist greiddir og samkvæmt framlögðum skjölum sé upphæð þeirra hin sama og reikninganna sem víxlarnir voru samþykktir fyrir, en reikningarnir hafi verið samþykktir af stefndu Elísabetu.

Bótakrafa stefnanda byggist á almennu skaðabótareglunni. Ólögmætt athæfi stefndu hafi verið leitt í ljós. Aðferð stefndu við sölu félagsins hafi

verið gróft gáleysi ef ekki beinn ásetningur að valda stefnanda tjóni, en skuldir félagsins hafi reynst mun meiri en gert hafi verið ráð fyrir þegar félagið var selt. Skilyrði almennu skaðabótareglunnar séu því fyrir hendi í þessu máli og beri að dæma stefndu til að greiða skaðabæturnar.

Þá séu stefndu einnig skaðabótaskyldir gagnvart stefnanda samkvæmt 132. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

Af hálfu stefndu Elísabetar er á það bent að salan á Parinu hf. hafi verið sala á hlutabréfum í félaginu en ekki á eignum þess sem slíkum og því hafi söluverðið fyrst og fremst miðast við verðmæti hlutabréfanna. Félagið hafi verið í fullum rekstri þegar það var selt og ekki í neinum vanskilum á þeim tíma né fyrr. Það hafi orðið greiðsludráttur á þeim kröfum sem stefnandi hafi átt á hendur félaginu eftir að salan fór fram og nýir eigendur samið um framlengingu tveggja víxla. Síðan hafi orðið greiðslufall á víxlunum og þeir farið í vanskil.

Stefnandi hafi ekki sýnt fram á hvert raunverulegt tjón hans hafi orðið. Hann hafi leyst til sín vörur sem Parið hf. hafi pantað frá útlöndum og lagt síðan á þær. Hið raunverulega tjón hans sé einungis það vöruverð sem hann hafi greitt en ekki sú álagning sem hann hafi orðið af.

Skaðabótamál stefnanda við stefndu sé einvörðungu byggt á almennu skaðabótareglunni, en 132. gr. hlutafélagalaganna eigi hér ekki við.

Stefnandi hafi í engu sýnt fram á þá háttsemi stefndu Elísabetar sem leitt gæti til skaðabótaskyldu hennar né annarra stefndu í málinu. Félagið hafi átt ríflega fyrir skuldum þegar sala þess fór fram. Búið hafi verið að samþykkja umkrafða víxla á þeim tíma og engu hefði breytt þótt félagið hefði verið gefið upp til gjaldþrotaskipta sem engin ástæða né heimild hafi verið til að gera.

Engin krafa sé gerð um það í hlutafélagalögunum að haldnir séu aðalfundir eða stjórnarfundir í hlutafélögum, en það hafi verið gert í Parinu hf. Það sé fyrst og fremst mál hluthafa og stjórnar hlutafélags hvernig þessum málum sé háttað, en ekki þeirra sem utan félagsins standi. Það hafi engin áhrif haft gagnvart stefnanda hvernig þessum fundum var háttað hjá Parinu hf., það hafi ekki verið forsenda hans fyrir viðskiptunum við félagið heldur góð reynsla hans af þeim. Reikningar og bækur félagsins hafi verið vel færðar og á bókhaldsskrifstofu. Vandað hafi verið til samningsgerðar þegar félagið var selt og lögmenn hafi verið með báðum aðilum í ráðum. Að vísu hafi bókhaldsleg staða félagsins verið veik í árslok 1978 en þess beri að gæta að bæði vörubirgðir og viðskiptavild hafi verið lágt metin. Allir reikningar hefðu verið afhentir undir rekstri málsins hefði þess verið óskað.

Félagið hafi haft bæði verslunar- og heildsöluleyfi.

Stefnandi hafi ekki sýnt fram á samband á milli þess sem hann kalli lög-

brot hjá stefndu og tjóns síns. Stefnandi hafi ekkert haft að athuga við samningssamband aðila málsins og ekki byggi hann á neinu samningsrofi gagnvart sér.

Samþykktar kröfur í þrotabúi félagsins hafi verið mun lægri en þær kröfur sem lýst var í búið.

Stefndu hafi ekki sýnt af sér ólögmæta háttsemi gagnvart stefnanda og þaðan af síður saknæma. Ólögmætt athæfi og saknæmi verði að beinast gegn þeim sem telji sig verða fyrir tjóni. Stefndu hafi enga ástæðu haft til að ætla að sala félagsins ylli stefnanda tjóni.

Stefndu hefðu ekki getað farið með stjórn hlutafélagsins eftir þann fund þar sem ákveðið var að selja félagið, það hefði verið lögbrot.

Af hálfu stefndu Hennýjar og Hermanns Ragnars var byggt á sömu málsástæðum og af hálfu stefndu Elísabetar. Sérstaklega var á það bent af þeirra hálfu að stefnandi hefði tekið upp viðskipti við hina nýju eigendur félagsins og framlengt tvo víxla fyrir þá. Með þessum hætti hafi hann lagt mat á hina nýju eigendur.

Þá var á það bent að ekkert hafi verið upplýst um það af hálfu stefnanda hvert raunverulegt tjón hans hafi verið, því að hann hafi enga grein gert fyrir þeim viðskiptum sem hann hafi átt við félagið, en samningsaðili stefnanda hjá félaginu hafi alfarið verið stefnda Elísabet. Stefnandi hafi viðurkennt að hafa ekki komið nálægt pöntun þeirrar vöru sem greitt hafi verið fyrir með víxlunum og þarna hafi verið um harla óeðlileg viðskipti að ræða.

Aðalfundur félagsins árið 1978 hafi verið lögmætur í alla staði.

Ekkert óeðlilegt misræmi hafi verið á milli eigna og skulda félagsins þegar það var selt.

Einn af hluthöfum í félaginu, Sveinn Jónsson, hafi haft verslunarleyfi og hafi félagið starfað á grundvelli þess.

Niðurstaða dómsins:

Víxla þá, sem stefnandi byggir kröfur sínar á tölulega, samþykkti Parið hf. en ekki stefndu persónulega.

Kunnugt er að stjórnarmenn í hlutafélagi geta orðið persónulega ábyrgir fyrir skuldum hlutafélaga ef ákveðin skilyrði eru fyrir hendi, ef háttsemi þeirra er slík að hún felli á þá persónulega ábyrgð. Stefndu eru þó ekki í máli þessu krafin um greiðslu skuldar hlutafélagsins við stefnanda heldur til greiðslu bóta fyrir tjón sem stefnandi segir nema sömu fjárhæð og víxlar þeir sem ógreiddir eru. Mál þetta er því rekið sem skaðabótamál gegn stefndu á þeim grundvelli að þau hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi sem leitt hafi til tjóns stefnanda og byggir stefnandi kröfur sínar bæði á almennu skaðabótareglunni og 132. gr. laga nr. 32/1978.

Að framan er lýst í hverju stefnandi telur ólögmætar athafnir eða athafnaleysi stefndu hafa verið fólgið.

Almennu skaðabótaregluna verður að skilja svo að hin ólögmæta athöfn eða athafnaleysi verði að hafa í för með sér hættu sem máli skiptir fyrir lögverndaða hagsmuni tjónþola, sem eru hluti þeirra atvika er til tjónsins leiddu.

Ekki verður séð að neinu verulegu hafi skipt fyrir þá hagsmuni stefnanda sem um ræðir í þessu máli, þ.e. að fá skuldir sínar greiddar, hvernig háttað var fundahöldum í hlutafélaginu, hvort verslun félagsins var rekin með verslunarleyfi þess eða verslunarleyfi eins hluthafa eða hvort bókhald félagsins var fært samkvæmt ítrustu ákvæðum bókhaldslaga. Verður því ekki talið að framangreindar athafnir eða athafnaleysi stefndu sé ólögmætt gagnvart hagsmunum stefnanda.

Nánari athugunar þarf við sú staðhæfing stefnanda að stefndu hafi borið skylda til samkvæmt 1. gr. gjaldþrotaskiptalaganna nr. 25/1929 að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta áður en sala þess fór fram en stefnandi telur að þá hefði ekki komið til þeirra lánsviðskipta sem eru upphaf þessa máls.

Af þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu og stefnandi byggir kröfur sínar á, verður ekki talið að stefnandi hafi leitt í ljós að birgðamat, markaðshorfur eða fjárhagsstaða Parsins hf. yfirleitt hafi verið þannig að stefndu hafi borið að láta taka félagið til gjaldþrotaskipta. Þessari málsástæðu stefnanda er því hafnað.

Ekki verður talið að leiddur hafi verið í ljós af hálfu stefnanda neinn sá ásetningur eða gáleysi stefndu við sölu hlutafélagsins Parsins hf. sem talist getur saknæmt gagnvart stefnanda.

Samkvæmt framansögðu skortir skilyrði til þess að dæma stefndu til að greiða stefnanda skaðabætur og verða þau því sýknuð af kröfum hans.

Málskostnaður, sem stefnandi greiði stefndu, þykir hæfilega ákveðinn þannig: Stefnandi greiði stefndu Elísabetu kr. 18.000,00, stefndu Hennýju kr. 9.000,00 og stefnda Hermanni kr. 9.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson, borgardómari og meðdómendurnir Atli Hauksson, endurskoðandi og Garðar Valdimarsson, endurskoðandi.

Dómsorð:

Stefndu, Elísabet Guðmundsdóttir, Henný Hermannsdóttir og Hermann Ragnar Stefánsson, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Björgvins P. Jónssonar í máli þessu. Stefnandi greiði í málskostnað stefndu, Elísabetu kr. 18.000,00, stefndu Hennýju kr. 9.000,00 og stefnda Hermanni Ragnari kr. 9.000,00.

Miðvikudaginn 29. október 1986.

Nr. 278/1986. **Ákæruvaldið**

gegn

Jóhanni Kristni Þór Jónssyni

Kærumál. Kærufrestur. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. þ.m., er barst dóminum 23. s.m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar, þó þannig að gæsluvarðhaldstími verði ákvarðaður allt til miðvikudagsins 3. desember 1986 kl. 17.00. Krafa ákæruvalds um lengingu gæsluvarðhaldstíma kemur ekki til álita samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974, þar sem krafan kom eigi fram fyrr en 27. október sl., en ríkissaksóknari fékk vitneskju um hinn kærða úrskurð 23. s.m.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. október 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 22. október er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að framlengt verði gæsluvarðhald yfir Jóhanni Kristni Þór Jónssyni allt til miðvikudagsins 3. desember nk., en kærði var

úrskurðaður í gæsluvarðhald með úrskurði sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 8. október sl. sem rennur út í dag kl. 17:00.

Málavextir.

Kærði, Jóhann Kristinn, hefur viðurkennt í skýrslu, er hann gaf hjá RLR þann 13. þ.m. og fyrir dómi í dag, að hafa 6. október sl. ráðist fyrirvaralaust á miðaldra konu í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu, þar sem hún var að sinna leiðum, og nauðgað henni.

Kærði sætir nú geðrannsókn en niðurstaða hennar liggur eigi fyrir.

Brot það sem kærði er grunaður um getur varðað fangelsisrefsingu skv. 1. mgr. 194. gr. laga nr. 74, 1974.

Rannsókn máls þessa er vel á veg komin en þó er frumrannsókn eigi lokið og meðal annars liggur niðurstaða úr geðrannsókn eigi fyrir. Með vísan til hins alvarlega sakarefnis og þess sem að framan er rakið þykir rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. nóvember nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhann Kristinn Þór Jónsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. nóvember 1986 kl. 17:00.

Miðvikudaginn 29. október 1986.

Nr. 68/1985. **Ingimar Haukur Ingimarsson**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
G. Snorra Ingimarssyni
(Helgi V. Jónsson hrl.)

Sameign. Húsaleiga. Framleiguréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. mars 1985. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að sér verði einungis gert að greiða stefnda 16.721,95 krónur með 19% ársvöxtum af 9.648,73 krónum frá 1. janúar 1984 til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en síðan með dráttarvöxtum á mánuði hverjum sem hér segir: 4% frá 1. mars 1985 til 21. júní 1985, 3,5% frá þeim degi til 1. september 1985, 3,75% frá þeim degi til 1 mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl 1986 og 2,25% frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi að sér verði einungis gert að greiða stefnda 28.380,73 krónur með 19% ársvöxtum af 18.897,43 krónum frá 1. janúar 1984 til 1. janúar 1985 en síðan með vöxtum eins og í aðalkröfu segir.

Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms þó þannig að vextir verði dæmdir: 32% ársvextir frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar 1985, 39% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1985, en síðan mánaðarvextir sem hér segir: 4% frá 1. mars 1985 til 1. júní 1985, 3.5% frá þeim degi til 1. september 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl 1986 en 2,25% frá þeim degi til uppsögu dóms í málinu og síðan með hæstu vanskilavöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma til greiðsludags. Þá krefst stefndi einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Kröfur sínar um áframhaldandi leiguafnot af hinu leigða húsnæði á Klapparstíg 40, eftir að út rann leigumálinn frá 26. mars 1976, reisti áfrýjandi á því ákvæði leigusamningsins að hann skyldi að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til leigu á húsnæðinu nema húseignin yrði seld eða leigusali vildi notfæra sér húsnæðið sjálfur. Þetta verður að skilja svo að áfrýjandi hafi því aðeins átt rétt á nýjum leigusamningi að hann greiddi sömu leigu og hlítti þeim leigukjörum sem buðust frá öðrum. Ekki var leitað tilboða í leigu á húsnæðinu, enda var það í leiguafnotum, sem að hluta til að minnsta kosti skyldu standa til loka ársins 1983 með samþykki sameigenda áfrýjanda, gefnu meðan leigumálinn frá 26. mars 1976 var enn í gildi. Verður, eins og hér hagar til, að líta svo á að áfrýjandi hafi ekki getað beitt umræddum forleigurétti nema gegn því að greiða eigi

lægra leigugjald en þeir leigutakar guldu er húseignina nýttu á þessum tíma.

Það virðist að vísu hafa verið viðhorf áfrýjanda að vegna hins samningsbundna forleiguréttar ætti hann tilkall til áframhaldandi leiguafnota af húsnæðinu með sömu kjörum og ákveðin voru í leigusamningnum frá 1976, að minnsta kosti til ársloka 1983. Á þetta verður ekki fallist eins og áður var sagt. Verður ekki séð að áfrýjandi hafi byggt neinn rétt sér til handa á því að hinn fyrri leigumáli hefði framlengst sem ótímabundinn leigumáli vegna þess að ekki hefði verið gætt reglna 1. málsgreinar 16. greinar laga um húsaleigusamninga fyrr en einhvern tíma undir rekstri máls þessa í héraði. Var þó brýnt, eins og lögskiptum áfrýjanda og sameigenda hans var háttað, að hann gerði þeim grein fyrir því, ef hann taldi ótímabundinn leigumála hafa stofnast af framangreindri ástæðu, að hann hygðist krefjast áframhaldandi leiguréttar á þeim grundvelli. Hefðu sameigendur hans þá átt þess kost að slíta slíkum leigumála með uppsögn.

Í greinargerð til Hæstaréttar samkvæmt 44. gr. laga nr. 75/1973, er barst Hæstarétti í janúar 1986, krafðist stefndi staðfestingar héraðsdóms sem kveðinn var upp 17. janúar 1985. Að svo vöxnu máli er ekki efni til að sinna hinni nýju vaxtakröfu.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingimar Haukur Ingimarsson, greiði stefnda, G. Snorra Ingimarssyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. janúar 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. desember sl. höfðaði Guðmundur Snorri Ingimarsson, nnr. 3078-5452, Dalbraut 3, Reykjavík gegn Ingimar Hauki Ingimarssyni, nnr. 4681-1038, Klapparási 7, Reykjavík með þing-

festingu þess 19. janúar 1984. Framhaldssök í málinu þingfesti stefnandi 20. desember sl.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 76.223,54 með 19% ársvöxtum af kr. 59.320,37 frá 1. janúar 1984 til greiðsludags að frádregnum kr. 11.219,92 og málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda kr. 10.887,51 og málskostnaður verði látinn falla niður.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu en ekki tekist.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Með leigusamningi dagsettum 26. mars 1976 tók stefndi á leigu af föður sínum, Ingimar Guðmundssyni, húseignina Klapparstíg 40 hér í borg, sem er tvær hæðir og ris auk útihúss á lóðinni. Hins vegar náði samningurinn ekki til íbúðarskúrs sem er á lóðinni.

Leigutíminn var 5 ár frá 1. apríl 1976 að telja. Leigan var gkr. 50.000,00 og átti hún að breytast til hækkunar eða lækkunar samkvæmt húsaleiguvísitölu atvinnuhúsnæðis. Leigutakinn átti að greiða öll gjöld til hitaveitu og rafmagnsveitu og sjá um allar vátryggingar sem ekki voru lögboðnar.

Þá segir orðrétt í leigusamningnum:

„Leigutaki skal að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til áframhaldandi leigu á hinu leigða nema eignin verði seld eða leigusali vilji notfæra sér hið leigða sjálfur að leigutíma loknum. Leigusali samþykkir að leigutaki framleigi hið leigða að hluta eða öllu leyti. Leigutaka er heimilt að breyta hinu leigða húsnæði í skrifstofuhúsnæði."

Verslunin Leikfangaver hafði neðri hæð hússins á leigu þegar stefndi gerði leigusamninginn við föður sinn en stefndi hækkaði þó leigugreiðslur Leikfangavers í gkr. 50.000,00 þegar hann tók húsnæðið á leigu.

Stefndi kveðst hafa endurbætt húsið mikið og gert á því miklar breytingar. Hann rak sjálfur arkitektastofu á efri hæð hússins og í risi til að byrja með.

Hinn 3. júní 1978 urðu eigendaskipti að fasteigninni. Nýir eigendur voru aðilar þessa máls sem eru albræður og hálfsystkini þeirra, Nína Þórisdóttir og Friðrik Þórisson, en eignina fengu þau í arf eftir móður sína konu Ingimars Guðmundssonar. Átti hvert systkinanna fjórðung eignarinnar.

Síðar eignaðist stefndi 12,5% til viðbótar sínum hluta er hann keypti hálfan hluta Friðriks Þórissonar.

Hinn 19. febrúar 1979 leigði stefndi Othari Erni Petersen lögmanni, 2. hæð hússins og ris fyrir skrifstofur frá 1. janúar s.á. til 31. desember 1983. Leigan var kr. 65.000,00 á mánuði og átti að breytast til lækkunar eða

hækkunar samkvæmt húsaleiguvísitölu atvinnuhúsnæðis. Svofelld áritun er á leigusamningnum undirrituð af Nínu Þórdísi Þórisdóttur og Snorra Ingimarssyni:

„Leigusali er nú meðeigandi húsnæðisins og leigutaki til ársins 1981 en við undirritaðir meðeigendur samþykkjum samning þennan."

Stefndi flutti því skrifstofu sína úr húsinu.

Stefndi mun hafa gert sameigendum sínum grein fyrir stöðu reksturs húseignarinnar fyrst 27. júlí 1979 og síðan 29. febrúar 1980 og 26. júní 1981, „með hjálögðum gögnum yfir rekstraryfirlit fyrir tímabilið 3. júní 1978 til 31. mars 1981" eins og segir í bréfi stefnda til sameigenda hans um rekstur húseignarinnar. Bréf þetta munu sameigendurnir hafa fengið haustið 1981. Í niðurlagi þessa bréfs óskaði stefndi eftir því að fá leigusamning sinn framlengdan til 1. apríl 1983, og segir þetta nauðsynlega ráðstöfun fyrir sig til þess að geta staðið við þær skuldbindingar sem hann hafi tekið á sig vegna útleigu á sameigninni.

Fram kemur í bréfi sem sameigendur stefnda rita honum 31. október 1981 að þeir hafna beiðni hans um framlengingu leigusamnings en segja að skuldbindingar, sem hann hafi tekist á hendur við núvernadi leigutaka, standi áfram. Þá óska sameigendurnir eftir því að taka við rekstri allrar fasteignarinnar frá 1. janúar 1982 og að fá í hendur rekstrarbókhald fasteignarinnar eigi síðar en 15. janúar 1982.

Bréfi þessu svarar stefndi með bréfi dags. 25. nóvember 1981 og óskar eftir því að Friðrik, Nína og Guðmundur Snorri tilnefni einn aðila úr sínum hópi til þess að vera ábyrgðarmaður fyrir rekstri fasteignarinnar frá og með 1. janúar 1982 og verði skráður ábyrgðarmaður gagnvart opinberum aðilum.

Þessu bréfi svara systkinin þrjú með bréfi dags. 7. janúar 1982 svohljóðandi:

„Við þökkum þér bréf þitt dagsett 25. nóvember 1981. Jákvæðar undirtektir þínar um breytt rekstrarfyrirkomulag fasteignar okkar, Klapparstígur 40 hér í borg, eru vel þegnar.

Fyrir okkar hönd óskum við eftir því að rekstur eignarinnar verði fenginn í hendur óvilhalls aðila. Slíkt fyrirkomulag tryggir hverjum og einum eigenda forráð eignarhluta síns, afrakstur og skyldur. Við undirrituð systkini þín höfum farið þess á leit við hr. Skarphéðinn Þórisson hæstaréttarlögmann að hann annist þennan reksktur gegn eðlilegri þóknun og uns annað verði ákveðið. Hefur lögmaðurinn veitt jáyrði við þessari ósk.

Síðan að leigusamningur þinn gekk úr gildi 1. apríl 1981 liggur enginn lagalegur grundvöllur fyrir umsýslu þinni að rekstri fyrrnefndrar fasteignar. Slíkt ástand getur ekki talist æskilegt, hvorki fyrir leigutaka eða okkur fjögur er eignina eigum. Við gerum ráð fyrir, að þú sért búinn að tilkynna

leigutökum um væntanlegar breytingar er ræddar hafa verið í bréfaskiftum okkar.

Við væntum skriflegs svars frá þér sem fyrst. Líta ber á bréf þetta sem svar við bréfi þínu til okkar dagsettu 25. nóvember 1981."

Samningaumleitanir munu hafa átt sér stað á milli sameigendanna fyrri hluta árs 1982 þar sem stefndi óskaði eftir áframhaldandi leigu á húsnæðinu, en um það náðist ekki samkomulag.

Með bréfi dags. 2. mars 1983 krefst lögmaður sameigenda stefnda, Jón Ólafur Þórðarson hdl. þess að stefndi hætti öllum umráðum yfir húseigninni og leggi fram til endurskoðunar öll bókhaldsgögn frá upphafi sameignar til þess dags að bréfið var ritað. Bókhaldsgögnin munu hafa verið lögð fram 20. apríl 1983 og með bréfi dags. 1. júní 1983 krefur lögmaðurinn stefnda um greiðslu á fé sem hann telur stefnda skulda umbjóðendum sínum, og miðar útreikninga sína fyrst og fremst við að í þeirra hlut komi sama hlutfall af leigutekjum frá 3. júní 1978 að frádregnum reksturskostnaði fasteignarinnar og nam eignarhluta þeirra í fasteigninni. Þessari kröfu mun stefndi hafa hafnað og ekki talið sig eiga að standa skil á meiri leigu en leigusamningur hans frá 26. mars 1978 kvað á um.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að hann eigi sem eigandi fjórðungs húseignarinnar Klapparstíg 40 að fá greidan samsvarandi hlut af þeim leigutekjum sem húseignin hafi gefið af sér frá upphafi eignartíma hans til loka árs 1983, að frádregnum þeim kostnaði sem honum hafi borið að greiða til þess tíma að fasteignin var seld stefnda í september 1984. Samkvæmt gögnum sem frá stefnda stafi sé um að ræða þá fjárhæð sem krafist sé að stefndi greiði. Þessar tölur séu í sjálfu sér ekki umdeildar að öðru leyti en því að stefndi telji vátryggingariðgjöld til kostnaðar, en þau séu stefnanda óviðkomandi þar sem ekki sé um að ræða vátryggingu á húseigninni sjálfri heldur lausafé.

Í þessari deilu skipti ekki máli þótt stefndi hafi haft forleigurétt að húseigninni samkvæmt leigusamningnum frá 1976. Honum hafi verið synjað af sameigendum sínum um að fá húseignina áfram á leigu þegar leigutíma hans hafi lokið 31. mars 1981, en þá hafi stefndi verið búinn að framleigja allt húsnæðið. Forleigurétturinn heimili stefnda ekki að miða greiðslur til sameigenda sinna frá lokum leigutíma síns við þá fjárhæð sem hann hafi sjálfur greitt samkvæmt leigusamningnum frá 1976 heldur eigi hann að standa sameigendum skil á þeirri leigu sem í raun hafi verið greidd fyrir húsnæðið.

Engar tekur hafi verið af íbúðarskúr á lóð hússins að Klapparstíg 40 og geti stefndi ekki notað ímyndaðar tekjur af því húsnæði til skuldajafnaðar kröfu stefnanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að stefnanda og öðrum sameigendum

hans hafi verið skylt að bjóða stefnda áframhaldandi leigu á húsnæðinu að Klapparstíg 40 þegar leigusamningurinn rann út vegna þess að stefndi hafi átt forleigurétt að því. Það hafi sameigendurnir ekki gert og ekki hafnað forleiguréttinum fyrr en 31. október 1981. Stefndi hafi lagt í miklar endurbætur á húseigninni og staðið vel að þeim. Meta verði forleiguréttindin með hliðsjón af því. Stefndi hafi verið reiðubúinn að semja um hærri leigu en þá sem hann hafi greitt fram til 1981, en því hafi ekki verið sinnt. Því sé haldið fram af stefnda að samningurinn frá 1981 hafi verið í gildi til ársloka 1983 samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 44/1979, en leigusamningnum hafi aldrei verið sagt upp að lögum.

Forleiguréttur stefnda hafi verið í gildi þótt hann hafi framleigt allt húsnæðið enda geti forleiguréttur verið viðskiptalegs eðlis eingöngu. Stefndi hafi haft hagsmuni af því að hafa húsnæðið áfram á leigu og hagnast á þeim viðskiptum. Ekkert réttarsamband hafi verið á milli stefnanda og framleigjendanna og hann því enga aðild átt að framleigusamningunum. Því beri stefnda ekki að standa stefnanda skil á hærri fjárhæð en nemi þeirri leigu er leigusamningurinn frá 1976 kveði á um að frádregnum kostnaði við rekstur húseignarinnar.

Þá beri að draga frá kröfu stefnanda tekjur sem til hafi átt að falla af íbúðarskúr á lóð hússins að Klapparstíg 40.

Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt leigusamningnum sem gerður var 26. mars 1976 átti stefndi forleigurétt á húsnæðinu að Klapparstíg 40 að öðru jöfnu, nema leigusali vildi notfæra sér hið leigða sjálfur eða selja húsnæðið.

Þegar leigutíminn rann út 1. apríl 1981 hafði stefndi framleigt húsnæðið allt samkvæmt heimild í leigusamningnum og var sjálfur fluttur úr því með atvinnustarfsemi sína. Stefndi taldi sér þá nauðsynlegt að fá húsnæðið áfram á leigu til þess að geta staðið við þær skuldbindingar sem hann hafði tekist á herðar með framleigusamningunum og óskaði eftir því með vísan til forleiguákvæðisins í leigusamningnum að fá húsnæðið leigt til 1. apríl 1983.

Sameigendur stefnda synjuðu um áframhaldandi leigu með bréfi dags. 31. október 1981, samþykktu að framleigusamningarnir stæðu áfram, en óskuðu eftir því að taka við rekstri fasteignarinnar frá 1. janúar 1982.

Í bréfi til sameigenda sinna dags. 25. nóvember 1981 segir stefndi að þar sem þeir hafi óskað eftir því að taka við rekstri fasteignarinnar telji hann rétt að fulltrúi meirihluta sameigendanna sé skráður sem ábyrgðarmaður hennar gagnvart opinberum aðilum og óskaði eftir tilnefningu hans.

Sameigendur stefnda tilnefndu síðan hæstaréttarlögmann hér í borg til þess að annast reksturinn af sinni hálfu. Upphófust síðan samninga-

viðræður á milli lögmanna aðila um áframhaldandi leigu stefnda en fóru út um þúfur líklega á fyrri hluta árs 1982. Sameigendur stefnda tilnefndu síðan nýjan fulltrúa sinn, líklega í ársbyrjun 1983.

Ljóst er að stefnandi og aðrir sameigendur stefnda sögðu ekki upp húsnæðinu samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 44/1979 sbr. 1. mgr. 79. gr. sömu laga. Hvergi kemur fram frá því að leigusamningurinn frá 1976 rann út 31. mars 1981 þar til mál þetta var höfðað 19. janúar 1984 að stefndi byggði rétt á framannefndri 16. gr. Þykir því um seinan séð fyrir stefnda að byggja nú kröfur sínar á því að leigusamningurinn frá 1976 hafi sjálfkrafa framlengst til 31. desember 1983 og verður sú málsástæða hans ekki tekin til greina.

Í máli þessu er fyrst og fremst deilt um það á hvaða leigutekjum stefndi á að standa stefnanda skil sem sameiganda sínum að húsnæðinu. Stefndi hefur frá upphafi haldið því fram að hann hafi átt forleigurétt að húsnæðinu og samkvæmt því eigi hann ekki að greiða til stefnanda og annarra sameigenda sinna hærri leigu en nemur framreiknaðri húsaleigu eins og hún var ákveðin í leigusamningnum frá 1976. Stefndi byggir kröfur sína á þessum grundvelli.

Á þetta er ekki hægt að fallast. Þótt stefndi hafi átt forleigurétt verður að líta svo á að sá réttur hafi ekki heimilað honum að miða greiðslur til sameigenda við lægri leigu en húsnæðið sannanlega gaf af sér á þeim tíma er hann krafðist forleiguréttarins að frádregnum reksturskostnaði.

Ekki er að finna ákvæði í leigusamningnum frá 1976 um að leiga skuli lækka vegna endurbóta leigutaka á húsnæðinu og þess ber að gæta að leiga virðist hafa verið lág þar sem stefni gat þegar í upphafi leigutímans leigt neðri hæð hússins fyrir sömu upphæð og hann þurfti að greiða í leigu af húsnæðinu öllu.

Stefndi gerir kröfu til þess að til frádráttar greiðslum hans til stefnanda komi fjórðungur leigu fyrir íbúðarskúr á lóð Klapparstígs 40 fyrir tímabilið frá 1. apríl 1981 til 31. desember 1983, miðað við leigu kr. 500,00 á mánuði í apríl 1981 framreiknaða með húsaleiguvísitölu.

Íbúðarskúr þessi var undanskilin leigutöku stefnda á húseigninni Klapparstíg 40. Hann varð eign aðila þessa máls og sameigenda þeirra að húseigninni að Klapparstíg 40 3. júní 1978. Ekkert liggur fyrir um að sameigendur hafi samþykkt að taka leigu af þeim sem þar bjuggu á framangreindu tímabili. Samkvæmt því og að öðru leyti þykir þessi krafa stefnda ekki uppfylla þau skilyrði sem nauðsynleg eru til þess að hún geti komið til skuldajafnaðar kröfum stefnanda.

Samkvæmt framanskráðu þykir rétt að taka kröfur stefnanda til greina þó með þeim breytingum sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.

Samkvæmt leigusamningi stefnda frá árinu 1976 átti hann að sjá um allar

vátryggingar sem ekki voru lögboðnar. Stefndi gerir þá kröfu að stefnandi taki að sínum hluta þátt í greiðslu iðgjalda vegna vátryggingar á innréttingum í húsnæðinu en það telur stefnandi sér ekki skylt. Ekki er að fullu upplýst um hvaða innréttingar er að ræða. Samkvæmt kvittunum fyrir greiðslu iðgjalda af hinni umdeildu vátryggingu þykir verða að byggja á því að innréttingar þessar hafi tilheyrt húsnæðinu, en stefnandi hefur ekki sýnt fram á að þær hafi verið húsnæðinu og rekstri þess óviðkomandi. Því þykir rétt að stefnandi taki þátt í kostnaði vegna þessarar vátryggingar frá 1. apríl 1981 þegar leigutíma stefnda lauk til 1. september 1984 þegar sameigendurnir seldu húsnæðið, en stefndi einn fram til 1. apríl 1981.

Í útreikningi stefnanda á kröfum sínum eru þessi vátryggingariðgjöld færð stefnanda til gjalda árin 1979 og 1980 en það kemur ekki heim og saman við það sem stefnandi heldur fram um skyldu sína til að greiða þessi gjöld. Árin 1981 til 1984 eru þau hins vegar ekki færð stefnanda til gjalda. Þegar útreikningi á kröfum stefnanda hefur verið breytt til samræmis við framangreinda niðurstöðu dómsins um þetta deiluatriði lækkar krafan um greiðslu höfuðstóls um kr. 1.051,50.

Stefndi hafði með samþykki sameigenda sinna rekstur húseignarinnar að Klapparstíg 40 með höndum frá því að þeir eignuðust hana árið 1978 þar til leigutími hans rann út 1. apríl 1981. Á þessum tíma var lítill arður af húseigninni og þykir réttlætanlegt að stefndi hefði á hverjum tíma nokkurt fé í sjóði til þess að mæta kostnaði. Það er fyrst á árinu 1981 að nokkur hagnaður verður af rekstrinum og þykir rétt að miða við að stefndi standi stefnanda skil á vöxtum frá 1. apríl 1981 af þeirri innstæðu sem stefnandi átti hjá stefnda þá og síðan af innstæðunni eins og hún var 31. desember 1981 og 31. desember 1982. Ennfremur af leigutekjum hvers mánaðar árið 1983. Hins vegar verða kröfur stefnanda um að stefndi greiði honum vaxtavexti ekki teknar til greina.

Áfallnir vextir af innstæðu stefnanda hjá stefnda í lok ársins 1982, sem eru hluti af höfuðstólskröfu stefnanda sem hann krefst vaxta af frá 1. janúar 1984, reiknast vera kr. 3.975,00, en eins og kröfur stefnanda eru byggðar upp þykir eðlilegast að bæta þessari fjárhæð við þann hluta þeirra sem er um vaxtagreiðslur.

Stefnandi gerir þá kröfu að stefndi greiði sér kr. 4.960,60 í vexti til loka árs 1982 og verður að draga þá fjárhæð frá höfuðstólskröfunni áður en ákveðið er af hvaða fjárhæð stefndi á að greiða vexti frá 1. janúar 1984.

Þá ber að taka til greina kröfu stefnda um að stefnandi greiði sinn hluta af fasteignagjöldum og vátryggingariðgjöldum ársins 1984 með kr. 10.296,00.

Stefnandi féllst á að greiða sinn hluta af viðgerðarkostnaði sem til féll í júlí 1983, kr. 2.062,25.

Rétt þykir að miða við að fyrri fjárhæðin komi til lækkunar á höfuðstól skuldar stefnda við stefnanda 20. mars 1984 en hin síðari 1. júlí 1983 og lækka því vaxtagreiðslur frá þessum dögum að sama skapi.

Þá er að finna reikningsskekkjur í kröfugerð stefnanda miðað við þau fylgiskjöl sem hann byggir kröfur sínar á fyrir árið 1981 og leiðrétting á henni hefur það í för með sér að tekjur stefnanda eru vantaldar um kr. 1.715,00.

Stefnandi lækkaði höfuðstólskröfu sína um kr. 2.102,00 vegna vantalinna fasteignagjalda ársins 1981 miðað við þann útreikning sem hann lagði til grundvallar eða úr kr. 61.422,37 í kr. 59.320,37.

Útreikningar dómsins á kröfum stefnanda og leiðréttingar ná til fasteignagjalda ársins 1981. Því verður að taka tillit til lækkunar stefnanda um kr. 2.102,00 í endanlegri niðurstöðu um það hver sá höfuðstóll er sem stefndi á að greiða stefnanda.

Áður er greint frá því að krafa stefnanda lækkar um kr. 1.051,50 + 4.960,60 + 10.296,00 + 2.062,25 eða samtals kr. 18.370,35.

Þar sem úteikningar dómsins til leiðréttingar á kröfum stefnanda eru miðaðar við niðurstöðutöluna kr. 61.422,37 ber að lækka hana um kr. 18.370,35 en hækka um kr. 2.102,00 sem stefnandi hafði áður dregið frá niðurstöðutölunni og kr. 1.715,00 vegna vantalinna tekna stefnanda árið 1981. Samkvæmt þessum útreikingum verður höfuðstólskrafa stefnanda kr. 46.869,00 og má taka hana til greina með þeirri fjárhæð.

Hluti af kröfum stefnanda eða kr. 16.903,17 er vegna vaxta af því fé sem stefnandi taldi sig eiga inni hjá stefnda í ársbyrjun 1983 og af þeim tekjum sem féllu til á því ári. Inneign stefnanda hjá stefnda nam kr. 27.252,10 í ársbyrjun 1983 fyrir utan vexti sem fallið höfðu til fyrir þann tíma kr. 3.975,00 eins og að framan er getið. Vextir af inneign stefnanda til ársloka 1982 og vextir árið 1983 af inneign stefnanda í ársbyrjum 1983 og það ár reiknast vera kr. 18.436,00 og má taka þennan lið krafna stefnanda til greina með þeirri fjárhæð.

Niðurstaðan er því sú að stefnda beri að greiða stefnanda samtals kr. 65.305,00, en þar sem stefnandi hefur einungis krafist kr. 65.004,00 ber að dæma þá fjárhæð og 19% ársvexti af kr. 57.165,00 frá 1. janúar 1984 til 20. mars s.á. og af kr. 46.869,00 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson borgardómari og meðdómsmennirnir Garðar Valdimarsson og Sævar Þ. Sigurgeirsson endurskoðendur.

Dómsorð:

Stefndi, Ingimar Haukur Ingimarsson, greiði stefnanda Guðmundi Snorra Ingimarssyni, kr. 65.004,00 með 19% ársvöxtum af kr. 57.165,00 frá 1. janúar 1984 til 20. mars s.á. og af kr. 46.869,00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 30. október 1986.

Nr. 98/1985. **Hraðfrystihúsið Norðurtangi h/f**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claesen hrl.)

Skattar. Verðbreytingarfærsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1985. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Um slit á Olíusamlagi útvegsmanna segir m.a. í 20. gr. félagslaga þess: „Eignum félagsins skal ráðstafað til sölu af skilanefnd, sem að öðru leyti framkvæmir reikningsskilin og nettó andvirði eignanna skal skiptast milli félagsmanna í réttu hlutfalli við bókaðar eignir þeirra hjá félaginu.“ Stofnsjóðsinnstæða sú, er mál þetta snýst um, felur ekki einvörðungu í sér tiltekna peningakröfu, heldur fylgir henni réttur til hlutdeildar í því óskipta eiginfé sem félagið á eða eignast kann. Ekki þykja þær hömlur, sem á meðferð hennar

hvíla samkvæmt félagslögum, eiga að ráða úrslitum málsins. Verður því að telja stofnsjóðsinneign þessa vera eignarhluta í félagi í merkingu 3. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1981.

Í 12. gr. félagslaga Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna segir að verði rekstrarafgangur hjá félaginu, geti aðalfundur ákveðið að leggja hann eða hluta af honum í sjóð er nefnist arðjöfnunarsjóður. Síðan segir: „Félagsmenn eiga arðjöfnunarsjóð og eignir félagsins umfram bókfært verð í réttu hlutfalli við útflutningsverðmæti hvers og eins." Samkvæmt 4. gr. félagslaganna er stofnsjóður myndaður af tilteknu inntökugjaldi fyrir hvert hraðfrystihús auk 3 ‰ af andvirði seldra afurða gegnum Sölumiðstöðina á fyrsta heila starfsári hraðfrystihússins. Stofnsjóðurinn er „séreign hvers félaga." Samkvæmt þessu verður eigi talið að stofnsjóðsinnstæðunni fylgi réttur til hlutdeildar í eiginfé félagsins. Verður hún því ekki talin eignarhluti í félagi í skilningi 3. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1981. Áfrýjanda var þar af leiðandi rétt að telja hana með í útreikningi sínum yfir tekjur og gjöld vegna verðbreytinga.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru en því að færa skal meðal eigna við útreikning á verðbreytingarfærslu í ársreikningi áfrýjanda, Hraðfrystihússins Norðurtanga h/f, árið 1981, stofnsjóðsinneign í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hinn 31. desember 1980 að fjárhæð 2.806,00 gkrónur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 27. febrúar 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum aðalflutningi 12. febrúar 1985, höfðaði fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fyrir bæjarþingi Ísafjarðar gegn Guðmundi M. Jónssyni stjórnarformanni, Sundstræti 43 á Ísafirði, f.h. Hraðfrystihússins Norðurtanga hf. á Ísafirði með stefnu birtri 9.mars 1984.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að Hraðfrystihúsinu Norðurtanga hf. sé óheimilt að færa meðal eigna við útreikning á verðbreytingarfærslu í ársreikningi 1981, fylgiskjali með skattframtali félagsins 1982, stofnsjóðsinneign félagsins í Olíusamlagi útvegsmanna á Ísafirði hinn 31. desember 1980 að fjárhæð gkr. 11.465.554 og stofnsjóðs-

inneign í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna að fjárhæð gkr. 2.806 og stefnda sé skylt að þola endurákvörðun ríkisskattstjóra á tekjuskattsstofni og tekjuskatti hans gjaldárið 1982 í samræmi við það. Þá er krafist málskostnðar úr hendi stefnda að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir:

Tildrög mála eru þau að við athugun skattframtals Hraðfrystihússins Norðurtanga hf. 1982 óskaði skattstjóri Vestfjarðaumdæmis með bréfi 6. desember 1982 m.a. skýringa á tölum á verðbreytingarfærslublaði eignamegin í dálknum „Skuldabréf til lengri tíma en eins árs og aðrar langtímakröfur."

Bent var á að samkvæmt leiðbeiningum á bakhlið eyðublaðsins teldust stofnsjóðseignir í samvinnufélögum og eignarhlutir í félögum ekki til eignar í þessu sambandi.

Með bréfi 28. desember 1982 svaraði stefndi þessari fyrirspurn og vísaði til svarbréfs síns 24. desember 1982 við fyrirspurn í bréfi skattstjóra 22. mars 1982 varðandi framtal 1981. Í því bréfi segir m.a.: „Á bakhlið eyðublaðs um verðbreytingarfærslu kemur fram að til eigna í þessu sambandi skuli ekki telja hlutabréf og stofnsjóðsinneignir í samvinnufélögum. Þetta er eðlilegt vegna þess að arður og vaxtatekjur af slíkum eignum eru að mestu skattfrjáls. Tekjur af stofnsjóðsinneign í samlagsfélagi eru aftur á móti skattskyldar og því rökrétt að slík eign komi til útreiknings verðbreytingarfærslu. Bakhlið verðbreytingarblaðs tekur ekki á slíku tilviki. Í 53. gr. laga 75/1981 kemur fram, að eignahlutar í félögum skulu ekki teljast til eignar í þessu sambandi. Með þessum málslið er greinin komin í andstöðu við tilgang sinn, sem er að jafna út verðbólguáhrifin í rekstrarreikningi. Út frá þessu óskast framsetning verðbreytingarfærslublaðs tekin gild."

Skattstjóri hafnaði því að eignarhlutur stefnda kæmi inn í verðbreytingarfærslu og endurákvarðaði opinber gjöld gjaldárið 1982 með úrskurði 7. janúar 1983. Umboðsmaður stefnda kærði úrskurðinn til lækkunar með kærubréfi 1. febrúar 1983. Skattstjóri tók kæruna til efnislegrar meðferðar í úrskurði 10. febrúar 1983. Skattstjóri hafnaði kröfum stefnda varðandi útreikning verðbreytingargjaldfærslu með vísun til 3. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1981 og nánari skýringa á bakhlið verðbreytingarfærslublaðs, og bæri ekki að telja eignarhluti í félögum og stofnsjóðseignir til eigna er færðust á verðbreytingarfærslublaði.

Umboðsmaður stefnda kærði úrskurð skattstjóra til ríkisskattanefndar með kærubréfi 10. mars 1983.

Með bréfi 9. maí 1983 til ríkisskattanefndar gerði ríkisskattstjóri þá kröfu fyrir hönd gjaldkrefjenda að úrskurður skattstjóra yrði staðfestur.

Með úrskurði ríkisskattanefndar 19. ágúst 1983 var sú krafa stefnda að honum yrði heimilað að telja meðal eigna þeirra, er mynda eiga stofn til útreiknings verðbreytingarfærslu í ársreikningi 1981, stofnsjóðseign að fjárhæð gkr. 11.465.554,00 í Olíusamlagi útvegsmanna á Ísafirði og stofnsjóðseign í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna að fjárhæð gkr. 2.806,00 tekin til greina.

Þar sem stefnandi hafði í hyggju að bera lögmæti úrskurðar ríkisskattanefndar 19. ágúst 1983 undir dómstóla óskaði hann eftir því við ríkisskattstjóra með bréfi 13. janúar 1984 að reiknaðir yrðu út skattar stefnda eins og þeir ættu að vera ef krafa hans um það, að stofnsjóðseign í samlagi verði felld niður við útreikning verðbreytingarfærslu, næði fram að ganga. Ríkisskattstjóri svaraði erindi stefnanda 19. janúar 1984 og lét honum í té útreikninga, sem unnir voru af Guðmundi Guðbjarnasyni, viðskiptafræðingi hjá ríkisskattstjóra, á hugsanlegri endurkröfufjárhæð ríkissjóðs. Þar segir svo:

„Samkvæmt niðurstöðu í úrskurði ríkissattanefndar nr. 452 frá 19. ágúst 1983 námu hreinar tekjur gjaldanda kr. 966.952 rekstrarárið 1981 og var álagður tekjuskattur af þeirri fjárhæð gjaldárið 1982 kr. 501.294. Sé breyting sú er ríkisskattanefndin gerði á úrskurði skattstjóra varðandi verðbreytingarfærslu í framtali gjaldandans felld niður verða hreinar tekjur hans kr. 1.028.296 og tekjuskattur kr. 501.294. Mismunurinn nemur kr. 29.904 í tekjuskatti.

Gjaldfærslà skv. 53. gr. laga nr. 75/1981 af svonefndri stofnsjóðseign kr. 114.684 nam 53,49% eða kr. 61.344.

Í samræmi við venju sem skapast hefur ber að fallast á að 25% varasjóðstillag af hækkun þeirri er leiðir af bakfærslu umræddrar fjárhæðar heimilist til lækkunar gjaldstofns.

Útreikningurinn er þannig samandreginn:

Framtal Norðurtangans hf. (Hraðfr.h. Norðurtangi hf.) gjaldárið 1982:

Hreinar tekjur skv.úrskurði rskn. nr. 452/1983		kr.	966.952
Krafa:	Lækkun gjaldfærslu 53,49% af 114.684	"	61.344
"	Hreinar tekjur	kr.	1.028.296
	25% varasjóðstillag	"	257.074
	Tekjuskattsstofn	kr.	771.222
	Tekjuskattur 65%	" kr.	501.294
Tekjuskattur skv. úrskurði ríkisskattanefndar		"	471.390
Mismunur — Endurkrafa		kr.	29.904"

Málsástæður og lagarök:

Stefnandi reisir málsókn sína á því að dómstólar eigi endanlegt úrlausnarvald í máli þessu.

Stefnandi mótar kröfugerð sína með hliðsjón af ákvæðum 11. mgr. 100. greinar laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt, en í þeirri grein segi, að úrskurður ríkisskattanefndar sé fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna megi bera undir dómstóla.

Samkvæmt þessu gerir stefnandi kröfu um viðurkenningardóm og að stefnda verði dæmt að þola endurákvörðun skattyfirvalda á tekjuskattsstofni og tekjuskatti gjaldárið 1982 til samræmis við kröfu stefnanda í máli þessu. Sú venja hafi myndast í framkvæmd að ríkisskattstjóri reikni að nýju skatta gjaldenda í þeim tilvikum er breyta beri skatti og skattstofni samkvæmt dómi.

Stefnandi bendir á að samvæmt beinu ákvæði 3. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1981 teljist ekki til eigna við uppgjör þetta verðtryggðar eignir, eignir sem haldi verðgildi sínu við almennar verðhækkanir eða eignir sem heimilt sé að endurmeta samkvæmt lögum án þess að verðbætur af þeim, hækkun á peningaverði þeirra eða endurmat þeirra, teljist til tekna samkvæmt lögunum. Til þessara eigna teljist m.a. fyrnanlegar eignir, íbúðarhúsnæði og aðrar ófyrnanlegar fasteignir og eignarhlutar í félögum.

Stefnandi telur stofnsjóðsinneign stefnda í Olíusamlagi útvegsmanna og S.H. ótvírætt eignir sem haldi verðgildi sínu við almennar verðhækkanir án þess að verðhækkunin teljist til tekna, og sem eignarhlutir í félagi megi ekki taka þær eignir með við uppgjör verðbreytingarfærslu samkvæmt beinu ákvæði 53. gr. laganna.

Stefnandi segir að með lögfestingu laga nr. 40/1978 um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1980 um breytingu á þeim lögum, sbr. nú lög nr. 75/1981, hafi verið mörkuð ný stefna varðandi áhrif verðbólgunnar á skattlagningu í atvinnurekstri. Í lögunum sé sú leið farin að setja fram tiltölulega einfaldar reglur sem taki mið af áhrifum verðlagsbreytinga og hafi áhrif til lagfæringar á hagnaðar- og eignahugtaki að því er tekur til atvinnurekstrar. Í megindráttum gangi lögin út frá því að ákvarða skattskyldar tekjur atvinnurekstrarins, þ.e. tekjuskattsstofninn, þannig að það sé sá hagnaður sem er mismunur á eign fyrirtækis í upphafi og lok ákveðins tímabils án þess að möguleikar þess til að viðhalda sömu starfsemi eða rekstrarafkomu séu skertir. Almenn áhrif verðbólgu komi fram í hefðbundnum reikningsskilum fyrirtækis. Peningaeignir verði verðminni og eigandi þeirra tapi en skuldari hagnist. Fasteignir, vélar og tæki haldi oftast verðmæti sínu en eignfærsla þeirra og afskriftir séu ekki í samræmi við verðmæti þeirra á hverjum tíma ef hefðbundnum reikningsskilaaðferðum sé beitt. Ef mæla eigi mismun á raunverulegri eign fyrirtækis í upphafi og lok ákveðins tíma-

bils samkvæmt áðurnefndri hagnaðarskilgreiningu þurfi að leiðrétta áhrif verðbreytinga á hagnað og eigið fé fyrirtækisins. Vandamálið hafi verið að finna einfaldar reglur sem taki mið af áhrifum verðlagsbreytinga og hafi áhrif til lagfæringa á hagnaðar- og eignahugtakinu. Í lögunum sé farin leið sem óhjákvæmilega feli í sér nokkra annmarka, en á það sé að líta að ekki virðist fyrir hendi algildar leiðir til úrbóta sem hafi sveigjanleika í takt við verðbólguna á hverjum tíma. Reglur laganna einkennist þannig sumpart af því sjónarmiði að nauðsyn einfaldra og skýrra reglna nái fram að ganga í lögunum á kostnað nákvæmni. Í lögunum sé kveðið á um leiðréttingu á verðmæti eigna fyrirtækisins. Í fyrsta lagi með endurmati fyrnanlegra eigna, sbr. 36. gr. laganna. Í öðru lagi skuli fyrirtækið færa upp svokallaða verðbreytingarfærslu samkvæmt 53. gr. laganna, en inn í þann útreikning komi eignir sem ekki hafi tekið leiðréttingum gagnvart verðbólguáhrifum samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Samkvæmt 53. gr. komi vissar eignir inn í grundvöllinn og frá þeim dragist síðan að meginstefnu til allar skuldir skattaðila. Greinin skilji milli ýmissa tegunda eigna. Í fyrsta lagi sé gerður greinarmunur á eignum sem hækki í verði við almennar verðhækkanir og eignum sem geri það ekki. Í því efni ráði útslitum hvort eign sé þess eðlis að almennt séð hækki slíkar eignir í verði, en það skipti ekki máli við uppfærslu verðbreytingarfærslu hvort umrædd eign hafi í reynd hækkað í verði. Dæmi um eign, sem hækki í verði við almennar verðhækkanir, sé t.d. hlutabréf, en innstæða á bankabók sé aftur á móti eign sem engum slíkum breytingum taki. Til eigna, sem eru verðtryggðar eða hækka í verði við almennar verðhækkanir og teknar eru með í þennan útreikning, teljist þær eignir sem verðhækkunin telst til skattskyldra tekna, t.d. verðtryggðar innistæður. Niðurstaðan sé því sú að allar peningalegar eignir komi inn í þennan útreikning. Eignir, sem eru endurmetnar samkvæmt öðrum ákvæðum skattalaganna, komi ekki inn í þennan útreikning, enda gerist þess engin þörf þar sem þær hafi þegar tekið leiðréttingum vegna verðbólguáhrifa. Samkvæmt beinu ákvæði greinarinnar komi vörulagerinn og helmingur af matsverði bústofnsins inn í uppgjör þetta sem þá samanstandi af peningalegum eignum + vörulager (bústofn) ÷ skuldirnar. Stefnandi telur að heildstætt eigi reglur þessar að tryggja óbreytt raunvirði eigin fjár fyrirtækisins í upphafi og lok ákveðins tímabils. Mismunurinn sé þá hagnaður eða tap fyrirtækisins.

Þá bendir stefnandi á að samkvæmt ákvæðum stofnsamnings og laga fyrir Olíusamlag útvegsmanna á Ísafirði sýnist ótvírætt að eignarhluti félagsmanns í félaginu sé í öllum tilvikum ákvarðaður sem tiltekin hlutdeild í nettóeign félagsins. Eignarhlutinn sé þannig verðtryggður í þeim skilningi að hann hækki í verðgildi í samræmi við þá hækkun sem verði á verðgildi eigna félagsins í verðbólgunni. Þannig geti félagsaðili við félagsslit fengið

úthlutaðri hlutdeild af nettóandvirði eigna félagsins í hlutfalli við stofnsjóðseign sína. Á sama hátt sýnist hann í öllum tilvikum geta hagnýtt sér fullt verðgildi hlutdeildar sinnar í eignum félagsins við úrgöngu úr því. Samkvæmt 18. gr. laga um tekju- og eignarskatt teljist verðhækkun eignarhluta í samlagsfélagi ekki til skattskyldra tekna við sölu nema að því marki sem hún fer fram úr almennri verðbólgu sem við er miðað í 26. gr. laganna. Stefnandi leggur áherslu á að það ráðist ekki af reglum um skattalega meðhöndlun arðs og vaxtatekna, hvort eign komi inn í uppgjör þetta. Höfuðmáli skipti að 53. gr. kveði á um í fyrsta lagi að í uppgjör þetta komi ekki eignir sem séu endurmetnar samkvæmt öðrum ákvæðum laganna né eignir sem haldi verðgildi sínu við almennar verðhækkanir ef sú verðmætisaukning eignarinnar teljist ekki til skattskyldra tekna. Í öðru lagi taki greinin skýrt af skarið um að eignarhlutir í félögum eigi ekki að koma inn í þetta uppgjör.

Stefnandi telur því með vísun til ákvæða 53. gr. laga nr. 75/1981 að stefnda sé óheimilt að færa við uppgjör verðbreytingarfærslu inneign sína í stofnsjóði Olíusamlags útvegsmanna á Ísafirði og í stofnsjóði Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Leiði þetta af því ákvæði greinarinnar er afdráttarlaust taki af skarið um að eignarhlutar í félögum komi ekki inn í uppgjör þetta. Ennfremur af því ákvæði 53. gr., að til eigna í sambandi við uppgjör þetta teljist ekki verðtryggðar eignir og eignir sem haldi verðgildi sínu við almennar verðhækkanir án þess að verðbætur af þeim eða hækkun á peningaverði þeirra teljist til tekna samkvæmt lögunum, en af 18. gr. laga um tekju- og eignarskatt sé einsýnt, að stofnsjóðseign stefnda í samlagsfélagi falli þar undir. Það styðji og þessa niðurstöðu að samkvæmt 4. mgr. 53. gr. sé sérstaklega tilgreint að til skulda við uppgjör þetta teljist ekki hlutafé, stofnsjóðir, stofnfé, endurmatsreikningar, varasjóðir og aðrir eiginfjárreikningar.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á þeim rökum að stofnsjóðsinneignir hans í Olíusamlagi útvegsmanna á Ísafirði og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna beri að færast meðal eigna á útreikningi á verðbreytingarfærslu samkvæmt 3. málsgrein 53. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt eins og þeim lögum var breytt með lögum nr. 7/1980, sbr. nú lög nr. 75/1981. Stefndi bendir á, að í 2. gr. tekjuskattslaga sé tiltekið á hvaða lögaðilum skattskylda hvíli og sé þar greint á milli fimm flokka lögaðila. Í lögunum sé síðan ávallt vitnað í þessa flokka en þeir aldrei meðhöndlaðir sem ein heild. Eignir og tekjur þessara lögaðila séu meðhöndlaðar á mismunandi vegu samkvæmt skattalögunum þótt töluverðs samræmis gæti hjá hlutafélögum og sameignarfélögum. Jafnframt séu mun ítarlegri ákvæði um skattlagningu þessara tveggja flokka lögaðila en annarra lögaðila. Ofangreind tvö félagaform, þ.e. hlutafélög og sameignarfélög, njóti samkvæmt

skattalögum verulegs skattalegs hagræðis fram yfir aðra rekstraraðila ef samvinnufélög séu undanskilin. 53. gr. kveði á um að eignarhlutar í félögum skuli ekki teljast til eigna við útreikning samkvæmt 2. mgr. greinarinnar. Greinin kveði ekkert nánar á um það hvað felist í orðinu félag, en við könnun á því hvaða lögaðilar falli þar undir verði að líta til áðurnefndrar sundurliðunar laganna á lögaðilum og þess tilgangs greinarinnar m.a. að reikna til gjalda eða tekna áhrif verðbólgu á peningastöðu rekstursaðila. Jafnframt beri að líta til þess sjónarmiðs að skattalög eigi að skýra þröngt, þ.e. að heimildin til skattlagningar þurfi að vera ótvíræð.

Stefndi segir að þegar litið sé til stofnsamnings og laga fyrir Olíusamlag útvegsmanna og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna komi fram að hér sé um mjög sérstök rekstrarform að ræða. Félagsmenn í SH geti þeir einir orðið sem reki hraðfrystihús. Sé ákveðið inntökugjald sem skuli renna í sjóð, er nefnist stofnsjóður og er séreign hvers félags. Verði rekstrarafgangur hjá félaginu geti aðalfundur ákveðið að leggja hann eða hluta af honum í sérstakan sjóð er nefnist arðjöfnunarsjóður. Að öðru leyti skiptist rekstrarafgangur á milli félagsmanna í réttu hlutfalli við útflutningsverðmæti hvers og eins á árinu og færist á sérstakan reikning hvers félagsmanns. Skuli fé þetta teljast lán félagsmanna til félagsins. Komi fram í 12. gr. félagslaga að félagsmenn eigi ekki rétt á að fá greiddan út eignarhluta sinn í arðjöfnunarsjóði og öðrum eignum félagsins. Skuli árlega gefa út heimildarskírteini er sýni eignarhluta hvers félagsmanns við hver áramót. Félagsmönnum sé óheimilt að selja heimildarskírteinin, en hafi þeir hætt að vera félagsmenn beri félaginu að innleysa heimildarskírteinin og skuli verðmæti þeirra vera óskiptur reiknislegur tekjuafgangur SH eða fyrirtækja sem SH á að öllu leyti að frádregnum útreiknuðum eignarhlutum. Eignarhlutinn greiðist með jöfnum greiðslum á 5 árum án vaxta. Verulegar hömlur séu varðandi brottför félagsmanns úr félaginu. Við brottrekstur úr félaginu falli sjóðseignir félagsmanns til félagsins nema arðjöfnunarsjóður. Félagsmaður geti jafnframt sagt sig úr félaginu og fái þá greiddar sjóðseignir sínar nema arðjöfnunarsjóð á næstu 5 árum eftir að úrsögn öðlast gildi, enda hafi verið ljóst að þeirra fjármuna hafi ekki verið þörf, til að félagið ætti ótvírætt fyrir skuldum. Við slit, sem þurfi aukið atkvæðamagn til að samþykkja, skuli meðhöndla eignir félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar hverju sinni.

Stefndi telur samkvæmt þessu ljóst að mun frekari hömlur séu lagðar á eignarhluta félaga í SH en gildi varðandi sameignarfélög og hlutafélög. Það sem skipti þó meginmáli sé að SH sé sjálfstæður skattaðili en reikningsuppgjöri sé hagað þannig að fyrirtækið komi slétt út en rekstrarhagnaður eða tap sé fært til tekna eða gjalda hjá hverjum og einstökum félagsmanni, svo og niðurstöður endurmatsreiknings.

Þá bendir stefndi á að samkvæmt stofnsamningi og lögum fyrir Olíusam-

lag útvegsmanna á Ísafirði sé tilgangur þess að útvega samlagsfélögum allskonar brennslu- og smurningsolíur. Samlagsfélagar geti orðið á hverjum tíma eigendur og útgerðarmenn vélbáta og skipa á samlagssvæðinu og ennfremur önnur fyrirtæki eftir tillögu samlagsstjórnar og með samþykki 2/3 atkvæða á samlagsfundi. Stofnfé eða stofnsjóðsinnistæður megi hvorki selja né veðsetja né afhenda á annan hátt nema sem fylgifé skips eða fyrirtækis eftir því sem nánar sé kveðið á um í samlagslögunum. Í stofnsamningnum greini að það sem afhendingarverð vöru kunni að reynast hærra en nauðsynlegt sé í lok hvers reikningsárs skuli endurgreiðast samlagsfélögum í réttu hlutfalli við viðskipti þeirra það ár. Segi síðan í 12. gr. laga félagsins að arður af viðskiptum félagsmanna skiptist eftir viðskiptamagni hvers félagsmanns. Af arði félagsmanna skuli leggja 50% í stofnsjóð og endurgreiða 50% nema aðalfundur samþykki annað. Skuli vextir af stofnsjóðsinnistæðum vera 1% hærri en vextir séu reiknaðir hjá innlánsdeild Landsbankans á hverjum tíma. Skuli gera stofnsjóðseign samlagsfélaga upp árlega og séu ábyrgðir félagsmanna á skuldbindingum félagsins takmarkaðar við hana. Segi félagsmaður sig úr félaginu skuli gera reikninga upp svo fljótt sem auðið er. Ekki eigi hann kröfu á útborgun á inneign sinni úr stofnsjóði fyrr en gert sé út um skuldbindingar sem hann hafi tekið á sig sameiginlega við aðra félagsmenn og aldrei fyrr en tveimur árum eftir úrsögn. Félagsmaður megi ekki veðsetja stofnsjóðseign sína hjá samlagsfélaginu né selja nema þá um leið og hann selji bát sinn eða atvinnufyrirtæki. Samlagsfélaginu megi slíta ef 3/4 hlutar samanlagðs atkvæðismagns félagsins samþykki það á lögmætum aðalfundi eða fundi, sem til þess sé sérstaklega boðaður. Sé félaginu slitið skuli gera reikninga þess upp að fullu og gera sérstaklega upp sameiginlegar skuldbindingar félagsmanna, áður en endanleg reikningsskil séu gjörð. Olíusamlag útvegsmanna sé sjálfstæður skattaðili en rekstrarhagnaði samlagsins hafi ávallt verið skipt milli félagsmanna, eins og lög samlagsins kveði á um.

Stefndi telur að samkvæmt þessu og með hliðsjón af 7. gr. skattalaga, 7. tölulið c málsliðar, og 3. tölulið 8. gr. sé ljóst að allur hagnaður stefnda af eignaraðild sinni í ofangreindum samlögum og ávöxtun af fjármunum hans bundnum þar sé skattskylt hjá honum. Eins og fram komi í áðurnefndum samlagssamningum, séu verulegar hömlur lagðar á meðferð eignarhluta samlagsmanna og við úrsögn eða brottrekstur úr samlögunum eigi samlagsmenn eingöngu rétt til greiðslu á bókaðri inneign sinni í stofnsjóðum og arðjöfnunarsjóðum samlaganna og skuli þeir greiddir á nokkrum árum með vaxtalausri greiðslu. Í slíkum tilvikum sé samlagsmaður að endurheimta fé sitt verulega skert og fjármuni sem hann hefur að fullu greitt bæði tekju- og eignarskatt af og jafnframt sé ljóst að raunvirði þessara sjóða hljóti að hafa rýrnað stórlega, þar sem þeir séu ekki verð-

bættir. Við munnlegan flutning lagði lögmaður stefnda áherslu á að samkvæmt 7. tl. c málsliðar 7. gr. skattalaga bæri aðilum samlagsfélaga að greiða tekjuskatt af því fé er samlagsfélög greiddu þeim út hverju sinni eða færðu þeim til séreignar þótt það fé rynni í stofnsjóð samlagsfélagsins.

Þá segir stefndi að varðandi þann fræðilega möguleika að hann njóti hlutdeildar í eignum títtnefndra samlaga, þ.e.a.s. að samlögunum verði slitið og eignum þess skipt milli samlagsmanna, sé hugsanlegt að sjóðir þess hafi verið það vel nýttir að samlagsmenn fái fjármagn sitt endurgreitt með verðbótum, en þá beri að hafa í huga að allur hagnaður samlaganna hafi samkvæmt samþykktum þeirra og skattalögum ávallt verið skattskyldur hjá hverjum og einstökum samlagsmanni.

Stefndi telur því ljóst vera að ef ná eigi þeim tilgangi 53. gr. laga nr. 75/1981 að jafna út verðbólguáhrif í rekstrarreikningi sé eðlilegt að stofnsjóðsinneign í ofangreindum samlögum sé talin til eigna samkvæmt 3. mgr. greinarinnar. Slík túlkun á greininni sé einnig í samræmi við skýringar skattyfirvalda á bakhlið verðbreytingarfærslueyðublaðs og komi fram í úrskurði ríkisskattanefndar frá 19. ágúst 1983.

Niðurstaða:

Um það er ekki ágreiningur milli aðila að mál þetta megi leggja fyrir dómstóla til úrlausnar, enda standa lög til þess.

Með lögum nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt var mörkuð ný stefna varðandi áhrif verðbólgu á skattlagningu í atvinnurekstri, og er þar að finna ýmis ákvæði sem taka mið af áhrifum verðbólgu eða almennra verðbreytinga á afkomu atvinnurekstraraðila. Í athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 7/1980 um breytingu á lögum nr. 40/1978 segir að með ákvæðum frumvarpsins sé ætlunin að halda áfram á sömu braut og gera frekari breytingar á þeim þáttum sem tengdir eru skattlagningu eða frádráttarbærni fjármagnstekna og fjármagnskostnaðar og varða tekju- eða gjaldfærslu vegna verðbreytinga. Í athugasemdunum segir ennfremur að með 22. gr. frumvarpsins, sbr. nú 53. gr. laga nr. 75/1981, hafi verið stefnt að því að tryggja óbreytt raunvirði eigin fjár fyrirtækja í atvinnurekstri í ársbyrjun og árslok. Fram kemur að verðbreytingarregla 53. gr. sé afar einföld og hlutlaus, enda þurfi að beita henni í öllum atvinnurekstri hvert sem umfangið sé. Við það er miðað að skattalög, sem gangi eins langt og núgildandi lög til leiðréttingar á verðbólguáhrifum, verði að byggja á einföldum reglum sem auðveldar séu í framkvæmd, enda þótt nokkur frávik verði frá því sem æskilegast þyki á hverjum tíma.

Í 2. gr. laga nr. 75/1981 er greint milli hinna ýmsu lögaðila sem skattskylda hvílir á, og kemur sú sundurgreining víðar fram í lögunum. Í 53 gr. laganna er á hinn bóginn enginn greinarmunur gerður á félögum þegar

eignarhlutar í þeim eru undanþegnir verðbreytingarfærslum ákvæðisins. Það er þó ljóst að skattaleg meðferð á eignarhlutum í samlagsfélögum og arði af þeim annars vegar og öðrum félagstegundum hins vegar, svo sem hlutafélögum, er á ýmsan hátt mismunandi. Telja verður að það hefði þurft að koma skýrt fram af hálfu löggjafans ef ætlunin hefði verið að greina á milli einstakra tegunda skattaðila við beitingu verðbreytingarákvæða 53. gr. skattalaga. Þegar af þeirri ástæðu ber að taka til greina dómkröfur stefnanda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Pétur Kr. Hafstein bæjarfógeti og meðdómsmennirnir Halldór Kristinsson bæjarfógeti og Ólafur K. Ólafsson dómarafulltrúi.

Dómsorð:

Stefnda, Hraðfrystihúsinu Norðurtanga hf., er óheimilt að færa meðal eigna við útreikning á verðbreytingarfærslu í ársreikningi 1981 stofnsjóðsinneign sína í Olíusamlagi útvegsmanna á Ísafirði hinn 31. desember 1980 að fjárhæð gkr. 11.465.554 og stofnsjóðsinneign í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna að fjárhæð gkr. 2.806. Stefnda er skylt að þola endurákvörðun ríkisskattstjóra á tekjuskattsstofni og tekjuskatti sínum gjaldaárið 1982 í samræmi við það.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 3. nóvember 1986.

Nr. 56/1986. **Hálfdán Ingi Jensen**
gegn
Hjördísi Þórarinsdóttur

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hálfdán Ingi Jensen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Hjördísi Þórarinsdóttur, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 4.800,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. nóvember 1986.

Nr. 57/1986. **Anna Lára Ármannsdóttir**
gegn
Hjördísi Þórarinsdóttur

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Anna Lára Ármannsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hún stefndu, Hjördísi Þórarinsdóttur, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 4.800,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. nóvember 1986.

Nr. 222/1986. **Arnarflug hf.**
gegn
Parc Limited

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Arnarflug hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. nóvember 1986.

Nr. 254/1986. **Hermann Björgvinsson**

gegn

Ásgeiri Þór Ásgeirssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hermann Björgvinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. nóvember 1986.

Nr. 255/1986. **Hermann Björgvinsson**

gegn

Gísla Baldri Jónssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hermann Björgvinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. nóvember 1986.

Nr. 256/1986. **Arnar Sigurðsson**

gegn

Birni Sigurðssyni

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Arnar Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Birni Sigurðssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 1.800,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. nóvember 1986.

Nr. 266/1986. **Haraldur Jóhannsson**

gegn

Samvinnuferðum-Landsýn hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Haraldur Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 4. nóvember 1986.

Nr. 217/1985. **Gísli S. Guðjónsson**
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
gegn
Garðari Jökulssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Víxill. Tryggingarbréf. Kröfugerð. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1985 og var það þá auðkennt nr. 165/1985. Útivistardómur var kveðinn upp 2. október, en áfrýjað var að nýju 11. október með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þegar málið var flutt munnlega fyrir Hæstarétti 30. október sl. gerði lögmaður stefnda þessar kröfur:

„Stefndi krefst frávísunar málsins frá Hæstarétti og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst stefndi staðfestingar á héraðsdómi, þó þannig að einungis verði kveðið á um greiðsluskyldu á málskostnaði, þar sem stefndi líti svo á að höfuðstóll og vextir séu greiddir og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti."

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þar á meðal er ljósrit tryggingarbréfs, sem stefndi gaf út 4. maí 1983. Er það til tryggingar skuldum hans sjálfs og/eða Eyðublaðatækni h/f við útibú Búnaðarbankans í Garðabæ að fjárhæð 700.000,00 krónur miðað við höfuðstól auk vaxta og alls kostnaðar. Tryggingin er veð í fasteign stefnda Móaflöt 47 í Garðabæ. Á tryggingarbréf þetta var ritað f.h. bankaútibúsins 29. október 1986: „Þetta tryggingarbréf er ekki lengur trygging bankans vegna skulda Eyðublaðatækni h/f. Hins vegar er það enn trygging bankans vegna skulda annars aðila."

Af málflutningi og gögnum verður ráðið, að 4. maí 1983 hafi

stefndi veðsett hús sitt til tryggingar skuldum Eyðublaðatækni h/f, en hann var þá framkvæmdastjóri félagsins og einn af hluthöfum þess. Þrír aðrir hluthafar, þ.á m. áfrýjandi, afhentu stefnda víxla, sem þeir höfðu samþykkt og átti það að vera trygging fyrir hann, ef til þess kæmi að gengið yrði að veðinu. Síðar lét stefndi af störfum framkvæmdastjóra og ósætti varð milli hans og þeirra þriggja manna sem höfðu afhent honum tryggingarvíxla. M.a. krafðist stefndi þess, að létt yrði af húsi hans veðbandinu, sem á það var lagt 4. maí 1983. Það hefur nú verið gert, svo sem ráða má af þeirri áritun bankaútibúsins, sem fyrr er greind, en hinn umdeildi víxill, sem er einn þeirra víxla sem stefndi fékk til tryggingar eins og fyrr er lýst, hefur ekki verið greiddur í peningum. Hins vegar lagði lögmaður stefnda fram svohljóðandi yfirlýsingu við munnlegan flutning málsins:

„Áfrýjandi hefur greitt inn á dómskuld sína samkvæmt hinum áfrýjaða dómi sem svarar höfuðstól og vöxtum. Einungis er eftir að greiða málskostnað."

Engin rök eru til að taka til greina kröfu stefnda um frávísun málsins frá Hæstarétti, enda er því löglega áfrýjað. Stefndi krefst þess nú, að dómur verði ekki kveðinn upp um greiðslu víxilfjárhæðar eða vaxta og verður það ekki gert. Hins vegar ber að taka afstöðu til málskostnaðarkrafna.

Mál þetta var í upphafi höfðað til innheimtu víxils. Var héraðsdómur kveðinn upp lögum samkvæmt. Þó að stefndi hafi nú, eftir að fengin er áðurgreind yfirlýsing bankans sem átti veð í fasteign hans, breytt kröfum sínum, hefur hann haldið fast við kröfu um málskostnað. Er ekki unnt að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina og ber að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Ráðstöfun sú, sem leitt hefur til þess, að stefndi hefur fallið frá kröfum um að fá höfuðstól hins umdeilda víxils greiddan með vöxtum, fór ekki fram fyrr en 29. október 1986 svo sem fyrr er lýst. Var þá komið að munnlegum flutningi málsins hér fyrir dómi og stefndi hafði tekið til varna og lagt fram skriflega greinargerð. Verður því að dæma áfrýjanda til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti. Þykir hann hæfilega ákveðinn 10.000,00 krónur. Er þá haft í huga að mál þetta er öldungis hliðstætt tveimur öðrum málum gegn stefnda, sem flutt voru munnlega sama dag og þetta.

Dómsorð:

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Áfrýjandi, Gísli S. Guðjónsson, greiði stefnda, Garðari Jökulssyni, 10.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júní 1985.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Garðar Jökulsson (2519-6007), Móaflöt 47 Garðabæ, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 21. mars 1985 á hendur Gísla S. Guðjónssyni (2669-0021) prentara, Fellsmúla 6 Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 175.000,00 ásamt 5% dráttarvöxtum á mánuði frá 4/8/83 til 21/10/83, 4,75% á mánuði frá þeim degi til 21/11/83, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/12/83, með 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/1/84, 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1/9/84, 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1/2/85 og 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Skuld þessi er samkvæmt víxli samþykktum af stefnda með gjalddaga 4. ágúst 1983 að fjárhæð kr. 175.000,00 til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, útibúi Garðabæ. Víxillinn er útgefinn 4. maí 1983 af stefnanda og er án afsagnar.

Af stefnda hálfu hefur verið sótt þing í málinu og haldið uppi vörnum. Aðalvörn stefnda er sú að stefnandi hafi fengið víxilinn til tryggingar, en jafnframt er byggt á því að víxillinn hafi verið sýningarvíxill með eyðu fyrir gjalddaga sem stefnandi hafi útfyllt andstætt samkomulagi aðilanna.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Af hálfu stefnanda er litið svo á að varnir stefnda komist ekki að vegna ákvæða 208. gr. laga nr. 85/1936. Til vara er því haldið fram af hálfu stefnanda að hann hafi tekið við víxlinum í því gervi sem hann var í er hann var lagður fram í málinu.

Stefndi heldur því fram að eyðufylling án heimildar jafngildi fölsun og að þar sem víxillinn hafi ekki verið réttilega útfylltur verði ekki talið að lögfullur víxill hafi komið fram í málinu.

Í víxilmálum komast ekki að aðrar varnir en þær sem taldar eru í 208. gr. laga nr. 85/1936 eða varnir sem öldungis má jafna til þeirra varna sem þar eru taldar. Þannig komast ekki að varnir sem varða viðskiptin sem liggja víxli til grundvallar. Samkvæmt því kemst sú vörn ekki að í málinu að víxillinn hafi verið afhentur stefnanda til tryggingar. Hins vegar kemst að sú vörn að innihald víxils sé falsað.

Í víxilrétti er gerður skýr greinarmunur á því þegar efni víxils er breytt og eyðufyllingu. Um síðara tilvikið er fjallað í 10. gr. víxillaganna. Talið er að þegar víxill er afhentur án þess að hann sé að öllu leyti útfylltur, felist í afhendingunni umboð til víxilhafa til að fylla í eyðuna. Sú málsástæða að víxill hafi verið útfylltur andstætt heimild er þannig málsástæða sem varðar viðskiptin sem liggja víxlinum til grundvallar og kemst ekki að samkvæmt ofansögðu. Í því efni getur það engu breytt þótt stefndi vilji nefna óheimila fölsun.

Stefnandi hefur lagt fram víxil óaðfinnanlegan að formi með formlega löglegri heimild og gert kröfur í samræmi við það. Samkvæmt þessu og ofanrituðu þykir bera að fallast á allar kröfur stefnanda að öðru leyti en því að vextir ákveðist 3,5% p.m. frá 1. júní 1985.

Málskostnaður ákveðst kr. 30.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Gísli S. Guðjónsson greiði stefnanda Garðari Jökulssyni kr. 175.000,00 með 5% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 4. ágúst 1983 til 21. október 1983, 4,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3,25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,45% frá þeim degi til 1. september 1984, 2,75% frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 3,5% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 30.0000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 4. nóvember 1986.

Nr. 218/1985. **Þórólfur Daníelsson**
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
gegn
Garðari Jökulssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Víxill. Tryggingarbréf. Kröfugerð. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1985 og var það þá auðkennt nr. 166/1985. Útivistardómur var kveðinn upp 2. október, en áfrýjað var að nýju 11. október með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þegar málið var flutt munnlega fyrir Hæstarétti 30. október sl. gerði lögmaður stefnda þessar kröfur:

„Stefndi krefst frávísunar málsins frá Hæstarétti og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst stefndi staðfestingar á héraðsdómi, þó þannig að einungis verði kveðið á um greiðsluskyldu á málskostnaði, þar sem stefndi líti svo á að höfuðstóll og vextir séu greiddir og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti."

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þar á meðal er ljósrit tryggingarbréfs, sem stefndi gaf út 4. maí 1983. Er það til tryggingar skuldum hans sjálfs og/eða Eyðublaðatækni h/f við útibú Búnaðarbankans í Garðabæ að fjárhæð 700.000,00 krónur miðað við höfuðstól auk vaxta og alls kostnaðar. Tryggingin er veð í fasteign stefnda Móaflöt 47 í Garðabæ. Á tryggingarbréf þetta var ritað f.h. bankaútibúsins 29. október 1986: „Þetta tryggingarbréf er ekki lengur trygging bankans vegna skulda Eyðublaðatækni h/f. Hins vegar er það enn trygging bankans vegna skulda annars aðila."

Af málflutningi og gögnum verður ráðið, að 4. maí 1983 hafi stefndi veðsett hús sitt til tryggingar skuldum Eyðublaðatækni h/f,

en hann var þá framkvæmdastjóri félagsins og einn af hluthöfum þess. Þrír aðrir hluthafar, þ.á m. áfrýjandi, afhentu stefnda víxla, sem þeir höfðu samþykkt og átti það að vera trygging fyrir hann, ef til þess kæmi að gengið yrði að veðinu. Síðar lét stefndi af störfum framkvæmdastjóra og ósætti varð milli hans og þeirra þriggja manna, sem höfðu afhent honum tryggingarvíxla. M.a. krafðist stefndi þess, að létt yrði af húsi hans veðbandinu, sem á það var lagt 4. maí 1983. Það hefur nú verið gert, svo sem ráða má af þeirri áritun bankaútibúsins, sem fyrr er greind, en hinn umdeildi víxill, sem er einn þeirra víxla, sem stefndi fékk til tryggingar eins og fyrr er lýst, hefur ekki verið greiddur í peningum. Hins vegar lagði lögmaður stefnda fram svohljóðandi yfirlýsingu við munnlegan flutning málsins:

„Áfrýjandi hefur greitt inn á dómskuld sína samkvæmt hinum áfrýjaða dómi sem svarar höfuðstól og vöxtum. Einungis er eftir að greiða málskostnað."

Engin rök eru til að taka til greina kröfu stefnda um frávísun málsins frá Hæstarétti, enda er því löglega áfrýjað. Stefndi krefst þess nú, að dómur verði ekki kveðinn upp um greiðslu víxilfjárhæðar eða vaxta og verður það ekki gert. Hins vegar ber að taka afstöðu til málskostnaðarkrafna.

Mál þetta var í upphafi höfðað til innheimtu víxils. Var héraðsdómur kveðinn upp lögum samkvæmt. Þó að stefndi hafi nú, eftir að fengin er áðurgreind yfirlýsing bankans sem átti veð í fasteign hans, breytt kröfum sínum, hefur hann haldið fast við kröfu um málskostnað. Er ekki unnt að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina og ber að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Ráðstöfun sú, sem leitt hefur til þess, að stefndi hefur fallið frá kröfum um að fá höfuðstól hins umdeilda víxils greiddan með vöxtum, fór ekki fram fyrr en 29. október 1986 svo sem fyrr er lýst. Var þá komið að munnlegum flutningi málsins hér fyrir dómi og stefndi hafði tekið til varna og lagt fram skriflega greinargerð. Verður því að dæma áfrýjanda til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti. Þykir hann hæfilega ákveðinn 10.000,00 krónur. Er þá haft í huga, að mál þetta er öldungis hliðstætt tveimur öðrum málum gegn stefnda, sem flutt voru munnlega sama dag og þetta.

Dómsorð:

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Áfrýjandi, Þórólfur Daníelsson, greiði stefnda, Garðari Jökulssyni, 10.000,0 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júní 1985.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Garðar Jökulsson (2519-6007), Móaflöt 47 Garðabæ, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 21. mars 1985 á hendur Þórólfi Daníelssyni skrifstofumanni (9716-0805), Sólheimum 38 Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 175.000,00 ásamt 5% dráttarvöxtum á mánuði frá 4/8/83 til 21/10/83, 4,75% á mánuði frá þeim degi til 21/11/83, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/12/83 og 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/1/84, 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1/9/84, 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1/2/85, og 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Skuld þessi er samkvæmt víxli samþykktum af stefnda með gjalddaga 4. ágúst 1983 að fjárhæð kr. 175.000,00 til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, útibúi Garðabæ. Víxillinn er útgefinn 4. maí 1983 af stefnanda og er án afsagnar.

Af stefnda hálfu hefur verið sótt þing í málinu og haldið uppi vörnum. Aðalvörn stefnda er sú að stefnandi hafi fengið víxilinn til tryggingar, en jafnframt er byggt á því að víxillinn hafi verið sýningarvíxill með eyðu fyrir gjalddaga sem stefnandi hafi útfyllt andstætt samkomulagi aðilanna.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Af hálfu stefnanda er litið svo á að varnir stefnda komist ekki að vegna ákvæða 208. gr. laga nr. 85/1936. Til vara er því haldið fram af hálfu stefnanda að hann hafi tekið við víxlinum í því gervi sem hann var í er hann var lagður fram í málinu.

Stefndi heldur því fram að eyðufylling án heimildar jafngildi fölsun og að þar sem víxillinn hafi ekki verið réttilega útfylltur verði ekki talið að lögfullur víxill hafi komið fram í málinu.

Í víxilmálum komast ekki að aðrar varnir en þær sem taldar eru í 208. gr. laga nr. 85/1936 eða varnir sem öldungis má jafna til þeirra varna sem þar eru taldar. Þannig komast ekki að varnir sem varðar viðskiptin sem liggja víxli til grundvallar. Samkvæmt því kemst sú vörn ekki að í málinu að víxillinn hafi verið afhentur stefnanda til tryggingar. Hins vegar kemst að sú vörn að innihald víxils sé falsað.

Í víxilrétti er gerður skýr greinarmunur á því þegar efni víxils er breytt og eyðufyllingu. Um síðara tilvikið er fjallað í 10. gr. víxillaganna. Talið er að þegar víxill er afhentur án þess að hann sé að öllu leyti útfylltur, felist í afhendingunni umboð til víxilhafa til að fylla í eyðuna. Sú málsástæða að víxill hafi verið útfylltur andstætt heimild er þannig málsástæða sem varðar viðskiptin sem liggja víxilinum til grundvallar og kemst ekki að samkvæmt ofansögðu. Í því efni getur það engu breytt þótt stefndi vilji nefna óheimila eyðuútfyllingu fölsun.

Stefnandi hefur lagt fram víxil óaðfinnanlegan að formi með formlega löglegri heimild og gert kröfur í samræmi við það.Samkvæmt þessu og ofanrituðu þykir bera að fallast á allar kröfur stefnanda að öðru leyti en því að vextir ákveðast 3,5% p.m. frá 1. júní 1985.

Málskostnaður ákveðst kr. 30.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Þórólfur Daníelsson greiði stefnanda Garðari Jökulssyni kr. 175.000,00 með 5% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 4. ágúst 1983 til 21. október 1983, 4,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 3,25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til 1. september 1984, 2,75% frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 3,5% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 30.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 4. nóvember 1986.

Nr. 219/1985. **Kári B. Jónsson**
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
gegn
Garðari Jökulssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Víxill. Tryggingarbréf. Kröfugerð. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1985 og var það þá auðkennt nr. 167/1985. Útivistardómur var kveðinn upp 2. október, en áfrýjað var að nýju 11. október með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þegar málið var flutt munnlega fyrir Hæstarétti 30. október sl. gerði lögmaður stefnda þessar kröfur:

„Stefndi krefst frávísunar málsins frá Hæstarétti og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst stefndi staðfestingar á héraðsdómi, þó þannig að einungis verði kveðið á um greiðsluskyldu á málskostnaði, þar sem stefndi líti svo á að höfuðstóll og vextir séu greiddir og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti."

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þar á meðal er ljósrit tryggingarbréfs, sem stefndi gaf út 4. maí 1983. Er það til tryggingar skuldum hans sjálfs og/eða Eyðublaðatækni h/f við útibú Búnaðarbankans í Garðabæ að fjárhæð 700.000,00 krónur miðað við höfuðstól auk vaxta og alls kostnaðar. Tryggingin er veð í fasteign stefnda Móaflöt 47 í Garðabæ. Á tryggingarbréf þetta var ritað f.h. bankaútibúsins 29. október 1986: „Þetta tryggingarbréf er ekki lengur trygging bankans vegna skulda Eyðublaðatækni h/f. Hins vegar er það enn trygging bankans vegna skulda annars aðila."

Af málflutningi og gögnum verður ráðið, að 4. maí 1983 hafi

stefndi veðsett hús sitt til tryggingar skuldum Eyðublaðatækni h/f, en hann var þá framkvæmdastjóri félagsins og einn af hluthöfum þess. Þrír aðrir hluthafar, þ.á m. áfrýjandi, afhentu stefnda víxla, sem þeir höfðu samþykkt og átti það að vera trygging fyrir hann, ef til þess kæmi að gengið yrði að veðinu. Síðar lét stefndi af störfum framkvæmdastjóra og ósætti varð milli hans og þeirra þriggja manna sem höfðu afhent honum tryggingarvíxla. M.a. krafðist stefndi þess, að létt yrði af húsi hans veðbandinu, sem á það var lagt 4. maí 1983. Það hefur nú verið gert, svo sem ráða má af þeirri áritun bankaútibúsins, sem fyrr er greind, en hinn umdeildi víxill, sem er einn þeirra víxla sem stefndi fékk til tryggingar eins og fyrr er lýst, hefur ekki verið greiddur í peningum. Hins vegar lagði lögmaður stefnda fram svohljóðandi yfirlýsingu við munnlegan flutning málsins:

„Áfrýjandi hefur greitt inn á dómskuld sína samkvæmt hinum áfrýjaða dómi sem svarar höfuðstól og vöxtum. Einungis er eftir að greiða málskostnað."

Engin rök eru til að taka til greina kröfu stefnda um frávísun málsins frá Hæstarétti, enda er því löglega áfrýjað. Stefndi krefst þess nú, að dómur verði ekki kveðinn upp um greiðslu víxilfjárhæðar eða vaxta og verður það ekki gert. Hins vegar ber að taka afstöðu til málskostnaðarkrafna.

Mál þetta var í upphafi höfðað til innheimtu víxils. Var héraðsdómur kveðinn upp lögum samkvæmt. Þó að stefndi hafi nú, eftir að fengin er áðurgreind yfirlýsing bankans sem átti veð í fasteign hans, breytt kröfum sínum, hefur hann haldið fast við kröfu um málskostnað. Er ekki unnt að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina og ber að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Ráðstöfun sú, sem leitt hefur til þess, að stefndi hefur fallið frá kröfum um að fá höfuðstól hins umdeilda víxils greiddan með vöxtum, fór ekki fram fyrr en 29. október 1986 svo sem fyrr er lýst. Var þá komið að munnlegum flutningi málsins hér fyrir dómi og stefndi hafði tekið til varna og lagt fram skriflega greinargerð. Verður því að dæma áfrýjanda til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti. Þykir hann hæfilega ákveðinn 10.000,00 krónur. Er þá haft í huga að mál þetta er öldungis hliðstætt tveimur öðrum málum gegn stefnda, sem flutt voru munnlega sama dag og þetta.

Dómsorð:

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Áfrýjandi, Kári B. Jónsson, greiði stefnda, Garðari Jökulssyni, 10.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júní 1985.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Garðar Jökulsson (2519-6007), Móaflöt 47 Garðabæ, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 21. mars 1985 á hendur Kára B. Jónssyni (5463-6733), Ljósalandi 20 Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 175.000,00 ásamt 5% dráttarvöxtum á mánuði frá 4/8/83 til 21/10/83, 4,75% á mánuði frá þeim degi til 21/11/83, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/12/83 og 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/1/84, 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1/9/84, 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1/2/85, og 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Skuld þessi er samkvæmt víxli samþykktum af stefnda með gjalddaga 4. ágúst 1983 að fjárhæð kr. 175.000,00 til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, útibúi Garðabæ, Víxillinn er útgefinn 4. maí 1983 af stefnanda og er án afsagnar.

Af stefnda hálfu hefur verið sótt þing í málinu og haldið uppi vörnum. Aðalvörn stefnda er sú að stefnandi hafi fengið víxilinn til tryggingar, en jafnframt er byggt á því að víxillinn hafi verið sýningarvíxill með eyðu fyrir gjalddaga sem stefnandi hafi útfyllt andstætt samkomulagi aðilanna.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Af hálfu stefnanda er litið svo á að varnir stefnda komist ekki að vegna ákvæða 208. gr. laga nr. 85/1936. Til vara er því haldið fram af hálfu stefnanda að hann hafi tekið við víxlinum í því gervi sem hann var í er hann var lagður fram í málinu.

Stefndi heldur því fram að eyðufylling án heimildar jafngildi fölsun og að þar sem víxillinn hafi ekki verið réttilega útfylltur verði ekki talið að lögfullur víxill hafi komið fram í málinu.

Í víxilmálum komast ekki að aðrar varnir en þær sem taldar eru í 208. gr. laga nr. 85/1936 eða varnir sem öldungis má jafna til þeirra varna sem þar eru taldar. Þannig komast ekki að varnir sem varða viðskiptin sem liggja víxli til grundvallar. Samkvæmt því kemst sú vörn ekki að í málinu að víxillinn hafi verið afhentur stefnanda til tryggingar. Hins vegar kemst að sú vörn að innihald víxils sé falsað.

Í víxilrétti er gerður skýr greinarmunur á því þegar efni víxils er breytt og eyðufyllingu. Um síðara tilvikið er fjallað í 10. gr. víxillaganna. Talið er að þegar víxill er afhentur án þess að hann sé að öllu leyti útfylltur, felist í afhendingunni umboð til víxilhafa til að fylla í eyðuna. Sú málsástæða að víxill hafi verið útfylltur andstætt heimild er þannig málsástæða sem varðar viðskiptin sem liggja víxlinum til grundvallar og kemst ekki að samkvæmt ofansögðu. Í því efni getur það engu breytt þótt stefndi vilji nefna óheimila eyðuútfyllingu fölsun.

Stefnandi hefur lagt fram víxil óaðfinnanlegan að formi með formlega löglegri heimild og gert kröfu í samræmi við það. Samkvæmt þessu og ofanrituðu þykir bera að fallast á allar kröfur stefnanda að öðru leyti en því að vextir ákveðist 3,5% p.m. frá 1. júní 1985.

Málskostnaður ákveðst kr. 30.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kári B. Jónsson, greiði stefnanda, Garðari Jökulssyni, kr. 175.000,00 með 5% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 4. ágúst 1983 til 21. október 1983, 4,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3,25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til 1. september 1984, 2,75% frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 3,5% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 30.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 4. nóvember 1986.

Nr. 29/1985. **Dagbjartur Hannesson**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Þórði S. Þórðarsyni
og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.)

Bifreiðar. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1985, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973 hinn 7. s.m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 25. febrúar 1985, samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973. Útivist varð af hans hendi er málið var tekið fyrir á dómþingi 2. október 1985 og féll gagnsökin því niður. Áfrýjaði hann málinu þá að nýju 14. október 1985, samkvæmt heimild í 36. grein laga nr. 75/1973. Hann krefst þess að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 32.935,00 krónur með 40% ársvöxtum frá 27. september 1982 til 1. nóvember 1982, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 13. júní 1983 en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 4.205,00 krónur í matskostnað svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð frá Veðurstofu Íslands um veður á Eyrarbakka kl. 18 og 21 svo og á Reykjum í Ölfusi kl. 21 hinn 27. september 1982. Samkvæmt vottorðinu var loft skýjað við allar þessar veðurathuganir.

Fyrir Hæstarétti heldur gagnáfrýjandi því ekki fram að aðaláfrýjandi beri fébótaábyrgð á tjóni hans eftir hlutlægri ábyrgðarreglu.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi átti aðaláfrýjandi fjárhús

beggja vegna þjóðvegarins og voru hlið á girðingu báðum megin vegar. Samkvæmt frásögn aðaláfrýjanda voru bæði hliðin opnuð áður en hann fór að sækja fjárhópinn og þau skilin eftir opin til að féð rynni þangað sem það sjálft vildi er að þeim væri komið.

Aðaláfrýjanda mátti vera ljóst að hætta gat stafað af því að láta sauðkindurnar ráða sjálfar inn um hvort hliðið þær leituðu og að nauðsyn bar til, þar sem Suðurlandsvegur er fjölfarinn þjóðvegur en skuggsýnt orðið, að trygg fyrirstaða væri til að varna því að féð tæki á rás inn á veginn og yfir hann fyrr en það gat orðið án hættu fyrir umferð. Þessa gætti aðaláfrýjandi ekki nægilega og þykir hann því eiga nokkra sök á tjóni gagnáfrýjanda.

Fallast má á úrlausn héraðsdóms um að gagnáfrýjandi eigi sjálfur nokkra sök á tjóni sínu. Þykir hæfilegt eftir atvikum öllum að hann beri tjónið að 2/3 hlutum sjálfur en aðaláfrýjandi bæti honum það að 1/3 hluta.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 10.978,33 krónur ásamt vöxtum sem reiknist frá 1. nóvember 1982 og verði 45% ársvextir til birtingardags stefnu, 20. júní 1983, en dómvextir samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 30.000,00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Dagbjartur Hannesson, greiði gagnáfrýjanda, Þórði S. Þórðarsyni, 10.978,33 krónur með 45% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. júní 1983 en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, svo og 30.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og Halldórs Þorbjörnssonar.

Aðaláfrýjandinn, Dagbjartur Hannesson, var við annan mann að sækja 10 - 12 kindur sem voru við Suðurlandsveg nálægt Gljúfurár-

holti í Ölfusi, er óhapp það, er málið er af risið, átti sér stað. Var ætlun hans að koma fénu í girðingu. Hvorki verður honum talið til sakar að hann hafi verið of fáliðaður við reksturinn né heldur að kindurnar hafi runnið upp á veginn vegna þess að hlið var opið hinum megin vegar. Má allt eins vera að óhappið hefði orðið þótt hlið þetta hefði verið lokað. Þegar þessa er gætt verður ekki á það fallist að aðaláfrýjandi hafi átt sök á óhappinu. Teljum við því að sýkna beri hann af bótakröfu gagnáfrýjanda sem greiði honum 35.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 10. ágúst 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 23. júlí sl., er höfðað með stefnu birtri 20.06. 1983.

Stefnandi er Þórður S. Þórðarson kaupmaður, nnr. 9532-1208, Hvoli, Eyrarbakka, Árnessýslu.

Stefndi er Dagbjartur Hannesson bóndi, nnr. 1516-4069, Gljúfurárholti, Ölfusi, Árnessýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 32.936,00 með 40% ársvöxtum frá 27. september til 1. nóvember 1982 og 47% ársvöxtum frá þeim degi til útgáfudags stefnu, 13.06. 1983, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 4.205,00 í matskostnað auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar meðtalin full málfærslulaun fyrir dóminum skv. lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað af málinu þar með talin málsvarnarlaun til umboðsmanns stefnda vegna tilefnislausrar málshöfðunar.

Stefnandi var á ferð á bifreið sinni X-5570 27. september 1982 á leið til Eyrarbakka á þjóðveginum við Gljúfurárholt í Ölfusi um kl. 19:45 er kindur hlupu inn á veginn í veg fyrir bifreið hans og drápust 2 þeirra en skemmdir urðu á bifreið stefnanda.

Stefndi var að reka fjárhóp, sem í voru 10 - 11 kindur, meðfram Suðurlandsveginum til vesturs og var rekstrinum þannig hagað að stefndi fór fyrir hópinn en vinnumaður hans Kristján Karl Gunnarsson fór á eftir hópnum.

Þannig háttaði til á vettvangi að stefndi átti fjárhús beggja vegna Suðurlandsvegar sem liggur um land hans og höfðu þeir opnað hlið á girðingu beggja vegna þannig að féð gæti runnið í þá áttina sem það var vant að sögn stefnda. Er þeir voru að nálgast hliðin tóku nokkrar kindur sig úr hópnum og hlupu fram úr stefnda til vesturs og yfir þjóðveginn.

Stefndi komst síðan fyrir þær og staðnæmdust þær norðan vegar. Hóf

stefndi að reka þær til baka en þá hlupu þær upp á veginn í veg fyrir bifreið stefnanda með þeim afleiðingum sem að framan greinir.

Á meðan þessu fór fram stóð vitnið Kristján Karl Gunnarsson yfir hinum kindunum handan vegarins.

Stefndi kveðst hafa farið upp á veginn til að vara ökumenn við en hann hafi séð bifreið bera að úr vesturátt.

Vitnið Lovísa Axelsdóttir, sem ók næst á eftir stefnanda, kveður hraða bifreiða þeirra hafa verið 70 - 80 km á klst. en leyfður hámarkshraði er 80 km á þessum vegi.

Við óhappið urðu skemmdir á bifreið stefnanda og þ. 28.9. 1982 voru dómkvaddir menn til þess að meta skemmdir þeirra (sic).

Niðurstaða matsmanna var sú að kostnaður við að gera við bifreiðina væru kr. 32.935,00 sem er höfuðstóll stefnukröfu en reikningur matsmanna var kr. 4.205,00 sem stefnandi krefur stefnda um endurgreiðslu á í málinu.

Stefnandi ber fyrir sig að stefndi beri ábyrgð á tjóni því er hann varð fyrir eftir almennu skaðabótareglunni þar sem hann hafi staðið þannig að verki við reksturinn að óforsvaranlegt sé. Vitnar hann í þessu efni til 64. gr. 2. mgr. umferðalaga og heldur því fram að í þessu tilviki hafi ekki verið nægjanlega margir menn við reksturinn.

Þá hafi þess ekki verið gætt að fé gæti ekki runnið inn á veginn sem sé mjög fjölfarinn. Þá hafi sú fyrirætlan stefnda að láta fé renna um hliðin eftir því sem það var vanið til húsa verið til þess fallin að auka enn á hættuna á því að fé hlypi inn á veginn.

Þá var því haldið fram við munnlegan málflutning að eigandi fjárins bæri hlutlæga ábyrgð á tjóni sem búpeningur hans kynni að valda.

Stefnandi telur ekkert verða fundið að akstri hans í umrætt sinn. Hann hafi ekið á eðlilegum hraða og ekki átt þess nokkurn kost að koma í veg fyrir óhappið þar sem kindurnar hefðu skyndilega hlaupið í veg fyrir bifreið hans.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að engin sök verði á hann lögð í máli þessu. Stefnanda hafi verið vel kunnugt um það að á þessum árstíma sé alltaf slæðingur af sauðfé meðfram Suðurlandsvegi og ökumenn sífellt varaðir við (sic) að gæta varúðar af þeim sökum.

Stefnandi hafi ekki gætt þeirrar varúðar við aksturinn sem honum bar og verði því öll sök á tjóni þessu lögð á hann.

Forsendur og niðurstaða:

Í 2. mgr. 64. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 segir að utan þéttbýlis megi reka búfjárhópa „en fylgja skuli rekstrinum nægilega margir gæslumenn og ef vænta má umferðar ökutækja um veginn, skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir."

Fram kemur í málinu að stefndi fór fyrir reksturinn í umrætt sinn. Hins vegar verður að telja að miðað við aðstæður á vettvangi hafi það ekki verið nægjanlegt að einungis tveir menn voru við reksturinn. Ber að líta til þess, að mikil umferð er allajafna um Suðurlandsveg og tekið var að skyggja. Þá kemur það fram að stefndi gerði beinlínis ráð fyrir því að féð hlyti að renna yfir veginn til þess að komast inn í girðingu þar sem hlið voru opin beggja vegna vegarins.

Samkvæmt þessu ber stefndi nokkra sök á því að umrætt tjón varð á bifreið stefnanda.

Stefnandi hefur skýrt svo frá í aðilaskýrslu sinni að hann hafi mátt vænta þess að fé væri við veginn enda alkunna að á þeim árstíma er óhappið varð er mikið um að fé leiti til heimahaga af afrétti en Suðurlandsvegur liggur um afrétt Ölfushrepps.

Eins og aðstæðum var háttað á vettvangi má ætla að stefnandi hefði átt að verða var við reksturinn ef hann hefði haft fullnægjandi aðgát við aksturinn og þyki hann því bera hluta sakar vegna tjónsins sjálfur.

Rétt þykir að skipta sök með aðilum þannig, að stefndi beri 2/3 hluta sakar en stefnandi 1/3.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á mati dómkvaddra matsmanna sem mátu tjón hans kr. 32.935,00 og verður það lagt til grundvallar í máli þessu. Matskostnaður telst til málskostnaðar.

Með vísan til þess, sem að framan segir um skiptingu sakar með aðiljum, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 21.957,00 og kr. 12.000,00 í málskostnað.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Dagbjartur Hannesson, greiði stefnanda Þórði S. Þórðarsyni, kr. 21.957,00 með 40% ársvöxtum frá 27.09. 1982 til 01.11. s.á. en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 13.06. 1983 en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.000,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 4. nóvember 1986.

Nr. 131/1986. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðna Elíassyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Nauðgun. Brot gegn 200. gr. alm. hegningarlaga. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Kjartan Þorkelsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1986 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms að sannað sé að ákærði hafi þröngvað X til samfara með ofbeldi. Var um fullframið brot að ræða er varðar við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. X var á 14. aldursári. Ákærði hefur borið því við að hann hafi ætlað hana eldri, en samkvæmt eindregnum framburði stúlkunnar um það að hún hafi margsinnis sagt ákærða hver aldur hennar væri og með hliðsjón af því sem fram er komið um kynni ákærða af henni og fjölskyldu hennar, verður að telja sannað að ákærða hafi eigi dulist aldur X. Verður ákærða því einnig refsað samkvæmt 1. mgr. 200. gr. hegningarlaga.

Í héraðsdómi er eigi gerð grein fyrir fyrri brotum ákærða. Á árinu 1979 var ákæru á hendur honum fyrir þjófnað frestað skilorðsbundið. Þá hafði hann sjö sinnum sæst á greiðslu sekta og fjórum sinnum sætt refsidómi, í öll skiptin fyrir umferðarlagabrot. Meðal mála þessara er sekt sem ákærði sættist á 29. desember 1983 og dómur 13. júlí 1984 (3 mánaða varðhald). Refsingu ákærða ber því að meta með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, svo og 77. grein sömu laga. Þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár og 6 mánuði.

Krafist hefur verið staðfestingar á bótaákvæði héraðsdóms og af

hálfu ákærða er lýst yfir því að því sé ekki mótmælt ef til sakfellisdóms komi. Samkvæmt þessu verður bótaákvæðið staðfest.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs og málsvarnarlaun verjanda síns, er ákveðin verða í einu lagi fyrir báðum dómum, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Það athugast að héraðsdómari gætti eigi reglu 1. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974 er kona ákærða kom fyrir dóm við meðferð málsins. Þá var það og andstætt 2. mgr. 102. gr. sömu laga að dómari hóf skýrslutöku af vitninu X með því að lesa fyrir henni skýrslu hennar fyrir lögreglu í stað þess að yfirheyra hana sjálfstætt um sakarefnið.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Elíasson, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur er staðfest.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar í héraði og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð fyrir báðum dómum, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur samtals fyrir báðum dómum.

Dómur sakadóms Rangárvallasýslu 24. janúar 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. janúar 1986 að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara dags. 2. apríl 1985 á hendur Guðna Elíassyni, Hólavangi 18, Hellu, fæddum 30. janúar 1961 í Reykjavík fyrir að hafa aðfararnótt laugardagsins 29. október 1983, með ofbeldi þröngvað stúlkunni X, fæddri 21. febrúar 1970, til holdlegs samræðis á heimili ákærða, Hólavangi 18, Hellu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þeir að um kl. 06:20 laugardaginn 29. október 1983 hringdi A, Hellu, heim til Árna Ólafssonar, lögreglumanns og kvaðst vera að kæra nauðgun á systur sinni sem hún ekki nafngreindi og taldi af völdum Guðna Elíassonar, Hólavangi 18, Hellu, ákærða í máli þessu. Aðspurð kvaðst hún ekki óska aðstoðar lögreglu á staðinn. Klukkan 12:35 sama dag

hringdi Arnór Egilsson, héraðslæknir á Hellu, til lögreglunnar og bað um að hún kannaði mál er varðaði stúlku sem væri á stofu hjá sér. Lögreglan fór þegar á staðinn. Á heilsugæslustöðinni hitti hún fyrir lækninn sem taldi að líkamsárás hefði verið gerð á 13 ára stúlku, X, en hún hefði komið á stofu til sín og væri hann búinn að skoða hana og væri vottorð hans til reiðu.

Í samráði við fulltrúa sýslumanns var Rannsóknarlögreglu ríksins falið málið til frekari rannsóknar. Tekin var skýrsla af föður stúlkunnar, B, þar sem hann lagði fram formlega kæru. Var ákærði síðan handtekinn. Var fyrst farið með hann til læknis á Hellu sem tók hjá honum blóð- og þvagsýni og var hann síðan færður rannsóknarlögreglunni.

Kærandi X, f. 21.02. 1970, skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu að hún hefði verið fengin til að passa börn hjá konu ákærða. Hún hefði komið fimm mínútur fyrir átta en þá hefði konan verið farin. Ákærði hefði verið þar og gætt barnanna. Hún kveðst síðan hafa vaknað við að ákærði kom heim, að hún heldur um kl. 03:00. Hefði hann fyrst farið í eldhúsið og poppað. Hann hefi síðan komið í stofuna en hún kvaðst hafa sofið í sófa í stofunni. Hefðu þau hjálpast að við að koma segulbandi í gang. Hann hefði síðan blandað sér í glas. Hefði hann síðan boðið sér og hefði hún þáð það en beðið bara um pínulítið. Hún kveðst hafa séð þegar hann blandaði og hefði hann látið í stórt glas 1/3 af landa og 1/3 af kóki. Hún kveðst hafa drukkið þetta u.þ.b. helminginn á um 15 - 20 mínútum. Hefði hún fundið lítillega breytingu á sér. Hún kveðst síðan hafa farið að ræða um að fara heim u.þ.b. hálftíma eftir að ákærði kom heim. Hann hefði þá sest hjá henni og farið að kyssa hana á munninn og hálsinn. Hún kveðst hafa kysst hann á móti og sagt síðan að hún væri farin heim. Ákærði hefði þá ekki viljað hleypa henni heim. Hún kveðst hafa verið í stólnum þegar hann var að kyssa hana. Hún hefði síðan ætlað út en þá hefði ákærði farið að dyrum útidyragangsins, staðið þar fyrir og ekki hleypt sér út. Strax í stólnum, þegar ákærði hefði byrjað að kyssa hana, hefði hún spurt hann að því hvort hann vissi hvað hún væri gömul. Hann hefði svarað því til að hún væri 14 - 15 ára. Hún kveðst þá hafa sagt honum að hún væri bara 13 ára en hann hefði þá bara svarað: „Nei, þú ert 14 - 15 ára". Hún kveðst hafa margsagt honum að hún væri bara 13 ára.

Hann hefði síðan sest í annan stól og gripið sig í fangið. Hefðu þau veltst um á gólfinu en síðan hefði hún sloppið frá honum og hlaupið að útidyraganginum og hefði hún ekki einu sinni komist að þeim. Hann hefði stillt sér upp fyrir dyrnar. Þegar þau hefðu verið að veltast um á gólfinu hefði hann líklega tekið tittlinginn út um buxnaklaufina því þegar hann stillti sér upp fyrir dyrunum hefði hann verið með hann þannig í síðbuxunum en með hann úti um klaufina niðurrennda.

Hún kveðst síðan ekki muna fullkomlega hvað skeði næst en þau hefðu verið að veltast á gólfinu. Þá hefði hann rifið hana úr báðum buxunum. Hún kveðst hafa náð að taka báðar buxurnar og hlaupa með þær inn á klósett og læsa. Áður hefði hún verið að kljást við hann í sófanum. Hún kveður hann aldrei hafa slegið sig en haldið fantalega utan um hendurnar á sér og kysst sig hranalega. Klósettinu hefði verið læst með litlum titti sem skotið væri til hliðar og hefði ákærði brotið upp hurðina án mikilla átaka. Þegar hann hefði brotið þær upp hefði hún ekki náð að klæða sig í buxurnar en hann hefði brotið þær upp um leið og hún læsti þeim. Hann hefði virst vera orðinn reiður og sagt: „ Ef þú ert óþekk, þá verð ég reiður og meiði þig.“ Hann hefði sagt þetta oft seinna um kvöldið.. Hann hefði tekið sig fram af klósettinu og þau farið í sófann. Þar hefði hann klætt sig úr öllu nema sokkunum og sig úr peysunum, þannig að hún hefði líka bara verið í sokkunum. Um leið og þau hefðu verið komin í sófann hefði hann látið puttana í kynfærin á sér. Hún kveðst hafa sagt honum að hún væri hrein mey. Hún kveðst alltaf hafa reynt að tala um fyrir honum, en hann hefði ekkert hlustað á það og hótað sér að vera vondur við sig og meiða sig ef hún léti svona illa og væri ekki kyrr. Hann hefði legið ofan á sér í um 15 mínútur og reynt að koma tippinu inn í sig en það ekki tekist. Eitt barnanna hefði þá vaknað og farið að gráta. Hann hefði þá leyft sér að komast inn í svefnherbergi og hefði hún hlaupið þangað ber. Hefði hún tekið barnið og huggað það. Hún hefði síðan sinnt börnunum en ákærði hefði verið á vappi við svefnherbergið og spurt í sífellu hvort hún væri ekki að verða búin að þessu. Hann hefði síðan skipað sér að láta krakkana vera, þau myndu sofna ef þau væru látin vera. Hún kveðst muna allt mjög skýrt eftir að þau komu í sófann. Þar hefði hann yfirleitt legið ofan á sér og látið lappirnar á sér á milli lappanna á henni. Þegar hún hefði komið fram frá því að hugga börnin hefði hún sest í stólinn. Hann hefði þá strax byrjað að kyssa sig og sjúga brjóstin á sér. Hún kveðst síðan hafa beðið um að fá að fara á klósettið til að pissa, en þá hefði hún verið að reyna að komast undan honum. Hefði hann fylgt henni og hún ekki fengið að loka hurðinni alveg og hann verið að kíkja á milli. Hún hefði síðan setið á klósettinu og verið að reyna að hugsa. Hann hefði þá komið inn og sest klofvega ofan á sig. Hefði hann síðan farið að kyssa sig á hálsinn. Hefði hann misst við þetta gleraugun og sagt sér að ná í þau. Hún kveðst hafa sagt honum að hann yrði að fara fram á meðan og hefði hann gert það en síðan ekki gefið sér neinn tíma til að leita að þeim. Hann hefði síðan farið með sig aftur í sófann og þar reynt í mjög langan tíma að koma tippinu í sig. Hún kvaðst halda að tippið á honum hefði verið lint að einhverju leyti en hann hefði verið mjög fullur. Hann hefði viljað að hún sygi tippið á sér en hann hefði oft beðið um það en hún neitað alltaf.

Hún kveðst hafa marghótað honum að kæra hann en hann hefði ekkert látið það fá á sig. Hún kveðst hafa fundið u.þ.b. 10 sinnum að hann var kominn með tippið nærri inn í kynfærin á sér. Hún hefði þá fundið mikinn sársauka en misjafnlega mikinn og stundum rétt fundið það. Hún kveðst vera viss um að honum hefði ekki tekist alveg að hafa mök við sig en hún hefði alltaf streist á móti og svo hefði hann verið mjög drukkinn og hefði verið að drepast í restina, alla vega hefði hann sofnað út frá þessu fyrir rest. Hún kveðst þá hafa getað fært sig undan honum og komist út á gólf. Hún kveðst síðan hafa klætt sig og flýtt sér heim. Fyrir dómi staðfesti X skýrslu þá er hún gaf hjá lögreglu. Hún kvað ákærða hafa margsinnis reynt að hafa mök við sig. Hún kvað ákærða ekki hafa tekist að hafa samfarir við sig en honum hefði tekist að stinga getnaðarlim sínum aðeins inn og hefði hann þá verið með samfarahreyfingar. Hún kvað það öruggt að það hefði verið oftar en einu sinni sem honum hefði tekist það.

Ákærði skýrði svo frá hjá lögreglu 29. október 1983 að hann hafi gefið stúlkunni ca tvöfaldan Smirnoff í glas og kvaðst halda að hún hefði drukkið það allt. Þegar þau hefðu verið komin inn í stofu hefðu þau farið að ræða saman og hefði hún setið á stól. Hefði hann fært sig til hennar og farið að eiga við hana en hann kvaðst ekki muna hvernig en hún hefði verið því mjög mótfallin. Hann kvaðst muna eftir því að hún hefði lokað sig inn á salerni en ekki hvort hún hefði læst á eftir sér, en hann hefði opnað og farið inn á eftir henni. Hann kvaðst ekki muna hvað gerðist inni á salerninu þar sem hann var orðinn nokkuð ölvaður. Hann kvaðst muna eftir því að hafa fært stúlkuna úr öllum fötum og hefði það verið inni í stofu í sófanum. Hann kvaðst hafa verið frekur á því þegar hann færði hana úr fötunum. Hann kvað tilgang sinn með því hafa verið að hafa samfarir við stúlkuna en hún hafi verið því mótfallin. Hann kveðst minnast þess að stúlkan hafi farið inn í svefnherbergi til að sinna börnunum og kvaðst hann hafa farið á eftir henni. Hann kvaðst ekki minnast þess að hún hefði sagt sér að hún væri 13 ára og talið að hún væri eldri en það. Hann kvað að sér hefði ekki tekist að hafa fullkomnar samfarir við stúlkuna en hann hefði fundið fyrir meyjarhafti hennar a.m.k. einu sinni, þegar honum hefði tekist að koma lim sínum inn í kynfæri hennar en hann kveðst ekki muna hvort hún hefði kveinkað sér. Hann kvaðst ekki telja að hann hefði rofið meyjarhaft hennar. Hann kvaðst telja að hann hafi lagst ofan á stúlkuna þegar hann var að reyna mök við hana þarna í sófanum en hún hefði legið á bakinu og hann ofan á henni.

Ákærði kom fyrir dóm 27. september 1985 og staðfesti þá skýrslu sína hjá lögreglu sem rétta. Ákærði kvaðst þá hafa farið að reyna við stúlkuna eftir að hún var komin úr fötunum en hann kvaðst þá ekki muna hvort hann hefði hjálpað henni úr þeim en hann kvaðst halda að þetta hafi verið

gegn hennar vilja og hafi hann gert sér grein fyrir því. Ákærði kvað möguleika á því að hann hafi reynt að hafa samfarir við stúlkuna og hafi stúlkan verið mjög mótfallin þeim tilraunum hans.

Vitnið A..., kvað systur sína X hafa verið í „sjokki", grátið og ekki komið upp orði er hún kom heim um nóttina, en klukkan hefði þá verið um hálfsex til sex. Hún kvað ákærða hafa komið inn á heimili X og verið góður vinur bróður þeirra og vera viss um að hann þekkti alla fjölskyldumeðlimi.

Vitnið, Sigrún Brynja Kristjánsdóttir, Gnoðarvogi 48, Reykjavík, skýrði svo frá hjá lögreglu að hún hefði fengið X. til að passa um nóttina. Hún kvaðst hafa tekið eftir því morguninn eftir að renniloka á salernishurð hefði verið brotin upp og við það hefðu tvær skrúfur losnað en hún er fest með fjórum skrúfum. Framburð þennan staðfesti vitnið fyrir dómi. Hún kvað ákærða hafa komið til vinkonu sinnar og sín um kl. 03:00 um nóttina og hefði hann þá verið að fara heim og hefði hún sagt honum að senda barnfóstruna heim.

Faðir stúlkunnar X lagði fram skaðabótakröfu kr. 20.000,00 og kvaðst ákærði tilbúinn að greiða hana ef hann yrði sakfelldur. Í skýrslu heilsugæslulæknisins, Arnórs Egilssonar, sem skoðaði X laugardaginn 29. október 1983, kl. 11:45 segir svo: „Við skoðun koma ljós sogblettir víða, vinstra megin á hálsi, á hægri öxl, ofan til á vinstra brjósti, eftir „sogkossa". Marblettir á hægri olnboga (eins og eftir handargrip), marblettir á vinstri olnboga. Marblettur á hægra hné.

Við skoðun á kynfærum er Hymen nánast órofið, þó minniháttar rifur í því, engin blæðing. Vagina er mjög þröng. Sýni úr vagina er tekið og skoðað í smásjá og reyndist vera um að ræða flöguþekjufrumur og rauð blóðkorn eingöngu. Ekki tekst að sýna fram á sæðisfrumur. Ólíklegt verður að teljast að karlmanni hafi tekist að koma fram vilja sínum á X nema ef vera kynni með mikilli nærgætni af útliti kynfæra að dæma."

Verjandi ákærða krafðist þess að ákærði yrði sýknaður en til vara að hann yrði dæmdur til vægustu refsingar og að dómur yrði skilorðsbundinn. Hann krafðist einnig málsvarnarlauna að mati réttarins.

Ámælisverður er sá dráttur sem orðið hefur á máli þessu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins en málið virtist liggja þar á annað ár án nokkurrar sýnilegrar ástæðu.

Niðurstaða:

Framburður stúlkunnar X er skýr og greinargóður, þar sem hún lýsir hjá lögreglu 29. október 1983 öllum atburðum m.a. að ákærði hafi gefið henni áfengi, síðan meinað henni að fara heim til sín, rifið hana úr fötunum og síðan reynt að koma fram vilja sínum. Þá hafi hann m.a. elt hana inn

í svefnherbergi og inn á salerni og brotið þar m.a. upp dyrnar. Ennfremur hafi hann haft í hótunum við hana ef hún væri „óþekk".

Ákærði skýrði svo frá að hann myndi eftir því að hafa fært stúlkuna úr öllum fötum og þá verið frekur á því. Tilgangur hans hefði verið sá að hafa samfarir við stúlkuna en hún hefði verið því mótfallin. Hann kvaðst ekki hafa haft fullkomnar samfarir við stúlkuna en fundið fyrir meyjarhafti hennar að minnsta kosti einu sinni. X skýrði ennfremur svo frá að ákærða hefði tekist að stinga getnaðarlim sínum aðeins inn og hafi hann þá verið með „samfarahreyfingar". Hún kvað það öruggt að það hafi verið oftar en einu sinni sem honum hefði tekist það.

Með vísan til þessa sem og læknisvottorðs, framburði vitna og annarra gagna málsins þykir sannað að ákærði hafi gerst brotlegur við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stúlkan X var þrettán ára að aldri og kvaðst hún hafa margsagt ákærða frá því en hann hefði mótmælt því. Fyrir dómi 19. desember 1985 kvaðst ákærði hafa þekkt allt heimilisfólk á heimili X ágætlega en hann kvaðst ekki hafa þekkt X um nóttina.

Telja verður að verknaður ákærða eigi einnig undir 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem greinir í ákæruskjali, með vísan til skýrs og ákveðins framburðar stúlkunnar um þetta efni enda þótt svo kunni að vera að ákærði hafi ekki gert sér fulla grein fyrir því hver stúlkan var eða aldri hennar í því vímuástandi er hann var í umrætt sinn.

Refsing ákærða fyrir framangreint brot þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár.

Ennfremur ber ákærða að greiða B vegna X í skaðabætur kr. 20.000,00.

Ákærði greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni í málsvarnarlaun kr. 30.000,00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun kr. 30.000,-.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Elíasson, sæti fangelsi í 3 ár. Ákærði greiði B vegna X í skaðabætur kr. 20.000,-.

Ákærði greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni, hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000,00. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 30.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 6. nóvember 1986.

Nr. 235/1985. **Barði Már Barðason**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Jónatan Tryggvasyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Innsetningargerð. Valdsvið fógetaréttar. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1985. Dómkröfur hans eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og stefnda gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðiljar máls þessa deila m.a. um það, hvort faðir áfrýjanda hafi haft umboð til þess að selja bifreið hans svo sem hann gerði hinn 17. júlí 1985. Ennfremur greinir aðilja á um það, hvort stefndi hafi verið grandlaus, er hann keypti bifreiðina 19. ágúst 1985. Eignarréttur að bifreið þessari var því eigi svo ótvíræður og skýlaus að beita mætti réttarfarshagræði beinnar fógetagerðar. Ber mál þetta því eigi undir fógetarétt. Af þeim sökum verður að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Hafnarfjarðar 20. september 1985.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 20. september 1985.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Jónatans Tryggvasonar, eru þær réttarkröfur gerðar að honum verði með beinni fógetagerð afhent bifreiðin G-11930 (nú A-3076) og þess jafnframt krafist að gerðarþoli, Barði Már Barðason, verði úrskurðaður til að greiða allan kostnað af gerðinni.

Af hálfu gerðarþola, Barða Más Barðasonar, eru þær réttarkröfur gerðar að synjað verði um framgang gerðarinnar. Þá er þess krafist að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða allan kostnað gerðarinnar, þar með talinn málskostnað að skaðlausu.

Hinn 17. júlí 1985 fer fram sala á bifreiðinni G-11930 til Jóhanns Sigvaldasonar. Seljandi er f.h. Barða Más Barðasonar, Barði Steinþórsson, faðir Barða Más.

Hinn 19. ágúst 1985 selur Jóhann Sigvaldason ofangreinda bifreið gerðarbeiðanda, Jónatani Tryggvasyni.

Bifreiðin G-11930 er í vörslum lögreglunnar á Akureyri frá 23. ágúst 1985 til 5. september s.á., en þann dag fer Barði Steinþórsson til Akureyrar og fær afhenta kveikjuláslykla bifreiðarinnar hjá Erlingi Pálmasyni lögreglumanni. Barði Steinþórsson fer síðan með bifreiðina til Hafnarfjarðar og hefur haft hana í vörslu í bílskúr að Suðurgötu 9, Hafnarfirði.

Deilt er um það hvort Barði Steinþórsson hafi haft umboð frá gerðarþola til að ganga frá sölu á margnefndri bifreið.

Af aðilaskýrslum (lögregluskýrslum) verður ekki annað ráðið en að gerðarþoli, Barði Már Barðason, hafi ákveðið að faðir hans, Barði Steinþórsson, skyldi fara með bifreiðina á bílasölu og hafi þá jafnframt falið honum að annast sölu á bifreiðinni í umboði gerðarþola.

Bifreiðin hefur gengið kaupum og sölum til þriðja aðila, gerðarbeiðanda, er fengið hefur afsal og greitt umskráningu. Ekki verður annað séð en gerðarbeiðandi sé lögmætur eigandi og vörslumaður bifreiðarinnar G-11930, tegund Subaru station 4 x 4, árgerð 1977. Bifreiðin G-11930, sem er þá í ólögmætri vörslu gerðarþola, Barða Más Barðasonar, skal afhent gerðarbeiðanda, Jónatani Tryggvasyni.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 17.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurðarorð:

Gerðarbeiðandi, Jónatan Tryggvason, er lögmætur eigandi og vörslumaður bifreiðarinnar G-11930, tegund Subaru station 4 x 4, árgerð 1977.

Bifreiðin G-11930, sem er í ólögmætri vörslu gerðarþola, Barða Más Barðasonar, skal afhent gerðarbeiðanda, Jónatani Tryggvasyni.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 17.000,- í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. nóvember 1986.

Nr. 263/1984. **Stálvinnslan h/f**
gegn
Ragnari M. Magnússyni og
Style hf.

Lausafjárkaup. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu dagsettri 24. desember 1984. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum óskipt skuld að fjárhæð 104.228,92 krónur með 42% ársvöxtum af 81.217,34 krónum frá 1. nóvember 1982 til stefnubirtingardags 20. nóvember 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með samningnum frá 18. febrúar 1978 veitti áfrýjandi Ocean Gear Inc. einkaleyfi til sölu og dreifingar á framleiðslu sinni í Ameríku. Í samningnum segir m.a.: „Að allan ágreining út af samningi þessum ber að reka fyrir íslenzkum dómstólum.“ Áfrýjandi hefur ekki stefnt Ocean Gear Inc. inn í mál þetta.

Gegn andmælum stefndu hefur áfrýjandi ekki sannað að stefndu hafi tekið við hærri fjárhæð úr hendi Ocean Gear Inc. en 8.600 Bandaríkjadali.

Með framangreindum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 18. október 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ.m., hefur Þráinn Sigtryggsson, nafnnúmer 9838-7471, Kleppsvegi 130, Reykjavík, stjórnarformaður Stálvinnslunnar hf., nafnnúmer 8328-9007, Súðarvogi 4, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum fyrir hönd félagsins með stefnu, birtri 20. nóvember 1982, gegn Ragnari Magna Magnússyni, nafnnúmer 7176-2130, heildsala, Stekkjarflöt 21, Garðakaupstað, persónulega og fyrir hönd Style hf., skrásetts í Reykjavík án nanfnúmers, en með aðsetur í Garðakaupstað, sem stjórnarformanni þess, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 104.229,92 auk 42% ársvaxta af kr. 81.217,34 frá 1. nóvember 1982 til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðra dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að mati réttarins.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að mati réttarins.

II.

Í vottorði borgarfógetaembættisins í Reykjavík frá 2. maí 1980 kemur fram að tilgangur stefnanda, Stálvinnslunnar hf., er rekstur vélsmiðju og skyldur atvinnurekstur. Þar kemur einnig fram að tilgangur stefnda, Style hf., er klæðagerð og verslun í því sambandi.

Af hálfu stefndu hefur verið lagður fram í málinu samningur, dags. 18. febrúar 1978. Aðilar að þeim samningi eru Stálvinnslan hf. og Ocean Gear Inc. Af hálfu stefnanda undirrita Þráinn Sigtryggsson og Grímur Sigurðsson samninginn. Stefndi Ragnar og Elliði N. Guðjónsson undirrita samninginn fyrir hönd Ocean Gear Inc. Í 1. grein samningsins segir: „Að Stálvinnslan hf. veiti hér með OCEAN GEAR Inc, einkasöluleyfi og dreifingu á sinni framleiðslu í Norður-, Mið- og Suður-Ameríku." Í 2. grein segir: „Að þær vélar og tæki, sem Stálvinnslan hf. setur saman og framleiðir og sem eiga að fara á ofangreindan markað, séu sendar til Ocean Gear Inc, eða til vöruhúsa þess eða viðskiptavina og fyrirtækja Ocean Gear Inc., í samræmi við þennan samning og það verð sem samið er um á hverjum tíma."

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um greiðslu vegna sölu á síldarflokkunarvél til Stinson Canning Corporation í Bandaríkjunum. Reikningur, sem stefnandi lagði fram við útflutning vélarinnar, er stílaður á: „Ocean Gear Inc., c/o Yellowbird Motor Lines Inc., 85 Conway St., New Bedford, Mass 02742, U.S.A." Reikningsfjárhæðin er U.S.$ 8.600,00 c.i.f. og í texta reikningsins kemur fram, að um er að ræða „open account".

Í umsókn stefnanda (útflytjanda) um útflutningsleyfi útflutningsdeildar viðskiptaráðuneytisins kemur fram að viðtakandi vélarinnar er hinn sami og reikningurinn er stílaður á. Á þar til gerðum reitum á umsóknareyðublaðinu er frá því greint að varan sé seld „í umboði framleiðanda" og viðskiptakjörin (hvernig vara er seld og hvernig greiðsla fer fram): „C.i.f. Open account." Aftur á móti er ekkert skráð í reiti, sem bera yfirskriftina: *Kaupandi (ef annar en viðtakandi). Erlendur umboðsmaður. Umboðslaun %.* Útflutningsleyfi viðskiptaráðuneytisins er veitt samkvæmt umsókninni „með eftirgreindu skilyrði: Senda skal gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands afrit af útflutningsskjölum og hlíta fyrirmælum þess um gjaldeyrisskil."

Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram í málinu bréf viðskiptaráðuneytisins, dagsett 23. mars 1983. Þar segir:

„Orðin „open account" um viðskiptakjör þýða skv. skilningi ráðuneytisins að ekki sé um fastsettan gjalddaga að ræða í viðskiptum aðila, heldur greiðir kaupandi inná reikning seljanda eftir því sem henta þykir. Í útflutningi frá Íslandi er aðeins í undantekningartilvikum heimilað af hálfu ráðuneytisins að selja á þessum kjörum og þá aðeins þar sem um viðvarandi viðskipti er að ræða og ekki hafa komið fram athugasemdir frá gjaldeyriseftirliti Seðlabankans.

Í sérstakri skýrslu stefnanda um útflutning og gjaldeyrisskil, dagsettri 22. ágúst 1979, segir um sendinguna gagnstætt því sem fram kemur í umsókn um útflutningsleyfi: „Er hún seld? Já. Ef hún er send óseld, t.d. í umboðssölu, sem gjöf, endursending, skal geta þess hér...." Um gjaldeyrisskilin segir í skýrslunni: „Andvirði varanna væntanlegt í opin mánuði 1979 og verður þá skilað í erlendum gjaldeyri af Ocean Gear Inc. til Landsbanka Íslands."

Stefnandi hefur lagt fram í málinu bréf gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands, dags. 17. mars 1983, en þar segir:

„Með tilvísun til bréfs yðar dags. 16. þ.m., þar sem þér óskið eftir skilgreiningu gjaldeyriseftirlitsins á söluskilmálum, sem felast í orðunum „open account", leyfum vér oss að gefa eftirfarandi svar:

„Þegar vara er seld eða send með greiðsluskilmálum „open account" fær viðtakandi hennar í hendur þau skjöl sem gera innflutning hennar mögulegan beint frá seljanda eða sendanda (án milligöngu banka eða annars milliliðar). Er hér um að ræða frumrit sölureiknings og frumrit farmskírteinis eða annars farmbréfs. Afhending þessara skjala eða sending er ekki beint tengd greiðslu hennar, en í þessum tilfellum mun algengast að gerður er samningur, byggður á gagnkvæmu trausti seljanda og kaupanda, sem kveður nánar á um greiðslufyrirkomulag í viðskiptum. Skilmálar þessir eiga jafnt við inn- og útflutning."

Síldarflokkunarvél sú, sem hér um ræðir, var flutt til Seattle í Bandaríkj-

unum á sýningu, Fish - Expo, sem virðist hafa staðið 24. - 28. október 1979. Stefnandi hefur lagt fram reikning á sig að fjárhæð kr. 2.242,62 frá útflutningsmiðstöð iðnaðarins fyrir útlagðan kostnað vegna þátttöku stefnanda í sýningunni. Á þessari sýningu keypti áðurnefnt fyrirtæki, Stinson Canning Corporation, vélina fyrir U.S.$ 14.490,00.

Auk þess, sem þegar er fram komið, lýsir stefnandi atvikum að sendingu vélarinnar til Bandaríkjanna og sölunni þar þannig að vélin hafi verið send með skipi til vöruhúss Yellowbird Motor Lines Inc., sem síðan hafi séð um flutning vélarinnar á sýninguna, þar sem hún hafi verið afhent Þráni Sigtryggssyni, framkvæmdastjóra stefnanda, og seld eftir viðræður við hann. Stefndi Ragnar hafi gengið frá pappírum varðandi söluna, þar sem hann sé „hluthafi í Ocean Gear Ltd.", en komið hvergi nærri að öðru leyti. Kaupandi hafi greitt til stjórnarformanns „Ocean Gear Ltd.", Edward F. Harrington, U.S.$ 3.000,00 til staðfestingar á pöntun og hafi sú fjárhæð verið til greiðslu alls kostnaðar „Ocean Gear Ltd.". Síðan hafi vélin verið færð í vöruhúsið að nýju og átt að afhendast þaðan gegn greiðslu eftirstöðvanna U.S.$ 11.490,00. Sú fjárhæð hafi átt að greiðast til stefnanda. Þann 30. nóvember 1979 hafi Þráinn Sigtryggsson sent símskeyti til Yellowbird Motor Lines Inc. Í íslenskri þýðingu er efni þess þetta:

„fyrir rolf
góðfúslega sendið án tafar eftirstöðvar greiðslu fyrir fiskflokkunarvél sem seld var stinson canning co. maine að upphæð 11490 bandaríkjadollarar að gjaldi yðar frádregnu. vegna ábyrgðar gagnvart gjaldeyriseftirliti stjórnvalda verður að stíla greiðslu á landsbanka íslands, reykjavík, íslandi fyrir stálvinnsluna hf reykjavík íslandi
kveðjur stálvinnslan - sigtryggson"

Í svarskeytinu segir:
„tilkynnist að ávísun frá stinson can að upphæð 11.490 bandaríkjadollarar til ocean gear hefur verið send style hf pósthólf 128 garðahrepp íslandi hinn 1. desember 1979 ábyrgðarbréf einnig höfum við 2 - 12 v og 5 - 24 spólur kveðjur
ralph"

Dómkröfu sína útlistar stefnandi þannig í stefnu:
„Stefnandi kveður helstu málavexti þá, að stefndu skuldi sér fjárhæð jafnvirði bandarískra dollara 11.490,00 er stefndu áttu að standa stefnanda skil á seinni hluta árs 1979. 31.12. 1979 var kaupverð dollara g.kr. 394,40 sem nemur ísl. krónum 45.316,56. Stefnufjárhæðin er síðan reiknuð með innlánsvöxtum þannig: af ofangreindum kr. 45.316,56 eru reiknaðir 31%

ársvextir frá 31.12. '79 til 31.5. '80 kr. 5.853,39, en 35% ársvextir frá þeim degi til 31.12. '80 kr. 8.252,13, þannig að skuldin nemur þá kr. 60.422,08. Síðan eru reiknaðir 35% ársvextir af skuldinni eins og hún stendur pr. 31.12. '80 til 1.6. '81 kr. 8.811,55, en 34% ársvextir frá þeim degi til 31.12. '81 kr. 11.983,70 þannig að skuldin nemur þá kr. 81.217,34 pr. 31.12. '81. Frá áramótum eru síðan reiknaðir 34% ársvextir af skuldinni pr. 31.12. '81 til 1.11. '82 kr. 23.011,58 og nemur þá skuldin pr. 1.11. '82 kr. 104.228,92, sem er stefnufjárhæðin. Síðan er krafist 42% ársvaxta af skuldinni eins og hún stóð pr. 31.12. '81 kr. 81.217,34 og síðan dómvaxta af sömu fjárhæð fram að næst komandi áramótum, en þá er gert ráð fyrir upphækkun sbr. heimild Seðlabanka Íslands, þannig að árlega bætist vextir við höfuðstól og þannig verði dómvextir reiknaðir til greiðsludags á sama hátt."

Síðar í stefnunni segir:

„Stefndi Ragnar virðist í fyrirsvari fyrir 2 fyrirtækjum með nafnið Style. Bréf hans í sambandi við þessi viðskipti er með bréfsefni hins ólöglega fyrirtækis Style hf. eða Style Ltd. Í hlutafélagskrá er Style hf. skráð 14.2. 1952 með varnarþing í Reykjavík, en á bréfsefnum og auglýsingum er heimilisfang sama og stefnda Ragnars. Skráður tilgangur félagsins er klæðagerð og verslun í því sambandi. Stefndi Ragnar er skráður stjórnarformaður. Hjá hlutafélagaskrá liggja einungis fyrir stofnskjöl frá 1952 og ekki hefur þótt taka því að láta hlutafélagið fá nafnnúmer, enda virðast ákvæði hlutafélagalaga hafa verið svo þverbrotin að afmá beri hlutafélagið, enda beri stefndi Ragnar persónulega og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess. Í firmaskrá við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði er skráð sem einkafirma stefnda Ragnars firmað Style - Ragnar M. Magnússon, n.nr. 8525-9296 (1.11. '72) að Stekkjarflöt 21, Garðakaupstað. Á nafni hins ólöglega Style hf. eru auglýstar eftirlíkingar af framleiðslu stefnanda á Bandaríkjamarkaði, og því haldið þar m.a. ranglega fram, að Style hf. hafi einkaleyfi á vélunum, en eftir innbrotið í Stálvinnsluna hf. í nóvember 1979, þar sem m.a.hvarf af lager efni og myndir varðandi framleiðsluna o.fl. sem stefnda Ragnari og öðrum aðila var gert af Rannsóknarlögreglu ríkisins að skila aftur og tókst að hluta til, var hafin framleiðsla á samskonar vélum og Stálvinnslan hf. framleiðir. Virðist hið ólöglega Style hf. nú vera að bjóða þessa framleiðslu til sölu að því er stefnandi telur.

Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu Yellowbird Motorlines Corp. í New Bedford, er afhenti umrædda vél Stálvinnslunnar hf. til kaupanda, sendi það stefnda Ragnari fjárhæðina 11.490 dollara 1. desember 1979 og samkvæmt beiðni hans til Style Ltd. eða hins ólöglega Style hf. Er því stefnda Ragnari stefnt einnig fyrir hlutafélagið Style sem stjórnarformanni þess, og er það gert til að taka af allan vafa, en stefnandi telur þó liggja

ljóst fyrir, að stefndi Ragnar beri þar persónulega og ótakmarkaða ábyrgð."

III.

Varðandi sölu umræddrar vélar eru málavextir sagðir þeir í greinargerð stefndu, að með nefndum samningi frá 18. febrúar 1978 hafi Ocean Gear Inc. tekið að sér einkasölustarfsemi í Ameríku á framleiðslu stefnanda. Á árunum 1978 - 1979 hafi Ocean Gear Inc. síðan keypt fjórar síldar/loðnuflokkunarvélar af stefnanda til endursölu í Ameríku. Tvær vélanna hafi verið seldar til Mearl Corporation og þriðja vélin til bandarísks fyrirtækis í Camden, Maine. Ocean Gear Inc. hafi keypt fjórðu vélina á gjaldfresti (open account) fyrir U.S.$ 8.600,00 af stefnanda og endurselt hana Stinson Canning Corp. fyrir U.S.$ 14.490,00, eftir að hafa sýnt hana með miklum tilkostnaði á umræddri sýningu. Kaupandi vélarinnar, Ocean Gear Inc., hafi fyrir milligöngu stefnda Ragnars, greitt stefnanda kaupverðið U.S.$ 8.600,00 með því að gera upp við Iðnrekstrarsjóð lán, sem stefnandi hefði tekið þar 24. maí 1978 gegn veði í fasteigninni Stekkjarflöt 21, Garðakaupstað, eign stefnda Ragnars, og leysa veðið af íbúðarhúsinu. Veð þetta hafi stefndi Ragnar lánað stefnanda, en þegar Ocean Gear Inc. hafi greitt stefnanda kaupverðið hafi verið ljós sú ætlun Þráins Sigtryggssonar að láta stefnda Ragnar sitja uppi með skuldina við Iðnrekstrarsjóð. Mótmælt er þeirri fullyrðingu í stefnu að stefndi Ragnar hafi ranglega tekið við umræddri fjárhæð. Því er einnig mótmælt að hann beri persónulega ábyrgð á skuldbindingum stefnda Style hf. sem sé löglega skráð hlutafélag.

IV.

Varðandi lánið hjá Iðnrekstrarsjóði segir í stefnu: „Í janúar 1978 kynnir Elliði Guðjónsson stefnda Ragnar og forráðamann Stálvinnslunnar hf. Þráin Sigtryggsson. Uppúr þeim kynnum er gerður samningur milli Ocean Gear Inc. og Stálvinnslunnar hf. um sölu framleiðslu Stálvinnslunnar hf., þ.e. að Ocean Gear Inc. taki að nokkru leyti að sér að kynna umræddar vörur. Um haustið þ.e. 1978 er haldin vörusýning í Boston í Bandaríkjunum og til að greiða fyrir smíði tveggja véla vegna þeirrar sýningar bauðst stefndi Ragnar til að lána Stálvinnslunni hf. fjármagn, en þar sem hann persónulega gat ekki fengið lán hjá Iðnrekstrarsjóði kemur hann því til leiðar að Stálvinnslan hf. er skráð fyrir láni hjá sjóðnum og hann undirritar án umboðs veðskuldabréf að höfuðstól g.kr. 2.000.000,00 með veði í fasteign sinni nr. 21 við Stekkjarflöt í Garðakaupstað í því skyni, þ.e. 24. maí 1978. 24. maí 1978 greiðir stefndi Ragnar til Stálvinnslunnar hf. sem lán g.kr. 1.980.000,00. Stálvinnslan hf. sendir síðan á eigin vegum 2 nefndar vélar vegna sýningarinnar í Boston 1978 og þar voru báðar vélarnar seldar,

en kaupandi var Mearl Corporation í Bandaríkjunum, sem áður hafði keypt vélar af Stálvinnslunni hf. Söluverð hvorrar vélar var bandarískir dollarar 11.960,00 eða samtals 23.920,00 bandarískir dollarar. 4. desember 1978 er sala þessi gerð upp og stefndi Ragnar fékk þá full skil frá Stálvinnslunni hf. vegna ofangreindrar skuldar sbr. lán hans 24. maí 1978."

Því til sönnunar lagði stefnandi fram í málinu, eftir að útivist varð af hálfu stefndu, ljósrit tékka, að fjárhæð gkr. 1.300.000, sem er útgefinn 5. desember 1978 af Þráni Sigtryggssyni fyrir hönd stefnanda til R. Magnússon - Style og framseldur af honum.

Í greinargerð stefndu er sérstaklega mótmælt rangri atvikalýsingu í stefnu á aðdraganda lántöku stefnanda hjá Iðnrekstrarsjóði og því að stefndi Ragnar hafi fengið lánið og endurlánað stefnanda og síðan fengið endurgreitt 4. desember 1978. Er greinargerð stefndu var lögð fram var m.a. lagt fram af þeirra hálfu bréf, dagsett 15. mars 1978, til „Iðnrekstrarsjóður c/o Guðmundur Ágústsson, fulltrúi, Iðnaðarbankanum Reykjavík" varðandi umsókn „um styrk og lán vegna útflutnings." Umsóknin er gerð í nafni stefnanda og efni bréfsins, sem er undirritað af Þráni Sigtryggssyni, þetta:

„Stálvinnslan hf. óskar eftir að Iðnrekstrar sjóður sjái sér fært að fjármagna nú þegar, útflutning tveggja síldar - loðnu flokkunar véla, til U.S.A. og Canada, vegna kynningar og markaðsöflunar fyrir þessar vélar.

Fjármagns þörf, fjórar miljónir miðað við miðjan apríl 1978.

Innanlands markaður fyrir þessar vélar er mettur í bili, og því afar áríðandi að kanna til þrautar markaðinn í þessum heimshluta, en þegar hafa verið seldar þar um 40 slíkar vélar, þokkaleg byrjun, en við höfum þá trú að þetta sé aðeins upphafið, nú þurfi að fylgja fast á eftir.

Við ráðgerum þátttöku í Fish Expo 1978 í Boston, með sýningarvél, svo og aðra vél til sýnis og sölu í Halifax, Nova Scotia Canada.

Þessar vélar þurfa að fara frá okkur í maí 1978.

Svar við þessari málaleitan óskast sem allra fyrst."

Lánveiting Iðnrekstrarsjóðs nam gkr. 2.000.000, en áður en það (sic) kom til útborgunar virðist hafa dregist frá því 1% lántökugjald eða gkr. 20.000. Af láninu skyldi greiða 18% ársvexti, lánið skyldi endurgreiðast að fullu þann 25. maí 1979 með gkr. 2.360.000. Samkvæmt upphafsákvæði veðskuldabréfsins var stefnandi lántakandi, en það er þó ekki undirritað af honum heldur stefnda Ragnari og Þórunni Ingjaldsdóttur, sem mun vera eiginkona hans. Vitundarvottar eru Hreinn Elliðason og Guðmundur Ágústsson. Veðskuldabréfinu var þinglýst athugasemdalaust.

Í skýrslu sinni hér fyrir dóminum skýrði Þráinn Sigtryggsson svo frá, að hann hefði sótt um lán þetta hjá Iðnrekstrarsjóði, en gert það fyrir orð stefnda Ragnars. Ragnar hafi verið búinn að ræða við Guðmund Ágústsson

hjá Iðnrekstrarsjóði en ekki getað fengið lán persónulega. Því hafi umsóknin verið send í nafni stefnanda. Hann hafi farið í Iðnrekstrarsjóð með Ragnari og vitninu Ellíða Norðdahl Guðjónssyni í sambandi við lánsumsóknina. Hann kvað sér hafa verið nauðsynlegt að hafa eitthvað í höndunum þar sem hann hafi verið að lána nafn stefnanda fyrir þessari lánveitingu. Af þeirri ástæðu hafi eftirgreind yfirlýsing verið útbúin. Yfirlýsing þessi er dagsett 24.maí 1978 og undirrituð af stefnda Ragnari og Þráni Sigtryggssyni fyrir hönd stefnanda. Þrátt fyrir yfirskrift yfirlýsingarinnar er hún ekki undirrituð af Iðnrekstrarsjóði eða Ellíða N. Guðjónssyni. Í yfirlýsingunni segir:

„IÐNREKSTRARSJÓÐUR.

Stálvinnslan hf. - Ragnar M. Magnússon - Elliði N. Guðjónsson. Vegna fjárhagsfyrirgreiðslu úr Iðnrekstrarsjóði, skal eftirfarandi tekið fram: Fjárhæð sú sem hér er greidd úr Iðnrekstrarsjóði til Stálvinnslunnar hf. og með ábyrgð (Fasteignaveði) Ragnars M. Magnússonar Stekkjarflöt 21, Garðabæ er vegna undirritaðs samnings milli Stálvinnslunnar hf. og Ragnars M. Magnússonar og Ellíða N. Guðjónssonar varðandi sölu á síldarflokkunarvélum fyrirtækisins á erlendum markaði.

Fyrirgreiðslan er veitt með það fyrir augum að umræddir aðilar geti þegar hafist handa um sölu á þessum vélum á erlendum markaði fyrir Stálvinnsluna hf., enda sé það skilningur sjóðshafa að umræddar vélar fari til áðurnefndra aðila sem séu umboðsmenn Stálvinnslunnar hf. og hafi þar af leiðandi forgang með þeirra framleiðslu til útflutnings, enda fari útflutningur Stálvinnslunnar eingöngu í gegnum þessa aðila þar til skuld þessi er greidd að fullu. Að öðru leyti gengur þessi fyrirgreiðsla inn í samning sem áðurnefndir aðilar hafa þegar gjört með sér.

Afhending fyrstu flokkunarvélar til umræddra aðila skal vera samkvæmt samkomulagi beggja aðila en þó eigi síðar en 20. júní 1978, og aðrar vélar samkvæmt áður gjörðum samningi.

Þessu til staðfestingar ritum við nöfn okkar."

Lán þetta lenti í vanskilum. Í bréfi, dagsettu 2. janúar 1980, var þess farið á leit af hálfu Iðnrekstrarsjóðs við stefnanda að lánið ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði eða samtals gkr. 2.945.760 yrðu greiddar fyrir 11. sama mánðar ella yrði krafist uppboðs á veðinu, fasteigninni Stekkjarflöt 21, Garðakaupstað. Samkvæmt framlagðri kvittun höfðu vextir lánsins gkr. 361.000 verið greiddir 20. september 1979 af stefnda Ragnari. Samkvæmt annarri kvittun, dagsettri 12. maí 1980, greiddi stefndi Ragnar lánið ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði að fullu með samtals gkr. 3.182.150. Í bréfi Ragnars, dags. 19. september 1980, til

Sigurðar Jóhannssonar, bankafulltrúa Seðlabanka Íslands, segir að full gjaldeyrisskil á greiðslu Ocean Gear Inc., að fjárhæð U.S.$ 8.600,-, hafi farið fram í Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði 7. maí 1980 á gengi gkr. 445, og hann síðan greitt skuldina við Iðnrekstrarsjóð.

Veðskuldabréfið, sem lagt var fram af hálfu stefnanda, ber með sér að hafa verið kvittað og afhent til aflýsingar 13. nóvember 1980. Því var aflýst 27. nóvember 1980.

V.

Þráinn Sigtryggsson, sem er framkvæmdastjóri og formaður stjórnar stefnanda, kveður stefnanda engin gögn hafa varðandi sölu vélarinnar til Stinson Canning Corporation. Hann kveður þann sölusamning hafa verið munnlegan og kaupin fest með því að kaupandi hafi sent U.S.$ 3.000 á reikning til New Bedford. Sú upphæð hafi átt að vera til greiðslu alls kostnaðar stefnda Ragnars, sem þurft hafi að vera aðili að sölusamningsgerðinni við Stinson Canning Corp., þar sem vélin hafi verið flutt út á nafn Ocean Gear Inc., sem Ragnar veiti forstöðu. Í raun hafi þetta þurft að vera þannig pro forma. Á staðnum hafi Ragnar eingöngu verið með reikningsform frá Style Ltd. Yfir það nafn hafi hann strikað og gefið reikning fyrir umræddum U.S.$ 3.000, til kaupanda frá Ocean Gear Inc. Við söluna hafi þannig verið gengið frá málum að Ragnar hafi átt að gefa fyrirtækinu Yellowbird Motor Lines Inc. fyrirmæli um með hvaða hætti eftirstöðvarnar U.S.$ 11.490,- yrðu sendar heim. Jafnframt hafi verið frá því gengið á milli þeirra Ragnars að Ragnar myndi standa stefnanda skil á þessari upphæð. Á þessum tíma hafi harðar deilur komið upp milli þeirra Ragnars, þar sem Ragnar hafi eingöngu viljað senda heim U.S.$ 8.600. Á það hafi hann ekki viljað fallast, enda hafi Ragnar áður verið búinn að fá í hendur umtalsverðar fjárhæðir, sem verið hafi eign stefnanda. Ragnar hafi síðan fengið tékka frá Bandaríkjunum, dagsettan 1. desember 1979, stílaðan á Style Ltd., að upphæð U.S.$ 11.490,00, sbr. áður greint skeyti frá Yellowbird Motor Lines Inc., en ekki tekist að innleysa þann tékka í banka hér á landi. Síðar hafi hann komið með tékka sömu fjárhæðar stílaðan á Iðnrekstrarsjóð, en heldur ekki getað fengið þann tékka innleystan. Loks hafi hann komið með tékka, sem lagður hefur verið fram í ljósriti, og fengið hann innleystan. Sá tékki, að fjárhæð U.S.$ 8.600,00, er á The First National Bank of New Bedford, útgefinn 13. mars 1980 til Iðnrekstrarsjóðs.

Varðandi áðurgreindan samning, dagsettan 18. febrúar 1978, milli stefnanda og Ocean Gear Inc., kveður Þráinn þar eingöngu hafa verið um það samið að Ocean Gear Inc. fengi einkaumboðssöluleyfi á framleiðslu stefnanda. Í þeim samningi komi ekkert fram um að Ocean Gear Inc. skuldbindi sig til þess að kaupa framleiðslu stefnanda. Vegna samningsins hafi stefn-

andi orðið að sætta sig við að senda umrædda vél til Bandaríkjanna á nafn Ocean Gear Inc., sem aldrei hafi keypt þá vél eða aðra af stefnanda. Varðandi sölu tveggja véla til Mearl Corporation kveður hann þá hafa um það samist við Ragnar að hann fengi það sem hafi verið umfram U.S.$ 10.000,00 á vél eða samtals U.S.$ 3.920,00, sem sölulaun. Heim hafi verið sendir U.S.$ 14.000,00, en U.S.$ 6.000,00 hafi Ragnar fengið sem greiðslu frá stefnanda upp í lánið hjá Iðrekstrarsjóði. Ragnar hafi síðan fylgst nákvæmlega með því hvenær nefndir U.S.$ 14.000,00 (um það bil gkr. 4.400.000,-) hafi komið í banka hér á landi. Þá hafi Ragnar fengið sig með sér í bankann. Þá hafi Ragnar sagt að sig bráðvantaði gkr. 1.300.000, sbr. áðurnefndur tékki útgefinn 5. desember 1978, og viljað taka það sem greiðslu upp í lánið frá Iðnrekstrarsjóði og öðruvísi yrði þá farið með nefnda U.S.$ 6.000,00, sem hann hefði fengið úti. Í þessu sambandi hafi Ragnar ekki gefið neinar kvittanir.

Þráinn Sigtryggsson var sérstaklega spurður um hvaða skilning hann legði í orðinn „open account". Hann vísaði til telexskeytis, sem Ragnar hefði sent sér 4. júlí 1979 án þess að gefa neinar frekari skýringar. Hann hafi rætt það við bróður Ragnars, Bjarna Magnússon, hjá Íslensku umboðssölunni, og hann svarað því til að þetta þýddi að varan væri send sem óseld og verðlaus. Að senda vöru verðlausa kvað Þráinn ekki unnt gagnvart útflutningsskilyrðum hér og einnig í Bandaríkjunum. Í íslenskri þýðingu er skeytið svohljóðandi:

„góðfúslega tilkynnið stálvinnslunni Þráinn sími ey 36750 góðfúslega afskipið þegar í stað í opinn reikning einni flokkunarvél til ocean gear inco c/o yellowbird motor lines inc 85 convey st new bedford mass 02742 góðfúslega sendið skjöl á sama heimilisfang með því að ég verð á nýfundnalandi og yellowbird mennirnir munu sjá um toll o.s.frv. áríðandi bestu kveðjur ragnar"

Fyrirtækið hafi því í þessu sambandi átt að vera umboðsaðili, en ekki kaupandi framleiðslu stefnanda. Hann kvaðst ekki vita til þess, að fyrirtækið hafi nokkru sinni keypt vélar af stefnanda. Hann kveðst heldur ekki vita hvort peningar hafi komið inn til fyrirtækisins fyrir sölur á framleiðslu stefnanda og aldrei kveðst hann hafa fengið neinar greiðslur fyrir slíkt, en að sjálfsögðu hefði hann átt að fá hluta af því ásamt sameiganda sínum Ragnari. Hann kveður sér hafa verið algjörlega ókunnugt um viðskipti Ragnars persónulega eða fyrir hönd Ocean Gear Inc. við stefnanda. Hann kvaðst að endingu hafa gengið út úr þessum félagsskap við Ragnar, enda hafi Ragnar aldrei upplýst sig neitt um ráðstafanir í nafni firmans.

Vitnið kveður orðin „open account" á reikningum þýða að umboðsaðil-

inn erlendis þurfi ekki að greiða framleiðanda hér á landi fyrr en hann hafi selt vöruna. Tilgreining upphæðar á reikningum sé nauðsynleg, en eingöngu til þess að festa gagnvart innlendum aðilum virði vörunnar og þeirri fjárhæð verði að skila hér í erlendum gjaldeyri, hvort sem varan sé síðan seld fyrir meiri eða minni upphæð.

Undir vitnið var borin eftirgreind setning í greinargerð stefndu: „Þegar því Ocean Gear Inc. greiddi kaupverð fjórðu flokkunarvélarinnar til Stálvinnslunnar töldu forsvarsmenn Ocean Gear Inc. sér skylt að sjá svo um að lán það, sem Stálvinnslan hf. hafði tekið í Iðnrekstrarsjóði, sbr. lánsumsókn Stálvinnslunnar hf., dags. 15.3. 1978, undirritaða af Þráni Sigtryggssyni dskj. nr. 12, væri gert upp og veð það sem Ragnar Magnússon hafi lánað Stálvinnslunni hf. leyst af íbúðarhúsi Ragnars."

Vitnið kvað þetta aldrei hafa komið neitt til ákvörðunar af sinni hálfu.

VI.

Stefndu reisa kröfur sínar einkum á því að umrædd flokkunarvél sé að fullu greidd. Vélin hafi verið seld Ocean Gear Inc. fyrir U.S.$ 8.600,00 og kaupandi hafi fyrir milligöngu stefndu staðið stefnanda skil á kaupverðinu með greiðslu til Iðnrekstrarsjóðs á skuld stefnanda. Ocean Gear Inc. hafi bæði haft lagalegan og siðferðislegan rétt til þessarar ráðstöfunar kaupverðsins sem sannanlega hafi komið stefnanda til góða. Þá hafi meirihluti þáverandi hluthafa stefnanda verið þessari málsmeðferð samþykkur.

Þá byggja stefndu einnig á því, að milli þeirra og stefnanda hafi ekki skapast neitt réttarsamband, enda beri stefndu enga ábyrgð á skuldbindingum Ocean Gear Inc., þótt þeir hafi annast um greiðslu með milligöngu, sem fram hafi farið í fullu umboði Ocean Gear Inc.

Af hálfu stefndu er útreikningi á stefnukröfum, vöxtum og vaxtavöxtum mótmælt sem löglausum.

Um málsástæður og lagarök segir í stefnu:

„Stefnandi reisir kröfur sínar einkum á framangreindu sbr. málavaxtalýsingu. Fyrir liggur að stefndi Ragnar tók ranglega við umræddri fjárhæð og hefur notað peningana í stað þess að gera stefnanda skil. Stefndi hefur og ranglega haldið því fram að vélin hafi verið keypt af stefnanda Ocean Gear og að Ocean Gear hafi verið þátttakandi á EXPO '79. Þá skýrir stefndi frá því að umræddir peningar hafi verið sendir hingað til lands til að greiða skuldir Stálvinnslunnar hf. sem hann hafi gert enda taldi hann sig ranglega þá aðaleiganda Stálvinnslunnar hf., en hann hefur aldrei verið þar hluthafi. Telur stefnandi því að stefndi Ragnar hafi beitt ýmsum brögðum til að komast yfir umræddar fjárhæðir og haldi uppteknum hætti áfram

er hann er krafinn um skil. Hér er stefnandi að gera kröfu til greiðslu á andvirði seldrar framleiðslu sinnar.

Stefnandi vísar einkum til laga og reglna á sviði fjármunaréttar, einkum kröfuréttar og í því sambandi til l. 39/1922. Þá er og vísað til 26. kafla alm. hgl. nr. 19/1940 einkum 247. gr. og 248. gr. Hér er og höfð hliðsjón af l. 32/1978 sbr. og eldri lög þ.e. um hlutafélög og sbr. t.a.m. 154. gr., 160. gr. svo og ákvæði um tilkynningarskyldu o.fl. Þá er og vísað til laga og reglna um gjaldeyrisskil o.fl."

Í sókn stefnanda er því síðan haldið fram, að stefnda Ragnari hafi verið greidd umboðslaun, sem ekki hefði verið gert ef um sölu til Ocean Gear Inc. hafi verið að ræða. Hliðstæð viðskipti hefðu og farið fram áður og þá verið greidd umboðslaun milli þessara sömu aðila. Orðin „open account" hafi einvörðungu verið til hagræðis vegna útflutnings vélanna og innflutnings til þess lands er selt var til. Vísað er til reglugerðar nr. 519/1979, einkum 3. kafla, sbr. reglugerð nr. 79/1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o.fl. með áorðnum breytingum, sem geri enn strangari kröfur um opinber leyfi sérstaklega sé selt gegn gjaldfresti. Óumdeilt sé hins vegar í málinu að stefndi Ragnar hafi fengið umboðslaun ákveðin af sölunni og salan til kaupanda hafi verið hærri en á útflutningspappírum. Fyrir liggi að samkvæmt fyrirmælum stefnda Ragnars hafi andvirði vélarinnar U.S.$ 11.490,- verið sent til stefnda Style hf. til ráðstöfunar, sem síðan hafi ráðstafað greiðslunni, ekki til stefnanda eins og samið hafi verið um, heldur til stefnda Ragnars sem tekið hafi við greiðslunni til eigin ráðstöfunar. Fullyrðingu stefnda Ragnars um að hann hafi með skuldajöfnuði ráðstafað umræddum fjármunum til að greiða skuldir stefnanda er alfarið mótmælt og vísað á bug, enda hafi stefnandi fengið viðkomandi veðskuldabréf kvittað að fullu greitt og aflýst. Stefndu hafi ekki mótmælt að hafa tekið við viðkomandi greiðslum og síðan ráðstafað þeim. Það eitt nægi til að kröfur stefnanda verði alfarið teknar til greina. Varðandi það athæfi stefnda Ragnars að láta senda sér greiðsluna, þá hafi það hvorki verið gert í samráði við hluthafa stefnanda né forsvarsmenn Ocean Gear Inc. Beint réttarsamband sé því á milli aðila þessa máls vegna viðskipta þessara.

Framanritað er lýsing málavaxta og málsástæðna í dómi, sem kveðinn var upp í máli þessu á bæjarþinginu hinn 28. nóvember 1983. Var málinu þá vísað frá dóminum ex officio.

Frávísunardómurinn var kærður til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar hinn 20. janúar sl. var hinn kærði dómur úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og uppsögu dóms að nýju. Í forsendum dóms Hæstaréttar segir:

„Í hinum áfrýjaða dómi er frá því greint, að stefndi, Ragnar Magni, hafi fengið í hendur greiðslu þá, er fékkst fyrir fiskflokkunarvélina, sem

seld var Stinson Canning Corporation. Ágreiningur er með aðiljum um það, hvort hann hafi haft heimild til þess að ráðstafa fé þessu til þess að greiða upp lán áfrýjanda við Iðnrekstrarsjóð, er hvíldi á fasteign stefnda, Ragnars Magna, að Stekkjarflöt 21, Garðabæ.

Þetta ágreiningsatriði er ekki nægilega upplýst, og þar sem það getur haft áhrif á efnisúrlausn þessa máls, er óhjákvæmilegt að ómerkja hinn kærða dóm og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og gefa þar með lögmanni áfrýjanda kost á því að leiða fyrir dóm m.a. þá stjórnarmenn og hluthafa í Stálvinnslunni h/f, er um ágreiningsefni þetta geta borið, áður en dómur verður lagður á mál þetta að nýju."

Leitast hefur verið við að upplýsa þetta ágreiningsefni, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur. Til upplýsingar hafa verið lögð fram endurrit dóma aukadómþings Kjósarsýslu frá 27. mars 1981 í málinu nr. 15/1980: Stálvinnslan hf. gegn Grími Sigurðssyni, og sjó- og verslunardóms Reykjavíkur frá 24. júní 1980 í málinu nr. 43/1980: Þráinn Sigtryggsson gegn Þorsteini Herði Björnssyni og Ragnari M. Magnússyni. Báðir þessir dómar eru sprottnir af deilum um hlutabréf í Stálvinnslunni hf. Í fyrrnefnda málinu var um að ræða samning, dags. 11. október 1979, um kaup Ragnars Magna Magnússonar á 8 hlutabréfum Gríms Sigurðssonar. Í síðarnefnda málinu var um að ræða samning, dags. 12.október 1979,um kaup Ragnars Magna á 8 hlutabréfum Þorsteins Harðar Björnssonar. Hlutabréf Stálvinnslunnar hf. eru samtals 30. Á þessum tíma átti Þráinn Sigtryggsson síðan 8 og félagið sjálft 6.

Með yfirlýsingu gerðri í nóvember 1979 var greindur samningur Ragnars Magna og Gríms látinn ganga til baka. Greind sala Þorsteins Harðar til Ragnars Magna var ógilt með dómi sjó- og verslunardóms Reykjavíkur.

Þorsteinn Hörður Björnsson, Grímur Sigurðsson, svo og Elliði Norðdahl Guðjónsson, sem áður hafði komið fyrir dóminn til vitnisburðar, gátu ekkert borið um það ágreiningsatriði, sem greinir í dómi Hæstaréttar.

Þá hefur stefnandi lagt fram eftirfarandi skjal, dags. 23. febrúar 1984, gert af Gunnari R. Magnússyni, löggiltum endurskoðanda. Skjalið er svohljóðandi:

„Yfirlit yfir viðskipti Ragnars Magna Magnússonar og Stálvinnslunnar hf. á árunum 1978 og 1979.

1978:		*Debet:*	*Kredit:*
24. maí	Framlagt andvirði láns Ragnars Magna frá Iðnrekstrarsjóði gkr. 1.980.000		$ 7.612

1978:		*Debet:*	*Kredit:*
3. nóv.	Sendar tvær vélar til Ocean Gear Inc., U.S.A. ($ 11.960 x 2 = 23.920) - Íkr. 7.467.824	$ 23.920	
3. nóv.	Sölulaun til Ragnars Magna (20% af $ 23.920 = $ 4.784) = Íkr. 1.493,565		$ 4.784
4. des.	Innkomin greiðsla frá Ragnari Magna (Íkr. 4.447.800 inn á Hlr. 475 í L.Í. Langh.)		$ 14.000
4. des.	Greitt Ragnari Magna v/Iðnrekstrarsjóðs (Íkr. 1.300.000 gr. með áv. 5161382 á Hlr. 475)	$ 4.098	
		$ 28.018	$ 26.396
	Staða 31. des. 1978		$ 1.622
		$ 28.018	$ 28.018

1979:		*Debet:*	*Kredit:*
1. jan.	Flutt frá fyrra ári	$ 1.622	
7. febr.	Greiðsla frá Ragnari Magna með ávísun (Íkr. 320.000 inn á Hlr. 475)		$ 990
8. mars	Greiðsla frá Ragnari Magna með ávísun (Íkr. 100.000 inn á Hlr. 475)		$ 308
10. apríl	Greiðsla frá Ragnari Magna (Íkr. 250.000 v/gr. víxill)		$ 760
9. júlí	Send vél til Ocean Gear Inc. U.S.A. (Íkr. 4.696.462)	$ 13.515	
9. júlí	Sölulaun til Ragnars Magna (20% af $ 13.515 = $ 2.703) = Íkr. 939.292		$ 2.703
15. ágúst	Greiðsla frá Ragnari Magna í USD ($ 1.200 til Gríms Sigurðssonar) Íkr. 442.680		$ 1.200
30. ágúst	Innkomin greiðsla frá Ragnari Magna (Íkr. 3.223.280 inn á Hlr. 475)		$ 8.600
26. okt.	Send vél til Ocean Gear Inc. U.S.A. (Íkr. 5.653.998)		$ 14.490
26. okt.	Sölulaun og kostnaður til Ragnars Magna (Samkomulag um $ 3.000) = Íkr. 1.170.600		$ 3.000

1979:		*Debet:*	*Kredit:*
28. okt.	Greiðsla frá Ragnari Magna í USD ($ 1.200 til Þráins Sigtryggssonar) = Íkr. 468.240		$ 1.200
		$ 29.627	$ 18.761
	Staða 31. des. 1979		$ 10.866
		$ 29.627	$ 20.627

Ath:

Allar tölur í íslenzkum krónum eru í gömlum krónum. Við umreikning greiðslna í íslenzkum krónum yfir í Bandaríkjadali var stuðst við daglega gengisskráningu Seðlabanka Íslands á sölugengi samkvæmt „Hagtölum mánaðarins".“

Í viðbótarskýrslu Þráins Sigtryggssonar kom m.a. fram, að samkomulag hefði verið um það við Ragnar Magna, að hann fengi 20% sölulaun fyrir umboðssölu á vélum framleiddum af stefnanda. Aðeins hafi verið um umboðssölu að ræða hjá Ragnari Magna. Hvorki hann né Ocean Gear Inc. hafi nokkru sinni keypt eina einustu vél af stefnanda. Þráinn taldi óhugsandi að slíta málsatvik varðandi umrædda U.S.$ 11.490,00 úr samhengi við framangreind hlutafjárkaup og innbrot í húsakynni stefnanda í nóvember 1979. Þá kom fram hjá Þráni, að enginn stjórnarmanna eða hluthafa stefnanda nema hann gæti borið um það atriði sem Hæstiréttur kveður ekki nægilega upplýst.

VII.

Álit dómsins:

Eftir að greinargerð stefndu var lögð fram í málinu féll niður þingsókn af þeirra hálfu. Verður því að dæma málið samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 eftir framkomnum kröfum, skilríkjum og sókn stefnanda og með tilliti til þess sem fram hefur komið af hálfu stefndu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að ekkert réttarsamband hafi skapast milli þeirra og stefnanda við sölu umræddrar vélar þar sem stefndi Ragnar hafi ekki persónulega verið aðili að viðskiptum Ocean Gear Inc. og stefnanda. Eigi verði það heldur leitt af milligöngu stefnda Ragnars við að koma greiðslunni frá Ocean Gear Inc. til stefnanda/Iðnrekstrarsjóðs í fullu umboði Ocean Gear Inc. sem hafi ótvírætt verið kaupandi umræddra véla. Þó ekki sé það beinlínis nefnt verður að telja þessar varnir í greinargerð stefndu höfða til aðildarskorts sem eigi að leiða til sýknu, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 95/1936. Þykir því bera að taka það atriði fyrst til úrlausnar.

Samkvæmt gögnum málsins verður að fallast á það með stefnda Ragnari

að hann hafi ekki persónulega verið aðili að sjálfri sölu vélarinnar, þannig að réttarsamband stofnaðist milli málsaðila. Hins vegar þykja stefndu hafa bakað sér skuldbindingar gagnvart stefnanda með móttöku og ráðstöfun þeirra fjármuna sem stefnanda bar fyrir vélina. Það álit er stutt þessum rökum: Ágreiningslaust virðist að greiðsla í ávísun að upphæð U.S.$ 11.490,00 frá Stinson Canning Corp. til Ocean Gear Inc.hafi verið send stefnda Style hf. hinn 1. desember 1979. Þykir mega við það miða að svo hafi verið gert eftir fyrirmælum stefnda Ragnars og honum verið það heimilt gagnvart stefnanda samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu Þráins Sigtryggssonar um að stefndi Ragnar „myndi standa stefnanda skil á þessari upphæð" og einnig yfirlýsingu stefnanda og stefnda Ragnars frá 24. maí 1978 í tilefni af lántökunni hjá Iðnrekstrarsjóði sama dag, þar sem segir: „...enda fari útflutningur Stálvinnslunnar eingöngu í gegn um þessa aðila þar til skuld þessi er að fullu greidd...", en hvort svo hafi verið greinir málsaðila á. Samkvæmt framangreindu og því að stefndi ráðstafaði síðan greiðslunni, a.m.k. að hluta, til greiðslu lánsins sem hann hafði veitt veð fyrir í fasteign sinni, verður að telja stefndu rétta aðila að máli þessu. Aftur á móti verður ekki framhjá því litið að rétt hefði verið að stefna einnig í málinu Ocean Gear Inc., á grundvelli sérstaks ákvæðis í samningnum frá 13. febrúar 1978 um að allan ágreining út af honum beri að reka fyrir íslenskum dómstólum. Ekki þykir það þó eiga að varða frávísun málsins ex officio, en allan vafa, sem af því kann að leiða, verður að meta stefnanda í óhag.

Stefnandi þykir eigi hafa sýnt fram á að Ocean Gear Inc. og /eða stefndi Ragnar hafi komið fram sem umboðsmenn stefnanda í umræddum viðskiptum. Fyrst í viðbótarskýrslu Þráins Sigtryggssonar fyrir dóminum kemur fram að sölulaun stefnda Ragnars skyldu vera 20%. Sú tala eða önnur hefur aldrei verið nefnd fyrr í máli þessu, en kemur einnig fram í framangreindu yfirliti frá 23. febrúar 1984. Í því yfirliti eru nefnd sölulaun að upphæð U.S.$ 4.784,00 pr. 3. nóvember 1978, en í skýrslu Þráins Sigtryggssonar fyrir dóminum hinn 23. febrúar 1983 segir að samist hafi um U.S.$ 3.920,00 sem sölulaun.

Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 18. desember 1979 segir Þráinn Sigtryggsson m.a. í skýrslu sem varðar kæru stefnanda á hendur stefnda Ragnari fyrir meðferð umræddra U.S.$ 11.490,00:

„Mætti vill geta þess að í júlímánuði sl. hafi verið seld ein fiskflokkunarvél á vegum Ragnars Magnússonar (Ocean Gear) og var verð hennar frá Stálvinnslunni U.S.$. 8.600,00. Mætti segir að búið sé að gera þessa sölu upp í gegnum Landsbanka Íslands og var það í sept. sl. Mætti segir að Ragnar hafi síðan sagt sér að hann hafi selt vélina frá Ocean Gear á U.S.$ 13.515,00.

Mætti krefst þess að Ragnar standi sér skil á mismuninum, U.S.$ 4.915,00, að frádregnum hæfilegum umboðslaunum til Ragnars eða Ocean Gear Inc. Mætti getur þess að þegar þessi vél var send úr landi var ætlunin að hún færi á sýninguna sem áður er getið og því hafi hún verið send út á opnu útflutningsleyfi og því var möguleiki á því að hún yrði seld á hærra verði, þó svo að verðið væri sett við útflutning U.S.$ 8.600,00."

Hvað þessa vél snertir eru sölulaun stefnda Ragnars reiknuð U.S.$. 2.703,00 í greindu yfirliti.

Þegar allt framanritað er athugað og atvik málsins að öðru leyti höfð í huga kemur því einungis til úrlausnar hvort stefndu skuldi stefnanda jafnvirði U.S.$ 8.600,00 í íslenskum krónum, en það er sú fjárhæð sem sannanlega átti að standa stefnanda skil á.

Persónuleg eign stefnda Ragnars, fasteignin nr. 21 við Stekkjarflöt í Garðakaupstað, stóð að veði fyrir láninu í Iðnrekstrarsjóði, að fjárhæð kr. 20.000,00. Það lán átti stefnandi að endurgreiða annaðhvort beint til sjóðsins eða stefnda Ragnars. Er stefndi Ragnar fékk umrædda fjárhæð í hendur var lánið þegar í gjalddaga fallið. Hann hafði hinn 20. september 1979 greitt af því vexti að fjárhæð kr. 3.610,00. Með bréfi, dagsettu 2. janúar 1980, krafði Iðnrekstrarsjóður stefnanda um greiðslu lánsins ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði samtals að fjárhæð kr. 29.457,60. Hinn 12. maí 1980 gerði stefndi Ragnar lánið upp með gkr. 3.182,150,00. Gegn mótmælum stefnda Ragnars er ósannað að stefnandi hafi á þessum tíma þegar greitt honum að hluta eða fullu þá fjárhæð sem fasteignaveð hans stóð fyrir til tryggingar. Með vísan til framanritaðs þykja þær fjárkröfur því eins og á stóð hafa verið hæfar til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda.

Fram kemur í gögnum máls þessa að á þessum tíma, sem hér skiptir máli, risu miklar deilur milli Þráins Sigtryggssonar og stefnda Ragnars um hlutabréfakaup stefnda Ragnars. Hefur aðeins verið að því vikið. Eins og stöðu mála var háttað hjá stefnanda þykir af hans hálfu ekki hafa verið leitt óyggjandi í ljós að stefnda Ragnari hafi verið óheimilt að ráðstafa andvirði umræddrar fiskflokkunarvélar til að greiða upp lán stefnanda við Iðnrekstrarsjóð Íslands.

Samkvæmt gögnum málsins var gengi bandaríkjadollars gkr. 445, er stefndi Ragnar gerði skil til gjaldeyrisbanka á greindum 8.600,00 dollurum hinn 7. maí 1980 og gerði því samtals gkr. 3.827.000. Fimm dögum síðar var lánið gert upp með gkr. 3.182.150. Af hálfu stefndu hefur engin grein verið gerð fyrir mismuninum kr. 6.448,50. Að því er virðist hafa stefndu eigi enn gert stefnanda skil á þeirri fjárhæð. Þykir því bera að dæma stefndu in solidum til greiðslu hennar, enda hefur af þeirra hálfu engin

krafa verið gerð vegna greiðslu stefnda Ragnars hinn 20. september 1979, að upphæð gkr. 361.000,00 í vexti af umræddu láni.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda vexti svo sem í dómsorðum greinir.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður, sbr. 178. gr. laga nr. 85/1936.

Hlöðver Kjartansson, aðalfulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ragnar Magni Magnússon og Style hf., greiði stefnanda Stálvinnslunni hf., in solidum kr. 6.448,50 með 31% ársvöxtum af kr. 38.270,- frá 7. maí 1980 til 12. s.m., en af kr. 6.448,50 frá þeim degi til 1. júní s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1982, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 20. s.m., en dómvöxtum frá þeim degi til greiðlsudags allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 10. nóvember 1986.

Nr. 289/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Magnúsi Friðrik Óskarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru er hann lýsti fyrir hér-

aðsdómara þegar eftir uppkvaðningu gæsluvarðhaldsúrskurðarins hinn 31. október 1986. Gögn málsins bárust Hæstarétti 5. þ.m.

Skilja verður kæru varnaraðilja þannig, að hann krefjist þess, að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 31. október 1986.

Ár 1986, föstudaginn 31. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Í dag var í sakadómi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í máli ákæruvaldsins gegn Magnúsi Friðrik Óskarssyni vélgæslumanni, Ferjubakka 10 hér í borg, f. 17. september 1948. Var ákærði dæmdur í 5 ára fangelsi fyrir að hafa orðið eiginkonu sinni, Gunnhildi Gunnarsdóttur, fæddri 2. mars 1957, að bana með vísvitandi og stórháskalegri líkamsárás hinn 6. maí sl. Er brot ákærða talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. 11. gr. l. nr. 20/1981.

Dómþoli var fyrst úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi vegna máls þessa 7. maí sl. og hefur hann setið í gæsluvarðhaldi síðan.

Af hálfu ríkissaksóknara er gerð krafa til þess að dómþoli sæti áfram gæsluvarðhaldi til uppkvaðningar hæstaréttardóms í málinu, þó ekki lengur en til 1. júlí 1987, kl. 17.00. Gæsluvarðhaldskrafa ákæruvalds er reist á 4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Dómþoli hefur mótmælt þessari kröfu.

Mál þetta sætir áfrýjun sbr. 1. tl. 1. mgr. 175. gr. l. nr. 74/1974.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. greindra laga þykir rétt að verða við kröfu ríkissaksóknara um áframhaldandi gæsluvarðhald dómþola.

Því úrskurðast:

Gæsluvarðhald Magnúsar Friðriks Óskarssonar framlengist til uppkvaðningar hæstaréttardóms í máli ákæruvaldsins gegn honum, en þó ekki lengur en til 1. júlí 1987 kl. 17.00.

Mánudaginn 10. nóvember 1986.

Nr. 279/1986. **Haukur Hjaltason**

gegn

Þrotabúi Hafskips h/f

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Kröfulýsingarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, sem barst Hæstarétti 23. október 1986. Hann krefst þess, að úrskurði skiptaréttar verði hrundið og að dæmt verði að krafa hans á hendur varnaraðila fái að komast að við búskiptin á þrotabúinu. Þá krefst sóknaraðili þess, að honum „verði tildæmdur kærukostnaður auk málskostnaðar fyrir skiptarétti úr hendi varnaraðila."

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann „kærukostnaðar úr hendi sóknaraðila."

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 9. október 1986.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 30. september 1986.

Sóknaraðili málsins er Haukur Hjaltason, nafnnúmer 3823-1863, Reykjahlíð 12, Reykjavík.

Varnaraðili málsins er þrotabú Hafskips hf., Reykjavík.

Í máli þessu hefur sakarefni verið skipt að ósk málsaðilja og með samþykki dómara samkvæmt 4. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. laga nr. 6/1978. Er í þessum þætti málsins til úrlausnar krafa sóknar-

aðila um að krafa hans í þrotabú Hafskips hf. um afhendingu utan skuldaraðar á skuldabréfi, útgefnu af honum til hins gjaldþrota félags þann 28. febrúar 1985 og upphaflega að fjárhæð 615.000,00, komi til frekari álita við gjaldþrotskiptin. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ í þessum þætti málsins.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hrundið og honum gert að greiða varnaraðila málskostnað í þessum þætti málsins samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

Aðdragandi að máli þessu er sá að bú Hafskips hf., Hafnarhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum þann 6. desember 1985. Samdægurs skipaði skiptaráðandi þrjá bústjóra til bráðabirgða að búinu, lögmennina Gest Jónsson, Jóhann H. Níelsson og Viðar Má Matthíasson. Innköllun var gefin út til skuldheimtumanna þann 27. desember 1985, og var kröfulýsingarfrestur þar ákveðinn fjórir mánuðir með heimild í 3. tl. 19. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1985. Birtist innköllunin fyrra sinni í Lögbirtingablaði 15. janúar 1986, og lauk kröfulýsingarfresti þannig þann 15. maí 1986.

Að því leyti sem varðar þann þátt málsins, sem nú er til úrlausnar, hafa málsaðiljar lýst málavöxtum á þann veg, að með bréfi dagsettu 17. janúar 1985 hafi verið boðað til hluthafafundar í Hafskipi hf., er haldinn var þann 9. febrúar s.á. Í fundarboði hafi sú grein verið gerð fyrir fundarefni að þar ætti að fjalla um skýrslu um þróun í rekstri félagsins og um tillögu félagsstjórnarinnar um útboð á nýju hlutafé í félaginu að fjárhæð kr. 80.000.000. Sóknaraðili hafi sótt þennan fund, þar sem meðal annars hafi verið reifaðar fjárhagslegar forsendur fyrir áframhaldandi rekstri félagsins. Hafi þar verið kynnt að tap félagsins á árinu 1984 hafi verið áætlað milli kr. 50.000.000 og 60.000.000, en hvorki hafi legið fyrir ársreikningur félagsins né mat endurskoðanda þess á skýrslu stjórnarinnar. Tillagan um hlutafjáraukningu hafi verið samþykkt á fundinum og sóknaraðili hafi þar skrifað sig fyrir kaupum á nýju hlutafé að fjárhæð kr. 615.000,00. Hann hafi síðan þann 26. febrúar 1985 gefið út skuldabréf til félagsins þessarar fjárhæðar, og var skuld samkvæmt því bundin lánskjaravísitölu með grunntölu 1050 stig og átti hún að greiðast með fimm jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta sinn þann 1. september 1986. Sóknaraðili kveðst hins vegar aldrei hafa fengið afhent hin nýju hlutabréf, sem hann hafi greitt fyrir með þessum hætti.

Þann 15. maí 1986 sendi sóknaraðili skiptaráðandanum í Reykjavík svohljóðandi hraðskeyti:

„Undirritaður fer þess hér með á leit að skuldabréf það sem hann gaf út vegna hlutafjárloforðs á s.l. ári verði (sic) upphæð að rúmar 600.000,- verði ógilt og skilað til undirritaðs. Skuldabréfið er gefið út á móti hlutabréfum en afhent forstjóra félagsins til staðfestingar að hans ósk. Hlutabréfin hafa ekki verið gefin út og er því samkomulag um hlutafjáraukninguna þar með úr gildi fallin (sic) og samkomulaginu rift."

Ágreiningur er ekki milli málsaðilja um að ritsímanum í Reykjavík hafi verð falið að koma símskeyti þessu á framfæri kl. 19:17 þann 15. maí 1986, en það hafi ekki borist skiptaráðandanum í Reykjavík fyrr en kl. 9:25 að morgni næsta dags.

Með bréfi dagsettu 9. júní 1986 tilkynntu bústjórar til bráðabirgða sóknaraðila þessa máls að kröfulýsing hans hefði ekki borist skiptaráðanda fyrr en raun varð á, og að þeir teldu hana þar með hafa borist eftir lok kröfulýsingarfrests. Var sóknaraðila í bréfi þessu bent á að krafa hans gæti því aðeins komið til álita við skiptin, að honum tækist samkvæmt 111. gr. laga nr. 6/1978 að afla til þess samþykkis eigenda 75 hundraðshluta krafna samkvæmt kröfuskrá í búinu á skiptafundi þann 20. júní 1986.

Með bréfi dagsettu 12. júní 1986 mótmælti (sic) óskaði sóknaraðili eftir því að krafa hans, sem hann kom á framfæri með áðurnefndu hraðskeyti, yrði úrskurðuð lögmæt og vísaði þar um til dagsetningar skeytisins. Ennfremur óskaði hann eftir að aflað yrði samþykkis tilskilins fjölda kröfuhafa á væntanlegum skiptafundi, til þess að krafa hans fengi komist að, en í bréfi þessu kveður hann það vera nauðsynlegt að fá ógildingu umrædds skuldabréfs síns, „þar sem eingöngu var um að ræða hlutafjárútboð en forsendur þær sem lagðar voru til grundvallar voru rangar", eins og segir í bréfinu.

Á áðurnefndum skiptafundi í þrotabúi Hafskips hf., sem haldinn var þann 20. maí 1986, var málaleitan sóknaraðila um að krafa hans kæmist að við búskiptin borin undir atkvæði fundarmanna samkvæmt heimild 111. gr. laga nr. 6/1978. Féllu atkvæði á þann veg að enginn sá, er atkvæðisrétt átti um þetta málefni, var fylgjandi því að krafan fengi komist að, en fundurinn var sóttur af hálfu eigenda meira en 80 hudraðshluta krafna, sem atkvæði áttu um þetta málefni. Lýsti sóknaraðili því yfir á fundinum að hann áskildi sér rétt til að leitast við að koma kröfu sinni að með öðrum þeim úrræðum, sem getið er í fyrrnefndu lagaákvæði. Samkvæmt 2. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978 var fjallað á ný um kröfur sóknaraðila á skiptafundi þann 4. júlí 1986, en með því að skiptastjórar í þrotabúinu, sem þá höfðu verið kjörnir hinir sömu og áður gegndu hlutverki bústjóra til bráðabirgða, lýstu því yfir að þeir gætu ekki fallist á kröfur sóknaraðila, var ákveðinn rekstur þessa máls og var það þingfest þann 18. júlí 1986.

Í máli þessu liggur fyrir að skuldabréf það, sem kröfur sóknaraðila

varða, var afhent af hinum gjaldþrota félagi til Útvegsbanka Íslands skömmu eftir útgáfu þess, og er því borið við af hálfu bankans að hann eigi handveðrétt í skuldabréfinu. Á skiptafundi í þrotabúinu þann 20. júní 1986 var samþykkt heimild til handa skiptastjórum að krefja nefndan banka um skil á skuldabréfum, sem honum voru afhent með þessum hætti, og eftir atvikum að höfða mál til riftunar á afhendingu eða veðsetningu þeirra.

III.

Kröfu sína um afhendingu áðurnefnds skuldabréfs úr þrotabúi Hafskips hf. byggir sóknaraðili á þeim málsástæðum að fyrirsvarsmenn hins gjaldþrota félags hafi beitt hann svikum til að gefa hlutafjárloforð, með því að þeir hafi gefið rangar og villandi upplýsingar um fjárhag félagsins við hlutafjárútboð. Af þeim sökum sé skuldbinding sóknaraðila til þrotabús félagsins ógild samkvæmt 30. gr. laga nr. 7/1936, auk þess að háttsemi umræddra fyrirsvarsmanna brjóti gegn 248. gr. laga nr. 19/1940. Ennfremur telur sóknaraðili að með því að félagið hafi aldrei afhent honum hlutabréf þau, sem hann greiddi fyrir með afhendingu nefnds skuldabréfs, þá sé honum heimil riftun kaupanna samkvæmt reglum 21. gr. laga nr. 39/1922.

Framangreindar málsástæður koma ekki til frekari álita að sinni, með því að sakarefni hefur verið skipt í málinu eins og áður segir, og er í þessum þætti málsins aðeins til umfjöllunar hvort krafa sóknaraðila, byggð á þessum málsástæðum, geti komið til frekari álita við búskiptin þótt hún hafi ekki borist skiptaráðanda í þrotabúinu fyrr en eftir lok kröfulýsingarfrests. Þær málsástæður og lagarök, sem krafa sóknaraðila í þessum þætti málsins byggir á, eru sem hér segir:

1) Sóknaraðili heldur því fram að ef tekin yrði til greina krafa hans um riftun skuldbindingar hans til varnaraðila, sem til álita geti komið í síðari þætti þessa máls, beri að líta svo á að hann sé eigandi þess skuldabréfs, sem hann gaf út til efnda hlutafjárloforðs síns og áður er getið. Umrætt skuldabréf sé til staðar sem sérgreint verðmæti og af þeim sökum sé varnaraðila skylt að afhenda honum skuldabréfið samkvæmt 69. gr. laga nr. 6/1978, en ella standa sóknaraðila sem sértökumanni skil á fullum bótum, ef réttindi þriðja manns yfir skuldabréfinu standa afhendingu í vegi. Krafa reist á þessum sjónarmiðum sé brigðakrafa, hlutaréttarlegs eðlis, og skipti því ekki máli samkvæmt 111. gr. nefndra laga hvort kröfunni hafi verið lýst innan kröfulýsingarfrests eða ekki.

2) Ef ekki verður fallist á framangreind rök, byggir sóknaraðili kröfur sínar í annan stað á því, að líta verði svo á að hann hafi með gildum hætti komið kröfulýsingu sinni á framfæri með því að hafa falið ritsímanum í

Reykjavík innan kröfulýsingarfrests að koma henni til skila með hraðskeyti. Staðhæfir sóknaraðili að mistök starfsmanna ritsímans hafi ein valdið því að nefnt hraðskeyti hafi ekki borist á starfsstöð skiptaráðanda fyrir lok kröfulýsingarfrests, sem hann telur að ekki hafi runnið út fyrr en á miðnætti þann 15. maí 1986. Vísar sóknaraðili til þess að sú meginregla komi víða fram í löggjöf að þótt afhending tilkynninga með símskeyti dragist eða farist fyrir, eigi slík vanræksla opinberra aðilja ekki að leiða til réttarspjalla fyrir sendanda. Sú regla komi meðal annars fram í 39. gr. laga nr. 7/1936, 61. gr. laga nr. 39/1922 og 45. gr. laga nr. 93/1933, sem leggi á áhættu viðtakanda hvort orðsending komist til skila í tæka tíð. Telur sóknaraðili að þessi grundvallarsjónarmið löggjafar eigi einnig við um kröfulýsingar, þótt þess sé ekki berum orðum getið í 111. gr. laga nr. 6/1978.

3) Í þriðja lagi styður sóknaraðili kröfur sínar í þessum þætti málsins við þau rök, að kröfulýsing hans eigi að koma til frekari álita við búskiptin með því að afsakanlegt hafi verið að hún hafi ekki borist í tæka tíð, og eigi þannig heimildarákvæði 111. gr. laga nr. 6/1978 við í þessu tilviki. Af hálfu sóknaraðila er bent á að hann sé ólöglærður og að hann hafi ekki leitað sér lögmannsaðstoðar á því stigi máls, er hann gerði kröfulýsingu sína. Hann hafi því ekki gert sér grein fyrir að nauðsylegt gæti verið að lýsa kröfum sem þessari í þrotabúið, en forsendur hans í þeim efnum meðal annars verið eftirfarandi:

Sóknaraðili hafi álitið að um hlutaréttarkröfu væri að ræða og að skuldabréfinu yrði skilað til hans af sjálfsdáðum að lokinni lögregluransókn og könnunar skiptaráðanda á forsendum hlutfjáraukningar.

Sóknaraðili hafi frétt af veðsetningu skuldabréfs síns til Útvegsbanka Íslands og ekki verið fullljóst að beina þyrfti kröfum til þrotabúsins vegna þess.

Sóknaraðila hafi verið ókunnar reglur um kröfulýsingarfrest og hafi álitið að afhending símskeytis á lokadegi frestsins væri fullnægjandi, sem ætti sér margar hliðstæður.

Þá bendir sóknaraðili ennfremur á að skeyti hans hafi verið komið á framfæri við ritsímann í Reykjvík kl. 19:17 þann 15. maí 1986, en samkvæmt upplýsingum ritsímans í Reykjavík fari síðasti útburður símskeyta fram kl. 20:00 á virkum dögum. Þeirri reglu sé fylgt að ef viðtakandi skeytis er ekki viðstaddur eða einhver fyrir hans hönd, þá sé orðsending skilin eftir í póstkassa um komu hraðboða og gefnar upplýsingar um hvar vitja megi skeytisins. Vitað sé að skiptaráðendur í þrotabúinu hafi verið við störf langt fram á kvöld umræddan dag og við brottför hafi verið athugað hvort kröfulýsingar hafi legið í póstkassa embættisins, en svo hafi ekki verið. Telur sóknaraðili sýnt af þessum sökum að mistökum starfsmanna rit-

símans í Reykjavík sé einum um að kenna að kröfulýsing hans hafi ekki komið fram í tæka tíð. Með ólíkindum væri ef sóknaraðili ætti að gjalda slíkrar vanrækslu opinberra stafsmanna, enda segir í greinargerð með því ákvæði frumvarps, er leiddi 111. gr. laga nr. 6/1978 í lög, að reglan sé til að koma í veg fyrir bersýnilega ósanngjörn málalok og að skiptaráðandi verði að hafa þann tilgang í huga við skýringu á henni og einstakar ákvarðanir sínar.

Í greinargerð og við munnlegan flutning málsins hafa eftirfarandi röksemdir komið fram af hálfu varnaraðila varðandi framangreinda málsástæðu og rök sóknaraðila, sem raktar verða hér í sömu röð og á undan:

1) Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að ef sóknaraðili yrði talinn eiga rétt til að rifta skuldbindingu sinni við hið gjaldþrota félag, yrði það til þess eins að mynda fjárkröfu eða skaðabótakröfu honum til handa í þrotabúið. Sóknaraðili hafi stofnað til kröfuréttarlegs sambands við hið gjaldþrota félag með því að gefa hlutafjárloforð, og hafi hann efnt skuldbindingu sína í því sambandi með afhendingu umrædds skuldabréfs. Af kvittun hins gjaldþrota félags til sóknaraðila fyrir skuldabréfinu og bókhaldslegri færslu innborgunar hans sé ljóst að félagið hafi viðurkennt sóknaraðila upp frá því sem hluthafa, sem hafi verið efnd þess á sinni skuldbindingu í samskiptum þeirra, og skipti þá ekki máli hvort sóknaraðili hafi fengið afhent hlutabréf. Ef riftun yrði talin heimil, yrði það aðeins til þess að kröfuréttarsambandið rakni við á ný, en eignarréttur sóknaraðila á skuldabréfinu yrði ekki endurvakinn, enda hafi hann afhent félaginu skuldabréfið án nokkurs fyrirvara eða áskilnaðar. Telur varnaraðili þannig ljóst að sóknaraðili geti ekki krafist afhendingar skuldabréfs síns úr þrotabúinu, heldur ætti hann aðeins almenna fjárkröfu í búið, ef fallist yrði á heimild hans til riftunar. Slíkri kröfu hafi sóknaraðila tvímælalaust borið að lýsa fyrir skiptaráðanda innan kröfulýsingarfrests, og hafi hann glatað rétti með vanlýsingu. Þá hefur því einnig verið hreyft af varnaraðila að jafnvel þótt fallist yrði á sjónarmið sóknaraðila um hlutaréttarlegt tilkall til umrædds skuldabréfs, þá hafi hann allt að einu glatað þeim rétti með vanlýsingu, enda hafi í innköllun í búið komið berum orðum fram að skorað væri jafnt á þá, er teldu til eigna í vörslum búsins sem aðra kröfuhafa, að lýsa kröfum sínum innan tilgreinds frests, og sé þetta orðalag í samræmi við ákvæði 3. tl. 19. gr. laga nr. 6/1978.

2) Af hálfu varnaraðila hefur því verið haldið fram að það verði að telja það alfarið á ábyrgð sóknaraðila að hann hafi valið þá leið að senda kröfulýsingu sína með símskeyti, svo skömmu fyrir lok kröfulýsingarfrests sem raun bar vitni. Skýra verði 111. gr. laga nr. 6/1978 á þann veg að krafa verði að berast til skiptaráðanda innan kröfulýsingarfrests, og breyti engu þótt hún hafi innan þess tíma verið send með símskeyti eða hvort

dráttur á afhendingu hennar stafi af mistökum ritsímans. Enginn vafi hafi getað leikið á því eftir orðalagi innköllunar eða fyrirmælum 3. tl. 19. gr. áðurnefndra laga að kröfunni hafi átt að beina til skiptaráðanda innan umrædds frests, og að ónægilegt væri að beina henni til annars opinbers aðila innan þess tíma. Ef ætlan löggjafans hefði verið að gera undantekningu í þessum efnum varðandi sendingu kröfu með símskeyti, telur varnaraðili tvímælalaust að það hefði orðið að koma fram berum orðum, enda hafi lok kröfulýsingarfrests víðtæk áhrif að lögum í fleira tilliti en hér um ræðir. Þurfi því óhjákvæmilega að vera skýr mörk um lok kröfulýsingarfrests og með hverjum hætti krafa verði talin fram komin í tæka tíð.

3) Af hálfu varnaraðila er vísað til þess að sú aðalregla komi fram í 111. gr. laga nr. 6/1978 að krafa þurfi að komast í hendur skiptaráðanda innan kröfulýsingarfrests, en frá reglu þessari séu aðeins gerðar tvær undantekningar. Annars vegar megi koma kröfu að, ef sá fjöldi atkvæðamanna greiðir því atkvæði á skiptafundi, sem áskilinn er í ákvæðinu. Hins vegar geti skiptaráðandi hleypt kröfu að, ef hann telur afsakanlegt að krafan hafi borist of seint vegna erlendrar búsetu kröfuhafa eða af svipuðum ástæðum. Hin fyrri undantekning eigi ekki við, þar sem samþykki hafi ekki fengist á skiptafundi fyrir því að krafan kæmist að. Hin síðari undantekning geti heldur ekki átt við, þar sem sóknaraðili sé innlendur og hafi ekki borið við fjarveru úr landi á kröfulýsingarfresti, auk þess að komið hafi fram í málinu að honum hafi verið kunnugt um gjaldþrotið og kröfulýsingarfrest. Telur varnaraðili að þær ástæður, sem sóknaraðili hefur fært fram fyrir drætti á kröfulýsingu, verði ekki metnar sem afsakanlegar í skilningi umrædds ákvæðis.

IV.

Sú skipting sakarefnis, sem ákveðin hefur verið í máli þessu, hefur komið til af þeim atvikum að umdeilt er hvort meginkrafa sóknaraðilans um riftun skuldbindingar hans til hins gjaldþrota félags hafi glatast vegna vanlýsingar. Ljóst er að reifun þessarar meginkröfu og sönnun fyrir réttmæti hennar er yfirgripsmikil og að óreyndu vafasamt hvort tilefni sé til slíks vegna ágreinings um hvort réttur til riftunar, sem sóknaraðili krefst, hafi fallið niður þegar vegna vanlýsingaráhrifa. Af þeim ástæðum þykir rétt að heimila að sakarefninu sé skipt með þeim hætti, sem hér hefur verið gert, til þess að fyrst verði endanlega úr því leyst hvort riftunarkrafa sóknaraðila geti með einhverjum hætti komið til frekari álita, þótt hún hafi ekki borist skiptaráðanda fyrr en raun varð á.

Kröfur sóknaraðila í máli þessu byggjast á þeim grunni að með því að hann hafi verið beittur svikum af hendi forráðamanna hins gjaldþrota félags eða með því að félagið hafi ekki afhent honum hin keyptu hlutabréf,

sé honum heimil riftun hlutabréfakaupanna og eigi þar með tilkall til að fá gagngjald sitt í kaupunum til baka. Krafa um slíka riftun, ef til greina yrði tekin, þykir ekki geta orðið til annarra málaloka en að sóknaraðili teldist eiga endurgreiðslukröfu eða hugsanlega skaðabótakröfu á hendur varnaraðila. Slík fjárkrafa nýtur engrar sérstöðu gagnvart almennum reglum um kröfulýsingarfresti við gjaldþrotaskipti. Þau atvik, að gagngjald sóknaraðila í kaupum þessum kunni á síðara stigi að falla í hendur varnaraðila til frjálsra umráða, þykja ein út af fyrir sig ekki geta leitt til þess að ef riftunarkrafa sóknaraðila teldist eiga lagastoð að hann nyti þar með eignarréttar eða samsvarandi tilkalls til skila á gagngjaldinu, sem fallið getur undir ákvæði 69. gr. laga nr. 6/1978, enda verður ekki séð að sjónarmið um slíkan rétt geti byggst á reglum laga nr. 39/1922 um réttarstöðu aðila við riftun kaupa eða öðrum lagareglum. Af þessum sökum verður ekki talið að sóknaraðili hafi leitt haldbær rök að þeirri staðhæfingu sinni að krafa hans á hendur varnaraðila sé þess eðlis að hún haldi gildi, þó svo að talið yrði að henni hafi ekki verið réttilega lýst innan kröfulýsingarfrests í þrotabúið.

Sóknaraðili hefur í annan stað stutt kröfur sínar í þessum þætti málsins við þau rök að með því að hann hafi falið ritsímanum í Reykjavík að koma kröfulýsingu sinni til rétts viðtakanda með hraðskeyti innan kröfulýsingarfrests, verði að telja það jafngildi þess að krafan hafi komið fram innan frestsins. Styður hann þessa málsástæðu sína meðal annars við reglu 39. gr. laga nr. 7/1936, sem hann kveður hafa að geyma almennt löggjafarviðhorf í þessum efnum. Um þessa málsástæðu þykir verða að líta til þess, að bæði í gjaldþrotalögum nr. 6/1978 og lögum um skipti dánarbúa og félagsbúa o.fl., nr. 3/1878, er tekið svo til orða að „lýsa" þurfi kröfu fyrir skiptaráðanda innan tiltekins frests. Orð þetta verður ekki skýrt á annan veg en þann að í því felist sú merking að gera þurfi skiptaráðanda grein fyrri kröfunni, munnlega eða skriflega, innan umræddra tímamarka. Þeim áskilnaði verður ekki fullnægt með öðru móti en því að krafan sé óumdeilanlega komin til skiptaráðanda innan kröfulýsingarfrests, og þykir engu breyta þótt öðrum opinberum aðila hafi verið falið að koma henni á framfæri í tæka tíð. Verður heldur ekki komist hjá því að taka tillit til að regla 39. gr. laga nr. 7/1936 varðar samskipti milli aðilja að einkarétti, sem ekki verður sjálfgefið beitt sem réttarfarsreglu, en í þessu ákvæði er mælt svo fyrir, að ef tilkynningu er komið á framfæri innan frests með símskeyti, pósti eða öðrum hætti, sem gilt þykir að nota, komi ekki að sök þótt henni seinki, eða hún komist ekki til skila. Fæst ekki séð hvernig komist yrði hjá óviðunandi réttaróvissu vegna beitingar ákvæðis sem þessa um kröfulýsingar, þar sem takmarkalaust er samkvæmt orðanna hljóðan hve langur dráttur geti orðið á því að orðasending komist til skila eða hvort hún geri

það yfirleitt. Þykir sú niðurstaða ótæk af þessum sökum að hin fjármunaréttarlega regla þessa ákvæðis og annarra þeirra, sem sóknaraðili hefur vísað til í þessum efnum, verði til að raska undantekningarlausri framkvæmd þess viðhorfs, sem meðal annars hefur verið leitt af orðum 111. gr. laga nr. 6/1978, að kröfulýsing verði að berast í hendur skiptaráðanda innan kröfulýsingarfrests, að viðlögðum réttindamissi.

Sóknaraðili hefur loks stutt kröfu sína í þessum þætti málsins við þá heimild 111. gr. laga nr. 6/1978, að skiptaráðandi geti tekið of seint fram komna kröfu til greina, ef afsakanlegt þykir vegna búsetu kröfuhafa í öðru landi eða af svipuðum ástæðum að kröfulýsing hafi dregist. Ákvæði þetta hefur í framkvæmd og í dómafordæmum verið skýrt á þann veg, að tilgangur þess sé einkum að jafna aðstöðu erlendra kröfuhafa, sem ekki öðlast vitneskju um kröfulýsingarfrest, gagnvart aðstöðu innlendra lánardrottna, sem njóta aðgangs að opinberri auglýsingu um gjaldþrotaskipti og annarri upplýsingu um þau. Því hefur ekki verið borið við af hálfu sóknaraðila að framhjá honum hafi farið að bú Hafskips hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta eða að honum hafi verið ókleift að staðreyna hvenær kröfulýsingarfrestur rynni út. Alkunna er að veruleg umfjöllun varð í fjölmiðlum um gjaldþrot Hafskips hf. þegar frá upphafi, og beindist sú umfjöllun meðal annars verulega að hlutafjáraukningu í félaginu og hugleiðingum einstakra manna um hvort réttilega hafi verið að henni staðið. Kröfulýsingarfrestur í tilviki þessu var lengri en almennt hefur verið, þannig að rúmir fimm mánuðir liðu frá töku búsins til skipta þar til kröfulýsingarfresti lauk. Verður ekki séð að sanngirnissjónarmið gagnvart þeim lánardrottnum félagsins, sem lýstu kröfum sínum í tæka tíð, geti vikið fyrir hagsmunum sóknaraðila, sem hefur sýnt verulegt tómlæti um gæslu hagsmuna sinna á umræddu tímabili. Þegar af þessum ástæðum verður ekki á það fallist að ívitnað heimildarákvæði geti átt við um sóknaraðila.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, verður það niðurstaða þessa máls að kröfur sóknaraðila á hendur varnaraðila komi ekki til frekari álita við gjaldþrotaskipti á búi Hafskips hf. Eftir þessum málalokum þykir óhjákvæmilegt að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað vegna þessa máls, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfum sóknaraðila, Hauks Hjaltasonar, á hendur varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 25.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. nóvember 1986.

Nr. 280/1986. **Guðjón Andrésson**

gegn

Þrotabúi Hafskips h/f

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Kröfulýsingarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, sem barst Hæstarétti 23. október 1986. Hann krefst þess, að úrskurði skiptaréttar verði hrundið og að dæmt verði að krafa hans á hendur varnaraðila fái að komast að við búskiptin á þrotabúinu. Þá krefst sóknaraðili þess, að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann „kærukostnaðar úr hendi sóknaraðila."

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 9. október 1986.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 30. september 1986.

Sóknaraðili málsins er Guðjón Andrésson, nafnnúmer 2902-6300, Granaskjóli 70, Reykjavík.

Varnaraðili málsins er þrotabú Hafskips hf., Reykjavík.

Í máli þessu hefur sakarefni verið skipt að ósk málsaðilja og með samþykki dómara samkvæmt 4. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. laga nr. 6/1978. Er í þessum þætti málsins til úrlausnar krafa sóknaraðila

um að krafa hans í þrotabú Hafskips hf. um afhendingu utan skuldaraðar á skuldabréfi, útgefnu af honum til hins gjaldþrota félags þann 4. júní 1985 og upphaflega að fjárhæð 200.000,00, komi til frekari álita við gjaldþrotskipti. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ í þessum þætti málsins.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hrundið og honum gert að greiða varnaraðila málskostnað í þessum þætti málsins samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

Aðdragandi að máli þessu er sá að bú Hafskips hf., Hafnarhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum þann 6. desember 1985. Samdægurs skipaði skiptaráðandi þrjá bústjóra til bráðabirgða að búinu, lögmennina Gest Jónsson, Jóhann H. Níelsson og Viðar Má Matthíasson. Innköllun var gefin út til skuldheimtumanna þann 27. desember 1985, og var kröfulýsingarfrestur þar ákveðinn fjórir mánuðir með heimild í 3. tl. 19. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1985. Birtist innköllunin fyrra sinni í Lögbirtingablaði 15. janúar 1986.

Að því leyti sem varðar þann þátt málsins, sem nú er til úrlausnar, hefur sóknaraðili gert þá grein fyrir málavöxtum að hann hafi með bréfi dagsettu 17. janúar 1985 verið boðaður til hluthafafundar í Hafskipi hf., er haldinn var þann 9. febrúar s.á. Í fundarboði hafi sú grein verið gerð fyrir fundarefni að þar ætti að fjalla um skýrslu um þróun í rekstri félagsins og um tillögu félagsstjórnarinnar um útboð á nýju hlutafé í félaginu að fjárhæð kr. 80.000.000. Sóknaraðili hafi sótt þennan fund og hlýtt þar á skýrslu félagsstjórnar, þar sem meðal annars hafi verið reifaðar fjárhagslegar forsendur fyrir áframhaldandi rekstri félagsins. Hafi þar verið kynnt að tap félagsins á árinu 1984 hafi verið áætlað milli kr. 50.000.000 og 60.000.000, en fundarmenn hafi orðið að styðjast alfarið við ummæli stjórnarmanna um þetta efni, þar sem hvorki hafi legið fyrir ársreikningur félagsins né mat endurskoðanda þess á skýrslu stjórnarinnar. Kveður sóknaraðili það hafa verið fullyrt í skýrslu félagsstjórnarinnar að umrædd hlutafjáraukning yrði til þess að rétta hag félagsins. Tillagan um hlutafjáraukningu hafi verið samþykkt á fundinum og sóknaraðili hafi þar skrifað sig fyrir kaupum á nýju hlutafé að fjárhæð kr. 200.000,00. Hann hafi síðan þann 4. júní 1985 gefið út skuldabréf til félagsins þessarar fjárhæðar, og var skuld samkvæmt því bundin lánskjaravísitölu með grunntölu 1119 stig og átti hún að greiðast með fimm jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta sinn þann 1. september 1986. Sóknaraðili kveðst hins vegar aldrei hafa

fengið afhent hin nýju hlutabréf, sem hann hafi greitt fyrir með þessum hætti.

Sóknaraðili vísar til þess í málavaxtalýsingu sinni að Hafskip hf. hafi þann 18. nóvember 1985 fengið heimild til greiðslustöðvunar, og hafi bú félagsins sem fyrr segir verið tekið til gjaldþrotaskipta þann 6. desember s.á. Innköllun hafi birst í Lögbirtingablaði með þeim hætti að kröfulýsingarfrestur hafi runnið út þann 15. maí 1986. Dráttur hafi orðið á að sóknaraðili lýsti kröfu í búið sem meðal annars hafi helgast af því að hann hafi verið óviss um gildi áðurnefndrar skuldbindingar sinnar, auk þess að umfangsmikil rannsókn á fjárreiðum félagsins hafi styrkt þá trú hans að svikum hafi verið beitt af hálfu fyrirsvarsmanna hins gjaldþrota félags í tengslum við hlutafjárútboðið. Engu að síður hafi sóknaraðili undir lok kröfulýsingarfrests talið nauðsynlegt að tilkynna skiptaráðanda um afstöðu sína til hlutabréfakaupanna og hafi hann þannig sent hraðskeyti til skiptaráðandans í Reykjavík þann 15. maí 1986, þar sem hann hafi lýst yfir riftun hlutafjárloforðs síns og skuldbindingum vegna hlutafjárkaupanna, og vísað þar um forsendu fyrir kröfunni til afhendingardráttar félagsins á hlutabréfum. Síðar hafi hins vegar komið fram að nefnt símskeyti hafi ekki verið áritað um móttöku af skiptaráðanda fyrr en þann 16. maí 1986, eða daginn eftir lok kröfulýsingarfrests.

Af hálfu varnaraðila hefur því verið lýst yfir í málinu að ágreiningur sé ekki um málavexti, eins og þeim er lýst hér að framan. Þá er óumdeilt í málinu að símskeyti það, sem sóknaraðili sendi kröfulýsingu sína með, hafi verið móttekið sem hraðskeyti við ritsímann í Reykjavík kl. 19:59 þann 15. maí 1986, en ritsíminn hafi ekki afhent það skiptaráðandanum í Reykjavík fyrr en kl. 9:25 að morgni þess 16. maí.

Með bréfi dagsettu 9. júní 1986 tilkynntu bústjórar til bráðabirgða sóknaraðila þessa máls að kröfulýsing hans hefði ekki borist skiptaráðanda fyrr en raun varð á, og að þeir teldu hana þar með hafa borist eftir lok kröfulýsingarfrests. Var sóknaraðila í bréfi þessu bent á að krafa hans gæti því aðeins komið til álita við skiptin, að honum tækist samkvæmt 111. gr. laga nr. 6/1978 að afla til þess samþykkis eigenda 75 hundraðshluta krafna samkvæmt kröfuskrá í búinu á skiptafundi þann 20. júní 1986. Á þeim fundi komu auk kröfu sóknaraðila til umfjöllunar aðrar kröfur, sem bústjórar mátu að hefðu borist eftir lok kröfulýsingarfrests. Við atkvæðagreiðslu að hætti áðurnefnds ákvæðis um eina slíka kröfu kom í ljós að enginn sá er atkvæðisrétt átti um þetta málefni væri fylgjandi því að krafan fengi komist að, en fundurinn var sóttur af hálfu eigenda meira en 80 hundraðshluta krafna, sem atkvæði áttu um þetta málefni. Lýsti sóknaraðili því yfir á fundinum að hann sæi ekki ástæðu til að atkvæði yrðu greidd um hvort krafa hans kæmi til frekari álita, en áskildi sér rétt til

að leitast við að koma henni að með öðrum þeim úrræðum, sem getið er í fyrrnefndu lagaákvæði. Samkvæmt 2. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978 var fjallað á ný um kröfur sóknaraðila á skiptafundi þann 4. júlí 1986, en með því að skiptastjórar í þrotabúinu, sem þá höfðu verið kjörnir hinir sömu og áður gegndu hlutverki bústjóra til bráðabirgða, lýstu því yfir að þeir gætu ekki fallist á kröfur sóknaraðila, var ákveðinn rekstur þessa máls og var það þingfest þann 25. júlí 1986.

Í máli þessu liggur fyrir að skuldabréf það, sem kröfur sóknaraðila varða, var afhent af hinum gjaldþrota félagi til Útvegsbanka Íslands skömmu eftir útgáfu þess, og er því borið við af hálfu bankans að hann eigi handveðrétt í skuldabréfinu. Á skiptafundi í þrotabúinu þann 20. júní 1986 var samþykkt heimild til handa skiptastjórum að krefja nefndan banka um skil á skuldabréfum, sem honum voru afhent með þessum hætti, og eftir atvikum að höfða mál til riftunar á afhendingu eða veðsetningu þeirra.

III.

Kröfu sína um afhendingu áðurnefnds skuldabréfs úr þrotabúi Hafskips hf. byggir sóknaraðili á þeim málsástæðum að fyrirsvarsmenn hins gjaldþrota félags hafi beitt hann svikum til að gefa hlutafjárloforð, með því að þeir hafi gefið rangar og villandi upplýsingar um fjárhag félagsins við hlutafjárútboð. Af þeim sökum sé skuldbinding sóknaraðila til þrotabús félagsins ógild samkvæmt 30. gr. laga nr. 7/1936, auk þess að háttsemi umræddra fyrirsvarsmanna brjóti gegn 248. gr. laga nr. 19/1940. Ennfremur telur sóknaraðili að með því að félagið hafi aldrei afhent honum hlutabréf þau, sem hann greiddi fyrir með afhendingu nefnds skuldabréfs, þá sé honum heimil riftun kaupanna samkvæmt reglum 21. gr. laga nr. 39/1922.

Framangreindar málsástæður koma ekki til frekari álita að sinni, með því að sakarefni hefur verið skipt í málinu eins og áður segir, og er í þessum þætti málsins aðeins til umfjöllunar hvort krafa sóknaraðila, byggð á þessum málsástæðum, geti komið til frekari álita við búskiptin þótt hún hafi ekki borist skiptaráðanda í þrotabúinu fyrr en eftir lok kröfulýsingarfrests. Þær málsástæður og lagarök, sem krafa sóknaraðila í þessum þætti málsins byggir á, eru sem hér segir:

1) Sóknaraðili heldur því fram að ef tekin yrði til greina krafa hans um riftun skuldbindingar hans til varnaraðila, sem til álita geti komið í síðari þætti þessa máls, beri að líta svo á að hann sé eigandi þess skuldabréfs, sem hann gaf út til efnda hlutafjárloforðs síns og áður er getið. Umrætt skuldabréf sé til staðar sem sérgreint verðmæti og af þeim sökum sé varnaraðila skylt að afhenda honum skuldabréfið samkvæmt 69. gr.

laga nr. 6/1978, en ella standa sóknaraðila sem sértökumanni skil á fullum bótum, ef réttindi þriðja manns yfir skuldabréfinu standa afhendingu í vegi. Krafa reist á þessum sjónarmiðum sé brigðakrafa, hlutaréttarlegs eðlis, og skipti því ekki máli samkvæmt 111. gr. nefndra laga hvort kröfunni hafi verið lýst innan kröfulýsingarfrests eða ekki.

2) Ef ekki verður fallist á framangreind rök, byggir sóknaraðili kröfur sínar í annan stað á því, að líta verði svo á að hann hafi með gildum hætti komið kröfulýsingu sinni á framfæri með því að hafa falið ritsímanum í Reykjavík innan kröfulýsingarfrests að koma henni til skila með hraðskeyti. Staðhæfir sóknaraðili að mistök starfsmanna ritsímans hafi ein valdið því að nefnt hraðskeyti hafi ekki borist á starfsstöð skiptaráðanda fyrir lok kröfulýsingarfrests, sem hann telur að ekki hafi runnið út fyrr en á miðnætti þann 15. maí 1986. Vísar sóknaraðili til þess að sú meginregla komi víða fram í löggjöf að þótt afhending tilkynninga með símskeyti dragist eða farist fyrir, eigi slík vanræksla opinberra aðilja ekki að leiða til réttarspjalla fyrir sendanda. Sú regla komi meðal annars fram í 39. gr. laga nr. 7/1936, 61. gr. laga nr. 39/1922 og 45. gr. laga nr. 93/1933, sem leggi á áhættu viðtakanda hvort orðsending komist til skila í tæka tíð. Telur sóknaraðili að þessi grundvallarsjónarmið löggjafar eigi einnig við um kröfulýsingar, þótt þess sé ekki berum orðum getið í 111. gr. laga nr. 6/1978.

3) Í þriðja lagi styður sóknaraðili kröfur sínar í þessum þætti málsins við þau rök, að kröfulýsing hans eigi að koma til frekari álita við búskiptin með því að afsakanlegt hafi verið að hún hafi ekki borist í tæka tíð, og eigi þannig heimildarákvæði 111. gr. laga nr. 6/1978 við í þessu tilviki. Telur sóknaraðili ljóst af orðalagi ákvæðisins og ummælum í greinargerð með frumvarpi, er varð að nefndum lögum, að umrædd heimild verði ekki einskorðuð við erlendis búsetta kröfuhafa. Tekið sé fram í greinargerð að heimild ákvæðisins til skiptaráðanda til að taka til greina of seint fram komna kröfu sé sett til að koma í veg fyrir bersýnilega ósanngjörn málalok. Í ljósi þess að sóknaraðili hafi sent kröfulýsingu sína með hraðskeyti innan kröfulýsingarfrests, en mistök ritsímans hafi orðið til að hún hafi ekki borist fyrr en raun varð á, mæli sanngirnisrök með því að krafan fái komist að. Í þessu sambandi bendir sóknaraðili sérstaklega á að krafan hafi komist í hendur skiptaráðanda að morgni hins fyrsta vinnudags eftir lok kröfulýsingarfrests.

Í greinargerð og við munnlegan flutning málsins hafa eftirfarandi röksemdir komið fram af hálfu varnaraðila varðandi framangreinda málsástæðu og rök sóknaraðila, sem raktar verða hér í sömu röð og á undan:

1) Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að ef sóknaraðili yrði talinn eiga rétt til að rifta skuldbindingu sinni við hið gjaldþrota félag, yrði það

til þess eins að mynda fjárkröfu eða skaðabótakröfu honum til handa í þrotabúið. Sóknaraðili hafi stofnað til kröfuréttarlegs sambands við hið gjaldþrota félag með því að gefa hlutafjárloforð, og hafi hann efnt skuldbindingu sína í því sambandi með afhendingu umrædds skuldabréfs. Af kvittun hins gjaldþrota félags til sóknaraðila fyrir skuldabréfinu og bókhaldslegri færslu innborgunar hans sé ljóst að félagið hafi viðurkennt sóknaraðila upp frá því sem hluthafa, sem hafi verið efnd þess á sinni skuldbindingu í samskiptum þeirra, og skipti þá ekki máli hvort sóknaraðili hafi fengið afhent hlutabréf. Ef riftun yrði talin heimil, yrði það aðeins til þess að kröfuréttarsambandið rakni við á ný, en eignarréttur sóknaraðila á skuldabréfinu yrði ekki endurvakinn, enda hafi hann afhent félaginu skuldabréfið án nokkurs fyrirvara eða áskilnaðar. Telur varnaraðili þannig ljóst að sóknaraðili geti ekki krafist afhendingar skuldabréfs síns úr þrotabúinu, heldur ætti hann aðeins almenna fjárkröfu í búið, ef fallist yrði á heimild hans til riftunar. Slíkri kröfu hafi sóknaraðila tvímælalaust borið að lýsa fyrir skiptaráðanda innan kröfulýsingarfrests, og hafi hann glatað rétti með vanlýsingu. Þá hefur því einnig verið hreyft af varnaraðila að jafnvel þótt fallist yrði á sjónarmið sóknaraðila um hlutaréttarlegt tilkall til umrædds skuldabréfs, þá hafi hann allt að einu glatað þeim rétti með vanlýsingu, enda hafi í innköllun í búið komið berum orðum fram að skorað væri jafnt á þá, er teldu til eigna í vörslum búsins sem aðra kröfuhafa, að lýsa kröfum sínum innan tilgreinds frests, og sé þetta orðalag í samræmi við ákvæði 3. tl. 19. gr. laga nr. 6/1978.

2) Af hálfu varnaraðila hefur því verið haldið fram að það verði að telja það alfarið á ábyrgð sóknaraðila að hann hafi valið þá leið að senda kröfulýsingu sína með símskeyti, svo skömmu fyrir lok kröfulýsingarfrests sem raun bar vitni. Skýra verði 111. gr. laga nr. 6/1978 á þann veg að krafa verði að berast til skiptaráðanda innan kröfulýsingarfrests, og breyti engu þótt hún hafi innan þess tíma verið send með símskeyti eða hvort dráttur á afhendingu hennar stafi af mistökum ritsímans. Enginn vafi hafi getað leikið á því eftir orðalagi innköllunar eða fyrirmælum 3. tl. 19. gr. áðurnefndra laga að kröfunni hafi átt að beina til skiptaráðanda innan umrædds frests, og að ónægilegt væri að beina henni til annars opinbers aðila innan þess tíma. Ef ætlan löggjafans hefði verið að gera undantekningu í þessum efnum varðandi sendingu kröfu með símskeyti, telur varnaraðili tvímælalaust að það hefði orðið að koma fram berum orðum, enda hafi lok kröfulýsingarfrests víðtæk áhrif að lögum í fleira tilliti en hér um ræðir. Þurfi því óhjákvæmilega að vera skýr mörk um lok kröfulýsingarfrests og með hverjum hætti krafa verði talin fram komin í tæka tíð.

3) Af hálfu varnaraðila er vísað til þess að sú aðalregla komi fram í 111. gr. laga nr. 6/1978 að krafa þurfi að komast í hendur skiptaráðanda

innan kröfulýsingarfrests, en frá reglu þessari séu aðeins gerðar tvær undantekningar. Annars vegar megi koma kröfu að, ef sá fjöldi atkvæðamanna greiðir því atkvæði á skiptafundi, sem áskilinn er í ákvæðinu. Hins vegar geti skiptaráðandi hleypt kröfu að, ef hann telur afsakanlegt að krafan hafi borist of seint vegna erlendrar búsetu kröfuhafa eða af svipuðum ástæðum. Hin fyrri undantekning eigi ekki við, þar sem samþykki hafi ekki fengist á skiptafundi fyrir því að krafan kæmist að. Hin síðari undantekning geti heldur ekki átt við, þar sem sóknaraðili sé innlendur og hafi ekki borið við fjarveru úr landi á kröfulýsingarfresti, auk þess að komið hafi fram í málinu að honum hafi verið kunnugt um gjaldþrotið og kröfulýsingarfrest. Telur varnaraðili að þær ástæður, sem sóknaraðili hefur fært fram fyrir drætti á kröfulýsingu, verði ekki metnar sem afsakanlegar í skilningi umrædds ákvæðis.

IV.

Sú skipting sakarefnis, sem ákveðin hefur verið í máli þessu, hefur komið til af þeim atvikum að umdeilt er hvort meginkrafa sóknaraðilans um riftun skuldbindingar hans til hins gjaldþrota félags hafi glatast vegna vanlýsingar. Ljóst er að reifun þessarar meginkröfu og sönnun fyrir réttmæti hennar er yfirgripsmikil og að óreyndu vafasamt hvort tilefni sé til slíks vegna ágreinings um hvort réttur til riftunar, sem sóknaraðili krefst, hafi fallið niður þegar vegna vanlýsingaráhrifa. Af þeim ástæðum þykir rétt að heimila að sakarefninu sé skipt með þeim hætti, sem hér hefur verið gert, til þess að fyrst verði endanlega úr því leyst hvort riftunarkrafa sóknaraðila geti með einhverjum hætti komið til frekari álita, þótt hún hafi ekki borist skiptaráðanda fyrr en raun varð á.

Kröfur sóknaraðila í máli þessu byggjast á þeim grunni að með því að hann hafi verið beittur svikum af hendi forráðamanna hins gjaldþrota félags eða með því að félagið hafi ekki afhent honum hin keyptu hlutabréf, sé honum heimil riftun hlutabréfakaupanna og eigi þar með tilkall til að fá gagngjald sitt í kaupunum til baka. Krafa um slíka riftun, ef til greina yrði tekin, þykir ekki geta orðið til annarra málaloka en að sóknaraðili teldist eiga endurgreiðslukröfu eða hugsanlega skaðabótakröfu á hendur varnaraðila. Slík fjárkrafa nýtur engrar sérstöðu gagnvart almennum reglum um kröfulýsingarfresti við gjaldþrotaskipti. Þau atvik, að gagngjald sóknaraðila í kaupum þessum kunni á síðara stigi að falla í hendur varnaraðila til frjálsra umráða, þykja ein út af fyrir sig ekki geta leitt til þess að ef riftunarkrafa sóknaraðila teldist eiga lagastoð að hann nyti þar með eignarréttar eða samsvarandi tilkalls til skila á gagngjaldinu, sem fallið getur undir ákvæði 69. gr. laga nr. 6/1978, enda verður ekki séð að sjónarmið um slíkan rétt geti byggst á reglum laga nr. 39/1922 um réttarstöðu

aðila við riftun kaupa eða öðrum lagareglum. Af þessum sökum verður ekki talið að sóknaraðili hafi leitt haldbær rök að þeirri staðhæfingu sinni að krafa hans á hendur varnaraðila sé þess eðlis að hún haldi gildi, þó svo að talið yrði að henni hafi ekki verið réttilega lýst innan kröfulýsingarfrests í þrotabúið.

Sóknaraðili hefur í annan stað stutt kröfur sínar í þessum þætti málsins við þau rök að með því að hann hafi falið ritsímanum í Reykjavík að koma kröfulýsingu sinni til rétts viðtakanda með hraðskeyti innan kröfulýsingarfrests, verði að telja það jafngildi þess að krafan hafi komið fram innan frestsins. Styður hann þessa málsástæðu sína meðal annars við reglu 39. gr. laga nr. 7/1936, sem hann kveður hafa að geyma almennt löggjafarviðhorf í þessum efnum. Um þessa málsástæðu þykir verða að líta til þess, að bæði í gjaldþrotalögum nr. 6/1978 og lögum um skipti dánarbúa og félagsbúa o.fl., nr. 3/1878, er tekið svo til orða að „lýsa" þurfi kröfu fyrir skiptaráðanda innan tiltekins frests. Orð þetta verður ekki skýrt á annan veg en þann að í því felist sú merking að gera þurfi skiptaráðanda grein fyrri kröfunni, munnlega eða skriflega, innan umræddra tímamarka. Þeim áskilnaði verður ekki fullnægt með öðru móti en því að krafan sé óumdeilanlega komin til skiptaráðanda innan kröfulýsingarfrests, og þykir engu breyta þótt öðrum opinberum aðila hafi verið falið að koma henni á framfæri í tæka tíð. Verður heldur ekki komist hjá því að taka tillit til að regla 39. gr. laga nr. 7/1936 varðar samskipti milli aðilja að einkarétti, sem ekki verður sjálfgefið beitt sem réttarfarsreglu, en í þessu ákvæði er mælt svo fyrir, að ef tilkynningu er komið á framfæri innan frests með símskeyti, pósti eða öðrum hætti, sem gilt þykir að nota, komi ekki að sök þótt henni seinki, eða hún komist ekki til skila. Fæst ekki séð hvernig komist yrði hjá óviðunandi réttaróvissu vegna beitingar ákvæðis sem þessa um kröfulýsingar, þar sem takmarkalaust er samkvæmt orðanna hljóðan hve langur dráttur geti orðið á því að orðsending komist til skila eða hvort hún geri það yfirleitt. Þykir sú niðurstaða ótæk af þessum sökum að hin fjármunaréttarlega regla þessa ákvæðis og annarra þeirra, sem sóknaraðili hefur vísað til í þessum efnum, verði til að raska undantekingarlausri framkvæmd þess viðhorfs, sem meðal annars hefur verið leitt af orðum 111. gr. laga nr. 6/1978, að kröfulýsing verði að berast í hendur skiptaráðanda innan kröfulýsingarfrests, að viðlögðum réttindamissi.

Sóknaraðili hefur loks stutt kröfu sína í þessum þætti málsins við þá heimild 111. gr. laga nr. 6/1978, að skiptaráðandi geti tekið of seint fram komna kröfu til greina, ef afsakanlegt þykir vegna búsetu kröfuhafa í öðru landi eða af svipuðum ástæðum að kröfulýsing hafi dregist. Ákvæði þetta hefur í framkvæmd og í dómafordæmum verið skýrt á þann veg, að tilgangur þess sé einkum að jafna aðstöðu erlendra kröfuhafa, sem ekki

öðlast vitneskju um kröfulýsingarfrest, gagnvart aðstöðu innlendra lánardrottna, sem njóta aðgangs að opinberri auglýsingu um gjaldþrotaskipti og annarri upplýsingu um þau. Því hefur ekki verið borið við af hálfu sóknaraðila að framhjá honum hafi farið að bú Hafskips hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta eða að honum hafi verið ókleift að staðreyna hvernær kröfulýsingarfrestur rynni út. Alkunna er að veruleg umfjöllun varð í fjölmiðlum um gjaldþrot Hafskips hf. þegar frá upphafi, og beindist sú umfjöllun meðal annars verulega að hlutafjáraukningu í félaginu og hugleiðingum einstakra manna um hvort réttilega hafi verið að henni staðið. Kröfulýsingarfrestur í tilviki þessu var lengri en almennt hefur verið, þannig að rúmir fimm mánuðir liðu frá töku búsins til skipta þar til kröfulýsingarfresti lauk. Verður ekki séð að sanngirnissjónarmið gagnvart þeim lánardrottnum félagsins, sem lýstu kröfum sínum í tæka tíð, geti vikið fyrir hagsmunum sóknaraðila, sem hefur sýnt verulegt tómlæti um gæslu hagsmuna sinna á umræddu tímabili. Þegar af þessum ástæðum verður ekki á það fallist að ívitnað heimildarákvæði geti átt við um sóknaraðila.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, verður það niðurstaða þessa máls að kröfur sóknaraðila á hendur varnaraðila komi ekki til frekari álita við gjaldþrotaskipti á búi Hafskips hf. Eftir þessum málalokum þykir óhjákvæmilegt að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað vegna þessa máls, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfum sóknaraðila, Guðjóns Andréssonar, á hendur varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 25.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. nóvember 1986.

Nr. 18/1985. **Ingvar Gýgjar Jónsson**
Olga Sigurbjörg Jónsdóttir
og Skapti Steinbjörnsson
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Friðrik Stefánssyni
og gagnsök
(Páll A. Pálsson hrl.)

Veiðiréttur. Samningar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar, að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 23. janúar 1985 af dómsmálaráðherra samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, með stefnu 4. febrúar 1985. Dómkröfur aðaláfrýjenda eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og honum gert að greiða beim óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. mars 1985 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur gagnstefnanda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að aðaláfrýjendum verði gert að greiða málskostnað í héraði og ennfremur fyrir Hæstarétti.

Rétt þykir að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum málalokum verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda 10.000,00 krónur hvert í málskostnað fyrir Hæstarétti, enda hefur gagnáfrýjandi ekki krafist málskostnaðar in solidum, skv. 181. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera órasakaður.

Aðaláfrýjendur, Ingvar Gýgjar Jónsson, Olga Sigurbjörg

Jónsdóttir og Skapti Steinbjörnsson, greiði gagnstefnanda, Friðrik Stefánssyni, 10.000,00 krónur hvert í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og Þórs Vilhjálmssonar.

Við erum sammála meirihluta dómsins um það, að ákvæðið um veiðirétt í Miklavatni í kaupsamningnum frá 1926 um Hafsteinsstaði hafi verið ólöglegt.

Ógildi þessa ákvæðis getur ekki að okkar áliti leitt til þess að það verði metið sem óskráð en samningurinn talinn í gildi óbreyttur að öðru leyti. Þar sem vafalaust er, að veiðirétturinn var og er verðmætur, og byggja verður á því, að kaupverðið, sem samið var um 1926 hafi tekið mið af verðmæti hans, verður að koma til fjárhagslegt uppgjör milli aðilanna, ef þess er krafist af aðaláfrýjendum. Í málinu liggur ekki fyrir, hvort svo er og hvernig það uppgjör ætti að vera. Er því ekki unnt að kveða upp dóm sem bindi enda á þrætu þeirra, en af því leiðir, að sýkna ber aðaláfrýjendur í þessu máli. Við teljum að málskostnaður ætti að falla niður.

Dómur aukadómþings Skagafjarðarsýslu 24. júlí 1984.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þessa mánaðar, er höfðað af Friðrik Stefánssyni, Glæsibæ, Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu, eiganda og ábúanda þeirrar jarðar, með stefnu útgefinni 28. september 1982 á hendur Olgu Sigurbjörgu Jónsdóttur, eiganda Gýgjarhóls og Ingvari Gýgjari Jónssyni, ábúanda á sömu jörð í Staðarhreppi Skagafjarðarsýslu, og með framhaldsstefnu dags. 13.01. 1983 á hendur Skafta Steinbjörnssyni eiganda og ábúanda Hafsteinsstaða í sömu sveit.

Fyrir aukadómþinginu gerir stefnandi þær dómkröfur í aðalstefnu og (sic) staðfest verði með dómi réttarins að Gýgjarhóll eigi engan rétt til lax- og silungsveiði í Miklavatni eða Sæmundará byggðan á rétti Glæsibæjar sem bakkajarðar með rétti til uppsáturs fyrir bát og pláss fyrir veiðitæki á landi og nauðsynlega umferð um Glæsibæjarland vegna veiðinnar.

Þá krefst stefnandi þess í framhaldssök að viðurkennt verði með dómi réttarins að Hafsteinsstaðir eigi engan rétt til lax- og silungsveiði í Miklavatni eða Sæmundará, byggðan á rétti Glæsibæjar sem bakkajarðar með

rétti til uppsáturs fyrir bát og pláss fyrir veiðitæki á landi og nauðsynlega umferð um Glæsibæjarland vegna veiðinnar.

Þá er í aðal- og framhaldsstefnu krafist málskostnaðar úr höndum málsaðila in solidum.

Stefndu gera þær dómkröfur að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda í máli þessu, svo og að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

II.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að með samningi, dags. 20. apríl 1926, seldi Jón Jónsson, þáverandi bóndi á Hafsteinsstöðum í Staðarhreppi í Skagafirði, eiginmaður stefndu Olgu Sigurbjargar og faðir stefnda Ingvars Gýgjars Jónssonar, Stefáni Friðrikssyni, þá bónda í Valadal í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, föður stefnanda Friðriks Stefánssonar, jörðina Glæsibæ í Staðarhreppi. Í fyrstu grein samningsins er hinni seldu jörð lýst svo:

„Sextíu hundraða dýrleika að nýju mati ásamt tveimur ærkýgildum og álagi frá leiguliða og öllum gögnum og gæðum, húsum og mannvirkjum sem jörðinni fylgja og ég hefi eignast hana með, að undanskildu því, að ég áskil Hafsteinsstöðum ítak í silungs- og laxveiði til jafns við Glæsibæ í Staðará og Milavatni og uppsátur fyrir bát og pláss fyrir veiðitæki á landi og nauðsynlega umferð um landið vegna veiðinnar. Landamerki jarðarinnar eru samkvæmt landamerkjaskrá dags. 18. júní 1923, þinglesinni á manntalsþingi Staðarhrepps 28. júní sama ár."

Var samningi þessum þinglýst á manntalsþingi Staðarhrepps 26. júní 1926. Með afsali dags. 2. nóvember 1933 seldi svo sami Jón Jónsson á Hafsteinsstöðum hluta jarðar sinnar, Hafsteinsstaða, til Sigríðar Snæland, eða eins og í afsali segir:

„Eignarrétt yfir ca. 1/10 hluta af landi eignar- og ábýlisjarðar sinnar Hafsteinsstaða, samkvæmt álitsgerð undirfasteignamatsnefndar Skagafjarðarsýslu 21. október 1932."

Í þessu sama afsali er hinu selda landi þannig lýst:

„1. Land það milli Sæmundarár og Héraðsvatna er áður var keypt af Vík og lagt undir Hafsteinsstaði.

2. Land vestan akbrautar á landi Hafsteinsstaða að norðanverðu, 400 — fjögur hundruð — metra breið spilda vestur, það sem land jarðarinnar nær.

3. Land austan við akbraut frá merkjum að norðan suður að mógrafarskurði. Ræður sá skurður og Grófarlækur merkjum austur á móts við vestanverðan „Gunnarsmó". Þar er suðaustur hornmerki. Þaðan liggja svo merkin í norður, austan í holtinu vestan við ytri Bakkamýri í núverandi landamerki Hafsteinsstaða að norðan."

Jón Jónsson á Hafsteinsstöðum seldi Jóni Björnssyni bónda á Reykjarhóli í Skagafjarðarsýslu eignar- og ábýlisjörð sína, Hafsteinsstaði, með samningi dags. 8. júní 1939. Við sölu þessa var undanskilinn sá hluti jarðarinnar sem Jón hafði áður afsalað Sigríði Snæland eins og áður getur. Í kaupsamningi þessum frá 1939 er svofellt ákvæði:

„Veiðirétt í Sæmundará fyrir Hafsteinsstaðalandi, hefur þessi selda eign til jafns við hinn áður selda hluta jarðarinnar. Þessi selda eign og hinn áður seldi hluti jarðarinnar hafa jafnan rétt til veiðiítaksins í Sæmundará og Milavatni (sic) fyrir Glæsibæjarlandi og afnot lands vegna veiðinnar."

Jón Jónsson keypti aftur af Sigríði Snæland þann hluta af landi Hafsteinsstaða sem hann hafði selt henni og var það gert bréflega með afsali dags. 18. september 1951. Allnokkru fyrr mun Jón hafa verið farinn að búa á þessum hluta jarðarinnar Hafsteinsstaða, sem nefndur var Hafsteinsstaðir II, en einnig mun hafa verið keypt til nýbýlisins land frá nágrannajörðinni Vík, svo og skiki af landi jarðarinnar Steinsholts ásamt húsakosti er þar var. Bjó Jón síðan á Hafsteinsstöðum II til dauðadags 1973.

Stefndi Ingvar Gýgjar var þá fyrir nokkrum árum orðinn ábúandi á nýbýlinu, en 2. október 1958 hafði verið lögfest á því nafnið Gýgjarhóll.

Fram er komið að á aðalfundi veiðifélags Sæmundarár 19. nóvember 1961 hafi af hálfu eigenda Gýgjarhóls verið óskað eftir leiðréttingu á hlut Gýgjarhóls samkvæmt arðskrá með hliðsjón af áður greindum kaupsamningi um jarðirnar Glæsibæ og Hafsteinsstaði. Þá er komið fram að af hálfu eigenda Hafsteinsstaða og Gýgjarhóls var með bréfi hinn 12. febrúar 1963 til endurskoðenda arðskrár veiðifélags Sæmundarár óskað eftir endurskoðun á arðskrá veiðifélags Sæmundarár með hliðsjón af kaupsamningi þeirra um Hafsteinsstaði frá 8. júní 1939.

Stefnandi, Friðrik Stefánsson, hefur haldið því fram, að eigendur Hafsteinsstaða hafi ekki stundað netaveiði í Miklavatni samkvæmt ákvæðum samningsins frá 1926 fyrr en stefndi, Ingvar Gýgjar Jónsson, nú bóndi á Gýgjarhóli, hafi byrjað netaveiði sumarið 1975. Þá þegar hafi hann, stefnandi, hafið aðgerðir til að hindra veiðar stefnda Ingvars með lögbannsaðgerðum og síðan með venjulegri málsókn til staðfestingar á rétti eiganda Glæsibæjar til að nytja einn netaveiði í Miklavatni. Hefur stefnandi haldið því fram að hafi eigendur Hafsteinsstaða stundað netaveiði í Miklavatni hafi það verið fyrir landi annarra jarða en Glæsibæjar og með leyfi eigenda þeirra. Stefndi Skafti Steinbjörnsson hefur lýst því yfir fyrir réttinum, að ekki hafi verið stunduð netaveiði í Miklavatni af eigendum Hafsteinsstaða eins og þeir nú eru, svo hann viti til, en telur eiganda Gýgjarhóls hafa haldið ítakinu við. Stefndi Ingvar Gýgjar Jónsson, ábúandi á Gýgjarhóli, kveður föður sinn hafi stundað netaveiði í Miklavatni samkvæmt ítaki sínu í veiði Glæsibæjar öll vor. Hafi hann haft fjárhús austur undir Héraðs-

vötnum og hafi verið vitjað um netin um leið og farið var til kindanna. Sjálfur kveðst Ingvar hafa nytjað veiðiítakið meira og minna fyrr og síðar án andmæla af hálfu eigenda Glæsibæjar fyrr en sumrið 1975.

III.

Krafa stefnanda er byggð á því að er samningur þeirra Jóns Jónssonar og föður stefnanda, Stefáns Friðrikssonar, var gerður um jörðina Glæsibæ 20. apríl 1926, hafi verið í gildi ákvæði 2. töluliðar 121. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923, en þar er lagt bann við því að skilja veiði að nokkru eða öllu leyti frá jörðum. Ákvæði samningsins um veiðiítak Hafsteinsstöðum til handa hafi falið í sér skerðingu á rétti eigenda Glæsibæjar til þess að nýta einn að fullu rétt jarðar sinnar til veiði í vatninu og því hafi þetta ákvæði samningsins verið ólöglegt. Það hafi því ekki stofnast réttur til veiða í Miklavatni til handa eigendum Hafsteinsstaða og síðar eigenda Gýgjarhóls sem byggður verði á þessu samningsákvæði. En jafvel þótt talið verði að samningurinn hafi stofnað til réttar þáverandi eiganda Hafsteinsstaða til veiða í Miklavatni, þá hafi sá réttur eigi varað lengur en lífstíð seljandans, Jóns Jónssonar. Þá er því og haldið fram að eigandi Glæsibæjar hafi ávallt hagnýtt sér allan rétt jarðarinnar til veiða í Miklavatni sem einkaeigandi jarðarinnar. Hafi hann einnig notið fyllsta arðs í samræmi við það samkvæmt arðskrá veiðifélags Sæmundarár sem nái bæði til veiði í Miklavatni og Sæmundará. Um þetta hafi eiganda og ábúanda Gýgjarhóls verið kunnugt þegar á árinu 1961. Þá hafi eigandi Hafsteinsstaða og ekkert aðhafst til að nýta veiði í vatninu og verði að líta svo á að hann eigi ekki kröfu til veiða í vatninu sem byggð verði á greindu samningsákvæði.

Þá hafi hvorki eigandi né ábúandi Gýgjarhóls veitt í Miklavatni á grundvelli greinds samningsákvæðis. Hafi verið veitt af þeirra hálfu í Miklavatni, þá hafi það verið í rétti annarra jarða við vatnið. Þá er því haldið fram, að ef talið verði að veiðiítak hafi stofnast fyrir eigendur Gýgjarhóls, að stefnandi hafi unnið lausnarhefð á því ítaki.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því að með samningi þeirra Jóns Jónssonar og Stefáns Friðrikssonar frá 20. apríl 1926 hafi verið stofnað löglegt veiðiítak í Miklavatni og Sæmundará til handa eiganda Hafsteinsstaða í veiði jarðarinnar Glæsibæjar í Miklavatni og Sæmundará, enda hafi samningnum verið þinglýst. Til vara að innlausnarleyfi samkvæmt veiðilögum liggi ekki fyrir né hafi innlausnarmatsgerð farið fram, enda aldrei um hana beðið af hálfu Glæsibæjar.

Sýknukröfurnar eru aðallega byggðar á fjórum höfuðatriðum:

a. Að umrætt veiðiítak sé fullkomlega samningslega löglegt og enn í fullu gildi.
b. Ítakið styðjist einnig við sögulegar forsendur samanber nú 4. gr. 2.

tölulið laxveiðilaga. Ítakið helgist ekki eingöngu við samningana 1926, heldur má líta á það sem framhald (eftirstöðvar) á fornum hefðbundnum veiðirétti (hlutdeild) í sameiginlegum Hafsteinsstaðaveiðum (Hafsteinsstaða eða Víkurtorfu). Þótt Hafsteinsstaðir (og Gýgjarhóll) eigi nú ekki (lengur) land að Miklavatni, hefði verið óheimilt að ráðstafa allri veiði frá gamalli tíð undan jörðinni við samningana 1926 samanber fyrr tilvitnaðan 2. málslið 4. gr. laxveiðilaga.

c. Fari svo ólíklega, að kröfur kæranda kæmu til álita, þá yrði það fyrst og fremst og ófrávíkjanlega byggt á reglum laxveiðilaga um innlausn veiðiréttinda. Í máli þessu liggur ekkert innlausnarleyfi ráðuneytisins fyrir, né svo mikið sem umsókn í þá átt.

d. Loks sé það beint eða óbeint málsástæða eins og mál þetta er undir komið og málavöxtum varið, að kröfugerð stefnanda muni brjóta í bága við 32. grein samningalaga nr. 7 frá 1936, annaðhvort beint eða eftir lögjöfnun. Stefndu telja að á þeim tíma sem samningurinn var gerður hafi verið í gildi veiðitilskipun frá 20. júní 1849 svo og ákvæði vatnalaga nr. 15 frá 1923, en 13. kafli þeirra laga fjallar um veiði í vötnum. Samkvæmt 4. gr. veiðitilskipunarinnar hafi verið bannað að skilja að veiðiréttinn og lóðina, en samkvæmt 1. grein tilskipunarinnar hafi þrátt fyrir það verið gert ráð fyrir slíkum veiðiítökum og þau skyldu standa óröskuð með öllu. Þetta ákvæði hafi eigi verið afnumið með ákvæði 13. kafla vatnalaganna eða síðari veiðilöggjöf. Þvert á móti hafi þetta verði ítrekað með lögum nr. 113 frá 1952 um lausn ítaka af jörðum þar sem ítök hafi verið gerð óafleysanleg gegn vilja ítakseiganda. Á þeim tíma hafi hinsvegar verið komin í lög heimild til að leysa til sín veiðiréttindi sem skilin höfðu verið frá landi að nokkru eða öllu leyti. Veiðiítök hafi hinsvegar eigi verið talin til slíkra réttinda því þau hafi ekki verið talin skilja veiði frá neinu landi, lóð eða bakka. Ítaksþoli hafi allt að einu haft óhindraðan veiðirétt hvar sem var fyrir landareign sinni, enda hafi veiðiréttur hvergi verið skilinn við landið í skilningi laganna. Jafnvel þótt svo hefði verið talið að veiðiítak þýddi meiri eða minni undanskil veiðiréttar frá landi eða bakka, þá breytir það engu í þessu máli, því ákvæði 121. gr. þágildandi vatnalaga hafi heimilað slík undanskil samkvæmt beinni lögjöfnun ef svo hagaði til að „önnur hlunnindi komu á móti er þeirri landareign sé ekki metin minna verð en veiðirétturinn.“ Verði að ganga út frá því sem sjálfsögðu að á móti ítakinu hafi komið tilsvarandi afsláttur eða lækkun kaupverðs jarðarinnar, þannig að skilyrðum greinarinnar hafi verið fullnægt samkvæmt ótvíræðri lögjöfnun.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að það sé brot á grundvallarreglum 32. gr. samningalaga nr. 7 frá 1936, er stefnandi vilji nú tileinka

sér án endurgjalds ítaksrétt sem samið var um til handa eigenda Hafsteinsstaða en stefnandi hafi sjáfur samþykkt ítakið með undirskrift sinni, enda hljóti söluverð jarðarinnar að hafa verið ákveðið í samræmi við það og báðum samningsaðilum verið það ljóst. Þá kemur það og fram af hálfu stefnda, að samkvæmt jarðabókinni frá 1706 sé Hafsteinsstöðum talin lax- og silungsveiði til hlunninda og hljóti þau nú að fylgja Gýgjarhóli að hluta. Þá sé lax- og silungsveiði talin jörðinni Vík til hlunninda en hinsvegar séu slík réttindi eigi talin fylgja Glæsibæ. Er því haldið fram, að er samningurinn frá 20. apríl 1926 var gerður, hafi Hafsteinsstaðir í rauninni verið að láta af hendi við Glæsibæ hluta af aldagömlum hefðbundnum réttindum þeirrar jarðar. Í þessu sambandi sé og á það að líta, að er nýbýlið Gýjarhóll var stofnað, hafi það fengið nokkurn hluta jarðarinnar Víkur og ekki sé ólíklegt að því landi hafi fylgt hlutfallslegur veiðiréttur.

Undir rekstri málsins hefur komið fram af hálfu stefndu, að réttur Gýgjarhóls til veiði í Miklavatni sé ekki leiddur af rétti Hafsteinsstaða til veiði í vatninu heldur sé um að ræða sjálfstæðan rétt sem stofnast hafi með löggjörningi.

Stefndu telja stefnanda eigi hafa hreyft athugasemdum við þessu í um 60 ár. Er því mótmælt af hálfu stefndu að veiðiítak það sem Gýgjarhóll eigi í Miklavatni hafi fallið niður vegna lausnarheðar svo sem haldið sé fram af stefnanda. Hafi veiði í Miklavatni verið stunduð frá Hafsteinsstöðum og Gýgjarhóli á grundvelli veiðiítaksins meira og minna alla tíð frá því að samningurinn var gerður þann 20. apríl 1926. Hafi þær veiðar aldrei verið hindraðar eða stöðvaðar af eiganda Glæsibæjar. Hafi það fyrst verið á árinu 1975 að eigandi Glæsibæjar hafi hafist handa um það svo sem áður greinir. Er því haldið fram af hálfu stefndu að eigendur Gýgjarhóls og Hafsteinsstaða eigi veiðirétt eða veiðiítak að hálfu í Sæmundará og Miklavatni fyrir landi Glæsibæjar og fái kröfugerð stefnanda í málinu eigi staðist gagnvart ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar. Geti krafa stefnanda í málinu aðeins náð fram að ganga á þeim grundvelli að stefnandi leysi til sín ítakið gegn endurgjaldi.

IV.

Mál þetta er í raun endurtekning máls sem höfðað var fyrir vettvangsdómi Skagafjarðarsýslu og dæmt þar 3. ágúst 1978, en síðan var því vísað frá Hæstarétti, þar sem Hæstiréttur taldi að ekki hefði verið rétt stefnt í málinu, þ.e. að stefna hefði átt sameiginlega eigendum Gýgjarhóls og Hafsteinsstaða, þar sem því var haldið fram, að veiðiítakið væri í óskiptri sameign þessara jarða og ef það yrði dæmt ógilt, byndi það báðar jarðirnar með þeim hætti að nauðsynlegt hefði verið að stefna báðum eigendum inn í málið. Úr þessu atriði hefur nú verið bætt. Lögð hafa verið fram nokkur

ný gögn í málinu, en í raun er hér um sama mál að ræða og sömu röksemdir notaðar af beggja hálfu.

Samkvæmt landamerkjaskrám fyrir Hafsteinsstaði dags. 4. júní 1921 og Glæsibæ, dags. 18. júní 1923, svo og af öðrum gögnum málsins, meðal annars uppdrætti, á jörðin Glæsibær land að Miklavatni frá Tröllhöfða að ósi Sæmundarár, auk lítillar spildu austan við ósinn og ennfremur nokkuð upp eftir Sæmundará. Í gögnum þessum kemur einnig fram að hvorki Hafsteinsstaðir né Gýjarhóll eiga land að Miklavatni, en hinsvegar eiga Hafsteinsstaðir land að Sæmundará.

Þegar Jón Jónsson seldi Stefáni Friðrikssyni jörðina Glæsibæ samkvæmt samningi þeirra frá 20. apríl 1926, þá áskildi hann Hafsteinsstöðum ítak í lax- og silungsveiði Sæmundarár og Miklavatns, uppsátur fyrir bát og stöð fyrir veiðitæki í landi Glæsibæjar og umferð um land jarðarinnar vegna veiðanna. Það er grundvallarregla í íslensku réttarfari að hver maður eigi veiði fyrir sinni jörð samanber landsleigubálk Jónsbókar 56. kafla sem síðar var staðfestur með ákvæðum vatnalaga nr. 15 frá 1923. Þegar samningur aðilanna var gerður, voru því í gildi umrædd vatnalög nr. 15 frá 1923. Í ákvæðum 2. tölulíðar 121. greinar þeirra laga er lagt bann við því að skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, nema um tiltekið árabil og þó eigi lengur en 10 ár í senn, nema leyfi viðkomandi ráðherra komi til eða önnur hlunnindi kæmu á móti er væru metin þeirri landareign ekki minna virði en veiðirétturinn. Augljóst verður að telja, að ákvæði um veiðiítak í nefndum samningi fyrir Hafsteinsstaði í Miklavatni og Sæmundará, fól í sér skerðingu á rétti Glæsibæjar til veiða fyrir landi þeirrar jarðar. Eigi verður séð af gögnum málsins að aflað hafi verið leyfis viðkomandi ráðherra vegna þessa áskilnaðar í samningi um veiðiítak fyrir Hafsteinsstaði. Þá er eigi í ljós leitt, að á móti ítakinu komi hlunnindi er metin væru jörðinni ekki minna virði en skerðing veiðiréttarins. Þó tekið kunni að hafa verið tillit til ítaksins við ákvörðun kaupverðs, sem þó hefur ekki verið stutt haldbærum rökum af stefndu, verður það ekki talið hafa komið í stað neinna jarðarhlunninda í skilningi 13. kafla vatnalaga frá 1923.

Í samræmi við framanskráð lítur dómurinn svo á, að þetta ákvæði í samningnum hafi ótvírætt brotið í bága við ákvæði 2. tölulíðar 121. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923 sem gilti um þetta atriði á þeim tíma sem umræddur kaupsamningur var gerður. Í framhaldi af því sem rakið hefur verið lítur dómurinn svo á, að ekki hafi stofnast lögmætur réttur fyrir Hafsteinsstaði sem (sic) samningi þeirra Jóns Jónssonar og Stefáns Friðrikssonar frá 20. apríl 1926 og þar af leiðandi heldur ekki fyrir eigendur og ábúendur Gýgjarhóls til veiða í Miklavatni og Sæmundará sem byggður verði á rétti Glæsibæjar sem bakkajarðar til veiða í vatninu og ánni.

Þá verður ekki fallist á að stefndu hafi sýnt fram á, að með samningnum

eða með öðrum lögmætum hætti hafi stofnast sjálfstæður réttur fyrir eigendur og ábúendur Gýgjarhóls eða Hafsteinsstaða til veiða í Miklavatni og Sæmundará.

Framburður aðila um veiði frá Hafsteinsstöðum og Gýgjarhóli í Miklavatni og Sæmundará fyrir landi Glæsibæjar er ósamhljóða og vottorðum, sem fram hafa verið lögð, ber ekki saman um þetta atriði. Þá hafa ekki verið lagðar fram veiðiskýrslur af hálfu stefndu varðandi umrædda veiði. Eigi þykir skipta máli við úrlausn þessa máls, að Friðrik Stefánsson og Ingvar Gýgjar Jónsson skrifa báðir undir áskorun með veiðiréttareigendum við Miklavatn til veiðifélags Sæmundarár og ekki er sú undirskrift talin fela í sér neina viðurkenningu á veiðiítaki.

Þá verður ekki fallist á að ákvæði 32. gr. samningalaga eða það heiðarleikasjónarmið, sem fram kemur í því ákvæði, hindri að kröfugerð stefnanda verði tekin til greina. Þá verður heldur ekki talið að slík úrslit málsins brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Með vísun til framangreinds verður því tekin til greina krafa stefnanda þess efnis að staðfest verður að eigendur og ábúendur jarðanna Hafsteinsstaða og Gýgjarhóls eigi ekki rétt til lax- og silungsveiði í Miklavatni eða Sæmundará byggðar á rétti Glæsibæjar sem bakkajarðar með rétti til uppsáturs fyrir bát og pláss fyrir veiðitæki á landi og nauðsynlegrar umferðar um Glæsibæjarland vegna veiðinnar.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt að málskostnaður falli niður. Dóm þennan kváðu upp Þorbjörn Árnason, fulltrúi sýslumanns, ásamt meðdómsmönnunum Þóröi Þórðarsyni bæjarstjóra og Agli Bjarnasyni ráðunaut.

Dómsorð:

Viðurkennd er krafa stefnanda, Friðriks Stefánssonar bónda í Glæsibæ, um að varnaraðilar, Olga Sigurbjörg Jónsdóttir og Ingvar Gýgjar Jónsson eigandi og ábúandi jarðarinnar Gýgjarhóls og Skafti Steinbjörnsson (sic) eigandi jarðarinnar Hafsteinsstaða, eigi ekki rétt til lax- og silungsveiði í Miklavatni eða Sæmundará, sem byggður verði á rétti eiganda Glæsibæjar til veiða fyrir landi jarðarinnar, né rétt til uppsáturs fyrir bát og stöð fyrir veiðitæki á landi, né nauðsynlega umferð um land Glæsibæjar vegna þeirrar veiði. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1986.

Nr. 204/1986. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Ragnari Ólafssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Rán.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1986 að ósk ákærða og að því er hann einan varðar, en meðákærðu í héraði óskuðu eigi áfrýjunar. Af hálfu ákæruvalds er dóminum áfrýjað til þyngingar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat hans, færslu til lagaákvæða og ákvörðun á refsingu. Þá ber og að staðfesta að gæsluvarðhald ákærða skuli dregið frá refsingu, en það telst hafa staðið yfir 21 dag (frá því kl. 14 hinn 25. apríl til kl. 15 hinn 15. maí 1985).

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, en ákvæði héraðsdóms um að ákærði skuli einungis greiða sakarkostnað að hluta verður látið óbreytt standa svo sem málið er lagt fyrir Hæstarétt. Saksóknarlaun og málsvarnarlaun verða ákveðin í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Ólafsson, sæti fangelsi 3 ár. Frá refsingu skal draga gæsluvarðhaldsvist ákærða í 21 dag.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði að undanteknum málsvarnarlaunum verjanda meðákærðu, svo og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000,00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti, og málsvarnarlaun verjanda ákærða, Hilmars Ingimund-

arsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur samtals fyrir báðum dómum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. maí 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 20. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er af Pétri Guðgeirssyni sakadómara í Borgartúni 7, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 287 - 290/1986: Ákæruvaldið gegn Ragnari Ólafssyni, M, A og G, sem dómtekið var 14. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. febrúar 1986, á hendur Ragnari Ólafssyni, Hringbraut 29, Hafnarfirði, fæddum 21. ágúst 1960 í Reykjavík, M, fæddri í Reykjavík ... 1966, A, fæddri ... 1965 í Reykjavík og G, fæddri 1963 í Reykjavík „fyrir eftirtalin hegningarlagabrot framin í Reykjavík í apríl 1985:

I.

Gegn ákærða Ragnari fyrir eftirtalin rán:

1. Laust eftir miðnætti 18. apríl við Lindargötu 59 ráðist á Jóhann M. Magnússon, fæddan 13. júlí 1947, í því skyni að ná af honum fé og slegið hann nokkur hnefahögg í höfuðið svo að hann féll í götuna og ásamt meðákærðu M tekið veski Jóhanns úr jakkavasa hans, en í því var ávísanahefti, greiðslukort, um kr. 300 í peningum og persónuskilríki. Hagnýtti ákærði sér hluta peninganna, fleygði veskinu og eyðilagði ávísanaheftið og greiðslukortið.

2. Skömmu síðar sömu nótt við Freyjugötu 25 ráðist á Eggert Thorarensen, fæddan 26. maí 1921, í því skyni að ná af honum fé og slegið hann nokkur högg í höfuðið með krepptum hnefa, en áður hafði ákærði vafið leðurbelti með málmbroddum um hönd sér, og féll Eggert við þetta í götuna. Ákærði leitaði þá ásamt meðákærðu M að fjármunum í fórum Eggerts, en þau fundu enga og hurfu á brott. Við árásina hlaut Eggert 2 cm skurð á vinstri augabrún og sár á hvirfil og hnakka, sem sauma þurfti saman, og skrámur á vinstri kinn.

3. Sunnudagskvöldið 21. apríl í námunda við Domus Medica, Egilsgötu 3, ráðist á Sigmar Guðlaug Sveinsson, fæddan 17. janúar 1966, í því skyni að ná af honum fé og veitt honum höfuðhögg svo að hann féll í götuna og þá tekið af honum seðlaveski hans sem í var m.a. kr. 6.000 og ákærði hafði til eigin nota.

Framangreind brot ákærða Ragnars teljast varða við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 20. gr. þeirra laga að því er varðar brotið í lið I, 2.

— — —

V. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Málavextir:

I. Um 15 mínútum eftir miðnætti aðfaranótt föstudagsins 19. apríl kom á lögreglustöðina við Hverfisgötu Jóhann Marion Magnússon, Lindargötu 61 í Reykjavík, fæddur 3. júlí 1947 og kærði yfir því, að þrjú ungmenni hefðu ráðist á sig á Lindargötu og rænt sig peningaveski með peningum, tékkhefti og greiðslukorti.

Var Jóhann Marion að sjá skrámaður í andliti og mjög bólginn á vinstri fæti og fluttu lögreglumenn hann í slysadeild Borgarspítalans.

Jóhann Marion hefur skýrt frá því að hann hafi skömmu fyrir miðnættið gengið út af veitingastaðnum „Pöbbinum" við Hverfisgötu þar sem hann hafði drukkið 2 könnur af bjórlíki. Vitnið gekk heim á leið. Þegar hann gekk niður Frakkastíg varð hann var við tvo pilta og stúlku, sem gengu á eftir honum. Vitnið kveðst hafa verið alveg grandalaus og ekki vitað fyrr en hann heyrði einhvers konar óhljóð í fólkinu og í sömu andrá hafi hann fengið þungt högg á hægra gagnauga og strax á eftir annað högg á höfuðið vinstra megin. Vitnið kvaðst hafa vankast við höggin og fallið í götuna. Virtist vitninu eins og höggin væru greidd með barefli. Eftir árásina hafi hann saknað seðlaveskis með tékkhefti, greiðslukorti og skilríkjum.

Í fyrstu skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins kvaðst vitnið hafa fengið spark í vinstri fót þar sem hann lá og hafa ristarbrotnað en vitnið hefur nú horfið frá þeim framburði og sagst hafa meiðst á fæti þriðjudaginn næsta á undan, við það að timburstafli hafi runnið til og lent á vinstri fæti hans.

Ákærði Ragnar hefur skýrt frá því að hann hafi ásamt meðákærðu M verið að koma af veitingastaðnum „Pöbbinn" fimmtudagskvöldið 18. apríl. Þau hafi verið félaus og verið í peningaleit til þess að kaupa fíkniefni, en ákærði kveðst hafa verið morfínneytandi á þessum tíma. Þau hafi séð mann haltra eða slaga niður Frakkastíg af Hverfisgötu og hafi þau veitt honum eftirför inn á Lindargötu þar sem ákærði réðst aftan að manninum, sneri honum við og sló manninn í andlitið með krepptum hnefa og hafi maðurinn við það fallið í götuna. Ákærði telur að hann hafi slegið manninn aftur eftir að hann féll. Í skýrslu, sem ákærði gaf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og hann hefur staðfest fyrir dómi, bar hann að hann hefði slegið manninn með gaddabelti sínu. Ákærði kvað manninn hafa rotast eða vankast mikið og hafi M tekið veski hans og hlaupið á brott. Kveðst ákærði hafa hlaupið á eftir henni. Í veskinu hafi verið 280 krónur, 20 dollarar,

tékkhefti og greiðslukort og kveður ákærði þau hafa skipt með sér peningunum. Ákærði kveðst ekki hafa sparkað í fót mannsins.

Ákærða M hefur greint frá því, að þetta fimmtudagskvöld hafi hún og meðákærði Ragnar farið á „Pöbbinn" við Hverfisgötu en þau hafi verið félítil og rætt um að komast yfir peninga með einhverju móti. Ekki hafi þó verið rætt um að ráðast á neinn eða beita ofbeldi og barsmíðum. Nokkru fyrir miðnætti fóru ákærðu út úr veitingastofunni og sáu þau þá mann ganga niður Frakkastíg af Hverfisgötu. Hafi þau þá rætt um að þau reyndu að ræna manninn peningum og veittu þau honum því eftirför, og fylgdi ákærða fast á hæla meðákærða Ragnari. Á Frakkastíg hafi Ragnar tekið af sér gaddabeitið og vafið um hendi sér. Veittu þau manninum eftirför inn á Lindargötu og þar hafi Ragnar ráðist á manninn og slegið manninn eitt högg með beltinu á gagnaugað og hafi maðurinn þá fallið í götuna. Ákærða telur að meðákærði hafi þá slegið manninn eitt eða tvö högg í viðbót. Ákærða kveðst hafa beðið á bak við kyrrstæða sendibifreið meðan Ragnar barði manninn og þegar maðurinn var orðinn óvígur hafi hún tekið veski hans úr innri brjóstvasa hans. Hún hafi svo hlaupið á brott með veskið og á eftir hafi þau skipt með sér peningunum. Ákærða kveður meðákærða Ragnar ekki hafa sparkað í fót mannsins.

Eins og áður segir var Jóhann Marion Magnússon fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Samkvæmt vottorði Rögnvalds Þorleifssonar læknis, dagsettu 4. ágúst 1985, kom í ljós við skoðun þar að hann var öklabrotinn á vinstri fæti. Ekki er ákært fyrir þann áverka og óvíst er að hann hafi hlotist af árás ákærða Ragnars og verður því sá hluti vottorðsins, sem að því lýtur ekki tekinn upp. Annars segir í vottorðinu:

„Skoðun við komuna á Slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós: Jóhann var eðlilega vakandi og áttaður. Hann var höglátur og kvartaði ekki að fyrra bragði en kvaðst aðspurður hafa verki í vi. ökla.

Skoðun leiddi a.ö.l. í ljós: Ofurlítill þroti og marblámi var á hæ. kinn og lítilsháttar fleiður þar. Marblettur var rétt ofanvert við vi. hné innanvert. Mikill þroti og eymsli voru um vi. ökla og náði bólgan upp á miðjan fótlegg."

Hald var lagt á umrætt gaddabelti og liggur það frammi í málinu. Í skýrslu Bjarna J. Bogasonar rannsóknarlögreglumanns, dagsettri 24. apríl 1985 er beltinu lýst svo:

„Hér er um að ræða leðurbelti, svart, með krómlituðum málmbólum. Beltið vegur 375 grömm. Á beltinu er málmsylgja, krómlituð og er enda beltisins smellt í gegnum sylgjuna og þannig er hægt að fjarlægja sylgjuna af beltisólinni með því að losa smelluna, t.d. er skipt er um sylgju. Oftast er á beltum hnoðuð festing á beltisendunum fyrir sylgju. Sylgjan vegur 69,5 grömm og er að utanmáli 72 mm x 73 mm. Ólin í beltinu er 47 mm breið

og heildarlengd beltisins með sylgjunni 104,5 cm. Á ól beltisins eru krómlitar kóniskar bólur í þrefaldri röð. Þær eru hnoðaðar við ólina. Fjöldi bólnanna er 138.

Mældar kóniskar bólur mælast að neðan, þ.e. við ólina, 9,5 mm að þvermáli, 2,5 mm að þvermáli að ofan og 5,5 mm á hæð."

Telja verður sannað með vætti Jóhanns Marions Magnússonar og framburði ákærðu Ragnars og M að með þeim hafi vaknað ásetningur til þess að ræna Jóhann Marion þegar þau sáu hann á Hverfisgötu, að þau hafi veitt honum eftirför niður Frakkastíg, að ákærði Ragnar hafi slegið manninn niður með hnefanum brynjuðum fyrrnefndu gaddabelti, og að ákærða M hafi tekið veskið úr vasa hans. Eins og atvik urðu verður að telja bæði ákærðu vera aðalmenn í ráni og ber að refsa þeim báðum fyrir brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga enda girðir atvikalýsing í 1. tl. II. kafla ákærunnar ekki fyrir það, að því er varðar ákærðu M, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 og hefur málið verið flutt með hliðsjón af því.

Í ákæru segir að brotið hafi verið framið „eftir miðnætti 18. apríl." Ekki er unnt að slá neinu föstu um það hvoru megin miðnættis atburðir þessir urðu, en ljóst er að eftir miðnættið rann upp föstudagurinn 19. apríl.

Í málinu hefur Arnmundur Backman hæstaréttarlögmaður gert svofellda fébótakröfu fyrir hönd Jóhanns Marions:

„F.h. Jóhanns Magnússonar, Heiðarbraut 1, Höfn Hornafirði, sem varð fyrir líkamsárás og ráni hinn 19.4. 1985 á Lindargötu, en árásaraðilar eru Ragnar Ólafsson og M, leyfi ég mér að gera þá kröfu að árásaraðilar greiði Jóhanni kr. 240.000,00 í skaðabætur.

Jóhann varð fyrir töluverðum meiðslum af völdum árásarinnar og varð m.a. óvinnufær í 4 mánuði."

Bótakrafa þessi er ósundurliðuð og ekki studd gögnum og því ber að vísa henni frá dómi.

II.

Um 25 mínútum eftir miðnætti þessa sömu nótt var óskað eftir hjálp lögreglu á Bragagötu 36 í Reykjavík. Þar hittu lögreglumenn fyrir Eggert Thorarensen, til heimilis þar, fæddan 26. maí 1921. Hann skýrði frá því að piltur og stúlka hefðu ráðist á sig þegar hann var á göngu á Freyjugötu við húsið nr. 25. Hefði hann skollið með höfuðið utan í húsið og vankast. Var hann þegar fluttur á slysadeild Borgarspítalans.

Vitnið hefur skýrt frá því, að um kl. 23:30 um kvöldið hafi hann farið í kvöldgöngu heiman að frá sér og ætlað upp á Skólavörðuholt. Þegar hann hafi verið kominn á móts við húsið nr. 15 við Freyjugötu hafi hann mætt pilti og stúlku, sem komu frá Njarðargötu. Pilturinn hafi gengið á gang-

stéttinni en stúlkan á götunni utanvert við bifreiðar sem lagt var við gangstéttarbrúnina. Þegar pilturinn hafði gengið fram hjá vitninu heyrði vitnið einhvern þyt fyrir aftan sig og var skyndilega hrint áfram svo að hann féll á gangstéttina og hlaut þungt högg á vinstra gagnauga. Telur vitnið sig jafnvel hafa fengið fleiri þung högg á höfuðið en er ekki viss. Hann hafi vankast en líklega ekki misst meðvitund. Pilturinn og stúlkan hafi næst farið að stumra yfir vitninu, sem kveðst hafa náð taki á fötum stúlkunnar. Vitninu tókst að komast á fætur og hrópa upp til þess að vekja athygli fólks í næstu húsum. Vitnið segir að árásarfólkið hafi gengið á brott í hægðum sínum. Vitnið hafi komist heim til sín af sjálfsdáðum og kallað á lögreglu.

Ákærði Ragnar hefur skýrt frá því, að hann hafi gengið fram á mann á Freyjugötu í beinu framhaldi af atburðinum á Lindargötu og hann hafi þá ákveðið að ráðast á manninn og ræna hann þar sem hann var félaus en fann sig knúinn til þess að kaupa morfín. Hann hafi vafið gaddabelti sínu um hönd sér, þannig að gaddarnir sneru út, ráðist á manninn og greitt honum högg á höfuðið með hnefanum vöfðum með beltinu. Maðurinn hafi ekki rotast við þetta eina högg og kvaðst ákærði þá hafa misst stjórn á sér og slegið hann fleiri högg. Hann hafi ekki hætt að slá manninn fyrr en hann heyrði aðvörunarhróp frá meðákærðu M en þá var maðurinn orðinn alblóðugur í andliti.

Þau M hafi ekki fundið neitt fémætt í fórum mannsins og yfirgefið hann og hlaupið niður á Baldursgötu.

Ákærða M hefur skýrt frá því, að þau meðákærði Ragnar hafi haldið upp á Skólavörðuholt sem leið liggur áleiðis til Baldursgötu til sambýlismanns ákærðu, eftir að hafa rænt manninn á Lindargötu. Þegar þau hafi verið stödd á Freyjugötu hafi þau séð mann á gangi og hafi þau bæði hlaupið að honum. Ragnar hafi barið manninn í hnakkann eða hvirfilinn með gaddabeltinu sem hann hafði vafið um hönd sér og hafi maðurinn fallið við höggið. Þau Ragnar hafi leitað í vösum mannsins en hann hafi þá gripið í peysu hennar. Þá hafi Ragnar slegið manninn aftur í andlitið með gaddabeltinu, allt að fimm sinnum. Maðurinn hafi orðið alblóðugur um andlitið og fatnaður og gaddabeltið hafi verið blóði ötuð. Ákærða kveðst hafa orðið hrædd um að Ragnar myndi gera út af við manninn og reynt að halda aftur af honum.

Ákærða kveðst hafa hætt að neyta vímuefna eftir að þetta gerðist og vera undir læknishendi. Hún kveðst vera í sambúð með manni.

Eins og áður segir var Eggert Thorarensen fluttur á slysadeild Borgarspítalans.

Í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar læknis, dagsettu 22. september sl., segir um ástand Eggerts:

„Eggert var eðlilega vakandi og áttaður.

Utanvert á vi. augabrún hans var 2 cm skurður. Skrámur voru á vi. kinninni og nokkur sandur í þeim. Smá sár voru á hvirfli sjúklings og í hnakkanum og virtust sárin geta verið eftir grófa möl. Þrjú þessara smáu sára voru lengri en 3 mm og voru þau saumuð saman með einum saum hvert, eftir að þau höfðu verið hreinsuð. Sárið á augnabrúninni var saumað og skrámurnar í andlitinu hreinsaðar, en nokkur óhreinindi voru í þeim.

Að þessari meðferð lokinni fór sjúkl. heim."

Telja verður sannað með framburði ákærðu beggja og vætti Eggerts Thorarensens að þau hafi fljótlega eftir árásina á Lindargötu veist að Eggerti á Freyjugötu og að ákærði Ragnar hafi þar slegið manninn niður með brynjuðum hnefa og þau bæði leitað að verðmætum á honum. Verður samkvæmt þessu að telja þau bæði vera aðalmenn í ránstilraun og ber því að refsa þeim fyrir brot gegn 252. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga, enda er verknaði ákærðu M lýst þannig í ákærunni að það er heimilt, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála og málið hefur verið flutt með hliðsjón af því.

Af hálfu Eggerts Thorarensens hefur ekki verið krafist fébóta úr hendi ákærðu.

III.

Sunnudaginn 28. apríl 1985 leitaði á náðir Rannsóknarlögreglu ríkisins Sigmar Guðlaugur Sveinsson, Flögu í Skaftártungu, til þess að kæra yfir því að sunnudagskvöldið 21. sama mánaðar hefði verið ráðist á hann á Hringbraut skammt frá Miklatorgi og hann rændur.

Hann hefur greint frá því hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins að hann hafi þetta kvöld farið á veitingahúsið Óðal við Austurvöll og hitt þar stúlku, sem sagðist heita A og vera frá Norðfirði. Þau hafi tekið tal saman og ákveðið að fara í hús við Hátún eða Nóatún sem stúlkan tiltók. Með stúlkunni hafi verið önnur stúlka, sem sögð var vera systir A, og eiginmaður þeirrar stúlku. Þau hafi öll fjögur gengið út og sem leið liggur í hóp austur Hringbraut, en rétt áður en þau komu að Miklatorgi hafi maðurinn ráðist á sig og slegið sig nokkur högg í andlitið svo að hann féll til jarðar og síðan spark í andlitið. Kveðst hann hafa rotast af þessu. Þegar hann kom til sjálfs sín hafi hann saknað seðlaveskis síns. Í veskinu hafi verið 3 - 5000 krónur í peningum og skilríki. Vitnið kveðst hafa legið þarna nokkra stund en síðan komist af sjálfsdáðum niður á Umferðarmiðstöð, en þá hafi klukkan verið um 11:00. Ekki kveðst vitnið hafa leitað læknis vegna meiðslanna sem hann hlaut, en þau hafi verið sprungin vör og hrufl á olnboga. Mátti sjá á áverkum á vör vitnisins þegar hann gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu.

Hér fyrir rétti sagði vitnið að frásögn hans af gönguleið þeirra frá Óðali

gæti verið röng, enda væri hann ókunnugur í Reykjavík og hefði verið talsvert ölvaður. Á hinn bóginn hélt vitnið fast við frásögn sína af árásinni.

Ákærði Ragnar hefur greint frá því, að hann hafi farið í veitingahúsið Óðal sunnudagskvöldið 21. apríl 1985 ásamt ákærðu A og G. Í veitingahúsinu hafi A gefið sig á tal við mann og sagt ákærða á eftir að maðurinn væri með seðlabunka í fórum sínum.

Ákærði kveðst þá hafa beðið A að tæla manninn út úr veitingahúsinu. Manninum hafi verið sagt að þau væru á leið í samkvæmi einhvers staðar inni í Túnum. Ákærði telur að þau hafi haldið fótgangandi yfir Skólavörðuholtið og yfir lóð Hallgrímskirkju og sem leið liggur niður að Domus Medica. Er hér var komið höfðu stúlkurnar dregist aftur úr ákærða og manninum og kveðst ákærði þá hafa snúið sér að manninum og skallað hann í höfuðið. Maðurinn hafi fallið til jarðar og hafi þá ákærði óvart rekið fót í kinn hans. Hann hafi þó verið með fullri meðvitund. Ákærði kveðst hafa sagt við manninn að ef hann hreyfði sig myndi ákærði berja hann. Ákærði segir að ekki hafi verið aðrir áverkar á honum en sprungin vör. Segist ákærði hafa tekið veski úr vasa mannsins en í því hafi verið 6.000,00 krónur og skilríki. Veskinu kveðst ákærði hafa fleygt þarna skammt frá og hlaupið einn með feng sinn niður á Snorrabraut þar sem hann tók leigubifreið og látið aka sér í Brautarholt 22 en stúlkurnar hafi komið þangað á eftir ákærða í annarri leigubifreið. Ákærði kveðst hafa sagt þeim þar hvað hann hefði gert. Stúlkurnar hafi þó vitað frá upphafi hvað til stóð, en ekki hafi verið rætt hvernig staðið yrði að ráninu. Þau hafi skipt á milli sín peningunum sem ákærði tók af manninum og hafi A fengið 1.800,00 krónur en G 2.000,00 krónur.

Ákærði kveðst vera hættur að neyta vímuefna, hafa stofnað heimili með ákærðu G og hafa unnið fyrir sér nær óslitið frá því í júlí í fyrra.

Ákærða A kveðst hafa farið í Óðal þetta kvöld ásamt meðákærðu Ragnari og G, á milli kl. 19:00 og 20:00. Fljótlega eftir að inn var komið kveðst ákærða hafa hitt mann, sem hún kannaðist við. Hann hafi boðið ákærðu drykk og hún hafi séð að hann hafði talsvert fé meðferðis. Ákærða kveðst hafa sagt Ragnari frá þessu og hafi þau þá ákveðið að lokka manninn út úr veitingahúsinu með einhverjum ráðum og ræna síðan af honum peningunum. Ákærða kveðst því hafa boðið manninum í samkvæmi og hefði maðurinn þegið það. Þau hafi haldið af stað gangandi sem leið liggur upp Skólavörðustíg á milli Iðnskólans og Hallgrímskirkju og hafi þær G dregist aftur úr þeim Ragnari og manninum. Kveðst ákærða hafa séð þá hverfa. Kveðst ákærða hafa séð þá hverfa á bak við Heilsuverndarstöðina. Örstuttu síðar kveðst hún hafa séð Ragnar hlaupa í átt að Snorrabraut en manninn ganga í átt að miðbænum. Virtist henni maðurinn ekkert vera meiddur. Þær G hafi fengið að vita á leigubifreiðastöð við Snorrabraut

að Ragnar hafi farið í leigubifreið í Brautarholt 22 og hafi þær farið þangað á eftir honum í annarri bifreið. Þar hafi þær hitt Ragnar sem hafi sagt þeim að hann hafi slegið manninn eitt högg og auðveldlega getað náð af honum veskinu.

Ákærða kveður Ragnar hafa afhent henni 1.800,00 krónur en afganginn hafi þau G og Ragnar fengið óskipt, enda búi þau saman.

Ákærða G hefur greint frá því að þegar hún hafi verið stödd í Óðali ásamt meðákærðu A og Ragnari hafi A sagt henni að hún og Ragnar hafi sammælst um að fara með pilti út úr húsinu og ræna hann síðan. Ákærða telur að þau hafi öll farið úr Óðali kl. 23:30 og gengið yfir Skólavörðuholt um Skólavörðustíg, niður með Iðnskólanum og í áttina að Domus Medica við Egilsgötu. Ákærða hafði dregist talsvert aftur úr piltunum og þegar þeir komu að Domus Medica hafi Ragnar slegið piltinn og rænt hann. Ákærða segist þó ekki hafa séð ránið en séð Ragnar og piltinn hlaupa hvorn í sína áttina. Ákærða kveðst hafa tekið leigubifreið ásamt meðákærðu A og farið í Brautarholt 22 á eftir Ragnari. Lét Ragnar ákærðu fá 2.000,00 krónur af peningunum sem hann tók af piltinum.

Með játningu allra ákærðu og vætti Sigmars Guðlaugs Sveinssonar er sannað að sunnudagskvöldið 21. apríl, 1985 flekuðu ákærðu Ragnar og A Sigmar Guðlaug til þess að fara með þeim út úr veitingahúsinu Óðali til þess að hægt væri að ræna hann og að ákærði Ragnar réðst á piltinn nálægt húsinu Domus Medica við Egilsgötu, greiddi honum höfuðhögg svo að hann féll við og rændi hann seðlaveski með nálægt 6.000,00 krónum og fleiru.

Með sama hætti er sannað, að ákærðu skiptu með sér ránsfengnum í Brautarholti þar sem ákærða A fékk í sinn hlut 1.800,00 krónur og ákærða G 2.000,00 krónur.

Með þessu hefur ákærði Ragnar gerst brotlegur við 252. gr. almennra hegningarlaga en atferli ákærðu A þykir varða við 252. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga og ákærðu G við 254. gr. hegningarlaganna.

Viðurlög:

Samkvæmt sakavottorði ákærða er sakaferill hans þessi:

„1976	í Reykjavík. Uppvís að broti g. 244. gr. hgl., ákæru frestað skb. í 2 ár frá 4.10. 1976.
1985 18/5	í Keflavík. Sátt: 5000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. sbr. 44. gr. áfl.
1979 30/5	í Kópavogi. Sátt: 70.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr.24. gr. áfl., sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 30.05. 1979.

1984 1/2 í Reykjavík. Dómur: 16.000 kr. sekt f. brot g. 25., 38. og 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 1.2. 1984.

1984 24/2 í Reykjavík. Dómur: 2 mán. fangelsi skb. 2 ár og 2.000 kr. sekt f. brot g. 244. gr. og 248. gr. hgl.

1985 9/10 í Kópavogi. Dómur: 3 mán fangelsi f. brot g. 244. gr. sbr. 20. gr., 1. mgr. 259. gr., sbr. og 2. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 9.10. 1985."

Ákærði er í máli þessu orðinn sannur að þremur ránsbrotum. Telja verður að brot ákærða séu stórfelld vegna þeirrar aðferðar sem hann viðhafði, vegna þess að brotin voru framin í félagi við aðra, vegna þess að þau komu niður á fólki sem ákærði átti ekkert sökótt við, þ. á m. tveim vegfarendum, sem ekkert vissu af ákærða áður og vegna þess að brotin voru framin til þess að afla peninga til að kaupa fyrir fíkniefni. Á hinn bóginn verður ekki litið fram hjá því að líkams- og fjártjón af brotunum varð lítið.

Refsing ákærða verður hegningarauki við dóm sakadóms Kópavogs frá 9. október 1985 en jafnframt hefur dómur sakadóms Kópavogs frá 24. febrúar 1985 ítrekunaráhrif á mál þetta, en sá dómur var reyndar tekinn upp og dæmdur með síðasta dóminum.

Með vísan til þessa alls og 1., 2., 3., 4., 6. og 7. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr., 78. gr., sbr. 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár. Draga ber frá refsingunni gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 25. apríl til 15. maí 1985 að fullri dagatölu.

— — —

Bótakröfu Jóhanns Marions Magnússonar er vísað frá dómi.

Dæma ber ákærða Ragnar til þess að greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, í málsvarnarlaun kr. 50.000,00 og ákærðu M, A og G til þess að greiða skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, in solidum, 50.000,- krónur í málsvarnarlaun.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur í þessum hlutföllum:

Ragnar að 3/7, M að 2/7, A að 1/7 og G að 1/7.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Ólafsson, sæti fangelsi í 3 ár. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 25. apríl til 15. maí að fullri dagatölu.

Ákærða M sæti fangelsi í 12 mánuði. Fullnustu 9 mánaða af refs-

ingunni skal fresta og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Frá hinum óskilorðsbundna hluta refsingarinnar dragist gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 25. apríl til 3. maí 1985 að fullri dagatölu.

Ákæra A sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærða G sæti fangelsi í 2 mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal fresta og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Ragnar greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 50.000,- krónur í málsvarnarlaun.

Ákærðu, M, A og G, greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, 50.000,00 krónur í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, greiði ákærðu sem hér segir: Ákærði Ragnar að 3/7 hlutum, ákærða M að 2/7 hlutum, ákærða A að 1/7 hluta og ákærða G að 1/7 hluta.

Fimmtudaginn 13. nóvember 1986.

Nr. 263/1985. **Ólafur Gíslason & Co. h/f**
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)
gegn
Þrotabúi Vörðufells h/f
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1985. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir báðum dómum. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn niður falla í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar héraðsdóms og að ársvextir verði 22% til 1.mars 1986, en 13% frá þeim degi til 1. apríl 1986 og 9% frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á að rifta eigi samningi frá 19. mars 1984 milli áfrýjanda og Vörðufells h/f um afhendingu bifreiðanna X 5857 og X 5858 upp í dómskuld. Fjárkröfu stefnda er ekki andmælt tölulega. Vaxtakröfunni er ekki heldur mótmælt. Verður héraðsdómurinn því einnig staðfestur að því er varðar fjárgreiðslur áfrýjanda til stefnda, sbr. 62. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, þó með þeirri breytingu sem leiðir af lækkun vaxtakröfunnar hér fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað. Ber að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms, en málskostnaður fyrir Hæstarétti þykir hæfilega ákveðinn 57.000,00 krónur.

Dómsorð:

Samningi áfrýjanda, Ólafs Gíslasonar & Co. h/f, og Vörðufells h/f frá 19. mars 1984 um afhendingu 2 bifreiða, sem þá báru skráningarnúmerin X 5857 og X 5858, er rift.

Áfrýjandi greiði stefnda, þrotabúi Vörðufells h/f, 280.000,00 krónur með 15% ársvöxtum frá 19. mars 1984 til 11. ágúst s.á., 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl s.á., og 9% frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 57.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. október 1985.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 13. mars 1985.

Stefnandi málsins er Viðar Már Matthíasson, héraðsdómslögmaður í Reykjavík sem skiptaforstjóri í þrotabúi Vörðufells h/f, nafnnr. 9342-9710, Hörðuvöllum 1, Selfossi.

Stefndi er Ólafur Gíslason & Co. h/f, nafnnr. 6755-9762, Klettagörðum 3, Reykjavík.

Í málinu gerir stefnandi svofelldar kröfur:

„1. Að rift verði með dómi greiðslu skuldar Vörðufells h.f. við stefnda að fjárhæð kr. 280.000,00, sem fram fór þann 19.3. 1984 með afhendingu á bifreiðunum X-5857 og X-5858 af gerðinni Lada station árgerð 1982.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 280.000,00 með 19% ársvöxtum frá 19.3. 1984 til 1.1. 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1985, en með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

3. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ."

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins, en verði sýknukrafan ekki tekin til greina er þess krafist að vaxtafótur verði lækkaður og málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttaumleitanir af hálfu réttarins hafa ekki borið árangur.

Á skiptafundi í þrotabúinu sem haldinn var 8. febrúar 1985, þar sem fjallað var um riftun á tilgreindum ráðstöfunum Vörðufells h/f, var m.a. gerð svofelld samþykkt:

„Jafnframt samþykkir fundurinn að ef á riftun verði fallist, geti sá sem riftun beinist gegn komið upphaflegri kröfu sinni að við skipti."

Við hinn munnlega málflutning var því lýst yfir af stefnanda að ofangreind samþykkt sé í fullu gildi að því er stefnda varðar ef dómkröfur stefnanda í máli þessu verða teknar til greina.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Vörðufell h/f var stofnað á árinu 1969. Það rak umfangsmikla verktakastarfsemi hér á landi.

Stefnandi kveður Vörðufell h/f hafa komist í umtalsverða greiðsluerfiðleika á árinu 1983 og verkefnaskortur hafi hrjáð félagið einkum á síðari hluta ársins. Í atvinnurekstri sínum hafi Vörðufell h/f m.a. átt viðskipti við stefnda. Vörðufell h/f hafi ekki staðið í skilum við lánadrottna og aðra

viðskiptaaðila frá því á fyrri hluta ársins 1983. Hafi félagið komist í alvarleg vanskil m.a. við stefnda og skuldað honum umtalsverðar fjárhæðir. Stefndi hafi knúið mjög á um greiðslu skuldarinnar og hafi lögmaður stefnda byrjað innheimtuaðgerðir á haustmánuðum 1983. Hér hafi verið um að ræða fjóra víxla samtals að fjárhæð kr. 197.119,50. Þrír víxlanna hafi haft gjalddaga í júní 1983 en einn hafi verið með gjalddaga í júlí 1983. Víxlana hafi Vörðufell h/f afhent stefnda vegna kaupa félagsins á sprengiefni hjá stefnda. Framvinda innheimtuaðgerða lögmanns stefnda hafi verið sú að stefndi höfðaði dómsmál á hendur Vörðufelli h/f og hafi málið verið þingfest 13. október 1983 og ígildi dóms, áritun á áskorunarstefnu, gengið 21. október 1983. Fjárnám hafi verið gert 18. nóvember 1983 í bifreiðunum X-5857 og X-5858 af gerðinni Lada station árgerð 1982, eign Vörðufells h/f, til tryggingar skuldinni. Með bréfi dagsettu 2. desember 1983 hafi lögmaður stefnda óskað uppboðs á bifreiðunum á grundvelli aðfarargerðarinnar og síðan óskað eftir vörslusviftingu, en hins vegar hafi uppboðssala ekki farið fram. Niðurstaðan hafi svo orðið sú að krafa stefnda hafi verið greidd af Vörðufelli h/f með afhendingu nefndra bifreiða þann 19. mars 1984. Hafi verið gefið út afsal fyrir bifreiðunum sama dag. Í afsalinu segir m.a. svo:

„Vörðufell h.f.,..... selur hér með og afsalar Ólafi Gíslasyni og Co. h.f., ... bifreiðunum X-5857 og X-5858, sem báðar eru af gerðinni LADA-station, árgerðir 1982.

Á báðum bifreiðunum hvílir eitt fjárnám að höfuðstól kr. 197.119,50 frá 18/11 1983 og er þetta skuld Vörðufells h.f. við Ólaf Gíslason & Co. h.f. en hún nemur nú alls um kr. 302.000,00.

Bifreiðarnar eru hvor um sig metin á kr. 140.000,00, og teljast því alls greiðsla á kr. 280.000,00 upp í ofangreinda skuld."

Stefnandi bendir á að einungis hálfum mánuði eftir að afsal var út gefið hafi þess verið óskað af fyrirsvarsmönnum Vörðufells h/f við skiptaráðandann í Árnessýslu að veitt yrði heimild til greiðslustöðvunar og hafi beiðni þar um verið árituð um framlagningu í skiptarétti þann 6. apríl 1984. Heimild til greiðslustöðvunar hafi verið veitt þann 13. apríl 1984 og eftir að hafa verið framlengd tvívegis hafi henni lokið endanlega þann 13. september 1984, en þann dag hafi í skiptarétti í Árnessýslu verið kveðinn upp úrskurður þess efnis, að bú Vörðufells h/f skyldi tekið til gjaldþrotaskipta þá þegar.

Stefnandi heldur því fram að sú ráðstöfun af hálfu Vörðufells h/f að greiða stefnda kröfuna með afhendingu bifreiðanna X-5857 og X-5858 hafi verið ólögmæt, enda sé greiðslueyrir óvenjulegur og greiðslan fjarri því að vera venjuleg eftir atvikum. Þar sem greiðslan hafi farið fram einungis hálfum mánuði áður en leitað var eftir heimild til greiðslustöðvunar sé stefn-

anda heimilt að rifta greiðslu skuldarinnar sbr. 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 sbr. og a-lið, 1. mgr. 1. gr. og 58. gr. nefndra laga.

Með því að stefndi hafi hvorki sinnt ítrekuðum áskorunum stefnanda um skil á bifreiðunum né heldur um endurgreiðslu á andvirði þeirra beri að fallast á riftunarkröfu stefnanda og dæma stefnda til að greiða andvirði bifreiðanna samtals kr. 280.000,00 ásamt vöxtum og málskostnaði, sbr. 62. gr. laganna.

Þá kveðst stefnandi einnig byggja sjálfstætt á því að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um hina miklu fjárhagsörðugleika Vörðufells h/f, og jafnframt ljóst að þeir fengju ekki fullnustu kröfunnar með öðrum hætti en þeim að taka bifreiðarnar sem greiðslu. Þess vegna sé greiðsla skuldarinnar stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa með þeim hætti að ótilhlýðilegt verði að teljast, sbr. 61. gr. gjaldþrotalaganna.

II.

Af hálfu stefnda er á það bent að ástæðan fyrir því að stefndi tók bifreiðarnar sem greiðslu upp í dómskuldina hafi verið eindregnar óskir forsvarsmanna Vörðufells h/f til lögmanns stefnda um það að koma í veg fyrir hugsanlegt tjón Vörðufells h/f við það að láta selja bifreiðarnar á nauðungaruppboði. Þeir hafi óttast að í uppboðssölu fengist aðeins lágt verð fyrir bílana. Hafi þeir talið að hag Vörðufells h/f væri betur borgið með því að selja stefnda bílana á markaðsverði. Reyndin hafi og orðið sú, að það hafi verið hagur fyrir Vörðufell h/f að selja bílana eins og gert var heldur en að láta selja þá á nauðungaruppboði fyrir lítið verð.

Því er alfarið mótmælt af hálfu stefnda að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um hina miklu fjárhagsörðugleika Vörðufells h/f, þegar gengið var frá uppgjöri á skuldinni. Formaður stjórnar Vörðufells h/f, sem jafnframt var framkvæmdastjóri, hafi auk þess tjáð lögmanni stefnda að erfiðleikar í lausafjárstöðu fyrirtækisins myndu leysast að fullu, þegar greiðslur fengjust fyrir tvö stór og þegar framkvæmd verk sem fyrirtækið hafði unnið fyrir RARIK og SÁÁ.

Riftunarregla 61. gr. gjaldþrotalaganna eigi því alls ekki við, en stefnanda beri að sanna að atvik hafi verið með þeim hætti að 61. gr. eigi við.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda að það sé alls ekki óvenjulegt á sviði stærri verktaka að selja tæki sín þegar sérstaklega standi á með verk og lausafjárstöðu verktakanna.

Af hálfu stefnda er einnig lögð á það áhersla að miðað við þær aðstæður, sem ríktu í innheimtumáli stefnda gegn Vörðufelli h/f um áramótin 1983/1984, þ.e. að tvívegis hafi lögmaður stefnda nánast verið kominn með umræddar bifreiðar undir uppboðshamarinn, sé ljóst að greiðsla Vörðufells h/f á skuldinni með bifreiðunum hljóti að teljast „venjuleg eftir atvikum“,

sbr. niðurlag 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaganna. Ekki hafi verið greitt fyrr en eðlilegt var, ekki hafi greiðslan ráðið úrslitum um gjaldfærni Vörðufells h/f og ekki hafi verið um að ræða óvenjulegan greiðslueyri miðað við aðstæður. Beri því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Að því er varðar varakröfuna er því haldið fram af hálfu stefnda að svo mikil vafaatriði séu í málinu að rétt sé að láta málskostnað falla niður. Þá mótmælir stefndi vaxtakröfu stefnanda sem of hárri.

Við hinn munnlega málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnda að aðild stefnanda væri ekki véfengd.

III.

Afsal Vörðufells h/f um sölu bifreiðanna til stefnda var gefið út 19. mars 1984. Með bréfi dagsettu 29. mars 1984 óskaði Vörðufell h/f eftir greiðslustöðvun sem veitt var með úrskurði skiptaréttar Árnessýslu þann 13. apríl 1984. Óumdeilt er að heimild til greiðslustöðvunar hafi verið framlengd tvívegis og henni lokið með því að bú Vörðufells h/f var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 13. september 1984. Beiðnin um greiðslustöðvun var lögð fram í skiptarétti 6. apríl 1984. Telst sá dagur því frestdagur í skilningi 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Upplýst er í málinu að Vörðufell h/f hafi átt viðskipti við stefnda allt frá því að Vörðufell h/f hóf verktakastarfsemi eftir stofnun á árinu 1969.

Vörðufell h/f hafði ekki áður greitt skuldir sínar við stefnda með því að selja honum bifreiðar eða önnur tæki.

Þegar skuldaskilin fóru fram átti Vörðufell h/f ekki reiðufé til greiðslu skuldarinnar.

Formaður stjórnar og framkvæmdarstjóri Vörðufells h/f lýsti því yfir í skiptarétti Árnessýslu 26. september 1984, að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um slæma fjárhagsstöðu Vörðufells h/f þegar bifreiðunum var afsalað.

Gegn andmælum stefnda hefur stefnandi þó ekki sannað að skilyrði samkvæmt 61. gr. gjaldþrotalaganna til riftunar séu fyrir hendi.

Fallast ber hins vegar á með stefnanda að greiðsla Vörðufells h/f á skuld sinni við stefnda með því að afsala honum tveimur bifreiðum til lúkningar á skuldinni hafi verið eins og á stóð óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Greiðslan fór fram innan 6 mánaða frestsins sem um ræðir í greininni. Grandsemi fyrirsvarsmanna stefnda skiptir ekki máli hér að því er varðar riftun samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 54. gr. laganna.

Þá geta hugmyndir fyrirsvarsmanns Vörðufells h/f um hugsanlegt söluverð bifreiðanna á nauðungaruppboði engu skipt um úrslit málsins.

Taka ber því til greina kröfu stefnanda um riftun á greiðslunni sem fram

fór með afsali bifreiðanna, sbr. 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaganna og ber að dæma stefnda samkvæmt 62. gr. laganna til að greiða stefnanda kr. 280.000,00 með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 57.000,00.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Gíslason og Co h/f, greiði stefnanda, þrotabúi Vörðufells h/f, kr. 280.000,00 með 15% ársvöxtum frá 19. mars 1984 til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985 og með 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 57.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13.nóvember 1986.

Nr. 247/1984. **Ketill Hlíðdal Jónasson**
(Ingólfur Hjartarson hdl.)
gegn
Birni Ómari Jónssyni og
Sigríði Benný Björnsdóttur
(Gylfi Thorlacius hrl.)

Samningar. Sameignarfélag. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. nóvember s.á. Hann krefst þess aðallega, að stefndu verði gert skylt að þola ógildingu á kaup-

samningi aðila frá 20. nóvember 1978 um sölu á eignarhluta áfrýjanda í fyrirtækinu Lúkasverkstæðið sf. til stefndu að því er varðar sölu á lóðarréttindum fyrirtækisins að Síðumúla 3 - 5 í Reykjavík, svo og að þau verði dæmd til að greiða in solidum 745.431,00 krónu með 47% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 25. nóvember s.á. og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að auk ógildingar samkvæmt framangreindu, verði stefndu dæmd til að greiða in solidum 125.000,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. desember 1978 til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 30. maí 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 28. febrúar 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 30. maí s.á., 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 25. nóvember s.á., og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi heldur því fram, að í kaupsamningi sínum og stefnda Björns Ómars frá 20. nóvember 1978 hafi lóðarréttindi fyrir Síðumúla 3 - 5, Reykjavík, verið allt of lágt metin og hafi hann með svikum verið fenginn til að samþykkja verðlagningu þeirra á 25 milljónir g.kr. Byggir hann kröfu sína á niðurstöðu dómkvaddra matsmanna svo og á kostnaðaráætlun Rúnars G. Sigmarssonar, verkfræðings. Í matsgerðinni er gagngert miðað við áætlað söluverðmæti húsnæðis þess er kom í hlut Lúkasverkstæðisins ásamt lóðarréttindum, en í kostnaðaráætlun Rúnars er hins vegar metinn byggingarkostnaður alls hússins (þar með talinn kjallari, sem aldrei var byggður) tilbúins undir tréverk en án verðgildis lóðarréttinda. Gögn þessi hafa því takmarkað sönnunargildi í máli þessu.

Áfrýjanda var kunnugt um að samið hafði verið við Svavar Örn Höskuldsson um að byggja á lóðinni Síðumúla 3 - 5 og að lóðarréttindin voru metin á 25 milljónir g.kr. Honum var jafnframt kunnugt um að í hans hlut kæmu 12½ milljón g.kr. en í hlut stefnda Björns Ómars húsnæði í væntanlegri byggingu, en gengið var út frá því, að það væri jafnt, sem í hlut hvors kæmi. Áfrýjandi fékk sinn hluta

greiddan á einu ári en stefndi Björn Ómar fékk húsnæði það, sem í hans hlut kom, rúmum tveimur árum eftir samningsgerð. Ósannað er að stefndi Björn Ómar hafi beitt áfrýjanda blekkingum eða gefið rangar upplýsingar um það sem í hans hlut kæmi við söluna á lóðarréttindunum eða að hann hafi gert sér grein fyrir því, að hann fengi meira í sinn hlut en áfrýjandi. Þótt ekki teljist unnt að staðhæfa að áfrýjandi hafi vitað um stærð þess húsnæðis, sem til boða stóð fyrir lóðarréttindin, þá verður að ætlast til þess að hann kannaði það sjálfstætt. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans. Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 40.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ketill Hlíðdal Jónasson, greiði stefndu, Birni Ómari Jónssyni og Sigríði Benný Björnsdóttur, 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júní 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 8. júní sl., hefur Ketill Hlíðdal Jónasson, Kleppsvegi 42, Reykjavík, nnr. 5584-2302, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu framlagðri í dóm 25. nóvember 1982 á hendur Birni Ómari Jónssyni, Skaftahlíð 34, Reykjavík, nnr. 1339-5853 og Sigríði B. Björnsdóttur, Skaftahlíð 34, Reykjavík, nnr. 7601-9843.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndu verði með dómi gert skylt að þola ógildingu á kaupsamningi aðila frá 20. nóvember 1978 um sölu á eignarhluta stefnanda í fyrirtækinu Lúkasverkstæðið sf. til stefndu hvað varðar sölu á lóðarréttindum fyrirtækisins að Síðumúla 3 - 5 í Reykjavík, svo og að þau verði dæmd til að greiða in solidum kr. 745.431,00 með 47% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 25. nóvember 1982 og hæstu innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979) frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Til vara er þess krafist að auk ógildingar skv. ofangreindu verði stefndu dæmd að greiða in solidum kr. 125.000,00 með 19% ársvöxtum frá 1. desember 1978 til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31.8. s.á.,

27% ársvöxtum frá þeim degi til 30.11. s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 30.5. 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 28.2. 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 30.5. 1981, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11. 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 25.11. 1982 og hæstu innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979) frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefndu er sótt þing og þær dómkröfur gerðar að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, en til vara er gerð krafa að stefnukröfur verði verulega lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Stefnandi segir tildrög málsins vera þau að hann hafi um nokkurt árabil rekið Lúkasverkstæðið með stefnda, Birni Ómari Jónssyni. Firmað hafi verið rekið sem sameignarfyritæki þeirra Björns og hafi því til grundvallar legið samningur dags. 17.8. 1967. Í samningi þessum komi m.a. fram að til veðsetningar á eignum firmans og til meiriháttar fjárhagsákvarðana þurfi undirskrift beggja aðila.

Stefnandi segist lítt hafa sinnt rekstrinum á árinu 1978 vegna alvarlegra veikinda sinna og hafi þeir, hann og Björn Ómar, þá rætt þann möguleika að hann seldi Birni eignarhluta sinn í verkstæðinu. Það hafi orðið að samkomulagi milli þeirra, seinni hluta árs 1978, að svo skyldi verða og hafi verið ákveðið að ganga frá samningum áður en stefnandi héldi utan til alvarlegrar skurðaðgerðar. Kaupsamningur milli stefnanda og stefndu um sölu á öllum eignarhluta stefnanda í fyrirtækinu hafi verið gerður í byrjun desember 1978, en dags. 20. nóvember 1978. Í kaupsamningnum komi fram að kaupendur eignist allar vélar, tæki og áhöld fyrirtækisins, lóðarréttindi fyrirtækisins að Síðumúla 3 - 5 í Reykjavík, svo og allar aðrar eignir fyrirtækisins svo sem vörubirgðir. Þá hafi kaupendur yfirtekið allar skuldbindingar fyrirtækisins eins og þær voru 31. október 1978. Umsamið kaupverð hafi alls numið gkr. 18.900.000 sem hafi verið greiddar með gkr. 1.000.000 við undirritun samnings og með spariskírteinum ríkissjóðs og hlutabréfum í Bifröst hf. að verðmæti samtals gkr. 1.264.196, eftirstöðvarnar gkr. 15.635.804 hafi síðan átt að greiða með peningum þann 30. desember 1978, gkr. 2.000.000, og með afhendingu víxla að fjárhæð gkr. 13.635.804 með gjalddögum frá 1. mars 1979 til 25. nóvember 1979. Víxilvextir hafi verið reiknaðir á víxlana.

Eignarhluti stefndu hafi skipst þannig við söluna, að hlutur Björns Ómars í kaupunum var 95%, en dóttur hans Sigríðar 5%. Jafnframt hafi það ákvæði verið í samningnum að Björn Ómar ábyrgðist greiðslu alls kaupverðsins gagnvart stefnanda.

Til grundvallar þessu söluverði segir stefnandi að hafi legið mat á öllum eignum fyrirtækisins, annars vegar lóðarréttindum þess að Síðumúla 3 -

5 er metin hafi verið á gkr. 25.000.000, og hins vegar öðrum eignum að frádregnum skuldum er metnar hafi verið á gkr. 12.800.000. Stefnandi segir að við samningsgerðina hafi sér verið frá því greint að ofangreind matstala á verðmæti lóðarréttindanna væri byggð á kauptilboði í byggingarréttinn sem borist hefði frá Svavari Erni Höskuldssyni, Hraunbæ 140, Reykjavík. Formlegt kauptilboð frá Svavari hafi ekki verið lagt fram í þessum samningaviðræðum, en hann hafi treyst því að farið væri með rétt mál, enda hafi kaupsamningurinn verið gerður af endurskoðanda Lúkasverkstæðisins sem jafnframt hafi verið persónulegur endurskoðandi málsaðila. Stefnandi segist því hafa fallist á að leggja þetta kauptilboð til grundvallar og hafi hluti samþykktra víxla, sem hann fékk sem greiðslu, verið samþykktur af Svavari Erni Höskuldssyni eða samtals gkr. 12.500.000.

Þá hafi komið fram í viðræðum þeirra aðilanna, að Björn Ómar myndi fá sem greiðslu frá Svavari upp í sinn eignarhluta byggingarréttarins hluta 1. hæðar væntanlegrar byggingar og hafi verið rætt um 50 - 100 m², sem áttu að nægja ljósastillingaþjónustu þeirri sem Lúkasverkstæðið sf. hafði rekið.

Fljótlega eftir undirritun kaupsamnings hafi stefnandi farið utan til lækninga og hafi hann átt við erfiða sjúkdómslegu að stríða allt fram á árið 1981. Í lok árs 1981 hafi hann frétt um stærð þess húsnæðis sem Lúkasverkstæðið sf. hefur undir rekstur sinn að Síðumúla 3 - 5. Hafi hann þá haft samband við Svavar Örn Höskuldsson sem hafi sagt honum að þann 31. október 1978, eða áður en kaupsamningur aðila er gerður, hafi hann og Björn Ómar f.h. Lúkasverkstæðisins gert samkomulag um skipti og byggingu eignarinnar að Síðumúla 3 - 5 í Reykjavík. Samkvæmt því samkomulagi hafi Svavar Örn átt að afhenda Lúkasverkstæðinu sf. fyrir byggingarréttinn hluta af 1. hæð hússins, skv. sérstakri afmörkun á teikningu eða samtals um 330 m² brúttó og hafi eignarhlutinn átt að vera uppsteyptur með grófsteyptu undirgólfi með niðurfallsstútum, ómúruðum og óeinangruðum útveggjum. Vegg, sem aðskilja átti hluta verkkaupa og verksala, átti að hlaða úr sirka 20 sm hleðslusteini en ekki múra. Eignarhluti Lúkasverkstæðisins skyldi frágenginn að utan, þ.e. múrhúðaður, málaður með hurðum og gleri. Jafnframt átti lóð og bílastæði að vera frágengið.

Að fengnum þessum upplýsingum hafi hann snúið sér til Björns Ómars um frekari skýringar. Þetta hafi verið í desember 1981. Björn Ómar hafi boðið honum greiðslur til að bæta honum hugsanlegt tjón vegna ósamræmis í greiðslum, en þegar ganga átti frá frekara samkomulagi hafi Björn Ómar fallið frá slíkri lausn. Frekari samningaumleitanir hafi reynst árangurslausar.

Hér í málinu kveðst stefnandi reisa kröfu sína á því, að hann hafi verið

fenginn til þess með svikum að samþykkja að lóðarréttindin væru metin á gkr. 25.000.000,00 við söluna.

Nú sé fram komið að þegar stefnandi seldi stefndu eignarhluta sinn í Lúkasverkstæðinu hafði Björn Ómar þegar gert skriflegt samkomulag við Svavar Örn Höskuldsson um sölu á byggingarréttinum gegn afhendingu til Lúkasverkstæðisins sf. á um 330 m² rými á I. hæð hússins og sé það sá eignarhluti sem kom í hlut stefndu í stað gkr. 12.500.000 sem talinn var hlutur stefnanda í lóðarréttindum Lúkasverkstæðisins sf. Augljóst sé, að ofangreindur eignarhluti 330 m² auk gkr. 12.500.000 sem Svavar Örn greiddi ennfremur fyrir byggingarréttinn séu að verðmæti samtals mun meira en gkr. 25.000.000 sem byggingarrétturinn hafi verið metinn á við söluna til stefndu.

Miðað við verðmæti fasteigna á síðari hluta árs 1978 og með hliðsjón af sölu Svavars Arnar á 2. hæð hússins sé ljóst, að lágmarksmat á ofangreindum 330 m² sé gkr. 25.000.000 þannig að lágmarksmat á byggingarréttinum hafi á sínum tíma, með hliðsjón af samkomulaginu frá 31. október 1978, átt að vera a.m.k. gkr. 37.500.000,00.

Stefnandi skírskotar til þessara málavaxta og leiðir bótaábyrgð og ógildingarheimild af ákvæðum 30. og 32. gr. laga nr. 7/1936. Þar sem stefndu geta ekki skilað aftur hluta stefnanda í byggingarréttinum að Síðumúla 3 - 5, vegna bindandi samninga við þriðja mann um sölu hluta hans, miðar stefnandi vangildisbætur við hagnaðarmissi sinn af því að geta ekki endurselt sinn hluta byggingarréttarins og gengur þá út frá ofangreindu verðmæti gkr. 37.500.000.

Stefnandi segir útreikning aðalkröfu byggjast á því, að ofangreind verðmæti byggingarréttarins, gkr. 37.500.000, séu hækkaðar upp í hlutfalli við byggingavísitölu frá nóvember 1978 til nóvember 1982 eða í nýkr. 2.077. 500,00 og síðan sé greiðsla sú, sem stefnandi fékk fyrir byggingarréttinn á sínum tíma, nýkr. 125.000,00 auk hæstu innlánsvaxta frá 1.12. 1978 til 1.11. 1982, kr. 168.319,00, eða samtals kr. 293.319,00 dregin frá hálfu upphækkuðu lóðarréttindaverðinu og fáist þá eftirstöðvarnar nýkr. 745.431,00.

Varakrafa sé hins vegar þannig mynduð að fjárhæð sú, sem stefnandi fékk fyrir byggingarréttinn nýkr. 125.000,00 sé dregin frá eignarhluta hans í raunverulegu verðmæti byggingarréttarins þ.e. miðað við mat dómkvaddra manna kr. 250.000,00 og myndist þá eftirstöðvarnar að fjárhæð kr. 125.000,00.

Máli sínu til styrktar hefur stefnandi lagt fram kaupsamning aðila, samkomulag Björns Ómars f.h. Lúkasverkstæðissins sf. og Svavars Arnar Höskuldssonar frá 31. október 1978, verksamning Björns Ómars og Svavars Höskuldssonar frá 20. júlí 1979, gögn er sýna sjúkrasögu stefn-

anda, teikningar af húsinu nr. 3 -5 við Síðumúla, athugun á markaðsverði skrifstofu- og iðnaðarhúsnæðis við Síðumúla í Reykjavík á árunum 1977 til 1978, kaupsamning um efri hæð hússins nr. 3 - 5 við Síðumúla í Reykjavík, dags. 3. janúar 1980 og mat dómkvaddra manna frá 14. júlí 1983.

Af hálfu stefndu er því harðlega mótmælt að 30. eða 32. gr.laganna nr. 7/1936 eigi við um samning aðila um lóðarréttindi Lúkasverkstæðisins sf. að Síðumúla 3 - 5, Reykjavík. Því er haldið fram að stefnandi hafi alla tíð verið viðstaddur samningaumræður varðandi sölu á lóðarréttindunum. Hann hafi verið viðstaddur þegar teikningar, sem stefndu leggja fram sem dskj. nr. 18, voru undirritaðar, en þær sýni þann hluta húseignarinnar að Síðumúla 3 - 5 sem koma áttu í hlut Lúkasverkstæðisins. Það sé því fásinna að halda því fram að nokkurn tíma hafi verið rætt um að húsnæðið ætti að vera 50 - 100 m² að stærð, enda hafi stefnanda verið fullkunnugt um að ógerningur var að reka verkstæðið í húsnæði af þeirri stærð. Þá hafi stefnandi ætíð haft sér til ráðgjafar um þessi viðskipti endurskoðanda sem árum saman hafði séð um skattauppgjör fyrir Lúkasverkstæðið og um uppgjör fyrir stefnanda sjálfan og Björn Ómar persónulega. Þá hafi hann haft sem ráðgjafa Jón Bergsson verkfræðing.

Þá mótmæla stefndu sérstaklega matsgjörð, sem fram hefur verið lögð í málinu, sem rangri og óstaðfestri, enda sé hún ekki byggð á réttum forsendum þar sem flatarmál húsnæðis þess, sem Lúkasverkstæðið hafi fengið í sinn hluta við sölu á byggingarréttinum, sé mun minna en það húsnæði er verkstæðið sé nú rekið í. Björn Ómar hafi síðar keypt viðbótarhúsnæði í húseigninni Síðumúli 3 - 5, eða um það leyti er húsið varð fokhelt líklega 1980.

Fyrir dóm hafa komið aðilar málsins, Ketill Hlíðdal Jónasson og Björn Ómar Jónsson. Þá hafa komið fyrir sem vitni matsmennirnir, Árni Stefánsson og Einar Sigurðsson hæstaréttarlögmenn, ennfremur Sigurður Tómasson endurskoðandi, Auðunn Hinriksson skrifstofumaður Svavars Arnar Höskuldssonar, Jón Bergsson verkfræðingur, sem færði skiptingu I. hæðar Síðumúla 3 - 5 inn á teikningu dómskj. 18, og Rúnar Gunnar Sigmarsson verkfræðingur. Svavar Örn Höskuldsson hefur auk Sigurðar, Auðuns, Jóns og Rúnars gefið skýrslur fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Álit dómsins:

Samkvæmt framburðum Auðuns Sigurðar Hinrikssonar, Jóns Bergssonar og stefnda, Björns Ómars, keypti stefndi viðbótarhúsnæði af Svavari Erni Höskuldssyni eftir að skipti aðilanna höfðu farið fram og skv. framburðum Auðuns og stefnda greiddi hann fyrir það um 4.000.000 gkr. sem byggingarkostnað. Matsmönnum telst húsnæði þetta nema 25 m². Þar sem

kaup þessa viðbótarhúsnæðis þykir nægilega sannað lækkar matið hlutfallslega skv. matsgerð.

Aðilar eru sammála um að í skiptum þeirra hafi verið við það miðað að heildar byggingarrétturinn væri seldur Svavari Erni Höskuldssyni á gkr. 25.000.000 og hafi Svavar Örn greitt fyrir hann í víxlum gkr. 12.500.000 til stefnanda og hann hafi átt að greiða sömu upphæð í húsnæði til Lúkasverkstæðisins s/f. Samkvæmt samningi á dskj. 5 áttu í hlut Lúkasverkstæðisins s/f að koma 22,3% af heildargólffleti hússins að Síðumúla 3 - 5 . Samkvæmt framburði Svavars Arnar Höskuldssonar hjá rannsóknarlögreglu nam þetta rúmum 300 m² sem metnir voru á gkr. 12.500.000. Þetta hafi verið skv. útreikningum Rúnars Sigmarssonar. Samkvæmt framburði Rúnars Gunnars Sigmarssonar verkfræðings, fyrir rannsóknarlögreglu mat hann byggingarkostnað þessa húsnæðis tilbúins undir tréverk, en án teikninga og frágangs lóðar á gkr. 12.500.000. Stefnandi heldur því fram að hann hafi ekki vitað um samninginn á dskj. nr. 5, sem undirritaður er 31. október 1978, fyrr en í lok árs 1981 eða byrjun árs 1982 og þannig ekki vitað um stærð þess húsnæðis sem kom í hlut Lúkasverkstæðisins að Síðumúla 3 - 5. Stefnandi hefur ekki undirritað samninginn á dskj. nr. 5. Aðila og vitni greinir á um hvort stefnandi var viðstaddur gerð þessa samnings. Samningur aðila um skipti Lúkasverkstæðisins s/f dskj. nr. 4 er dagsettur 20. nóvember 1978 en kaup stefndu á eignarhlutanum eru miðuð við 1. nóvember 1978, skv. 7. gr. samningsins. Samkvæmt 2. gr. yfirtaka þó kaupendur allar skuldbindingar fyrirtækisins eins og þær voru 31.október 1978. Það er þannig eins dags munur á gildistöku samnings aðila um skipti Lúkasverkstæðisins s/f og samnings Lúkasverkstæðisins við Svavar Örn Höskuldsson, en skuldbindingar eru samt gerðar upp miðað við undirritunardag þess samnings. Stefndi Björn Ómar hefur enda haldið því fram að það hafi þótt rétt að hann ritaði einn undir þann samning f.h. Lúkasverkstæðisins og á teikningu sem skipti 1. hæð húsnæðisins milli Lúkasverkstæðisins og Svavars Arnar Höskuldssonar, þar sem stefnandi hafi verið að ganga úr fyrirtækinu. Auðunn Sigurður Hinriksson, Svavar Örn Höskuldsson og stefndi Björn Ómar segja stefnanda hafa fylgst með og tekið þátt í samningaumleitunum um byggingarréttinn. Sigurður Tómasson endurskoðandi, sem vottar samninginn á dskj. nr. 5, segir stefnanda hafa sagt sér að Svavar hefði keypt heildarréttinn, byggingarréttinn, á gkr. 25.000.000. Hann taldi samninginn í raun gerðan í nóvember um sama leyti og samning aðila, en að hann hafði verið dagsettur aftur í tímann til 31. október af hagkvæmnisástæðum. Hann segir jafnframt að hann hafi alltaf þóst nokkuð viss um að þeir báðir, Björn og Ketill, hafi komið fram f.h. Lúkasverkstæðisins í upphafi þegar talað var við Svavar Örn Höskuldsson um byggingarréttinn. Hann segir að ekki hafi verið gerður beinn samningur

um byggingarréttinn heldur um í hvaða ástandi skila ætti Lúkasverkstæðinu þess hluta húsnæðisins. Hann segir að þegar samningur Lúkasverkstæðisins og Svavars, dskj. 5, var undirritaður hafi það verið ákveðið að Björn ætlaði að kaupa af Katli og geti hann ekki ímyndað sér annað en Ketill hafi vitað um stærð húsnæðisins sem koma átti í hlut Lúkasverkstæðisins. Hann kveðst hafa þekkt Ketil um nokkur ár og telur hann gætinn og glöggan í fjármálum og getur ekki ímyndað sér annað en hann hafi grandskoðað hvort hans hlutur væri eitthvað minni en hinn hlutinn. Hann kveðst hafa rætt um þetta við Ketil.

Stefnandi viðurkennir að hafa einu sinni tekið þátt í umræðum um sölu á byggingarréttinum til Svavars Arnar Höskuldssonar og segir að það hafi verið í nóvember 1978. Þá hefur hann tekið á móti víxlum að upphæð gkr. 12.500.000 sem greiðslu fyrir byggingarréttinn, en aðilar eru sammála um að andvirði byggingarréttarins hafi átt að skiptast jafnt. Víxlar þessir voru samþykktir af Svavari Erni. Svavar Örn Höskuldsson hefur í framburði sínum fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins fullyrt að það sé fjarstæða að fyrst sé farið að ræða við Ketil í nóvember 1978. Hann segir að allt hafi verið á hreinu þegar skrifað var undir samkomulagið 31. október 1978, bæði gagnvart Birni og Katli.

Samkvæmt framburði Rúnars G. Sigmarssonar metur hann byggingarkostnað hússins tilbúins undir tréverk, en verðgildi lóðarréttinda Lúkasverkstæðisins er ekki inni í hans mati. Þá hafa verið lagðir fram útreikningar hans dómskj. 37 á byggingarkostnaði alls hússins tilbúnu undir tréverk samkvæmt upphaflegum teikningum. Húsnæði Lúkasverkstæðisins er afhent í nær fokheldu ástandi skv. dómskj. 5 og kjallari er ekki undir húsinu í endanlegri gerð.

Frammi liggur mat dómkvaddra sérfróðra mann um verðgildi húsnæðis þess sem kom í hlut Lúkasverkstæðisins s/f með samningnum á dskj. 5 frá 31. október 1978, í því ástandi sem í samningnum greinir. Ljóst er að inni í því mati eru einnig verðmæti lóðarréttinda og metið er söluverðmæti húsnæðis Lúkasverkstæðisins uppkomið í það ástand sem Svavar Örn átti að skila því sbr. dskj. 5.

Fram er komið að frá matsfjárhæðinni eigi að dragast verðmæti 25 m² sem sannað þykir að stefndi hafi keypt til viðbótar eftir að skiptum aðila þessa máls lauk.

Það þykir þannig í ljós leitt að forsendur tilboðs Svavars Arnar Höskuldssonar í byggingarréttinn að Síðumúla 3 - 5, en á því tilboði byggðu aðilar skipti sín, eru ekki þær sömu og matsgerðar hinna dómkvöddu manna.

Af framburðum þykir sannað þrátt fyrir neitun stefnanda að hann hafi tekið þátt í viðræðum um sölu byggingarréttarins, þ. á m. mati á heildar-

verði hans. Þá tók hann á móti víxlum samþykktum af Svavari Erni sem greiðslu fyrir byggingarréttinn. Hann þykir því hafa mátt gera sér grein fyrir því að byggingarrétturinn hafði verið seldur þegar aðilar gerðu með sér samninginn um Lúkasverkstæðið á dskj. 4. Í þeim samningi selur hann skv. 2. gr. samningsins m.a. sinn hluta lóðarréttindanna að Síðumúla 3 - 5. Þá verður af framburðum ekki annað ráðið en menn hafi talið þegar samingurinn á dskj. 5 var undirritaðuar að húsnæði það sem koma átti í hlut Lúkasverkstæðisins væri að kostnaðarverði gkr. 12.500.000. Þegar allt ofanritað er virt er ekki í ljós leitt að stefndi hafi gert eða mátt gera sér grein fyrir því fyrr en þá við framlagningu matsgerðar, að hans hlutur hefur ef til vill orðið eitthvað meiri þá er aðilarnir skiptu sín í milli.

Stefnandi hefur þannig ekki sannað að framkoma stefnda Björns Ómars verði færð til 30. eða 32. gr. laga nr. 7/1936 og ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir með tilliti til málavaxta að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni Guðmundssyni verkfræðingi og Sverri Kristinssyni, löggiltum fasteignasala.

Dómsorð:

Stefndu, Björn Ómar Jónsson og Sigríður Björnsdóttir, skulu sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ketils Hlíðdals Jónassonar, í máli þessu. Hver aðila skal bera sinn kostnað af málinu.

Föstudaginn 14. nóvember 1986.

Nr. 213/1986. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Birgi Andréssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnson og Guðmundur Skaftason.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 26. maí 1986. Því var einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Ágrip barst Hæstarétti 27. október 1986.

Mál þetta var dómtekið í héraði 5. desember 1985 en ekki 17. febrúar 1986, svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi.

Upplýst er í málinu, að hinn 19. mars 1986 undirgekkst ákærði réttarsátt í sakadómi Hafnarfjarðar fyrir að hafa, hinn 6. febrúar 1986, ekið bifreið án ökuréttinda. Taldist þetta brot gegn 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Héraðsdómari gerði ákærða ekki sérstaka refsingu fyrir brot þetta með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brotið var framið áður en hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsiákvæða. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Birgir Andrésson, sæti fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Garðakaupstaðar 17. febrúar 1986.

Ár 1986, mánudaginn 17. febrúar er á dómþingi sakadóms Garðakaupstaðar, sem háð er í skrifstofu embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Finnboga H. Alexanderssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 1882/1984: Ákæruvaldið gegn Birgi Andréssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað með

ákæru útgefinni 13. september sl. á hendur Birgi Andréssyni stýrimanni, Iðnbúð 3, Garðakaupstað, fæddum í Reykjavík 23. apríl 1959, fyrir að aka bifreiðum sviptur ökuréttindum ævilangt svo sem rakið er:

1. Aka bifreiðinni Y-5944 um götur Reykjavíkur um miðnættið aðfaranótt þriðjudagsins 12. júní 1984 uns lögreglumenn höfðu afskipti af akstri hans í Hafnarstræti.

2. Aka bifreiðinni R-42506, aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1985, undir áhrifum áfengis, frá Iðnbúð 3, Garðakaupstað að Bifreiðastöð Hafnarfjarðar í Hafnarfirði þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum.

Telst háttsemi ákærða í báðum ákæruliðum varða við 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og í ákærulið 2. jafnframt við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:
— — —

Málavextir:

1. Aðfaranótt þriðjudagsins 12. júní 1984 ók ákærði bifreiðinni Y-5944 eftir Hafnarstræti í Reykjavík. Aksturinn var þá stöðvaður af lögreglu og ákærði beðinn um að framvísa ökuskírteini. Hann kvaðst þá hafa týnt því og kvaðst hann aðspurður heita Ívar Adólfsson. Ekki gat hann sýnt það með skilríkjum. Eftir að lögreglumenn höfðu rætt við farþega Y-5944 komust þeir að raun um að ákærði hafði gefið upp rangt nafn og héti með réttu Birgir. Ákærði kvað vin sinn heita Ívar og væri það samkomulag hans og Ívars að ákærði notaði nafn hans er hann væri stöðvaður af lögreglu.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið umrætt sinn þrátt fyrir ævilanga ökuleyfissviptingu frá 16.6. 1982 skv. dómi 21.9. 1982.

2. Aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1985 ók ákærði bifreiðinni R-42506 frá Iðnbúð 3 í Garðabæ að bensínstöðinni BSH í Hafnarfirði þrátt fyrir að hafa verið búinn að neyta talsverðs áfengis fyrir akstur og vera auk þess sviptur ökuréttindum ævilangt. Lögreglan í Hafnarfirði handtók ákærða, þar sem hann sat í ökumannssæti bifreiðarinnar sem stóð við bensíndælur BSH.Samkvæmt skýrslum lögreglunnar lagði mikinn áfengisþef frá vitum hans og var hann jafnframt rauðeygður og málfar hans þvöglulegt. Hann var einnig óstöðugur í göngulagi og þurfti að styðja hann yfir í lögreglubifreiðina. Ákærði var færður fyrir varðstjóra á lögreglustöðinni í Hafnarfirði og honum síðan tekið blóð til alkóhólákvörðunar af tilkvöddum lækni. Alkóhólmagn í blóði því, er tekið var til rannsóknar,

reyndist vera 2,60 ‰. Ákærði viðurkenndi brot sitt fyrir dómi og kvaðst hann hafa verið búinn að drekka áfengi í marga daga samfleytt fyrir akstur.

Niðurstaða 1-2.

Með játningu ákærða, sem studd er gögnum málsins, telst sannað að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsiákvæða.

Þann 21. september 1982 var ákærði með dómi sakadóms Reykjavíkur sviptur ökuréttindum ævilangt frá 16.6. 1982 og gert að greiða kr. 12.500.00 í sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga.

Þann 1. september 1983 var ákærði í sakadómi Garðakaupstaðar dæmdur í 15 daga skilorðsbundið varðhald og 12.000 króna sekt fyrir brot gegn 25., 27., 37. og 41. gr. umferðarlaga. Dómar þessir hafa ítrekunaráhrif í máli þessu skv. 71. gr. almennra hegningarlaga sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Þann 4. janúar sl. var ákærða í sakadómi Garðakaupstaðar gert að greiða kr. 15.000.00 í sekt til ríkissjóðs vegna brots gegn 1. mgr. 239. gr. siglingalaga og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Sátt þessi var gerð eftir að brot skv. tl. 1 í ákæru er framið og ber því samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga að dæma ákærða hegningarauka að því er það brot varðar.

Með brotum sínum hefur ákærði rofið skilorð samkvæmt dómi sakadóms Garðakaupstaðar 1. september 1983, skilorðsþátt þess dóms, og ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að ákvarða í einu lagi refsingu fyrir öll brotin. Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, sbr. 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 hæfilega ákveðin varðhald í 40 daga.

Með framanskráðum dómi sakadóms Reykjavíkur 21. sept. 1982 var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá 16.6. 1982 og ber því samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að árétta að ævilöng ökuleyfissvipting hans haldist.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Andrésson, sæti varðhaldi í 40 daga.
Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi sínu ævilangt.
Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 14. nóvember 1986.

Nr. 288/1986. **Jón Ólafsson**
gegn
Jóhanni Gunnari Ásgeirssyni

Kærumál. Greiðslustöðvun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason og Þór Vilhjálmsson.

Gréta Baldursdóttir, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykavík, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. tl. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 3. nóvember 1986, sem barst Hæstarétti 5. nóvember sl. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn kærði úrskurður, sem er án forsendna sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, er þannig: „Jóhanni Gunnari Ásgeirssyni nafnnr. 4956-7634, Vesturbergi 106, Reykjavík, er veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að tvo mánuði frá deginum í dag að telja."

Varnaraðili hefur átt í verulegum fjárhagsörðugleikum sl. þrjú ár. Hann er múrarameistari að atvinnu og hefur byggt og selt íbúðir. Varnaraðili er um þessar mundir múrarameistari við tvær byggingar í Reykjavík og telur sig nú hafa það miklar tekjur, að hann geti ráðstafað um það bil 200.000,00 krónum á mánuði til greiðslu skulda. Hann er skráður eigandi eftirtalinna tveggja fasteigna:

1. Raðhús á einni hæð með bílskúr að Vesturbergi 106, Reykjavík, sem er að brunabótamati 4.377.655,00 krónur. Áhvílandi veðskuldir, fjárnám og lögtök á eigninni nema, samkvæmt yfirliti lögmanns varnaraðilja pr. 27. október 1986, samtals 5.797.819,00 krónum.

Uppboð á eign þessari var þingfest í uppboðsrétti Reykjavíkur 9. maí 1985. Fyrra uppboð fór fram 3. febrúar 1986. Hið síðara átti að halda 6. júní 1986 en var frestað, með samþykki allra

uppboðsbeiðenda, til 30. október s.á. Með úrskurði skiptaréttarins 28. október 1986 fékk varnaraðili heimild til greiðslustöðvunar í allt að tvo mánuði.

2. Raðhús, sem er í byggingu (fokhelt) að Sæbólsbraut 20, Kópavogi. Stærð um það bil 300 m². Lögmaður varnaraðilja áætlar verðmæti húss þessa nú 4.200.000,00 krónur, en um það bil 5.500.000,00 krónur tilbúið undir tréverk og málningu. Samkvæmt yfirliti lögmanns varnaraðilja pr. 27. október 1986 hvíla veðbönd á eign þessari að fjárhæð samtals 4.910.118,10 krónur.

Hinn 20. október 1986 fór fram fyrra uppboð á eign þessari en annað er ráðgert 15. janúar 1987.

Sóknaraðili bendir á að allar skuldir, er hvíla á ofangreindum fasteignum varnaraðilja, séu gjaldfallnar. Líkindi séu fyrir því, að skuldir þessar, með áföllnum vöxtum og kostnaði, séu hærri en þær eru áætlaðar af hálfu varnaraðilja. Dráttarvextir af skuldum þessum nemi um það bil 150 - 200 þúsund krónum á mánuði. Því geri bjartsýnustu vonir varnaraðilja um tekjur eigi meira en að halda skuldum í horfinu. Útilokað sé því, að varnaraðili geti samið um skuldirnar. Beri því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Þegar virt er skuldabyrði varnaraðilja annars vegar og eignir hans og tekjumöguleikar hins vegar, verður ekki talið, að hann hafi leitt að því nægar líkur að hann geti komið nýrri skipan á fjármál sín, þótt honum verði veitt tveggja mánaða greiðslustöðvun. Verður því ekki séð að skilyrði séu fyrir hendi til að veita varnaraðilja heimild til greiðslustöðvunar. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum málalokum verður varnaraðilja gert að greiða sóknaraðilja 7.500,00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Jóhann Gunnar Ásgeirsson, greiði sóknaraðilja, Jóni Ólafssyni, 7.500,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. nóvember 1986.

Nr. 220/1985. **Starfsmannafélag Siglufjarðar**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Bæjarstjórn Siglufjarðar
(Egill Sigurgeirsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1985, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. september 1985, samkvæmt heimild 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, „að stefndi verði dæmdur skyldur til að semja við áfrýjanda um kaup og kjör starfsstúlkna á barnadagheimili Siglufjarðar og allra þeirra starsmanna áhaldahúss Siglufjarðar, sem eru félagsmenn áfrýjanda.“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Svo sem sakarefni í máli þessu er varið er ekki fullnægt skilyrðum, sem sett eru í lögum nr. 85/1936, gr. 37 A, 1. mgr., sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981, til að héraðsdómari mætti kveðja til meðdómsmenn til að dæma málið með sér samkvæmt því heimildarákvæði. Við skipun meðdómsmanna var ekki heldur gætt þeirra skilyrða, sem 2. mgr. nefndrar greinar setur um dómgengi tilkvaddra meðdómsmanna, jafnvel þótt talið væri að skilyrðum þess ákvæðis væri að öðru leyti fullnægt. Verður af þessum ástæðum að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með 29. júní 1984 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Eftir atvikum er rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 29. júní 1984 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 11. janúar 1985.

Ár 1985, föstudaginn 11. janúar er bæjarþing Siglufjarðar sett í Austurstræti 16, Reykjavík, og haldið af Erlingi Óskarssyni bæjarfógeta, ásamt meðdómsmönnunum Gunnari Eydal hdl. og Gunnari Guðmundssyni hdl., kveðinn upp svofelldur dómur í bæjarþingsmálinu nr. 28/1982: Starfsmannafélag Siglufjarðar gegn bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær að loknum munnlegum málflutningi, hefur Starfsmannafélag Siglufjarðar, Siglufirði, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 16. nóvember 1982, á hendur bæjarstjóranum á Siglufirði, Óttari Proppé, nnr. 6954-1348, Fossvegi 23, Siglufirði, f.h. bæjarstjórnar Siglufjarðar, nnr. 7557-4320, Gránugötu 24, Siglufirði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar að stefndi verði skyldur til að semja við stefnanda um kaup og kjör starfsstúlkna á Barnadagheimili Siglufjarðar og allra þeirra starfsmanna Áhaldahúss Siglufjarðar sem eru félagsmenn stefnanda.

Að stefnandi verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Stefndi hefur gert þær réttarkröfur að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi lögum samkvæmt.

Sátta hefur verið leitað í málinu, en árangurslaust.

— — —

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Siglufirði, Óttar Proppé, f.h. Bæjarstjórnar Siglufjarðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Starfsmannafélagi Siglufjarðar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 14. nóvember 1986.

Nr. 275/1986. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigvalda Jónssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Þjófnaður. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1986 að ósk ákærða og að því er hann einan varðar, en meðákærði í héraði óskaði ekki áfrýjunar. Af hálfu ákæruvalds er dóminum áfrýjað til þyngingar.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu til refsiákvæða.

Ákærði hefur áður sætt 22 refsidómum hér á landi og einum í Svíþjóð. Flestir eru dómarnir fyrir auðgunarbrot. Hinn síðasti dóma þessara var dómur sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1984 (2 mánaða fangelsi fyrir fjársvik). Með hliðsjón af 255. sbr. 71. gr. svo og af 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er ákærða varðar og dæma hann til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er ákærða varðar.

Ákærði, Sigvaldi Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. maí 1986.

Ár 1986, mánudaginn 5. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 259-260/1986: Ákæruvaldið gegn E og Sigvalda Jónssyni, sem dómtekið var 30. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. mars 1986 á hendur E, fæddum 22. mars 1939 í Reykjavík, og Sigvalda Jónssyni sjómanni, Einarsnesi 40, fæddum 21. júní 1948 í Reykjavík, báðum þar í borg, „fyrir eftirgreind brot framin í Reykjavík á árinu 1985:

1) Gegn ákærðu báðum fyrir að hafa:

a) Í maímánuði stolið á heimili ákærða Sigvalda að Bergstaðastræti 8, Reykjavík, orlofsávísun að fjárhæð kr. 20.145, útgefin af Póstgíróstofunni til Ásdísar Þrár Höskuldsdóttur, Bergstaðastræti 8, Reykjavík, og síðan svikið til sín andvirði hennar með því að framvísa í pósthúsinu Pósthússtræti 5, Reykjavík, vottorði, dagsettu 7. maí 1985, sem þeir fölsuðu með nafni Ásdísar Þrár, þar sem hún er sögð veita Sigvalda Jónssyni umboð til að taka út orlofsfé hennar fyrir árið 1984-85, kr. 20.145.

Telst takan á ávísuninni varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og framvísun hins falsaða umboðs við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

b) Dvalið tvær nætur og neytt veitinga á Hótel Valhöll á Þingvöllum 24. og 25. ágúst en horfið skyndilega af hótelinu að því búnu án þess að greiða reikninginn, sem nam kr. 26.755.

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og ákærði E til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.“

I.

Málavextir.

Ákærði Sigvaldi hefur skýrt frá því að þeir meðákærði E hafi setið að drykkju í húsinu nr. 8 við Bergstaðastræti í Reykjavík í maíbyrjun 1985. Þá hafi borist í húsið orlofsávísun á nafn Ásdísar Þrár Höskuldsdóttur, sem átti áður heima í húsinu en hafi verið flutt burtu. Þeir hafi ákveðið að slá eign sinni á ávísunina og fénýta sér hana. Þeir hafi í því skyni útbúið umboð til ákærða Sigvalda í nafni Ásdísar Þrár til þess að innleysa ávísunina og hafi meðákærði E ritað nafn Ásdísar undir umboðið og einnig nafn votts, Þorláks Víkings Þórðarsonar. Að fenginni áritun trúnaðarmanns verkakvennafélagsins Framsóknar innleystu þeir ávísunina í krafti hins fals-

aða umboðs í póststofunni í Pósthússtræti 5 hér í borginni og fengu þar greiddar út kr. 20.145.

Ákærði E viðurkenndi við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríksins að hafa verið við drykkju ásamt meðákærða Sigvalda og fleira fólki á Bergstaðastræti 8 um þetta leyti. Hann kvaðst þá ekki muna eftir orlofsávísuninni, en kannaðist við að hafa ritað nafn Ásdísar Þrár undir umboðið. Hann kvaðst þó ekki hafa ritað nafn vottsins, en vildi ekki rengja skýrslu meðákærða um önnur atriði.

Í þinghaldi 2. apríl dró ákærði framburð sinn til baka og kvaðst hafa verið illa fyrirkallaður við yfirheyrslu hjá lögreglunni og hann hefði ekki átt þátt í töku og notkun orlofsávísunarinnar.

Telja verður að með játningu ákærða Sigvalda og öðru sem liggur fyrir í málinu sé komin lögfull sönnun fyrir því að hann hafi slegið eign sinni á orlofsávísunina, sem málið snýst um og fénýtt sér hana með því að framvísa fölsuðu umboði í póststofunni.

Hefur hann með þessu unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Enda þótt líkur séu fyrir því að ákærði E hafi átt þátt í brotinu með meðákærða Sigvalda, þykir eigi óhætt, gegn neitun ákærða í dómi, að telja hann sannan að því. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

2) Ákærðu eru saksóttir í máli þessu fyrir hótelsvik. Meðal gagna málsins er ekkert, sem snertir þær sakargiftir og þrátt fyrir eftirgrennslan hjá ákæruvaldinu hafa ekki fundist nein gögn þar að lútandi. Er því ekki unnt að leggja dóm á sakarefni þetta og ber að vísa ákærulið þessum frá dómi.

— — —

II.

Viðurlög.

— — —

Samkvæmt sakavottorði ákærða Sigvalda hlaut hann ákærufrestun 1964 fyrir þjófnað og skjalafals. Síðan 1965 hefur hann hlotið 21 áfellisdóm, síðast 14. maí 1984.

Ákærði er því vanaafbrotamaður og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 72. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í 8 mánuði.

— — —

Dæma ber ákærða E til þess að greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 15.000 krónur í málsvarnarlaun.

Þá ber að dæma ákærðu til þess að greiða óskipt annan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði E sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Sigvaldi Jónsson sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði E er sviptur ökuréttindum ævilangt frá dómsuppsögu.

Ákærði E greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 15.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði óskipt annan sakarkostnað.

Föstudaginn 14. nóvember 1986.

Nr. 260/1986. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurði Árna Jónssyni
(Othar Örn Petersen hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1986 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þar með talinna saksóknarlauna í ríkissjóð, en verjandi ákærða, Othar Örn Petersen hæstaréttarlögmaður, lýsti yfir því að hann gerði eigi kröfu til málsvarnarlauna.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Árni Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. apríl 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 29. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 253/1986: Ákæruvaldið gegn Sigurði Árna Jónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 25. mars sl. á hendur ákærða, „Sigurði Árna Jónssyni, Fagrabæ 14, Reykjavík, fæddum 15. október 1934 í Norður-Ísafjarðarsýslu, fyrir að aka, föstudaginn 14. febrúar 1986, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni X-6377 vestur Bæjarháls í Reykjavík, þar til hann ók bifreiðinni út af veginum á afrennslisbraut frá Bæjarhálsi að Höfðabakka.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því sem fram er komið í málinu:

Föstudaginn 14. febrúar sl. um kl. 13:00 ók ákærði bifreiðinni X-6377 vestur Bæjarháls í Reykjavík, en er hann beygði til hægri norður Höfðabakka, missti hann vald á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún hafnaði á stagi, sem styður við tréljósastaur sem þarna er.

Er umræddur akstur fór fram var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1977 sætt eftirtöldum refsingum:

1977	12/1	í Reykjavík. Sátt: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 248., sbr. 256. gr. hegnl.
1978	1/9	á Seltjarnarn. Sátt: 50.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi 3 mán. frá 21/8 '78.
1983	5/5	í Reykjavík. Sátt: 7.000 kr. sekt f. brot á 27. og 50. gr. umfl.
1983	31/5	í Reykjavík. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl. Hegningarauki.
1983	18/10	í Reykjavík. Dómur: 12.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3/2 1983.
1984	27/1	í Reykjavík. Sátt: 6.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
1985	4/1	í Reykjavík. Sátt: 15.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

Auk þess sættist ákærði á árunum 1954-1969 7 sinnum á sektargreiðslur aðallega vegna brota á umferðarlögum.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 25 daga.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Árni Jónsson, sæti varðhaldi í 25 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 17. nóvember 1986.

Nr. 254/1985. **Gunnar Atlason**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Veitingahúsinu Álfabakka 8 h/f
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Vinnusamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. nóvember 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 6. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 11.500,52 krónur ásamt 45% ársvöxtum af 1.680,00 krónum frá 4. janúar 1983 til 2. febrúar s.á., af 3.526,00 krónum frá þeim degi til 2. mars s.á., en af 11.500,52 krónum frá þeim degi til þingfestingardags 6. september 1985, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags,

og ennfremur málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu á 5.008,52 krónum með 45% ársvöxtum frá 2. mars 1983 til 6. september s.á. en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað svo sem greinir í aðalkröfu.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti er því eigi haldið fram af hálfu áfrýjanda að stefnda hafi verið óheimilt að skuldajafna kröfum sínum vegna rýrnunar við þjónustugjald í uppgjöri við áfrýjanda vegna ákvæða laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups.

Með skírskotun til þess sem í héraðsdómi greinir verður að telja að leggja hafi mátt birgðatalningar þær, sem fram fóru, til grundvallar við fjárskil af hálfu áfrýjanda og að áfrýjandi beri áhættu af þeirri rýrnun sem fram kom við þær. Þá ber einnig að fallast á að kröfur áfrýjanda verði ekki teknar til greina á þeim grundvelli að sá háttur var á hafður að gera mánaðarlega upp við áfrýjanda, enda hreyfði hann ekki sérstökum athugasemdum við því svo að séð verði.

Stefndi lagði í héraði fram yfirlit Guðmundar Þórs Frímannssonar, löggilts endurskoðanda, yfir skil áfrýjanda á andvirði selds áfengis á því tímabili sem hér um ræðir, þ.e. frá því áfrýjandi hóf störf og til 28. febrúar 1983. Kemur þar fram að við talningar hafi komið í ljós rýrnun að fjárhæð samtals 9.344,00 krónur. Er hér átt við rýrnun umfram þau 3% sem miðað er við að vanta megi á full skil af hálfu framreiðslumanna. Við nokkrar talningar á þessu tímabili reyndist hins vegar ekki um neina slíka rýrnun að ræða, heldur var skilað fé er svaraði til fulls skilaverðs eða jafnvel fram yfir það. Nema þau skil samtals 2.852,00 krónum umfram þá fjárhæð sem áfrýjanda var skylt að inna af höndum miðað við að rýrnun færi eigi fram úr 3%. Er varakrafa áfrýjanda miðuð við að hvað sem öðru líður eigi nefnd fjárhæð að koma til frádráttar þeirri fjárhæð sem hann kunni að vera talinn bera ábyrgð á vegna rýrnunar í öðrum tilvikum.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdómara að þótt áfrýjandi hafi mátt draga 3% frá útsöluverði áfengis vegna rýrnunar hafi honum að öðru leyti borið að gera stefnda skil á því fé sem inn kom fyrir

seldar veitingar. Á áfrýjandi því eigi tilkall til að stefndi endurgreiði honum nefnda fjárhæð, 2.852,00 krónur.

Krafa áfrýjanda um greiðslu að fjárhæð 2.091,52 krónur úr hendi áfrýjanda vegna vanreiknaðs þjónustugjalds er reist á ákvæði 1.1.3. í kjarasamningi fyrir framreiðslumenn, en þar segir að í lokuðum samkvæmum skuli þjónustugjald af mat nema 20%. Þess er að geta að í málinu hefur engin grein verið gerð fyrir því hvort áfrýjandi hafi annast framreiðslu á mat og þá heldur eigi af hvaða fjárhæð reikna ætti nefnd 20% ef um lokað samkvæmi teldist hafa verið að ræða. Með þessari athugasemd og með skírskotun til þess sem í héraðsdómi segir ber að staðfesta úrlausn dómsins um þennan kröfulið.

Áfrýjandi hefur eigi gert kröfu um að stefndi verði dæmdur til greiðslu á þeirri fjárhæð sem hann hefur ofgreitt miðað við skýrslu Guðmundar Þórs Frímannssonar (9409,00 krónur í stað 9344,00 króna).

Samkvæmt því er nú hefur verið rakið ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda 18.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnar Atlason, greiði stefnda, Veitingahúsinu Álfabakka 8 h/f, 18.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. apríl 1985.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 11. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 26. ágúst 1983 af Gunnari Þór Atlasyni, nnr. 3338-9329, Austurgötu 5, Stykkishólmi, gegn Veitingahúsinu Álfabakka 8 hf., Reykjavík, nnr. 9162-8783.

Dómkröfur stefnanda eru þær, *aðallega* að stefndi greiði kr. 11.500,52 með 45% ársvöxtum af kr. 1.680,00 frá 4. janúar 1983 til 2. febrúar s.á., af kr. 3.526,00 frá þeim degi til 2. mars s.á., en af kr. 11.500,52 frá þeim degi til þingfestingardags 6. september 1983, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ skv. framlögðum reikningi samtals að fjárhæð kr. 19.211,00.

Til vara, að stefndi greiði kr. 5.008,52 með 45% ársvöxtum frá 2. mars 1983 til þingfestingardags, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar sem í aðalkröfu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir dómarans báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir að stefnandi var ráðinn til starfa sem framreiðslumaður á bar nr. 4 í veitingahúsi stefnda, „Broadway" hér í borg, í lok nóvembermánaðar árið 1982 og starfaði þar til um miðjan mars 1983. Á þessum tíma var veitingahúsið venjulega opið á föstudags- og laugardagskvöldum, en einnig á fimmtudags- og sunnudagskvöldum ef sérstaklega stóð á. Á venjulegum kvöldum var húsið opnað um kl. 22, en gestir komu flestir undir og um miðnætti, en lokað var kl. 3 um nóttina. Að lokinni vinnu hvert sinn setti stefnandi peninga úr kassa í þar til gert umslag, merkt „peningum skilað", án þess að draga þjónustugjald til sín frá þeim. Launauppgjör fór síðan fram um hver mánaðamót fyrir allan mánuðinn. Eftir hverja vinnuhelgi fór fram talning á vínbirgðum hússins, bæði á lager og á börum hússins, og var barmönnum bent á að vera viðstaddir talningu á birgðum á sínum bar. Talningar fóru fram á mánudögum á reglulegum tímum og hófust um kl. 13, og voru barirnir teknir í röð. Jóhann Steinsson, veitingastjóri staðarins, annaðist talninguna, þannig að hellt var úr áteknum flöskum í aðrar, til þess að fá út heilar, og síðan áætlaðir þeir „sjússar" sem afgangs voru í flöskum. Samráð var haft við viðkomandi barmann um fjölda „sjússa", og ef ágreiningur varð var talið upp úr flöskum með því að hella í mál. Barmaður „þommaði" áfengi til sín frá lager hússins, þ.e. hann kvittaði fyrir móttöku þess á bar sinn, og var að venju og skv. samningi verð til barmanns 3% lægra en útsöluverð til þess að mæta rýrnun. Eftir hverja talningu var af hússins hálfu farið yfir úttektarnótur og sölu og barmönnum var tilkynnt við næstu vakt hvort allt hefði verið í lagi eða hvort rýrnun umfram 3% hefði orðið. Ef svo var, þá var viðkomandi barþjóni gert að greiða þá rýrnun ef skýring kom ekki fram, t.d. við endurtalningu.

Við uppgjör til stefnanda hinn 4. janúar 1983 fékk hann greitt þjónustugjald, kr. 24.527,77, en var gert að greiða á móti vegna rýrnunar frá 1. desember til 31. desember kr. 1.680,00 sem dregnar voru frá þjónustugjaldinu.

Við uppgjör til stefnanda hinn 2. febrúar 1983 var á sama hátt greitt þjónustugjald hans, kr. 22.623,27, en honum gert að greiða á móti vegna rýrnunar kr. 1.846,00 sem dregnar voru af greiðslunni til hans á þjónustugjaldinu.

Við hið þriðja uppgjör til stefnanda, hinn 2. mars 1983, skyldi stefnandi

á sama hátt og áður fá greitt þjónustugjald fyrir febrúarmánuð, kr. 28.767,00. Stefnandi gerði athugasemd við fjárhæðina og taldi hana ekki rétt reiknaða miðað við að einkasamkvæmi hafi verið í mánuðinum og hann ætti rétt á 14,17% þjónustugjaldi, en ekki aðeins 11,11% eins og stefndi hafði þar reiknað. Stefnanda var enn gert að greiða rýrnun á bar hans á þessum tíma kr. 5.883,00, en hann taldi sig ekki eiga að greiða hana. Áritaði stefnandi uppgjörsblöð „með fyrirvara vegna endurgreiðslurýrnunar 31. jan. - 1. mars". Um þetta leyti varð samkomulag með aðilum um að stefnandi hætti störfum, og vann hann tvær helgar í marsmánuði og fékk uppgert fyrir þá vinnu 23. mars 1983 og varð ekki ágreiningur um síðasta uppgjörið.

Stefnandi leitaði til lögmanns Félags framreiðslumanna sem ritaði stefnda bréf dags. 20. júní 1983 og gerði kröfur um endurgreiðslu á fjárhæðum þeim sem stefnandi hafði greitt vegna rýrnunar, svo og vangreitt orlof hans og vangreitt þjónustugjald fyrir einkasamkvæmi. Stefndi svaraði með bréfi dags. 20. júlí 1983 og greiddi hið umkrafða vanreiknaða orlof ásamt vanreiknuðum orlofsvöxtum, vöxtum og innheimtulaunum, en hafnaði greiðslum á rýrnun og „vangreiddu þjónustugjaldi". Höfðaði stefnandi þá mál þetta til innheimtu þessara kröfuliða.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

Í *aðalkröfu* séu tveir kröfuliðir:

a) Krafa um endurgreiðslu á fjárhæðum þeim, sem hafi verið skuldajafnað við þjónustugjald stefnanda vegna rýrnunar þ.e. kr. 1.680,00 + 1.846,00 + 5.883,00, eða samtals kr. 9.409,00 ásamt vöxtum.

b) Krafa um 14,17% þjónustugjald af kr. 68.350,00 en ekki 11,11%, eins og honum hafi verið reiknað, en mismunurinn geri kr. 2.091,52, ásamt vöxtum frá 2. mars 1983.

Í *varakröfu* séu einnig tveir kröfuliðir:

a) Krafa um greiðslu á kr. 2.917,00, þ.e. mismunur á kr. 9.409,00 og kr. 6.492,00. Þessi liður kröfunnar sé gerður, verði ekki á aðalkröfu fallist. Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að stefnandi eigi að bera hallann af framkominni rýrnun, þá beri að miða við að rýrnun hafi verið kr. 6.492,00, en ekki kr. 9.409,00, eins og stefndi hafi miðað við í uppgjöri sínu og aðalkrafan beinist að.

b) Þessi liður sé óbreyttur frá aðalkröfu.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Aðalkröfu sína um endurgreiðslu á peningum vegna rýrnunar áfengis á bar sínum styður stefnandi þeim rökum að í fyrsta lagi sé stefnda óheimilt

að skuldajafna meintri rýrnun við þjónustugjald í uppgjöri við framreiðslumann í þjónustu hans. Í 1. gr. laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups sé beinum orðum tekið fram að ekki megi greiða kaup starfsmanna með skuldajöfnuði nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið. Enginn samningur hafi verið milli aðila um slíka skuldajöfnun og hafi stefnandi reyndar sérstaklega mótmælt henni, en verið sagt að hann fengi ekki þjónustugjald sitt greitt nema þessi rýrnun væri dregin frá um leið, og hafi hann því orðið að sæta þessum kostum til þess að fá laun sín greidd. Hin tilvitnaða lagagrein hindri skuldajöfnunina, jafnvel þótt krafan til skuldajafnaðar væri réttmæt, og verði kröfuhafi að sækja kröfuna á hendur launþeganum í sérstöku máli.

Í öðru lagi sé ósannað af hálfu stefnda að stefnandi hafi borið ábyrgð á umræddri rýrnun á barnum. Í ljós sé leitt að aðrir en stefnandi hafi haft lykla að skápum í barnum og hafi getað gengið í þá. Stefndi beri sönnunarbyrði um ábyrgð stefnanda, og sú sönnun hafi ekki tekist. Einnig sé sýnt að ekki hafi verið gætt réttra aðferða við talninguna á birgðum barsins. Giskað hafi verið á magn í flöskum en ekki hellt í mæla. Allt eins sé því líklegt að aðrir beri ábyrgð á rýrnuninni, enda hafi ekki verið leitað að öðrum orsökum.

Í þriðja lagi sé sýnt að uppgjörsaðferðir stefnda hafi ekki verið í samræmi við kjarasamning aðilja. Stefnandi bendi á grein 1.6.1. í samningnum, sem lagður hafi verið fram í málinu, en þar segi að launauppgjör fari fram að lokinni hverri vakt og með þeim hætti að framreiðslumaður skili andvirði veitinga, sem hann hafi veitt viðtöku á vaktinni, að frádregnu þjónustugjaldi. Kjarasamningur aðilja geri þannig ráð fyrir því að stefnandi hefði átt að fá laun sín þegar að loknu starfi á kvöldin en ekki um mánaðamót eins og stefndi hafi gert. Félag stefnanda hafi ekki heimilað slíkar uppgjörsaðferðir, og því hafi ekki verið farið eftir kjarasamningi að þessu leyti. Með því að draga rýrnunina frá í uppgjörinu hafi stefndi í raun greitt stefnanda laun undir lágmarkstaxta, og það sé ógilt og ólöglegt. Þrátt fyrir áskoranir hafi verðskrá Sambands veitinga- og gistihúsa ekki verið lögð fram í málinu, né heldur strimlar úr sjóðvélum á bar stefnanda sem sýnt hafi raunverulega sölu á barnum. Í stað þessa hafi stefndi látið reikna út tilbúna og ímyndaða „raunsölu" og lagt fram í málinu sem sýni frávik og meinta rýrnun á bar stefnanda, en allt slíkt sé ósannað.

Kröfu um vanreiknað þjónustugjald styður stefnandi þeim rökum að á launauppgjöri dags. 2. mars 1983 hafi stefnandi fengið greitt þjónustugjald fyrir sölu á mat, 11,11% af kr. 68.350,00. Þetta hafi verið vegna matarsölu í einkasamkvæmum, en skv. 1. kafla 1.1.3. í kjarasamningi aðilja skuli þjónustugjald í lokuðum samkvæmum nema 20% af sölu, sem eftir að tillit hafi verið tekið til söluskatts og þjónustugjalds nemi 14,17% af heildarsölu,

en ekki 11,11% eins og stefndi hafi reiknað. Stefnandi hafi gert fyrirvara um þetta atriði í launauppgjöri, og sé þarna um að ræða mismun á launum sem nemi kr. 2.091,52. Upplýst sé að um hafi verið að ræða annars vegar árshátíð starfsfólks Borgarspítalans og hins vegar árshátíð starfsmanna Bæjarútgerðar Reykjavíkur í febrúarmánuði 1983. Starfshóparnir hafi komið og snætt kvöldverð en síðan hafi verið selt inn í húsið eftir matinn og reglulegir gestir hafi getað komið eftir miðnætti. Hér sé því um að ræða túlkun á ákvæði 1.1.3. í kjarasamningi, og stefnandi haldi því fram að árshátíðir þessar hafi verið „lokuð samkvæmi" í skilningi þessa ákvæðis. Stefnandi vísi í dóm Félagsdóms 21. febrúar 1980 um Hótel Sögu, Hliðarsal og Bláa sal, þar sem því hafi verið slegið föstu að það hafi verið „lokuð samkvæmi" í þessum salarkynnum þegar aðrir gestir Hótel Sögu hafi ekki haft aðgang að þeim meðan á borðhaldi stóð. Stefnandi bendi á að það sé aukinn kostnaður hans í slíkum samkvæmum, að hann þarf að kalla út til starfa með sér viðbótar-aðstoðarmenn við þá sem reglulega vinni á bar hans, einmitt vegna matargestanna.

Varakröfu sína styður stefnandi þeim rökum að fallist dómurinn á með stefnda að stefnandi skuli bera halla af rýrnun, þrátt fyrir andmæli stefnanda, þá sé í ljós leitt að gætt hafi verið rangra aðferða við útreikning á hver rýrnunin væri. Stefndi hafi lagt fram í málinu skýrslur endurskoðenda um „bommur" og talningar stefnanda tímabilið 1. desember 1982 — 28. febrúar 1983, og þar komi í ljós að stefnandi hafi ekki verið látinn njóta þess þegar peningum hafi verið skilað umfram raunsölu. Í skýrslunni komi fram að samanlögð „rýrnun" í bar stefnanda umfram 3% hafi verið kr. 9.409,00, en ekki hafi verið tekið tillit til þess að nokkrum sinnum hafi verið um + (plúsa) að ræða, samtals kr. 2.917,00, og stefnandi hafi ekki fengið að njóta þess. Þessi aðferð sé beinlínis andstæð kjarasamningi aðilja, lið 1.6.4. Þar segi að til þess að mæta þeirri rýrnun, sem verði við uppmælingu, skulu framreiðslumenn „bomma" áfengi sem ætlað sé til sölu í skömmtum á verði sem sé 3% lægra en söluverð flöskunnar. Ákvæði þetta hafi verið túlkað svo í framkvæmd að framreiðslumenn eigi þessi 3% og að þeim beri ekki að skila veitingamanninum þeim. Þess vegna hafi stefndi átt að reikna umframpeninga stefnanda til góða, annars hefði stefndi verið að taka af stefnanda peninga sem réttilega tilheyrðu honum. Því sé ljóst að stefndi hafi tekið of mikla „rýrnun" af stefnanda og beri að endurgreiða mismuninn. Á þetta leggi stefnandi mikla áherslu og bendi á að hin almenna skýring sé sú að framreiðslumaður eigi að skila veitingamanninum „bommuverði" flöskunnar þegar skil fari fram, og þannig hafi ákvæðið í kjarasamningnum alltaf verið skilið. Engum hafi dottið í hug að taka rýrnunarprósentuna af framreiðslumanninum fyrr en nú. Ef umframskil verði hafi framreiðslumaðurinn þau til þess að mæta rýrnun sem alltaf verði

einhver. Öll sanngirnissjónarmið miði að þessum skilningi, að framreiðslumaðurinn fái að njóta þess sem umfram er, alveg eins og dregið sé af honum það sem rýrnar. Um þetta hafi verið ágreiningur milli framreiðslumanna og stefnda allt frá því veitingahúsið hóf starfsemi, og hafi framreiðslumenn þar hætt störfum vegna þessa.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi styður sýknukröfu sína varðandi uppgjör á rýrnun þeim rökum að uppgjörið hafi farið fram á lögmætan og eðlilegan máta með samþykki stefnanda. Líta verði til starfs stefnanda og annarra framreiðslumanna á börum veitingahússins. Veitingahúsið sé rekið sem dæmigerður skemmtistaður, aðeins opið á kvöldin um helgar og ekki opið í hádegi. Vínveitingar og aðrar veitingar séu annars vegar seldar að borði og hins vegar á börum hússins. Allir framreiðslumenn séu félagar í félagi framreiðslumanna sem gert hafi viðkomandi kjarasamning sem farið sé eftir í einu og öllu. Staða framreiðslumanna í starfi í veitingahúsinu sé hins vegar mismunandi, og séu sumir í stöðu verktaka, eins og stefnandi, á þann hátt að þeir ráði til sín aðstoðarfólk til afgreiðslu á barnum, ráði hverja þeir fái, ráði launagreiðslum til þeirra og beri alfarið ábyrgð á þeim. Þetta hafi stefnandi gert á sínum bar, hann hafi haft 4 - 6 aðstoðarmenn í vinnu á barnum á kvöldin, allt eftir því sem hann sjálfur réð, og hafi greitt þeim laun af tekjum sínum á barnum. Þannig sé starf barþjóna áhættustarf, eins og sjálfstæðra verktaka, og tekjur þeirra ráðist alfarið af aðsókn að barnum í veitingahúsinu. Fyrstu málsástæðu stefnanda séu því alfarið hafnað, þ.e. að lög nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups hafi staðið í vegi fyrir því að heimilt hafi verið að skuldajafna rýrnun á áfengisbirgðum á bar stefnanda umfram hin samningsbundnu 3% rýrnun. Stefnandi falli á engan hátt undir lög þessi þar sem staða hans hafi ekki verið staða launþega heldur staða verktaka og tekjur hans hafi verið hagnaður af rekstri barsins. Gjald það, sem gestir hafi greitt fyrir veitingar á barnum, hafi skipst í 85% til hússins og 15% til framreiðslumannsins, og af þessum tekjum sínum hafi stefnandi greitt aðstoðarmönnum sínum laun og borið áhættu og ábyrgð að öllu leyti. Stefndi bendi á hliðstæðu og fordæmi í stöðu vörubílstjóra á Þrótti sem taldir séu sjálfstæðir verktakar í þessum skilningi. Hann bendir og á að mál þetta fjalli ekki um deilu milli launþega, sem er „minni máttar" gegn atvinnurekanda sem sé „meiri máttar", og beri ekki að skoðast í slíku samhengi. Fram hafi komið rýrnun hjá stefnanda á vínbirgðum hans sem séu í eigu veitingahússins og stefnandi hafi í umboðssölu á barnum. Þessi rýrnun hafi komið fram við talningu sem gerð sé reglulega og að stefnanda viðstöddum. Þegar rýrnunin hafi farið fram yfir samningsbundin 3% hafi sú rýrnun sem umfram varð verið dregin af stefnanda við mánaðarlegt upp-

gjör til hans. Þetta sé í alla staði eðlileg uppgjörsaðferð og í engu unnt að líkja við það uppgjör á launum sem lögunum um greiðslu verkkaups frá árinu 1930 hafi verið ætlað að koma í veg fyrir.

Stefndi mótmæli alfarið þeirri fullyrðingu stefnanda að ósannað sé að hann hafi borið ábyrgð á þessari rýrnun. Upplýst sé í málinu hvernig talning á vínbirgðum á börum hafi farið fram og allir hafi sætt sig við hana og átt þess kost að vera viðstaddir talninguna. Stefnanda hafi eins og öðrum verið unnt að gera athugasemdir við hverja talningu eða magn áfengis í skápum, en hann hafi aldrei gert athugasemd. Veitingastjóri hússins, Jóhann Steinsson, hafi lýst fyrir dómi hvernig talning birgða hafi farið fram og að hann hafi lykla að öllum börum og vínbirgðum hússins. Eðlilegt sé að eigendur áfengis hafi aðgang að vöru, sem til sölu sé í umboðssölu á staðnum, til þess að fylgjast með vörunni. Aldrei hafi verið látið að því liggja að áfengi hafi horfið úr skápum framreiðslumanna, enda hefði slíkt þá verið kært til lögreglu. Þegar þetta sé virt sé sennilegasta skýringin á rýrnuninni hjá stefnanda sú að um sé að kenna ónákvæmni af hálfu aðstoðarfólks stefnanda sjálfs á barnum sem hann einn beri áhættu og ábyrgð á. Stefndi bendi á að rýrnun hafi verið óvenju mikil hjá stefnanda, 4%-5% umfram hin samningsbundu 3%, þ.e. í allt um 7%-8%, og slíkt sé á engan hátt eðlilegt og lýsi skorti á aðgæslu í störfum. Í ljós hafi komið með eðlilegu eftirliti af hálfu hússins og talningum á vínbirgðum eftir hverja helgi og samanburði við innkomna peninga og útteknar vörur að vantað hafi upp á að stefnandi skilaði fullu verði fyrir vöru þá er hann hafði í umboðssölu og sú rýrnun hafi verið dregin af honum við uppgjör, þegar tillit hafi verið tekið til þeirrar samningsbundu áhættu hússins að taka á sig 3% rýrnun.

Um varakröfu stefnanda, sem byggist á mismun á „nettó rýrnun" og „brúttó rýrnun" á áfengi, bendir stefnandi á að hér sé um að ræða mismunandi skilning á orðum í kjarasamningi aðilja. Skilningur stefnda sé sá að greinar 1.6.1. og 1.6.4. í samningnum beri að skilja þannig að launauppgjör fari fram með þeim hætti að framreiðslumaður skili andvirði veitinga sem hann hafi veitt viðtöku á vaktinni að frádregnu þjónustugjaldi þannig eigi að skila andvirði veitinga á verði því sem þær hafi verið seldar en ekki á „bommuverði" eins og stefnandi vilji halda fram. Þetta „bommuverð" komi í grein 1.6.4., en þar segi:

„Til þess að mæta þeirri rýrnun, sem verður við uppmælingu, skulu framreiðslumenn „bomma" áfengi sem ætlað er til sölu í skömmtum eins og verið hefur á verði sem er 3% lægra en söluverð flöskunnar að frádregnu þjónustugjaldi og söluskatti." Þessi grein geri ráð fyrir því að veitingahúsið taki á sig áhættu af rýrnun sem geti orðið á áfengi í meðförum framreiðslumannsins, allt að 3%. Þessum 3% sé ætlað að mæta rýrnun þegar rýrnun

verður, og þetta hafi framreiðslumaðurinn til öryggis, en hér sé ekki um neina viðbótargreiðslu að ræða eins og stefnandi virðist ætla. Til þess að útskýra þetta tekur stefndi sem dæmi að sé söluverð flösku kr. 100 sé flaskan ,,bommuð" framreiðslumanninum á kr. 97.00 í hans úttekt af birgðum hússins. Framreiðslumaðurinn selji síðan innihald flöskunnar á barnum og eigi að skila veitingamanninum ,,andvirði veitinga" skv. grein 1.6.1., þ.e. kr. 100,00 en ekki ,,bommuverðinu" kr. 97.-, eins og stefnandi haldi fram. Þetta sé beinlínis í kjarasamningi aðilja. Hvergi í kjarasamningnum sé gert ráð fyrir því að framreiðslumenn eigi þessi 3% og geti haldið þeim eftir þegar þeir skili veitingamanninum andvirði seldra veitinga. Þessi skilningur stefnda á ákvæðum kjarasamnings aðilja sé studdur af framlögðum yfirlýsingum í málinu frá öðrum veitingahúsum. Í bréfi frá Þórshöll hf., sem reki Þórcafé, dags. 20. mars 1984, segi: ,,Fyrirkomulag í Þórscafé er, að veitingahúsið telst eiga vörulager á börum. Það þýðir að framreiðslumaður hefur í laun samningsbundna prósentu af sölu, sbr. samning við Félag framreiðslumanna. Það er ekki um að ræða að framreiðslumaður eigi afgang umfram vörunotkun eða að honum beri að skila aðeins uppslætti af kassa. Laun framreiðslumanns eru 10,56% af sölu, hvorki meira né minna. Allir peningar, sem koma í kassann, eru eign veitingahússins og telst sala, sem framreiðslumaður dregur síðan til sín 10,56% af. Ef gestir gefa þjóni aukaþóknun, þá ber honum að halda þeim hluta aðskildum frá sölu hússins." Undir þessi orð taki stefndi og byggi hann á sömu túlkun á ákvæðum kjarasamningsins.

Sýknukröfu varðandi vanreiknað þjónustugjald styður stefndi þeim rökum að umrædd kvöld hafi ekki verið um ,,lokuð samkvæmi" að ræða skv. grein 1.1.3. í kjarasamningi, og beri stefnanda því ekki hin hærri prósentutala af matarsölu fyrir þau kvöld frekar en önnur kvöld. Upplýst sé með framburðum vitna í málinu að þessi umræddu kvöld hafi starfsfólk Borgarspítala annars vegar og Bæjarútgerðar Reykjavíkur hins vegar komið saman í veitingahúsinu og snætt kvöldverð. Á meðan á kvöldverði stóð hafi húsið verið lokað öðrum gestum, en að kvöldverðinum loknum, um kl. 23:30, hafi húsið verið opnað fyrir aðra gesti. Í málinu sé upplýst að á venjulegum kvöldum sé húsið hins vegar opnað um kl. 22:00, og gestir komi almennt ekki í húsið fyrr en um miðnætti. Þessi umræddu kvöld, þegar stórir starfshópar hafi komið og snætt kvöldverð frá kl. 19:00, hafi því ekki verið lokað nema fram að þeim tíma sem venjulegir gestir yfirleitt komi og hafi því í raun skapað meiri viðskipti og meiri aðsókn að húsinu en ella, og þar með meiri tekjur til stefnanda en venjuleg kvöld. Ákvæði kjarasamnings um hærra prósentugjald til framreiðslumanns í veislum og lokuðum samkvæmum sé byggt á þeirri forsendu að þar sé eingöngu um lokað samkvæmi að ræða og því minni aðsókn en ella. Því hafi alls ekki

verið til að dreifa umrædd kvöld í þessu máli, heldur hið gagnstæða, og eigi ákvæði þetta því ekki við. Reyndar hafi stefnanda við þessi tækifæri, sem og öðrum framreiðslumönnum hússins, verið greitt þjónustugjald af fullu miðaverði, sem ekki sé gert ef um einkasamkvæmi er að ræða. Venjan sé sú að draga frá miðaðverðinu ýmsa kostnaðarliði hússins, svo sem vegna hljómsveitar, fatagjalds, ræstingar o.fl. Samkvæmt útreikningum stefnda hefði þjónustugjald til stefnanda orðið minna en hann fékk ef áðurnefnd venja hefði verið notuð.

Niðurstaða.

Aðalkrafa stefnanda lýtur í fyrsta lagi að því að fá endurgreiddar fjárhæðir þær sem honum hafi verið gert að greiða stefnda vegna rýrnunar á áfengi á bar hans umfram hina samningsbundu 3% rýrnun.

Á engan hátt verður fallist á með stefnanda, að lög nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups hafi staðið í vegi fyrir því að stefndi gæti skuldajafnað rýrnun við greiðslur á þjónustugjaldi til stefnanda um hver mánaðamót. Stefnanda bar að standa veitingahúsinu skil á þeirri rýrnun á áfengisbirgðum á bar hans, sem hann gat enga skýringu gefið á, og var stefnanda það fullljóst frá upphafi. Rýrnunin var dregin af þjónustugjaldinu til hans þegar hann sjálfur kaus að greiða ekki rýrnunina sjálfur, eins og hann hefði allt eins getað gert. Eðli sínu samkvæmt bar stefnanda að greiða rýrnun til stefnda þegar í stað, og verður hvorki rýrnun á vörubirgðum jafnað til úttekta í lögum nr. 28/1930 né stöðu stefnanda jafnað til launþega þeirra sem lögunum var ætlað að ná til. Skuldajöfnun stefnda var því eðlileg og heimil.

Á engan hátt verður heldur fallist á með stefnanda að ósannað sé að hann hafi sjálfur borið ábyrgð á þeirri rýrnun á áfengisbirgðum sem í ljós kom við talningar. Talningar fóru fram á fyrirfram ákveðnum tíma og í samvinnu framreiðslumanns og veitingastjóra. Upplýst er að ágreiningur hafi verið jafnaður og skýringa hafi verið leitað ef mismunur kom í ljós. Af lýsingu á þessu fyrirkomulagi verður ekki annað séð en fulls réttar allra aðila hafi verið gætt, enda hafa ekki komið fram athugasemdir við það fyrr en nú. Eðlilegt er að forsvarsmenn veitingahússins hafi lykla að öllum vínbirgðum hússins, bæði á börum og birgðageymslum, og er á engan hátt í ljós leitt að rýrnun á bar stefnanda hafi stafað af því.

Enda þótt sú aðferð stefnda að gera upp þjónustugjald framreiðslumanna í lok hvers mánaðar með samþykki þeirra sé ekki sú aðferð sem tilgreind er í grein 1.6.1. í kjarasamningi hefur stefnandi á engan hátt sýnt fram á að þessi aðferð hafi skert kjör hans né annarra framreiðslumanna, þannig að til álita komi um kröfur í máli þessu.

Stefnandi hefur því ekki sýnt fram á að hann eigi rétt til endurgreiðslu

á fjárhæðum þeim sem hann greiddi stefnda með skuldajöfnuði vegna rýrnunar á áfengisbirgðum í hans meðförum, og verður sá liður aðalkröfu hans því ekki tekinn til greina.

Varakrafa stefnanda varðandi rýrnun á áfengisbirgðum í hans meðförum lýtur að því að stefndi hafi ranglega tekið af honum of mikla peninga vegna þess að framreiðslumönnum beri ekki að skila veitingamanni 3% af verði hverrar flösku af áfengi, sem þeir selja gestum og að framreiðslumenn eigi þessi 3% af verði áfengisflöskunnar skv. grein 1.6.4. í kjarasamningi.

Þessi skilningur stefnanda á ákvæðum kjarasamningsins fær ekki staðist. Grein 1.6.4. í kjarasamningi lýtur að áhættu vegna rýrnunar á áfengi í meðförum þess, og er þar áskilið að veitingamaðurinn taki á sig áhættu af 3% rýrnun, með þeirri aðferð sem þar er tilgreind. Þessi grein samningsins fjallar ekki um skil framreiðslumanns á andvirði veitinga sem hann hefur selt viðskiptavinum veitingahússins, heldur er um þau skil fjallað í grein 1.6.1., og þar berum orðum sagt að framreiðslumaður skili „andvirði veitinga" og engu öðru. Næði skilningur stefnanda fram að ganga væri því slegið föstu að samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins tilheyrði „rýrnun" á áfengi framreiðslumönnum og væri einhvers konar viðbótargreiðsla til þeirra, án þess að um rýrnun væri að ræða í raun og væri það andstætt ákvæðum kjarasamningsins.

Lögmaður stefnanda lagði áherslu á það í málflutningi að sanngirnissjónarmið miði að því að þessi varakrafa stefnanda nái fram að ganga, á þeim forsendum að ella fengi stefnandi ekki að njóta þess að stundum kæmi meira fé í kassann fyrir hið selda áfengi en ætti að koma.

Á þetta sjónarmið verður heldur ekki á nokkurn hátt fallist. Engin sanngirni leiðir til þess að hvetja framreiðslumenn á börum veitingahúsa til þess að í kassann komi meira fé en verð vörunnar gerir ráð fyrir.

Verður varakrafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Annar liður dómkröfu stefnanda lýtur að því sem hann telur vanreiknað þjónustugjald þegar starfshópar hafi komið í veitingahúsið og snætt kvöldverð áður en húsið var opnað almenningi, og slíkt eigi að telja „lokað samkvæmi" í skilningi greinar 1.1.3. í kjarasamningi.

Upplýst er í málinu að þessi umræddu kvöld hafi húsið verið opnað almenningi á þeim tíma sem almenningur venjulega kemur í húsið. Einnig er upplýst að aðalsala á áfengi á bar stefnanda hafi verið frá miðnætti til lokunar kl. 2:30, og að meiri sala sé þegar húsið opnar fyrr og fleiri komi fyrr en ella. Fæst því ekki séð að forsendur þær, sem taldar eru fyrir hinu hærra þjónustugjaldi í „lokuðum samkvæmum", þ.e. að slík samkvæmi færi framreiðslumönnum minni tekjur en venjuleg vinna þar sem húsakynni séu þar oft illa nýtt, eigi við hér. Umræddir starfshópar höfðu aðeins húsið fyrir sig á tíma, sem venjulega var ekki um gesti að ræða, og húsið var

síðan opnað á þeim tíma sem almenningur venjulega kom þangað. Verður því ekki á þennan lið kröfu stefnanda fallist.

Niðurstaða verður því sú að stefndi verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem ákveðst kr. 20.000,00.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Veitingashúsið Álfabakka 8 hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Gunnars Þórs Atlasonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 20.000,00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1986.

Nr. 301/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhann Kristni Þór Jónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. nóvember 1986, sem barst dóminum 12. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 11. nóvember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Af hálfu ákæruvaldsins hefur verið gerð sú krafa, að ákærða í máli þessu, Jóhanni Kristni Þór Jónssyni, sem með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 22. f.m. var gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 12. þ.m., verði áfram gert að sæta gæsluvarðhaldi til dómsuppsögu í máli þessu, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 14. janúar n.k. kl. 17:00. Er krafa ákæruvaldsins reist á 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir:

Ákærði hefur við yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og í sakadómi Reykjavíkur hinn 22. f.m. og nú við þingfestingu málsins játað að hafa, um hádegisbilið mánudaginn 6. f.m., ráðist á 54 ára gamla konu, Unni Fenger, þar sem hún var að hlúa að leiði í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu, og þröngvað henni með ofbeldi til holdlegs samræðis þar á leiðinu.

Brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga getur varðað fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt. Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laganna um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 ber að jafnaði að beita sökunaut gæsluvarðhaldi ef ætla má að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.

Með skírskotun til þessa og málsatvika þykir verða að taka kröfu ákæruvaldsins til greina og gera ákærða að sæta gæsluvarðhaldi til dómsuppsögu í máli þessu, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 14. janúar n.k., kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Jóhann Kristinn Þór Jónsson, sæti gæsluvarðhaldi til dómsuppsögu í málinu, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 14. janúar 1987, kl. 17:00.

Fimmtudaginn 20. nóvember 1986.

Nr. 187/1985. **Sigurður Ingi Svavarsson**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Opinberir starfsmenn. Frávikning úr starfi. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1985. Dómkröfur áfrýjanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 1.000.000,00 króna með ársvöxtum sem hér segir: 34% frá 9. mars 1982 til 1. nóvember 1982, 42% frá þeim degi til 21. september 1983, 35% frá þeim degi til 21. október 1983, 32% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% frá þeim degi til 1. september 1984, 17% frá þeim degi til stefnubirtingardags 26. október 1984, 27,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 34% frá þeim degi til 21. janúar 1985, 37% frá þeim degi til 11. maí 1985, 35% frá þeim degi til 21. ágúst 1985, 36% frá þeim degi til 21. nóvember 1985,með 39% ársvöxtum frá þeim degi og síðan með dómvöxtum til greiðsludags. Einnig er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með leyfisbréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 22. ágúst 1985.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum áfrýjanda og þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að tvær ástæður hafi verið til þess, að áfrýjanda var vikið úr starfi við vinnuhælið á Litla Hrauni, fyrst um stundarsakir 14. apríl 1981, en að fullu 9. mars árið eftir. Hin fyrri er sú, að hann hafi komið því til leiðar, að

kostnaður við 13 einkasímtöl hans hafi verið færður hælinu til gjalda. Af bréfum þeim, sem nefnd voru, verður ekki ráðið að þetta atriði hafi skipt máli varðandi stöðumissinn.

Í öðru lagi heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi misnotað síma vinnuhælisins í eigin þágu með því að fjarlægja læsingu og breyta símalínum og hringja þannig margsinnis sjálfvirk langlínusamtöl, sem honum voru óheimil, úr símatæki á varðstofu vinnuhælisins á kostnað þess. Opinbert mál var höfðað gegn áfrýjanda vegna þessa, en í því var hann sýknaður. Ekki verður talið að nægar sannanir séu komnar fram fyrir því að áfrýjandi hafi misnotað síma vinnuhælisins með þessum hætti.

Stöðumissirinn, sem mál þetta snýst um, var því óréttmætur, og ber stefnda að greiða áfrýjanda bætur samkvæmt 11. gr. 3. mgr. laga nr. 38/1954. Þykja þær hæfilega metnar 100.000,00 krónur.

Vaxtakröfu áfrýjanda fyrir Hæstarétti þykir eftir málflutningnum ekki eiga að skilja sem breytingu á kröfum hans í héraði. Þeirri kröfugerð, þar á meðal um upphafstíma vaxta, er ekki andmælt. Verða vextir af dæmdri fjárhæð ákveðnir þeir sem í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000,00 krónur.

Rétt er að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Sigurði Inga Svavarssyni, 100.000,00 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 34% frá 9. mars 1982 til 1. nóvember s.á., 42% frá þeim degi til 21. september 1983, 35% frá þeim degi til 21. október s.á, 32% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% frá þeim degi til 21. desember s.á, 21,5% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% frá þeim degi til 1. september s.á., 17% frá

þeim degi til 26. október s.á. og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 25.000,00 krónur í málskostnað í héraði. Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Guðmundar Ingva Sigurðsson hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júlí 1985.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 20. júní sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 26. október 1984 af Sigurði Inga Svavarssyni, nnr. 7906-4440, iðnverkamanni, Hátúni 6, Reykjavík, gegn fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi greiði bætur vegna óréttmætrar brottvikningar úr starfi að fjárhæð kr. 1.000.000,00 með 34% ársvöxtum frá 9. mars 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þ.d. til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þ.d. til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þ.d. til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þ.d. til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þ.d. til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þ.d. til 1. september s.á., 17% ársvöxtum frá þ.d. til 26. október s.á., en með dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins, en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla.

Sáttaumleitanir báru ekki árangur.

Mál þetta höfðar stefnandi til greiðslu bóta vegna þess að honum hafi verið vikið úr stöðu fangavarðar að Litla-Hrauni, sem hann hafi verið skipaður til að gegna, án sakar. Hann hafi fyrst hafið þar störf sem matsveinn vorið 1974, en verið ráðinn fangavörður árið 1975 og skipaður fangavörður með bréfi útgefnu af dómsmálaráðherra 2. mars 1978. Hann hafi verið settur varðstjóri í veikindaforföllum Steins Einarssonar varðstjóra frá 1. nóvember 1980 til 1. júní 1981 og gegnt því starfi þar til hann hafi verið leystur frá störfum um stundarsakir með bréfi dómsmálaráðuneytis dags. 14. apríl 1981 í framhaldi af kæru tveggja fangavarða um að hann hafi misnotað síma vinnuhælisins. Ráðuneytið hafi ákveðið að óska eftir opin-

berri rannsókn varðandi þetta meinta misferli og hafi hann verið leystur frá störfum meðan rannsókn málsins færi fram. Í framhaldi af lögreglurannsókninni hafi verið gefin út ákæra á hendur honum „fyrir að hafa, í fyrrgreindu starfi sínu, í febrúar og marsmánuði 1981, misnotað síma vinnuhælisins í eigin þágu með því að fjarlægja læsingu og breyta símalínum og hringja þannig margsinnis sjálfvirk langlínusamtöl, sem honum voru óheimil, úr símtæki á varðstofu hælisins og á kostnað þess."

Að lokinni dómsrannsókn hafi dómur gengið í sakadómi Árnessýslu hinn 26. febrúar 1982, þar sem stefnandi hafi verið fundinn sekur um brot á 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hafi hlotið þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Þessu hafi stefnandi ekki viljað una og áfrýjað dómnum til Hæstaréttar sem hafi með dómi uppkveðnum 11. maí 1983 sýknað stefnanda af kröfum ákæruvaldsins og fellt á ríkissjóð sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hafi stefnanda verið vikið endanlega úr starfi í mars 1982 og hafi hann ekki notið launa síðan, en hálfum launum hafi hann haldið þangað til. Eftir sýknudóm Hæstaréttar hafi hann sóst eftir að fá starf hjá ríkinu að nýju og lögmaður hans hafi farið fram á að hann fengi launatapið frá 14. apríl 1981 greitt, en öllu slíku hafi verið synjað.

Stefnandi haldi því fram að þar sem hann hafi með dómi Hæstaréttar verið sýknaður af þeim sökum sem á hann hafi verið bornar, þá beri að líta svo á að honum hafi án sakar verið vikið úr stöðu sem hann hafi verið skipaður í, og því eigi hann rétt á að bera mál sitt undir dómstóla og fá bætur fyrir óréttmæta frávikningu. Skilyrði þess að honum yrði vikið úr starfi sé að fram komi full sönnun fyrir misferli í starfi sem réttlætt gæti brottvikningu. Að dómi Hæstaréttar hafi slík sönnun ekki verið fyrir hendi. Lagarök stefnanda séu í 11. gr. og 4. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stefnandi bendir á að brottvikning hans hafi verið ólögmæt af tveimur ástæðum, í fyrsta lagi hafi ekki verið formlega rétt að henni staðið og í öðru lagi hafi hann ekki gerst sekur um misferli. Um hið fyrra segir stefnandi að í 7. gr. laganna sé kveðið á um áminningu sem beita beri, en það hafi ekki verið gert, heldur hafi stefnanda verið vikið umsvifalaust. Dómar Hæstaréttar hafi byggt á þessari reglu um formlega ágalla á uppsögn, t.d. 1972 á bls. 920 og 1981 á bls. 834.

Auk hins formlega ágalla hafi brottvikningin verið ólögmæt þar sem hann hafi ekki verið sekur um ávirðingar. Hæstiréttur hafi í dómi sínum slegið þessu föstu, og réttarverkanir dómsins séu þær að stefnandi sé saklaus af öllum ávirðingum. Sönnunarbyrði hvíli á stefnda um hið gagnstæða og allur vafi sé stefnanda í hag að þessu leyti. Þegar héraðsdómurinn sé

skoðaður, en þar hafi stefnandi verið sakfelldur, sé ljóst að sönnunarfærsla hans hafi verið óeðlileg og vafasöm, enda hafi henni verið hnekkt í Hæstarétti. Héraðsdómurinn hafi byggst á því að einhver hafi losað skrúfur í lásnum, skrefafjöldi hafi aukist, skrefafjöldi pantaðra símtala sé jafn, og ályktað af þessu að aukning hafi orðið á langlínusamtölum fram hjá lás. En slík ályktun sé ekki rétt, aðrir þættir geti þar komið inn, t.d. aukning á símtölum innan svæðisins. Vitnum beri ekki saman og í ljós sé leitt að helsta vitnið, Sigurjón Einarsson, hafi samkvæmt framlögðu læknisvottorði haft minnkandi sjón og heyrnargetu á þessum tíma.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því að frávikning stefnanda að fullu úr stöðu fangavarðar hafi í hvívetna verið lögmæt og réttmæt. Stefndi vísar alfarið á bug þeim málatilbúnaði stefnanda að réttaráhrif sýknudóms Hæstaréttar af broti gegn 139. gr. alm. hgl. séu þau að stefnandi eigi bótarétt vegna frávikningarinnar.

Stefndi mótmælir sem of seint fram kominni við munnlegan málflutning málsástæðu stefnanda byggðri á formgalla brottvikningar, þ.e. að stefnandi hafi ekki hlotið áminningu áður. Ex tuto heldur stefndi því fram að áminningar hafi ekki verið þörf eins og á stóð.

Stefndi bendir á að af framlögðum dómsskjölum, sem varði rannsókn á máli stefnanda hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi, megi ljóst vera að næg gögn hafi komið fram um alvarlegt misferli stefnanda í starfi. Stefnandi hafi verið grunaður um misferli með síma vinnuhælisins nr. 99-3105, en lás hafi verið settur á þann síma 30. júní 1980 þannig að símtöl til annarra staða en Stokkseyrar og Eyrarbakka hafi eftir það þurft að panta gegnum símstöðina á Selfossi sem hafi skráð öll símtöl og hver tali hverju sinni. Stefnandi hafi verið grunaður um að hafa talað símtöl framhjá lásnum og einnig að hafa fært stofnuninni til reiknings einkasímtöl sín sem hann hafi pantað gegnum símstöð. Hvort tveggja hafi verið rannsakað að hætti opinberra mála, og hafi rannsóknin um það atferli stefnanda að hafa talað framhjá lásnum með sérstökum tilfæringum leitt til þess að opinbert mál hafi verið höfðað gegn stefnanda fyrir brot gegn 139. gr. alm. hgl. Stefnandi hafi verið sakfelldur í sakadómi Árnessýslu en naumlega sýknaður af ákæruatriði í Hæstarétti vegna eindreginnar neitunar sinnar, fyrir áhrif þeirrar reglu opinbers réttarfars að sérhver vafi túlkist sakborningi í hag.

Stefndi leggi áherslu á, að í 7. gr. og 8. gr. laga nr. 38/1954 felist ekki að það sé skilyrði fyrir að víkja manni endanlega úr starfi, sem veitt hefur verið lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur, að hann verði fundinn sekur með dómi. Fullnaðardómur um sekt í refsimáli þurfi ekki að koma til, enda sé refsidómur byggður á allt öðrum forsendum en þeim sem 7. og 8. gr. laganna geri ráð fyrir. Þess vegna standist ekki sá skilningur stefn-

anda að hann geti átt bótarétt skv. 11. gr. laganna vegna þess að hann hafi verið dæmdur sýkn í Hæstarétti. Gerólíkar réttarreglur gildi um málsmeðferð í þessu máli og málsmeðferð í refsimálinu. Dómur Hæstaréttar í máli stefnanda hafi heldur ekki þau réttaráhrif í þessu máli að með honum sé sannað að grunsemdir stjórnvalda um að stefnandi hafi hringt fjölda langlínusamtala framhjá lásnum hafi ekki verið á nægum rökum reistar og brottvikning hans því óréttmæt.

Stefndi bendir á að ef skoðun stefnanda fengi staðist, þá myndi slíkt leiða til stórkostlegrar mismununar opinberra starfsmanna, sem vikið er úr starfi, í bótaréttarlegu tilliti. Þeir sem grunaðir væru um refsivert athæfi og ákærðir nytu þeirrar aðstöðu að ríkari kröfur væru gerðar til sönnunar fyrir háttsemi sem þeir væru bornir en þeir sem vikið væri úr starfi vegna háttsemi sem ekki er að lögum refsiverð. Sjónarmið stefnda sé að meta eigi sjálfstætt og skv. meginreglum einkamálalaga í málinu gögn sem færð hafa verið fram um að stefnandi hafi hringt framhjá lásnum og réttmæti þeirrar ákvörðunar stjórnvalda á grundvelli laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að víkja stefnanda að fullu úr stöðu fangavarðar.

Stefnandi hafi gegnt stöðu varðstjóra í veikindaforföllum frá 1. nóvember 1980 uns honum var vikið úr starfi tímabundið hinn 14. apríl 1981. Undir verksvið hans hafi heyrt m.a. símavarsla á varðstofu á síma 99-3105, sem sá sími þjóni sem nokkurs konar skiptiborð í vinnuhælinu. Fangaverðirnir Rúnar Kristjánsson og Sigurjón Einarsson hafi borið vitni um að þeir hefðu orðið varir við að stefnandi hringdi sjálfur allnokkrum sinnum í 7 stafa númer úr símanum, en slíkt hafi ekki átt að vera unnt nema farið sé framhjá lásnum. Ennfremur að þeir hefðu oft tekið eftir því í febrúar og mars 1981 að ekki heyrðist bjölluhljóð í símanum þegar stefnandi hringdi en eftir að símanum var læst hafi slíkt bjölluhljóð heyrst þegar hringt var. Símvirki hafi vottað að auðvelt hafi verið að tengja framhjá símlásnum með því að losa tvær skrúfur í tengiboxi og setja línuna að lásnum við skrúfurnar. Í vottorði komi fram að þessar tvær skrúfur hafi auðsjáanlega verið hreyfðar meira en aðrar. Í vottorði um símlásinn komi fram að mjög auðvelt sé að brjóta lásinn upp og þá sé hægt „með smá fikti að komast upp á lag með að sveifla hann og þá virkar hann eins og opinn." Símlásinn og tengiboxið sé hvort tveggja staðsett undir símaborðinu sem varðstjóri situr við og hafi áðurgreind vitni bæði borið að þau hafi séð stefnanda bogra undir borðið allnokkrum sinnum þegar hann var að hringja. Í vitnaframburðum í málinu hafi og komið fram einróma álit allra að símnotkun stefnanda hafi verið geipimikil og mikið um persónuleg símtöl hans. Þetta hafi stefnandi sjálfur viðurkennt hér fyrir dómi í máli þessu. Aukning á skrefanotkun á varðstofusímanum hafi orðið veruleg á þeim

tíma sem stefnandi var varðstjóri, 500 til 1400 skref á hverjum mánuði en skyndilega fækkun síðan þegar stefnandi vék úr starfi. Skýrslur um símnotkun stefnanda í eigin þágu sýni að hans símtölum í gegnum símstöð hafi fækkað stórlega og það stangist á við framburði um mikla símnotkun hans. Allt bendi þetta til að stefnandi hafi hringt langlínusamtöl framhjá símlásnum, og slíkt hafi verið ámælisvert og frávikning hans því lögmæt og réttmæt. Í því efni skipti engu þótt skilyrði til þess að sakfella stefnanda fyrir brot gegn 139. gr. alm. hgl. væru ekki uppfyllt að dómi Hæstaréttar.

Niðurstaða:

Stefnanda var ekki veitt áminning og ekki gefinn kostur á að bæta ráð sitt áður en honum var veitt lausn um stundarsakir frá varðstjórastarfi sínu vegna grunsemda um misferli með síma vinnuhælisins að Litla Hrauni. Hann hefur alla tíð þvertekið fyrir að hafa misfarið með símann á þann hátt sem hann var ákærður fyrir og dæmdur í sakadómi Árnessýslu. Gegn þessari eindregnu neitun stefnanda var í dómi Hæstaréttar talið varhugavert að telja sannað að hann hafi gerst sekur um atferli það sem honum var gefið að sök og var hann sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Eins og á stóð þegar yfirmönnum og stjórn vinnuhælisins var sagt frá gruni um atferli stefnanda og vegna eðlis verknaðarins og vegna neitunar stefnanda þegar í upphafi, var ekki ástæða til þess að veita honum áminningu.

Fallast ber á með stefnda að sýknudómur Hæstaréttar í sakamáli á hendur stefnanda hafi ekki þau réttaráhrif í þessu máli að sannað sé að grunur stjórnvalda um að stefnandi hafi misfarið með síma vinnuælisins með því að hringja framhjá lásnum hafi ekki verið á nægum rökum reistar og að brottvikningin hafi af þeim sökum verið óréttmæt. Enda er ekki skilyrði í 7. og 8. gr. laga nr. 38/1954 fyrir að víkja manni endanlega úr starfi, sem veitt hefur verið lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur, að hann verði fundinn sekur fyrir dómi.

Einnig ber að fallast á með stefnda að þegar við lok lögreglurannsóknar hafi verið fram komin nægileg gögn um að stefnandi hafi talað framhjá símlásnum til þess að honum væri þá veitt lausn að fullu, þar sem rannsóknin benti til þess að stefnandi hafi framið verknað ekki eðlislega óskyldan þeim sem fangar afplánuðu dóma fyrir í fangelsinu. Ekkert kom síðar fram í dómsmálum, sem benti til annars. Verður því að telja frávikningu stefnanda að fullu úr stöðu fangavarðar lögmæta og réttmæta, og að stefnandi eigi ekki bótarétt á hendur stefnda vegna hennar. Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda en af öllum atvikum er rétt að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Inga Svavarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 21. nóvember 1986.

Nr. 162/1985. **Borgarverk h/f**
gegn
skiptaráðandanum í Kópavogskaupstað
f.h. Þrotabúsins Mekors h/f

Verksamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1985. Hann krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 135.080,00 krónur með ársvöxtum þannig: 45% frá 1. janúar 1983 til 21. september s.á., 37% frá þeim degi til 21. október s.á., 36% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., en síðan með mánaðarvöxtum þannig: 3,75% frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1.mars 1986, 2,75% frá eim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði skiptaréttar Kópavogskaupstaðar 16. október 1985 var bú Mekors h/f tekið til gjaldþrotaskipta. Tók skiptaráðandi við aðild málsins fyrir hönd félagsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti greinir aðila á um það, hvort til skuldajafnaðar móti viðurkenndri kröfu áfrýjanda 135.080,00 krónum megi koma reikningar vegna framkvæmda við vegagerð samtals að fjárhæð 184.114,30 krónur og mismunurinn 49.034,30 krónur til sjálfstæðs dóms. Reikningarnir eru fyrir eftirfarandi:

1.	Hreinsun rasta af vegi á Hrútafjarðarhálsi	kr.	4.289,30
2.	Völtun á undirlagi vegar á Hrútafjarðarhálsi	"	11.040,00
3.	Flutning tækja úr Hrútafirði í Hvalfjörð	"	24.292,00
4.	Völtun á undirlagi vegar í Hvalfirði	"	4.089,00
5.	Viðgerð á klæðningu vegar við Ferstiklu í Hvalfirði	"	17.720,00
6.	Vanreiknað endurgjald fyrir verk í Melasveit	"	20.935,00
7.	Vanreiknað endurgjald fyrir verk í Hvalfirði	"	92.371,00
8.	Viðgerð á klæðningu vegar í Höfnum	"	9.378,00
		Samtalskr.	184.114,30

Reikningar samkvæmt tl. 1. og 2.

Stefndi byggir þessar kröfur á því, að áfrýjandi hafi vanefnt að ljúka verki sínu á Hrútafjarðarhálsi í samræmi við útboðsgögn. Hafi hann því þurft þar úr að bæta með þeim kostnaði sem reikningarnir sýna. Af málsgögnum sést að völtunin er framkvæmd dagana 17. - 20. ágúst 1982. Þeirri staðhæfingu framkvæmdastjóra áfrýjanda, að verkið hafi verið tekið út af eftirlitsmanni Vegagerðar ríkisins 17. ágúst, hefur ekki verið hnekkt. Á verkfundi málsaðilja með fyrirsvarsmönnum Vegagerðarinnar 19. ágúst er bókað: „Jöfnun er lokið á Hrútafjarðarhálsi. Borgarverk hefur lokið störfum á svæðinu." Hvorki hefur stefndi sýnt fram á að hann hafi unnið verk sín að beiðni áfrýjanda né hann hafi um þau vitað fyrr en að reikningunum var framvísað 22. nóvember 1982. Gegn andmælum áfrýjanda, sem mótmælir reikningunum sem röngum, þykir skorta sönnun fyrir réttmæti þeirra. Ber því að sýkna áfrýjanda af greiðslu þeirra.

Reikningur samkvæmt 3. tl.

Kröfu þessa fékk stefndi framselda frá Hegranesi h/f. Hann telur að áfrýjandi hafi í heimildarleysi rift samningnum um framkvæmdirnar við Hvalfjarðarveg og Melasveitarveg og valdið því, að félagið flutti tæki og mannafla suður þangað að ófyrirsynju.

Samkvæmt samningi átti verkinu að vera lokið 1. september 1982, en svo var eigi. Á verkfundi Hegraness h/f með áfrýjanda og Vegagerð ríkisins 8. september var upplýst af þess hálfu, að tækin og mannaflinn yrðu flutt úr Húnavatnssýslum suður 10. september og sópun byrjaði næsta dag. Var við það miðað að framkvæmdir við lögn efra slitlags hæfust 15. september. Er tækin voru ekki komin á greindum tíma kvaddi verkfræðingur Vegagerðarinnar, Björn Ólafsson, framkvæmdastjóra áfrýjanda, Sigvalda Arason, á sinn fund og krafðist tafarlausra efnda á samningi þeirra. Bauð hann jafnframt fram vinnuflokk til að ljúka verkinu. Í vætti Björns fyrir héraðsdómi kemur fram, að klæðninguna verður að leggja við ákveðin veðurskilyrði og með því að liðið var á septembermánuð hafi Vegagerðin verið mjög uggandi að komið væri „á seinasta snúning að gera þetta". Þá kemur fram það álit hans að eigi hafi mátt dragast að leggja slitlagið til þess að forða „þessum mannvirkjum frá eyðileggingu". Hegranes h/f flutti tæki sín ekki suður fyrr en 22. september og ekki er fram komið að fyrirsvarsmenn félagsins hafi eftir 8. september haft samband við áfrýjanda eða Vegagerðina um það hvenær þeir hygðust ljúka verkinu að öðru leyti en því að þeir settu fram þá hugmynd að verða leystir undan því. Vegna þeirra aðstæðna, sem nú hefur verið lýst, mátti undirverktakanum, Hegranesi h/f, vera ljóst, að ekki var því að treysta að áfrýjandi og Vegagerðin teldu sér fært að bíða eftir efndum hans á samningnum ekki síst fyrir þá sök að tímaáætlanir hans frá verkfundinum 8. september höfðu brugðist og ekki er fram komið að hann hafi sýnt vilja á að bæta úr. Var það því óvarlegt af honum eins og á stóð að flytja tækin suður án þess áður að hafa samráð við aðalverktakann um það. Þykir því ekki eiga að taka kröfu þessa til greina.

Reikningur samkvæmt 4. tl.

Reikningur þessi er sagður fyrir völtun á undirlagi á Hvalfjarðarvegi dagana 9/7, 10/7, 26/7, 27/7 og 29/7 1982. Gegn andmælum

áfrýjanda þykir ekki nægilega sannað að honum beri að greiða þennan reikning.

Reikningur samkvæmt 5. tl.

Hér greinir málsaðilja á um það hvort orsök bilunar á klæðningu vegarins við Ferstiklu sé heldur að rekja til galla á undirlaginu eða klæðningunni sjálfri. Verður eigi af skýrslum þeirra fyrir héraðsómi ráðið hvort heldur muni vera. Verkfræðingur Vegagerðarinnar, Björn Ólafsson, var um þetta spurður í héraðsdómi. Hann taldi orsökina frekar hafa verið bilun í undirlagi en klæðningu. Þykir verða við það að miða og staðfesta úrlausn héraðsdóms um þennan kröfulið.

Reikningar samkvæmt 6. og 7. tl.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um þessa kröfuliði með tilvísun til forsendna hans.

Reikningur samkvæmt 8. tl.

Hér greinir frá viðgerð klæðningar á fjórum stöðum á Hafnavegi 26. júní 1982. Áfrýjandi mótmælir kröfu þessari. Ekki þykir úrlausn þessa atriðis verða byggð á framburði Björns Ólafssonar verkfræðings fyrir héraðsdómi. Að svo komnu þykir stefndi ekki hafa rennt þeim stoðum undir kröfulið þennan að hann verði tekinn til greina.

Samkvæmt framanrituðu verður krafa áfrýjanda 135.080,00 krónur tekin til greina að frádregnum kröfuliðum 5 - 7 samtals 131.026,00 krónum eða 4.054,00 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, skiptaráðandinn í Kópavogskaupstað f.h. þrotabús Mekors h/f, greiði áfrýjanda, Borgarverki h/f, 4.054,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 1. janúar 1983 til 23. júní s.á. og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 31. maí 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 22. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 23. júní 1983 af Borgarverki hf., Sólbakka 17 - 19, Borgarnesi,nnr. 1380 - 3773 gegn Mekor hf., Auðbrekku 55, Kópavogi, nnr. 6568 - 3504 til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 135.080,00 ásamt 45% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. janúar 1983 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar eftir mati réttarins. Til vara er krafist lægri vaxta, þ.e.hæstu vaxta er lög heimila á hverjum tíma. Af hálfu stefnda Mekors hf. er krafist sýknu vegna skuldajafnaðar.

Með stefnu útgefinni 31. október 1983 og birt var 1. desember sama ár höfðar Mekor hf. mál fyrir bæjarþinginu á hendur Borgarverki til greiðslu á kr. 144.051,30 ásamt 45% ársvöxtum frá 1. janúar 1983 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ. Þá er af hálfu gagnstefnanda krafist málskostnaðar vegna úrskurðar sem kveðinn var upp þann 7. febrúar 1985 varðandi sameiningu málanna en málflutningur fór fram um þann þátt málsins 4. febrúar sama ár.

Af hálfu gagnstefnda er krafist sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar að mati réttarins.

Aðalstefnandi byggir kröfu sína að fjárhæð kr. 135.080,00 á því að hann hafi unnið sem verktaki fyrir aðalstefnda við vegagerð í Húnavatnssýslu frá 4. ágúst 1982 til 3. september sama ár, en aðalstefndi hafi verið verktaki hjá Vegagerð ríkisins. Krafa aðalstefnanda er þannig sundurliðuð: vinna mælingamanns kr. 70.925,00, heflun vegarkafla kr. 43.636,00 og leiga á bifreið kr. 20.519,00. Reikningi aðalstefnanda, sem er viðurkenndur réttur af hálfu aðalstefnda, fylgja vinnuseðlar og eru þeir staðfestir af Ólafi Gunnarssyni, starfsmanni aðalstefnda.

Kröfur gagnstefnanda að fjárhæð kr. 279.131,30, þ.e. skuldajafnaðarkrafa að fjárhæð kr. 135.080,00 og krafa til greiðslu á kr. 144.051,30, er byggð á reikningum Hegraness hf. á hendur gagnstefnda Borgarverki hf. en reikningar þessir hafi orðið eign Mekors hf. við uppgjör Hegraness hf. og Mekors hf.

Samkvæmt tveimur verksamningum hafi Hegranes hf. annars vegar tekið að sér að vinna sem undirverktaki í verki sem Borgarverk hf. tók að sér fyrir Vegagerð ríkisins á Suðvesturlandi og Borgarverk hf. hins vegar tekið að sér að vinna sem undirverktaki í verki sem Mekor hf. tók að sér að vinna fyrir Vegagerð ríkisins í Húnaþingi. Verk þessi skyldu unnin í báðum

tilfellum í samræmi við útboðsgögn og þeim skilað fullbúnum í hendur verkkaupa. Í verksamningi Borgarverks hf. og Hegraness hf. er tekið fram að Hegranes hf. taki að sér að leggja klæðningu á vegarkafla Hafnavegar, Vatnsleysustrandarvegar, Hvalfjarðarvegar og Melasveitarvegar ásamt flutningi á efni á síðast talda veginn. Þá er einnig tekið þar fram að komið hafi til tals að Vegagerð ríkisins láti aðeins leggja eitt lag á Vatnsleysustrandarveg og fái verktaki greitt fyrir eitt lag í samræmi við þá skiptingu kostnaðar sem um semjist við Vegagerð ríkisins en það verði væntanlega 55 - 60% af verði tvöfaldrar klæðningar. Í verksamningi Mekors hf. og Borgarverks hf. er tekið fram að Borgarverk hf. taki að sér vinnu við gerð burðarlags og frágang yfirborðs þess undir slitlag í vegarköflum í Miðfirði og Vatnsdal.

Reikningar gagnstefnanda eru byggðir á því að gagnstefndi hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt tilgreindu samkomulagi. Gagnstefnandi segir reikninga þessa þannig til komna: Gagnstefndi hafi vanefnt að skila vegarköflum á Hrútafjarðarháls fullbúnum og í samræmi við útboðsgögn. Gagnstefnandi hafi því sjálfur þurft að vinna þau verk sem á vantaði, þ.e. hreinsun á röstum og völtun á undirlagi. Þetta hafi gagnstefnandi gert að kröfu Vegagerðar ríkisins og að beiðni gagnstefnda. Reikningar fyrir þessi verk eru að fjárhæð kr. 4.289,30 og 11.040,00.

Þá hafi gagnstefndi rofið samning við Hegranes hf. vegna lagningar seinna lags á vegarkafla í Hvalfirði og í Melasveit. Gagnstefnandi heldur því fram að komið hafi til tals milli forsvarsmanna samningsaðila að leysa Hegranes hf. frá umræddu verki en frá því hafi þó ekki verið gengið með neinum formlegum hætti. Því hafi Hegranes hf. flutt tæki og mannafla frá Hrúafirði í Hvalfjörð til þess að vinna verkið enda hafi bæði starfsmönnum og forsvarsmönnum Hegraness verið ókunnugt um samningsrofin. En er þangað kom hafi vinnuflokkur frá Vegagerð ríkisins þegar hafið þar framkvæmdir á verkþætti Hegraness að beiðni gagnstefnda. Reikningur vegna flutnings er að fjárhæð kr. 24.292,00 og reikningur vegna samningsrofs kr. 67.983,00, sem er 15% af óunnu verki.

Í Hvalfirði hafi gagnstefndi dreift möl á miðju vegar vegna skemmda á neðra lagi klæðningar. Þessu hafi verið ójafnt dreift og því hafi Hegranes hf. þurft að hreinsa og sópa sem gagnstefndi hafi átt að gera. Reikningur vegna þessa er að fjárhæð kr. 21.877,00. Ennfremur hafi Hegranes hf. dreift möl á veginn eftir að útlögn lauk vegna þess að hröð og mikil umferð hafi áður hreinsað möl úr slitlaginu. Reikningur fyrir verkið er að fjárhæð kr. 5.157,00.

Reikningur fyrir völtun á undirlagi í Hvalfirði að fjárhæð kr. 4.089,00 sé þannig til kominn að þetta verk hafi Hegranes hf. unnið í samráði og að beiðni verkstjóra hjá gagnstefnda. Þá hafi Hegranes hf. gert við klæðn-

ingu við Ferstiklu I og II vegna bilunar í undirlagi og er reikningur vegna viðgerðar kr. 17.720,00.

Vegna breytinga á verkframkvæmd í Melasveit og í Hvalfirði greiddi gagnstefndi Hegranesi hf. 50% heildarverðs en Hegranes lagði einungis eitt lag klæðningar vegna þessara breytinga í stað tveggja. Gagnstefnandi telur að fyrir lagningu fyrsta lags klæðningar hafi gagnstefnda borið að greiða 60% af heildarverði enda hafi verið gert upp vegna Vatnsleysustrandarvegar þannig, að greitt var 60% af heildarverði fyrir eitt lag klæðningar. Reikningar gagnstefnanda vegna þessa mismunar eru að fjárhæð kr. 20.935,00 vegna vegarklæðningar í Melasveit og kr. 92.371,00 vegna sama í Hvalfirði. Loks er reikningur gagnstefnanda vegna viðgerðar á fyrsta lagi klæðningar vegna galla í burðarlagi vegar í Höfnum og er hann að fjárhæð kr. 9.378,00.

Gagnstefndi hefur mótmælt öllum framangreindum reikningum gagnstefnanda. Reikningar þessir hafi hvorki verið samþykktir né áritaðir af sinni hálfu. Þeir hefðu fyrst komið fram þann 22. nóvember 1982 eða eftir að gagnstefndi hafi gert upp við Vegagerð ríkisins. Ekki hafi farið fram mat eða skoðun á þeim verkum sem gagnstefnandi teldi vanefnd af hálfu gagnstefnda.

Gagnstefndi heldur því fram að hann hafi endanlega lokið sinni vinnu á Hrútafjarðarhálsi og liggi það fyrir í fundargerð Vegagerðar ríkisins frá 19. ágúst 1982. Því séu reikningar gagnstefnda varðandi vegagerð á því svæði sér óviðkomandi.

Þá hefur gagnstefndi mótmælt því að honum bæri að bæta gagnstefnanda nokkurt tjón vegna þess að gagnstefnandi lagði ekki seinna lag klæðningar á Hvalfjarðarströnd. Gagnstefndi hafi óskað eftir því við Vegagerð ríkisins á fundi þann 14. september 1982 að hún léti honum í té tæki og mannafla til að ljúka þessu verki þar sem ekki þótti nægjanlega ljóst að Hegranes hf. stæði við að ljúka verkinu í tæka tíð enda hafi verkinu átt að ljúka fyrir 1. september það ár en hvorki tæki né mannafli frá Hegranesi hf. komin á staðinn er fundur þessi var haldinn. Af hálfu gagnstefnda er því haldið fram að af hans hálfu hafi Birni Einarssyni, fyrirsvarsmanni Hegraness hf., verið gerð grein fyrir þessari ráðstöfun fyrst með símtali sama dag og síðan á fundi þeirra næsta dag. Verkið hafi verið tekið af Hegranesi hf. þar sem Vegagerð ríkisins hafi ekki getað sætt sig við frekari tafir á verkinu enda allra veðra von á þessum árstíma.

Gagnstefndi hefur mótmælt því að honum bæri að greiða kostnað vegna hreinsunar og sópunar á malarhaugum í Hvalfirði. Þar hafi komið fram bilun í miðju vegar á klæðningu af völdum umferðar og því hefðu starfsmenn gagnstefnda sett möl á veginn fyrir beiðni Björns Einarssonar.

Varðandi aukadreifingu á möl í Hvalfirði sbr. dskj. nr. 8 í gagnsök

heldur gagnstefndi því fram að vöntun á möl stafi af galla sem fram hafi komið í verkþætti Hegraness hf. Ekki hafi gagnstefndi beðið Hegranes hf. um völtun á undirlagi samkvæmt dskj. nr. 9 í gagnsök.

Viðgerð á klæðningu við Ferstiklu I og II hafi verið vegna bilunar á verkþætti Hegraness hf.

Varðandi reikning á dskj. nr. 13 í gagnsök kannast gagnstefndi ekki við að um hafi verið að ræða galla í burðarlagi í Hafnavegi.

Loks hefur gagnstefndi mótmælt því að honum bæri að greiða gagnstefnanda 60% heildarverðs fyrir gerð fyrsta lags klæðningar í Melasveit og í Hvalfirði enda hafi hann aldrei fallist á slíkt uppgjör. Ástæðan fyrir því að ákveðið var að leggja eitt lag sé m.a. sú að Hegranes hf. hafi vanefnt að ljúka verkinu á umsömdum tíma.

Niðurstöður.

Því er haldið fram af hálfu gagnstefnda að reikningar Hegraness hf. á hendur honum hafi hvorki verið samþykktir né áritaðir af sinni hálfu. Reikningar þessir væru of seint fram komnir. Þá hafi ekki farið fram mat eða skoðun á þeim verkum sem talin voru vanefnd af gagnstefnda og krafa væri gerð um bætur fyrir af hálfu gagnstefnanda. Dómurinn lítur svo á að engin þessara röksemda leiði til þess að líta verði á reikninga þessa sem óréttmæta. Kröfur gagnstefnanda máls þessa á hendur gagnstefnda þykir rétt að taka til greina svo sem nú verður rakið.

Hreinsun á röstum og völtun á undirlagi á Hrútafjarðarhálsi sbr. dskj.nr. 3 og 4 í gagnsök tilheyrir þeim verkþætti sem gagnstefndi tók að sér að vinna með samkomulagi málsaðila. Þykir það engu breyta í því efni þótt úttekt Vegagerðar ríkisins hafi farið fram er verkið var unnið af gagnstefnanda. Kröfur gagnstefnanda að fjárhæð kr. 4.289,30 og kr. 11.040,00 verða því teknar til greina.

Varðandi flutning á úthaldi úr Hrútafirði og í Hvalfjörð sbr. dskj. nr. 5 í gagnsök hefur gagnstefndi haldið því fram að flutningur þessi hafi farið fram eftir að verkþáttur Hegraness hf. hafi verið felldur niður.

Dómurinn lítur svo á með vísan til þess sem fram hefur komið í málinu að gagnstefnda hafi ekki tekist að sanna gegn eindregnum mótmælum gagnstefnanda að Hegranesi hafi með formlegum hætti verið gert ljóst að til riftunar hafi komið. Drög að samkomulagi á dskj. 20 í gagnsök og umræður um það staðfesta þetta frekar. Ber því að taka til greina kröfu gagnstefnanda að fjárhæð kr. 24.292,00.

Krafa gagnstefnanda sbr. dskj. nr. 6 í gagnsök er byggð á því að hann hafi orðið fyrir fjártjóni og miska vegna samningsrofs gagnstefnda svo sem nánar er rakið hér að framan. Ekki þykir gagnstefnandi hafa sýnt fram á að tjón hans vegna þessa hafi orðið meira en það sem tildæmt er hér

að framan vegna flutnings á úthaldi. Þykja því ekki efni til að dæma sérstakar bætur að þessu leyti hvorki fyrir fjártjón né miska.

Krafa gagnstefnanda um greiðslu fyrir hreinsun og sópun á vestasta hluta vegar í Hvalfirði sbr. dskj. nr. 7 í gagnsök er vegna malar sem gagnstefndi lét dreifa á veginn. Var verk þetta unnið að beiðni Hegraness hf. og á ábyrgð þess. Þykir því ekki rétt að taka þessa kröfu gagnstefnanda til greina. Reikning gagnstefnanda vegna aukadreifingar á möl sbr. dskj. nr. 8 í gagnsök segir hann tilkominn vegna óheftrar umferðar um veginn sem gagnstefndi beri ábyrgð á sem aðalverktaki. Eigi þykir gagnstefnandi hafa sannað gegn mótmælum gagnstefnda að vöntun á möl stafi eingöngu af umferðarþunga og ekki einhverju öðru svo sem blæðinga sem til væru komnar vegna of lítillar malar í upphaflegri klæðningu. Þykir því ekki rétt að taka kröfu þessa til greina.

Krafa gagnstefnanda fyrir völtun á undirlagi í Hvalfirði er fram kemur á reikningi í dskj.nr. 9 í gagnsök. Fallast verður á það sem fram hefur komið að verk þetta hafi Hegranes hf. unnið í samráði við verkstjóra gagnstefnda og að verkið hafi tilheyrt verkþætti þeim er gagnstefnda bar að inna af hendi samkvæmt áðurgreindu samkomulagi hans og Hegraness hf. Verður því þessi krafa gagnstefnanda að fjárhæð kr. 4.089,- tekin til greina.

Þá hefur gagnstefnandi gert kröfu um greiðslu fyrir viðgerð á klæðningu við Ferstiklu I og II vegna bilunar í undirlagi. Með framburði Björns Ólafssonar, starfsmanns Vegagerðar ríkisins, þykir staðfest að bilun þessi hafi verið í undirlagi sem gagnstefndi beri ábyrgð á en fullyrðingar gagnstefnda þess efnis að bilun hafi orðið vegna verkþáttar Hegraness hf. eru með öllu órökstuddar. Samkvæmt þessu ber að taka til greina þessa kröfu gagnstefnanda að fjárhæð kr. 17.720,00.

Varðandi reikninga á dskj. nr. 11 og 12 lítur dómurinn svo á að kröfur gagnstefnanda sem á þeim byggist séu réttmætar með vísan til þess í fyrsta lagi að í samningi aðila á dskj. nr. 6 í aðalsök er tekið fram að væntanlega verði greitt fyrir neðra lag 55 - 60% af verði tvöfaldrar klæðningar. Í öðru lagi er fram komið og eru málsaðilar sammála um það að Vegagerð ríkisins hafi gert upp Vatnsleysustrandarveg þannig að greitt hafi verið 60% af heildarverði fyrir neðra lag klæðningar. Í þriðja lagi fer meira efni í neðra lag klæðningar enda staðfest með framburði Björns Ólafssonar, starfsmanns Vegagerðar ríkisins, að algengt sé að greitt sé 60% af heildarverði tvöfaldrar klæðningar fyrir neðra lag. Samkvæmt þessu verða tildæmdar kröfur að fjárhæð kr. 20.935,00 og kr. 92.371,00.

Reikningur á dskj. nr. 13 í gagnsök er tilkominn vegna bilunar á burðarlagi. Þykir nægjanlega staðfest með framburði Björns Ólafssonar að svo hafi verið og að ekki breyti það neinu þeirri niðurstöðu þótt af hálfu gagnstefnda hafi því verið haldið fram að hann kannist ekki við að svo hafi

verið. Dæma ber því gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda kr. 9.378,-.

Samkvæmt þessu verða tildæmdar kröfur gagnstefnanda samtals að fjárhæð kr. 184.114,30. Kröfur aðalstefnanda að fjárhæð kr. 135.080,- eru viðurkenndar af hálfu aðalstefnda en krafist er skuldajafnaðar sem hefur eigi verið mótmælt sérstaklega af hálfu aðalstefnanda. Ber því aðalstefnanda Borgarverki hf. að greiða aðalstefnda Mekor hf. kr. 49.034,30 með eftirfarandi vöxtum: 45% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. janúar 1983 til 21. september sama ár en með 37% frá þeim degi til 21. október sama ár en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember sama ár en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember sama ár en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984 en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985 en með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár en með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars sama ár en með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá þykir rétt að gagnstefndi, Borgarverk hf., greiði gagnstefnanda hluta málskostnaðar með vísan til 178. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 17.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og verkfræðingarnir Björn Ólafsson og Baldur Jóhannesson, en máli þessu var úthlutað þann 5. nóvember 1984.

Dómsorð:

Aðalstefnandi, Borgarverk hf. greiði aðalstefnda, Mekor hf. kr. 49.034,30 með 45% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. janúar 1983 til 21. september sama ár, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október sama ár, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember sama ár, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember sama ár, en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, en með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars sama ár, en með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Borgarverk hf. greiði Mekor hf. kr. 17.000,00 í málskostnað.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá birtingu hans að telja.

Mánudaginn 24. nóvember 1986.

Nr. 39/1986. **Jón Sigurðsson**
(sjálfur)
gegn
Magnúsi Magnússyni og
Eyrarbakkahreppi
(Hákon Árnason hrl.)

Óskipt sameign. Leiga. Málamyndagerningur. Þinglýsing. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1985. Hinn 3. febrúar 1986 féll þingsókn niður af hans hálfu. Áfrýjaði hann síðan að nýju með stefnu 14. febrúar 1986 með tilvísun til heimildar í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi gerir þær dómkröfur að ógiltur verði með dómi leigusamningur frá 10. apríl 1970 milli stefnda Eyrarbakkahrepps sem leigusala og stefnda Magnúsar Magnússonar sem leigutaka. Þá krefst hann að stefndu greiði sér dagsektir 100,00 krónur frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Magnús hefur lýst því í aðilaskýrslu að umræddur samningur, svo og nokkrir aðrir hliðstæðir samningar sem gerðir voru sama dag, hafi verið ætlaðir til að fleiri atkvæði fengjust í Veiðifélagi Árnessýslu fyrir innansveitarmenn. Hafi verið rætt um það sérstaklega að þrátt fyrir orðalag samninganna fylgdi lóbýlum þeim, sem stofna skyldi samkvæmt samningunum, hvorki veiðiréttur né önnur not af landi. Í aðilaskýrslu sinni kveður oddviti Eyrarbakkahrepps, Magnús Karel Hannesson, þessa lýsingu á aðdraganda og gerð samninganna rétta. Er og viðurkennt af stefndu í málflutningi þeirra fyrir Hæstarétti að samningi þeirra hafi ekki verið ætlað að koma til framkvæmda samkvæmt efni sínu.

Það er ágreiningslaust með aðilum að óræktað land Flóagaflstorfunnar, að Þórðarkoti undanskildu, sé í óskiptri sameign áfrýjanda og stefnda Eyrarbakkahrepps. Er því ekki haldið fram fyrir Hæstarétti að sameignarréttur áfrýjanda sé að neinu leyti annars eðlis eða þrengri en réttur stefnda Eyrarbakkahrepps vegna þess að Hallskot sé eða hafi verið hjáleiga frá Flóagafli.

Þegar litið er til þess hvers efnis samningur stefndu er orðum sínum samkvæmt, þar á meðal í hvaða skyni leigumálinn er sagður gerður, þykir áfrýjandi eiga slíkra hagsmuna að gæta að hann geti fengið dóm fyrir því að umræddur samningur hafi ekki stofnað leigurétt fyrir stefnda Magnús. Þar sem hinum marklausa samningi hefur verið þinglýst ber og að taka til greina kröfu áfrýjanda um að stefndu verði gert skylt að láta afmá hann úr fasteignabók Árnessýslu. Skulu ráðstafanir til þess gerðar innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum samkvæmt 3. mgr. 193. greinar laga nr. 85/1936 er ákveðast 100,00 krónur.

Eftir þessum úrslitum verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda, sem flutt hefur mál sitt sjálfur, 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð til Hæstaréttar hefur áfrýjandi fellt inn meginmál margra skjala, sem ekki varða mál þetta, og að nokkru um þau fjallað. Hefur hann þar viðhaft ósæmileg svigurmæli um nafngreinda aðila sem víta ber hann harðlega fyrir.

Dómsorð:

Viðurkennt er að ekki hafi stofnast leiguréttur til handa stefnda Magnúsi Magnússyni yfir neinum hluta af óskiptu sameignarlandi áfrýjanda, Jóns Sigurðssonar, og stefnda Eyrarbakkahrepps í svonefndri Flóagaflstorfu samkvæmt framangreindum leigusamningi 10. apríl 1970.

Stefndu er skylt að láta afmá samninginn úr fasteignabók Árnessýslu innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100,00 króna dagsektum er renni til áfrýjanda.

Stefndu greiði áfrýjanda 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 27. nóvember 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. nóvember 1984, höfðaði Jón Sigurðsson, nnr. 5183-3783, Engjaseli 52, Reykjavík, gegn Magnúsi Magnússyni, nnr. 6273-3713, Úthlíð 14, Reykjavík, og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, Eyrarbakka, Árnessýslu, með stefnu birtri 1. og 7.mars 1983.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að þola ógildingu á leigusamningi dags. 10. apríl 1970 á milli stefnda Magnúsar sem leigutaka og Vigfúsar Jónssonar, oddvita Eyrarbakkahrepps f.h. hreppsins sem leigusala um leigu á hluta Flóagaflstorfunnar í Eyrarbakkahreppi.

Þá krefst stefnandi þess að dæmt verði að stefndu skuli greiða honum dagsektir kr. 100,00 á dag frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar í þessu máli en ekki tekist.

Friðgeir Björnsson, borgardómari í Reykjavík, var skipaður skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 til þess að fara með mál þetta vegna anna sýslumannsins í Árnessýslu og var skipun hans staðfest með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 10. október 1984.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Í fasteignamati árið 1861 er jörðin Flóagafl ásamt fjórum hjáleigum talin vera 47,6 ný hundruð að dýrleika. Aðaljörðin var talin 22, 24 hundruð, Gerðiskot 3,57 hndr., Þórðarkot 7,94 hndr., Valdakot 5,16, hndr. og Hallskot 8,74 hndr., en þessar voru hjáleigur jarðarinnar. Í daglegu tali eru jarðir þessar nefndar Flóagaflstorfa. Þórðarkoti var skipt út árið 1923 en önnur landskipti hafa ekki farið fram enn sem komið er. Árið 1901 eignaðist stefndi Eyrarbakkahreppur helminginn af Flóagafli, Gerðiskoti, Valdakoti, og Hallskoti. Heimildarbréfi er þó ekki þinglýst fyrr en í desember 1983. Síðar eignaðist Eyrarbakkahreppur allan Flóagafl og allt Gerðiskot og Valdakot. Heimildarbréf fyrir hálfum Flóagafli er dags. 15. júní 1915, en ekki sést af skjölum málsins hvenær Eyrarbakkahreppur eignast hinn helming Gerðiskots og Valdakots, en vera kann að kotunum hafi verið afsalað með sama skjali. Það skiptir ekki máli hér enda er eignarhald hreppsins ágreiningslaust. Þá er kaupfélagið Hekla skráður eigandi spildu af Flóagaflsmýri samkvæmt heimildarbréfi dags. 22. júní 1910. Hinn 18. október 1935 seldi Eyrarbakkahreppur 120,7 ha úr Flóagaflstorfu og Óseyrarnesi, en þá jörð á Eyrarbakkahreppur. Eyrarbakkahreppur leigði hinn 9. júní

1958 Jörundi Brynjólfssyni í Kaldaðarnesi eignarhluta Flóagaflstorfunnar og Flóagaflsey í Ölfusá.

Stefnandi er eigandi hálfs Hallskots. Hann kveður hálflenduna hafi verið í eigu ættar sinnar frá árinu 1912, en þá kaupir hana afi stefnanda Jakob Jónsson. Síðar eignast jörðina Jón Jakobsson, móðurbróðir stefnanda, Jón selur systur sinni Regínu, móður stefnanda, hálflenduna en hún selur aftur syni sínum nær sama dag og hún keypti að sögn stefnanda. Afsal til stefnanda er dags. 16. júní 1973 og þinglesið mánuði síðar.

Hinn 10. apríl 1970 gerði stefndi Eyrarbakkahreppur svofelldan leigusamning við stefnda Magnús:

„Eyrarbakkahreppur gerir hér með kunnugt að hann leigir hér með Magnúsi Magnússyni hluta úr eignarjörð sinni Flóagafl í Eyrarbakkahreppi. Jörðin er að landveði 100 hundruð samkvæmt fasteignamati 1957. Hinn leigði jarðarpartur er 10% - tíu hundruðustu - úr aðaljörðinni og verður sérstakt lögbýli. Lögbýli þessu sem ber nafnið Gerðiskot fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar, m.a. til veiði í Ölfusá, í sömu hlutföllum og landsstærðin. Leigutímabil er ekki tiltekið en samningurinn er uppsegjanlegur af báðum aðilum með árs fyrirvara. Leigugjald fyrir jörðina er ákveðið með sérsamningi."

Skjal þetta er þinglesið á manntalsþingi í Eyrarbakkahreppi 6. október 1970. Eyrarbakkahreppur gerði samhljóða samninga við 11 aðra menn á sama tíma að öðru leyti en því að hinir leigðu jarðarpartar eru mismunandi að stærð, ýmis 5, 10 eða 16,6%. Þegar hlutfallstala jarðarpartanna er lögð saman nemur hún 81,6% af aðaljörðinni. Stefnandi hefur stefnt sjö öðrum leigutökum og eru kröfur hans og málsástæður sömu og í þessu máli.

Á ljósriti úr veðmálabók þar sem Flóagafl er skráður stendur efst á síðu: „65% Flóagafls leigð L 11-214-224", en enga lýsingu er að finna á leigu þessari í veðmálabókinni.

Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í dóminum leigði Eyrarbakkahreppur 28. apríl 1980 Hagsmunafélagi skepnueigenda á Eyrarbakka afnot af beitarlandi jarðarinnar Flóagafls. Leigusamningur þessi hefur ekki verið lagður fram í þessu máli.

Á árinu 1977 bað stefnandi um að eignarhluta sínum í Hallskoti yrði skipt úr Flóagaflstorfunni. Landskipti hófust og standa enn, en stefnandi segir þau ekki geta haldið áfram m.a. vegna þess leigusamnings sem stefndi Eyrarbakkahreppur gerði við stefnda Magnús og annarra samhljóða leigusamninga og sé sér því nauðsyn að fá þá ógilta. Fram kom í dóminum að landamerki á milli Flóagafls og Kaldaðarness eru ekki óumdeild og mun landamerkjamál um þá deilu vera í uppsiglingu.

Stefnandi lýsti því fyrir dóminum að hann hefði fyrst fengið vitneskju um leigusamninga Eyrarbakkahrepps um stofnun lögbýla þegar ha n hafi

beðið um landskiptin en þá fyrst hafi hann fengið veðbókarvottorð fyrir Flóagaflstorfuna. Hann kvaðst fyrst hafa beint kvörtunum að Eyrarbakkahreppi vegna leigusamninganna á fyrsta fundi landskiptanefndar sem haldinn hafi verið 13. júní 1978. Stefnandi kvað sér ekki kunnugt um að móðurbróðir sinn, Jón Jakobsson, hafi vitað um gerð leigusamninganna, verið hafður með í ráðum eða hans heimildar aflað. Verið geti að hann hafi heyrt utan að sér um gerð þeirra. Jón hafi verið háaldraður á þessum tíma fæddur árið 1887 en dáið árið 1974 eða 1975. Stefnandi kvaðst sjálfur hafa verið búsettur í Danmörku árin 1970 - 1972 og hafi þá lítið sem ekkert samband haft við Jón frænda sinn og hafi hann aldrei minnst á samningana við sig. Stefnandi kvað landskiptamenn hafa rætt um að ekki myndi vera hægt að skipta út eignarhluta sínum í Hallskoti fyrr en ljós væri réttarstaðan skv. samningunum.

Stefnandi kvaðst telja að Eyrarbakkahreppur hefði ráðstafað öllu landi Flóagaflstorfunnar, þ.m.t. eignarhluta sínum í Hallskoti, með sölu lands til ríkisins árið 1935, leigu á eignarhlutanum í Flóagaflsey og með leigusamningunum til stofnunar lögbýla. Stefnandi kvaðst ekki vita hvers vegna leigusamningunum hefði ekki verið mótmælt þegar þeir voru þinglesnir árið 1970. Á þeim veðbókarvottorðum sem hann hafi fengið fyrir Hallskot hafi ekki verið á samningana minnst, veðbókarvottorðin hafi verið hrein. Sér hafi verið tjáð að þessir leigusamningar væru þar af leiðandi hálfu Hallskoti óviðkomandi.

Um nýtingu sína á eignarhluta sínum í Hallskoti sagði stefnandi að hann hefði veitt í net í Ölfusá öll eignarár sín. Hann hefði einu sinni látið slá túnið en slægjan hefði verið eyðilögð af hrossum sem rekin hefðu verið á landið.

Stefndi Magnús, sem fæddur er árið 1908, kvað tilefni þess að leigusamningarnir um lögbýlin voru gerðir hafa verið það að árekstrar hefðu orðið í Veiðifélagi Árnessýslu sem hafi með að gera veiði í vatnahverfinu. Lögbýlum hefði verið fjölgað í efri hluta vatnahverfisins og valdahlutföll í félaginu því raskast. Þá hafi verið gripið til þess ráðs að fjölga atkvæðum í félaginu með þeim hætti að skipta jörðunum Flóagafli og Óseyrarnesi í lögbýli. Stefndi kvaðst sjálfur hafa átt þátt í því að semja texta þessara samninga með öðrum mönnum, þ.á m. þáverandi oddvita Eyrarbakkahrepps. Leitað hafi verið hófanna hjá ákveðnum mönnum að gerast leigutakar og þeim boðið að skrifa undir þegar samningarnir voru tilbúnir. Þannig hafi fengist fleiri atkvæði í veiðifélaginu á þessu svæði. Komið hafi til tals í veiðifélaginu að ógilda þessa samninga en það látið kyrrt liggja.

Stefndi sagði að sérstaklega hefði verið rætt um að þrátt fyrir orðalag samninganna fylgdi hvorki veiðiréttur né önnur not af landi þessum lögbýlum Það hafi einungis verið atkvæðisréttur í veiðifélaginu sem hafi átt að

fylgja þeim. Atkvæðisréttinum hafi verið þannig fyrir komið að einum lögbýlishafa hafi verið fengið umboð til þess að fara með atkvæðisrétt allra hinna og sagði stefndi það hafa komið í sinn hlut. Stefndi sagðist einnig hafa farið með atkvæðisrétt Jóns Jakobssonar árin 1958 - 1973.

Stefndi kvaðst ekki vita til þess að nokkurt lögbýli hefði verið stofnað í raun með ræktun og byggingum. Hann kvaðst ekki vita hvort heimildar Jóns Jakobssonar hefði verið aflað til stofnunar lögbýlanna. Mikið hefði verið rætt um þessa samninga á Eyrarbakka á sínum tíma og þeir þótt einkennilegir. Stefndi kvaðst ekki skyldi segja um það hversu mikið Jón Jakobsson hefði vitað um samningana. Hann hefði þekkt Jón Jakobsson persónulega en minntist þess ekki að samningarnir hefðu komið til tals á milli þeirra að neinu leyti. Ólíklegt væri að þessi samningagerð hefði ekki borist Jóni til eyrna en hann hafi verið áhugasamur um þessi mál og ekki viljað að hlutur bænda á neðra veiðisvæðinu yrði rýrður. Stefndi kvað Jón Jakobsson hafa verið við góða heilsu fram í andlátið, en aðspurður af stefnanda kvaðst hann kannast við að Jón hafi verið sjóndapur hin síðustu ár, en stefnandi kvað hann hafa verið nærri blindan.

Stefndi sagði að öllu landi Flóagafls hefði ekki verið ráðstafað með leigusamningunum. Hálft Hallskot hafi verið talið sér og ætíð talað um 11% eignarhluta í því sambandi, það hafi gengið sem rauður þráður í gegnum þessa samningagerð. Stefndi kvaðst hafa heyrt um sölu lands til ríkisins árið 1935 en ekkert sérstakt vita um hana. Stefndi kvaðst ekki vita hver ástæðan hafi verið að 81,6% lands Flóagafls var ráðstafað til lögbýlanna, nema þá að gengið hafi verið út frá því að hálft Hallskot væri 11% af Flóagafli öllum. Stefndi kvaðst ekki þora að fullyrða hvort 7,4% sem þá eru eftir hafi ekki verið leigð vegna landsölunnar árið 1935.

Stefndi sagði að sér væri ekki vitanlegt að eigendur hálfs Hallskots hefðu mótmælt atkvæðisrétti lögbýlanna. Leigutakar samkvæmt samningunum muni aldrei hafa greitt neina leigu til hreppsins.

Stefndi sagði aðspurður af stefnanda að atkvæðagreiðsla á fundum veiðifélagsins fari þannig fram að þeir sem umboð hafi fyrir aðra skili þeim til ákveðinna manna sem fari yfir þau og kanni hversu mörg atkvæði þeir hafi. Umboðin séu ekki kynnt opinberlega á fundinum.

Stefndi kvað ekkert því til fyrirstöðu af sinni hálfu sem aðila að einum leigusamninganna að stefnandi geti fengið landi sínu útskipt kvaðalaust af sinni hálfu í því hlutfalli sem landskiptanefnd telur rétt eða dómur kann að ákveða.

Magnús Karel Hannesson, oddviti Eyrarbakkahrepps, gaf skýrslu fyrir dóminum. Magnús kvaðst hafa verið oddviti hreppsins frá árinu 1982 og setið í hreppsnefndinni næsta kjörtímabil þar á undan. Hann hefði ekki á nokkurn hátt komið nálægt gerð leigusamninganna árið 1970 en vitað

um þá. Hann kvað lýsingu Magnúsar Magnússonar á aðdraganda og gerð samninganna vera rétta eftir því sem hann best vissi. Magnús kvaðst ekki vita en telja líklegt að hálft Hallskot hefði verið undanskilið samningunum en hann sjái af gögnum t.d. fasteignamati að aðgreint sé hálft Hallskot annars vegar og Flóagafl og hálft Hallskot hins vegar. Magnús kvaðst enga hugmynd hafa um hvort heimildar Jóns Jakobssonar hefði verið leitað til samningagerðarinnar né heldur hversu mikið hann hefði vitað um hana. Magnús kvaðst hafa heyrt að umbeðin landskipti stefnanda hefðu strandað á ónákvæmum landamerkjum fremur en gerð leigusamninganna en kvaðst þó ekki geta fullyrt um þetta þar sem hann hefði ekki setið fundi landskiptanefndar eða séð fundargerðir hennar. Stefndi kvaðst ekki muna eftir að stefnandi hefði mótmælt leigusamningunum við hreppsnefndina, svo gæti þó verið. Honum hafi fyrst verið kunnugt um mótmæli þegar stefnandi hefði stefnt hreppnum í þessum máli og öðrum. Stefndi sagði aðspurður af stefnanda að tveir leigutakar hafi einhverja ræktun í landi Flóagafls en verið geti að hún sé tilkomin fyrir þann tíma að leigusamningarnir voru gerðir. Hreppurinn hafi enga greiðslu fengið fyrir þessa ræktun og ekki heldur leigugreiðslur samkvæmt leigusamningunum. Hreppurinn greiði fasteignagjöld af sínum hluta í Flóagafli en Félag búfjáreigenda, sem sjái alfarið um nýtingu þess lands Flóagafls sem sé í eigu hreppsins, greiði fjallskil.

Stefndi kvaðst aðspurður af stefnanda ekki vita hvort þau 16,6%, sem Vilhjálmur Einarsson hefur á leigu, séu miðuð við fasteignamat á Hallskoti árið 1957, kr. 16.600,00. Hann kvaðst telja að Hallskot allt hefði verið metið á kr. 16.600,00 það ár.

Af gefnu tilefni frá dómara kvaðst stefndi geta fullyrt að hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps myndi lýsa því yfir að ekkert væri því til fyrirstöðu af hálfu hreppsins að stefnandi geti fengið kvaðalaust af hálfu hreppsins landi sínu útskiptu í því hlutfalli sem landskiptanefnd telur rétt eða dómur kann að ákveða.

Magnús kvaðst ekki vita hversu margir af leigutökunum notuðu land Flóagafls til beitar. Ef einhverjir þeirra gerðu það myndu þeir eflaust hafa gert það fyrir árið 1970. Sér væri ekki kunnugt um að þeir nýttu landið skv. leigusamningunum. Magnús kvaðst ekki sem oddviti hafa skipt sér af nýtingu og meðferð þess beitilands sem væri í eigu hreppsins, það væri alfarið í höndum Félags búfjáreigenda. Hreppurinn hefði ekki annan hagnað af leigusamingunum en þann að tryggja betur hagsmuni hreppsins hvað snerti veiði í Ölfusá. Engar tekjur séu af veiði fyrir landi Flóagafls. Eyrbekkingar veiði þó þar á stöng, en fyrst og fremst sé um silungsveiði að ræða en ekki laxveiði.

Er yfirheyrslum var lokið í þinghaldinu, sem fram fór 10. október sl., bókaði dómarinn eftirfarandi:

„Dómurinn beindi nú þeim tilmælum til stefnda, oddvita Eyrarbakkahrepps, að hann, f.h. hreppsins, afli heimildar til þess að gefa þá yfirlýsingu sem hann taldi víst að hreppsnefndin myndi gefa um landsskipti þau sem stefnandi hefur beðið um svo og sömu yfirlýsinga frá leigutökum skv. leigusamningunum og stefndi Magnús Magnússon gaf fyrir dóminum og bókuð er hér að framan. Frestur var veittur í þessu skyni til mánudagsins 5. nóvember n.k. kl. 9:30 og aðalflutningi frestað til sama tíma. Þeim tilmælum var beint til stefnanda að á þessum tíma taki hann ákvörðun um hvort hann heldur málum sínum áfram á hendur hreppnum og samningsaðilum hans eða ekki."

Í þinghaldi í málinu 5. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi yfirlýsing hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps dags. 13. október 1984:

„Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps lýsir því hér með yfir að Jón Sigurðsson, Engjaseli 52, Reykjavík, eigandi að ½ Hallskoti í Eyrarbakkahreppi, getur fengið landi sínu skipt út úr landi Flóagafls kvaðalaust af hálfu Eyrarbakkahrepps í því hlutfalli sem landskiptanefnd telur rétt eða dómur kann að ákveða."

Þá var og lögð fram svohljóðandi yfirlýsing Félags búfjáreigenda á Eyrarbakka dags. 1. nóvember 1984:

„Félag búfjáreigenda á Eyrarbakka, sem aðili að umsjónar- og afnotasamningi um beitarland Eyrarbakkahrepps, lýsir því hér með yfir að Jón Sigurðsson, Engjaseli 52, Reykjavík, eigandi að ½ Hallskoti í Flóagaflslandi, getur fengið landi sínu útskipt úr landinu kvaðalaust af hálfu félagsins í því hlutfalli sem landskiptanefnd telur rétt eða dómur kann að ákveða."

Stefnandi kvaðst ekki sjá ástæðu til annars en að halda málum sínum áfram á hendur hreppnum og leigu-tökunum þrátt fyrir þessar yfirlýsingar en þær voru einng lagðar fram í þeim málum sem stefnandi hefur höfðað gegn Eyrarbakkahreppi og sjö öðrum leigutökum.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að samningur sá sem stefndu í máli þessu gerðu sín á milli sé ólögmætur. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 46/1941 um landamerki o.fl. megi ekki stofna lögbýli á óskiptu sameignarlandi eins og gert hafi verið í þessu tilviki. Í samningnum felist að leyft sé að byggja á sameignarlandinu, rækta, grafa skurði o.s.frv. Á sameignarlandinu hafi verið grafnir skurðir og girt sem sé óheimilt skv. framanefndri lagagrein. Stefnda Eyrarbakkarheppi hafi verið skylt að láta skipta landinu áður en hann gerði leigusaminginn, en þar sem það hafi ekki verið gert hafi leigusamingurinn í för með sér upptöku á eignum stefnanda. Hér sé um að ræða refsivert lögbrot.

Leigusamningnum hafi verið þinglýst og sé stefnandi bundinn af honum og öðrum leigusamingum sem Eyrarbakkahreppur hafi gert.

Eyarbakkahreppur hafi einungis verið þinglesinn eigandi að ½ Flóagafli, ½ Valdakoti, ½ Gerðiskoti og ½ Hallskoti þegar samningarnir voru gerðir og hafi honum af þeim sökum verið óheimilt að gera samingana. Seinna hafi að vísu verið þinglýst eignarheimild stefnda að hinum helmingi Flóagafls, Valdakots og Gerðiskots, en það breyti ekki því að ógilda beri samningana af þessari ástæðu.

Stefnandi heldur því fram að stefndi hafi ráðstafað allri Flóagaflstorfunni þ.m.t. helmingi hans að Hallskoti með eftirtöldum hætti.

Hreppurinn hafi selt spildu úr landi torfunnar sem sé nú þinglesin eign Kaupfélagsins Heklu, líklega um 5% af landinu. Þá hafi Eyrarbakkahreppur selt ríkinu árið 1935 120,7 ha. af sameiginlegu beitilandi torfunnar og sé um að ræða u.þ.b. 18% hennar. Árið 1958 hafi Eyrarbakkahreppur gert samning við Jörund Brynjólfsson í Kaldaðarnesi um leigu hluta torfunnar í Flóagaflsey til 50 ára og sé um að ræða 2 - 5% torfunnar. Síðast 1970 hafi hreppurinn leigt 81,6% torfunnar undir lögbýli. Þá hafi hreppurinn eftir að landskipti hófust gert a.m.k. tvo leigusamninga um land Flóagaflstorfunnar, annan við Hagsmunafélag skepnueigenda og hinn við Nils Ólafsson.

Eyrarbakkahreppur hafi ekki mátt ráðstafa landinu til stofnunar lögbýla né annarra þarfa án samþykkis eiganda ½ Hallskots, en samþykkis hans hafi ekki verið leitað. Með samningunum um lögbýli hafi verið lögð kvöð á Hallskot og ráðstöfunarréttur stefnanda verulega skertur. Stefnandi geti t.d. ekki selt jarðarhluta sinn vegna þessara samninga og sé ekki síst af þeim sökum nauðsynlegt að fá samningana ógilta. Stefnandi hafi enga tryggingu fyrir því að óbreytt ástand um nýtingu landsins skv. samningunum um lögbýli haldist, leigutakar geti krafist réttar síns skv. samingunum og það muni þrengja kosti sína.

Þá styðji það ógildingarkröfu stefnanda ef leigusamningunum sé ætlað að vera eitthvað annað en þeir séu skv. hljóðan orða þeirra.

Ekkert mark sé takandi á þeim yfirlýsingum sem gefnar hafi verið í þessu máli um að skipta megi út landi stefnanda. Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps hafi áður gefið yfirlýsingu af þessu tagi og leigutakarnir geti ekki gefið slíkar yfirlýsingar þar sem þeir í raun hafi ekkert með málið að gera. Umbeðin landskipti hafi strandað á þessum leigusamningum.

Stefnandi mótmælir því að Hallskot sé hjáleiga. Hallskot hafi ekki verið hjáleiga frá árinu 1827 en þá hafi hálflenda jarðarinnar ásamt hálflendum Gerðiskots og Valdakots verið seld á uppboði og þar með orðið sjálfstæður eignarhluti í Flóagaflstorfunni.

Ekki sé hægt að gera ráð fyrir því að Jón Jakobsson hafi vitað um gerð

leigusaminganna og sjálfur hafi stefnandi hafist handa jafnskjótt og honum hafi gefist tilefni til að mótmæla leigusamningunum.

Vel kunni svo að fara að Eyrarbakkahreppur tapaði atkvæðum í veiðifélaginu ef samningarnir yrðu ógiltir. Hins vegar gætu lögbýlin þrengt kosti stefnanda hvað snerti veiðirétt í Ölfusá.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að Hallskot sé hjáleiga sem leiði til þeirra takmarkana á eignarrétti stefnanda að hann eigi ekki tilkall til hlunninda jarðarinnar sem hjáleigan sé byggð úr nema fyrir því séu sérstakar heimildir hverju sinni. Þetta leiði til þess að stefnandi hafi ekki sannað hann eigi slík réttindi yfir ½ Hallskoti að hann uppfylli skilyrði 2. mgr. 45. gr. einkamálalaganna um aðild að máli þessu, né heldur að með gerð leigusaminga við stefnda Magnús og aðra Eyrbekkinga hafi réttur verið brotinn á stefnanda sem eiganda ½ Hallskots.

Sameiganda sé heimilt að ráðstafa sameign sé um bagalausa ráðstöfun að ræða fyrir aðra sameigendur, eins og sé í þessu tilviki. Ráðstafanir Eyrarbakkahrepps skv. leigusamningunum um lögbýlin hafi ekki náð til ½ Hallkots. Ekkert hafi komið fram í málinu sem sýni að eignarréttur stefnanda hafi verið rýrður eða kvöð lögð á eignarhald stefnanda að ½ Hallskoti. Enginn veiðiréttur eða önnur not af hinu leigða landi hafi í raun fylgt skv. samningunum, þeir hafi einungis verið gerðir í því skyni að fjölga atkvæðum í veiðifélaginu.

Grundvöllur málsóknar stefnanda sé brostinn því að fyrir liggi yfirlýsingar hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps og allra annarra aðila að leigusamningunum um að ekkert sé því til fyrirstöðu af þeirra hálfu að landskipti fari fram.

Þá hafi stefnandi glatað rétti vegna tómlætis. Hann hafi ekki hafist handa um að mótmæla leigusamningunum fyrr en 13 árum eftir að leigusamningarnir voru gerðir. Fyrri eigandi Jón Jakobsson hafi engar athugasemdir gert við leigusamningana og sýnt í verki að hann hafi vitað um þá.

Ekki eigi hér við 19. gr. landskiptalaganna. Ekkert hafi verið framkvæmt á landinu sem bannað sé skv. 19. gr. laganna, en hún banni ekki að gerðir séu samningar eins og stefndu hafi gert með sér.

Leigusamningnum hafi verið þinglýst athugasemdalaust og sé það afdráttarlaus sönnun þess að stefnda Eyrarbakkahreppi hafi verið heimilt að gera samninginn.

Forsendur og niðurstaða.

Páll Grímsson, bóndi í Selvogi, afsalaði Eyrarbakkahreppi ½ Hallskoti með afsalsbréfi 8. júlí 1901. Með afsalsbréfi seldi og afsalaði Páll Grímsson Jakobi Jónssyni eignarrétt yfir hálfri eignarjörð sinni Hallskoti. Ekki hafa verið lögð fram gögn um eignarhald Jóns Jakobssonar og Regínu Jakobs-

dóttur, en í afsali Regínu til stefnanda dags. 15. júní 1973 segir að hún selji og afsali stefnanda eignarhluta sínum í jörðinni Hallskoti, þ.e. hálfri jörðinni ásamt öllu því sem eignarhlutanum fylgi og fylgja beri að engu undanskildu.

Afsali þessu hefur verið þinglýst athugasemdalaust og stefndu virðast engar athugasemdir hafa gert við það. Í veðbókarvottorði fyrir eignarhluta stefnanda í Hallskoti dags. 16. maí 1984 er ekki getið um nein eignarhöft.

Af öðrum skjölum málsins verður heldur ekki séð að nokkur fyrirvari sé gerður um að Hallskot sé hjáleiga við eigendaskipti á þessari öld sem leiða kynni til þess að stefnandi hafi takmörkuð eignarréttindi yfir helmingi sínum eins og stefndu halda fram. Því verður við það að miða að stefnandi eigi þau réttindi yfir hálfu Hallskoti sem heimili honum málsókn þessa og öðrum þeim málsástæðum stefndu, sem byggðar eru á því að Hallskot sé hjáleiga, er hafnað.

Hinn umdeildi leigusamningur var gerður 10. apríl 1970. Líklegt er þótt ekki verði það talið upplýst að Jón Jakobsson hafi haft spurnir af leigusamningnum.

Stefnandi eignaðist ½ Hallskot 15. júní 1973. Hann bað um landskipti vorið 1977 og undir þeim skiptum telur hann koma í ljós að nauðsynlegt sé hagsmuna sinna vegna að fá leigusamninginn ógiltan. Hann kveðst þá þegar hafa mótmælt samningnum og öðrum hliðstæðum leigusamningum. Við það kannast oddviti Eyrarbakkahrepps ekki. Stefnandi hefst að vísu ekki handa um málsókn þessa fyrr en á árinu 1983, en eins og atvikum málsins er háttað þykir hann ekki hafa sýnt af sér það tómlæti né heldur Jón Jakobsson sem leiði til þess að hann hafi tapað rétti gagnvart stefndu.

Athugasemdalaus þinglýsing leigusamningsins þykir ekki vera sönnun þess að Eyrarbakkahreppi hafi gerð hans verið heimil eins og stefndu halda fram.

Málsástæður stefnanda, sem byggjast á þinglýsingum og að framan eru raktar, þykja ekki á rökum reistar og verða ekki teknar til greina.

Stefnandi heldur því fram að skv. 19. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 hafi stefnda Eyrarbakkahreppi verið óheimilt að gera leigusamninginn.

Samkvæmt þessu ákvæði laganna má ekki eftir gildistöku þeirra taka land til ræktunar, setja upp varanlega girðingu, gera skurð, byggja hús eða önnur varanleg mannvirki í óskiptu sameignarlandi, þó samþykki allra annarra hlutaðeigandi liggi fyrir. Brot gegn ákvæðinu varða sekt.

Skýringar í greinargerð með frumvarpi til landskiptalaganna bera það með sér að ákvæði þetta er fyrst og fremst sett til þess að knýja sameigendur óskipts lands til landskipta en ekki til þess að vernda hagsmuni sameigenda innbyrðis og verður að skýra ákvæðið út frá því sjónarmiði. Ákvæðið er því sett til þess að vernda opinbera hagsmuni enda liggur sekt við broti

á því. Stefnandi er ekki gæslumaður opinberra hagsmuna og þar við bætist að ekki er upplýst, og því er mótmælt af hálfu stefndu, að nokkrar framkvæmdir sem getið er um í lagagreininni hafi átt sér stað skv. hinum umdeilda leigusamningi eða öðrum hliðstæðum leigusamningum. Af framangreindum ástæðum verður 19. gr. laga nr. 46/1941 ekki beitt um það tilvik sem hér um ræðir.

Kemur þá til skoðunar hvort stefnda Eyrarbakkahreppi var heimilt sem sameiganda stefnanda að Flóagaflstorfunni óskiptri að gera leigusamninginn við stefnda Magnús.

Málatilbúnaður stefnanda byggðist í upphafi m.a. á því að stefndi Eyrarbakkahreppur hefði ráðstafað öllu landi Flóagaflstorfunnar, þ. á m. eignarhluta hans í Hallskoti. Að framan er rakið hverjar þessar ráðstafanir voru. Stefnandi hélt þessu enn fram við munnlegan flutning málsins.

Því var ekki haldið fram í greinargerð stefndu að ráðstöfun stefnda, Eyrarbakkahrepps, á landi Flóagaflstorfunnar nái ekki til stærri hluta en svo að undanskilið sé land sem svari a.m.k. til eignarhluta stefnanda í Flóagaflstorfunni.

Sýknukrafa stefndu byggðist á öðrum ástæðum. Þessari málsástæðu var hins vegar haldið fram af stefndu við munnlegan flutning málsins svo og að ráðstöfun lands skv. leigusamningunum um lögbýli væri stefnanda bagalaus og stefnda Eyrarbakkahreppi heimil.

Skjöl þau, sem lögð hafa verið fram í máli þessu, bera það ekki glöggt með sér hversu mikið land var leigt skv. leigusamningnum við stefnda Magnús og aðra leigutaka. Samkvæmt hljóðan orða samningsins var leigður hluti úr Flóagafli, þ.e. 10% úr aðaljörðinni sem verður sérstakt lögbýli sem fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar. Það virðist ekki vera skilningur stefndu og þaðan af síður stefnanda að einungis jörðin Flóagafl hafi verið leigð, þá að kotunum þremur undanskildum.

Hins vegar lýsti stefndi Magnús því við yfirheyrslu í málinu að við gerð leigusamninganna hefði verið við það miðað að undan væri skilið land sem svaraði 11% af Flóagaflstorfunni, en sá hundraðshluti hefði verið talinn nema ½ Hallskoti. Þessi hundraðshluti kemur heim og saman við skráðan dýrleika Hallskots af dýrleika Flóagaflstorfunnar allrar í jarðamatinu frá 1861, þ.e. 4,37 hundruð af 47,6 hundruðum.

Stefnandi telur hluta Flóagaflstorfunnar í Flóagaflsey nema 3 - 5 hundraðshlutum af torfunni allri. Spildu kaupfélagsins Heklu telur stefnandi nema um 5 hundraðshlutum og land það sem Eyrarbakkahreppur seldi ríkinu 18 hundraðshlutum. Ekkert liggur fyrir um það hvernig þessir hundraðshlutar eru fundnir. Samanlagðir hundraðshlutar samkvæmt leigusamningunum um lögbýli er 81,6. Með þessu móti telur stefnandi að allri Flóagaflstorfunni hafi með einhverjum hætti verið ráðstafað af stefnda,

Eyrarbakkahreppi, en gera verður ráð fyrir því að í þessum útreikningum hafi verið tekið tillit til þess að Þórðarkoti var skipt úr torfunni árið 1923.

Ef byggt er á forsendum stefnanda sjálfs og gert ráð fyrir því að spilda kaupfélagsins Heklu nemi 5% af Flóagaflstorfunni, land það sem Eyrarbakkahreppur seldi ríkinu 1935 18%, hluti Flóagaflstorfunnar í Flóagaflsey 4% og síðan verður að gæta þess að Þórðarkot, sem skipt var út árið 1923, var 16,6% af torfunni (7,94 hndr. af 47,6 hndr.), þá hafði verið ráðstafað eða skipt út 43,6% af Flóagaflstorfunni árið 1970 og er þá miðað við jarðamatið frá 1861. Eftir voru því til ráðstöfunar 56,4%. Fyrir liggur að Eyrarbakkahreppur ráðstafaði 81,6% af landi aðaljarðarinnar og hvernig sem það ber að skilja þá hefur sú ráðstöfun ekki getað náð til annars hluta en í hæsta lagi 56,4% þá að eignarhluta Jóns Jakobssonar í Hallskoti meðtöldum eða til 46,1% af allri torfunni eins og hún var þegar jarðamatið var framkvæmt 1861 því að ekki er hægt að gera ráð fyrir að sama landinu hafi verið ráðstafað tvívegis. Ráðstafanir þessar nema því samanlagt 89,6% miðað við forsendur stefnanda sjálfs og eru því eftir 10,4% eða nálægt því sem ½ Hallskot er að dýrleika af allri Flóagaflstorfunni 1861.

Þó að þessir útreikningar byggist að hluta til á óvissum forsendum þykir rétt að gera grein fyrir þeim því að staðhæfingar stefnanda sjálfs um ráðstafanir stefnda, Eyrarbakkahrepps, sýna ekki þegar betur er að gáð að ráðstafað hafi verið eignarhluta hans í Hallskoti.

Í málinu liggja nú fyrir yfirlýsingar beggja stefndu um að ekkert sé því til fyrirstöðu af þeirra hálfu að stefnandi geti fengið skipt landi sínu út úr Flóagaflstorfunni kvaðalaust í því hlutfalli sem landskiptanefnd telur rétt eða dómur kann að ákveða. Upplýst er að allir leigutakar skv. leigusamningunum um lögbýli eða þeir sem nú hafa komið í stað upphaflegra leigutaka hafa gefið sömu yfirlýsingu.

Það er ekki upplýst að hingað til hafi þessir leigutakar haft nein bein not af hinu leigða landi skv. leigusamningunum né heldur greitt leigu fyrir það. Það verður heldur ekki talið upplýst að landskiptanefnd hafi litið svo á að umræddir leigusamningar séu til fyrirstöðu því að umbeðin landskipti stefnanda geti farið fram og ljóst verður að telja m.a. eftir að yfirlýsingar aðila leigusamninganna hafa verið gefnar, ættu þeir ekki að vera því til fyrirstöðu.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á að gerð framangreindra leigusamninga hafi verið Eyrarbakkahreppi heimil hagnýting á sameign hans og stefnanda, því að ekki er upplýst annað en hún hafi í raun verið stefnanda bagalaus. Í máli þessu verður að sjálfsögðu ekki tekin afstaða til annarra samninga sem Eyrarbakkahreppur hefur gert og snerta Flóagaflstorfuna.

Hagsmunir stefnanda sem eiganda ½ Hallskots varðandi veiðirétt í

Ölfusá eru m.a. verndaðir af 4. gr. og 5. mgr. 27. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og verður ekki séð að gerð leigusamninganna hafi í neinu rýrt veiðirétt þann sem fylgdi ½ Hallskoti fyrir gerð þeirra.

Samkvæmt framanskráðu er niðurstaða dómsins því sú að hafna beri kröfu stefnanda um að hinn umdeildi leigusamningur verði ógiltur.

Eftir atvikum málsins þykir rétt að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Magnússon og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Jóns Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 24. nóvember 1986.

Nr. 40/1986. **Jón Sigurðsson**
(sjálfur)
gegn
Vilhjálmi Einarssyni og
Eyrarbakkahreppi
(Hákon Árnason hrl.)

Óskipt sameign. Leiga. Málamyndagerningur. Þinglýsing. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1985. Hinn 3. febrúar 1986 féll þingsókn niður af hans hálfu. Áfrýjaði hann síðan að nýju með stefnu 14. febrúar 1986 með tilvísun til heimildar í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi gerir þær dómkröfur að ógiltur verði með dómi leigusamningur frá 10. apríl 1970 milli stefnda Eyrarbakkahrepps sem leigusala og stefnda Vilhjálms

Einarssonar sem leigutaka. Þá krefst hann að stefndu greiði sér dagsektir 100,00 krónur frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í samningi stefndu 10. apríl 1970 segir að Eyrarbakkahreppur leigi stefnda Vilhjálmi hluta úr Hallskoti til stofnunar lögbýlis og að hinn leigði jarðarpartur sé „16,6% — sextán hundruð 60/100 — úr aðaljörðinni." Er því eigi rétt í héraðsdómi, þar sem samningurinn er tekinn upp, að í honum segi að hinn leigði partur sé úr Flóagafli og að hann sé 10% úr aðaljörðinni.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakin vitnaskýrsla sem sögð er gefin af vitninu Magnúsi Magnússyni svo og skýrsla Magnúsar Karels Hannessonar, oddvita Eyrarbakkahrepps, sem virðast taldar hafa verið gefnar fyrir dómi í máli þessu. Í því sambandi athugast, að af dómsgerðum verður ekki séð að nein vitni eða aðilar máls hafi gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu. Ekki bera dómsgerðir heldur með sér framlagningu í dómi á slíkum skýrslum gefnum í öðrum dómsmálum sem áfrýjandi höfðaði gegn öðrum aðilum vegna hliðstæðra sakarefna og hér er um að tefla. Verður hinum sögðu dómskýrslum því enginn gaumur gefinn.

Það er viðurkennt af stefndu í málflutningi þeirra fyrir Hæstarétti að samningi þeim, sem fjallað er um í málinu, hafi ekki verið ætlað að koma til framkvæmda samkvæmt efni sínu.

Það er ágreiningslaust með aðilum að óræktað land Flóagaflstorfunnar, að Þórðarkoti undanskildu, sé í óskiptri sameign áfrýjanda og stefnda Eyrarbakkahrepps. Er því ekki haldið fram fyrir Hæstarétti að sameignarréttur áfrýjanda sé að neinu leyti annars eðlis eða þrengri en réttur stefnda Eyrarbakkahrepps vegna þess að Hallskot sé eða hafi verið hjáleiga frá Flóagafli.

Þegar litið er til þess hvers efnis samningur stefndu er orðum sínum samkvæmt, þar á meðal í hvaða skyni leigumálinn er sagður gerður, þykir áfrýjandi eiga slíkra hagsmuna að gæta að hann geti fengið dóm fyrir því að umræddur samningur hafi ekki stofnað leigurétt fyrir stefnda Vilhjálm. Þar sem hinum marklausa samningi hefur verið þinglýst ber og að taka til greina kröfu áfrýjanda um

að stefndu verði gert skylt að láta afmá hann úr fasteignabók Árnessýslu. Skulu ráðstafanir til þess gerðar innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum samkvæmt 3. mgr. 193. greinar laga nr. 85/1936 er ákveðast 100,00 krónur.

Eftir þessum úrslitum verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda, sem flutt hefur mál sitt sjálfur, 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð til Hæstaréttar hefur áfrýjandi fellt inn meginmál margra skjala, sem ekki varða mál þetta, og að nokkru um þau fjallað. Hefur hann þar viðhaft ósæmileg svigurmæli um nafngreinda aðila sem víta ber hann harðlega fyrir.

Dómsorð:

Viðurkennt er að ekki hafi stofnast leiguréttur til handa stefnda Vilhjálmi Einarssyni yfir neinum hluta af óskiptu sameignarlandi áfrýjanda, Jóns Sigurðssonar, og stefnda Eyrarbakkahrepps í svonefndri Flóagaflstorfu samkvæmt framangreindum leigusamningi 10. apríl 1970.

Stefndu er skylt að láta afmá samninginn úr fasteignabók Árnessýslu innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100,00 króna dagsektum er renni til áfrýjanda.

Stefndu greiði áfrýjanda 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 18. desember 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember 1984, höfðaði Jón Sigurðsson, nnr. 1583 - 3783, Engjaseli 52, Reykjavík gegn Vilhjálmi Einarssyni, nnr. 9305 - 5098, Traðarhúsi Eyrarbakka og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, Eyrarbakka, Árnessýslu með stefnu birtri 1. mars 1983.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að þola ógildingu á leigusamningi dags. 10. apríl 1970 á milli stefnda Vilhjálms sem leigutaka og Vigfúsar Jónssonar, oddvita Eyrarbakkahrepps, f.h. hreppsins sem leigusala um leigu á hluta Flóagaflstorfunnar í Eyrarbakkahreppi.

Þá krefst stefnandi þess að dæmt verði að stefndu skuli greiða honum

dagsektir kr. 100,00 á dag frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar í þessu máli en ekki tekist.

Friðgeir Björnsson, borgardómari í Reykjavík, var skipaður skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 til þess að fara með mál þetta vegna anna sýslumannsins í Árnessýslu og var skipun hans staðfest með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 10. október 1984.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Í fasteignamati árið 1861 ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 39/1986, bls. 1553-1554 hér að framan.]

... þinglesið mánuði síðar.

Hinn 10. apríl 1970 gerði stefndi Eyrarbakkahreppur svofelldan leigusamning við stefnda Vilhjálm:

„Eyrarbakkahreppur gerir hér með kunnugt að hann leigir hér með hr. Vilhjálmi Einarssyni hluta úr eignarjörð sinni Flóagafl í Eyrarbakkahreppi. Jörðin er að landveði 100 hundruð samkvæmt fasteignamati 1957. Hinn leigði jarðarpartur er 10% — tíu hundruðustu — úr aðaljörðinni og verður sérstakt lögbýli. Lögbýli þessu sem ber nafnið Hallskot II fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar, m.a til veiði í Ölfusá, í sömu hlutföllum og landsstærðin. Leigutímabil er ekki tiltekið en samningurinn er uppsegjanlegur af báðum aðilum með árs fyrirvara. Leigugjald fyrir jörðina er ákveðið með sérsamningi."

Skjal þetta er þinglesið ...

[Sjá bls. 1554-1555.]

... sem rekin hefðu verið á landið.

Stefndi Vilhjálmur kom ekki fyrir dóminn.

Vitnið Magnús Magnússon, sem fæddur er árið 1908, kvað tilefni þess að leigusamningarnir um lögbýlin voru gerðir hafa verið það að árekstrar hefðu orðið í Veiðifélagi Árnessýslu sem hafi með að gera veiði í vatnahverfinu. Lögbýlum hefði verið fjölgað í efri hluta vatnahverfisins og valdahlutföll í félaginu því raskast. Þá hafi verið gripið til þess ráðs að fjölga atkvæðum í félaginu með þeim hætti að skipta jörðunum Flóagafli og Óseyrarnesi í lögbýli. Vitnið kvaðst sjálfur hafa átt þátt í því að semja texta þessara samninga með öðrum mönnum, þ. á m. þáverandi oddvita Eyrarbakkahrepps. Leitað hafi verið hófanna hjá ákveðnum mönnum að

gerast leigutakar og þeim boðið að skrifa undir þegar samningarnir voru tilbúnir. Þannig hafi fengist fleiri atkvæði í veiðifélaginu á þessu svæði. Komið hafi til tals í veiðifélaginu að ógilda þessa samninga en það látið kyrrt liggja.

Vitnið sagði að sérstaklega hefði verið rætt um að þrátt fyrir orðalag samninganna fylgdi hvorki veiðiréttur né önnur not af landi þessum lögbýlum. Það hafi einungis verið atkvæðisréttur í veiðifélaginu sem hafi átt að fylgja þeim. Atkvæðisréttinum hafi verið þannig fyrir komið að einum lögbýlishafa hafi verið fengið umboð til þess að fara með atkvæðisrétt allra hinna og sagði vitnið það hafa komið í sinn hlut. Vitnið sagðist einnig hafa farið með atkvæðisrétt Jóns Jakobssonar árin 1958 - 1973.

Vitnið kvaðst ekki vita til þess að nokkurt lögbýli hefði verið stofnað í raun með ræktun og byggingum. Hann kvaðst ekki vita hvort heimildar Jóns Jakobssonar hefði verið aflað til stofnunar lögbýlanna. Mikið hefði verið rætt um þessa samninga á Eyrarbakka á sínum tíma og þeir þótt einkennilegir. Vitnið kvaðst ekki skyldi segja um það hversu mikið Jón Jakobsson hefði vitað um samningana. Hann hefði þekkt Jón Jakobsson persónulega en minntist þess ekki að samningarnir hefðu komið til tals á milli þeirra að neinu leyti. Ólíklegt væri að þessi samningagerð hefði ekki borist Jóni til eyrna en hann hefði verið áhugasamur um þessi mál og ekki viljað að hlutur bænda á neðra veiðisvæðinu yrði rýrður. Vitnið kvað Jón Jakobsson hafa verið við góða heilsu fram í andlátið, en aðspurður af stefnanda kvaðst hann kannast við að Jón hafi verið sjóndapur hin síðustu ár, en stefnandi kvað hann hafa verið nærri blindan.

Vitnið sagði að öllu landi Flóagafls hefði ekki verið ráðstafað með leigusamningunum. Hálft Hallskot hafi verið talið sér og ætíð talað um 11% eignarhluta í því sambandi, það hafi gengið sem rauður þráður í gegnum þessa samningagerð. Vitnið kvaðst hafa heyrt um sölu lands til ríkisins árið 1935 en ekkert sérstakt vita um hana. Vitnið kvaðst ekki vita hver ástæðan hafi verið að 81,6% lands Flóagafls var ráðstafað til lögbýlanna, nema þá að gengið hafi verið út frá því að hálft Hallskot væri 11% af Flóagafli öllum. Vitnið kvaðst ekki þora að fullyrða hvort 7,4%, sem þá eru eftir, hafi ekki verið leigð vegna landsölunnar árið 1935.

Vitnið sagði að sér væri ekki vitnalegt að eigendur hálfs Hallskots hefðu mótmælt atkvæðisrétti lögbýlanna. Leigutakar samkvæmt samningunum muni aldrei hafa greitt neina leigu til hreppsins.

Vitnið sagði aðspurður af stefnanda að atkvæðagreiðsla á fundum veiðifélagsins fari þannig fram að þeir sem umboð hafi fyrir aðra skili þeim til ákveðinna manna sem fari yfir þau og kanni hversu mörg atkvæði þeir hafi. Umboðin séu ekki kynnt opinberlega á fundinum.

Vitnið kvað ekkert því til fyrirstöðu af sinni hálfu sem aðila að einum

leigusamninganna að stefnandi geti fengið landi sínu útskipt kvaðalaust af sinni hálfu í því hlutfalli sem landskiptanefnd telur rétt eða dómur kann að ákveða.

Magnús Karel Hannesson, oddviti Eyrarbakkahrepps, gaf skýrslu fyrir dóminum. Magnús kvaðst hafa verið oddviti hreppsins frá árinu 1982 og setið í hreppsnefndinni næsta kjörtímabil þar á undan. Hann hefði ekki á nokkurn hátt komið nálægt gerð leigusamninganna árið 1970 en vitað um þá. Hann kvað lýsingu Magnúsar Magnússonar á aðdraganda og gerð samninganna vera rétta eftir því sem hann best vissi. Magnús kvaðst ekki vita, en telja líklegt, að hálft Hallskot hefði verið undanskilið samningunum en hann sjái af gögnum, t.d. fasteignamati, að aðgreint sé hálft Hallskot annars vegar og Flóagafl og hálft Hallskot hins vegar. Magnús kvaðst enga hugmynd hafa um hvort heimildar Jóns Jakobssonar hefði verið leitað til samningagerðarinnar né heldur hversu mikið hann hefði vitað um hana. Magnús kvaðst hafa heyrt að umbeðin landskipti stefnanda hefðu strandað á ónákvæmum landamerkjum fremur en gerð leigusamninganna en kvaðst þó ekki geta fullyrt um þetta þar sem hann hefði ekki setið fundi landskiptanefndar eða séð fundargerðir hennar. Stefndi kvaðst ekki muna eftir að stefnandi hefði mótmælt leigusamningunum við hreppsnefndina, svo gæti þó verið. Honum hafi fyrst verið kunnugt um mótmæli þegar stefnandi hefði stefnt hreppnum í þessu máli og öðrum. Stefndi sagði aðspurður af stefnanda að tveir leigutakar hafi einhverja ræktun í landi Flóagafls en verið geti að hún sé tilkomin fyrir þann tíma að leigusamningarnir voru gerðir. Hreppurinn hafi enga greiðslu fengið fyrir þessa ræktun og ekki heldur leigugreiðslur samkvæmt leigusamningunum. Hreppurinn greiði fasteignagjöld af sínum hluta í Flóagafli en Félag búfjáreigenda, sem sjái alfarið um nýtingu þess lands Flóagafls sem sé í eigu hreppsins, greiði fjallskil.

Stefndi kvaðst aðspurður af stefnanda ekki vita hvort þau 16,6%, sem Vilhjálmur Einarsson hefur á leigu, séu miðuð við fasteignamat á Hallskoti árið 1957, kr. 16.600,00. Hann kvaðst telja að Hallskot allt hefði verið metið á kr. 16.600,00 það ár.

Af gefnu tilefni frá dómara kvaðst stefndi geta fullyrt að hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps myndi lýsa því yfir að ekkert væri því til fyrirstöðu af hálfu hreppsins að stefnandi geti fengið kvaðalaust af hálfu hreppsins landi sínu útskiptu í því hlutfalli sem landskiptanefnd telur rétt eða dómur kann að ákveða.

Magnús kvaðst ekki vita hversu margir af leigutökunum notuðu land Flóagafls til beitar. Ef einhverjir þeirra gerðu það myndu þeir eflaust hafa gert það fyrir árið 1970. Sér væri ekki kunnugt um að þeir nýttu landið skv. leigusamningunum. Magnús kvaðst ekki sem oddviti hafa skipt sér af

nýtingu og meðferð þess beitilands sem væri í eigu hreppsins, það væri alfarið í höndum Félags búfjáreigenda. Hreppurinn hefði ekki annan hagnað af leigusamningunum en þann að tryggja betur hagsmuni hreppsins hvað snerti veiði í Ölfusá. Engar tekjur séu af veiði fyrir landi Flóagafls. Eyrbekkingar veiði þó þar á stöng, en fyrst og fremst sé um silungsveiði að ræða en ekki laxveiði.

Er yfirheyrslum var lokið í þinghaldinu ...

[Sjá bls. 1558-1562.]

... það tilvik sem hér um ræðir."

Kemur þá til skoðunar hvort stefnda, Eyrarbakkahreppi, var heimilt sem sameiganda stefnanda að Flóagaflstorfunni óskiptri að gera leigusamninginn við stefnda Vilhjálm.

Málatilbúnaður stefnanda byggðist í upphafi m.a. á því að stefndi Eyrarbakkahreppur hefði ráðstafað öllu landi Flóagaflstorfunnar, þ. á m. eignarhluta hans í Hallskoti. Að framan er rakið hverjar þessar ráðstafanir voru. Stefnandi hélt þessu enn fram við munnlegan flutning málsins.

Því var ekki haldið fram í greinargerð stefndu að ráðstöfun stefnda, Eyrarbakkahrepps, á landi Flóagaflstorfunnar nái ekki til stærri hluta en svo að undanskilið sé land sem svari a.m.k. til eignarhluta stefnanda í Flóagaflstorfunni.

Sýknukrafa stefndu byggðist á öðrum ástæðum. Þessari málsástæðu var hins vegar haldið fram af stefndu við munnlegan flutning málsins svo og að ráðstöfun lands skv. leigusamningunum um lögbýli væri stefnanda bagalaus og stefnda Eyrarbakkahreppi heimil.

Skjöl þau, sem lögð hafa verið fram í máli þessu, bera það ekki glöggt með sér hversu mikið land var leigt skv. leigusamningnum við stefnda Vilhjálm og aðra leigutaka. Samkvæmt hljóðan orða samningsins var leigður hluti úr Flóagafli (sic), þ.e. 10% (sic) úr aðaljörðinni sem verður sérstakt lögbýli sem fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar. Það virðist ekki vera skilningur stefndu og þaðan af síður stefnanda að einungis jörðin Flóagafl hafi verið leigð, þá að kotunum þremur undanskildum.

Hins vegar lýsti vitnið Magnús því við yfirheyrslu í málinu að við gerð leigusamninganna hefði verið við það miðað að undan væri skilið land sem svaraði 11% af Flóagaflstorfunni, en sá hundraðshluti hefði verið talinn nema ½ Hallskoti. Þessi hundraðshluti kemur heim og saman við skráðan dýrleika Hallskots af dýrleika Flóagaflstorfunnar allrar í jarðamatinu frá 1861, þ.e. 4,37 hundruð af 47,6 hundruðum.

Stefnandi telur hluta Flóagaflstorfunnar ...

[Sjá bls. 1562-1564.]

... kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndu, Vilhjálmur Einarsson og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Jóns Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 24. nóvember 1986.

Nr. 41/1986. **Jón Sigurðsson**
(sjálfur)
gegn
Eiríki Guðmundssyni og
Eyrarbakkahreppi
(Hákon Árnason hrl.)

Óskipt sameign. Leiga. Málamyndagerningur. Þinglýsing. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1985. Hinn 3. febrúar 1986 féll þingsókn niður af hans hálfu. Áfrýjaði hann síðan að nýju með stefnu 14. febrúar 1986 með tilvísun til heimildar í 36. gr.laga nr. 75/1973.Áfrýjandi gerir þær dómkröfur að ógiltur verði með dómi leigusamningur frá 10. apríl 1970 milli stefnda Eyrarbakkahrepps sem leigusala og Böðvars Sigurjónssonar og Eiríks Guðmundssonar sem leigutaka. Þá krefst hann að stefndu greiði sér dagsektir 100,00 krónur frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er samningur stefnda Eyrarbakkahrepps og Böðvars Sigurjónssonar rangt tekinn upp. Er hinn leigði jarðarpartur þar sagður 10% úr Flóagafli í stað 5% svo sem í samningnum segir.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakin vitnaskýrsla sem sögð er gefin af vitninu Magnúsi Magnússyni svo og skýrsla Magnúsar Karels Hannessonar, oddvita Eyrarbakkahrepps, sem virðast taldar hafa verið gefnar fyrir dómi í máli þessu. Í því sambandi athugast, að af dómsgerðum verður ekki séð að nein vitni eða aðilar máls hafi gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu. Ekki bera dómsgerðir heldur með sér framlagningu í dómi á slíkum skýrslum gefnum í öðrum dómsmálum sem áfrýjandi höfðaði gegn öðrum aðilum vegna hliðstæðra sakarefna og hér er um að tefla. Verður hinum sögðu dómskýrslum því enginn gaumur gefinn.

Það er viðurkennt af stefndu í málflutningi þeirra fyrir Hæstarétti að samningi þeim, sem fjallað er um í málinu, hafi ekki verið ætlað að koma til framkvæmda samkvæmt efni sínu. Er ekki byggt á því að stefndi Eiríkur hafi öðlast víðtækari rétt en heimildarmaður hans hafði.

Það er ágreiningslaust með aðilum að óræktað land Flóagaflstorfunnar, að Þórðarkoti undanskildu, sé í óskiptri sameign áfrýjanda og stefnda Eyrarbakkahrepps. Er því ekki haldið fram fyrir Hæstarétti að sameignarréttur áfrýjanda sé að neinu leyti annars eðlis eða þrengri en réttur stefnda Eyrarbakkahrepps vegna þess að Hallskot sé eða hafi verið hjáleiga frá Flóagafli.

Þegar litið er til þess hvers efnis umræddur samningur er orðum sínum samkvæmt, þar á meðal í hvaða skyni leigumálinn er sagður gerður, þykir áfrýjandi eiga slíkra hagsmuna að gæta að hann geti fengið dóm fyrir því að stefndi Eiríkur eigi ekki leigurétt samkvæmt samningnum. Þar sem hinum marklausa samningi hefur verið þinglýst ber og að taka til greina kröfu áfrýjanda um að stefndu verði gert skylt að láta afmá hann úr fasteignabók Árnessýslu. Skulu ráðstafanir til þess gerðar innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum samkvæmt 3. mgr. 193. greinar laga nr. 85/1936 er ákveðast 100,00 krónur.

Eftir þessum úrslitum verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda, sem flutt hefur mál sitt sjálfur, 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð til Hæstaréttar hefur áfrýjandi fellt inn meginmál margra skjala, sem ekki varða mál þetta, og að nokkru um þau fjallað. Hefur hann þar viðhaft ósæmileg svigurmæli um nafngreinda aðila sem víta ber hann harðlega fyrir.

Dómsorð:

Viðurkennt er að stefndi Eiríkur Guðmundsson eigi ekki leigurétt yfir neinum hluta af óskiptu sameignarlandi áfrýjanda, Jóns Sigurðssonar, og stefnda Eyrarbakkahrepps í svonefndri Flóagaflstorfu samkvæmt framangreindum leigusamningi 10. apríl 1970.

Stefndu er skylt að láta afmá samninginn úr fasteignabók Árnessýslu innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100,00 króna dagsektum er renni til áfrýjanda.

Stefndu greiði áfrýjanda 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 18. desember 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember 1984, höfðaði Jón Sigurðsson, nnr. 1583 - 3783, Engjaseli 52, Reykjavík gegn Böðvari Sigurjónssyni, nnr. 1498 - 6626, Túngötu 63, Eyrarbakka og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, Eyrarbakka, Árnessýslu með stefnu birtri 1. mars 1983.

Hinn 7. nóvember 1984 þingfesti stefnandi sakaukastefnu á hendur Eiríki Guðmundssyni, nnr. 1864 - 2603, Túngötu 23, Eyrarbakka, en af hálfu stefnda Eiríks var mætt við þingfestinguna án birtingar.

Í sama þinghaldi féll stefnandi frá kröfum á hendur stefnda Böðvari.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að þola ógildingu á leigusamningi dags. 10. apríl 1970 á milli stefnda Böðvars sem leigutaka og Vigfúsar Jónssonar, oddvita Eyrarbakkahrepps, f.h. hreppsins sem leigusala, um leigu á hluta Flóagaflstorfunnar í Eyrarbakkahreppi.

Þá krefst stefnandi þess að dæmt verði að stefndu skuli greiða honum dagsektir kr. 100,00 á dag frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar í þessu máli en ekki tekist.

Friðgeir Björnsson, borgardómari í Reykjavík, var skipaður skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 til þess að fara með mál þetta vegna anna sýslumannsins í Árnessýslu og var skipun hans staðfest með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 10. október 1984.

Óumdeilt er að stefndi Eiríkur hefur nú tekið við réttindum og skyldum stefnda Böðvars samkvæmt framannefndum leigusamningi frá 10. apríl 1970.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Í fasteignamati árið 1861 ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 39/1986, bls. 1553-1554 hér að framan.]

...þinglesið mánuði síðar.

Hinn 10. apríl 1970 gerði stefndi Eyrarbakkahreppur svofelldan leigusamning við stefnda Böðvar:

„Eyrarbakkahreppur gerir hér með kunnugt að hann leigir hér með hr. Böðvari Sigurjónssyni, hluta úr eignarjörð sinni Flóagafl í Eyrarbakkahreppi. Jörðin er að landveði 100 hundruð samkvæmt fasteignamati 1957. Hinn leigði jarðarpartur er 10% — tíu hundruðustu — úr aðaljörðinni og verður sérstakt lögbýli. Lögbýli þessu, sem ber nafnið Brautarholt, fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar, m.a. til veiði í Ölfusá, í sömu hlutföllum og landstærðin. Leigutímabil er ekki tiltekið en samningurinn er uppsegjanlegur af báðum aðilum með árs fyrirvara. Leigugjald fyrir jörðina er ákveðið með sérsamningi."

Skjal þetta er þinglesið ...

[Sjá bls. 1554-1555.]

... sem rekin hefðu verið á landið.

Stefndu Böðvar og Eiríkur komu ekki fyrir dóminn.

Vitnið Magnús Magnússon ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 40/1986, bls. 1567-1570.]

... en ekki laxveiði.

Er yfirheyrslum var lokið ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 39/1986, bls. 1558-1562.]

... það tilvik sem hér um ræðir.

Kemur þá til skoðunar hvort stefnda Eyrarbakkahreppi var heimilt sem sameiganda stefnanda að Flóagaflstorfunni óskiptri að gera leigusamninginn við stefnda Böðvar.

Málatilbúnaður stefnanda byggðist í upphafi m.a. á því að stefndi Eyrar-

bakkahreppur hefði ráðstafað öllu landi Flóagaflstorfunnar þ. á m. eignarhluta hans í Hallskoti. Að framan er rakið hverjar þessar ráðstafanir voru. Stefnandi hélt þessu enn fram við munnlegan flutning málsins.

Því var ekki haldið fram í greinargerð stefndu að ráðstöfun stefnda, Eyrarbakkahrepps, á landi Flóagaflstorfunnar nái ekki til stærri hluta en svo að undanskilið sé land sem svari a.m.k. til eignarhluta stefnanda í Flóagaflstorfunni.

Sýknukrafa stefndu byggðist á öðrum ástæðum.

Þessari málsástæðu var hins vegar haldið fram af stefndu við munnlegan flutning málsins svo og að ráðstöfun lands skv. leigusamningunum um lögbýli væri stefnanda bagalaus og stefnda Eyrarbakkahreppi heimil.

Skjöl þau, sem lögð hafa verið fram í máli þessu, bera það ekki glöggt með sér hversu mikið land var leigt skv. leigusamningnum við stefnda Böðvar og aðra leigutaka. Samkvæmt hljóðan orða samningsins var leigður hluti úr Flóagafli, þ.e. 10% úr aðaljörðinni sem verður sérstakt lögbýli sem fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar. Það virðist ekki vera skilningur stefndu og þaðan af síður stefnanda að einungis jörðin Flóagafl hafi verið leigð, þá að kotunum þremur undanskildum.

Hins vegar lýsti vitnið Magnús því við yfirheyrslu í málinu að við gerð leigusamninganna hefði verið við það miðað að undan væri skilið land sem svaraði 11% af Flóagaflstorfunni, en sá hundraðshluti hefði verið talinn nema ½ Hallskoti. Þessi hundraðshluti kemur heim og saman við skráðan dýrleika Hallskots af dýrleika Flóagaflstorfunnar allrar í jarðarmatinu frá 1861, þ.e. 4,37 hundruð af 47,6 hundruðum.

Stefnandi telur hluta Flóagaflstorfunnar ...

[Sjá bls. 1562-1564.]

... kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndu, Eiríkur Guðmundsson og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Jóns Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 24. nóvember 1986.

Nr. 42/1986. **Jón Sigurðsson**
(sjálfur)
gegn
Óskari Magnússyni og
Eyrarbakkahreppi
(Hákon Árnason hrl.)

Óskipt sameign. Leiga. Málamyndagerningur. Þinglýsing. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1985. Hinn 3. febrúar 1986 féll þingsókn niður af hans hálfu. Áfrýjaði hann síðan að nýju með stefnu 14. febrúar 1986 með tilvísun til heimildar í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi gerir þær dómkröfur að ógiltur verði með dómi leigusamningur frá 10. apríl 1970 milli stefnda Eyrarbakkahrepps sem leigusala og stefnda Óskars Magnússonar sem leigutaka. Þá krefst hann að stefndu greiði sér dagsektir 100,00 krónur frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er samningur stefndu rangt tekinn upp. Er hinn leigði jarðarpartur þar sagður 10% úr Flóagafli í stað 5% svo sem í samningnum segir.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakin vitnaskýrsla sem sögð er gefin af vitninu Magnúsi Magnússyni svo og skýrsla Magnúsar Karels Hannessonar, oddvita Eyrarbakkahrepps, sem virðast taldar hafa verið gefnar fyrir dómi í máli þessu. Í því sambandi athugast, að af dómsgerðum verður ekki séð að nein vitni eða aðilar máls hafi gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu. Ekki bera dómsgerðir heldur með sér framlagningu í dómi á slíkum skýrslum gefnum í öðrum dómsmálum sem áfrýjandi höfðaði gegn öðrum aðilum vegna hlið-

stæðra sakarefna og hér er um að tefla. Verður hinum sögðu dómskýrslum því enginn gaumur gefinn.

Það er viðurkennt af stefndu í málflutningi þeirra fyrir Hæstarétti að samningi þeim, sem fjallað er um í málinu, hafi ekki verið ætlað að koma til framkvæmda samkvæmt efni sínu.

Það er ágreiningslaust með aðilum að óræktað land Flóagaflstorfunnar, að Þórðarkoti undanskildu, sé í óskiptri sameign áfrýjanda og stefnda Eyrarbakkahrepps. Er því ekki haldið fram fyrir Hæstarétti að sameignarréttur áfrýjanda sé að neinu leyti annars eðlis eða þrengri en réttur stefnda Eyrarbakkahrepps vegna þess að Hallskot sé eða hafi verið hjáleiga frá Flóagafli.

Þegar litið er til þess hvers efnis samningur stefndu er orðum sínum samkvæmt, þar á meðal í hvaða skyni leigumálinn er sagður gerður, þykir áfrýjandi eiga slíkra hagsmuna að gæta að hann geti fengið dóm fyrir því að umræddur samningur hafi ekki stofnað leigurétt fyrir stefnda Óskar. Þar sem hinum marklausa samningi hefur verið þinglýst ber og að taka til greina kröfu áfrýjanda um að stefndu verði gert skylt að láta afmá hann úr fasteignabók Árnessýslu. Skulu ráðstafanir til þess gerðar innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum samkvæmt 3. mgr. 193. greinar laga nr. 85/1936 er ákveðast 100,00 krónur.

Eftir þessum úrslitum verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda, sem flutt hefur mál sitt sjálfur, 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð til Hæstaréttar hefur áfrýjandi fellt inn meginmál margra skjala, sem ekki varða mál þetta, og að nokkru um þau fjallað. Hefur hann þar viðhaft ósæmileg svigurmæli um nafngreinda aðila sem víta ber hann harðlega fyrir.

Dómsorð:

Viðurkennt er að ekki hafi stofnast leiguréttur til handa stefnda Óskari Magnússyni yfir neinum hluta af óskiptu sameignarlandi áfrýjanda, Jóns Sigurðssonar, og stefnda Eyrarbakkahrepps í svonefndri Flóagaflstorfu samkvæmt framangreindum leigusamningi 10. apríl 1970.

Stefndu er skylt að láta afmá samninginn úr fasteignabók

Árnessýslu innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100,00 króna dagsektum er renni til áfrýjanda.

Stefndu greiði áfrýjanda 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 18. desember 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember 1984, höfðaði Jón Sigurðsson, nnr. 1583 - 3783, Engjaseli 52, Reykjavík gegn Óskari Magnússyni, Hjallatúni, Eyrarbakka, og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, Eyrarbakka, Árnessýslu með stefnu birtri 1. mars 1983.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að þola ógildingu á leigusamingi dags. 10. apríl 1970 á milli stefnda Óskars sem leigutaka og Vigfúsar Jónssonar, oddvita Eyrarbakkahrepps, f.h. hreppsins sem leigusala um leigu á hluta Flóagaflstorfunnar í Eyrarbakkahreppi.

Þá krefst stefnandi þess að dæmt verði að stefndu skuli greiða honum dagsektir kr. 100,00 á dag frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar í þessu máli en ekki tekist.

Friðgeir Björnsson, borgardómari í Reykjavík, var skipaður skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 til þess að fara með mál þetta vegna anna sýslumannsins í Árnessýslu og var skipun hans staðfest með bréfi dóms- og kirkjumálaráðneytisins dags. 10. október 1984.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Í fasteignamati árið 1861 ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 39/1986, bls. 1553-1554 hér að framan.]

... þinglesið mánuði síðar.

Hinn 10. apríl 1970 gerði stefndi Eyrarbakkahreppur svofelldan leigusamning við stefnda Óskar:

„Eyrarbakkahreppur gerir hér með kunnugt að hann leigir hér með hr. Óskari Magnússyni hluta úr eignarjörð sinni Flóagafl í Eyrarbakkahreppi. Jörðin er að landveði 100 hundruð samkvæmt fasteignamati 1957. Hinn leigði jarðarpartur er 10% — tíu hundruðustu — úr aðaljörðinni og verður

sérstakt lögbýli. Lögbýli þessu sem ber nafnið Grænhóll fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar, m.a til veiði í Ölfusá, í sömu hlutföllum og landsstærðin. Leigutímabil er ekki tiltekið en samningurinn er uppsegjanlegur af báðum aðilum með árs fyrirvara. Leigugjald fyrir jörðina er ákveðið með sérsamningi."

Skjal þetta er þinglesið ...

[Sjá bls. 1554-1555.]

... sem rekin hefðu verið á landið.

Stefndi Óskar kom ekki fyrir dóminn.

Vitnið Magnús Magnússon ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 40/1986, bls. 1567-1570.]

.... en ekki laxveiði.

Er yfirheyrslum var lokið ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 39/1986, bls. 1558-1562.]

... það tilvik sem hér um ræðir.

Kemur þá til skoðunar hvort stefnda, Eyrarbakkahreppi, var heimilt sem sameiganda stefnanda að Flóagaflstorfunni óskiptri að gera leigusamninginn við stefnda Óskar.

Málatilbúnaður stefnanda byggðist í upphafi m.a. á því að stefndi Eyrarbakkahreppur hefði ráðstafað öllu landi Flóagaflstorfunnar, þ. á m. eignarhluta hans í Hallskoti. Að faman er rakið hverjar þessar ráðstafanir voru. Stefnandi hélt þessu enn fram við munnlegan flutning málsins.

Því var ekki haldið fram í greinargerð stefndu að ráðstöfun stefnda, Eyrarbakkahrepps, á landi Flóagaflstorfunnar nái ekki til stærri hluta en svo að undanskilið sé land sem svari a.m.k. til eignarhluta stefnanda í Flóagaflstorfunni.

Sýknukrafa stefndu byggðist á öðrum ástæðum. Þessari málsástæðu var hins vegar haldið fram af stefndu við munnlegan flutning málsins svo og að ráðstöfun lands skv. leigusamningunum um lögbýli væri stefnanda bagalaus og stefnda Eyrarbakkahreppi heimil.

Skjöl þau, sem lögð hafa verið fram í máli þessu, bera það ekki glöggt með sér hversu mikið land var leigt skv. leigusamningnum við stefnda Óskar og aðra leigutaka. Samkvæmt hljóðan orða samningsins var leigður hluti úr Flóagafli, þ.e. 10% úr aðaljörðinni sem verður sérstakt lögbýli sem fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar. Það virðist ekki vera skilningur stefndu og þaðan af síður stefnanda að einungis jörðin Flóagafl hafi verið leigð, þá að kotunum þremur undanskildum.

Hins vegar lýsti vitnið Magnús því við yfirheyrslu í málinu að við gerð leigusaminganna hefði verið við það miðað að undan væri skilið land sem svaraði 11% af Flóagaflstorfunni, en sá hundraðshluti hefði verið talinn nema ½ Hallskoti. Þessi hundraðshluti kemur heim og saman við skráðan

dýrleika Hallskots af dýrleika Flóagaflstorfunnar allrar í jarðamatinu frá 1861, þ.e. 4,37 hundruð af 47,6 hundruðum.

Stefnandi telur hluta Flóagaflstorfunnar ...

[Sjá bls. 1562-1564.]

... kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndu, Óskar Magnússon og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Jóns Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 24. nóvember 1986.

Nr. 43/1986. **Jón Sigurðsson**
(sjálfur)
gegn
Herði Stefánssyni og
Eyrarbakkahreppi
(Hákon Árnason hrl.)

Óskipt sameign. Leiga. Málamyndagerningur. Þinglýsing. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1985. Hinn 3. febrúar 1986 féll þingsókn niður af hans hálfu. Áfrýjaði hann síðan að nýju með stefnu 14. febrúar 1986 með tilvísun til heimildar í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi gerir þær dómkröfur að ógiltur verði með dómi leigusamningur frá 10. apríl 1970 milli stefnda Eyrarbakkahrepps sem leigusala og Ólafs Guðjónsson-

ar og Harðar Stefánssonar sem leigutaka. Þá krefst hann að stefndu greiði sér dagsektir 100,00 krónur frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er samningur stefnda Eyrarbakkahrepps og Ólafs Guðjónssonar rangt tekinn upp. Er hinn leigði jarðarpartur þar sagður 10% úr Flóagafli í stað 5% svo sem í samningnum segir.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakin vitnaskýrsla sem sögð er gefin af vitninu Magnúsi Magnússyni svo og skýrsla Magnúsar Karels Hannessonar, oddvita Eyrarbakkahrepps, sem virðast taldar hafa verið gefnar fyrir dómi í máli þessu. Í því sambandi athugast, að af dómsgerðum verður ekki séð að nein vitni eða aðilar máls hafi gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu. Ekki bera dómsgerðir heldur með sér framlagningu í dómi á slíkum skýrslum gefnum í öðrum dómsmálum sem áfrýjandi höfðaði gegn öðrum aðilum vegna hliðstæðra sakarefna og hér er um að tefla. Verður hinum sögðu dómskýrslum því enginn gaumur gefinn.

Það er viðurkennt af stefndu í málflutningi þeirra fyrir Hæstarétti að samningi þeim, sem fjallað er um í málinu, hafi ekki verið ætlað að koma til framkvæmda samkvæmt efni sínu. Er ekki byggt á því að stefndi Hörður hafi öðlast víðtækari rétt en heimildarmaður hans hafði.

Það er ágreiningslaust með aðilum að óræktað land Flóagaflstorfunnar, að Þórðarkoti undanskildu, sé í óskiptri sameign áfrýjanda og stefnda Eyrarbakkahrepps. Er því ekki haldið fram fyrir Hæstarétti að sameignarréttur áfrýjanda sé að neinu leyti annars eðlis eða þrengri en réttur stefnda Eyrarbakkahrepps vegna þess að Hallskot sé eða hafi verið hjáleiga frá Flóagafli.

Þegar litið er til þess hvers efnis umræddur samningur er orðum sínum samkvæmt, þar á meðal í hvaða skyni leigumálinn er sagður gerður, þykir áfrýjandi eiga slíkra hagsmuna að gæta að hann geti fengið dóm fyrir því að stefndi Hörður eigi ekki leigurétt samkvæmt samningnum. Þar sem hinum marklausa samningi hefur verið þinglýst ber og að taka til greina kröfu áfrýjanda um að stefndu verði gert skylt að láta afmá hann úr fasteignabók Árnessýslu. Skulu ráð-

stafanir til þess gerðar innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum samkvæmt 3. mgr. 193. greinar laga nr. 85/1936 er ákveðast 100,00 krónur.

Eftir þessum úrslitum verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda, sem flutt hefur mál sitt sjálfur, 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð til Hæstaréttar hefur áfrýjandi fellt inn meginmál margra skjala, sem ekki varða mál þetta, og að nokkru um þau fjallað. Hefur hann þar viðhaft ósæmileg svigurmæli um nafngreinda aðila sem víta ber hann harðlega fyrir.

Dómsorð:

Viðurkennt er að stefndi Hörður Stefánsson eigi ekki leigurétt yfir neinum hluta af óskiptu sameignarlandi áfrýjanda, Jóns Sigurðssonar, og stefnda Eyrarbakkahrepps í svonefndri Flóagaflstorfu samkvæmt framangreindum leigusamningi 10. apríl 1970.

Stefndu er skylt að láta afmá samninginn úr fasteignabók Árnessýslu innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100,00 króna dagsektum er renni til áfrýjanda.

Stefndu greiði áfrýjanda 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 18. desember 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember 1984, höfðaði Jón Sigurðsson, nnr. 1583-3783, Engjaseli 52, Reykjavík gegn Ólafi Guðjónssyni, nnr. 6757-6957, Mundakoti, Eyrarbakka og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, Eyrarbakka, Árnessýslu með stefnu birtri 1. mars 1983.

Hinn 7. nóvember 1984 þingfesti stefnandi sakaukastefnu á hendur Herði Stefánssyni nnr. 4481-6458, Álfsstétt 5, Eyrarbakka, en af hálfu stefnda Harðar var mætt við þingfestinguna án birtingar stefnu.

Í sama þinghaldi féll stefnandi frá kröfum á hendur stefnda Ólafi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að þola ógildingu á leigusamningi dags. 10. apríl 1970 á milli stefnda Ólafs sem leigutaka

og Vigfúsar Jónssonar, oddvita Eyrarbakkahrepps, f.h. hreppsins sem leigusala, um leigu á hluta Flóagaflstorfunnar í Eyrarbakkahreppi.

Þá krefst stefnandi þess að dæmt verði að stefndu skuli greiða honum dagsektir kr. 100,00 á dag frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu skv. gjaldkskrá LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar í þessu máli en ekki tekist.

Friðgeir Björnsson, borgardómari í Reykjavík, var skipaður skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 til þess að fara með mál þetta vegna anna sýslumannsins í Árnessýslu og var skipun hans staðfest með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 10. október 1984.

Óumdeilt er að stefndi Hörður hefur nú tekið við réttindum og skyldum stefnda Ólafs samkvæmt framannefndum leigusamningi frá 10. apríl 1970.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Í fasteignamati árið 1861...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 39/1986, bls. 1553-1554 hér að framan.]

... þinglesið mánuði síðar.

Hinn 10. apríl 1970 gerði stefndi Eyrarbakkahreppur svofelldan leigusamning við stefnda Ólaf:

„Eyrarbakkahreppur gerir hér með kunnugt að hann leigir hér með hr. Ólafi Guðjónssyni hluta úr eignarjörð sinni Flóagafl í Eyrarbakkahreppi. Jörðin er að landveði 100 hundruð samkvæmt fasteignamati 1957. Hinn leigði jarðarpartur er 10% — tíu hundruðustu — úr aðaljörðinni og verður sérstakt lögbýli. Lögbýli þessu, sem ber nafnð Móhóll, fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar, m.a. til veiði í Ölfusá, í sömu hlutföllum og landstærðin. Leigutímabil er ekki tiltekið en samningurinn er uppsegjanlegur af báðum aðilum með árs fyrirvara. Leigugjald fyrir jörðina er ákveðið með sérsamningi."

Skjal þetta er þinglesið ...

[Sjá bls. 1554-1555.]

... sem rekin hefðu verið á landið.

Stefndu Ólafur og Hörður komu ekki fyrir dóminn.

Vitnið Magnús Magnússon ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 40/1986, bls. 1567-1570.]

... en ekki laxveiði.

Er yfirheyrslum var lokið ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 39/1986, bls. 1558-1562.]

... það tilvik sem hér um ræðir.

Kemur þá til skoðunar hvort stefnda Eyrarbakkahreppi var heimilt sem sameiganda stefnanda að Flóagaflstorfunni óskiptri að gera leigusamninginn við stefnda Ólaf.

Málatilbúnaður stefnanda byggðist í upphafi m.a. á því að stefndi Eyrarbakkahreppur hefði ráðstafað öllu landi Flóagaflstorfunnar þ. á m. eignarhluta hans í Hallskoti. Að framan er rakið hverjar þessar ráðstafanir voru. Stefnandi hélt þessu enn fram við munnlegan flutning málsins.

Því var ekki haldið fram í greinargerð stefndu að ráðstöfun stefnda, Eyrarbakkahrepps, á landi Flóagaflstorfunnar nái ekki til stærri hluta en svo að undanskilið sé land sem svari a.m.k. til eignarhluta stefnanda í Flóagaflstorfunni.

Sýknukrafa stefndu byggðist á öðrum ástæðum.

Þessari málsástæðu var hins vegar haldið fram af stefndu við munnlegan flutning málsins svo og að ráðstöfun lands skv. leigusamningunum um lögbýli væri stefnanda bagalaus og stefnda Eyrarbakkahreppi heimil.

Skjöl þau, sem lögð hafa verið fram í máli þessu, bera það ekki glöggt með sér hversu mikið land var leigt skv. leigusamningnum við stefnda Ólaf og aðra leigutaka. Samkvæmt hljóðan orða samningsins var leigður hluti úr Flóagafli, þ.e. 10% úr aðaljörðinni sem verður sérstakt lögbýli sem fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar. Það virðist ekki vera skilningur stefndu og þaðan af síður stefnanda að einungis jörðin Flóagafl hafi verið leigð, þá að kotunum þremur undanskildum.

Hins vegar lýsti vitnið Magnús því við yfirheyrslu í málinu að við gerð leigusamninganna hefði verið við það miðað að undan væri skilið land sem svaraði 11% af Flóagaflstorfunni, en sá hundraðshluti hefði verið talinn nema ½ Hallskoti. Þessi hundraðshluti kemur heim og saman við skráðan dýrleika Hallskots af dýrleika Flóagaflstorfunnar allrar í jarðamatinu frá 1861, þ.e. 4,37 hundruð af 47,6 hundruðum.

Stefnandi telur hluta Flóagaflstorfunnar ...

[Sjá bls. 1562-1564.]

... kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndu, Hörður Stefánsson og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Jóns Sigurðssonar, í máli þessu

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 24. nóvember 1986.

Nr. 44/1986. **Jón Sigurðsson**
(sjálfur)
gegn
Halldóri Guðmundssyni og
Eyrarbakkahreppi
(Hákon Árnason hrl.)

Óskipt sameign. Leiga. Málamyndagerningur. Þinglýsing. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1985. Hinn 3. febrúar 1986 féll þingsókn niður af hans hálfu. Áfrýjaði hann síðan að nýju með stefnu 14. febrúar 1986 með tilvísun til heimildar í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi gerir þær dómkröfur að ógiltur verði með dómi leigusamningur frá 10. apríl 1970 milli stefnda Eyrarbakkahrepps sem leigusala og stefnda Halldórs Guðmundssonar sem leigutaka. Þá krefst hann að stefndu greiði sér dagsektir 100,00 krónur frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er samningur stefndu rangt tekinn upp. Er hinn leigði jarðarpartur þar sagður 10% úr Flóagafli í stað 5% svo sem í samningnum segir.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakin vitnaskýrsla sem sögð er gefin af vitninu Magnúsi Magnússyni svo og skýrsla Magnúsar Karels Hannessonar, oddvita Eyrarbakkahrepps, sem virðast taldar hafa verið gefnar fyrir dómi í máli þessu. Í því sambandi athugast, að af dómsgerðum verður ekki séð að nein vitni eða aðilar máls hafi gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu. Ekki bera dómsgerðir heldur með sér framlagningu í dómi á slíkum skýrslum gefnum í öðrum

dómsmálum sem áfrýjandi höfðaði gegn öðrum aðilum vegna hliðstæðra sakarefna og hér er um að tefla. Verður hinum sögðu dómskýrslum því enginn gaumur gefinn.

Það er viðurkennt af stefndu í málflutningi þeirra fyrir Hæstarétti að samningi þeim, sem fjallað er um í málinu, hafi ekki verið ætlað að koma til framkvæmda samkvæmt efni sínu.

Það er ágreiningslaust með aðilum að óræktað land Flóagaflstorfunnar, að Þórðarkoti undanskildu, sé í óskiptri sameign áfrýjanda og stefnda Eyrarbakkahrepps. Er því ekki haldið fram fyrir Hæstarétti að sameignarréttur áfrýjanda sé að neinu leyti annars eðlis eða þrengri en réttur stefnda Eyrarbakkahrepps vegna þess að Hallskot sé eða hafi verið hjáleiga frá Flóagafli.

Þegar litið er til þess hvers efnis samningur stefndu er orðum sínum samkvæmt, þar á meðal í hvaða skyni leigumálinn er sagður gerður, þykir áfrýjandi eiga slíkra hagsmuna að gæta að hann geti fengið dóm fyrir því að umræddur samningur hafi ekki stofnað leigurétt fyrir stefnda Halldór. Þar sem hinum marklausa samningi hefur verið þinglýst ber og að taka til greina kröfu áfrýjanda um að stefndu verði gert skylt að láta afmá hann úr fasteignabók Árnessýslu. Skulu ráðstafanir til þess gerðar innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum samkvæmt 3. mgr. 193. greinar laga nr. 85/1936 er ákveðast 100,00 krónur.

Eftir þessum úrslitum verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda, sem flutt hefur mál sitt sjálfur, 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð til Hæstaréttar hefur áfrýjandi fellt inn meginmál margra skjala, sem ekki varða mál þetta, og að nokkru um þau fjallað. Hefur hann þar viðhaft ósæmileg svigurmæli um nafngreinda aðila sem víta ber hann harðlega fyrir.

Dómsorð:

Viðurkennt er að ekki hafi stofnast leiguréttur til handa stefnda Halldóri Guðmundssyni yfir neinum hluta af óskiptu sameignarlandi áfrýjanda, Jóns Sigurðssonar, og stefnda Eyrarbakkahrepps í svonefndri Flóagaflstorfu samkvæmt framangreindum leigusamningi 10. apríl 1970.

Stefndu er skylt að láta afmá samninginn úr fasteignabók

Árnessýslu innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100,00 króna dagsektum er renni til áfrýjanda.

Stefndu greiði áfrýjanda 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 18. desember 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember 1984, höfðaði Jón Sigurðsson, nnr. 1583 - 3783, Engjaseli 52, Reykjavík gegn Halldóri Guðmundssyni, nnr. 3580 - 4463, Sæfelli Eyrarbakka og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, Eyrarbakka, Árnessýslu með stefnu birtri 1. mars 1983.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að þola ógildingu á leigusamningi dags. 10. apríl 1970 á milli stefnda Halldórs sem leigutaka og Vigfúsar Jónssonar, oddvita Eyrarbakkahrepps, f.h. hreppsins sem leigusala, um leigu á hluta Flóagaflstorfunnar í Eyrarbakkahreppi.

Þá krefst stefnandi þess að dæmt verði að stefndu skuli greiða honum dagsektir kr. 100,00 á dag frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar í þessu máli en ekki tekist.

Friðgeir Björnsson, borgardómari í Reykjavík, var skipaður skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 til þess að fara með mál þetta vegna anna sýslumannsins í Árnessýslu og var skipun hans staðfest með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 10. október 1984.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Í fasteignamati árið 1861 ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 39/1986, bls. 1553-1554 hér að framan.]

... þinglesið mánuði síðar.

Hinn 10. apríl 1970 gerði stefndi Eyrarbakkahreppur svofelldan leigusamning við stefnda Halldór:

„Eyrarbakkahreppur gerir hér með kunnugt að hann leigir hér með hr. Halldóri Guðmundssyni, hluta úr eignarjörð sinni Flóagafl í Eyrarbakkahreppi. Jörðin er að landveði 100 hundruð samkvæmt fasteignamati 1957. Hinn leigði jarðarpartur er 10% — tíu hundruðustu — úr aðaljörðinni og verður sérstakt lögbýli. Lögbýli þessu sem ber nafnið Garðstaðir fylgja

öll réttindi aðaljarðarinnar, m.a. til veiði í Ölfusá, í sömu hlutföllum og landsstærðin. Leigutímabil er ekki tiltekið en samningurinn er uppsegjanlegur af báðum aðilum með árs fyrirvara. Leigugjald fyrir jörðina er ákveðið með sérsamningi."

Skjal þetta er þinglesið...

[Sjá bls. 1554-1555.]

...sem rekin hefðu verið á landið.

Stefndi Halldór kom ekki fyrir dóminn.

Vitnið Magnús Magnússon ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 40/1986, bls. 1567-1570.]

... en ekki laxveiði.

Er yfirheyrslum var lokið ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 39/1986, bls. 1558-1562.]

... það tilvik sem hér um ræðir.

Kemur þá til skoðunar hvort stefnda, Eyrarbakkahreppi, var heimilt sem sameiganda stefnanda að Flóagaflstorfunni óskiptri að gera leigusamninginn við stefnda Halldór.

Málatilbúnaður stefnanda byggðist í upphafi m.a. á því að stefndi Eyrarbakkahreppur hefði ráðstafað öllu landi Flóagaflstorfunnar, þ. á m. eignarhluta hans í Hallskoti. Að framan er rakið hverjar þessar ráðstafanir voru. Stefnandi hélt þessu enn fram við munnlegan flutning málsins.

Því var ekki haldið fram í greinargerð stefndu að ráðstöfun stefnda, Eyrarbakkahrepps, á landi Flóagaflstorfunnar nái ekki til stærri hluta en svo að undanskilið sé land sem svari a.m.k. til eigarnhluta stefnanda í Flóagaflstorfunni.

Sýknukrafa stefndu byggðist á öðrum ástæðum. Þessari málsástæðu var hins vegar haldið fram af stefndu við munnlegan flutning málsins svo og að ráðstöfun lands skv. leigusamningunum um lögbýli væri stefnanda bagalaus og stefnda Eyrarbakkahreppi heimil.

Skjöl þau, sem lögð hafa verið fram í máli þessu, bera það ekki glöggt með sér hversu mikið land var leigt skv. leigusamningnum við stefnda Halldór og aðra leigutaka. Samkvæmt hljóðan orða samningsins var leigður hluti úr Flóagafli, þ.e. 10% úr aðaljörðinni sem verður sérstakt lögbýli sem fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar. Það virðist ekki vera skilningur stefndu og þaðan af síður stefnanda að einungis jörðin Flóagafl hafi verið leigð, þá að kotunum þremur undanskildum.

Hins vegar lýsti vitnið Magnús því við yfirheyrslu í málinu að við gerð leigusamninganna hefði verið við það miðað að undan væri skilið land sem svaraði 11% af Flóagaflstorfunni, en sá hundraðshluti hefði verið talinn nema ½ Hallskoti. Þessi hundraðshluti kemur heim og saman við skráðan

dýrleika Hallskots og dýrleika Flóagaflstorfunnar allrar í jarðamatinu frá 1861. þ.e. 4,37 hundruð af 47,6 hundruðum.

Stefnandi telur hluta Flóagaflstorfunnar ...

[Sjá bls. 1562-1564.]

... kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndu, Halldór Guðmundsson og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Jóns Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 24. nóvember 1986.

Nr. 45/1986. **Jón Sigurðsson**
(sjálfur)
gegn
Þór Hagalín og
Eyrarbakkahreppi
(Hákon Árnason hrl.)

Óskipt sameign. Leiga. Málamyndagerningur. Þinglýsing. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1985. Hinn 3. febrúar 1986 féll þingsókn niður af hans hálfu. Áfrýjaði hann síðan að nýju með stefnu 14. febrúar 1986 með tilvísun til heimildar í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi gerir þær dómkröfur að ógiltur verði með dómi leigusamningur frá 10. apríl 1970 milli stefnda Eyrarbakkahrepps sem leigusala og Þórarins Guð-

mundssonar og Þórs Hagalín sem leigutaka. Þá krefst hann að stefndu greiði sér dagsektir 100,00 krónur frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakin vitnaskýrsla sem sögð er gefin af vitninu Magnúsi Magnússyni svo og skýrsla Magnúsar Karels Hannessonar, oddvita Eyrarbakkahrepps, sem virðast taldar hafa verið gefnar fyrir dómi í máli þessu. Í því sambandi athugast, að af dómsgerðum verður ekki séð að nein vitni eða aðilar máls hafi gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu. Ekki bera dómsgerðir heldur með sér framlagningu í dómi á slíkum skýrslum gefnum í öðrum dómsmálum sem áfrýjandi höfðaði gegn öðrum aðilum vegna hliðstæðra sakarefna og hér er um að tefla. Verður hinum sögðu dómskýrslum því enginn gaumur gefinn.

Það er viðurkennt af stefndu í málflutningi þeirra fyrir Hæstarétti að samningi þeim sem fjallað er um í málinu hafi ekki verið ætlað að koma til framkvæmda samkvæmt efni sínu. Er ekki byggt á því að stefndi Þór hafi öðlast víðtækari rétt en heimildarmaður hans hafði.

Það er ágreiningslaust með aðilum að óræktað land Flóagaflstorfunnar, að Þórðarkoti undanskildu, sé í óskiptri sameign áfrýjanda og stefnda Eyrarbakkahrepps. Er því ekki haldið fram fyrir Hæstarétti að sameignarréttur áfrýjanda sé að neinu leyti annars eðlis eða þrengri en réttur stefnda Eyrarbakkahrepps vegna þess að Hallskot sé eða hafi verið hjáleiga frá Flóagafli.

Þegar litið er til þess hvers efnis umræddur samningur er orðum sínum samkvæmt, þar á meðal í hvaða skyni leigumálinn er sagður gerður, þykir áfrýjandi eiga slíkra hagsmuna að gæta að hann geti fengið dóm fyrir því að stefndi Þór eigi ekki leigurétt samkvæmt samningnum. Þar sem hinum marklausa samningi hefur verið þinglýst ber og að taka til greina kröfu áfrýjanda um að stefndu verði gert skylt að láta afmá hann úr fasteignabók Árnessýslu. Skulu ráðstafanir til þess gerðar innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum samkvæmt 3. mgr. 193. greinar laga nr. 85/1936 er ákveðast 100,00 krónur.

Eftir þessum úrslitum verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda, sem flutt hefur mál sitt sjálfur, 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð til Hæstaréttar hefur áfrýjandi fellt inn meginmál margra skjala, sem ekki varða mál þetta, og að nokkru um þau fjallað. Hefur hann þar viðhaft ósæmileg svigurmæli um nafngreinda aðila sem víta ber hann harðlega fyrir.

Dómsorð:

Viðurkennt er að stefndi Þór Hagalín eigi ekki leigurétt yfir neinum hluta af óskiptu sameignarlandi áfrýjanda, Jóns Sigurðssonar, og stefnda Eyrarbakkahrepps í svonefndri Flóagaflstorfu samkvæmt framangreindum leigusamningi 10. apríl 1970.

Stefndu er skylt að láta afmá samninginn úr fasteignabók Árnessýslu innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100,00 króna dagsektum er renni til áfrýjanda.

Stefndu greiði áfrýjanda 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 18. desember 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember 1984, höfðaði Jón Sigurðsson, nnr. 1583-3783, Engjaseli 52, Reykjavík gegn Þórarni Guðmundssyni, nnr. 9410-1220 Þórunnarstræti 124, Akureyri og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, Eyrarbakka, Árnessýslu með stefnu birtri 1. og 5. mars 1983.

Hinn 7. nóvember 1984 þingfesti stefnandi sakaukastefnu á hendur Þór Hagalín, nnr. 9326-7737, Háeyrarvöllum 54, Eyrarbakka, en af hálfu stefnda Þórs var mætt við þingfestinguna án birtingar stefnu.

Í sama þinghaldi féll stefnandi frá kröfum á hendur stefnda Þórarni.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að þola ógildingu á leigusamningi dags. 10. apríl 1970 á milli stefnda Þórarins sem leigutaka og Vigfúsar Jónssonar, oddvita Eyrarbakkahrepps, f.h. hreppsins sem leigusala, um leigu á hluta Flóagaflstorfunnar í Eyrarbakkahreppi.

Þá krefst stefnandi þess að dæmt verði að stefndu skuli greiða honum

dagsektir kr. 100,00 á dag frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar í þessu máli en ekki tekist.

Friðgeir Björnsson, borgardómari í Reykjavík, var skipaður skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 til þess að fara með mál þetta vegna anna sýslumannsins í Árnessýslu og var skipun hans staðfest með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 10. október 1984.

Óumdeilt er að stefndi Þór hefur nú tekið við réttindum og skyldum stefnda Þórarins samkvæmt framannefndum leigusamningi frá 10. apríl 1970.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Í fasteignamati árið 1861 ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 39/1986, bls. 1553-1554 hér að framan.]

...þinglesið mánuði síðar.

Hinn 10. apríl 1970 gerði stefndi Eyrarbakkahreppur svofelldan leigusamning við stefnda Þórarin: „Eyrarbakkahreppur gerir hér með kunnugt að hann leigir hér með hr. Þórarni Guðmundssyni, hluta úr eignarjörð sinni Flóagafl í Eyrarbakkahreppi. Jörðin er að landveði 100 hundruð samkvæmt fasteignamati 1957. Hinn leigði jarðarpartur er 10% — tíu hundruðustu — úr aðaljörðinni og verður sérstakt lögbýli. Lögbýli þessu, sem ber nafnð Gerðiskot, fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar, m.a til veiði í Ölfusá, í sömu hlutföllum og landstærðin. Leigutímabil er ekki tiltekið en samningurinn er uppsegjanlegur af báðum aðilum með árs fyrirvara. Leigugjald fyrir jörðina er ákveðið með sérsamningi."

Skjal þetta er þinglesið ...

[sjá bls. 1554-1555.]

... sem rekin hefðu verið á landið.

Stefndu Þórarinn og Þór komu ekki fyrir dóminn.

Vitnið Magnús Magnússon ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 40/1986, bls. 1567-1570.]

... en ekki laxveiði.

Er yfirheyrslum var lokið ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 39/1986, bls. 1558-1562.]

...það tilvik sem hér um ræðir.

Kemur þá til skoðunar hvort stefnda Eyrarbakkahreppi var heimilt sem

sameiganda stefnanda að Flóagaflstorfunni óskiptri að gera leigusamninginn við stefnda Þórarin.

Málatilbúnaður stefnanda byggðist í upphafi m.a. á því að stefndi Eyrarbakkahreppur hefði ráðstafað öllu landi Flóagaflstorfunnar þ. á m. eignarhluta hans í Hallskoti. Að framan er rakið hverjar þessar ráðstafanir voru. Stefnandi hélt þessu enn fram við munnlegan flutning málsins.

Því var ekki haldið fram í greinargerð stefndu að ráðstöfun stefnda, Eyrarbakkahrepps, á landi Flóagaflstorfunnar nái ekki til stærri hluta en svo að undanskilið sé land sem svari a.m.k. til eignarhluta stefnanda í Flóagaflstorfunni.

Sýknukrafa stefndu byggðist á öðrum ástæðum.

Þessari málsástæðu var hins vegar haldið fram af stefndu við munnlegan flutning málsins svo og að ráðstöfun lands skv. leigusamningunum um lögbýli væri stefnanda bagalaus og stefnda Eyrarbakkahreppi heimil.

Skjöl þau, sem lögð hafa verið fram í máli þessu, bera það ekki glöggt með sér hversu mikið land var leigt skv. leigusamningnum við stefnda Þórarin og aðra leigutaka. Samkvæmt hljóðan orða samningsins var leigður hluti úr Flóagafli, þ.e. 10% úr aðaljörðinni sem verður sérstakt lögbýli sem fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar. Það virðist ekki vera skilningur stefndu og þaðan af síður stefnanda að einungis jörðin Flóagafl hafi verið leigð, þá að kotunum þremur undanskildum.

Hins vegar lýsti vitnið Magnús því við yfirheyrslu í málinu að við gerð leigusamninganna hefði verið við það miðað að undan væri skilið land sem svaraði 11% af Flóagaflstorfunni, en sá hundraðshluti hefði verið talinn nema ½ Hallskoti. Þessi hundraðshluti kemur heim og saman við skráðan dýrleika Hallskots af dýrleika Flóagaflstorfunnar allrar í jarðamatinu frá 1861, þ.e. 4,37 hundruð af 47,6 hundruðum.

Stefnandi telur hluta Flóagaflstorfunnar ...

[Sjá bls. 1562-1564.]

...kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndu, Þór Hagalín og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Jóns Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 24. nóvember 1986.

Nr. 46/1986. **Jón Sigurðsson**
(sjálfur)
gegn
Nils Ólafssyni og
Eyrarbakkahreppi
(Hákon Árnason hrl.)

Óskipt sameign. Leiga. Málamyndagerningur. Þinglýsing. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1985. Hinn 3. febrúar 1986 féll þingsókn niður af hans hálfu. Áfrýjaði hann síðan að nýju með stefnu 14. febrúar 1986 með tilvísun til heimildar í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi gerir þær dómkröfur að ógiltur verði með dómi leigusamningur frá 10. apríl 1970 milli stefnda Eyrarbakkahrepps sem leigusala og stefnda Nils Ólafssonar sem leigutaka. Þá krefst hann að stefndu greiði sér dagsektir 100,00 krónur frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæatarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er samningur stefndu rangt tekinn upp. Er hinn leigði jarðarpartur þar sagður 10% úr Flóagafli í stað 5% svo sem í samningnum segir.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakin vitnaskýrsla sem sögð er gefin af vitninu Magnúsi Magnússyni svo og skýrsla Magnúsar Karels Hannessonar, oddvita Eyrarbakkahrepps, sem virðast taldar hafa verið gefnar fyrir dómi í máli þessu. Í því sambandi athugast, að af dómsgerðum verður ekki séð að nein vitni eða aðilar máls hafi gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu. Ekki bera dómsgerðir heldur með sér famlagningu í dómi á slíkum skýrslum gefnar í öðrum

dómsmálum sem áfrýjandi höfðaði gegn öðrum aðilum vegna hliðstæðra sakarefna og hér er um að tefla. Verður hinum sögðu dómskýrslum því enginn gaumur gefinn.

Það er viðurkennt af stefndu í málflutningi þeirra fyrir Hæstaretti að samningi þeim sem fjallað er um í málinu hafi ekki verið ætlað að koma til framkvæmda samkvæmt efni sínu.

Það er ágreiningslaust með aðilum að óræktað land Flóagaflstorfunnar, að Þórðarkoti undanskildu, sé í óskiptri sameign áfrýjanda og stefnda Eyrarbakkahrepps. Er því ekki haldið fram fyrir Hæstarétti að sameignarréttur áfrýjanda sé að neinu leyti annars eðlis eða þrengri en réttur stefnda Eyrarbakkahrepps vegna þess að Hallskot sé eða hafi verið hjáleiga frá Flóagafli.

Þegar litið er til þess hvers efnis samningur stefnda er orðum sínum samkvæmt, þar að meðal í hvaða skyni leigumálinn er sagður gerður, þykir áfrýjandi eiga slíkra hagsmuna að gæta að hann geti fengið dóm fyrir því að umræddur samningur hafi ekki stofnað leigurétt fyrir stefnda Nils. Þar sem hinum marklausa samningi hefur verið þinglýst ber og að taka til greina kröfu áfrýjanda um að stefndu verði gert skylt að láta afmá hann úr fasteignabók Árnessýslu. Skulu ráðstafanir til þess gerðar innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum samkvæmt 3. mgr. 193. greinar laga nr. 85/1936 er ákveðast 100,00 krónur.

Eftir þessum úrslitum verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda, sem flutt hefur mál sitt sjálfur, 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð til Hæstaréttar hefur áfrýjandi fellt inn meginmál margra skjala, sem ekki varða mál þetta, og að nokkru um þau fjallað. Hefur hann þar viðhaft ósæmileg svigurmæli um nafngreinda aðila sem víta ber hann harðlega fyrir.

Dómsorð:

Viðurkennt er að ekki hafi stofnast leiguréttur til handa stefnda Nils Ólafssyni yfir neinum hluta af óskiptu sameignarlandi áfrýjanda, Jóns Sigurðssonar, og stefnda Eyrarbakkahrepps í svonefndri Flóagaflstorfu samkvæmt framangreindum leigusamningi 10. apríl 1970.

Stefndu er skylt að láta afmá samninginn úr fasteignabók Árnessýslu innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100,00 króna dagsektum er renni til áfrýjanda.

Stefndu greiði áfrýjanda 10.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 18. desember 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember 1984, höfðaði Jón Sigurðsson, nnr. 1583-3783, Engjaseli 52, Reykjavík gegn Nils Ólafssyni, nnr. 6622-5836, Sólvangi, Eyrarbakka og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, Eyrarbakka, Árnessýslu með stefnu birtri 1. mars 1983.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að þola ógildingu á leigusamningi dags. 10. apríl 1970 á milli stefnda Nils sem leigutaka og Vigfúsar Jónssonar, oddvita Eyrarbakkahrepps, f.h. hreppsins sem leigusala, um leigu á hluta Flóagaflstorfunnar í Eyrarbakkahreppi.

Þá krefst stefnandi þess að dæmt verði að stendu skuli greiða honum dagsektir kr. 100,00 á dag frá uppkvaðningu dóms þar til ofangreindum samningi hefur verið aflýst.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar í þessu máli en ekki tekist.

Friðgeir Björnsson, borgardómari í Reykjavík, var skipaður skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 til þess að fara með mál þetta vegna anna sýslumannsins í Árnessýslu og var skipun hans staðfest með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 10. október 1984.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Í fasteignamati árið 1861...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 39/1986, bls. 1553-1554 hér að framan.]

...þinglesið mánuði síðar.

Hinn 10. apríl 1970 gerði stefndi Eyrarbakkahreppur svofelldan leigusamning við stefnda Nils:

„Eyrarbakkahreppur gerir hér með kunnugt að hann leigir hér með hr. Nils Ólafsson (sic) hluta úr eignarjörð sinni Flóagafl í Eyrarbakkahreppi. Jörðin er að landveði 100 hundruð samkvæmt fasteignamati 1957. Hinn

leigði jarðarpartur er 10% — tíu hundruðustu — úr aðaljörðinni og verður sérstakt lögbýli. Lögbýli þessu sem ber nafnið Kjarnholt fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar, m.a. til veiði í Ölfusá, í sömu hlutföllum og landsstærðin. Leigutímabil er ekki tiltekið en samningurinn er uppsegjanlegur af báðum aðilum með árs fyrirvara. Leigugjald fyrir jörðina er ákveðið með sérsamningi."

Skjal þetta er þinglesið ...

[Sjá bls. 1554-1555.]

... sem rekin hefðu verið á landið.

Stefndi Nils kom ekki fyrir dóminn.

Vitnið Magnús Magnússon ...

[Sjá bls. 1567-1570.]

... en ekki laxveiði.

Er yfirheyrslum var lokið ...

[Sjá bls. 1558-1562.]

...það tilvik sem hér um ræðir.

Kemur þá til skoðunar hvort stefnda, Eyrarbakkahreppi, var heimilt sem sameiganda stefnanda að Flóagaflstorfunni óskiptri að gera leigusamninginn við stefnda Nils.

Málatilbúnaður stefnanda byggðist í upphafi m.a. á því að stefndi Eyrarbakkahreppur hefði ráðstafað öllu landi Flóagaflstorfunnar, þ. á m. eignarhluta hans í Hallskoti. Að framan er rakið hverjar þessar ráðstafanir voru. Stefnandi hélt þessu enn fram við munnlegan flutning málsins.

Því var ekki haldið fram í greinargerð stefndu að ráðstöfun stefnda, Eyrarbakkahrepps, á landi Flóagaflstorfunnar nái ekki til stærri hluta en svo að undanskilið sé land sem svari a.m.k. til eignarhluta stefnanda í Flóagaflstorfunni.

Sýknukrafa stefndu byggðist á öðrum ástæðum. Þessari málsástæðu var hins vegar haldið fram af stefndu við munnlegan flutning málsins svo og að ráðstöfun lands skv. leigusamningunum um lögbýli væri stefnanda bagalaus og stefnda Eyrarbakkahreppi heimil.

Skjöl þau, sem lögð hafa verið fram í máli þessu, bera það ekki glöggt með sér hversu mikið land var leigt skv. leigusamningnum við stefnda Nils og aðra leigutaka. Samkvæmt hljóðan orða samningsins var leigður hluti úr Flóagafli, þ.e. 10% úr aðaljörðinni sem verður sérstakt lögbýli sem fylgja öll réttindi aðaljarðarinnar. Það virðist ekki vera skilningur stefndu og þaðan af síður stefnanda að einungis jörðin Flóagafl hafi verið leigð, þá að kotnum þremur undanskildum.

Hins vegar lýsti vitnið Magnús því við yfirheyrslu í málinu að við gerð leigusaminganna hefði verið við það miðað að undan væri skilið land sem svaraði 11% af Flóagaflstorfunni, en sá hundraðshluti hefði verið talinn

nema ½ Hallskot. Þessi hundraðhluti kemur heim og saman við skráðan dýrleika Hallskots af dýrleika Flóagaflstorfunnar allrar í jarðamatinu frá 1861, þ.e. 4,37 hundruð af 47,6 hundruðum.

Stefnandi telur hluta Flóagaflstorfunnar ...

[Sjá bls. 1562-1564.]

... kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndu, Nils Ólafsson og hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Jóns Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 27. nóvember 1986.

Nr. 302/1986. **Friðrik G. Friðriksson**
gegn
Geir Viðari Vilhjálmssyni

Kærumál. Uppboð. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur með skírskotun til heimildar í j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. október 1986 er barst Hæstarétti 13. þ.m. Hann gerir þær kröfur, að hrundið verði þeim hluta úrskurðar uppboðsréttar Árnessýslu frá 27. október 1986 er kveður á um að fresta skuli framkvæmd hins umdeilda uppboðs, þar til niðurstaða er fengin í hæstaréttarmálinu nr. 230/1985.

Í greinargerð varnaraðilja, er barst Hæstarétti 26. þ.m., krefst hann þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara að staðfest verði sú ákvörðun uppboðsréttar að fresta framkvæmd uppboðsins. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Eigi eru efni til að taka frávísunarkröfu varnaraðilja til greina.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði var, að undangengnum auglýsingum í 77., 83., og 90. tölublaði Lögbirtingablaðsins árið 1985, kveðinn upp úrskurður hinn 23. september 1985 þess efnis, að uppboð skyldi fara fram á eignarhluta varnaraðilja í sumar-

bústaðnum Ásbúð, Þingvallahreppi, eftir kröfum annarra uppboðsbeiðenda en sóknaraðilja þessa máls.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949 er öðrum óheimilt að krefjast uppboðs á sömu eign eftir að uppboðsauglýsing hefur verið gefin út, „meðan beiðni hins er ekki niður fallin".

Þvert ofan í þetta lagaákvæði hefur uppboðshaldari í hinum kærða úrskurði tekið kröfu sóknaraðilja um uppboð til greina. En þar sem sá þáttur úrskurðarins er ekki til úrlausnar í kærumáli þessu, verður við svo búið að standa. Að þessu athuguðu þykir því rétt að staðfesta úrskurðinn að því leyti sem hann hefur verið kærður til Hæstaréttar.

Rétt þykir að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður að því leyti sem honum hefur verið skotið til Hæstaréttar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Árnessýslu 27. október 1986.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 6. þ.m., var þingfest föstudaginn 3. þ.m. að Ásbúð, Þingvallahreppi.

Uppboðsbeiðandi er Haraldur Blöndal hrl. f.h. Friðriks G. Friðrikssonar fyrir kr. 125.334,- skv. fjárnámsgerð frá 23. september 1985.

Sótt var þing af hálfu uppboðsbeiðanda við þingfestingu málsins.

Uppboðsþoli Geir Viðar Vilhjálmsson hefur sótt þing í málinu.

Við þingfestingu óskaði uppboðsþoli eftir fresti í málinu og var honum með samþykki uppboðsbeiðanda veittur festur til þess að leggja fram gögn í málinu, til 6. þ.m.

Þann 6. október sl. var þingað á ný í málinu og var sótt þing af hálfu uppboðsbeiðanda.

Uppboðsþoli var sjálfur mættur.

Uppboðsþoli lagði fram skriflega greinargerð.

Uppboðshaldarinn gætti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart uppboðsþola, en hann er ólöglærður.

Uppboðsþoli krefst þess að synjað verði um framgang uppboðsins. Af hálfu uppboðsbeiðanda er mótmælt framkominni kröfu um að synjað verði um framgang uppboðsins og þess krafist að hið umbeðna uppboð fari fram strax.

Helstu rök uppboðsþola fyrir því, að uppboðið skuli ekki fara fram, eru þau að uppboðið hafi ekki verið auglýst með lögmætum hætti og að ekki hafi verið gætt þeirrar skyldu að tilkynna uppboðsþola um hina fram komnu uppboðsbeiðni sbr. 22. gr. uppboðslaga nr. 57/1949.

Uppboð á eignarhluta uppboðsþola í sumarbústaðnum Ásbúð, Þingvallahreppi var auglýst í 77. 83. og 90. tölublaði Lögbirtingarblaðsins 1985.

Uppboðsþingið 3. október 1986 var auglýst í Morgunblaðinu föstudaginn 16. september 1986.

Uppboðsþola var tilkynnt um hina fram komnu uppboðsbeiðni með ábyrgðarbréfi að Reyn, Mýrdalshreppi, síðasta lögheimili uppboðsþola, þann 23. september 1986.

Það ábyrgðarbréf hefur ekki verið endursent.

Samkvæmt upplýsingum póststofunnar í Vík í Mýrdal er allur póstur sem berst til uppboðsþola sendur bróður hans Vilhjálmi Vilhjálmssyni í Keflavík.

Uppboðsþoli er nú óstaðsettur í hús í Reykjavík samkvæmt þjóðskrá.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið, þykir ekki vera ástæða til að taka þessa málsástæðu uppboðsþola til greina.

Ekki hefur verið leitt í ljós í málinu að uppboðsheimild sú, sem lögð er til grundvallar uppboðsbeiðni Friðriks G. Friðrikssonar, sé haldin þeim annmörkum að synja beri um uppboð á eignarhluta uppboðsþola í Ásbúð, Þingvallahreppi af þeim sökum.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða uppboðsréttarins sú að umbeðið nauðungaruppboð á eignarhluta Geirs Viðars Vilhjálmssonar í sumarbústaðnum Ásbúð, Þingvallahreppi skuli fara fram.

Þann 23. september 1985 var í uppboðsrétti Árnessýlu kveðinn upp úrskurður um að uppboð skyldi fara fram á framangreindum eignarhluta en samkvæmt kröfum annarra uppboðsbeiðenda. Uppboðsbeiðni Friðriks G. Friðrikssonar var þá ekki komin fram.

Framangreindum úrskurði hefur uppboðsþoli áfrýjað og er málið nú til meðferðar hjá Hæstarétti sem hæstaréttarmálið nr. 230/1985.

Með hliðsjón af 2. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 27. gr. uppboðslaga nr. 57/1949, þykir rétt að fresta uppboði þar til niðurstaða hefur fengist úr hæstaréttarmálinu nr. 230/1985.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Sigurður Jónsson, fulltrúi sýslumanns í Árnessýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hið umbeðna uppboð á eignarhluta Geirs Viðars Vilhjálmssonar í sumarbústaðnum Ásbúð, Þingvallahreppi á að fara fram.

Fresta skal framkvæmd uppboðsins þar til niðurstaða er fengin í

hæstaréttarmálinu nr. 230/1985, þar sem áfrýjað var úrskurði uppboðsréttar Árnessýslu frá 23. september 1985.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 27. nóvember 1986.

Nr. 246/1984. **Eybjörg Einarsdóttir**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
menntamálaráðherra og
fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Skaðabætur utan samninga. Líkamstjón. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi hefur skotið hinum áfrýjaða dómi til Hæstaréttar með stefnu 12. desember 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hún gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 583.220,13 krónur með 34% ársvöxtum frá 17. nóvember 1981 til 1. nóvember 1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 23. júní 1983, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings um tjón áfrýjanda vegna varanlegrar og tímabundinnar örorku.

Á því er ekki byggt fyrir Hæstarétti að trépallur sá, er í málinu greinir, hafi verið óforsvaranlegur að gerð eða að aðgönguleið að útidyrum hafi verið ógreiðfær að öðru leyti en því, að hálka hafi verið á palli þessum. Ekkert er komið fram, sem bendi til leka af þaki eða dyraskyggni niður á pallinn og engin snjókoma var slysdaginn sem veitti húsverði tilefni til að fylgjast sérstaklega með hálkumyndun við dyrnar.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, en eftir atvikum er rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og Guðrúnar Erlendsdóttur.

Telja má sannað að hættuleg hálka hafi verið á trépalli þeim, sem var við norðurinngang skólans og ætlaður var til hreinsunar fótabúnaðar nemenda. Um er að ræða byggingu, sem fjöldi nemenda sækir daglega. Í erindisbréfi (fylgiskjal með samningi um kjör) húsvarðar við Menntaskólann við Hamrahlíð er sú skylda lögð á húsvörð að moka snjó frá dyrum. Krefjast verður vissrar aðgæslu af hálfu skólans til að koma í veg fyrir hálku, sem myndast við innganginn. Ekki hefur verið sýnt fram á, að hálkan hafi verið svo nýmynduð er slysið varð, að ekki hafi verið unnt að koma í veg fyrir hana. Við teljum því, að húsvörðurinn hafi vanrækt eftirlit sitt með dyrapallinum, sem leiði til þess að stefndu beri skaðabótaábyrgð gagnvart áfrýjanda.

Þar sem meirihluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu að sýkna beri stefndu af kröfum áfrýjanda í málinu er ekki þörf á að við fjöllum um bótakröfuna tölulega eða um upphæð málskostnaðar, sem við teljum að dæma beri stefndu til að greiða áfrýjanda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. mars 1984.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 14. febrúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu útgefinni og birtri 23. júní 1983 af Eybjörgu Einarsdóttur, nnr. 1738-7758, til heimilis að Síðuseli 5 hér í borg, gegn menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu greiði henni skaðabætur að fjárhæð kr. 411.159,13 með 34% ársvöxtum frá 17. nóvember 1981 til 1. nóvember 1982 en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá dómsbirtingardegi til greiðsludags.

Stefndu krefjast fullrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hennar hendi að mati réttarins. Til vara gera þeir þá kröfu að stefnufjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna og málskostnaður látinn falla niður.

Sáttaumleitanir báru ekki árangur.

Stefnandi hefur höfðað mál þetta til greiðslu skaðabóta vegna tjóns þess er hún varð fyrir við að detta í hálku við útidyr Menntaskólans við Hamrahlíð og handleggsbrotna.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hinn 17. nóvember 1981 um kl. 17:20 hafi hún runnið á kúptum klakabunka sem verið hafi á trépalli við inngang Menntaskólans, þann sem snýr að Hamrahlíð í norður. Ætlast hafi verið til þess að þeir sem leið ættu inn í skólann hreinsuðu af fótabúnaði sínum á trépallinum. Stefnandi hafi verið nemandi við öldungadeild skólans og hafi verið á leið í tíma og dimmt hafi verið yfir og lýsing slæm. Snjór hafi verið yfir og á trépallinum, sem sé þvernegldur, hafi safnast snjór sem fólk hreinsi af sér áður en inn sé gengið. Svo mikil hálka hafi verið á pallinum að stefnandi hafi dottið, og vitni, sem inni hafi verið, hafi sagt stefnanda þegar henni var hjálpað á fætur og inn að þau hafi verið nærri dottin þarna vegna hálkunnar. Meðan stefnandi hafi beðið í anddyrinu hafi hún horft á konu, sem hafi verið að koma inn í skólann, detta á sama stað, og piltur hafi á sama stað tekist á loft en getað varið sig falli.

Stefnandi hafi verið flutt á slysadeild Borgarspítalans þar sem gert hafi verið að handleggsbrotinu, og síðan reglulega til eftirlits, en fullur bati hafi ekki náðst og hafi verið talið í skoðun hinn 18. október 1982, að 30° vantaði á fulla réttigetu og 10° á eðlilega kreppu olnbogans. Ólafur Jónsson læknir hafi metið örorku stefnanda 100% í 3 mánuði, 50% í næstu fjóra mánuði, og síðan 8% varanlega. Mat þetta hafi verið staðfest af læknaráði, en þangað hafi málinu verið skotið með úrskurði dómarans hinn 17. október 1983 að kröfu stefndu. Þórir Bergsson cand. act. hafi reiknað verðmæti

tekjutaps stefnanda miðað við störf hennar áður en slysið var, þ.e. bankastörf, og byggi stefnandi kröfur sínar á útreikningum hans miðað við 5% ársvexti. Stefnandi telji þó áætlað tekjutap Þóris Bergssonar cand. act. vegna vinnuframlags stefnanda á heimili vera of lágt metið og krefjist tvöfaldrar þeirrar fjárhæðar, 50% í stað 25%, og telji kröfunni þó í hóf stillt, enda sé stefnandi tveggja barna móðir og hafi unnið utan heimilis. Heimilisstörfum sé ekki sleppt eða úr þeim dregið ofan í 25% þótt húsmóðirin vinni úti. Auk kröfunnar um bætur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku, kr. 295.023,00, geri stefnandi kröfur um bætur vegna kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar og ferðakostnað vegna sjúkraþjálfunar, vinnutekjumissi eiginmanns og miskabætur, og nemi bótakrafa stefnanda samanlagt stefnufjárhæðinni, kr. 411.159,13. Um fjárhæð kröfunnar tekur stefnandi sérstaklega fram að tjónþoli eigi að fá tjón sitt bætt að fullu samkvæmt reglum skaðabótaréttarins.

Rök stefnanda fyrir ábyrgð stefndu í málinu eru þau að inngangur skólans hafi verið stórhættulegur þeim er leið hafi átt um og það hafi verið vanrækslu um að kenna. Vitnin Gerður Gunnarsdóttir og Margrét Björg Júlíusdóttir hafi um þetta borið og Björn Baldursson hafi gefið skýrslu hjá lögreglu um þetta. Húsvörður skólans hafi m.a. þann starfa að sjá um að inngangur skólans sé greiðfær og hættulaus og hafi honum láðst að hreinsa þann klaka sem á trépallinum hafi verið og sýnt af sér stórfellt gáleysi í því efni. Sandur hafi verið til á staðnum og hefði húsvörðurinn því átt að bera á hálku þá sem þarna var. Hálkan hafi ekki verið hvar sem var heldur beinlínis á palli þeim sem ætlaður sé til hreinsunar skófatnaðar í slíkum veðrum og eigi því að vera hættulaus enda verði allir að stíga á hann til þess að komast inn. Ávalur klakabunki á slíkum stað sé stórhættulegur og bjóði hættu þeim sem leið eigi um, hundruðum nemenda og kennara skólans. Vanrækslan sé augljós þar sem slysið hafi gerst kl. 17:20 um daginn og hafi klakabunkinn því verið óáreittur um lengri tíma. Hefði slysið gerst snemma um morguninn hefði málið litið öðruvísi út, þar sem ekki sé vanræksla að hafa ekki brugðist við því sem ekki hafi verið vitað um eða mátt vita um tímans vegna. Húsvörðurinn hafi hér fyrir dómi lýst því að hann hafi ekki borið sand eða annað efni á pallinn vegna þess að enginn hafi kvartað við hann um hálku á pallinum. Slíkt dragi ekki úr vanrækslu hans þar sem hann hafi átt að bera á pallinn af sjálfsdáðum og bíða ekki þar til kvartanir bærust. Húsvörðurinn hafi eftir slysið borið á pallinn, en það hafi verið um seinan. Stefndu beri húsbóndaábyrgð á tjóni stefnanda vegna þessarar vanrækslu, hvort sem það verði talið í verkahring húsvarðarins að halda inngagni skólans greiðfærum eða í verkahring stjórnenda skólans. Stefnandi haldi því ekki fram að ábyrgðin byggist á hlutlægri bótareglu um ábyrgð fasteignaeigenda, heldur byggi rök sín á sakarreglu.

Dómar hafi ekki gengið enn í Hæstarétti um slík slys af völdum hálku af ís og snjó, en í bæjarþingi Reykjavíkur hafi fallið dómur 15. nóvember 1982 í málinu Árdís Sveinsdóttir gegn Verslunarfélagi Grundarfjarðar hf., þar sem sök verslunareiganda hafi verið talin byggjast á þeirri vanrækslu að hafa ekki um hádegi gert viðeigandi ráðstafanir til að draga úr eða eyða hálku við dyr verslunarinnar sem verið hafi frá um morguninn. Í máli því sem hér sé til úrlausnar sé um enn lengri vanrækslutíma að ræða, eða fram til kl. 17:20 síðla dags, ekkert hafi verið búið að gera vegna hálkunnar allan daginn frá um morguninn þótt það hefði verið tiltölulega auðvelt og þess vegna hafi slysið orðið. Um eigin sök stefnanda sé ekki að ræða og ekki beri að skipta sök þess vegna. Hún hafi verið í kuldastígvélum með riffluðum sólum, stöðugum og góðum, og á engan hátt hagað sér öðru vísi en eðlilegt hafi mátt teljast.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að þeir beri ekki ábyrgð á slysi stefnanda sem eingöngu verði rakið til vangæslu hennar sjálfrar og/eða óhappatilviljunar en á engan hátt til þess að aðstæður við inngang menntaskólans hafi verið ófullnægjandi eða stórhættulegar þeim sem þar hafi átt leið um. Upplýst sé að umræddur trépallur sé í raun trégrind með opnum rásum á milli rimlanna til þess að þurrka af fótum. Þessi sérstaki búnaður hafi verið við skólann frá upphafi og sé enn, óbreyttur, og aldrei hafi nein slys orðið af honum. Ekkert hafi verið athugavert við pallinn um morguninn og ekki hafi þurft að moka af honum snjó. Upplýst sé einnig að ekki hafi verið kvartað undan hálku við húsvörðinn, en slíkar ábendingar fái hann ef ástæða þyki til. Ekki sé í máli þessu vitað hvenær hálkan myndaðist sem stefnandi féll á, en telja verði sennilegt að hún hafi myndast skömmu fyrir slysið. Af hálfu stefndu sé alfarið andmælt lýsingu stefnanda á ástandi pallsins, enda bendi stefndu á það að stefnandi lýsi sjálf ástandi pallsins á annan hátt í bréfi sínu til rektors sem hún hafi skrifað strax eftir slysið. Í upphaflega bréfinu, sem dagsett sé 2. desember 1981, segi stefnandi að hún telji að timbrið í gangveginum sé farið að slitna og standi hálir naglahausar víða hæst þar sem þverneglt sé, en til hliðanna hafi tréð slitnað í gangvegi og telji hún þetta ástand trépallsins, ásamt því að snjór undan skóm fótgangandi hafi myndað þarna hála bletti, vera orsök þess að hún hafi dottið. Þessi lýsing stefnanda sé allt önnur en síðar komi, að „kúptur klakabunki" hafi verið á pallinum, stórhættulegur. Þá byggi stefnandi á framburðum annarra sem gefið hafi skýrslur hjá lögreglunni í Reykjavík löngu síðar, í janúar 1982. Þegar þetta sé virt telji stefndu að lýsing stefnanda sjálfs í bréfi sínu 2. desember 1981 sé sennilegust, en engin rannsókn hafi verið gerð á vettvangi eftir slys stefnanda, og húsvörðurinn, sem borið hafi sand á trégrindina eftir að stefnandi hafi kvartað við hann eftir slysið, hafi ekki talið að um alvarlega hálkumyndun hafi verið að ræða á trégrind-

inni. Þess vegna haldi stefndu því alfarið fram að ástand grindarinnar hafi verið eðlilegt miðað við veðurfar og aðstæður, og að ekki sé um neina sök hjá húsverði eða öðrum starfsmönnum að ræða sem leitt geti til skaðabótaábyrgðar stefndu. Um kl. 16:00 hafi verið kennaraskipti í skólanum og margir hafi gengið um dyrnar. Engin kvörtun hafi þó borist húsverði. Engin hálkueyðingarskylda hvíli á húsverði samkvæmt settum lögum né öðrum réttarheimildum. Stefnanda hafi því ekki tekist að sýna fram á nokkra sök hjá húsverðinum, en slíkt sé eini grundvöllur stefnanda í málinu. Húsvörður hafi umfram skyldu borið sand á gangvegi og palla, en engin vanræksla hafi verið hjá honum að hafa ekki gert það áður en slys stefnanda gerðist. Þegar litið sé til þeirra dóma, sem fjallað hafi um slys vegna hálku, sé ljóst að þegar slys hafi orðið á þilförum báta og skipa, sem hafi verið hál vegna slors og úrgangs, hafi það verið talið eðlilegt miðað við aðstæður. Svipað megi segja um hálku vegna ísa og snjóa hér á landi á vetrum og hafi engum þótt mikið. Eini dómurinn, sem lagt hafi sök á húseiganda, bæjarþingsdómur sá sem stefnandi hafi vitnað í, úr Grundarfirði, uppkveðinn 15. nóvember 1982, sé vafasamur að áliti stefndu, þar sem svo íþyngjandi skylda sé þar lögð á hendur húseiganda að þurft hafi löggjöf til slíks samkvæmt reglu um lagaáskilnað. Sjónarmið stefndu séu í máli þessu að stefnandi hafi ekki sýnt fram á neitt það sem skapað geti ábyrgð stefndu í máli þessu.

Verði hins vegar ekki á sýknukröfu fallist sé gerð krafa um lækkun bóta, bæði vegna eigin sakar stefnanda, og andmæla við fjárkröfum sem of háum og ranglega reiknuðum. Miða beri við 13% ársvexti í tjónsútreikningi en ekki við 5% eins og stefnandi geri. Raunverulegt fjártjón stefnanda sé óupplýst og ekki megi reikna tekjutap hennar miðað við bankastörf, þar sem hún hafi verið hætt í bankanum áður en slysið varð. Miskabótakrafa sé allt of há og stefndu bendi á að stefnandi hafi ekki þurft að hætta skólanámi vegna slyssins. Hins vegar hafi stefnandi eignast barn sitt 3 mánuðum eftir slysið og það hljóti að vera aðalástæða þess að hún hætti í skólanum. Til öryggis andmæli stefndu að lokum sem löglausri kröfu stefnanda um að málskostnaður verði dæmdur með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá dómsbirtingu.

Niðurstaða:

Upplýst er að stefnandi rann til í hálku og féll við norðurinngang Menntaskólans við Hamrahlíð um kl. 17:20 þriðjudaginn 17. nóvember 1981 er hún var á leið inn í skólann til náms, en hún hafði þá stundað nám við öldungadeild skólans í eitt ár. Stefnandi handleggsbrotnaði við fallið og krefur stefndu um bætur vegna þessa, en stefndu andmæla bótaskyldu.

Slysdaginn var alhvít jörð og snjódýpt 9 cm um morguninn, en um 5-10 cm um kl. 18:00. Skýjað var og frost ÷ 2,2 til 2,8 stig um daginn. Húsvörður hefur borið að ekki hafi verið þörf á að moka snjó frá inngöngudyrunum um morguninn og engin snjókoma var þá um daginn. Húsvörður fékk engar kvartanir vegna hálku við dyr skólans fyrr en hann átti leið um anddyrið og hitti þar stefnanda sem spurði hann þá hvort hann hefði nokkuð athugað hálkuna við innganginn. Eftir það bar húsvörðurinn sand á trégrindina sem stefnandi hafði fallið á og hefur borið að hann minnist þess ekki að um alvarlega hálku væri þar að ræða.

Þegar virt er bréf stefnanda sjálfs, er hún ritaði skömmu eftir slysið, hinn 2. desember 1981, og mismunur sá sem er þar á lýsingu á ástandi trégrindarinnar við dyrnar og á lýsingu vitna hjá lögreglu í janúar 1982, verður að telja að bréf stefnanda gefi skýrari mynd af aðstæðum. Þar bendir stefnandi á það að snjór undan skóm fótgangandi hafi myndað hálku á trégrindinni, og nefnir hála bletti en ekki klakabunka. Af þessu verður að telja ósannað gegn andmælum stefndu að á trégrindinni hafi verið ávalur klakabunki sem þar hafi verið um lengri tíma, svo að vítavert væri. Ber fremur að fallast á með stefndu að sennilegt sé að á trégrindinni hafi myndast hálka nokkuð skyndilega af umferð gangandi manna. Ekki verður talið að slík hálka á trégrindinni hafi verið svo óeðlileg eða vanrækslu starfsmanna skólans um að kenna að varðað geti stefndu bótaábyrgð. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Eybjargar Einarsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 28. nóvember 1986.

Nr. 297/1986 **Ákæruvaldið**

gegn

Agli Aðalgeir Þorlákssyni

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thorddsen, Bjarni K. Bjarnson og Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. nóvember 1986, sem barst Hæstarétti 10. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði felld úr gildi.

Í þinghaldi í sakadómi Húsavíkur 19. þessa mánaðar kynnti héraðsdómari varnaraðila framangreinda kröfu ríkissaksóknara. Lýsti varnaraðili þá yfir að hann gerði engar kröfur í málinu.

Hin kærða dómsátt var gerð í sakadómi Húsavíkur 3. þ.m. Sættist varnaraðili þá á greiðslu sektar fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 vegna ölvunar við bifreiðarstjórn, og jafnframt á það að hann skyldi vera sviptur ökuleyfi sínu ævilangt, en brot ákærða var ítrekað.

Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 má með dómsátt ákveða ökuleyfissviptingu í eitt ár eða skemmri tíma. Ákvörðun með dómsátt um ævilanga ökuleyfissviptingu var því ólögmæt. Ber því að fella hina kærðu dómsátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt sakadóms Þingeyjarsýslu/Húsavíkur 3. nóvember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 3. nóvember er dómþing sakadóms Þingeyjarsýslu/Húsavíkur háð á skrifstofu embættisins í Húsavík af Júlíusi Guðmundssyni ftr.

Fyrir er tekið málið nr. 357 1986. Kæra á hendur Agli Aðalgeir Þorlákssyni fyrir umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: Nr. 1 skjalskrá Lögreglunnar í Húsavík. Nr. 2 Sakavottorð.

Kl. 11:40 kemur í dóminn kærði Egill Aðalgeir Þorláksson, verkamaður, Túngötu 19, Húsavík. Nafnnúmer: 1737-4958. Fæðingardagur 24.01. 1961 Fæðingarstaður: Húsavík.

Kærða er kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar að efni kærunnar sé rétt.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýnishorni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,31‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig að hann fallist á að greiða kr. 24.000,- í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum ævilangt samkvæmt 81. gr. umferðarlaga en brot hans þykir efnislega varða við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 71. gr. alm. hgl.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg og greiðist sektin fyrir 5. janúar 1987 en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 15 daga.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað kr. 200,- fyrir sama tíma.

Kærða gert ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 3. nóvember 1986.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.

Mánudaginn 1. desember 1986.

Nr. 286/1986. **Hólmadrangur hf.**
gegn
Sævari Rafni Jónassyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hólmadrangur hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 4. desember 1986.

Nr. 163/1985. **Axel Ström Óskarsson**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Erni Höskuldssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefur skotið hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. júlí 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Í greinargerð 2. júní 1986 hefur áfrýjandi gert þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgjörð verði úr gildi felld og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur í greinargerð 3. nóvember 1986 gert þær dómkröfur að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og honum tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Er mál þetta skyldi munnlega flutt í Hæstarétti 2. þ.m. óskaði áfrýjandi eftir fresti um ótiltekinn tíma til þess að ljúka vitnamáli, sem hann hafði þingfest á aukadómþingi Kjósarsýslu 21. fyrra mánaðar. Stefndi mótmælti frestbeiðni þessari og krafðist málskostnaðar í þessum þætti málsins. Fór því næst fram munnlegur málflutningur um frestbeiðni áfrýjanda og að honum loknum var ágreiningsefnið tekið til úrskurðar.

Grundvöllur fjárnáms stefnda er dómsátt, sem áfrýjandi undirgekkst á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 28. júní 1983. Hið áfrýjaða fjárnám fór fram 12. desember 1984. Áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu 5. júlí 1985. Með bréfi dagsettu 16. maí 1986 óskaði áfrýjandi eftir því við héraðsdómara að vitna- og aðilayfirheyrslur færu fram í málinu. Hinn 3. nóvember 1986 var því lýst yfir fyrir Hæstarétti af hálfu beggja aðila, að málið væri tilbúið til munnlegs flutnings fyrir Hæstarétti.

Af gögnum málsins verður eigi séð að áfrýjandi hafi óskað eftir yfirheyrslum yfir vitnum fyrr en með bréfi 16. maí 1986. Voru þá

liðnir meir en 10 mánuðir frá því að hann tók út áfrýjunarstefnu í málinu. Af hans hálfu var því lýst yfir hinn 3. nóvember 1986 að málið væri tilbúið til munnlegs flutnings án þess að yfirheyrslur hefðu þá farið fram. Er málið skyldi flutt að efni til 2. þ.m. óskaði áfrýjandi eftir fresti þar sem ekki hefði unnist tími til að ljúka vitnamálinu. Þegar þetta er virt þykir bera að synja um hinn umbeðna frest og skal munnlegur flutningur fara fram þriðjudaginn 9. desember 1986 kl. 15:00.

Rétt þykir að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Á l y k t a r o r ð:

Synjað er um hinn umbeðna frest og verður málið tekið til munnlegs flutnings að nýju þriðjudaginn 9. desember 1986 kl. 15:00.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. desember 1986.

Nr. 256/1985. **Axel Ström Óskarsson**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl)
gegn
Ævari Einarssyni
(Helgi V. Jónsson hrl.)

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefur skotið hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. nóvember 1985. Í greinargerð 2. júní 1986 hefur áfrýjandi gert þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgjörð verði úr gildi felld og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur í ódagsettri greinargerð gert þær dómkröfur að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Er mál þetta skyldi munnlega flutt í Hæstarétti 2. þ.m. óskaði áfrýjandi eftir fresti um ótiltekinn tíma til þess að ljúka vitnamáli, sem hann hafði þingfest á aukadómþingi Kjósarsýslu 21. fyrra mánaðar. Stefndi mótmælti frestbeiðni þessari og krafðist málskostnaðar í þessum þætti málsins. Fór því næst fram munnlegur málflutningur um frestbeiðni áfrýjanda og að honum loknum var ágreiningsefnið tekið til úrskurðar.

Grundvöllur fjárnáms stefnda er dómsátt sem áfrýjandi undirgekkst á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 31. janúar 1985. Hið áfrýjaða fjárnám fór fram 21. ágúst 1985. Áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu 20. nóvember 1985. Með bréfi dagsettu 16. maí 1986 óskaði áfrýjandi eftir því við héraðsdómara að vitna- og aðilayfirheyrslur færu fram í málinu. Hinn 1. október 1986 var af hálfu beggja aðila lýst yfir fyrir Hæstarétti að málið væri tilbúið til munnlegs flutnings fyrir Hæstarétti.

Af gögnum málsins verður eigi séð að áfrýjandi hafi óskað eftir yfirheyrslum yfir vitnum fyrr en með bréfi 16. maí 1986. Af hans hálfu var því lýst yfir hinn 1. október 1986 að málið væri tilbúið til munnlegs flutnings án þess að yfirheyrslur hefðu þá farið fram. Er málið skyldi flutt að efni til 2. þ.m. óskaði áfrýjandi eftir fresti þar sem ekki hefði unnist tími til að ljúka vitnamálinu. Með hliðsjón af því sem nú hefur verið rakið þykir bera að synja um hinn umbeðna frest og skal munnlegur flutningur fara fram þriðjudaginn 9. desember 1986 kl. 16:00.

Rétt þykir að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Á l y k t a r o r ð:

Synjað er um hinn umbeðna frest og verður málið tekið til munnlegs flutnings að nýju þriðjudaginn 9. desember 1986 kl. 16:00.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 5. desember 1986.

Nr. 276/1986
og 277/1986. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Steingrími Njálssyni
((Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Brot gegn 209. gr. alm. hegningarlaga. Fjársvik. Brot gegn lögum um vernd barna og ungmenna. Brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Með áfrýjunarstefnum 10. október 1986 var skotið til Hæstaréttar tveimur dómum sakadóms Reykjavíkur í málum á hendur ákærða, uppkveðnum 21. maí 1986 og 5. september 1986. Ákærði hafði óskað áfrýjunar fyrri dómsins en eigi hins síðari, en báðum dómum er skotið til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Refsing sú, sem ákærða var dæmd með dóminum 5. september, var ákveðin sem hegningarauki. Hafa bæði málin verið flutt saman fyrir Hæstarétti, þannig að refsing ákærða geti orðið ákveðin í einu lagi vegna allra brotanna.

1. Dómur 21. maí 1986.

Samkvæmt gögnum málsins tók ákærði sér leigubifreið án þess að hann ætti fé til greiðslu ökugjaldsins og án þess að semja fyrirfram við ökumanninn um gjaldfrest. Ber því að staðfesta niðurstöðu þessa dóms um sakarmat og færslu brots til refsiákvæðis.

2. Dómur 5. september 1986.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærði hafi framið brot þau sem honum eru gefin að sök í þessu máli. Brot þau, sem lýst er í ákæruliðum I og II, varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og ennfremur við 45. gr. laga nr. 53/1966, þar sem brotin beindust að börnum. Brot það sem um ræðir í II. lið

er í ákæru einnig talið varða við 226. gr. hegningarlaga. Í málinu kemur eigi fram hversu lengi ákærði hélt drengnum hjá sér inni í búningsklefanum, en eigi virðist hafa verið nema um stutta stund að ræða. Verður þessi háttsemi ákærða einungis talin þáttur í broti hans gegn 209. gr. hegningarlaga og 45. gr. barnaverndarlaga en eigi sjálfstætt brot er refsað verði fyrir samkvæmt 226. gr. hegningarlaga.

Brot það sem um ræðir í III. lið er rétt fært til refsiákvæða í héraðsdómi.

3. Viðurlög.

Refsing verður dæmd í einu lagi fyrir öll brotin með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga og ennfremur 72. gr. sömu laga, þar sem ákærði verður að teljast vanaafbrotamaður. Er refsing hæfilega ákveðin fangelsi 7 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði dóms 21. maí 1986 um skaðabætur og ákvæði beggja hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi 7 mánuði.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um skaðabætur og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 21. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 307/1986: Ákæruvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 6. þ.m. á hendur ákærða Steingrími Njálssyni, áður að Hverfisgötu 83, nú að Fjölnisvegi 9, Reykjavík, fæddum 21. apríl 1942 á Siglufirði.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir að hafa, þriðjudaginn 31. desember 1985, fengið leigubifreiðastjóra til að aka með sig á bifreiðinni R-379 frá Seltjarnarnesi að Smáratúni 21, Keflavík, án þess að hafa möguleika á að greiða ökugjaldið kr. 3.000.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Þriðjudagskvöldið 31. desember sl. klukkan 23:55 kom á lögreglustöðina í Keflavík ökumaður leigubifreiðarinnar R-379, Þröstur Garðarsson, Dalalandi 4 í Reykjavík. Kvaðst hann hafa ekið ákærða Steingrími Njálssyni frá Unnarbraut 2 á Seltjarnarnesi að Smáratúni 21 í Keflavík, en ákærði hefði ekki greitt ökugjaldið, 3000 krónur.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa greint kvöld fengið bifreiðarstjórann á leigubifreiðinni R-379 til að aka með sig á henni frá Vallarbraut 2 á Seltjarnarnesi að Smáratúni 21 í Keflavík, án þess að eiga peninga í upphafi ferðar til þess að greiða fyrir aksturinn að honum loknum. Ákærði kveðst hafa talið sig eiga von á að geta útvegað peninga fyrir akstrinum suður í Keflavík og hafi hann sagt bifreiðastjóranum það í upphafi ferðar. Segir ákærði að hann hafi ætlað að fá peningana að Smáratúni 21 hjá föður sínum, sem ekki hafi verið heima, og gat ákærði því ekki greitt ökugjaldið.

Ákærði kveðst hafa dvalið inni í húsinu um stundarfjórðung, en þegar hann hafi komið út aftur hafi bifreiðin verið farin þótt ákærði hefði beðið bifreiðarstjórann að bíða. Ákærði hefur ekki enn greitt ökugjaldið.

Ákærði kveðst hvorki hafa beðið föður sinn um lán fyrir ökuferðinni áður en hún hófst né átti hann fé hjá honum. Hann kveðst hafa sagt leigubifreiðarstjóranum á leiðinni til Keflavíkur að hann ætti peninga á heimili sínu í Reykjavík ef peningar brygðust í Keflavík.

Vitnið Þröstur Garðarsson, Dalalandi 4 í Reykjavík, kveðst hafa ekið ákærða frá húsi á Seltjarnarnesi umrætt kvöld að Smáratúni 21 í Keflavík. Kveðst vitnið hafa spurt ákærða áður en ferðin hófst hvort hann ætti fé fyrir fargjaldinu og hefði hann sagt að hann ætti það í Keflavík.

Vitnið segir að ákærði hafi farið inn í húsið að Smáratúni 21 og eftir einhverja bið úti í bifreiðinni fór vitnið inn í húsið. Á leiðinni inn í húsið mætti vitnið fyrir utan það gömlum manni sem var að fara á brott. Vitnið hitti ákærða inni í húsinu á 2. hæð. Virtist hann vera ruglaður og fékk vitnið engin svör við því hvort hann myndi greiða ökugjaldið eða ekki. Fór vitnið þá út í bifreiðina til þess að kalla á lögreglu, en það bar ekki árangur. Hélt vitnið aftur eftir nokkra stund inn í húsið og heyrði þá í ákærða á tali við einhvern og stóð í þeirri trú að það væri gamli maðurinn,

faðir hans, en ekki sá vitnið þá. Vitnið gaf sig ekki á tal við ákærða og viðmælanda hans og hélt á lögreglustöðina.

Vitnið segir að í upphafi ökuferðar hafi verið um það rætt að vitnið æki ákærða aftur til Reykjavíkur. Eftir það var ekki um það rætt. Ekki minntist ákærði á það við vitnið að hann ætti peninga í Reykjavík. Vitnið segir að vera kunni rangt í skýrslu þess hjá lögreglunni í Keflavík, að ökuferðin hafi hafist við Unnarbraut 2.

Ákærði gerir þá athugasemd við framburð vitnisins, að hann hafi sagt því að hann ætti peninga í Reykjavík. Vitnið minnist þess ekki. Þá kannast ákærði ekki við að hafa rætt við föður sinn heldur bróður sinn. Hann hafi ekki hitt föður sinn.

Niðurstöður:

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, er sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærunni og þar er rétt færð til refsiákvæðis.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum og reynslulausn sem hér segir:

— — —

[Í sakavottorði ákærða eru tilfærðir 20 refsidómar. Af þeim eru sex vegna auðgunarbrota, uppkveðnir á árunum 1963, 1967, 1968, 1971 og 1972.]

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af sakaferli hans, fangelsi í 3 mánuði.

Skaðabætur.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfu Þrastar Garðarssonar, Dalalandi 4 í Reykjavík, og ber að dæma ákærða til að greiða honum 3.000 krónum í bætur.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði Þresti Garðarssyni, Dalalandi 4 í Reykjavík 3.000 krónur í bætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. september 1986.

Ár 1986, föstudaginn 5. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 447/1986: Ákæruvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms þann 29. ágúst sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 31. júlí 1985 á hendur ákærða, „Steingrími Njálssyni sjómanni, Norðurgötu 12, Siglufirði, fæddum 21. apríl 1942 þar í bæ.

I. Fyrir að hafa, föstudaginn 25. janúar 1985, veist að drengnum A, fæddum ... 1974, við veitingastofuna Brauðbæ við Óðinstorg í Reykjavík, kysst hann á andlitið og farið höndum um líkama hans utanklæða, m.a. kynfærin.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

II. Fyrir að hafa, miðvikudaginn 10. apríl 1985, er ákærði var nakinn í búningsklefa sínum í Sundhöll Reykjavíkur við Barónsstíg, lokkað inn í klefann til sín drenginn B, fæddan ... 1972, sem einnig var nakinn, lokað á eftir honum dyrunum, neytt hann til þess að setjast í kjöltu sér, kysst hann á hálsinn, farið höndum um líkama drengsins, m.a. um kynfærin og þegar drengurinn vildi komast út, haldið honum föstum, tekið m.a. fyrir munn honum og ýtt honum inn í fataskáp og þannig haldið honum nauðugum í klefanum nokkra stund.

Telst þetta varða við 209. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

III. Fyrir að hafa, þriðjudaginn 28. maí 1985, siglt smábátnum Straumnesi ölvaður út úr Hafnarfjarðarhöfn, út fyrir Helgasker og þar til lögreglumenn stöðvuðu siglingu ákærða vestan við Keilisnes.

Telst þetta varða við 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. lög nr. 52, 1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því sem fram er komið í málinu:

I.

Föstudaginn 25. janúar 1985 kl. 22:40 var óskað lögregluaðstoðar að Óðinsgötu 4 vegna áreitni sem ungur drengur hafði orðið fyrir frá ölvuðum

manni. Fóru lögreglumenn á staðinn og höfðu tal af drengnum A, fæddum ... 1974. Kvaðst drengurinn hafa verið sendur út í Brauðbæ til að sækja ísmola, en honum hefði verið neitað um afgreiðslu. Kvaðst drengurinn hafa hitt ölvaðan mann í anddyrinu sem hafi boðist til að útvega ísmola fyrir hann. Drengurinn kvað manninn skyndilega hafa tekið utan um hann og byrjað að þukla hann út um allan líkamann og sérstaklega á kynfærum hans. Að sögn drengsins fór maðurinn að útvega ísmolana og þegar hann kom aftur hefði hann tekið utan um hann og kysst hann margsinnis á andlitið og þuklað hann. Hafi maðurinn beðið hann að koma með sér upp á hótelherbergi, en drengurinn neitaði þeirri bón og sagðist vilja fara heim. Hafi maðurinn hindrað hann í að fara í burtu, en eftir nokkra stund hefði hann leyft honum að fara.

Drengurinn gaf lýsingu á manninum og var ákærði handtekinn fyrir utan Brauðbæ skömmu síðar, en lýsing drengsins kom heim og saman við ákærða.

Ákærði var yfirheyrður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins daginn eftir. Ákærði kannaðist við að hafa gefið sig á tal við tvo drengi u.þ.b. 10 - 12 ára gamla og hafi þeir beðið sig um að útvega ísmola í Brauðbæ. Borin var undir ákærða lýsing drengsins í lögregluskýrslunni og svaraði hann þá þannig orðrétt: „Ég rengi ekki þessa frásögn drengsins, hún er rétt. Ég vil ekki meina að ég hafi haft neytt afbrigðilegt í huga við þennan dreng þó svo að ég gerði þetta. Ég minnist þess ekki að hafa ætlað að bjóða honum upp á hótelherbergi til mín. Ég minnist þess ekki að hafa komið svona fram við nema annan drenginn. Ég kannast ekki við þessa drengi, minnist þess ekki að hafa séð þá áður. Ég hafði verið meira og minna í áfengisdrykkju frá því á fimmtudagskvöld 24. janúar. Ég var drukkinn í gærkvöldi."

Er ákærði kom fyrir dóm þann 11. september sl. kvaðst ákærði ekki kannast við að hafa þuklað á kynfærum drengsins, en kvaðst hafa farið höndum um hann án þess að hafa neitt kynferðislegt í huga. Ákærði kvað ekki útilokað að frásögn drengsins af atburðum væri rétt. Ákærði staðfesti síðan skýrslu þá er hann gaf hjá RLR varðandi mál þetta.

Dómaranum þótti ekki ástæða til þess að kalla drenginn fyrir dóm.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins er atferli ákærða, sem rakið hefur verið hér að framan, sannað. Hefur ákærði gerst brotlegur við 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

II.

Miðvikudaginn 10. apríl 1985 um kl. 11:12 var óskað lögregluaðstoðar að Sundhöll Reykjavíkur vegna áreitni, sem ungur drengur hafði orðið fyrir

frá fullorðnum manni. Fóru lögreglumenn á staðinn og höfðu tal af drengnum B, fæddum ... 1972. Skýrði drengurinn svo frá að hann hefði þá skömmu áður orðið fyrir því að maður um fertugt elti hann á röndum og reyndi að þukla á kynfærum hans. Þá hefði maðurinn kippt honum inn í búningsklefa, þuklað á kynfærum hans og varnað honum útgöngu. Drengurinn skoðaði myndasafn hjá RLR og þekkti hann þar ákærða sem ofangreindan mann.

Drengurinn gaf skýrslu hjá RLR sama dag og skýrði hann þá svo frá að maðurinn hafi gefið sig á tal við hann í lauginni og hafi þeir síðan farið í heita pottinn. Drengurinn kvaðst hafa farið í sturtu og hafi maðurinn elt hann þangað. Hafi hann beðið drenginn að koma inn í klefann til að tala við sig og drengurinn sagt honum að hann væri að flýta sér, en þó farið inn í klefann. Voru þeir báðir naktir þar inni. Hafi maðurinn þá lokað báðum hurðum klefans og læst þeim. Að sögn drengsins lét maðurinn hann setjast á læri sér, hélt hann utan um drenginn, kyssti hann á hálsinn og fitlaði við kynfæri hans. Kvaðst hann hafa reynt að losa sig, en maðurinn hafi haldið honum og þvingað hann til að setjast aftur. Kvaðst drengurinn hafa náð taki á hurðarhúninum til að opna, en maðurinn þá slegið á hendurnar á honum. Síðan hafi maðurinn tekið hann og ýtt honum inn í fataskáp, tekið höndum um háls hans, en drengurinn hafi náð að losa það tak. Þá hafi maðurinn gripið framan í hann og sett fingurna fyrir augu hans. Maðurinn hafi síðan losað takið. Kvaðst drengurinn hafa orðið mjög hræddur og kvaðst hafa ætlað að kalla á hjálp, en maðurinn þá gripið fyrir vit hans og síðan fast í öxlina. Drengurinn kvaðst ekki hafa losnað fyrr en hann sagði manninum að hann hefði brúna beltið í karate.

Ákærði var yfirheyrður hjá RLR þann 11. apríl 1985. Kannaðist ákærði við að hafa tælt ungan pilt með sér inn í búningsklefa í Sundhöllinni og síðan hindrað hann í að komast út þaðan. Ákærði neitaði að hafa þuklað á drengnum. Skýrði ákærði svo frá að þetta væri einhver árátta sem gripi hann þegar hann væri undir áhrifum áfengis.

Er ákærði kom fyrir dóm þann 11. september 1985 kvað hann atvikum rétt lýst í þessum lið ákæru. Kvaðst ákærði muna málavexti óljóst sökum áfengisáhrifa.

Ekki þótti ástæða til að kalla drenginn fyrir dóm.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar framanlýst atferli ákærða við 209. og 226. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

III.

Þriðjudaginn 28. maí 1985 um kl. 17:33 sigldi ákærði vélbátnum Straum-

nesi undir áhrifum áfengis úr Hafnarfjarðarhöfn vestur fyrir Helgasker, en lögreglumenn, sem veittu ákærða eftirför á hafnsögubátnum Þrótti, náðu að stöðva siglingu hans vestan við Keilisnes.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar af Andrési Sigvaldasyni, lækni, kl. 20:20 sama kvöld. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2,91‰ Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

— — —

[Í sakavottorði ákærða eru tilgreindir þessir þrír refsidómar sem m.a. varða brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga:

1963 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr., 209. gr., 217. gr., 1. mgr. 203. gr. sbr. 1. mgr. 200. gr. og 194. gr. sbr. einnig 202. gr. hegningarlaga.

1964 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 203. gr. sbr. 1. mgr. 200. gr. sbr. 194. gr. hegningarlaga o.fl.

1978 2 ára fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 203. gr. og 202. gr. sbr. 1. mgr. 200. gr. sbr. 194. gr. hegningarlaga.

Auk þess eru tilfærðir átján refsidómar ákærða fyrir önnur brot, uppkveðnir á árabilinu 1966 - 1986.]

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 209. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga, 45. gr. laga nr. 53, 1966 og 33. gr. áfengislaga. Brot ákærða, sem hér er fjallað um, eru framin áður en Hæstaréttardómur frá 6. febrúar 1986 og dómur sakadóms Reykjavíkur frá 21. maí 1986 féllu. Ber því með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga að dæma honum hegningarauka. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 8.000,-.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 8.000.-.

Mánudaginn 8. desember 1986.

Nr. 239/1986. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Halldóri Halldórssyni
(Sigurður H. Guðjónsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Máli þessu var með stefnu 16. maí 1986 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Eftir uppsögu héraðsdóms fóru fram vitnayfirheyrslur í máli þessu fyrir sakadómi Reykjavíkur samkvæmt beiðni ríkissaksóknara dags. 15. október 1986. Hinn 4. nóvember 1986 voru fjórir tollverðir yfirheyrðir sem vitni. Þrír þeirra, Kristbjörn Oddur Þorkelsson, Einar Torfason og Sveinn Jóhannesson, mundu ekki eftir máli þessu. Sá fjórði, Ólafur Þórðarson, kvaðst muna eftir málinu. Kvað hann plötuspilarann hafa verið undir bekk í herbergi ákærða og þar hafi hljómplöturnar einnig verið, en hann taldi þó ekki útilokað að þær hefðu verið á borði í herbergi ákærða svo sem hann heldur fram. Vitnið bar að eigi hafi verið þörf á að taka burt dýnu úr bekknum til að finna varninginn. Taldi vitnið varninginn hafa verið illa falinn.

Hinn 10. nóvember 1986 bar tollvörðurinn Jónas Hall vitni fyrir sakadóminum um það, hvernig tollverð varnings væri fundið út, en ekki er ástæða til að rekja það nánar hér.

Er ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins hinn 20. janúar 1986 neitaði hann að tjá sig um sakarefnið. Hérðsdómari tók málið til dóms að svo búnu án þess að hann tæki skýrslu af neinu vitni og kvað síðan upp dóm. Var þessi málsmeðferð brýnt brot á 2. mgr. 122. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 24. gr. laga nr. 107/1976, er mælir m.a. svo fyrir, að færa skuli fram sönnunargögn, ef ákærði neiti sakarefni að nokkru leyti eða öllu. Eftir uppsögu héraðsdóms hafa að vísu verið yfirheyrð vitni svo sem áður

greinir, en meðal gagna málsins er skýrsla sem talin er tekin af ákærða fyrir rannsóknardeild tollstjóra en hann hafi neitað að undirrita. Er nauðsynlegt að yfirheyrður verði sem vitni sá er tók skýrslu þessa og sá er vottur var að skýrslutökunni. Samkvæmt þessu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Ákveða ber að áfrýjunarkostnaður sakarinnar skuli greiddur úr ríkissjóði, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Helga Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. apríl 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 17. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 236/1986: Ákæruvaldið gegn Halldóri Halldórssyni, sem tekið var til dóms hinn 20. janúar sl.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali dagsettu 30. desember 1985 á hendur Halldóri Halldórssyni stýrimanni, Sólvallagötu 19, Reykjavík, fæddum 18. júní 1949 í Reykjavík, „fyrir tolllagabrot, með því að hafa við komu bv. Ögra RE-72 til Reykjavíkur 13. janúar 1985 frá Cuxhaven smyglað hingað til lands með skipinu plötuspilara af gerðinni Philips CD104 og 16 hljómplötum sem ákærði keypti í Cuxhaven. Varningsinn fundu tollverðir í herbergi ákærða um borð í skipinu eftir komu þess til hafnar í greint skipti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 60. gr., sbr. 1. mgr. 61. gr. og 71. gr., laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, sbr. 2. gr. laga nr. 71, 1976, sbr. 9. gr. laga nr. 46, 1984, sbr. 1. og 6. gr. reglugerðar nr. 482, 1984.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindum plötuspilara og hljómplötum samkvæmt heimild í 1. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.“

— — —

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Halldórsson, greiði kr. 42.000 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 35 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði sæti upptöku á Philips CD104 plötuspilara og 16 „digital" hljómplötum til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1986.

Nr. 314/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhanni Kristni Þór Jónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru er hann lýsti fyrir héraðsdómara þegar eftir uppkvaðningu gæsluvarðhaldsúrskurðarins hinn 1. þ.m. Gögn málsins bárust Hæstarétti sama dag.

Skilja verður kæru varnaraðila svo að hann krefjist þess að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 1. desember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 1. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Af hálfu ákæruvaldsins hefur verið gerð sú krafa að dómfellda í máli þessu, Jóhanni Kristni Þór Jónssyni, sem í dag hefur verið dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar fyrir nauðgun og sætt hefur gæsluvarðhaldi frá 8. október sl., verði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram, til uppsögu fullnaðardóms í málinu, þó ekki lengur en til 1. mars nk.

Er krafan reist á 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974.

Dómfelldi hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir:

Dómþoli hefur í dag verið dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar fyrir að ráðast á 54 ára gamla konu, Unni Fenger, í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu hér í borg, 6. október sl., og þröngva henni til holdlegs samræðis. Hefur ákærði setið í gæsluvarðhaldi samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur 8. október og úrskurði dómsins 11. f.m. Báðum þessum úrskurðum var skotið til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti þá.

Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 ber að jafnaði að beita sökunaut gæsluvarðhaldi ef ætla má að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.

Með skírskotun til þess sem hér hefur verið rakið þykir verða að taka kröfu ákæruvaldsins til greina og gera dómfellda að sæta gæsluvarðhaldi áfram til uppsögu fullnaðardóms í málinu, þó ekki lengur en til sunnudagsins 1. mars 1987, kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Dómfelldi, Jóhann Kristinn Þór Jónsson, sæti gæsluvarðhaldi til uppsögu fullnaðardóms í máli þessu, þó ekki lengur en til sunnudagsins 1. mars 1987, kl. 17:00.

Þriðjudaginn 9. desember 1986.

Nr. 36/1986. **Arnar H. Gestsson**

gegn

Á. Einarsson & Funk hf.

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1986 til þingfestingar 2. apríl 1986. Fékk áfrýjandi þá frest til októbermánaðar og þá enn til desembermánaðar. Er málið var tekið fyrir 1. desember beiddist áfrýjandi að því yrði frestað til febrúarmánaðar 1987. Stefndi andmælti því að fresturinn yrði veittur og krafðist þess að málinu yrði vísað frá Hæstarétti og áfrýjandi dæmdur til greiðslu ómaksbóta.

Áfrýjandi hefur fært fram þær ástæður fyrir frestbeiðninni að ágrip dómsgerða hafi að vísu verið gert en því sé ábótavant og þarfnist lagfæringa.

Áfrýjandi hefur þegar haft ríflega fresti til að búa málið til flutnings en þar sem frestsins er beiðst til að bæta úr ágöllum á ágripi, sem þegar hefur verið gert, og ennfremur er sýnt að málið gæti ekki orðið flutt í Hæstarétti í þessum mánuði, þykir rétt að veita áfrýjanda nokkurn frest í framangreindu skyni, þó eigi lengur en til janúarmánaðar næstkomandi.

Krafa um ómaksbætur verður ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er frestað til reglulegs þingdags í janúarmánuði 1987.

Þriðjudaginn 9. desember 1986.

Nr. 180/1985. **Hjartavernd og**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
Skógrækt ríkisins
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Haraldi Kr. Jóhannssyni
Birgi Jóhanni Jóhannssyni
Guðmundi Kr. Jóhannssyni
Heimi Br. Jóhannssyni
Hannesi Jóhannssyni
Sigríði H. Jóhannsdóttur
Sigríði B. Guðmundsdóttur og
Sigurði Guðmundssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
og
Þórunni Jónsdóttur
Helgu Åberg og
Ellen Snorrason
(Pétur Guðmundarson hrl.)

Skýring erfðaskrár.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi Hjartavernd skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1985 og gerir eftirfarandi dómkröfur: „*Aðallega* að dæmt verði, að Hjartavernd beri kr. 6.782.500,00 úr dánarbúi Helgu Jónsdóttur, en fjárhæð þessi sé hluti eignarnámsbóta í búinu fyrir jörðina Ásgarð í Grímsnesi að fjárhæð kr. 14.896.500,00. *Til vara* að dæmt verði, að Hjartavernd beri ofangreint fé með þeim skilyrðum, að því verði varið til kaupa á landi ásamt bústað til afnota sem hvíldar- og hressingarstaður Hjartaverndar. Í báðum tilvikum er þess og krafist að dæmt verði, að Hjartavernd beri þeir

vextir og/eða verðbætur sem fallið hafa og falla á ofangreinda fjárhæð frá því er eignarnámsbæturnar voru greiddar dánarbúinu og fram til þess dags er féð verður afhent Hjartavernd."

Þá er og krafist málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þessi áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með leyfisbréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 12. desember 1985.

Áfrýjandi Skógrækt ríkisins skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1985 og gerir eftirfarandi dómkröfur:

„*Aðalkrafa:* Að dæmt verði að greiða beri Skógrækt ríkisins kr. 8.114.000 úr dánarbúi Helgu Jónsdóttur, en fjárhæð þessi er hluti eignarnámsbóta í búinu fyrir jörðina Ásgarð í Grímsnesi.

1. varakrafa: Að dæmt verði að greiða beri Skógrækt ríkisins kr. kr. 8.114.000 úr nefndu dánarbúi með því skilyrði að fénu verði varið til kaupa á landi til skógræktar.

2. varakrafa: Að dæmt verði að greiða beri Skógrækt ríkisins kr. 8.114.000 úr nefndu dánarbúi með því skilyrði að fénu verði varið til skógræktarstarfsemi í landi Ásgarðs í Grímsnesi. Í öllum tilvikum er þess jafnframt krafist að dæmt verði, að greiða beri Skógrækt ríkisins þá vexti og/eða verðbætur, sem fallið hafa og falla munu á ofannefnda fjárhæð frá því eignarnámsbæturnar voru greiddar dánarbúinu, fram til þess dags, er féð verður afhent Skógrækt ríkisins."

Þá krefst þessi áfrýjandi málskostnaðar fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu Haralds Kr. Jóhannssonar, Birgis J. Jóhannssonar, Guðmundar Kr. Jóhannssonar, Heimis Br. Jóhannssonar, Hannesar Jóhannssonar, Sigríðar Jóhannsdóttur, Sigríðar B. Guðmundsdóttur og Sigurðar Guðmundssonar eru þær að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Stefndu Þórunn Jónsdóttir, Helga Åberg og Ellen Snorrason krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð skiptaforstjóra í dánarbúi Helgu Jónsdóttur þar sem fram kemur, að kaupverð Ásgarðs í Grímsnesi hafi verið lagt inn á svonefndan kaskóreikning við

Verslunarbanka Íslands hf. og að innistæða á reikningnum hinn 13. nóvember 1986 sé 26.002.725,11 krónur.

Fyrir Hæstarétti rökstuddu áfrýjendur kröfur sínar m.a. með því, að þeir hefðu orðið eigendur Ásgarðs þegar við andlát Helgu Jónsdóttur 3. júní 1978 og hafi þeir því í raun verið eignarnámsþolar, þegar Grímsneshreppur neytti eignarnámsheimildar sinnar og þeim borið eignarnámsbæturnar, án þess að nokkuð fleira kæmi til. Þessu var að vísu ekki gagngert haldið fram við eignarnámsmatið eða í máli þessu í héraði, en hvað sem því líður verður ekki talið, að þegar við andlát Helgu Jónsdóttur hafi stofnast fortakslaus eignarréttur áfrýjendum til handa á landi því úr Ásgarði, sem þeim var ánafnað í erfðaskrá Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur. Tilkall áfrýjenda til jarðarinnar var háð þeim skilyrðum sem sett voru í erfðaskránni, þ.e. að Hjartavernd starfrækti hvíldar- og hressingarheimili á jörðinni og Skógrækt ríkisins stundaði skógrækt á landi jarðarinnar. Þeim skilyrðum gátu áfrýjendur ekki fullnægt, þegar hreppsnefnd Grímsneshrepps neytti forkaupsréttar síns að jörðinni lögum samkvæmt, og varð eignarréttur áfrýjenda þar af leiðandi aldrei virkur.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann um annað en málskostnað.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður Hjartaverndar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, 250.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda Hjartaverndar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000,00 krónur.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 15. maí 1985.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 23. apríl 1985.

Sóknaraðilinn Skógrækt ríkisins, Reykjavík, gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðalkrafa: Að úrskurðað verði að Skógrækt ríkisins „beri arftökuréttur að kr. 8.114.000,00 úr dánarbúi Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar, en ofangreind fjárhæð er hluti eignarnámsbóta fyrir jörðina Ásgarð í Grímsnesi."

1. varakrafa: Að úrskurðað verði að Skógrækt ríkisins „beri arftökuréttur að kr. 8.114.000 úr nefndu dánarbúi, er eignarnámsbætur fyrir Asgarð koma til skipta, og verði afhending þessa fjár bundin þeirri kvöð að því verði varið til kaupa á landi til skógræktar."

2. varakrafa: Að úrskurðað verði að Skógrækt ríkisins „beri arftökuréttur að kr. 8.114.000 úr nefndu dánarbúi, er eignarnámsbætur fyrir Ásgarð koma til skipta, og verði afhending þessa fjár bundin þeirri kvöð að því verði varið til skógræktarstarfsemi í landi Ásgarðs."

3. varakrafa: Að úrskurðað verði að Skógrækt ríkisins „beri arftökuréttur að kr. 7.474.962 úr dánarbúinu, er eignarnámsbæturnar koma til skipta. Í þessari kröfu felst jafnframt að féð verði afhent kvaðalaust, en verði ekki á það fallist, verði féð afhent með þeim kvöðum og í þeirri röð sem greinir í 1. og 2. varakröfu hér á undan."

Í öllum tilvikum krefst Skógrækt ríkisins þeirra vaxta sem fallið hafa á ofangreindar fjárhæðir „frá upphafi til greiðsludags" og málskostnaðar úr hendi lögerfingjanna að óskiptu að mati réttarins.

Sóknaraðilinn Hjartavernd, landssamtök hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi, Lágmúla 9, Reykjavík, gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðalkrafa: Að úrskurðað verði að greiða beri Hjartavernd kr. 6.782.500 úr dánarbúi Helgu Jónsdóttur, en sú fjárhæð sé hluti eignarnámsbóta fyrir jörðina Ásgarð í Grímsnesi.

Varakrafa: Að úrskurðað verði að Hjartavernd skuli fá greiddar kr. 6.782.500 úr dánarbúi Helgu Jónsdóttur til kaupa á landi ásamt bústað til afnota sem hvíldar- og hressingarstaður Hjartaverndar.

Í báðum tilvikum krefst Hjartavernd þeirra vaxta sem fallið hafi á ofangreinda fjárhæð „frá því eignarnámsbæturnar voru greiddar dánarbúinu og til greiðsludags" og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati réttarins.

Varnaraðiljarnir Haraldur Kr. Jóhannsson, Hólmgarði 6, Reykjavík, Birgir Jóhann Jóhannsson, Ásenda 15, Reykjavík, Guðmundur Kr. Jóhannsson, Háagerði 2, Akureyri, Heimir Br. Jóhannsson, Digranesvegi

14, Kópavogi, Hannes Jóhannsson, Bollagötu 9, Reykjavík, Sigríður Jóhannsdóttir, Úthlíð 14, Reykjavík, Sigríður B. Guðmundsdóttir, Goðatúni 11, Garðakaupstað og Sigurður Guðmundsson, Langholtsvegi 86, Reykjavík, gera þær dómkröfur að öllum kröfum sóknaraðilja verði hafnað og að ákveðið verði með úrskurði að andvirði jarðarinnar Ásgarðs í Grímsnesi ásamt vöxtum skuli falla sem arfur til lögerfingja Helgu Jónsdóttur að hálfu og til lögerfingja Sigurliða Kristjánssonar að hálfu, en þessi varnaraðiljar eru lögerfingjar Sigurliða Kristjánssonar. Þeir krefjast einnig málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, aðallega in solidum en til vara pro rata, samkvæmt ákvörðun réttarins.

Varnaraðiljarnir Þórunn Jónsdóttir, Egilsgötu 22, Reykjavík, Helga Åberg, Álftamýri 54, Reykjavík og Ellen Snorrason, Faxatúni 1, Garðakaupstað, gera þær dómkröfur að öllum kröfum sóknaraðiljanna verði hafnað og ákveðið verið með úrskurði að andvirði jarðarinnar Ásgarðs í Grímsnesi ásamt vöxtum skuli falla sem arfur til lögerfingja Helgu Jónsdóttur að hálfu og til lögerfingja Sigurliða Kristjánssonar að hálfu, en þessir varnaraðiljar eru lögerfingjar Helgu Jónsdóttur. Jafnframt krefjast þessir varnaraðiljar málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, aðallega in solidum en til vara pro rata, skv. ákvörðun skiptaréttarins.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

II.

Hinn 3. júní 1978 lést Helga Jónsdóttir, Laugavegi 82, Reykjavík, en hún var ekkja eftir Sigurliða Kristjánsson sem síðast átti lögheimili að Laufásvegi 72 í Reykjavík og lést 8. nóvember 1972. Þau hjón létu ekki eftir sig niðja og var því ekki um skylduerfingja að ræða við fráfall hins langlífara þeirra.

Þau hjónin höfðu gert sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá hinn 31. ágúst 1971, sem lögð er fram á dskj. nr. 7, og er hún svohljóðandi:

ERFÐASKRÁ

Við undirrituð hjón, Helga Jónsdóttir og Sigurliði Kristjánsson, kaupmaður, bæði til heimilis á Laufásvegi 72, Reykjavík, gerum hér með eftirfarandi gagnkvæma og sameiginlega erfðaskrá, en hvorugt okkar á lífserfingja:

1.gr.

Hvort okkar, sem lifir hitt, skal erfa það, sem fyrr lætur, að öllum eignum þess, föstum og lausum, hverju nafni sem nefnast.

2.gr.

Fasteignin Laufásvegur 72, Reykjavík, skal við andlát þess okkar, er lengur lifir, renna til ríkissjóðs, ásamt öllu innbúi, þ.e. innanstokksmunum, listmunum, silfurborðbúnaði, postulíni, skrautmunum, málverkum á veggjum, listaverkabókum, auk tveggja „portræt"-mynda af föður og móður Sigurliða.

Er húseigninni ætlað að vera höfuðborgaraðsetur Forseta Íslands eða að öðrum kosti aðsetur erlendra gesta ríkisstjórnarinnar, svo sem þjóðhöfðingja.

3. gr.

Öll málverk okkar, önnur en þau, er getur í 1. gr. erfðaskrár þessarar, skuli renna til Listasafns Íslands.

4. gr.

Sá hluti úr landi eignarjarðar okkar, Ásgarðs, Grímsnesi, Árnessýslu, er liggur vestan núverandi þjóðvegar, frá Álftavatni upp að Ásgarðsá, að stærð um 80 hektarar, skal renna til Samtaka hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi, Hjartaverndar og Reykjavíkurborgar, sem hér greinir:

A: Hjartavernd skal fá um 50 hektara, ásamt sumarbústað okkar hjóna, með öllu því, er honum fylgir og fylgja ber, þ.e. innbúi öllu og rafstöð. Land þetta liggur meðfram Álftavatni og Sogi og fær Hjartavernd veiðiréttindi öll fyrir sínu landi, þó þannig, að aðalveiðisvæðið, sem kölluð er Breiðan og svæðið þar niðrúr, á skilyrðislaust að ganga til Hjartaverndar. Það er vilji okkar, að svæði það sem Hjartavernd fær samkvæmt framansögðu, verði í framtíðinni notað sem hvíldar- og hressingarstaður Hjartaverndar.

B: Hinn hlutinn, um 30 hektarar, sem liggur norðan við land það, sem við ætlum Hjartavernd og nær frá Ásgarðsá að norðan, skal renna til Reykjavíkurborgar. Er það vilji okkar, að á landi þessu rísi fyrst og fremst sumardvalarheimili fyrir drengi á aldrinum 6 - 14 ára, og sé unglingum þessum m.a. ætlað að hlú að gróðri landsins, svo sem með trjárækt og hvers kyns annarri ræktun landsins. Veiðiréttur í Sogi og Ásgarðsá fylgir landi þessu. Öll framangreind spilda, bæði sú, sem Hjartavernd fær og ennfremur sú, er til Reykjavíkurborgar á að ganga, er úr ábúð. Frá því að við hjón eignuðumst jörðina Ásgarður, hefir það samkomulag ríkt milli okkar og ábúanda jarðarinnar, að ábúandinn hefir eigi nytjar þessarar spildu.

Allt annað land jarðarinnar en það, sem greinir í lið A. og B. hér að framan, skal renna til Skógræktar ríkisins, ásamt þeim mannvirkjum og

framkvæmdum á jörðinni, sem okkar eign kunna að teljast samkvæmt úttekt. Gjöf þessi er gefin með þeirri kvöð, að á landi jarðarinnar fari fram skógrækt og ennfremur með þeirri kvöð, er af ábúð jarðarinnar kann að leiða, en skriflegir leigumálar eru engir og munnlegir samningar um ábúð eru aðeins til eins árs í senn, og leigutaki hefir aldrei greitt leigu, enda ekki verið krafinn um hana.

Skógrækt ríkisins fær öll veiðiréttindi fyrir sínu landi. Ef Hjartavernd og Reykjavíkurborg sjá sér eigi fært að veita viðtöku landinu í samræmi við framanskráðar kvaðir, skal landið renna til Skógræktar ríkisins.

5. gr.

Hlutur okkar í fasteignunum Laugavegur 101 og Hverfisgata 112, Reykjavík sem er ⅓ hluti og er í óskiptri sameign, skal renna til lögerfingja okkar og skiptast að jöfnu milli lögerfingja, svo sem erfðalög bjóða, þ.e. til systkina og systkinabarna, þar sem systkini eru fallin frá.

6. gr.

Hlut okkar í fyrirtækinu Silli og Valdi, hér í borg, sem er helmingur, skal ráðstafað svo sem hér greinir:

Andvirði eignarhlutar okkar í fyrirtækinu skal varið til menningarmála á sviði leiklistar, málaralistar, sönglistar og raunvísinda, sem með beinum fjárframlögum til leikhúsbygginga, óperuhússbyggingar í Reykjavík, listasafnbygginga, styrkjum til efnalítilla stúdenta með góða námshæfileika, er einkum leggja stund á raunvísindanám, til stuðnings nýjungum í læknisfræði, sérstaklega á sviði heila- og hjartaskurðaðgerða, o.s.fr.

7. gr.

Persónulegir munir okkar hjóna, svo sem fatnaður, bækur allar, sbr. þó 1. gr., skartgripir og þess háttar, svo og allt það annað, sem ótalið er í erfðaskrá þessari og til verðmæta telst, skal renna til lögerfingja okkar hvors um sig og skiptast á milli hvors lögerfingjahóps að jöfnu, en innbyrðis í hvorum hópi, eftir því sem erfðalög mæla fyrir um.

8. gr.

Það, sem lengur lifir, má ekki ráðstafa eignum okkar þann veg, að brjóti í bág við erfðaskrá þess.

9. gr.

Leiði atvik til þess, að framkvæmd erfðaskrár þessarar eigi sér stað að einhverju leyti í lifanda lífi þess okkar, sem lengur lifir, sbr. þá einkum ráðstöfun samkvæmt 1. gr., skal sjá svo um, að það okkar, sem lengur

lifir, hafi lífeyrir (sic) nægan og allan aðbúnað, sem sé í samræmi við það, sem við höfum haft í lifanda lífi okkar beggja.

10. gr.

Til að annast það, að skipti á búi okkar fari fram svo, sem erfðaskrá þessi mælir fyrir um, og að vilji okkar, sem hér birtist, sé virtur í hvívetna, höfum við falið eftirgreindum lögmönnum framkvæmd erfðaskrár þessar: Guðm. Ingvi Sigurðsson hrl., Sveinn Snorrason hrl., báðir á Laufásvegi 12, Reykjavík og Jóhann Níelsson hdl., Austurstræti 17, Reykjavík. Ef einhver þessarra manna kynni að forfallast, skal hinum heimilt að kveðja til mann í staðinn. Þá er þessum umboðsmönnum okkar heimilt að kveðja sér til ráðuneytis, ef þeim sýnist við þurfa, sérfróða menn á sviði þeirra menningarmála, sem við viljum einkum hlú að með ákvæðunum í 6. gr. erfðaskrár þessarar.

11. gr.

Erfðaskrá þessa undirritum við í votta viðurvist, sem við höfum kvatt sérstaklega til að votta arfleiðslugerning okkar með arfleiðsluvottorði á erfðaskjal þetta, svo sem erfðalög mæla fyrir um.

12. gr.

Erðaskrá þessi er gerð í tveim eintökum og eru bæði jafngild. Geymum við annað eintakið, en hitt geymir Guðm. Ingvi Sigurðsson hrl., Laufásvegi 12, Reykjavík. Eldri erfðaskrár okkar falla úr gildi með þessari erfðaskrá.

Reykjavik 31/8 1971

Helga Jónsdóttir (sign.)_____ S. Kristjánsson (sign.) _____
Helga Jónsdóttir Sigurliði Kristjánsson

Við undirritaðir, sem höfum verið kvaddir til að votta arfleiðsluskrána hér að framan samkvæmt beiðni Sigurliða Kristjánssonar, kaupmanns og eiginkonu hans, Helgu Jónsdóttur, bæði til heimilis á Laufásvegi 72, Reykjavík, vottum hér með að arfleifendur rituðu nöfn sín undir erfðaskrána í viðurvist okkar beggja. Er okkur kunnugt um, að gerningurinn er erfðaskrá. Þá vottum við, að arfleifendur rituðu nöfn sín undir erfðaskrána með fullu ráði og af frjálsum vilja.

Þetta erum við reiðubúnir til að staðfesta með eiði, ef krafizt verður.

Reykjavík, d.u.s.

Jón Guðjónsson (sign.)	Guðm. Ingvi Sigurðsson (sign.)
Jón Guðjónsson verzlunarmaður, Álfheimum 5, Reykjavík.	Guðm. Ingvi Sigurðsson hrl., Laufásvegi 12, Reykjavík.

Helga Jónsdóttir tók allan arf eftir Sigurliða Kristjánsson og er skiptagerð dánarbús hans dagsett 3. júlí 1974.

Með bréfi dómsmálaráðherra dagsettu 16. ágúst 1978 voru Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður og Jóhann Níelsson þáverandi héraðsdómslögmaður, nú hæstaréttarlögmaður, löggiltir skiptaforstjórar án dómsvalds í dánarbúi Helgu Jónsdóttur.

Hinn 6. nóvember 1984 barst skiptaráðandanum í Reykjavík bréf frá skiptaforstjórunum. Segir þar m.a.:

„10. maí 1979 rituðu skiptaforstjórar hreppsnefnd Grímsneshrepps bréf þar sem Grímsneshreppi er boðinn forkaupsréttur að jörðinni Ásgarður í Grímsneshreppi á grundvelli ákvæða 26. gr. jarðalaga. Hreppsnefndin samþykkti að nýta sér forkaupsréttinn og óskaði eftir því við matsnefnd eignarnámsbóta að nefndin mæti jörðina eignanámsmati. Matsnefnd eignarnámsbóta kvað upp úrskurð sinn 17. nóvember 1980 og var matsniðurstaðan G.kr. 124.341.000,00. Skiptaforstjórarnir vildu ekki una matsfjárhæðinni og stefndu málinu fyrir aukadómþing Árnessýslu sem kvað upp dóm í málinu hinn 12. október 1982. Í dóminum var verð jarðarinnar ákveðið N. kr. 12.861.500,00.

Hreppsnefnd Grímsneshrepps vildi ekki una þessum dómi og áfrýjaði honum með áfrýjunarstefnu dags. 17. nóvember 1982. Dómur í því máli var kveðinn upp 6. júlí 1984. Samkvæmt dómi Hæstaréttar skyldi kaupverðið vera kr. 15.136.500,00.

Grímsneshreppur hefur leyst til sín jörðina og innt af hendi kaupverðið að fullu. Hluti kaupverðsins kr. 240.000,00 var vegna svokallaðs Rósenbergsbústaðar.

Eins og sjá má af meðfylgjandi staðfestu endurriti úr fundargerðarbók voru allir gjafþegar sammála um að andvirði Rósenbergsbústaðarins, kr. 240.000,00, væri þeim óviðkomandi. Skiptaforstjórar voru sammála þessari niðurstöðu og hafa í samræmi við það úthlutað andvirði bústaðarins til lögerfingja í réttum erfðahlutföllum, sbr. meðfylgjandi skiptagerð. Eftirstöðvar kaupverðsins kr. 14. 896.500,00 hafa verið lagðar inn á „kaskóreikning“ hjá Verslunarbanka Íslands.

Reykjavíkurborg hefur lýst því yfir að hún geri ekki kröfu til andvirðis jarðarinnar, sbr. yfirlýsingu Björns Friðfinnssonar á fundi hjá skiptaforstjórunum 31. október 1984. Hjartavernd og Skógrækt ríkisins hafa hins vegar gert kröfur til þess að fá greitt andvirði þess hluta jarðarinnar og hlunninda sem féll í þeirra hlut samkvæmt erfðaskránni sbr. meðfylgjandi bréf.

Lögerfingjarnir Þórunn Jónsdóttir, Helga Åberg og Ellen Snorrason hafa með bréfi dags. 28. apríl 1984 gert kröfu til andvirðis jarðarinnar í réttum erfðahlutföllum. Aðrir lögerfingjar hafa jafnframt lýst því yfir við skiptaforstjórana að þeir gerðu kröfur til andvirðis jarðarinnar í réttum erfðahlutföllum.

Ljóst er af framansögðu að upp er kominn ágreiningur milli lögerfingja annars vegar og gjafþeganna Hjartaverndar og Skógræktar ríkisins hins vegar um það hverjum beri andvirði jarðarinnar Ásgarður í Grímsnesi. Þar sem skiptaforstjórana brestur vald til að skera úr þessum ágreiningi, er honum hér með vísað til yðar, hr. skiptaráðandi, til úrskurðar lögum samkvæmt."

Málið var þingfest í skiptarétti Reykjavíkur 22. nóvember 1984.

Lögð hefur verið fram í málinu sameiginleg yfirlýsing sóknaraðilja málsins, þar sem segir m.a.:

„Aðilar eru sammála um að andvirði lands þess sem koma átti í hlut Hjartaverndar og Reykjavíkurborgar (nú Skógræktar ríkisins), samkvæmt 4. grein erfðaskrár Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur, skuli skiptast þannig að Hjartavernd fái 5/8 hluta og Skógrækt ríkisins 3/8 hluta. Landsvæði þetta var metið í einu lagi á kr. 7.100.000,00 sbr. héraðsdóm og dóm Hæstaréttar í Hæstaréttarmálinu nr. 220/1982."

Sóknaraðilinn Skógrækt ríkisins hefur sundurliðað dómkröfur sínar undir rekstri málsins sem hér segir:

Aðalkrafa, 1. og 2. varakrafa:

1. Andvirði 3/8 hluta lands sunnan Ásgarðsár en vestan Sogsvegar	Kr.	2.662.500,00
2. Andvirði lands sunnan Ásgarðsár en austan Sogsvegar	"	4.640.000,00
3. Andvirði annars lands jarðarinnar Ásgarðs, þ.m.t. ræktunar, girðinga og jarðhúsa, ásamt því er þessu fylgir og fylgja ber, að frádregnu verðmæti mannvirkja, sem kaupréttur Grímsneshrepps gagnvart dánarbúi Helgu Jónsdóttur náði ekki til	"	311.500,00

4. Andvirði ¼ hluta veiðiréttinda, er Ásgarði fylgdu í Ásgarðsá, Álftavatni og Sogi	"	500.000,00
	Kr.	8.114.000,00

3. varakrafa:

Sömu kröfuliðir og í aðalkröfu, kr. 8.114.000,00 að frádregnu matsverði fyrir sömu landsgæði samkvæmt mati matsnefndar eignarnámsbóta, kr. 639.038,00, en mismunur þessara fjárhæða er kr. 7.474.962,00 sem er fjárhæð þessarar varakröfu.

Sóknaraðilinn Hjartavernd hefur sundurliðað dómkröfur sínar, sem hér segir:

1. Andvirði 5/8 hluta lands sunnan Ásgarðsár en vestan Sogsvegar	Kr.	4.437.500,00
2. Andvirði sumarbústaðar Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur ásamt fylgifé	"	845.000,00
3. Andvirði ¾ hluta veiðiréttinda, er Ásgarði fylgdu í Ásgarðsá, Álftavatni og Sogi	"	1.500.000,00
	Kr.	6.782.500,00

III.

Af hálfu sóknaraðiljans Skógræktar ríkisins eru dómkröfur á því reistar að gjafþegarnir, Skógrækt ríkisins og Hjartavernd, eigi að njóta gjafar arfleiðenda þótt í öðru formi sé en arfleiðendur höfðu fyrirhugað. Sé sú niðurstaða eftir öllum atvikum í samræmi við sennilegan vilja arfleiðenda, ef þeim hefði verið ljóst að Grímsneshreppur kynni að leysa til sín jörðina á grundvelli ákvæða jarðalaga um kauprétt sveitarfélaga að jarðeignum. Arfleiðendum hafi ekki verið ljós þessi möguleiki og því ekki getið þess í erfðaskrá sinni hvernig við skyldi bregðast ef hreppurinn leysti til sín jörðina. Beri því að túlka þá grein erfðaskrárinnar, sem hér um ræðir, við þessar aðstæður á þá lund að gjafþegarnir skuli njóta gjafarinnar,þ.e. andvirðis jarðarinnar, í þágu þeirra málefna sem þeir starfa að.

Sóknaraðilinn Skógrækt ríkisins bendir á ákvæði í B-lið 4. gr. erfðaskrárinnar, þar sem m.a segir: „Gjöf þessi er gefin með þeirri kvöð, að á landi jarðarinnar fari fram skógrækt og ennfremur með þeirri kvöð, er af ábúð jarðarinnar kann að leiða." Af þessu ákvæði erfðaskrárinnar hafi frá upphafi verið ljóst, að skógrækt hafi ekki getað farið fram nema á takmörkuðum hluta þess lands sem Skógrækt ríkisins hafi verið ætlað til eignar.

Sóknaraðilinn Skógrækt ríkisins heldur því fram að ljóst sé, þegar erfðaskráin á dskj. nr. 7 er lesin í heild, að eignum arfleiðenda skyldi varið til

margs konar framfara- og menningarmála að langstærstum hluta. Í þessu sambandi er einkum bent á 6. gr. erfðaskrárinnar, en 2. 3. og 4. gr. hennar einnig taldar bera þessu glöggt vitni. Framgangur þessara málefna hafi sýnilega verið efst í huga erfleiðendanna, en hagur lögerfingjanna mun fjarlægari, enda sé eignum að mestu ráðstafað til annarra en lögerfingja. Af þessu sé nærlægt að álykta hvernig telja megi líklegt að arfleiðendur hefðu ráðstafað andvirði jarðarinnar ef sú óvænta aðstaða, sem hér hefur komið upp, hefði komið þeim til hugar. Verði hér að leggja til grundvallar þann vilja arfleiðendanna að vinna að framgangi „þeirra góðu málefna, sem hér er um að ræða", eins og segir í greinargerð þessa sóknaraðilja á dskj. nr. 12. Þar sem ekki sé hægt að uppfylla vilja arfleiðendanna eftir efni erfðaskrárinnar beri að uppfylla hann í breyttri mynd og verði næst komist vilja arfleiðendanna með því að úrskurða gjafþegunum arftökurétt að andvirði jarðarinnar.

Af hálfu sóknaraðiljans Skógræktar ríkisins er því einnig haldið fram að við úrlausn málsins beri að hafa í huga að það hafi fyrst og fremst verið fyrir einarða afstöðu gjafþeganna að ákveðið var að vísa til dómstólanna úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta um verð fyrir jörðina. Árangur af því hafi orðið sá, að verðið hækkaði úr rúmlega 1.000.000,00 króna í tæpar 15.000.000,00. Afstaða skiptaforstjóranna virðist hafa verið sú að gjafþegarnir nytu, er um þetta var fjallað, að þessu leyti frekar réttarstöðu erfingja í búinu en gjafþega. Megi því með góðum rétti segja að þau verðmæti, sem um er deilt í máli þessu, hafi „orðið til" fyrir tilverknað gjafþeganna.

Eðlilegt sé að þeir njóti verðmætanna sem eitthvað hafi lagt á sig til varnar þeim, heldur en aðrir. Lögerfingjarnir hafi ekki að eigin frumkvæði gert kröfu um að málinu yrði vísað til dómstóla og krafa þeirra í andvirði jarðarinnar hafi ekki verið sett fram fyrr en mörgum árum eftir að það var gert.

Þá byggir sóknaraðilinn Skógrækt ríkisins á því að við úrlausn um, hvert andvirði jarðarinnar eigi að ganga, beri að líta svo á að Skógrækt ríkisins og Hjartavernd njóti réttarstöðu erfingja en ekki gjafþega við skipti á dánarbúinu. Engu að síður séu þessir aðiljar kallaðir gjafþegar í greinargerð Skógræktar ríkisins á dskj. nr. 12 til aðgreiningar frá lögerfingjum.

Aðalkrafa Skógræktar ríkisins er á því reist að stofnunin eigi rétt til að fá þar tilgreinda fjárhæð til frjálsrar ráðstöfunar, þ.e. til hinna hagkvæmustu og brýnustu verkefna á sviði skógræktar að mati Skógræktarinnar sjálfrar.

Fyrsta varakrafa Skógræktar ríkisins er skýrð þannig að stofnuninni beri hin tilgreinda fjárhæð til að kaupa land til skógræktar ef rétturinn telur arfleiðsluviljanum best fullnægt með þeim hætti.

Að því er varðar aðra varakröfu Skógræktar ríkisins er á því byggt að stofnuninni beri hin tilgreinda fjárhæð með þeirri kvöð að henni verði varið til skógræktar í landi Ásgarðs. Hefur í þessu sambandi verið lagt fram bréf oddvita Grímsneshrepps dags. 23. mars 1985, dskj. nr. 34 en meginmál þess er svohljóðandi:

„Á fundi hreppsnefndar Grímsneshrepps, sem haldinn var að Borg laugardaginn 23. mars 1985, var eftirfarandi bókun gerð:

Stefnuyfirlýsing í Ásgarðsmáli, erindi frá Gunnlaugi Claessen ríkislögmanni, svar hreppsnefndar við málaleitan bréfritara um nýtingu lands í Ásgarði.

Jörðin Ásgarður er að hluta til vel fallin til skógræktar. Þau hjónin Helga Jónsdóttir og Sigurliði Kristjánsson, fyrrverandi eigendur, höfðu girt af 130 hektara lands og hafið þar skógrækt. Það er stefna hreppsnefndar Grímsneshrepps að halda við þessari girðingu og friða og bæta þetta land eftir því sem kostur er og tengja það á þann hátt minningu fyrrnefndra hjóna.

Samkvæmt þessu lýsir hreppsnefnd Grímsneshrepps því yfir að hún er tilbúin að semja við Skógrækt ríkisins um leigu eða afnot af landi í Ásgarði eins og hvern annan aðila."

Þriðja varakrafa sóknaraðiljans Skógræktar ríkisins er skýrð þannig, að krafist sé hlutdeildar í andvirði jarðarinnar að frádreginni samsvarandi hlutdeild í matsverði matsnefndar eignarnámsbóta um verð jarðarinnar.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður Skógræktar ríkisins yfir því að verði kröfur hennar teknar til greina muni því fé, sem stofnunin fær, haldið sérgreindu frá öðru framkvæmdafé stofnunarinnar og þær framkvæmdir, sem fyrir það verða unnar, tengdar minningu arfleiðendanna á viðhlítandi hátt.

IV.

Af hálfu sóknaraðiljans Hjartaverndar eru dómkröfur á því reistar að þar sem ekki sé unnt að framkvæmda 4. grein hinnar sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrár eftir beinum fyrirmælum hennar og ekki sé við bein lagaákvæði að styðjast verði við úrlausn málsins að setja sig í spor arfleiðenda og framkvæma erfðaskrána á þann hátt sem líklegt sé að arfleiðendur hefðu viljað hefðu þeir séð fyrir hinar breyttu aðstæður. Þannig beri að ná fram tilgangi ákvæðis erfðaskrárinnar, þótt í öðru formi sé en þau fyrirmæli hennar, sem ekki sé hægt að uppfylla.

Sóknaraðilinn Hjartavernd bendir á að arfleiðendur hafi verið tengdir Hjartavernd sterkum böndum. Annar þeirra, Sigurliði, hafi verið einn helsti hvatamaður að stofnun samtakanna og átt sæti í stjórn þeirra, er hann lést. Málefni Hjartaverndar hafi verið eitt helsta áhugamál Sigurliða síðustu æviár hans og því afar ólíklegt að hann hefði ekki ánafnað samtökunum

einhverjum hluta eigna sinna þótt hann hefði vitað að þau gætu ekki eignast jörðina Ásgarð. Af erfðaskránni sé ljóst að arfleiðendum hafi verið efst í huga að Hjartavernd eignaðist hvíldar- og hressingarheimili og að tryggja tekjur til rekstrar þess með því að ætla Hjartavernd verðmætustu veiðiréttindi er jörðinni fylgja. Þannig verði að ætla að megintilgangur þeirra hafi verið að Hjartavernd eignaðist hvíldar- og hressingarheimili, en staðsetning þess hafi hins vegar ekki verið aðalatriði.

Sóknaraðilinn Hjartavernd heldur því einnig fram að sá hlutur, sem arfleiðendur hafi ætlað lögerfingjum í erfðaskránni á dskj. nr. 7, sé mjög óverulegur miðað við stærð búsins. Í erfðaskránni sé næstum öllum hinum miklu eignum hjónanna ráðstafað til líknar- og menningarmála. Verði því að telja afar ólíklegt að arfleiðendur hefðu ákveðið að andvirði jarðarinnar skyldi renna til lögerfingja, ef þeim hefði verið ljóst að Grímsneshreppur ætti og mundi neyta kaupréttar að jörðinni. Sé enginn vafi á því að það sé í samræmi við vilja arfleiðenda að andvirði jarðarinnar renni til Hjartaverndar og Skógræktar ríkisins en ekki til lögerfingja.

Sóknaraðilinn Hjartavernd bendir á að samtökin hafi lýst yfir því að ætlunin sé að ráðstafa andvirði jarðarhlutans í anda erfðaskrárinnar, og er í því sambandi vísað til yfirlýsingar þar að lútandi, sem lögð er fram í málinu á dskj. nr. 4. Séu því engin vandkvæði á því að ná fram vilja arfleiðenda í breyttu formi með því að fallast á aðalkröfu Hjartaverndar í málinu um andvirði þess hluta jarðarinnar ásamt sumarbústað og veiðiréttti sem koma átti í hlut Hjartaverndar samkvæmt erfðaskránni, án skilyrða. Þyki ekki fært að greiða Hjartavernd andvirði erfðahlutans án skilyrða megi framkvæma vilja arfleiðendanna í breyttu formi með því að setja það skilyrði að fénu verði varið til kaupa á landi og bústað til afnota sem hvíldar- og hressingarstað Hjartaverndar.

V.

Af hálfu þeirra varnaraðilja, sem eru lögerfingjar Sigurliða Kristjánssonar, er því haldið fram að þar sem ómögulegt hafi reynst að uppfylla erfðaskrárákvæðið um jörðina Ásgarð in natura beri að skipta andvirði jarðarinnar og þess er henni fylgdi milli lögerfingja arfleiðendanna. Verði ekki af neinum málsgögnum ráðið að það hafi verið vilji arfleiðenda að sóknaraðiljar gætu eða mættu annars vegar nýta erfðahluta sinn á annan veg en ákveðið er í erfðaskránni, eða hins vegar selja hann eða koma í verð á annan hátt en þar er ákveðið og/eða reka annars staðar sams konar starfsemi fyrir endurgjaldið. Þetta komi glöggt í ljós í niðurlagi 4. gr. erfðaskrárinnar á dskj. nr. 7, þar sem sérstaklega sé tekið fram að landið skuli renna til Skógræktar ríkisins ef Hjartavernd og Reykjavíkurborg sjái sér

ekki fært að veita landinu viðtöku með þeim kvöðum sem erfðaskráin bindur gjafþegum.

Þessir lögerfingjar halda því fram að vilji arfleiðenda komi glöggt fram í erfðaskránni og hafi verið sá að reisa sér bautastein með þeim sérstaka hætti á þessum tiltekna stað sem erfðaskráin greinir. Þetta hafi ekki verið nein tilviljun. Arfleiðendur hafi eignast jörðina 26. maí 1935 og hún verið þeim báðum mjög kær, einkum Sigurliða. Ekkert í erfðaskránni eða öðrum gögnum málsins bendi í þá átt að það hafi verið vilji arfleiðenda að láta kvaðalaus verðmæti renna til sóknaraðiljanna. Þar sem ómögulegt sé að uppfylla ákvæði 4. gr. erfðaskrárinnar, beri að úrskurða að hin umdeildu verðmæti skuli renna til lögerfingjanna.

Sömu varnaraðiljar benda á, að í 10. gr. erfðaskrárinnar á dskj. nr. 7 sé sérstaklega hnykkt á því að í hvívetna skuli virtur vilji arfleiðendanna eins og hann birtist í erfðaskránni. Samkvæmt 4. gr. erfðaskrárinnar verði að telja það forsendu fyrir arftöku Skógræktar ríkisins að stofnunin eignaðist hluta jarðarinnar Ásgarðs, þannig að þar gæti átt sér stað skógrækt á vegum stofnunarinnar á eignarlandi hennar. Því sé það ekki nægjanlegt til að ná fram vilja arfleiðendanna að núverandi eigandi eða síðari eigendur jarðarinnar heimili Skógrækt ríkisins afnot hluta jarðarinnar til skógræktar til að réttlæta að andvirði þeirra eigna, sem ánafnaðar voru þessari stofnun, renni til hennar, jafnvel þó að það yrði bundið þeirri kvöð að fénu yrði varið til skógræktar í landi Ásgarðs. Hafi arfleiðendur alls ekki ætlast til þess að hinar ánöfnuðu eignir yrðu seldar og andvirðið látið renna til gjafþeganna.

Þessir varnaraðiljar vísa á bug þeirri málsástæðu sóknaraðiljans, Skógræktar ríkisins, að gjafþegarnir séu betur að andvirðinu komnir en lögerfingjarnir vegna þess að gjafþegarnir hafi átt allt frumkvæði að því að bera verðákvörðun matsnefndar eignarnámsbóta undir dómstóla. Telja þeir skiptaforstjóra dánarbúsins hafa haft allan veg og vanda af þeim dómsmálum. Með þessum hætti hafi skiptaforstjórarnir reynt til þrautar að ná fram vilja arfleiðendanna eins og hann birtist í erfðaskránni. Málarekstur þessi hafi verið rekinn alfarið á kostnað dánarbúsins og hafi sóknaraðiljar þessa máls ekki borið þar neinn kostnað.

Þessir varnaraðiljar vísa til sömu málsástæðna og hér voru raktar gagnvart kröfum sóknaraðiljans Hjartaverndar. Auk þess halda þeir því fram að á fundi með skiptaforstjórum búsins 15. ágúst 1979 hafi lögmaður Grímsneshrepps tilkynnt að hreppsnefnd hafi á fundi hinn 7. ágúst 1979 samþykkt að Hjartavernd héldi „sínu landi" og að einhverju leyti veiðirétti. Liggi því fyrir að mögulegt hafi verið að hrinda vilja arfleiðenda í framkvæmd hvað Hjartavernd varðaði. Hjartavernd hafi að því er virðist brostið vilja til að taka við arfinum með þeim kvöðum sem hann var bundinn.

Þessi afstaða sé í raun nægileg ein sér til að hafna kröfum sóknaraðiljans Hjartaverndar í máli þessu.

Þessir varnaraðiljar mótmæla sérstaklega þeirri málsástæðu sóknaraðiljans Hjartaverndar að megintilgangur arfleiðenda með hinu umdeilda erfðaskrárákvæði hafi verið sá að tryggja að Hjartavernd eignaðist hvíldar- og hressingarheimili. Halda þeir því fram að ekki verði annað ráðið af erfðaskránni né heldur nokkrum öðrum gögnum máls þessa, en að vilji arfleiðenda hafi verið sá að reisa sér bautastein í landi jarðarinnar Ásgarðs. Sé það alls ekki í samræmi við þann vilja arfleiðendanna, sem birtist í erfðaskránni, að Hjartavernd eignist hvíldar- og hressingarheimili annars staðar á landinu eða andvirði ánafnaðra eigna.

Einnig mótmæla þessir varnaraðiljar þeirri staðhæfingu sóknaraðilans Hjartaverndar að arfleiðendur hafi ekki borið hag lögerfingja fyrir brjósti. Kveða þeir samband lögerfingjanna við arfleiðendur ætíð hafa verið náið og að góð vinátta hafi verið með þeim öllum.

Þessir varnaraðiljar mótmæla sérstaklega yfirlýsingunni á dskj. 22 um innbyrðis skiptingu andvirðis jarðarinnar milli sóknaraðiljanna. Telja þeir sóknaraðiljana bresta heimild til slíkrar ráðstöfunar.

VI.

Af hálfu þeirra varnaraðilja, sem eru lögerfingjar Helgu Jónsdóttur, er því haldið fram að þar sem ekki hafi reynst unnt að framkvæma vilja arfleiðenda eins og hann birtist í erfðaskránni eigi hið umdeilda andvirði jarðarinnar Ásgarðs að falla til lögerfingja arfleiðenda samkvæmt erfðareglum. Benda þeir á eftirfarandi atriði þessu til stuðnings:

Í erfðaskránni sé á einum stað gert ráð fyrir þeim möguleika að gjafþegarnir Reykjavíkurborg og Hjartavernd sjái sér ekki fært að veita viðtöku landinu í samræmi við álagðar kvaðir í erfðaskrá. Arflátar geri þá grein fyrir vilja sínum í slíku tilviki. Þeim hafi og örugglega verið ljóst að einnig gæti til þess komið að forkaupsréttur ábúanda eða sveitarstjórnar gæti haft í för með sér að ekki yrði unnt að framkvæma erfðaskrána. Samt sé ekkert ákvæði hvernig þá eigi að bregðast við, enda hafi það verið vilji arfláta í því tilviki að lögerfingjar tækju arfinn.

Í 4. gr. erfðaskrár in fine sé gert ráð fyrir að kvaðir geti verið svo þungbærar að það leiði til þess að tveir af gjafþegunum sjái sér ekki fært að veita gjöfunum viðtöku. Af þessu ákvæði sé ljóst að arflátar gerðu sér fulla grein fyrir að um strangar og þungbærar kvaðir var að ræða og ekki gat komið til mála að gjafþegar fengju gjafirnar eða arfinn nema taka á sig kvaðirnar.

Í upphafi 10. gr. velji arfleiðendur 3 valinkunna lögmenn til að vera skiptaforstjórar í dánarbúinu og feli þeim að annast að vilji arfláta sé virtur

í hvívetna. Ekki sé ætlunin að viljinn sé virtur í meginatriðum, heldur verði það lesið úr erfðaskránni að henni skuli fylgja út í ystu æsar með kvöðum og öllu tilheyrandi.

Sóknaraðiljar hafi sönnunarbyrðina fyrir því að það hafi eða hefði verið vilji arfláta að gjafþegar fengju peninga með eða án kvaða í stað lands með kvöðum. Hafi þeir ekki bent á neinn stuðning fyrir slíkri lausn í erfðaskrá eða öðrum gögnum.

Sóknaraðiljar hafi reynt að færa að því rök að huglæg afstaða Sigurliða Kristjánssonar til málefna Hjartaverndar og Skógræktar ríkisins hafi verið slík að hann hljóti að hafa viljað að þessir aðilar nytu að einhverju framlaga frá sér jafnvel þótt ekki tækist að framkvæma vilja þann sem birtist í erfðaskrá arfláta með afhendingu á landi, veiðiréttindum og fleiru með þeim kvöðum sem þeim gjöfum fylgja. Sóknaraðiljum hafi ekki tekist sönnun um þetta atriði, en tilraunir þeirra hafi einungis beinst að því að reyna að sýna fram á hver líklegur vilji Sigurliða hafi verið. Jafnvel þótt það hefði tekist nægi það sóknaraðiljum ekki, þar sem um erfðaskrá tveggja aðilja sé að ræða og sýna verði fram á að vilji Helgu Jónsdóttur hafi verið sá sem sóknaraðiljar halda fram að hafi verið vilji Sigurliða. Þetta hafi sóknaraðiljar ekki einu sinni reynt, og því er haldið fram að ekkert bendi til að það hafi verið vilji Helgu Jónsdóttur að sóknaraðiljar fengju fé í stað jarðarhluta ef ekki tækist að afhenda jarðarhlutana.

Þegar erfðaskráin var gerð hafi verið ákvæði í lögum um kauprétt að jörðum nr. 40/1948 um forkaupsrétt ábúanda og sveitarstjórnar í gildi. Sóknaraðiljar hafi haldið fram að forsendur hafi brostið, þ.e. að forsendur hafi breyst eftir að erfðaskráin var gerð. Þessu sé alfarið mótmælt. Sveitarstjórnir hafi átt forkaupsrétt að jörðum bæði þegar erfðaskráin var gerð og eins þegar skipti fóru fram og hafi ekkert breyst að því leyti. Af þessu leiði að ekki sé um brostnar forsendur að ræða. Einungis komi til álita að kanna hvort um rangar forsendur sé að ræða í þeirri merkingu að arflátar hafi staðið í þeirri óbilandi trú að ekkert gæti komið í veg fyrir að unnt yrði að framkvæma vilja þeirra um jörðina í samræmi við fyrirmæli í erfðaskránni. Arflátar hafi vitað að verið gæti að það tækist ekki og þar sem þeir hafi ekki sett neinn varnagla við því eða annan valkost, þá sé augljóst að þeir hafi ætlast til að lögerfingjar fengju andvirði gjafanna.

Einnig er vísað til ákvæðis 38. gr. erfðalaga nr. 8/1962 og því haldið fram, að umrætt erfðaskrárákvæði sé ógilt ef talið verði að arfleiðendur hafi gert umrætt erfðaskrárákvæði í þeirri trú að þeir gætu örugglega ráðstafað jörðinni á þann hátt sem lýst er í erfðaskránni.

Þá er því haldið fram að svonefnd viljakenning, sem sóknaraðiljar byggi kröfur sínar á, verði ekki notuð til stuðnings kröfum þeirra í málinu. Viljakenning þessi sé orðuð í 2. mgr. 37. gr. erfðalaga og eigi því aðeins við

að erfðaskrárákvæði sé annars efnis en til hafi verið ætlast. Sé það og skilyrði að villan stafi annaðhvort af misritun eða af öðrum mistökum. Séu þessi skilyrði uppfyllt skuli framkvæma ákvæðið í samræmi við það sem raunverulega hafi vakað fyrir arfleiðanda enda reynst unnt að staðreyna arfleiðsluviljann. Skilyrði þessa ákvæðis séu ekki fyrir hendi í þessu máli, þar sem ekkert bendi til að um misritun eða önnur mistök hafi verið að ræða sem gert hafi erfðaskrárákvæðið annars efnis en til var ætlast.

Ákvæði erfðaskrárinnar um ráðstöfun jarðarinnar Ásgarðs til nafngreindra gjafþega með ákveðnum kvöðum séu auðskilin og auðframkvæmanleg. Það séu augljós skilyrði af hálfu arfleiðenda að unnt verði að afhenda jarðarhlutana á þann hátt sem erfðaskráin lýsir og að gjafþegar séu reiðubúnir að undirgangast kvaðirnar. Hið fyrra þessara skilyrða sé ekki uppfyllt, þar sem sveitarfélag hafi nýtt kaupréttar að jörðinni í samræmi við landslög „eins og þau voru þegar erfðaskráin var gerð og eins og þau voru þegar skipti fóru fram á grundvelli erfðaskrárinnar" eins og segir í greinargerð varnaraðiljanna.

Hjartavernd hafi hvað eftir annað átt þess kost að semja við hreppsfélagið um þann hluta landsins sem Hjartavernd var ætlað í erfðaskránni og veiðiréttindi. Hjartavernd hafi ekkert gert til að unnt væri að framkvæma vilja arfláta með slíkum samningum, þrátt fyrir hvatningu skiptaforstjóra í þá átt og mikla aðstoð. Í þessu birtist sú huglæga afstaða gjafþegans að reyna að koma í veg fyrir að unnt yrði að framkvæma viljann í erfðaskránni í þeirri von að gjafþeginn gæti gert kröfu til peningafjárhæðar í staðinn án nokkurra kvaða. Þessi huglæga afstaða ein út af fyrir sig nægi til þess að hafna beri kröfum sóknaraðiljans Hjartaverndar í málinu.

Skiptaforstjórar hafi lagt mikla vinnu í að reyna að fá hreppsnefndina ofan af því að neyta forkaupsréttar að Ásgarði lögum samkvæmt svo að unnt yrði að tryggja að vilji arflátanna næði fram að ganga í samræmi við fyrirmælin í erfðaskránni. Þeir hafi kallað fulltrúa gjafþeganna oft til fundar út af því og komið á fundum á milli gjafþeganna og hreppsnefndar. Þegar niðurstöður í eignarnámsmati urðu hreppsfélaginu hagstæðar en búinu óhagstæðar hafi skiptaforstjórar ákveðið að freista þess að ná betri árangri með málarekstri fyrir hinum almennu dómstólum og tekist það bærilega svo sem fram komi í dómi Hæstaréttar á dómskjali nr. 6. Gjafþegarnir, sóknaraðiljar máls þessa, hafi ekki borið neinn kostnað af þessu en fylgst með. Vegna þess á hvern hátt skiptaforstjórar túlkuðu skyldur sínar, þ.e. þær skyldur að freista þess að ná fram vilja arflátanna eins og hann birtist í erfðaskránni, hafi ekki verið haft svo ítarlegt samráð við lögerfingjana um þetta efni, en þeim þó alltaf verið kynnt hvað var að gerast og hvernig skiptaforstjórar héldu á málinu, enda komi það fram í framlögðum fundargerðum skiptaforstjóranna.

Augljóst sé að arflátinn Sigurliði Kristjánsson unni mjög jörðinni Ásgarði og hafi oft dvalist þar sjálfur. Jafn augljóst sé af erfðaskrárákvæðinu um jörðina og reyndar öðrum erfðaskrárákvæðum að Sigurliði hafi viljað reisa sér þar minnisvarða og m.a. tengja nafn sitt hjartavernd og skógrækt. Þetta hafi hann ætlað að gera með þeim tiltekna hætti sem lýst er í erfðaskránni að því er skógrækt, hjartavernd og unglingaheimili varðaði. Um önnur áhugamál sín hafi arflátar haft þann hátt á að þeir fólu skiptaforstjórunum að selja eignir og láta andvirði þeirra renna til styrktar tilteknum málefnum. Af þessu sé ljóst að arflátar hafi sérstaklega leitt hugann að þeim möguleika að láta selja aðrar eignir, t.d. jörðina Ásgarð, og ráðstafa andvirði slíkra eigna. Jafn augljóst sé að niðurstaða arflátanna hafi orðið sú að fara ekki þá leið að því er varðar þessa þrjá málaflokka, hjartavernd, skógrækt og unglingaheimili, heldur nota jörðina sjálfa í því skyni en ekki andvirði hennar. Af þessu leiði að vilji arfláta verði á engan hátt framkvæmdur með því að afhenda gjafþegum peninga annaðhvort kvaðalaust eða í því skyni að rækta skóg einhvers staðar á Íslandi eða í því skyni að koma einhvers konar hvíldarheimili á fót einhvers staðar á landinu. Líf Sigurliða hafi verið svo tengt þessari jörð síðustu áratugina að hann hafi viljað að jörðin tengdist greindum áhugamálum sínum en ekki jafnvirði jarðarinnar í peningum. Þá er því og haldið fram að vilja arfláta verði ekki fram náð með samningum við núverandi eða væntanlega jarðeigendur um aðstöðu fyrir Skógrækt ríkisins til skógræktar í landinu.

Því er mótmælt að arflátar hafi ekki haft hag lögerfingja sinna í huga. Mikil og tíð samskipti hafi verið á milli þessara lögerfingja og arflátanna. Varnaraðilinn Þórunn og systir hennar Helga hafi haft óvenju náin samskipti alla ævi og daglega samband sín á milli þegar báðar voru í Reykjavík. Varnaraðilinn Ellen Snorrason og fjölskylda hennar hafi búið langtímum saman í sama húsi og arflátarnir í Reykjavík. Ellen og fjölskylda hennar hafi oft dvalist í sumarbústaðnum í Ásgarði og samskipti þessara fjölskyldna verið ör og tíð. Sama gildi um varnaraðilann Helgu. Í erfðaskránni sé á því byggt að tilteknar eignaheildir renni til tiltekinna mála, en að öðru leyti renni eignir til lögerfingjanna. Ef það hefði verið vilji arflátanna að koma í veg fyrir að eignir rynnu til lögerfingjanna, þá hefði verið eðlilegt að setja um það ákvæði í erfðaskránni, t.d. í því tilviki að gjafþegar væru ekki viðbúnir að veita gjöfum viðtöku með þeim kvöðum sem þeim fylgdu. Augljóst sé því að af erfðaskránni verði ráðið, að það hafi ekki verið í huga arflátanna að draga sem mest úr arfi til lögerfingjanna. Arfur til lögerfingjanna sé því verulegur bæði í fasteignum og lausafé.

Algerlega er hafnað því sjónarmiði sóknaraðilja að verðmætin hafi orðið til fyrir tilverknað þeirra eins og haldið sé fram í greinargerð Skógræktar ríkisins.

Lögerfingjanna sé oftlega getið á þeim tíma sem framangreind mál voru rekin og áður en til málareksturs kom. Samskipti lögerfingjanna við skiptaforstjórana hafi átt sér stað bæði á fundum og utan funda, en e.t.v. verið meiri utan funda. Hins vegar hafi samskipti skiptaforstjóra við fulltrúa gjafþeganna oftar farið fram á formlegum fundum og sé það í samræmi við skyldur skiptaforstjóranna að gæta til hins ýtrasta hagsmuna gjafþeganna í framkvæmd erfðaskrárinnar.

Mótmælt er þeirri staðhæfingu sóknaraðiljans Hjartaverndar að arfleiðendur hafi báðir verið nátengdir Hjartavernd. Ennfremur því að arfleiðendur hafi borið hag samtakanna mjög fyrir brjósti. Sigurliði hafi verið meðal frumkvöðla að stofnun Hjartaverndar og ótrauður baráttumaður fyrir hugsjónum samtakanna fyrstu árin, en það hafi ekki á sama hátt verið áhugamál Helgu Jónsdóttur. Verði þessari málsástæðu því aðeins beitt að sýnt sé fram á að náin tengsl hafi verið á milli Hjartaverndar og beggja arflátanna á þann hátt að leiði til þess að telja verði með vissu að vilji arfláta hafi verið sá að peningar rynnu til Hjartaverndar í stað jarðarhluta með kvöðum um rekstur hælis. Sama gildi um skógrækt.

Því er mótmælt sérstaklega að ráðstöfun sóknaraðilja á andvirði jarðarinnar í anda erfðaskrárinnar, t.d. með skógrækt einhvers staðar annars staðar og hvíldar- og hressingarhæli einhvers staðar annars staðar, geti komið í stað vilja arfleiðendanna eins og hann birtist skýrlega í tengslum við jörðina Ásgarð.

Loks er því sjónarmiði sóknaraðilja mótmælt að þeir geti gert kröfu til hlutdeildar Reykjavíkurborgar í andvirði jarðar og veiðiréttinda, svo og því, að þeir geti skipt með sér andvirðinu á þann hátt sem þeim sýnist.

VII.

Hér fyrir dómi hafa framkvæmdastjóri Hjartaverndar, Stefán Júlíusson og sóknaraðiljarnir Birgir Jóhann Jóhannsson, Sigurður Guðmundsson og Ellen Snorrason gefið aðiljaskýrslur. Einnig hafa verið leiddir sem vitni í málinu skiptaforstjórar dánarbúsins, lögmennirnir Guðmundur Ingvi Sigurðsson, Jóhann Níelsson og Sveinn Snorrason.

Vitnið Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður skýrði svo frá fyrir réttinum, að Sigurliði Kristjánsson hefði farið þess á leit við sig, að hann færði í letur fyrir sig erfðaskrá þá, sem lögð er til grundvallar skiptum á búinu. Hafi hann farið á heimili Sigurliða og Helgu Jónsdóttur að Laufásvegi 72 að kvöldi þess dags, sem erfðaskráin var gerð. Vitnið hafi punktað niður eftir þeim hjónum það sem þau vildu að kveðið yrði á um í erfðaskránni og síðan farið á skrifstofu sína og vélritað erfðaskrána upp og að því búnu farið heim til þeirra aftur. Þar hafi þá verið kominn annar arfleiðsluvottur, og gengið hafi verið frá erfðaskránni eins og hún liggur

nú fyrir. Vitnið tók sérstaklega fram að það hefði a.m.k. einu sinni áður gert erfðaskrá fyrir þau hjónin og hefði eins verið að því staðið og í þetta skipti. Þegar erfðaskráin á dskj. 7 var gerð hafi verið ætlunin að kveða nánar á um ýmis atriði sem í eldri erfðaskrá hafi verið tæpt á. Sigurliði og Helga hafi ætlað til útlanda daginn eftir gerð erfðaskrárinnar og viljað ljúka gerð hennar áður. Hafi því ekki farið langur tími í vangaveltur um einstök atriði erfðaskrárinnar, en ætlunin hafi verið „að útfæra þetta nánar, fara ofan í saumana á þessu". Kvaðst vitnið hafa hitt Sigurliða á förnum vegi skömmu eftir að Sigurliði kom að utan úr för þeirri er þau hjón fóru daginn eftir gerð erfðaskrárinnar og þá orðað það við hann hvort ekki væri rétt að líta betur á þessa hluti. Sigurliði hafi jánkað því og sagt að hann mundi hafa samband við hann um þetta, en af því hafi aldrei orðið. Aðspurt kvaðst vitnið ekki þora að fullyrða hvort við gerð erfðaskrárinnar á dskj. 7 hefði komið til umræðna um hugsanlegan forkaupsrétt sveitarfélagsins að jörðinni Ásgarði. Hins vegar kvaðst vitnið muna að við gerð erfðaskrárinnar hafi réttarstaða ábúandans, sem bjó á hluta af jörðinni, komið til umræðu. Sigurliði hafi talið ábúandann standa í þakkarskuld við sig og ekki talið ástæðu til að ætla annað en að ráðstöfun á jörðinni, eins og hún er ákveðin í erfðaskránni, mundi ná fram að ganga hans vegna.

Vitnið kvaðst fullyrða, að Sigurliða og Helgu hafi báðum verið ljóst að næði vilji þeirra samkvæmt erfðaskránni ekki fram að ganga hlyti það sem gjafþegar fengju ekki eða höfnuðu að renna til lögerfingja. Þetta hafi m.a komið mjög ákveðið fram í viðræðum við Sigurliða um ráðstöfun hans á málverkasafninu skv. 3. gr. erfðaskrárinnar. Hafi það verið ljóst að annaðhvort þægi Listasafn Íslands allt málverkasafnið eða það rynni til lögerfingja — ekki hafi komið til greina að andvirði málverkanna yrði látið renna til Listasafnsins. Um þetta hafi farið fram einhver umræða, annaðhvort þegar erfðaskráin á dskj. 7 var gerð eða við gerð eldri erfðaskrár. Hafi þeim hjónum báðum verið ljóst að þau áttu lögerfingja og rætt hvernig fara mundi ef engin erfðaskrá væri og eins hafi þau spurt hvort ekki væri öruggt að þau mættu ráðstafa öllum eignum sínum með erfðaskrá. Þannig hafi þeim hjónum verið fyllilega ljóst að „lögerfingjarnir væru þarna varaskeifa og ættu að fá muni sem ekki var ráðstafað með öðrum hætti, eða hugsanlega að gjafþegar afsöluðu sér eða einhverra hluta vegna næði ekki fram vilji þeirra". Vitnið kvað ákveðnar hugmyndir arfleiðenda hafa búið að baki ákvæðum erfðaskrárinnar um ráðstöfun jarðarinnar Ásgarðs. Þar hafi átt að fara fram tiltekin starfsemi og arfleiðendur talið jörðina vel fallna til þeirra hluta. Þess vegna hafi ekki komið til álita að selja ætti jörðina og ráðstafa andvirðinu með erfðaskrá. Þau hafi aldrei talað um neina aðra jörð fyrir þessa starfsemi en Ásgarð. Arfleiðendur hafi

tekið ástfóstri við þessa jörð og ætlan þeirra hafi sjálfsagt verið sú að reisa sér þar sérstakan minnisvarða með því að koma á fót þeirri starfsemi sem kveðið er á um í erfðaskránni. Vitnið kvað það ljóst af niðurlagsákvæði 4. gr. erfðaskrárinnar, að aldrei hafi staðið til að gjafþegarnir ættu að fá peninga í stað gjafanna in natura ef þeir sæju sér ekki fært að veita gjöfunum viðtöku með þeim kvöðum er þeim fylgdu. Aðspurt kvaðst vitnið ekki muna hvort arfleiðendur hafi rætt þá stöðu sem upp kæmi, ef Skógrækt ríkisins og aðrir gjafþegar höfnuðu dánargjöfinni. Þeim hafi þó verið það fyllilega ljóst, að lögerfingjarnir væru þarna „fyrsta varaskeifa", og hafi arfleiðendum ekki verið það neitt á móti skapi. Vitnið skýrði frá gangi mála frá því Grímsneshreppi var boðin jörðin Ásgarður til kaups samkvæmt ákvæðum jarðalaga allt þar til dómur Hæstaréttar gekk um kaupverð jarðarinnar. Kvað vitnið skiptaforstjórana frá upphafi hafa haft það að leiðarljósi í störfum sínum að knýja fram vilja arfleiðendanna samkvæmt erfðaskránni. Skiptaforstjórarnir hafi haft samráð bæði við gjafþegana og lögerfingjana er þeir ákváðu að bera úrskurð matsnefndar eignarnámsbóta um kaupverð jarðarinnar undir dómstóla. Hafi skiptaforstjórarnir talið úrskurð matsnefndarinnar byggðan á röngum forsendum og talið það einu vonina til að ná að uppfylla erfðaskrárákvæðið varðandi jörðina, að verðið fengist hækkað það mikið að hreppsnefnd Grímsneshrepps sæi sér ekki fært að leysa til sín jörðina.

Vitnið Jóhann Hinrik Níelsson hæstaréttarlögmaður kvaðst í vætti sínu hafa verið nokkuð vel kunnugur arfleiðandanum Sigurliða Kristjánssyni og unnið nokkur lögfræðistörf fyrir hann. Einnig kvaðst vitnið hafa átt mikið samstarf við hann sem framkvæmdastjóri Hjartaverndar. Kvað vitnið Sigurliða hafa verið einn af stofnendum Hjartaverndar og átt sæti í stjórn Hjartaverndar til dauðadags og ávallt unnið að málefnum þeirra samtaka af miklum áhuga og eljusemi. Aðspurt kvaðst vitnið ekki kannast við að áhugi Sigurliða á málefnum Hjartaverndar hafi farið dvínandi síðustu æviár hans. Vitnið kvaðst ekki hafa fengið vitneskju um tilvist erfðaskrárinnar á dskj. 7 fyrr en eftir lát Sigurliða og ekki hafa vitað að það væri þar tilnefnt sem einn af skiptaforstjórum umrædds dánarbús. Hafi vitnið því aldrei rætt við Sigurliða um neitt viðvíkjandi erfðaskránni.

Vitnið Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður er eiginmaður sóknaraðiljans Ellenar Snorrason. Vitnið annaðist lögfræðistörf fyrir Sigurliða Kristjánsson um áratuga skeið og kvað samgang milli fjölskyldna þeirra hafa verið mjög mikinn, m.a. kvaðst vitnið mjög oft hafa verið við laxveiðar í landi Ásgarðs með Sigurliða. Vitnið kvaðst telja óyggjandi að skýringin á því, hvers vegna sóknaraðiljum þessa máls og Reykjavíkurborg væru ætluð hlutdeild í jörðinni Ásgarði en ekki andvirði tiltekinna eigna eins og öðrum gjafþegum samkvæmt erfðaskránni sé sú að þarna á jörðinni

hafi arfleiðendur ætlað að reisa sér og látnum syni sínum minnisvarða. Land þetta hafi verið þeim einkar kært og þau dvalið þar þegar þau gátu. Kjörsonur þeirra, Kristján Sigurliðason, hafi lengstum verið þarna með þeim þar til hann lést 9 ára gamall og hafi gjöfin til Reykjavíkurborgar með tilheyrandi kvöð um rekstur drengjaheimilis á jörðinni fyrst og fremst verið tilkomin sem minnisvarði um hann. Þá kvaðst vitnið telja að með því að ánafna Skógrækt ríkisins hluta landsins hafi arfleiðendur verið að tryggja að þeir drengir, sem dveldu á hinu fyrirhugaða drengjaheimili, hefðu störf að vinna við ræktun landsins, þessa lands. Kvaðst vitnið álíta að með því að ráðstafa jörðinni með þeim hætti sem þau gerðu samkvæmt erfðaskránni hafi arfleiðendur talið tryggt að landið yrði áfram óskipt og að þar yrði ákveðinn minnisvarði um þau og son þeirra og myndarlega að verki staðið.

VIII.

Úrlausn máls þessa heyrir undir skiptarétt Reykjavíkur samkvæmt 75. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Eins og málið liggur fyrir verður að telja úrlausnarefnið vera í því fólgið að ákveða hvert hin sérgreinda fjárhæð andvirðis jarðarinnar Ásgarðs, kr. 14.896.500,00 sem á vegum skiptaforstjóra dánarbús Helgu Jónsdóttur er varðveitt á svonefndum kaskóreikningi í Verslunarbanka Íslands h.f., með áföllnum vöxtum og/eða verðbótum, en að frádregnum kostnaði við úthlutunina, skuli renna. Verður þetta skiptaandlag í því sem hér fer á eftir nefnt andvirði jarðarinnar Ásgarðs.

Þegar erfðaskráin á dskj.nr. 7 var gerð voru í gildi lög nr. 40, 5. apríl 1948 um kauprétt á jörðum. Í 2. gr. þeirra laga segir m.a. svo: „Sveitarstjórn hvers hrepps skal hafa forkaupsrétt á þeim jörðum innan hreppsins, sem ganga kaupum og sölum og ekki eru opinber eign, með þeim undantekningum sem um getur í 4. gr. og síðari málsgreinum þessarar greinar. Sama gildir, ef seldur er hluti af jörð ... ítök ... hvers konar veiðiréttindi eða önnur gæði, sem skilin eru eða skilin verða frá jörð ...“ Í 3. gr. laga þessara segir m.a.: „Næst á eftir sveitarstjórn og á sama hátt hefur leiguliði, ef til er, kauprétt á hinni fölu jörð, þó með þeim undantekningum, sem um getur í 4. gr. ...“. 4. gr. laganna er svohljóðandi: „Kaupréttarákvæði 2. og 3. gr. laga þessara ná ekki til þess er jarðeigandi selur jörð barni sínu, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri. — Falli jörð við erfðir til skyldmenna eftir 6. 7. og 8. gr. tilskipunar frá 25. sept. 1850, á hreppsnefnd rétt á að fá jörðina keypta á því verði, sem hún er lögð erfingjum til arfs. — Hafi leiguliði haft búsetu og ábúð á leigujörð sinni a.m.k. þrjú ár samfleytt áður en söluumleitanir hefjast, hefur hann kauprétt á undan sveitarsjóði, og öðlast sveitarsjóður þá kaupréttinn næst á eftir og þó því aðeins að leiguliði hafi hafnað honum.“

Þær greinar í tilskipun, „um nokkrar breytingar á erfðalögunum á

Íslandi“ 25. september 1850, sem vitnað er til í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1948, eru svohljóðandi:

„6. gr. Ef ekki eru niðjar til, foreldrar, systkini eða afkvæmi þeirra, þá taka afar og ömmur hins látna arf á þann hátt, að föðurforeldrar hins látna taka helming arfsins, en móðurforeldrar hinn helminginn og er síðan skipt með þeim að jöfnu. Ef afi er dauður eða amma, taka börn þeirra eða annað afkvæmi arfahluta þeirra eftir þeim reglum sem settar eru í 4. og 5. grein um arf foreldra, systkina og niðja þeirra. Ef annað hvort af föðurforeldrum eða móðurforeldrum er andað og á engin börn eða afkvæmi á lífi, hverfur arfahluti þess undir hitt eða þess afkvæmi. En sé í þessari erfð engin föðurfrændi til, erfa móðurfrændur allan arfinn og séu ekki móðurfrændur til þá erfa föðurfrændur.

7.gr. Ef enginn er á lífi úr erfð þeirri, sem um er getið í 6. gr., hverfur arfur undir langafa og langömmur og afkvæmi þeirra og skal þá allt fara samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gerðar eru í þeirri grein, að hver forfeðra grein fær sinn arfahlut, meðan einhver af þeirri grein er á lífi, en þegar ein greinin er liðin undir lok, fellur arfur undir þá aðalgreinina, sem henni er nánust og að þegar ekki er nema ein þeirra til, hverfur allur arfurinn undir hana. Þannig skulu foreldrar föðurafa og föðurömmu eða ættbogar þeir, sem frá þeim eru komnir, allir saman taka helming arfs að jöfnum skiptum og foreldrar móðurafa og móðurömmu eða afkvæmi þeirra hinn helminginn. En sé t.a.m. enginn af forfeðrum föðurafans á lífi, né afkvæmi þeirra, hverfur sá arfahluti er sú grein hefði átt að taka undir forfeður föðurömmu og þeirra niðja, en sé ekki heldur neinn erfingi til þeim megin, taka afkvæmi móðurafa og móðurömmu allan arf að jöfnum skiptum eða sé önnur þeirra undir lok liðin, þá sú af þeim sem uppi er.

8. gr. Sé ekki heldur neinn maður á lífi, er arfgengur sé eftir 7. gr., hverfur arfur hins látna undir langafaforeldra hans eða afkvæmi þeirra, og skal að öllu leyti fara eftir því, sem ákveðið er í nefndri grein og greinunum þar á undan. Þar með eru takmörk þau af tekin, er lögin hafa stundum sett við sjöunda mann.“

Lög nr. 40/1948 voru enn í gildi, er Sigurliði Kristjánsson féll frá, en með núgildandi jarðalögum nr. 65, 31. maí 1976 voru þau felld úr gildi. 26. gr. jarðalaga nr. 65/1976 er svohljóðandi: „Ákvæði laga þessara um forkaupsrétt koma ekki til framkvæmda: 1. Þegar jarðeigandi selur eða afhendir jörð maka sínum, barni sínu, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri, enda taki viðtakandi jörðina til ábúðar og fullra nytja. 2. Þegar ríkissjóður ráðstafar fasteignarréttindum. — Falli fasteignarréttindi við erfðir til annarra en þeirra, er greinir í 1. tölulið, á hreppsnefnd rétt á að fá þau keypt. Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.“

Dánarbú Helgu Jónsdóttur kom til skipta eftir gildistöku jarðalaga nr. 65/1976 og þá fyrst koma til framkvæmda þau ákvæði sameiginlegrar og gagnkvæmrar erfðaskrár hennar og Sigurliða Kristjánssonar, sem mál þetta er sprottið af. Höfðu ákvæði laga, sem snerta framkvæmd 4. gr. erfðaskrárinnar, þá breyst þannig að fallinn var niður hugsanlegur kaupréttur ábúenda jarðarinnar, en skylt var að bjóða sveitarfélaginu jörðina til kaups, auk þess sem reglur um ákvörðun verðs höfðu breyst. Varð því ekki hjá því komist, hvorki samkvæmt lögum nr. 40/1948 né samkvæmt lögum nr. 65/1976 að bjóða sveitarfélagi jörð til kaups við sambærilegar aðstæður og hér er um að ræða, áður en hún yrði lögð út gjafþegum, óskyldum arfleiðanda, á grundvelli erfðaskrár.

Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að 4. gr. erfðaskrárinnar á dskj. nr. 7 hafi orðið annars efnis en til var ætlast af arfleiðendum, og ekki er heldur sannað að röng hugmynd arfleiðenda hafi ráðið úrslitum um efni þeirrar greinar. Af vætti vitnisins Guðmundar Ingva Sigurðssonar er ljóst að arfleiðandinn Sigurliði velti fyrir sér réttarstöðu ábúenda jarðarinnar og taldi óhætt að treysta því að ráðstöfun jarðarinnar, eins og hún er ráðgerð í erfðaskrárákvæðinu, næði fram að ganga. Verða ákvæði 37. gr. og 38. gr. erfðalaga nr. 8/1962 því ekki talin eiga við um ágreiningsefni í máli þessu, heldur veltur úrlausn þess á meginreglum um skýringu og fyllingu erfðaskráa.

Það er meginregla að íslenskum erfðarétti að skýra beri erfðaskrár á þann hátt að náð verði fram þeim vilja arfleiðenda, sem fram kemur í erfðaskrá hans, eða sannað þykir að fyrir honum hafi vakað við erfðaráðstöfunina. Þegar erfðaskráin á dskj. nr. 7 er skoðuð kemur í ljós að arfleiðendur gera þar tæmandi ráðstöfun allra eigna sinna. Eftir lát hins langlífara þeirra skulu tilteknar eignir seldar og andvirði þeirra ráðstafað með ákveðnum hætti til þargreindra málefna, jörðinni Ásgarði er ráðstafað til tiltekinna gjafþega með ítarlegum fyrirmælum sem telja verður kvaðir á gjöf til hvers þeirra. Loks er öðrum eignum, hverju nafni sem nefnast, ráðstafað til lögerfingja arfleiðendanna.

Ljóst er af niðurlagsákvæði 4. gr. erfðaskrárinnar á dskj. nr. 7 að arfleiðendur hafa tekið afstöðu til þess hvernig fara skyldi með dánargjafirnar gagnvart Hjartavernd og Reykjavíkurborg ef þessir aðiljar sæju sér ekki fært að veita þeim viðtöku með þeim kvöðum er fylgdu. Samkvæmt þessu ákvæði skyldi landið þá falla til Skógræktar ríkisins, en þessir gjafþegar ekki fá neitt úr búinu. Svo sem fram kemur í kafla II hér að framan hefur því verið lýst yfir af hálfu Reykjavíkurborgar að borgarsjóður geri ekki tilkall til dánargjafar úr búinu. Kemur þá til skoðunar hvort sú aðstaða, að aðrir gjafþegar hafa viljað en ekki getað tekið við dánargjöfum sínum með þeim kvöðum er þeim fylgdu vegna lögmælts réttar þriðja aðilja, geri

það að verkum að þeir eigi tilkall til andvirðis þeirra eigna sem þeim voru ánafnaðar.

Þegar það er virt, hvernig erfðaskráin á dskj. nr. 7 er upp byggð og sett fram, verður að líta svo á að það sé forsenda erfðaráðstöfunar til gjafþeganna í 4. gr. skrárinnar að þargreindar gjafir verði inntar af hendi samkvæmt efni sínu in natura gegn því að gjafþegarnir taki á sig þær kvaðir sem þar eru greindar.

Erfðaskráin ber með sér að arfleiðendum var ljóst að kvaðir þessar lögðu ríkar skyldur á gjafþegana. Ákvæði í 4. gr. um það,hvernig með skuli fara ef Reykjavíkurborg og/eða Hjartavernd sjái sé ekki fært að taka við þeim hluta jarðarinnar sem ráðstafað er til þessara aðilja, bera með sér að við arfleiðsluna leggja arfleiðendur mest upp úr því að jörðinni verði ekki skipt með öðrum hætti en erfðaskráin greinir og að við slíkar aðstæður fái þessir gjafþegar ekkert úr búinu. Er þess vegna ekki hægt að fallast á það með sóknaraðiljum að við þessa arfleiðslu til þeirra hafi það verið aðalatriði í augum arfleiðendanna að stuðla að framgangi þeirra „góðu málefna" sem sóknaraðiljar vinni að og að það hafi verið aukaatriði í hugum þeirra hvort starfsemin færi fram á jörðinni Ásgarði. Slík ályktun verður ekki dregin af orðum erfðaskrárinnar og ósannað er að slíkur vilji hafi komið fram af hálfu arfleiðenda annars staðar á þann hátt að úrslitum ráði í máli þessu. Verða kröfur sóknaraðiljanna í málinu því ekki teknar til greina á þessum grundvelli. Yfirlýsingar sóknaraðiljanna um að þeir muni ráðstafa fénu í anda erfðaskrárinnar geta engu breytt í þessu sambandi.

Af gögnum málsins er ljóst að langstærstum hluta eigna sinna ráðstafa arfleiðendur með erfðaskránni á dskj. nr. 7 til annarra en lögerfingja sinna. Allt að einu er talsverðum eignum ráðstafað til þeirra í 5. gr. erfðaskrárinnar, og í 7. gr. hennar er hnykkt á því, að til lögerfingjanna skuli renna allar þær eignir búsins sem ekki er sérstaklega ráðstafað á annan hátt. Óumdeilt er að arfleiðendur máttu ráðstafa öllum eignum sínum með erfðaskrá og gátu því ákveðið þar að ekkert skyldi koma í hlut lögerfingjanna. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af vætti vitnisins Guðmundar Ingva Sigurðssonar er ekki unnt að fallast á það með sóknaraðiljum að vilji arfleiðenda hafi verið sá, að sem minnst kæmi í hlut lögerfingja og að af þeirri ástæðu eigi andvirði jarðarinnar Ásgarðs að falla til sóknaraðiljanna.

Ekki verður á það fallist með sóknaraðiljum að andvirði jarðarinnar eigi að ganga til þeirra vegna þess að fjárhæð sú, sem um sé að ræða, hafi fyrir þeirra tilstuðlan eða forgöngu orðið miklu hærri en nam verði jarðarinnar samkvæmt úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta. Fjárhæð sú, sem fékkst fyrir jörðina, var greidd dánarbúinu eftir að hæstaréttardómur hafði gengið um þær kröfur sem skiptaforstjórar búsins höfðu gert fyrir þess

hönd og haldið til laga. Henni ber að úthluta úr búinu til þeirra sem eiga tilkall til hennar á grundvelli erfðaskrárinnar án tillits til þess hvað einstakir gjafþegar, erfingjar eða aðrir kunna að hafa lagt til málanna varðandi málatilbúnað skiptaforstjóranna.

Þriðja varakrafa sóknaraðiljans Skógræktar ríkisins, sem lýtur að því að mismunur milli andvirðis þess hluta landsins, sem þessari stofnun var ánafnað, samkvæmt úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta annars vegar og samkvæmt dómi Hæstaréttar hins vegar, eigi að ganga til Skógræktar ríkisins af þessum ástæðum, styðst samkvæmt framansögðu ekki við haldbær lagarök og verður ekki tekin til greina.

Samkvæmt því sem að framan er rakið verður að hafna öllum kröfum sóknaraðiljanna, Skógræktar ríkisins og Hjartaverndar, í máli þessu. Með vísan til 7. gr. erfðaskrárinnar á dskj. nr. 7 ber að fallast á það með varnaraðiljum að skipta beri andvirði jarðarinnar Ásgarðs, sem um er deilt í máli þessu, eftir lögerfðareglum milli lögerfingja Sigurliða Kristjánssonar og lögerfingja Helgu Jónsdóttur, en ekki er um þá skiptingu deilt í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðiljum samkvæmt 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 gert að greiða varnaraðiljum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn sem hér segir:

Skógrækt ríkisins greiði lögerfingjum Sigurliða Kristjánssonar kr. 230.000,00 og lögerfingjum Helgu Jónsdóttur kr. 230.000,00.

Hjartavernd greiði lögerfingjum Sigurliða Kristjánssonar kr. 190.000,00 og lögerfingjum Helgu Jónsdóttur kr. 190.000,00.

Ekki standa lagarök til að leggja óskipta ábyrgð á greiðslu málskostnaðar á sóknaraðiljana.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðilja máls þessa, Skógræktar ríkisins og Hjartaverndar, er hafnað.

Andvirði jarðarinnar Ásgarðs, sem um er deilt í máli þessu, ber að skipta milli varnaraðiljanna lögerfingja Sigurliða Kristjánssonar og varnaraðiljanna lögerfingja Helgu Jónsdóttur eftir lögerfðareglum.

Skógrækt ríkisins greiði lögerfingjum Sigurliða Kristjánssonar kr. 230.000,00 og lögerfingjum Helgu Jónsdóttur kr. 230.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Hjartavernd greiði lögerfingjum Sigurliða Kristjánssonar kr. 190.000,00 og lögerfingjum Helgu Jónsdóttur kr. 190.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 9. desember 1986.

Nr. 83/1985. **Hagtala h/f**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
innheimtumanni ríkissjóðs
í Rangárvallasýslu
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl.)

Söluskattur. Synjað um lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1985. Dómkröfur hans eru þessar: „*Aðallega:* að hinni áfrýjuðu lögtaksgerð verði hrundið og hún niðurfelld. *Til vara:* að lögtaksfjárhæðin verði stórlega færð niður og öll viðurlög niður felld. Jafnframt verði þá áfrýjanda heimilað að skuldajafna á móti lögtakskröfunni, sem eftir kynni að standa, þeim fjárhæðum, sem hann þegar hefur greitt í söluskatt af umræddri starfsemi, umfram það sem hann hefur talið að sér bæri að greiða, það er kr. 3.236.743,70, auk mánaðarlegra dráttarvaxta frá því að hver einstök greiðsla á þessari upphæð fór fram til þess dags, að skuldajöfnun á sér stað.“ Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þessar dómkröfur: „*Aðalkrafa.* Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum áfrýjenda og hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest. *Varakrafa.* Komist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu, að skylda áfrýjenda til greiðslu söluskatts nái ekki til vélavinnu eða vinnu á eigin verkstæði, er þess krafist, að lögtaksgerðin verði staðfest fyrir söluskatti og viðurlögum af hinum þættinum. Bæði í aðal- og varakröfu er þess krafist að lögtaksfjárhæðin verði staðfest auk 2,75% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 16.1.1985 til 16.2. s.á., 3,75% frá þ.d. til 16.3. s.á., 4% frá þ.d. til 16.5. s.á., 3,50% frá þ.d, til 16.9. s.á., 3,75% frá þ.d. til 16.2. 1986, 2,75% fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þ.d. til 16.3. s.á., en 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern

byrjaðan mánuð frá þ.d. til greiðsludags.“ Hann krefst þess að „áfrýjendur“ verði dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinni áfrýjuðu lögtaksgerð var beint gegn Hraunvirki h/f, Ásahreppi í Rangárvallasýslu. Forsvarsmenn áfrýjanda telja að félag þetta hafi á árinu 1984 verið sameinað Hagtölu h/f með heimild í ákvæðum XV. kafla laga nr. 32/1978 um hlutafélög. Telja þeir Hagtölu h/f, sem ein áfrýjaði málinu, hafa með samruna félaganna tekist á hendur greiðsluskyldu á lögtakskröfunni, ef hún teldist réttmæt. Fallist er á að lögtaksgerðin varði hagsmuni áfrýjanda með þeim hætti að honum verði heimil áfrýjun málsins, sbr. 1. mgr. 11. greinar lögtakslaga nr. 29/1885.

Málavextir eru þeir að Hraunvirki h/f varð árið 1979 lægsbjóðandi hjá Landsvirkjun í gerð stíflumannvirkja og annarrar jarðvegsvinnu við virkjun Hrauneyjafoss í Tungnaá. Félagið hafði gagngert verið stofnað á því ári til að bjóða í nefndar framkvæmdir. Tilboð þess nam 2.758.605.000,00 gömlum krónum. Tilboðinu var tekið. Með hækkunum, sem urðu á verksamningnum vegna breytinga frá útboði svo og vegna nýs verkefnis sem félagið tók að sér við Hrauneyjafossvirkjun fyrir 117.275.000,00 gamlar krónur, nam heildar verksamningsupphæð þess við Landsvirkjun vegna nefndrar virkjunar 3.136.249.500,00 gömlum krónum. Félagið hóf verkið lítillega á árinu 1979. Aðalframkvæmdatíminn var á árunum 1980 og 1981 en verkinu lauk 1982.

Hraunvirki h/f var krafið um greiðslu sölugjalds af skattstjóranum í Suðurlandsumdæmi vegna framkvæmdanna. Árin 1980 og 1981 greiddi félagið alls 3.420.195,70 nýkrónur í sölugjald. Samkvæmt uppgjöri félagsins á sölugjaldi taldi það sig ekki hafa átt að greiða nema 182.762,00 nýkrónur af starfseminni á þessum árum, og væru þá ofgreiddar 3.237.433,70 nýkrónur.

Með bréfi dagsettu 14. október 1981 fór skattstjórinn í Suðurlandsumdæmi þess á leit við rannsóknardeild ríkisskattstjóra, að könnuð yrðu söluskattsskil Hraunvirkis h/f vegna notkunar véla við umrætt tilboðsverk og vegna þjónustu eigin viðgerðarverkstæðis við starfsemina. Rannsóknardeildin hóf síðan umbeðna könnun í ársbyrjun 1982 og lauk henni með skýrslu til skattrannsóknarstjóra dagsettri 10. ágúst 1984. Félagið fékk skýrsluna til umsagnar. Í

framhaldi af því úrskurðaði ríkisskattstjóri síðan þann 31. desember 1984 félaginu viðbótarsölugjald vegna áðurgreindra verkþátta við Hrauneyjafossvirkjun samtals með álagi fram til 16. janúar 1985 9.714.331,00 nýkrónu. Félagið kærði þennan úrskurð til ríkisskattstjóra, en þann 1. febrúar 1985 úrskurðaði ríkisskattstjóri að hann skyldi standa óbreyttur. Í úrskurðarorði segir svo: „Gjaldandi greiði viðbótarsölugjald fyrir árið 1979 gkr. 3.643.112, nýkr. 36.431 fyrir árið 1980 gkr. 98.967,625, nýkr. 989.676 fyrir árið 1981, nýkr. 2.178.809 og fyrir árið 1982 nýkr. 59.309. Þá greiði gjaldandi álag á ofangreindar fjárhæðir sem reiknað er fram til 16. janúar 1985 nýkr. 6.450,106. Viðbótarsölugjald auk álags verður því nýkr. 9.714.331,00."

Í febrúar 1985 barst stefnda álagning þessi til innheimtu. Þann 20. sama mánaðar fór hin áfrýjaða lögtaksgerð fram á aðsetri hreppstjóra að Sumarliðabæ í Ásahreppi í Rangárvallasýslu í bifreiðum sem skráðar voru á nafn Hraunvirkis h/f. Hafði félagið haft skráð aðsetur í hreppnum. Ekki var gerðarþola tilkynnt fyrirfram um gerðina.

Svo sem að ofan greinir lagði ríkisskattstjóri viðbótarsölugjald á Hraunvirki h/f með bréfi 31. desember 1984. Af gögnum málsins kemur ekki fram að fógeti hafi kveðið upp úrskurð eftir fyrirmælum 4. gr. lögtakslaga nr. 29/1885 um að lögtak mætti gera fyrir gjaldi þessu eftir að það var lagt á og féll í gjalddaga. Ekki verður talið að hina áfrýjuðu lögtaksgerð hafi mátt framkvæma samkvæmt lögtaksúrskurðum vegna vangreidds söluskatts í Rangárvallasýslu uppkveðnum 16. ágúst 1979, 2. október 1980, 27. ágúst 1981, 6. september 1982, 6. september 1983 og 18. september 1984 vegna nefndra ára eins og haldið var fram í málflutningi. Ber því að fella hina áfrýjuðu lögtaksgerð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti sem ákveðst 300.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er felld úr gildi.

Stefndi, innheimtumaður ríkissjóðs í Rangárvallasýslu, greiði áfrýjanda, Hagtölu h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti 300.000,00 krónur að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetaréttar Rangárvallasýslu 20. febrúar 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 20. febrúar var fógetaréttur Rangárvallasýslu háður að Sumarliðabæ, Ásahreppi með undirrituðum votti af Kjartani Þorkelssyni ftr.

Fyrir tekið: Að framkvæma lögtak hjá Hraunvirkja hf. nnr. 4327-5836 Ásahreppi, Rangárvallasýslu fyrir ógreiddum gjöldum, sem sundurliðast þannig:

Söluskattur 1979	kr.	36.431
Söluskattur 1980	kr.	989.676
Söluskattur 1981	kr.	2.178.809
Söluskattur 1982	kr.	59.309
og viðurlög til 16. jan. 1985. skv. ákvörðun ríkisskattstjóra dags. 1. febr. 1985	kr.	6.450.106
Samtals	kr.	9.714.331

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 álagningarseðil ríkisskattstjóra.

Firma þetta er skráð með aðsetur í Ásahreppi og fer gerðin því fram á aðsetri hreppstjóra.

Fyrir hönd gerðarþola mætir að tilhluta fógeta Sveinn Ísleifsson. Af hálfu innheimtu ríkissjóðs er mættur Sigursteinn Steindórsson og leggur fram bifreiðaskrá frá bifreiðaeftirliti ríkisins og gerir kröfu til að bifreiðar þessar séu skrifaðar upp til tryggingar kröfunni en bifreiðar þessar eru:

L-2072	Kochum 420 árg. 1971	L-2087	Mazda 1800 árg. 1980
L-2073	Lada Vaz 2121 árg. 1980	L.-1724	Kochum 420 árg. 1971
L-2029	Mazda 1800 árg. 1980	L-1721	Kochum K-420 árg. 1973
L-2151	MAZ 452 árg. 1980	L-2091	Scania Vabis árg. 1959
L-2153	Dodge B-300 árg. 1979	L-2092	Scania Vabis árg. 1969
L-2093	Volvo F-7 árg. 1980	L-2115	Toyota Hilux árg. 1981
L-2236	Henchel árg. 1972	L-2250	Volvo N-10, árg. 1981
L-2266	International árg. 1968	L-2284	Lada Vaz árg. 1979
L-2630	Scania 80 árg. 1971		

Fallið var frá virðingu.

Fógeti gætti leiðbeiningarskyldu sinnar.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í eignum þessum til tryggingar framangreindum gjöldum, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 10. desember 1986.

Nr. 120/1985. **Ormarr Snæbjörnsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
menntamálaráðherra og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hdl.)

Stjórnsýsla. Opinberir starfsmenn. Gjafsókn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1985, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 3. maí 1985. Hann krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 256.071,00 krónu með dómvöxtum af 128.035,50 krónum frá 1. mars 1984 til 1. september 1984, en af 256.071,00 krónu frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann að stefndi verði dæmdur til að greiða 209.808,00 krónur með dómvöxtum af 104.904,00 krónum frá 1. mars 1984 til 1. september 1984, og af 209.808,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags, en til þrautavara að hann verði dæmdur til að greiða 52.452,00 krónur með dómvöxtum frá 10. janúar 1984 til greiðsludags. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 21. ágúst 1985.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, en til vara að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Ósannað er að Ingvar Gíslason menntamálaráðherra hafi verið búinn að rita á umsókn áfrýjanda að hann samþykkti að setja hann kennara við Þelamerkurskóla er ráðherra sagði áfrýjanda og systur hans, Hólmfríði Snæbjörnsdóttur, að ætlun sín væri að endursetja hann í starfið.

Í 3. gr. laga nr. 97/1974 er boðið að þegar starfsmaður, sem lög

nr. 46/1973 taki til, sé ráðinn í þjónustu ríkisins skuli það gert með skriflegum gerningi og skuli tekið fram hvort um skipun, setningu eða ráðningu sé að ræða. Verður að skilja þetta svo að út skuli gefa sérstakt skipunar- eða setningarbréf eða gera sérstakan ráðningarsamning. Þegar ákvæði 3. greinar var lögtekið náði það til allra þeirra starfsmanna sem skipaðir voru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins að aðalstarfi með föstum tíma- viku eða mánaðarlaunum, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, aðeins með þeim undantekningum sem taldar voru í 1.-4. tl. 2. mgr. sömu greinar. Enda þótt sett væru síðar lög nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sérstaklega og lög nr. 46/1973 tækju ekki eftir það til starfsmanna innan vébanda þeirra samtaka, en þess eigi jafnframt gætt að breyta tilvísun 3. gr. laga nr. 97/1974, verður ekki litið svo á að með því hafi það verið þrengt til hverra ákvæði þetta ætti að taka. Tók það því eftir sem áður til starfs þess sem áfrýjandi sótti um.

Áritun ráðherra á umsóknina verður að telja hafa verið í því skyni gerða að starfsmenn menntamálaráðuneytisins, þeir er höfðu heimild til að undirrita setningarbréf kennara í umboði ráðherra samkvæmt venjubundnum starfsháttum í ráðuneytinu, önnuðust um að semja og gefa út formlegt setningarbréf. Slíkt setningarbréf hafði ekki enn verið gefið út er Ingvar Gíslason lét af störfum sem menntamálaráðherra. Eftir það varð það ekki gefið út nema í umboði og á ábyrgð þess ráðherra er við hafði tekið. Þar sem þannig hafði ekki verið gengið með tilætluðum og endanlegum hætti frá setningu áfrýjanda, er nýr ráðherra tók við embætti, verður að líta svo á að sá ráðherra hafi haft óbundnar hendur um það hvort áfrýjandi yrði settur til að gegna kennarastöðunni eða ekki. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm en rétt er að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 50.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Ormars Snæbjörnssonar, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og Magnúsar Thoroddsen.

Við erum ósammála atkvæði meirihlutans af ástæðum þeim sem hér greinir.

Setning í opinbert starf er stjórnarathöfn. Stjórnarathöfn felur í sér tvennt: Ákvörðun og yfirlýsingu. Viðurkennt er að fyrrverandi menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, hafði gefið bæði áfrýjanda og systur hans loforð um það, að hann myndi endursetja áfrýjanda til kennslustarfa við Þelamerkurskóla um eins árs skeið frá 1. september 1983 að telja. Ljóst er, að menntamálaráðherra gaf áfrýjanda þetta loforð áður en hann ritaði samþykki sitt um endurráðningu áfrýjanda á umsókn hans hinn 20 maí 1983. Hins vegar er ósamræmi milli framburðar systur áfrýjanda og frásagnar í bréfi menntamálaráðherra dags. 20. október 1983 um það, hvenær hann gaf henni loforð þetta. Af efni bréfsins verður ekki annað ráðið en þetta hafi verið fyrir ofannefnda áritun hans, en systir áfrýjanda kveður þetta hafa gerst eftir hana, en það verður að telja ósannað. Ekki verður þó talið, að það geti ráðið úrslitum þessa máls, hvort yfirlýsingar ráðherra voru undanfari athafnar hans eða öfugt. Hitt nægir, að báðum skilyrðunum sé fullnægt, en eigi, hvenær í tímanum þau áttu sér stað. Enda er vilji ráðherrans til þessarar stjórnarathafnar ótvíræður, bæði fyrir og eftir áritun hans á umsókn áfrýjanda og verður að telja, að margnefnd áritun ráðherra á umsókn áfrýjanda sé „skriflegur gerningur" í skilningi 3. gr. laga nr. 97/1974 og ekki verður á það fallist, að ákvæði Opins bréfs frá 23. nóvember 1827 um meðöl til að frama innlausn veitingarbréfa frá stjórnarráðunum eigi við, þegar um er að ræða endursetningu í starf til eins árs.

Upplýst er í málinu, að það var starfsvenja í menntamálaráðuneytinu, að ráðherra undirritaði ekki sjálfur setningarbréf kennara,

heldur ýmist ráðuneytisstjórinn eða deildarstjóri. Er ráðherra því hafði áritað samþykki sitt á umsókn áfrýjanda og látið hana ganga áfram til undirmanna sinna var málið endanlega afgreitt af hans hálfu og stjórnarathöfnin þar með orðin staðreynd, gjörð á ráðherraábyrgð hans. Þótt tilviljun hafi ráðið því að embættismenn í ráðuneytinu voru eigi búnir að framkvæma ákvörðun ráðherrans með því að undirrita setningarbréf til afrýjanda, er ný ríkisstjórn tók við völdum hinn 26. maí 1983, þá upphefur það ekki stjórnarathöfn, sem þegar hafði farið fram með lögmætum hætti.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið rakið, verður að telja, að áfrýjandi hafi hinn 20. maí 1983 verið endursettur til kennarastarfa við Þelamerkurskóla um eins árs skeið frá 1. september 1983 að telja.

Þar sem eigi var gengið frá formlegu setningarbréfi til hans og honum þar með meinaður aðgangur að starfanum, verður að líta á það sem ólögmæta uppsögn úr starfi, er stefndu beri fébótaábyrgð á gagnvart áfrýjanda. En þar sem meirihluti dómara er á annarri skoðun, er ekki ástæða til að við fjöllum sérstaklega um bótafjárhæðina.

Við erum sammála málskostnaðar- og gjafsóknarákvæði meirihlutans.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. október 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. sept. sl., hefur Ormarr Snæbjörnsson, nnr.: 6902-6966, Smárahlíð 16F, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu þingfestri 10. janúar 1984 á hendur Ragnhildi Helgadóttur menntamálaráðherra, nnr.: 7237-5416, menntamálaráðneytinu, Hverfisgötu 4-6, Reykjavík og Albert Guðmundssyni fjármálaráðherra, nnr.: 0185-0202, fjármálaráðuneytinu, Arnarhváli, Reykjavík, f.h. ríkissjóðs, nnr.: 7349-3781, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 256.071,00 auk 45% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. september 1983 til 21. september s.á., en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags stefnu, en með dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Með ársvöxtum sé átt við vexti, sem bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 1. september 1984 og síðan árlega 1. september ár hvert.

Til vara er gerð krafa um greiðslu á kr. 209.808,00 með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu.

Til þrautavara er krafist greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 52.452,00 með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu.

Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ í öllum tilvikum.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati réttarins, en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að hann hafi verið settur kennari við Þelamerkurskóla frá 1. september 1980 til eins árs í senn. Vorið 1983 hafi stefnandi sótt um endursetningu í kennarastöðuna til menntamálaráðuneytisins fyrir tímabilið 1. september 1983 til 1. september 1984. Telji stefnandi að þáverandi menntamálaráðherra Ingvar Gíslason hafi þá sett sig í stöðuna og tilkynnt þá ákvörðun bæði stefnanda og systur hans. Hafi hinn fyrrverandi menntamálaráðherra staðfest þetta. Stefnandi hafi farið af landi brott í sumarleyfi sínu í þeirri trú að hann hefði verið ráðinn til kennslustarfa við Þelamerkurskóla næsta vetur. Hafi stefnandi m.a. verið boðaður til undirbúningsstarfa fyrir komandi skólaár þá um sumarið af fræðslustjóra norðurlandsumdæmis eystra. Þegar stefnandi kom til landsins aftur í ágústmánuði 1983 hafi hann fengið þær upplýsingar að núverandi menntamálaráðherra hefði tekið þá ákvörðun að synja honum um stöðuna, og hafi stefnanda skv. ákvörðun ráðherra verið meinað að gegna kennarastöðu sinni og jafnframt hafi hann verið tekinn af launaskrá þann 1. september 1983. Þessari ákvörðun ráðherra vilji stefnandi ekki una og telji sig eiga rétt á greiðslu sem samsvari þeim launum sem hann hefði fengið í setningartímanum, hefði ráðherra ekki meinað honum aðgang að stöðunni.

Kröfugerð stefnanda sé á því byggð að menntamálaráðherrann, Ingvar Gíslason, hafi verið búinn að setja hann í kennarastöðuna og sé síðari ráðherra bundinn af þeirri ákvörðun og geti ekki einhliða tekið ákvörðun um að ógilda ákvörðun fyrirrennara síns. Fyrrverandi menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, hafi ritað þessa ákvörðun sína á umsókn stefnanda og falið embættismönnum ráðuneytisins að senda stefnanda bréf þar að lútandi. Skv. þeim venjum sem gildi og hafi gilt þurfi ekki sérstaklega áritun ráðherra á setningarbréf, þau séu og hafi verið send út undirrituð af ráðuneytisstjóra og/eða deildarstjóra í ráðuneytinu. Stjórnvaldsákvörðun um setningu í kennarastöðu sé tekin með áritun ráðherra þar um á umsókn eða með öðrum þeim hætti sem ráðherra ákveði. Útsending setningarbréfs sé ekki stjórnvaldsákvörðun, heldur einungis tilkynning til viðtaknda um

að hún hafi verið tekin. Því skipti engu þótt embættismenn menntamálaráðuneytisins hafi dregið að senda út endursetningarbréfið og fengið nýjan ráðherra til þess að taka málið upp að nýju. Fyrri ákvörðun, sem hafi verið tekin og hafi verið tilkynnt stefnanda, hljóti að gilda. Með endursetningunni hafi stofnast tímabundinn ráðningarsamningur aðila fyrir tímabilið 1. september 1983 til 1. september 1984. Stefnanda hafi verið meinaður aðgangur að starfanum þrátt fyrir það að hann byði fram vinnu sína.

Sé aðalkrafa stefnanda á því reist að honum beri skaðabætur sem nemi þeim tekjum sem hann hefði haft frá stefndu, hefði hann fengið að gegna stöðu sinni. Nemi þær tekjur föstum mánaðarlaunum og þeirri meðaltalsyfirvinnu sem stefnandi hafi haft við kennslu síðasta starfsár. Til vara sé gerð krafa um skaðabætur sem nemi föstum mánaðarlaunum í 12 mánuði. Til þrautavara sé gerð krafa um skaðabætur sem nemi 3ja mánaða launum, og sé í því tilviki litið svo á að ákvörðun núverandi menntamálaráðherra megi jafna til ólögmætrar uppsagnar á ráðningarsamningi og beri stefnanda því laun sem svari 3ja mánaða uppsagnarfresti.

Í öðru lagi sé á því byggt að ákvörðun núverandi menntamálaráðherra sé byggð á ólögmætum forsendum, þar sem í bréfi ráðherrans á dskj. nr. 14 sé sagt, að ákvörðunin sé tekin vegna svonefnds „vínkaupamáls". Þessu máli hafi verið lokið af hálfu ráðuneytisins með áminningu og síðari ráðherra sé bundinn af þeirri ákvörðun fyrirrennara síns að því er þetta varði og því óheimilt að ákvarða stefnanda frekari viðurlög vegna málsins.

Skv. upplýsingum frá launadeild fjármálaráðuneytisins hafi laun stefnanda skólaárið 1982 til 1983 numið kr. 214.315,00 þ.e. föst laun kr. 175.445,00 en aukavinna og aðrar greiðslur kr. 28.690,00. Hlutfall aukavinnu af föstum launum hafi því verið 22,05%. Stefnandi hafi talið sig ráðinn til sömu kennslu í vetur. Mánaðarlaun kennara skv. því launaþrepi 18 flokks, sem stefnandi hefði fengið greitt eftir, hafi numið kr. 17.484,00 í september 1983. Byggi aðalkrafan á tólfföldun þeirrar fjárhæðar að viðbættum 22,05% vegna aukastarfa. Varakrafa nemi 12 mánaðarlaunum skv. 18. launaflokki BSRB á september verðlagi. Þrautavarakrafan sé um þrenn mánaðarlaun skv. sama launaflokki.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að í alla staði hafi verið farið að lögum og að engum þeim ástæðum sé til að dreifa, sem bakað geti bótaskyldu gagnvart stefnanda málsins.

Á dskj. nr. 6 sé að finna þann grundvöll að vinnuréttarsambandi sem síðast hafi gilt milli aðilja, þ.e, tímabilið 1. september 1982 til 1. september 1983. Hér hafi verið um setningu í stöðu að ræða. Eðli setningar sé að hún gildi til fyrirfram ákveðins tíma. Að þessum tíma liðnum hafi samningssamband aðilja fallið niður. Hér hafi því gilt hið sama og endranær, að hvorugur hafi eftir það borið neinar skyldur gagnvart hinum. Engar

sérstakar forsendur hafi þurft að vera fyrir hendi til að endurnýja ekki þetta vinnuréttarsamband. Sjónarmiðum stefnanda um annað sé mótmælt, svo og fullyrðingum hans um ólögmætar forsendur menntamálaráðherra fyrir ákvörðun sinni. Afgreiðsla fyrrum menntamálaráðherra á „vínkaupamálinu" hafi lotið að því vinnuréttarsambandi sem í gildi var. Hún hafi ekki þýtt annað en að um riftun þess yrði ekki að ræða.

Setning í stöðu sé stjórnarathöfn. Stjórnarathöfn feli í sér tvennt, ákvörðun og yfirlýsingu. Ekki sé um það deilt að ákvörðun fyrrverandi menntamálaráðherra um endursetningu stefnanda hafi verið tekin, sbr. áritun hans á umsókn stefnanda. Því sé hinsvegar haldið fram að gild stjórnarathöfn hafi ekki verið framkvæmd. Ástæðan sé sú að seinna skilyrðinu, þ.e. yfirlýsingu, hafi ekki verið fullnægt með þeim hætti sem vera bar.

Af hálfu stefndu sé ekki vitað til þess að setning eða skipun í stöðu hafi nokkurn tíma átt sér stað með öðrum hætti en þeim að setningin eða skipunin hafi verið skrifleg. Löng og órofin venja renni hér eindregið stoðum undir að ekki sé unnt að líta svo á að stefnandi hafi hlotið setningu í stöðu. Óformlegt tal fyrrverandi ráðherra og stefnanda um að stefnandi fengi setningu geti ekki nægt til að ályktа megi að fullkomin stjórnarathöfn í þessa veru hafi verið framkvæmd. Ef svo væri hefði setningarbréf verið með öllu óþarft. Almennt hlyti þá að teljast nægilegt að koma tilkynningu um svona ákvörðun eða væntanlega ákvörðun af þessu tagi á framfæri með öðrum og óformlegri hætti. Slík niðurstaða væri ótæk. Hér sé einnig bent á að samtal fyrrverandi ráðherra og stefnanda sýnist hafa átt sér stað áður en nokkur umsókn lá fyrir af hálfu stefnanda.

Varðandi þetta sé einnig bent á ákvæði 3. gr. 1. mgr. l. nr. 97/1974. Þar segir efnislega að þegar starfsmaður, sem kjarasamningalög taki til, sé ráðinn í þjónustu ríkisins, skuli það gert með skriflegum gerningi. Tekið skuli fram hvort um skipun, setningu eða ráðningu sé að ræða. Fyrir gildistöku þessara laga hafi verið allnokkuð um munnlegar ráðningar að ræða í ríkisþjónustu og sé ekki vefengt að slíkt gæti verið gilt og heimilt. Slíkt hafi ekki átt við um skipanir og setningar.

Áréttað sé að ekki verði séð að fyrrverandi ráðherra hafi gefið starfsmönnum sínum skýr fyrirmæli um að ganga frá setningu stefnanda. Slíkt virðist ekki hafa legið fyrir þeim fyrr en eftir stjórnarskipti, sbr. dskj. nr. 27. Við þannig aðstæður sé eðlilegt að gera jafnvel enn ákveðnari kröfur um skýrleika í stjórnarframkvæmd en endranær.

Fari svo að ekki verði fallist á sýknukröfu stefndu sé til vara krafist lækkunar á stefnukröfum. Í því sambandi skuli bent á, að sú aðferð stefnanda að telja allt tjón sitt hafa orðið hinn 1. september 1983 og reikna vexti frá þeim degi á alla stefnufjárhæðina, fái ekki staðist. Þá sé þeirri kröfu

mótmælt, að vextir verði lagðir við höfuðstól og þeir reiknaðir af höfuðstólnum þannig uppfærðum.

Við ákvörðun bóta beri einnig að hafa í huga, að stefnandi hefði getað fengið aðra stöðu en þá sem sótt var um. Greiðslu yfirvinnu er mótmælt.

III.

Ágreiningslaust er að ákvörðun fyrrverandi menntamálaráðherra, Ingvars Gíslasonar, lá fyrir um það að stefnandi skyldi endursettur í stöðu sína. Þá er ennfremur ágreiningslaust að ráðherra hafði gert stefnanda kunnugt um þessa ákvörðun sína. Hins vegar er ósannað gegn andmælum stefndu að sú ákvörðun hafi verið tilkynnt stefnanda eftir að ráðherra hafði ritað samþykki sitt á umsókn stefnanda. Ágreiningur stendur um það hvort gild stjórnarathöfn hafi verið framkvæmd með þessari áritun ráðherra á umsókn stefnanda.

Birgir Thorlacius, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í mettamálaráðuneytinu, og Sigurður Helgason, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, hafa báðir komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Báru þeir báðir að þeir þekktu þess engin dæmi að setning eða skipun í stöðu hafi nokkru sinni farið fram munnlega. Hvorugur kannaðist við að ráðherra hefði falið sér sérstaklega að annast útgáfu setningarbréfs til handa stefnanda.

Samkvæmt framburði þeirra verður að telja það ófrávíkjanlega starfsreglu, þar sem annað er ósannað, að setning í kennarastöðu sé hagað á þann hátt að sá sem settur er í stöðuna fær í hendur setningarbréf undirritað af ráðuneytisstjóra í umboði ráðherra eða deildarstjóra í fjarveru ráðuneytisstjóra.

Stefnandi hefði starfað um árabil sem settur kennari og þá jafnan til eins árs í senn skv. setningarbréfum sem lögð hafa verið fram í máli þessu. Samkvæmt orðalagi bréfanna miðast setningin við útgáfu þeirra sbr. orðalagið: „Ráðuneytið endursetur yður hér með ...“.

Í 1. mgr. 3. gr. l. nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana segir svo: „Þegar starfsmaður, sem lög nr. 46/1973 taki til, er ráðinn í þjónustu ríkisins skal það gert með skriflegum gerningi. Skal það tekið fram hvort um skipun, setningu eða ráðningu er að ræða.“ Þegar lög þessi voru sett tóku l. nr. 46/1973 til kennara, en með 1. gr. l. nr. 61/1977 voru ríkisstarfsmenn, sem félagar voru í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, felldir út úr lögunum og sett um laun þeirra og starfskjör sérstök lög nr. 29/1976, sem tóku gildi 1. júlí 1977.

Ekki verður talið að það hafi verið ætlun löggjafans með þessari lagasetningu að 1. mgr. 3. gr. l. nr. 97/1974 tæki ekki lengur til þessa hóps ríkisstarfsmanna, þar sem hin nýju lög kveða ekkert á um form ráðningar-

samninga og væri slík túlkun í andstöðu við tilgang laganna frá 1974. Verður því að líta svo á að tilvitnuð lagagrein gildi jafnframt um þá ríkisstarfsmenn, sem l. nr. 29/1976 taki til meðan annað er ekki ákveðið í lögum. Er það og í samræmi við þá almennu venju sem ríkt hefur um ráðningar þessara ríkisstarfsmanna, einnig eftir gildistöku l. nr. 61/1977.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið verður ekki á það fallist að áritun Ingvars Gíslasonar fyrrverandi menntamálaráðherra á umsókn stefnanda svohljóðandi: „Samþ. að endursetja 20/5 1983 IG" verði jafnað til skriflegs ráðningargernings skv. 1. mgr. 3. gr. l. nr. 97/1974, enda felur áritunin ekki annað í sér samkvæmt orðanna hljóðan en ákvörðun um að tiltekin stjórnarathöfn skuli framkvæmd.

Þar sem stetningarbréf til handa stefnanda var ekki gefið út í ráðherratíð Ingvars Gíslasonar verður að telja eðli málsins samkvæmt að Ragnhildi Helgadóttur menntamálaráðherra, sem tók við embætti af Ingvari Gíslasyni, hafi verið rétt að breyta þessari ákvörðun hans, enda bar hún hina embættislegu ábyrgð á setningunni eftir að ráðherraskipti höfðu orðið.

Vinnuréttarsambandi stefnanda og stefndu átti að ljúka 1. september 1983. Ekki verður fallist á það að ráðherra hafi þurft að tilgreina sérstakar forsendur til að endurnýja ekki það vinnuréttarsamband og verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að honum hafi verið hafnað á ólögmætum forsendum.

Með vísan til framanritaðs ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda Ormars Snæbjörnssonar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 10. desember 1986.

Nr. 290/1986. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóni Helga Bjarnasyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Fjársvik. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Máli þessu var með stefnu 10. október 1986 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi og brot ákærða réttilega heimfært til refsiákvæðis.

Þegar litið er til verðmætis þess, sem fjársvikabrot ákærða beindist að, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 1 mánuð. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að öðru leyti en því að refsing ákærða skal vera fangelsi í 1 mánuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Sératkvæði
Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar svo sem í atkvæði meiri hluta dómenda greinir.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 19. desember, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 724/1985: Ákæruvaldið gegn Jóni Helga Bjarnasyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. nóvember 1985, á hendur Jóni Helga Bjarnasyni, Garðastræti 2 í Reykjavík, fæddum 16. janúar 1951 á Akureyri, „fyrir fjársvik, með því að hafa dagana 30. og 31. júlí 1985 svikið út 4 vindlingalengjur í söluskálanum Nesturninum við Suðurströnd á Seltjarnarnesi með því að bera ranglega að hann ynni á bókasafninu á Seltjarnarnesi og aflað sér þannig lánstraust fyrir vindlingunum, sem hann lét síðan hjá líða að greiða.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist."

Málavextir:

Ákærði hefur játað að hafa komið í verslunina Nesturninn, 30. júlí sl. og ranglega sagst vera starfsmaður bókasafnsins á Seltjarnarnesi til þess að vekja á sér traust og að hafa síðar þann dag og hinn næsta látið skrifa hjá sér alls 4 vindlingalengjur.

Með játningu ákærða er sannað að hann hefur með þessu gerst brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki greitt vindlingana.

Skaðabótakrafa hefur ekki verið gerð í málinu.

Viðurlög:

Um fyrri refsingar ákærða er þetta að segja:

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði verið sektaður um 2000,00 gamlar krónur með dómsátt fyrir svikabrot 1972 og um 10.000,00 gamlar krónur fyrir þjófnað, svik og umferðarlagabrot 1975. Árið 1975 var hann dæmdur í 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi og sviptur ökuleyfi, fyrir þjófnað og ölvunarakstur og sama ár var hann með dómsátt sektaður um 10.000,00 gamlar krónur fyrir ölvun.

Árið 1977 var ákærði dæmdur í 7 mánaða fangelsi og sviptur ökuleyfi fyrir þjófnað, fjárdrátt og ölvunarakstur, og var sá dómur staðfestur í Hæstarétti 4. febrúar 1981. Árið 1980 hlaut ákærði tvo fangelsisdóma, 60 daga fyrir þjófnað, og 45 daga fyrir fjársvik. Með dómi Hæstaréttar 4. febrúar 1981 var þessum refsingum breytt í 4 mánaða fangelsi. Árið 1981 var ákærði dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og var sá dómur staðfestur í Hæstarétti 16. júní 1982. Það ár var ákærði dæmdur í 45 daga

fangelsi fyrir þjófnað og árið 1983 var ákærði dæmdur í 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað. Sá dómur var staðfestur 16. september það ár í Hæstarétti. Loks var ákærði dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, fjársvik, ölvunarakstur og sviptur ökuleyfi, 25. maí 1984.

Ákærði hefur samkvæmt þessu verið dæmdur í fangelsi í 29 mánuði og 15 daga, þar af 3 mánuði skilorðsbundið, síðan 1975.

Þykir refsing ákærða vera hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000,00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000,00.

Fimmtudaginn 11. desember 1986.

Nr. 320/1986. **Ákæruvaldið**
gegn
Arnari Önfjörð Björgvinssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. þ.m., sem barst dóminum 4. þ.m. Krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsvist verði verulega stytt. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð þó þannig, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 15. janúar 1987, kl. 17:00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Varnaraðili, Arnar Önfjörð Björgvinsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 15. janúar 1987, kl. 17:00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. desember 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 2. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Arnari Önfjörð Björgvinssyni, til heimilis að Grýtubakka 6 hér í borg, fæddum 11. apríl 1943 verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. febrúar 1987 kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn 191. gr. 1. mgr. 200. gr. og 201. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 og 45. sbr. 47. gr. laga nr. 53, 1966.

Málavextir:

Þann 30. nóvember sl. leituðu starfsmenn barnaverndarnefndar Reykjavíkur til RLR vegna ætlaðra brota Arnars Önfjörð Björgvinssonar gagnvart stjúpdóttur sinni Eriku Ernu Arnardóttur, fæddri 8. júní 1972.

Í nóvember 1985 kærði barnaverndarnefnd kærða fyrir kynferðislega áreitni hans við stjúpdóttur sína.

Kærði var í kjölfar þess úrskurðaður í gæsluvarðhald og viðurkenndi fyrir dómi að hafa margítrekað í mörg ár fengið stjúpdóttur sína til að afklæðast og hafi hann þá tekið af henni myndir. Kærði bar og að hann hafi haft við hana kynferðisleg mök frá 12 ára aldri.

Kærði hefur búið á heimili sínu síðan hann losnaði úr gæsluvarðhaldi. Kærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa tekið myndir af stjúpdótturinni nakinni, en hefur hins vegar alfarið neitað að hafa haft við hana mök eða áreitt hana kynferðislega. Erika hefur hins vegar borið að hann hafi ásamt myndatökunum haft við hana kynmök síðan hann losnaði úr gæsluvarðhaldi.

Í dóminum liggja frammi myndir teknar af tæknideild RLR úr íbúðinni, Grýtubakka 6, heimili kærða. Þar kemur fram að kærði hefur útbúið aðstöðu til að fylgjast með Eriku í herbergi sínu úr vinnuherbergi sem hann

hefur við hliðina á herbergi hennar. Í herbergi hennar er spegill og á bak við hann lúga á veggnum þannig að unnt er að sjá inn í herberið úr vinnuherbergi kærða.

Misræmis gætir í framburði kærða og framburði Eriku.

Brot það er kærði er grunaður um getur varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 191. gr. 1. mgr. 200. gr. og 201. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 og 45. og 47. gr. laga nr. 53, 1966.

Í dóminum liggur frammi sakavottorð kærða ásamt niðurstöðu geðrannsóknar dags. 20.12. 1985.

Samkvæmt upplýsingum RLR hefur embættið sent öll gögn varðandi fyrri kæru á hendur Arnari til ríkissaksóknara og mun ákvörðun hans liggja fyrir innan tíðar.

Rannsókn hins alvarlega sakarefnis er nú á frumstigi. Kærði hefur eftir að hann losnaði úr gæsluvarðhaldi haldið uppteknum hætti og tekið nektarmyndir af stjúpdóttur sinni. Þykir með vísan til alvarleika brots þess sem hann er grunaður um rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1., 4., 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. febrúar 1987 kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Arnar Önfjörð Björgvinsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. febrúar 1987 kl. 17:00.

Föstudaginn 12. desember 1986.

Nr. 25/1985. **Alexander Sigurðsson**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Freyju Jónsdóttur
og gagnsök
(Páll A. Pálsson hrl.)

Lausafjárkaup. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. febrúar 1985. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi gagnáfrýjaði málinu með stefnu 24. júní 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 13. s.m. Hann krefst þess að aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu á 112.825,20 krónum ásamt ársvöxtum sem hér greinir: 22% af 4.463,65 krónum frá 1. janúar 1979 til 1. september s.á., 27% frá þeim degi til 1. janúar 1980 en af 22.859,10 krónum frá þeim degi til 1. júní s.á., og 46% frá þeim degi til 1. janúar 1981, en af 34.889,15 frá þeim degi til 1. mars s.á., 42% af sömu fjárhæð til 1. júní s.á., 37% frá þeim degi til 1. janúar 1982, 37% af 108.407,75 frá þeim degi til 1. september 1982 en af 98.407,75 krónum frá þeim degi til 1. október s.á. og af 91.407,75 krónum frá þeim degi til 1. desember s.á., 45% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1983, 45% af 112.852,20 (sic) krónum frá þeim degi til 21. september s.á., 37% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. október s.á., 36% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 45% frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. september s.á., 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á.,

og 27% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greint er í héraðsdómi átti faðir aðaláfrýjanda, Sigurður Guðbrandsson, viðskipti við gagnáfrýjanda á árunum 1978 - 1982 og tók að staðaldri út vörur í reikning í verslun hennar. Reikningar þeir sem gagnáfrýjandi hefur lagt fram í málinu og reisir kröfur sínar á eru allir á nafni Sigurðar. Gagnáfrýjandi hefur ekki bent á nein dæmi þess að aðaláfrýjandi hafi kvittað fyrir vöruúttekt á reikningana. Ósannað er að Sigurður hafi tekið vörurnar út í umboði aðaláfrýjanda. Í málinu hefur verið á það bent að hinar keyptu vörur hafi a.m.k. að einhverju leyti verið notaðar í þágu Stálbergs h/f, er aðaláfrýjandi veitti forstöðu, en eigi verður þó talið að með því hafi aðaláfrýjandi tekist á hendur ábyrgð á því að greidd væri úttekt Sigurðar.

Gagnáfrýjandi hefur ekki þrátt fyrir áskoranir aðaláfrýjanda lagt fram skattframtöl né viðskiptamannareikning kröfum sínum til styrktar. Greiðslur aðaláfrýjanda, sem um er getið í héraðsdómi, verða ekki virtar sem viðurkenning hans á skyldu til þess að greiða að frekara marki vöruúttektir föður síns.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið þykir gagnáfrýjandi eigi hafa rennt þeim stoðum undir kröfur sínar að þær verði teknar til greina. Verður aðaláfrýjandi því sýknaður og gagnáfrýjandi dæmdur til þess að greiða aðaláfrýjanda 35.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Alexander Sigurðsson, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Freyju Jónsdóttur, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 35.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. desember 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. desember 1984, er höfðað með stefnu birtri 16. febrúar 1984 af Freyju Jónsdóttur, nnr. 2380-3933, Veghúsastíg

9, Reykjavík gegn Alexander Sigurðssyni, nnr. 0224-8506, Sogavegi 138, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða skuld að fjárhæð kr. 112.825,20 ásamt 27% ársvöxtum af kr. 4.463,65 frá 1. janúar 1979 til 1. janúar 1980 og af kr. 22.859,10 frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1981 en af kr. 34.889,15 frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. júní s.á., 37% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1982, 37% ársvöxtum af kr. 108.407,75 frá þeim degi til 1. september s.á., 37% ársvöxtum af kr. 98.407,75 frá þeim degi til 1. október s.á., og af kr. 91.407,75 frá þeim degi til 1. desember s.á., 45% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1983, 45% ársvöxtum af kr. 112.825,20 frá þeim degi til 21. september 1983, 37% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. desember 1983, 26% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og viðurkennt verði að við útreikning vaxta verði heimilt að leggja áfallna vexti við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og 19% ársvaxta á málskostnað frá dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefnanda. Við málflutning kom fram varakrafa af hálfu stefnda þess efnis að ef sýknukrafa hans yrði ekki tekin til greina, þá verði málskostnaður látinn falla niður.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þessa leið:

„Freyja Jónsdóttir rak á árunum 1976 - 1982 verslunina Réttarholt á Réttarholtsvegi 1 í Reykjavík og var það einkafyrirtæki hennar. Skv. samkomulagi við stefnda fékk hann að vera í reikning hjá stefnanda og mátti fjölskylda stefnda taka út vörur í hans nafni, en aðallega var það aldraður faðir stefnda er tók út vörur. Smám saman safnaðist upp mikil skuld stefnda við stefnanda, en hann leysti þó stundum til sín úttektarnótur með peningum eða víxlum. Verslun stefnanda var matvöruverslun og úttekt stefnda aðallega matvörur og heimilisvörur. Er skuld stefnda var orðin óhemjumikil á árunum 1981 og 1982 gekk stefnandi ítrekað eftir greiðslum en stefndi greiddi ekki nema að litlu leyti inn á skuldina. Stefnandi hefur tekið saman úttektarnótur og viðskiptaspjöld á nafni stefnda og eru skuldayfirlit svohljóðandi:

Árið 1978 úttekt g.kr. 446.366,-	kr.	4.463,65
árið 1979 úttekt g.kr. 1.839.544,-	"	18.395,45

árið 1980 úttekt g.kr. 4.403.004,-	"	44.030,05
árið 1981 úttekt	"	73.518,60
árið 1982 úttekt skv. nótum	"	647,95
árið 1982 úttekt skv. spjöldum	"	20.742,50
Samtals	kr.	161.825,20
- Inngreitt í september 1982	kr.	10.000,00
- Inngreitt í október 1982	"	7.000,00
- Víxill pr. 05.12. 1982	"	32.000,00
Samtals skuld	kr.	112.825,20

Reyndar eru til eldri reikningar frá árunum 1976 og 1977 en þeim er sleppt vegna hugsanlegrar fyrningar."

Telur stefnandi að stefnda beri að greiða fyrir vörur er hann hefur keypt hjá stefnanda skv. reikningi sbr. 5. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Ef stefndi ætli að halda því fram að reikningum stefnanda sé áfátt að einhverju leyti t.d. skatta- eða bókhaldslega séð, þá skuli á það bent, að dskj. nr. 3 sé mappa með lausanótum þar sem viðtakandi hafi kvittað fyrir með upphafsstöfum, þetta séu úttektarnótur, með skuldaviðurkenningu stefnds og föður hans. Þessi háttur tíðkist í öllum matvöruverslunum, en þegar viðskiptavinur greiði skuld sína, oftast um mánaðamót, sé greiðsla stimpluð inn í búðarkassa. Stefnandi hefði e.t.v. mátt útbúa sérstakan reikning eftir hvern mánuð, en hún lét nægja að ganga eftir greiðslum munnlega.

Stefndi lýsir málavöxtum og málsástæðum sínum þannig: „Sigurður Guðbrandsson, Sogavegi 138 í Reykjavík, mun hafa verið í viðskiptum við stefnandi. Sigurður lést hinn 29. apríl 1982, hann var þá eignalaus. Var því ekki um að ræða viðtöku á arfi eða skuldum, og bú hans var því ekki tekið til skipta hvorki einkaskipta né opinberra skipta. Stefndur á því ekki aðild að máli þessu, og er sýknukrafa aðallega reist á þeim rökum. Stefndur vefengir annars fjárhæð kröfunnar og telur með miklum ólíkindum að faðir hans hafi getað haft tækifæri til að stofna til jafnmikilla skulda sem greint er í stefnu, og telur þvert á móti líklegt að hann hafi að jafnaði staðið í skilum með vöruúttektir sínar, enda vissi stefndur oftlega um það er hann greiddi til verslunarinnar, og fékk stundum í því skyni fé hjá stefndum til þess arna, auk þess sem greiðslur þær er getið er í stefnu komu frá stefndum. Á hinu vekur hann athygli að í kröfubréfinu frá 30. júní 1983 er fjárhæðin mun hærri en stefnukröfunni nemur, en það var ekki fyrr en eftir að stefndur hafði fundið nokkrar greiðslukvittanir frá stefnandi, sem hún féllst á lækkun kröfu sinnar sem fjárhæðum kvittananna nam.

Er því skorað á stefnandi, ef hún vill halda við kröfu sína, að hún leggi fram vottorð skattstjórans í Reykjavík um að viðskiptareikningar er fylgt hafi framtali hennar sýni skuldfærslu hjá stefndum eða föður hans svo sem frá er greint í stefnu."

Niðurstaða:

Í máli þessu er deilt um greiðslu vegna úttektar í matvöruverslun. Úttektarnótur eru skráðar á nafn föður stefnanda og eru flestar úttektir kvittaðar af honum. Faðir stefnanda er látinn og var bú hans tilkynnt eignalaust. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að greindar úttektir hafi verið í þágu stefnda, bæði vegna fyrirtækis hans og heimilis, en hann var í heimili með öldruðum föður og móður á úttektartímanum. Stefnandi hefur sjálf komið fyrir dóminn og lýst viðskiptum sínum við stefnda og föður hans. Fullyrðir hún að stefndi hafi verið viðsemjandi hennar og ábyrgur fyrir greiðslu úttektarinnar og að hann hafi innt þær greiðslur af hendi sem fengist hafi inn á skuldina. Í málflutningsræðu sinni gat lögmaður stefnanda þess að stefndi hefði komið til sín vegna stefnukröfunnar og hefði þá viljað semja um greiðslu og hefði þá ekki minnst á að hann teldi sig ekki eiga aðild að málinu. Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram yfirlit yfir greiðslur stefnda til stefnanda vegna dómkröfunnar og er skjalið samið af stefnda með árituðum athugasemdum stefnanda. Stefnandi hefur leiðrétt kröfugerð sína að nokkru leyti, samkvæmt fullyrðingum stefnda um greiðslur. Af hálfu stefnanda komu fyrir dóminn fjögur vitni sem öll störfuðu í verslun stefnanda á því tímabili er umdeildar úttektir áttu sér stað, utan eitt er starfað hafði í versluninni er stefnandi tók við henni og var stefnanda síðan oft innan handar við verlsunarstörfin. Eitt vitnið var dóttir stefnanda. Telja verður sannað með framburði þessara vitna að sá skilningur hafi ríkt í versluninni að faðir stefnda tæki út vörurnar að mestu leyti í þágu stefnda og fyrirtækis hans. Einnig er ljóst að vöruúttektir þessar voru mun meiri en svo að talist gæti til eðlilegrar neyslu á heimili stefnda og foreldra hans. Af hálfu stefnda hafa engin gögn verið lögð fram og engin vitni verið leidd í því skyni að hnekkja þeim fullyrðingum stefnanda sem mál þetta er reist á. Sjálfur hefur stefndi ekki komið fyrir dóminn til að gefa aðiljaskýrslu. Verður krafa hans um sýknu vegna aðildarskorts af þessum sökum ekki tekin til greina.

Það er alkunna að sá viðskiptamáti tíðkast við uppgjör mánaðarreikninga viðskiptavina matvöruverslana að viðskiptavini er afhent úttektarnóta sín þegar greitt er, eins og stefnandi heldur fram. Verður því að ætla að skuld samkvæmt þeim nótum sem stefnandi hefur lagt fram í málinu sé ógreidd. Hins ber þó að gæta að ljóst er, að bókhald stefnanda hefur verið ófullnægjandi og ekki er sannað að þess hafi verið gætt að senda stefnda

viðskiptayfirlit svo sem skylt er. Þykir rétt að taka tillit til þessara atriða við endanlega úrlausn málsins.

Því ákvarðast að allar kröfur fram til 16. febrúar 1980 séu fyrndar, sbr. 3. gr. l. 14/1905. Viðurkennt er að stefndi skuldi stefnanda vegna árs 1980 kr. 39.855,90 að frádreginni innborgun kr. 32.000,00 eða kr. 7.855,90, vegna árs 1981 kr. 73.518,63 að frádregnum innborgunum samt. kr. 40.000,00 eða kr. 33.518,63 og vegna árs 1982 kr. 21.417,47 að frádegnum innborgunum samt. kr. 17.000,00 eða kr. 4.417,47. Stefndi greiði stefnanda því samt. kr. 45.792,00 og reiknast ársvextir af skuld við hver áramót, svo sem nánar greinir í dómsorði. Aðrar vaxtakröfur eru ekki teknar til greina.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.000,00.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi Alexander Sigurðsson, nnr. 0224-8506, greiði stefnanda Freyju Jónsdóttur, nnr. 2380-3933, kr. 45.792,00 með 46% ársvöxtum af kr. 7.855,90 frá 1. janúar 1981 til 1. mars s.á., 42% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní s.á., 37% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1982, 37% ársvexti frá þeim degi af kr. 41.374,53 til 1. desember s.á., 45% ársvexti af sömu fjárhæð til 1. janúar 1983 en af kr. 45.792,00 frá þeim degi til 21. sept. 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 15.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 12. desember 1986.

Nr. 285/1986. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Hilmari Gísla Gunnarssyni
(Örn Clausen hrl.)
Sæbirni Sigurðssyni og
Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærðu með stefnu 13. október 1986. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms þó þannig að refsing verði þyngd.

Lagður hefur verið fram í málinu nýr útreikningur yfir verðmæti þýfisins og er það talið nema 558.056,25 krónum miðað við heildsöluverð.

Fallast má á það með héraðsdómara að ákærði, Hilmar Gísli Gunnarsson, hafi verið aðalmaður í þjófnaðinum, þótt hann tæki ekki þátt í að brjóta upp húsið. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin málsvarnar- og saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, allt eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hilmar Gísli Gunnarsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur og ákærðu, Sæbjörn Sigurðsson og Valentínus Guðmundur Baldvinsson, greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttar-

lögmanns, 18.000,00 krónur. Annan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 18.000,00 krónur greiði ákærðu in solidum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. september 1986.

Ár 1986, föstudaginn 19. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálin nr. 473-475/1986: Ákæruvaldið gegn Hilmari Gísla Gunnarssyni, Sæbirni Sigurðssyni og Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæru dagsettri 28. ágúst 1986 gegn ákærðu Hilmari Gísla Gunnarssyni, iðnnema, Reykási 27, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 28. ágúst 1963, Snæbirni (sic) Sigurðssyni, verkamanni, Gyðufelli 14, Reykjavík, fæddum á Hellissandi 25. mars 1956 og Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni, verkamanni, Lækjarkinn 30, Hafnarfirði, fæddum á Akranesi 16. mars 1960, „fyrir þjófnað með því að hafa að kvöldi fimmtudagsins 13. febrúar 1986 staðið saman að því að brjótast inn í kjötgeymslu Afurðasölu SÍS við Fífuhvammsveg í Kópavogi og stela þar 1.960 kílóum af nautakjöti.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærðu og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Aðfaranótt fimmtudagsins 13. febrúar sl. brutust ákærðu Valentínus Guðmundur og Sæbjörn í félagi inn í frystigeymslu afurðasölu Sambands íslenskra samvinnufélaga sem er til húsa í frystihúsi Barðans h/f við Fífuhvammsveg í Kópavogi. Komust þeir inn með því að sprengja upp lás á lúgu á austurhlið hússins. Þarna hugðust þeir stela nautakjötsskrokkum. Þá fyrr um kvöldið tók ákærði Valentínus Guðmundur á leigu sendiferðabifreið í þessum tilgangi. Ók ákærði Sæbjörn honum í bílaleiguna og þaðan var ekið á innbrotsstað. Nokkrum dögum áður hafði ákærði Sæbjörn skýrt ákærða Valentínusi Guðmundi frá því að þarna væri möguleiki að ná í kjöt, en ákærði Sæbjörn vann þá við beitingar í sama húsnæði og var því kunnugur staðháttum.

Ákærðu hófu síðan að flytja kjötið í sendibílinn sem þeir höfðu ekið að lúgunni. Skömmu síðar kom ákærði Hilmar Gísli á staðinn og hjálpaði þeim að lesta afganginn í bílinn. Að því búnu óku ákærðu Valentíus Guðmundur og Hilmar Gísli að vélaleigunni Brimrás við Fossháls 27 hér

í borg, þar sem þeir skildu hana eftir yfir nóttina. Ákærði Sæbjörn varð eftir á staðnum til að ganga frá.

Næsta morgun fóru ákærðu Valentínus Guðmundur og Hilmar Gísli á sendiferðabílnum í verslunina Kjötmiðstöðina við Laugalæk. Ók ákærði Valentínus Guðmundur bílnum á bak við verslunina á meðan ákærði Hilmar Gísli hafði tal af verslunareigandanum. Kvöldið áður, skömmu áður en ákærði Valentíus Guðmundur tók sendiferðabílinn á leigu, hringdi hann í eiganda Kjötmiðstöðvarinnar og kvaðst hafa kjöt til sölu. Var um það rætt að ákærði skyldi koma með það næsta morgun, en ekki skýrði ákærði frá því hvernig kjötið væri til komið. Er ákærðu komu að máli við kaupmanninn hafði honum borist til eyrna frá RLR að í umferð væri stolið kjöt. Ákærði Hilmar Gísli lét sig þá hverfa af staðnum, en kaupmaðurinn fór með ákærða Valentínus Guðmund til framkvæmdastjóra Afurðasölu SÍS sem þegar í stað kallaði RLR á vettvang og handtók ákærða.

Við vigtun á nautakjöti því sem var í sendiferðabílnum, þá er ákærði Valentínus Guðmundur var handtekinn, reyndist það vera 1.960 kg. Var kjötið þegar í stað flutt í afurðasölu sambandsins við Kirkjusand. Samkvæmt skriflegri staðfestingu Steinþórs Þorsteinssonar framkvæmdastjóra var heildaverðmæti kjötsins þann 14. febrúar um kr. 478.910.

Ákærði Hilmar Gísli hefur haldið því fram að honum hafi verið kunnugt um fyrirhugað innbrot meðákærðu nokkrum dögum áður, en hann ekki tekið ákvörðun um það hvort hann tæki þátt í því. Hann hafi verið að leita að ákærða Valentínusi Guðmundi umrætt fimmtudagskvöld og dottið í hug að fara á vinnustað ákærða Sæbjörns í afurðasöluna til að spyrjast fyrir um ákærða Valentínus Guðmund. Er hann kom á staðinn voru meðákærðu í óða önn að flytja kjötið og ákvað hann þá að hjálpa þeim.

Ákærði Valentínus Guðmundur hefur borið að meðákærða Hilmari Gísla hafi verið kunnugt um fyrirhugað innbrot þeirra Sæbjörns. Þegar þeir Sæbjörn hafi ákveðið að láta til skarar skríða hafi ekki náðst í Hilmar Gísla, en hins vegar hafi Hilmar Gísli haft spurnir af því að hann hafi verið að spyrjast fyrir um sig og hann því komið á staðinn.

Brot ákærðu allra varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Sakaferill ákærðu:

Ákærða Hilmars Gísla:

Hann gekkst árið 1984 undir dómsátt vegna umferðarlagabrots. Þá var hann það sama ár dæmdur til greiðslu 12.000 kr. sektar vegna ölvunar við akstur o.fl. umferðarlagabrota, svo og sviptur ökuleyfi.

Ákærða Sæbjörns:

Árið 1975 gekkst hann undir dómsátt með sektargreiðslu vegna brots

gegn 231. og 257. gr. alm. hgl. Þá var hann árið 1977 dæmdur í 20 daga varðhald skb. í 2 ár fyrir brot gegn 218. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærða Valentínusar Guðmundar:

Frá árinu 1978 hefur hann 7 sinnum gengist undir dómsátt, þar af tvívegis fyrir brot gegn hegningarlögum, árið 1978 fyrir brot gegn 217. gr. og 244. gr. og árið 1984 fyrir brot gegn 248. gr. og 256. gr. Þá hefur hann hlotið þessa refsidóma:

1981 6/4 30 daga varðhald skb. í 2 ár og 3.000 kr. sekt fyrir nytjastuld og ölvun við akstur. Sviptur ökuréttindum.

1981 29/12 9.000 kr. sekt fyrir ölvun við akstur o.fl. umferðarlagabrot. Sviptur ökuleyfi.

Brot ákærðu allra varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Þegar litið er til aldurs ákærðu, verðmæti þýfisins og þess að brotið var fyrirfram ákveðið af ákærðu í sameiningu þykir þrátt fyrir að ekki varð tjón af háttsemi þeirra rétt að dæma þá til óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar, ákærðu Hilmar Gísla og Sæbjörn í 3 mánuði hvorn og ákærða Valentínus Guðmund í 4 mánuði. Rétt þykir að draga frá refsingu Valentínusar Guðmundar gæsluvarðhaldsvist þá er hann sætti frá kl. 13:35 þann 15. febrúar 1986 til kl. 16:27 sama dag, þ.e. einn dag.

Ekki hefur verið lögð fram bótakrafa í máli þessu.

Þá eru ákærðu dæmdir til að greiða sakarkostnað óskipt.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Gísli Gunnarsson, sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákærði, Sæbjörn Sigurðsson, sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákærði, Valentínus Guðmundur Baldvinsson, sæti 4 mánaða fangelsi. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans 1 dagur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Mánudaginn 15. desember 1986.

Nr. 163/1985. **Axel Ström Óskarsson**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Erni Höskuldssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefur skotið hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. júlí 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, „að hin áfrýjaða fjárnámsgjörð verði ómerkt og úr gildi felld." Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt fram nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt.

Grundvöllur fjárnáms stefnda er dómsátt, sem áfrýjandi undirgekkst á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 28. júní 1983.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að fógeta hafi orðið á veruleg mistök við framkvæmd fjárnámsgerðarinnar.

Stefndi telur hins vegar að hin áfrýjaða fjárnámsgerð hafi verið framkvæmd lögum samkvæmt og rétti áfrýjanda að engu hallað.

Áfrýjandi heldur því fram að vottarnir, sem undirrituðu fógetagjörðina, hafi ekki verið viðstaddir þinghaldið. Fógeti hafi því ekki fullnægt 2. mgr. 2. gr. aðfararlaga nr. 19/1887. Fógeti hafi heldur ekki skráð nöfn vottanna í fógetabókina svo sem skylt sé samkvæmt b lið 1. málsgr. 42. gr. laganna. Þá hafi fógeti ekki fullnægt leiðbeiningarskyldu sinni samkvæmt 3. mgr. 41. gr. þrátt fyrir bókun þar um. Einnig heldur áfrýjandi því fram, að fógeti hafi ekki lesið upp það sem bókað var í gjörðarbókina.

Andstætt skýrum orðum fógetagerðarinnar hefur áfrýjandi ekki

sannað ofangreindar staðhæfingar sínar, og eigi þykir bera að ómerkja fjárnámsgerðina, enda þótt fógeti hafi ekki skráð nöfn vottanna í meginmál bókunarinnar.

Sú málsástæða áfrýjanda með tilvísun í 2. mgr. 46. gr. sbr. 1. og 3. mgr. 28. gr. aðfararlaganna að ekki hafi mátt gera fjárnám í húseign afrýjanda, þar sem hann hafi ekki verið þinglýstur eigandi fasteignarinnar, er haldlaus.

Svo sem málið liggur fyrir hefur áfrýjandi ekki sannað, að á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð séu þeir gallar, er leiði til þess, að hún verði felld úr gildi, og verður hún því staðfest.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti 20.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hið áfrýjaða fjárnám á að vera óraskað.

Áfrýjandi, Axel Ström Óskarsson, greiði stefnda, Erni Höskuldssyni, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kjósarsýslu 12. desember 1984.

Ár 1984 miðvikudaginn 12.12. er fógetaréttur Kjósarsýslu settur að Grundartanga 25 og haldinn með undirrituðum vottum af Rúnari S. Gíslasyni ftr.

Fyrir er tekið fógetamálið: 1642/1984 Örn Höskuldsson hdl. gegn Axel Ström Óskarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 aðfararhæfa sátt, nr. 3 greiðsluáskorun, nr. 4 birtingarvottorð.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Örn Höskuldsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 77.969,70 með dráttarvöxtum kr. 74.071,- til greiðsludags, kr. 1.472,- f.fjárnámsbeiðni og mót, kr. 390,- v. birtingu (sic) greiðsluáskorunar, kr. 717,- f. greiðsluáskorun og birtingu dóms,kr. 10.231,- í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er sjálfur viðstaddur.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti

yfir fjárnámi í eign gerðarþola, fasteigninni Grundartanga nr. 25, Mosfellshr.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður og brýnir m.a. fyrir honum að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 15. desember 1986.

Nr. 256/1985. **Axel Ström Óskarsson**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Ævari Einarssyni
(Helgi V. Jónsson hrl.)

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefur skotið hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. nóvember 1985. Hann gerir þær dómkröfur, að „hin áfrýjaða fjárnámsgjörð verði ómerkt og úr gildi felld." Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt fram ný gögn fyrir Hæstarétt.

Grundvöllur fjárnáms stefnda er dómsátt sem áfrýjandi undirgekkst á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 31. janúar 1985.

Meðal hinna nýju gagna er endurrit úr aukadómþingsbók Kjósarsýslu af vitnamáli, sem fram fór 21. nóvember sl., en þá kom vitnið Guðmundur Sigurjónsson, boðunarmaður í Hafnarfirði, fyrir dóm. Var vitnið spurt um hina áfrýjuðu fjárnámsgerð. Var þá fært til bókar:

„Það kveðst ekki muna sérstaklega eftir þessu fjárnámi, en það reikni með því, að það hafi verið mætt þarna að Brekkutanga 17, Mosfellssveit, í fógetarétti eins og fram komi í fjárnámsgerðinni. Það kveðst árlega mæta í fógetarétti í sambandi við tugi eða jafnvel yfir hundruð fjárnáma eða lögtaka og því muni það óljóst eftir hverju einu fyrir sig. — Aðspurt kveðst vitnið ekki muna á hvern hátt fógetinn hafi gætt leiðbeiningarskyldu gagnvart því. — Vitnið kveðst ekki muna hvort fógetinn hafi brýnt fyrir því að tilkynna gerðarþola um gerðina og ekki kveðst það muna til þess að hafa gert það. Það kveðst halda að það sé tíðkað af fógetanum að senda gerðarþola eftir á tilkynningu um að gerðin hafi farið fram. — Vitnið kveðst ekki muna hvort gerðin hafi verið lesin upp í lok hennar. — Vitnið kveðst ekki muna hvort þarna hafi verið staddar með þeim vottarnir Svanhildur Guðmundsdóttir og Helena Hauksdóttir. — Vitnið les yfir gerðina í heild og aðspurt kveðst það ekki sjá neina ástæðu til að ætla annað en að það sé allt rétt sem þar er greint."

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að fógeta hafi orðið á veruleg mistök við framkvæmd fjánámsgerðarinnar.

Stefndi telur hins vegar að hin áfrýjaða fjárnámsgerð hafi verið framkvæmd lögum samkvæmt og rétti áfrýjanda að engu hallað.

Áfrýjandi heldur því fram, að hvorugur vottanna hafi verið staddur að Brekkutanga 17 í Mosfellssveit, þegar fjárnámið fór fram. Hafi fógeti því brotið gegn 2. mgr. 2. gr. aðfararlaga nr. 19/1887. Þá hafi fógeti ekki skráð nöfn vottanna í meginmál bókunarinnar svo sem honum hafi verið skylt samkvæmt b lið 1. mgr. 42. gr. laganna.

Andstætt skýrum orðum fógetagerðarinnar hefur áfrýjandi ekki sannað, að vottarnir hafi ekki verið við fjárnámið, og eigi eru efni til að ógilda fjárnámið vegna þess að fógeti skráði ekki nöfn vottanna í meginmál bókunarinnar.

Áfrýjandi dregur í efa, að vitnið Guðmundur Sigurjónsson hafi verið viðstaddur gerðina. Jafnvel þótt hann hafi verið við fjárnámið þá hafi hann ekki uppfyllt skilyrði 2. mgr. 34. gr. aðfararlaganna til þess að fógeta væri heimilt að tilnefna hann sem réttargæslumann gerðarþola. Hafi fógeta því borið að fresta gjörðinni. Í því sambandi beri einnig að hafa í huga, að Guðmundur hafi verið skrifstofu- og boðunarmaður við embætti fógetans. Þá hafi Guðmundur aldrei tilkynnt gjörðarþola um gerðina svo sem fyrir sé lagt í 2. mgr. 45. gr. laganna.

Ganga verður út frá því svo sem gerðarbókin greinir, að Guðmundur Sigurjónsson hafi verið viðstaddur gerðina. Eigi verður talið, að 2. mgr. 34. gr. aðfararlaga hafi að geyma tæmandi upptalningu á þeim, sem fógeta er heimilt að tilnefna sem réttargæslumann gerðarþola við aðför. Þá veldur það ekki ógildi gerðarinnar, að vitnið var starfsmaður sýslumannsembættisins í Kjósarsýslu. Það var að vísu aðfinnsluvert að réttargæslumaður tilkynnti gerðarþola ekki um fjárnámið, en þessi vanræksla veldur ekki því að ógilda beri gerðina.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið hefur áfrýjandi ekki sannað að á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð séu þeir gallar, er leiði til þess, að fella eigi hana úr gildi. Verður hún því staðfest.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 20.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hið áfrýjaða fjárnám á að vera óraskað.

Áfrýjandi, Axel Ström Óskarsson, greiði stefnda, Ævari Einarssyni, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kjósarsýslu 21. ágúst 1985.

Ár 1985 Miðvikudaginn 21.8. er fógetaréttur Kjósarsýslu settur að Brekkutanga 17, Mosfellshr. og haldinn með undirrituðum vottum af Rúnari S. Gíslasyni ftr.

Fyrir er tekið fógetamálið: 1639/1985 Ævar Einarsson gegn Axeli S. Óskarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 endurrit sáttar.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Sigurður Thoroddsen lögfr. v/Ásgeirs Thoroddsens hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 20.000,- með vöxtum pr. 16.7. '85 kr. 5.850,- til greiðsludags, kr. 1.900,- f/gerðarbeiðni og mót, kr. 5.830,- í málskostnað skv. galdskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir Guðmundur Sigurjónss. að tilhlutan fógeta.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola bifr. G-21998 teg. Datsun árg. 1977.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta sem er ólöglærður og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola um gerðina og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 17. desember 1986.

Nr. 315/1986. **Ævar Einarsson**
gegn
Axel Ström Óskarssyni.

Kærumál. Úrskurður um vitnaskyldu úr gildi felldur. Vitnamáli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. f.m. Hann krefst þess, „að úrskurðað verði að vitnunum Helen

Hauksdóttur og Svanhildi Guðmundsdóttur sé óskylt að gefa skýrslu í málinu.“ Þá krefst hann kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Einnig krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn kærða úrskurð hefur Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari kveðið upp á aukadómþingi Kjósarsýslu hinn 26. nóvember 1986. Úrskurðurinn er án forsendna, en við uppkvaðningu færði héraðsdómari til bókar:

„Fyrir er tekið: Vitnamálið nr. 1655/1986 Axel Ström Óskarsson gegn Ævari Einarssyni.

Þann 24. nóvember sl. fór fram munnlegur málflutningur um kröfu aðila um hvort vitnunum Svanhildi Guðmundsdóttur og Helenu Hauksdóttur væri skylt eða ekki skylt að bera vitni í málinu sbr. 4. tl. 1. mgr. 125. gr. l. nr. 85/1936, og var málið þá tekið til úrskurðar.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Vitnunum Helenu Hauksdóttur og Svanhildi Guðmundsdóttur er skylt að bera vitni í máli þessu.

Málskostnaðarákvörðun vegna þessa þáttar málsins bíði endanlegs dóms í Hæstaréttarmálinu nr. 256/1985.“

Atvik málsins eru þau, að varnaraðili undirgekkst dómsátt á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 31. janúar 1985. Sóknaraðili gerði hinn 21. ágúst 1985 fjárnám hjá varnaraðila samkvæmt dómsáttinni. Varnaraðili áfrýjaði fjárnáminu með stefnu 20. nóvember 1985, mál nr. 256/1985 í Hæstarétti. Hinn 1. október 1986 var af hálfu beggja aðila lýst yfir því að málið nr. 256/1985 væri tilbúið til flutnings. Er málið nr. 256/1985 skyldi munnlega flutt 2. þ.m. óskaði varnaraðili (áfrýjandi) eftir fresti um ótiltekinn tíma til þess að ljúka vitnamáli því, sem nú er til úrlausnar, en vitnamálið hafði varnaraðili (áfrýjandi) þingfest á aukadómþingi Kjósarsýslu 21. nóvember sl. Gagnaðili mótmælti frestbeiðni þessari og með dómi Hæstaréttar 4. þ.m. var synjað um hinn umbeðna frest. Efnisdómur var svo lagður á mál nr. 256/1985 í Hæstarétti hinn 15. þ.m.

Með ofangreindum dómi Hæstaréttar hinn 15. þ.m. var hin áfrýj-

aða fjárnámsgerð frá 21. ágúst 1985 staðfest. Með þessum dómi Hæstaréttar er því grundvöllur fyrir framgangi vitnamálsins niður fallinn. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa vitnamálinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og er vitnamálinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Miðvikudaginn 17. desember 1986.

Nr. 316/1986. **Örn Höskuldsson**
gegn
Axel Ström Óskarssyni

Kærumál. Úrskurður um vitnaskyldu úr gildi felldur. Vitnamáli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. f.m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Einnig krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn kærða úrskurð hefur Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari kveðið upp á aukadómþingi Kjósarsýslu hinn 26. nóvember 1986. Úrskurðurinn er án forsendna, en við uppkvaðningu færði héraðsdómari til bókar:

„Fyrir er tekið: Vitnamálið nr. 1656/1986 Axel Ström Óskarsson gegn Erni Höskuldssyni.

Þann 24. nóvember sl. fór fram munnlegur málflutningur um kröfu aðila um hvort vitnunum Svölu Valgeirsdóttur, Jónu Bríet Guðjónsdóttur og hdl. Erni Höskuldssyni væri skylt eða ekki að bera vitni í málinu sbr. 4. tl. 1. mgr. 125. gr. laga nr. 85/1936, og var málið þá tekið til úrskurðar.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Vitnunum Svölu Valgeirsdóttur, Jónu Bríet Guðjónsdóttur og hdl. Erni Höskuldssyni er skylt að bera vitni í máli þessu.

Málskostnaðarákvörðun vegna þessa þáttar málsins bíði endanlegs dóms í Hæstaréttarmálinu nr. 163/1985."

Atvik málsins eru þau, að varnaraðili undirgekkst dómsátt á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 28. júní 1983. Sóknaraðili gerði hinn 12. desember 1984 fjárnám hjá varnaraðila samkvæmt dómsáttinni. Varnaraðili áfrýjaði fjárnáminu með stefnu 5. júlí 1985, mál nr. 163/1985 í Hæstarétti. Hinn 3. nóvember 1986 var af hálfu beggja aðila lýst yfir því að málið nr. 163/1985 væri tilbúið til flutnings. Er málið nr. 163/1985 skyldi munnlega flutt 2. þ.m. óskaði varnaraðili (áfrýjandi) eftir fresti um ótiltekinn tíma til þess að ljúka vitnamáli því, sem nú er til úrlausnar, en vitnamálið hafði varnaraðili (áfrýjandi) þingfest á aukadómþingi Kjósarsýslu 21. nóvember sl. Gagnaðili mótmælti frestbeiðni þessari og með dómi Hæstaréttar 4. þ.m. var synjað um hinn umbeðna frest. Efnisdómur var svo lagður á mál nr. 163/1985 í Hæstarétti hinn 15. þ.m.

Með ofangreindum dómi Hæstaréttar hinn 15. þ.m. var hin áfrýjaða fjárnámsgerð frá 12. desember 1984 staðfest. Með þessum dómi Hæstaréttar er því grundvöllur fyrir framgangi vitnamálsins niður fallinn. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa vitnamálinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og er vitnamálinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Miðvikudaginn 17. desember 1986.

Nr. 54/1986. **Ola Flage**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Ferðaskrifstofunni Úrval h/f
Ferðaskrifstofunni Útsýn
Samvinnuferðum-Landsýn
og
Flugleiðum h/f
öllum sem eigendum óskráðs félags,
Kanaríklúbbsins
(Pétur Guðmundarson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 7. s.m., samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða áfrýjanda 94.640,00 krónur með 17% ársvöxtum frá 7. febrúar 1984 til 1. september s.á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 15. janúar 1985 en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Rétt þykir að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. október 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 21. október sl., hefur Ola Flage, nnr. 6713-7361, Bólstaðarhlíð 35, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 8. janúar 1985 á hendur Ferðaskrifstofunni Úrval hf., nnr. 9032-6058, Pósthússtræti 9, Reykjavík, Ferðaskrifstofunni Útsýn, nnr. 9032-7445, Austurstræti 17, Reykjavík, Samvinnuferðum - Landsýn, nnr. 7479-3916, Austurstræti 12, Reykjavík og Flugleiðum hf., Reykjavíkurflugvelli, sem eigendum óskráðs félags, Kanaríklúbbsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði gert að greiða honum kr. 94.640,30 með 17% ársvöxtum frá 7. febrúar 1984 til 1. september 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu er sótt þing og þær dómkröfur gerðar aðallega að þeir verði algjörlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Í báðum tilfellum krefjast stefndu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að hann hafi hafið störf hjá Kanaríklúbbnum við fararstjórn í desember 1983. Ráðning hans hafi verið ákveðin tímabundið og hafi átt að standa frá 7. desember 1983 til 11. maí 1984. Hann hafi farið til Kanaríeyja á vegum stefndu strax í desember 1983. Hann hafi starfað á Kanaríeyjum fram í janúar, en þann 17. janúar 1984 hafi komið skeyti um að honum væri skipað að koma til Íslands með fyrstu ferð, og honum tjáð að störfum hans sem fararstjóri á vegum Kanaríklúbbsins væri lokið. Honum hafi síðan verið greidd laun til 7. febrúar 1984. Hann kveðst ekki hafa viljað sætta sig við þessa brottvikningu og hafi krafið stefndu um laun til 11. maí 1984, eða til loka ráðningarsamn-

ingsins þar sem hann telji uppsögn sína ólögmæta. Hann gerir þá grein fyrir upphæð kröfu sinnar að um sé að ræða laun fyrir tímabilið 7.2. 1984 til 11.5. 1984, þ.e. 2.080,- peseta í dagpeninga á dag og 2.520 peseta í laun á dag, auk fæðis. Sölugengi pesetans hafi þann 7.2. 1984 verið kr. 0,1885. Samtals geri þetta 4.600 peseta á dag í 93 daga, eða samtals 427.800 peseta, sem geri íslenskar krónur 80.640,30. Auk þessa kveðst hann gera kröfu um greiðslu húsnæðis, sem hann hafi orðið að leigja sér eftir að hann kom aftur til Íslands, kr. 3.500,- á mánuði, í 4 mánuði, eða samtals kr. 14.000,-. Samanlagt geri þetta kr. 94.640,30 sem geri stefnufjárhæð málsins. Hann kveðst byggja kröfu sína á almennum reglum vinnuréttarins um tímabundna ráðningarsamninga og reglum vinnuréttar um ólögmæta uppsögn. Hann hafi verið ráðinn tímabundnum samningi til 11. maí 1984 og beri honum því laun til þess tíma þar sem ráðningu hans hafi verið slitið með ólögmætum hætti.

Af hálfu stefndu er það viðurkennt að stefnandi hafi verið ráðinn til Kanaríklúbbsins veturinn 1983/1984. Stefndu halda því fram að hann hafi verið ráðinn frá 7. desember 1983 til 11. maí 1984 og hafi þessi samningur verið munnlegur. Þeir hafi litið svo á að fyrstu 3 mánuðir samningstímans ættu að skoðast sem reynslutími, svo sem venja sé skv. kjarasamningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Stefnandi hafi verið ráðinn sem aðstoðarforstjóri(sic), en aðalfararstjóri Kanaríeyjaklúbbsins á Kanaríeyjum á þessum tíma hafi verið Auður Sæmundsdóttir. Fljótlega hafi komið í ljós, eftir að stefnandi tók við starfi sínu, að hann og aðalfararstjórinn gátu ekki starfað saman. Misklíð þeirra hafi farið vaxandi er á leið og hafi því orðið að kalla stefnanda heim.

Stefnanda hafi ekki verið sagt upp störfum, heldur einungis kallaður heim til Íslands. Hafi stefnanda verið tilkynnt að halda yrði farþegum utan við deilumál þau er upp voru komin milli hans og aðalfararstjóra Kanaríklúbbsins. Hafi þetta verið forsenda þess, að stefnandi héldi áfram störfum á vegum stefndu.

Þessum tilmælum hafi stefnandi ekki sinnt og hafið undirskriftasöfnun meðal farþega, auk þess sem hann hafi haft uppi áróður gegn stefndu.

Með framferði sínu hafi stefndu talið að stefnandi hefði fyrirgert rétti sínum til frekari starfa á vegum þeirra. Stefnanda hafi þó verið greidd laun til 7. febrúar 1984 sbr. dskj. nr. 16. Hafi hann tekið við greiðslu þessari og kvittað fyrir móttöku án athugasemda.

Byggja stefndu á því að stefnandi hafi fengið fullt uppgjör fyrir vinnu þá er hann lét þeim í té. Stefnandi hafi verið ráðinn til reynslu í 3 mánuði, og svo sem tíðkanlegt sé sbr. ákvæði í kjarasamningi VR. o.fl. gr. 12.1.1., en skv. þeirri grein beri að skoða fyrstu 3 mánuðina sem reynslutíma og á þeim tíma sé uppsagnarfrestur af beggja hálfu ein vika. Stefnandi hafi

verið leystur frá skyldum sínum þann 17. janúar 1984 á Kanaríeyjum og komið heim þann 25. janúar 1984 og hafi fengið greidd laun sbr. dskj. nr. 16, til 7. febrúar 1984. Hann hafi þannig fengið fullt uppgjör á launum sínum hjá stefndu.

Varakröfu sína styðja stefndu sömu rökum og að ofan greinir. Auk þess mótmæla þeir kröfugerð stefnanda. Svo sem fram komi í kröfugerðinni sé kröfugerðin gengistryggð, þ.e. niðurstöðutala og stefnufjárhæð málsins sé byggð á sölugengi peseta í febrúar 1984. Þeir mótmæla alfarið slíkri reikningsaðferð. Þá mótmæla þeir sérstaklega greiðslu dagpeninga. Telja þeir að stefnandi eigi ekki rétt á slíkum greiðslum þar sem þeir séu ætlaðir honum til að standa undir kostnaði sem hann hafi af dvöl á erlendri grund fjarri heimili sínu og sé því ekki hluti launa. Kröfu stefnanda um húsaleigu mótmæla þeir alfarið.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm svo og fyrirsvarsmenn stefndu, Karl Sigurhjartarson, framkvæmdastjóri Úrvals og Kolbeinn Pálsson, sölustjóri Flugleiða.

Álit dómsins:

Aðilar eru sammála um að stefnandi hafi verið ráðinn munnlega tímabundnum samningi til að annast aðstoðarfararstjórn á Kanaríeyjum frá 7. desember 1983 til 11. maí 1984. Samkvæmt framburði fyrirsvarsmanna stefndu, þeirra sem fyrir dóminn hafa komið, eru fararstjórar erlendis ekki ráðnir samkvæmt kjarasamningi stéttarfélaga heldur gerður starfssamningur við hvern þeirra um sig. Gegn andmælum stefnanda er það ósannað hvort heldur að honum hafi verið skýrt frá því að hann væri ráðinn til reynslu í þrjá mánuði eða að gerður hafi verið við hann samningur í þá veru. Hann mátti því búast við að vera í þjónustu stefndu fram til 11. maí 1984 bryti hann ekki gegn starfskyldum sínum gagnvart stefndu.

Vegna megns ósamkomulags fararstjóranna treystu stefndu sér ekki til annars en að kalla stefnanda aftur til Íslands. Þetta gera þeir með telexskeyti 17. janúar 1984, sbr. dómskj. 3. Í skeytinu eru fyrirmæli til umboðsmanns stefnda á Kanaríeyjum um að segja stefnanda að koma til Íslands 25. janúar 1984 og að taka sér frí frá störfum umsvifalaust.

Kolbeinn Pálsson, fyrirsvarsmaður stefndu, hefur hér fyrir dómi sagt að í skeytinu hafi verið fólgin uppsögn úr þessu starfi á vegum stefndu, en stefnandi var þó enn á launum hjá stefndu til 7. febrúar 1984. Stefndu halda því fram og hefur það verið ítrekað af Kolbeini Pálssyni hér fyrir dómi, að Kolbeinn hafi gefið stefnanda sérstök fyrirmæli um það símleiðis að halda farþegum utan við þau deilumál, sem upp voru komin milli hans og aðalfararstjórans. Stefndu hafa haldið því fram að þessu hafi stefnandi ekki hlýtt og því hafi forsendur brostið fyrir áframhaldandi störfum hans á þeirra vegum.

Í aðilaskýrslu stefnanda bls. 12 viðurkennir stefnandi að Kolbeinn hafi beðið hann að láta sem minnst á því bera að hann væri hættur og að skipta sér sem minnst af farþegunum. Stefnandi skýrir þó farþegunum ekki aðeins frá því að hann sé hættur heldur einnig frá fyrirmælum Kolbeins, útvegar pappír til undirskriftarsöfnunar og fær telexskeytið frá umboðsmanninum til þess að sýna fram á það sem hann kallar uppsögn án tilgreindrar ástæðu.

Þótt í heimkvaðningu stefnanda hafi falist uppsögn úr starfi á vegum stefndu, er hann þó enn í starfi hjá stefndu meðan hann er á launum hjá þeim. Hann viðurkennir að hafa þá brotið gegn gefnum fyrirmælum vinnuveitanda síns. Hann sem fararstjóri mátti þó skilja að með því braut hann gegn mjög þýðingarmiklum starfskyldum fararstjóra. Af þessu leiðir að telja verður að stefndu hafi mátt víkja stefnanda úr starfi á þann hátt sem þeir gerðu.

Stefndu eru þannig sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Rétt þykir sérstaklega með tilliti til þess hversu illa stefndu gengu frá ráðningu stefnanda að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ferðaskrifstofan Úrval hf., Ferðaskrifstofan Útsýn, Samvinnuferðir-Landsýn og Flugleiðir hf., f.h. óskráðs félags síns Kanarí-klúbbsins, skulu sýknir af öllum kröfum stefnanda, Ola Flage. Hver aðila skal bera sinn kostnað af máli þessu.

Miðvikudaginn 17. desember 1986.

Nr. 143/1984. **Hafliði Sigurður Björnsson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Sjóleiðum hf.
(Sveinn Snorrason hrl.)

Sjómenn. Vinnusamningur. Brottvikning úr starfi. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. ágúst 1984. Dómkröfur hans eru þessar:

„*Aðalkrafa:* Að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða áfrýjanda kr. 229.546,00 ásamt 42% ársvöxtum frá 1. september 1983 til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 10.janúar 1984, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 1. september 1983 að telja.

Varakrafa: Að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda kr. 148.890,00 ásamt vöxtum eins og greinir í aðalkröfu."

Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, svo og krefst hann viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Sögu fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi gerir þessar dómkröfur:

„*Að* hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar höfuðstól skuldar, en vextir verði ákveðnir almennir sparisjóðsvextir, eða svo sem stefnandi (sic) krefst til 10. janúar 1984 og síðan áfram 21,5% ársvextir til 20. janúar 1984 en 15% frá þeim degi til 11. ágúst 1984, 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl 1986, en 9% frá þeim degi til greiðsludags.

Að niður verði fellt ákvæði héraðsdóms um að vextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti miðað við 10. janúar 1984.

Að stefndur verði að öðru leyti sýknaður af kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Að málskostnaður í héraði verði felldur niður en áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað í Hæstarétti að mati Hæstaréttar, en til vara að málskostnaður verði felldur niður.“

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms var háð vitnamál á bæjarþingi Reykjavíkur 1. október 1985. Kom Stefnir Einar Magnússon þá fyrir dóm til vitnisburðar, en hann var áður skipverji á m/s Sögu. Í vætti sínu skýrði hann þannig frá aðdraganda að átökum milli áfrýjanda og Jóhannesar Jóhannessonar matsveins í klefa hins fyrrnefnda, að áfrýjandi hefði vikið sér frá um stund, en Jóhannes þá tekið ölflösku, hrist hana og úðað úr henni um allt herbergið.

Á það hefur verið bent af hálfu áfrýjanda varðandi ýfingar hans og Inga Valgeirssonar bátsmanns að undirmönnum hafi verið óheimilt að snæða í matsal yfirmanna. Var vísað um þetta til kjarasamnings fyrir vélstjóra á kaupskipum 1. júlí 1982, grein 19.2.1. en þar segir:

„Aðstoðarvélstjórar skulu hafa aðgang að borðsal yfirmanna, verði því við komið. Eigi skulu aðrir hafa aðgang að borðsal yfirmanna en þeir og gestir þeirra.“

Í grein 19.2.2. segir hins vegar svo: „Óbreyttur háttur má vera á þeim skipum útgerðanna sem ekki beita hefðbundnum hætti í framreiðslu í dag.“

Þar sem leggja þykir mega til grundvallar í málinu skýrslu Þóris Kristjónssonar skipstjóra fyrir dómi um það að það hafi verið venja á m/s Sögu að undirmenn drykkju alltaf kaffi í matsal yfirmanna á nóttunni og mötuðust þar einnig oft endranær, gat áfrýjandi ekki byggt á fyrrnefndu ákvæði til að vísa Inga úr borðsalnum.

Sjálfur hefur áfrýjandi viðurkennt að hafa slegið til Inga Valgeirssonar að fyrra bragði.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann en tekið er fram að ákvæði dómsins um að vexti skuli leggja við höfuðstól hinnar dæmdu fjárhæðar einu sinni á ári kemur ekki til álita sérstaklega fyrir Hæstarétti þar sem málinu er ekki gagnáfrýjað, og að auki

var krafist staðfestingar dómsins í greinargerð stefndu til Hæstaréttar.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti og ákveðst hann 25.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hafliði Sigurður Björnsson, greiði stefnda, Sjóleiðum hf., 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 4. maí sl., hefur Hafliði Sigurður Björnsson, Ytri Löngumýri A-Húnavatnssýslu, nnr. 3497-1803, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 6. janúar sl. á hendur Sjóleiðum hf., Austurstræti 17, Reykjavík, nnr. 8134-6704. Stefnandi krefst þess, að stefndi greiði sér kr. 229.546,00 ásamt 42% ársvöxtum frá 1.9. 1983 til 21.9. 1983, með 35% ársvöxtum frá 21.9. 1983 til 21.10. 1983, með 32% ársvöxtum frá 21.10. til 21.11. 1983, með 27% ársvöxtum frá 21.11. 1983 til 21.12. 1983, með 21,5% ársvöxtum frá 21.12. 1983 til 10.1. 1984, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá 10.1. 1984 til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að vextir verði lagðir við höfuðstól eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þá krefst hann málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ svo og dómvaxta af málskostnaði frá uppsögudegi héraðsdóms. Til vara krefst stefnandi annarrar og lægri fjárhæðar að mati réttarins. Að lokum krefst hann viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Sögu fyrir tildæmdri fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði.

Af hálfu stefndu er sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að stefnanda verði tildæmdar kr. 31.076,00 auk innlánsvaxta eins og þeir eru á hverjum tíma frá 1. september 1983 til greiðsludags, en málskostnaður verði felldur niður. Til vara að málskostnaður verði dæmdur að mati dómsins.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum án árangurs.

Stefnandi segir tildrög málsins vera þau, að hann hafi um nokkurra mánað skeið verið 2. vélstjóri á m/s Sögu sem sé flutningaskip er Sjóleiðir hf. geri út.

Þann 18. ágúst 1983 hafi hann fengið í hendur uppsagnarbréf þar sem honum sé sagt upp störfum frá 6. s.m. og ástæður tilgreindar á eftirfarandi hátt orðrétt:

„1. Handalögmál, sem þér áttuð aðild að 3.8. er skipið var í sjó á leið til Akureyrar.

2. Handalögmál, sem þér áttuð aðild að á leið frá Akureyri til Blönduóss og þér voruð vakthafandi í vélarrúmi.

3. Smygl á 4 kössum af áfengi með skipinu þegar það kom til landsins 3.8."

Stefnandi kveðst strax hafa mótmælt uppsögninni sem algjörlega tilhæfulausri. Hann segist hafa slasast á hendi þegar ráðist var á hann er hann stóð vakt í vélarrúmi. Hann hafi verið einn á vakt og hafi árásin verið honum að óvörum. Í þeim átökum hafi hann slasast með þeim afleiðingum, að hann hafi verið óvinnufær til 18. október 1983. Hann telur stefnda hafa sagt sér upp störfum til þess að komst hjá að greiða sér laun í slysaforföllum.

Þá heldur hann því fram að eftir að skipið kom til Reykjavíkur 6. ágúst 1983 hafi hann margsinnis leitað eftir uppgjöri hjá stefnda á ógoldnum launum, en fengið dræmar undirtektir hjá framkvæmdastjóra stefnda, Guðmundi Karlssyni. Hann hafi þó fengið lokauppgjör 18. 11. 1983 á launum til 6.8. 1983, en kröfu um laun vegna slysaforfalla og ólögmætrar uppsagnar hafi verið algjörlega hafnað. Þá hafi stefndi einungis greitt honum kr. 10.000,00 vegna lokauppgjörsins og lofað greiðslu á afganginum síðar, en ekki efnt. Af þessum sökum telur stefnandi sig tilneyddan að höfða málið og sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Eftirstöðvar lokauppgjörs	kr.	31.076,00
2.	Laun í slysaforföllum	"	23.476,00
3.	Laun á uppsagnartíma (skaðabætur)	"	174.994,00
Samtals		kr.	229.546,00

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína um eftirstöðvar launauppgjörs á lokayfirliti stefnda.

Kröfu um laun í slysaforföllum frá 6. ágúst til 18. ágúst, þegar hann fékk uppsagnarbréfið, kveðst hann byggja á 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, sbr. lög 49/1980 og 13. kafla kjarasamnings fyrir vélstjóra á kaupskipum.

Kröfu um laun á uppsagnartíma kveðst hann byggja á 2. mgr. 13. gr. og 34. gr. sjómannalaga nr. 63/1967, sbr. 4. kafla kjarasamnings fyrir vélstjóra á kaupskipum.

Vaxtakröfu vísar hann til ákvörðunar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir og laga nr. 56/1979 um dómvexti.

Varðandi sjóveðrétt kveðst hann vísa til 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Af hálfu stefndu er málsatvikum svo lýst, að stefnandi hafi verið ráðinn í skiprúm hjá stefndum á m/s Sögu þann 2. apríl 1983. Meðan hann hafi verið í skiprúmi hafi hann ítrekað gert sig sekan um áreitni, illindi og líkamsárásir á alla skipverja. Þann 3. ágúst 1983 hafi hann ráðist á matsveininn Jóhannes Þ. Jóhannesson og veitt honum áverka og þann 4. ágúst 1983 hafi hann veist að bátsmanni skipsins, Inga Jóhanni Valgeirssyni, í yfirmannamessanum og barið hann í andlitið. Stefnandi hafi síðan hlaupið niður í vélarrúm skipsins. Þangað hafi bátsmaður elt hann og hafi þar enn orðið nokkur átök á milli þeirra og hafi af því hlotist ákomur og meiðsl sem að stefndu beri enga ábyrgð á. Stefndu halda því fram, að með heimild í 3. tl. 33. gr. sjómannalaganna nr. 63/1967 hafi afleysingaskipstjóri skipsins, Einar Guðjónsson vísað stefnanda úr skiprúmi þegar við komu skipsins til Reykjavíkur þann 6. ágúst 1983. Næstu daga þar á eftir hafi stefnandi falast eftir því við hinn reglulega skipstjóra, Þóri Kristjónsson og útgerðarstjórann Guðmund Karlsson að fá að koma aftur í skiprúm. Tveir fundir hafi verið haldnir með þessum aðilum vegna beiðni stefnanda, en með tilliti til öryggis skips og áhafnar hafi ekki þótt fært að endurráða hann.

Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi synjað móttöku inneignar sinnar hjá stefndu skv. framansögðu er hann átti þess kost, en dráttur á endanlegu uppgjöri hafi stafað af drætti á skýringum yfirvinnuskriftar stefnanda. Þess vegna sé gerð krafa um að málskostnaður sé niður felldur.

Af hálfu stefndu hefur verið fallið frá þeirri brottvikningarástæðu að stefnandi hafi staðið að smygli á 4 kössum af áfengi með skipinu þegar það kom til landsins 3.8. 1983.

Þá hafa stefndu lagt fram vottorð Jóhannesar Jóhannessonar um að stefnandi hafi ráðist á hann að fyrra bragði, slegið hann í andlitið auk annarra barsmíða og ekki hætt fyrr en skipstjóri hafi skakkað leikinn. Þessu vottorði mótmælir stefnandi sem óstaðfestu og Jóhannes hefur ekki komið fyrir dóminn.

Stefndi hefur lagt fram útdrátt úr leiðarbók m/s Sögu frá 3/8 1983 og 4/8 1983 undirritaðan af skipstjóranum í ferðinni Einari Inga Guðjónssyni. Þar segir:

„3/8 '83. Seinnipart nætur vaknaði ég við háreysti niður á gangi, fór ég niður og voru þar áflog á milli matsveins og 2. vélstjóra. Gat ég komið ró á.

4/8 '83. Upp úr miðnætti vakti 2. vélstjóri mig vegna áfloga milli hans annars vegar og Inga Valgeirssonar, bátsmanns, fór ég niður og varð ekki var við neitt, en rak 2. vélstjóra niður á vakt í vélarúmi sem hann átti að vera."

Fyrir dóm hafa komið auk stefnanda, framkvæmdastjóri stefnda Guðmundur Karlsson, Þórir Kristjónsson skipstjóri, sem venjulega er með m/s Sögu, Einar Ingi Guðjónsson stýrimaður, sem skipstjóri var í þessari umræddu ferð, Björn Jóhannsson vélstjóri, sem verið hafði fastur 1. vélstjóri, Óskar Guðmundsson, sem var 1. vélstjóri í ferðinni, og Karl Andreasen, nemi, sem var háseti í ferðinni og vitni varð að átökum milli stefnanda og Inga Valgeirssonar, bátsmanns, í yfirmannamessa skipsins 4/8 1983 rétt áður en stefnandi vakti skipstjórann og fór síðan niður í vélarúm, en þar lenti hann á ný í átökum við bátsmanninn.

Við munnlegan flutning hélt stefndi því fram að ætti stefnandi kröfu á launum á uppsagnartíma eigi að draga frídaga frá þeirri kröfu. Þessu mótmælir stefnandi.

Álit dómsins:

Af framburðum skipstjórnarmanna, þeirra Þóris Kristjónssonar, Einars Inga Guðjónssonar og Óskars Guðmundssonar er ljóst að einhverjar ýfingar hafa verið með stefnanda og Jóhannesi Jóhannessyni, matsveini, og Inga Valgeirssyni, bátsmanni, og jafnvel fleirum undirmönnum skipsins í þessari ferð og einhverjum fyrri ferðum. Skipstjórnarmennirnir telja stefnanda hafa haft frumkvæði að þeim ýfingum.

Stefnandi hefur sjálfur borið að hann hafi átt upptök að átökum við Jóhannes Jóhannesson nóttina 3/8 1983 og ósannað er að framkoma Jóhannesar hafi verið slík að réttlætti líkamleg átök. Samkvæmt framburði stefnanda sjálfs og framburði Karls Andreasen háseta, átti stefnandi upptök að átökum hans og Inga Valgeirssonar, bátsmanns, í yfirmannamessanum nóttina 4. ágúst 1983 en þau átök urðu undanfari átaka þeirra strax á eftir niðri í vélarúmi. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á að framkoma bátsmannsins hafi réttlætt líkamleg átök.

Einar Ingi Guðjónsson, sem skipstjóri var í ferðinni, bókar í leiðarbók um atburði þessa. Hann hefur fyrir dómi borið að hann hafi látið stefnanda og Inga Valgeirsson gefa sér skýrslur um málið sem hann hafi afhent útgerðinni. Skýrslur þessar hafa ekki verið lagðar fram en Þórir Kristjónsson, skipstjóri, hefur borið að hann hafi á grundvelli þessarra skýrslna og bókunar í leiðarbók krafist þess að stefnanda og bátsmanninum væri sagt upp, þar sem friður verði að ríkja um borð. Hann hefur borið að matsveininum hafi ekki verið sagt upp þar sem hann hafði verið með þeim í tvö ár og allt verið í friði og spekt milli hans og annarra skipverja utan stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því ekki mótmælt að umræddar skýrslur hafi verið gefnar.

Þegar til þess er litið að nauðsyn ber til að friður ríki um borð í skipum

þykir nægjanlega fram komið með því sem hér hefur verið rakið að svo verulegar forsendur hafi verið brostnar fyrir áframhaldandi yfirmannsstarfi stefnanda í þjónustu stefnda að heimilt hafi verið að segja honum upp störfum án fyrirvara skv. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 67/1963 en fram er komið að honum var gefinn kostur á að tala máli sínu með hliðsjón af 65. gr. sömu laga.

Stefnandi á því ekki rétt á kaupi á uppsagnartíma skv. 3. tl. kröfugerðar hans.

Stefnandi slasast í átökum, sem hann átti a.m.k. sinn þátt í upptökunum að og útgerð skipsins bar enga ábyrgð á. Hann þykir því ekki eiga rétt til kaups í slysaforföllum. Hins vegar á hann rétt á fastakaupi til þess tíma sem honum var sannanlega sagt upp, en skv. framburði hans sjálfs var það 13. ágúst 1983. Hann hefur borið að hann hafi verið reiðubúinn til vinnu og stefndi hefur ekki mótmælt að hann hafi verið til þess fær. Samkvæmt 2. tl. kröfugerðar hans er honum því dæmt kaup í 7 daga eða kr. 6.801,50. Eftir stendur þá krafa hans til eftirstöðva kaupgreiðslna samkv. lokauppgjöri. Stefndi viðurkennir að eiga að greiða þessa upphæð. Hún er þannig tekin til greina. Þar sem sú krafa er í vanskilum á stefnandi rétt á vöxtum eins og krafist er í stefnu af dæmdri fjárhæð, þar á meðal að vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti miðað við þingfestingu sbr. grundvöll laga nr. 56/1979. Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda málskostnað miðað við dæmda fjárhæð sem telst hæfilega ákveðinn kr. 15.000,00. Vextir af málskostnaði dæmast ekki.

Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 á stefnandi sjóveðrétt fyrir dæmdri fjárhæð.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Sjóleiðir hf. greiði stefnanda, Hafliða Sigurði Björnssyni, kr. 37.877,50 með 42% ársvöxtum frá 1/9 1983 til 21/9 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21/10 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21/11 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21/12 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 10/1 1984, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.000,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Vextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti miðað við 10/1 1984.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í m/s Sögu fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Fimmtudaginn 18. desember 1986.

Nr. 274/1985. **Auðbjörg Ingimarsdóttir**
Erla Ingimarsdóttir
Garðar Ingimarsson
Guðfinna Ingimarsdóttir
Kjartan Ingimarsson
Kristín Tynar
Páll Ingimarsson
og Þórunn Ingimarsdóttir
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Marteini Gunnarssyni og
Ingunni Steinþórsdóttur
og gagnsök
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1985. Þeir gera þessar dómkröfur:

„Aðallega:

1. Að viðurkennd verði með dómi riftun sem gerð var með bréfi dags. 13. september 1984 á kaupsamningi aðilja dagsettum 24. mars 1983 um kaup á kjallaraíbúð aðaláfrýjenda að Goðheimum 12 Reykjavík.

2. Að gagnáfrýjendur verði dæmd „in solidum" til að greiða aðaláfrýjendum kr. 442.800,00 ásamt 42% ársvöxtum af kr. 25.000,00 frá 24.3. 1983 til 1.4. 1983, af kr. 35.600,00 frá þeim degi til 1.5. 1983, af kr. 46.200,00 frá þeim degi til 1.6. 1983, af kr. 56.800,00 frá þeim degi til 1.7. 1983, af kr. 67.400,00 frá þeim degi til 1.8. 1983, af kr. 78.000,00 frá þeim degi til 1.9. 1983, af kr. 88.600,00 frá þeim degi til 20.9. 1983, 35% ársvöxtum af kr.

88.600,00 frá þeim degi til 1.10. 1983, af kr. 99.200,00 frá þeim degi til 20.10. 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11. 1983, af kr. 109.800,00 frá þeim degi til 20.11. 1983, 27% ársvöxtum af kr. 109.800,00 frá þeim degi til 1.12. 1983, af kr. 120.400,00 frá þeim degi til 20.12. 1983, 21,5% ársvöxtum af kr. 120.400,00 frá þeim degi til 1.1. 1984, af kr. 132.600,00 frá þeim degi til 20.1. 1984, 15% ársvöxtum af kr. 132.600,00 frá þeim degi til 1.2. 1984, af kr. 144.800,00 frá þeim degi til 1.3. 1984, af kr. 157.000,00 frá þeim degi til 1.4. 1984, af kr. 169.200,00 frá þeim degi til 1.5. 1984, af kr. 181.400,00 frá þeim degi til 1.6. 1984, af kr. 193.600,00 frá þeim degi til 1.7. 1984, af kr. 205.800,00 frá þeim degi til 1.8. 1984, af kr. 218.000,00 frá þeim degi til 11.8. 1984, 17% ársvöxtum af kr. 218.000,00 frá þeim degi til 1.9. 1984, af kr. 230.200,00 frá þeim degi til 1.10. 1984, af kr. 242.400,00 frá þeim degi til 1.11. 1984, af kr. 254.600,00 frá þeim degi til 1.12. 1984, af kr. 266.800,00 frá þeim degi til 1.1. 1985, 24% ársvöxtum af kr. 282.800,00 frá þeim degi til 1.2. 1985, af kr. 298.800,00 frá þeim degi til 1.3. 1985, af kr. 214.800,00 (sic) frá þeim degi til 1.4. 1985, af kr. 330.800,00 frá þeim degi til 1.5. 1985, af kr. 346.800,00 frá þeim degi til 11.5. 1985, 22% ársvöxtum af kr. 346.800,00 frá þeim degi til 1.6. 1985, af kr. 362.800,00 frá þeim degi til 1.7. 1985, af kr. 378.800,00 frá þeim degi til 1.8. 1985, af kr. 394.800,00 frá þeim degi til 1.9. 1985, af kr. 410.800,00 frá þeim degi til 1.10. 1985, af kr. 426.800,00 frá þeim degi til 1.11. 1985, af kr. 442.800,00 frá þeim degi til greiðsludags.

3. Að gagnáfrýjendur verði, að viðlögðum 1.000,00 kr. dagsektum frá uppsögu héraðsdóms til aðaláfrýjenda, dæmdir til að afmá úr veðmálabókum Reykjavíkur kaupsamning þann, sem í máli þessu um ræðir og sömuleiðis verði þau dæmd til að afmá úr veðmálabókum Reykjavíkur lán að fjárhæð kr. 24.942,40, sem þau hafa þinglýst á íbúðina.

Verði aðalkrafan um riftun til greina tekin, endurgreiða aðaláfrýjendur innborgaða peninga ásamt vöxtum, en að frádregnum skaðabótum og kostnaði.

Til vara er þess krafist að gagnáfrýjendur verði in solidum dæmd til að greiða aðaláfrýjendum kr. 350.000,00 ásamt 30% ársvöxtum frá 24. mars 1983 til 5. júní 1984, 19% ársvöxtum af kr. 475.708,00

frá þeim degi til birtingardags stefnu hinn 30.10. 1984 en síðan dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags — allt gegn útgáfu afsals og afhendingu þess til gagnáfrýjenda.

Í gagnsök í héraði (sic) eru dómkröfur aðaláfrýjenda fyrir Hæstarétti þær að þau verði sýknuð af öllum kröfum gagnáfrýjenda en til vara að kröfur verði verulega lækkaðar."

Aðaláfrýjendur krefjast málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Þeir krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms að riftun aðaláfrýjenda á kaupum gagnáfrýjenda á íbúðinni í húsinu nr. 12 við Goðheima hafi verið óheimil. Jafnframt ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að aðaláfrýjendur skuli greiða gagnáfrýjendum kostnað við úrbætur á húsinu vegna alkalískemmda samkvæmt mati hinna dómkvöddu matsmanna með vöxtum svo sem í héraðsdómi segir.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms að gagnáfrýjendum beri að greiða afborganir kaupverðs íbúðarinnar sem þau áttu að inna af hendi samkvæmt veðskuldabréfi því sem þau skyldu gefa út. Ber þeim einnig að greiða afborgun þá sem féll í gjalddaga 5. júní 1986. Samkvæmt þessu verða gagnáfrýjendur dæmdir til að greiða aðaláfrýjendum 262.500,00 krónur með 30% ársvöxtum af 350.000,00 krónum frá 24. mars 1983 til 5. júní 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 30. október 1984, en með dómvöxtum frá þeim degi til 5. júní 1986 og með dómvöxtum af 262.500,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber og að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um að aðaláfrýjendum beri að gefa gagnáfrýjendum afsal fyrir íbúðinni gegn greiðslu framangreindra fjárhæða og gegn útgáfu veðskuldabréfs að fjárhæð 87.500,00 krónur með gjalddaga 5. júní 1987 er beri hina umsömdu 30% ársvexti frá 5. júní 1986 til greiðsludags. Skal veðskuldabréfið tryggt með veði í eigninni á eftir veði að fjárhæð allt að 250.000,00 krónur.

Í héraðsdómi er gagnáfrýjendum gert að greiða aðaláfrýjendum vexti af 213.208,00 krónum frá 5. júní 1984 eins og þar er nánar fyrir sagt. Er þessi fjárhæð þannig fundin, að við þá afborgun

(87.500,00 krónur) af veðskuldabréfinu, sem átti að falla í gjalddaga þennan dag, er bætt 125.708,00 krónum. Eru það 30% ársvextir frá 24. mars 1983 til 5. júní 1984 af heildarupphæð veðskuldabréfsins, þ.e. 350.000,00 krónum. Um fyrstu afborgun af bréfinu er þegar fjallað og verða ekki sjálfstætt dæmdir vextir af henni. Gagnáfrýjendur krefjast staðfestingar héraðsdóms og aðaláfrýjendur krefjast vaxta af áðurnefndum vöxtum. Verður því að dæma gagnáfrýjendur til að greiða aðaláfrýjendum sérstaka vexti af 125.708,00 krónum eins og nánar segir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða gagnáfrýjendum 50.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Marteinn Gunnarsson og Ingunn Steinþórsdóttir, greiði aðaláfrýjendum, Auðbjörgu, Erlu, Garðari, Guðfinnu, Kjartani, Páli og Þórunni Ingimarsbörnum og Kristínu Tynar, 262.500,00 krónur með 30% ársvöxtum af 350.000,00 krónum frá 24. mars 1983 til 5. júní 1984, 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 30. október 1984, en með dómvöxtum frá þeim degi til 5. júní 1986 og með dómvöxtum af 262.500,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá greiði gagnáfrýjendur aðaláfrýjendum 19% ársvexti af 125.708,00 krónum frá 5. júní 1984 til 30. október s.á., og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum 170.800,00 krónur með dómvöxtum frá 6. maí 1985 til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur gefi gagnáfrýjendum afsal fyrir áðurnefndri íbúð í húsinu nr. 12 við Goðheima í Reykjavík gegn útgáfu veðskuldabréfs að fjárhæð 87.500,00 krónur með gjalddaga 5. júní 1987 er beri 30% ársvexti frá 5. júní 1986. Skal veðskuldabréfið tryggt með veði í eigninni næst á eftir veði allt að fjárhæð 250.000,00 krónur.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum 50.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og Bjarna K. Bjarnasonar.

I.

Í málinu hafa þrír eigendur íbúða í Goðheimum 12 gefið vottorð um að aðaláfrýjendum hafi verið kynnt niðurstaða Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins af rannsókn á steinsteypunni í húsinu, þeirri er stofnunin framkvæmdi í júní-júlí 1982. Með því að hér er um óstaðfest utanréttarvottorð að ræða þykir það ekki veita fulla sönnun fyrir vitneskju aðaláfrýjenda um þetta atriði gegn neitun þeirra.

Gagnáfrýjandinn Þórunn hafði vitneskju um að rannsókn þessi fór fram og hafði ríkt tilefni til að kynna sér niðurstöðu hennar, enda var ekki annað ætlandi en að til rannsóknarinnar hefði verið stofnað af gildri ástæðu. Þar sem hún þannig mátti hafa fullan grun, ef ekki vitneskju, um að ekki væri allt með felldu með steinsteypuna bar henni að upplýsa gagnáfrýjendur um hvað í efni væri. Verða aðaláfrýjendur að bera hallann af því að hún lét þetta undir höfuð leggjast. Teljum við því að staðfesta beri úrlausn hins áfrýjaða dóms um skaðabótaskyldu aðaláfrýjenda og um bótafjárhæð, sem ekki hefur sætt neinum rökstuddum andmælum.

II.

Gagnáfrýjendur inntu ekki af hendi fyrr en 4. júní 1984 greiðslu þá, sem féll í gjalddaga 20.mars 1984. Aðaláfrýjendur veittu henni þó viðtöku án fyrirvara um annað en dráttarvexti. Verður því að fallast á að þeir geti ekki reist riftun á samningi sínum við gagnáfrýjendur á þessari ástæðu.

Samkvæmt kaupsamningi áttu aðaláfrýjendur að gefa út afsal fyrir hinni seldu íbúð 20. mars 1984. Þykir eiga að skýra samninginn svo að samtímis hafi gagnáfrýjendur átt að gefa út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs samkvæmt C-lið kaupsamningsins. Gögn málsins sýna ekki að þá hafi aðaláfrýjendur ekki verið búnir að þinglýsa íbúðinni á sitt nafn, svo sem þeir voru skuldbundnir til samkvæmt kaupsamningnum að gera fyrir 1. apríl 1983. Gagnáfrýjendur gáfu ekki út veðskuldabréfið á hinum tiltekna degi og eigi guldu þeir aðaláfrýjendum afborgun af bréfi þessu, að fjárhæð

87.500,00 krónur, er koma átti í gjalddaga hinn 5. júní 1984, ásamt 30% ársvöxtum af 350.000,00 krónum frá 24. mars 1983 til 5. júní 1984, alls 125.708,00 krónur, eða samtals 213.208,00 krónur. Á móti áttu gagnáfrýjendur skaðabótakröfu vegna steypuskemmdanna, sem síðar voru metnar af dómkvöddum mönnum á 170. 800,00 krónur. Er hún þó þar miðuð við verðlag á matsdegi 14. apríl 1985.

Er málið var dæmt í héraði 3. desember 1985 höfðu gagnáfrýjendur hvorki boðið fram né geymslugreitt þær 87.500,00 krónur ásamt vöxtum, sem áskilið var í kaupsamningi að greiða ætti sem 2. afborgun af umsömdu skuldabréfi 5. júní 1985. Sama máli gegnir nú um þá afborgun og vexti sem greiða hefði átt 5. júní 1986.

Þegar allt þetta er virt þykja vanskil gagnáfrýjanda slík að taka beri riftunarkröfu aðaláfrýjenda til greina.

Með því að meiri hluti dómenda hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að riftunarkrafan eigi ekki að ná fram að ganga eru ekki efni til að fjallað verði í atkvæði þessu sérstaklega um skaðabótakröfur þær sem aðaláfrýjendur hafa uppi í málinu og gagngert eru á því reistar, að riftunarkrafa þeirra verði tekin til greina.

Samkvæmt þessu teljum við að dæma beri gagnáfrýjendur til að greiða aðaláfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. desember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. nóvember sl., höfðuðu Auðbjörg Ingimarsdóttir, nnr. 0851-1268, Grensásvegi 56, Reykjavík, Erla Ingimarsdóttir, nnr. 2162-2494, Hofslundi 13, Garðabæ, Garðar Ingimarsson, nnr. 2517-5298, Hamarsteigi 2, Mosfellssveit, Guðfinna Ingimarsdóttir, nnr. 2874-0557, Miðbraut 19,Seltjarnarnesi, Kjartan Ingimarsson, nnr. 5606-2318, Kirkjuteigi 9, Reykjavík, Kristín Tynar, Kaliforníu, Bandaríkjunum, Páll Ingimarsson,nnr. 7012-5595, Hafnarfirði, og Þórunn Ingimarsdóttir, nr. 9782-3707, Laugarásvegi 1, Reykjavík, gegn Marteini Gunnarssyni, nnr. 6524-0378 og Ingunni Steinþórsdóttur, nnr. 4757-0379, báðum til heimilis að Goðheimum 12, Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 30. október 1984.

Stefndu höfðuðu gagnsök í málinu með þingfestingu hennar 6. maí 1985.

Í aðalsök eru *dómkröfur stefnenda* aðallega þessar: *Í fyrsta lagi* verði viðurkennd með dómi riftun sem gerð var með bréfi dags. 13. september 1984 á kaupsamningi aðila dags. 24. mars 1983 um kaup á kjallaraíbúð

stefnenda að Goðheimum 12, Reykjavík. *Í öðru lagi* að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnendum skaðabætur kr. 442.800,00 (kr. 25.000,00 + kr. 385.000,00 + kr. 32.000,00) ásamt 42% ársvöxtum af kr. 25.000,00 frá 24.3. 1983 til 1.4. 1983, af kr. 35.600,00 frá þeim degi til 1.5. 1983, af kr. 46.200,00 frá þeim degi til 1.6. 1983, af kr. 56.800,00 frá þeim degi til 1.7. 1983, af kr. 67.400,00 frá þeim degi til 1.8. 1983, af kr. 78.000,00 frá þeim degi til 1.9. 1983, af kr. 88.600,00 frá þeim degi til 20.9. 1983, 35% ársvöxtum af kr. 88.600,00 frá þeim degi til 1.10. 1983, af kr. 99.200,00 frá þeim degi til 20.10. 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11. 1983, af kr. 109.800,00 frá þeim degi til 20.11. 1983, 27% ársvöxtum af kr. 109.800,00 frá þeim degi til 1.12. 1983, af kr. 120.400,00 frá þeim degi til 20.12. 1983, 21,5% ársvöxtum af kr. 120.400,00 frá þeim degi til 1.1. 1984, af kr. 132.600,00 frá þeim degi til 20.1. 1984, 15% ársvöxtum af kr. 132.600,00 frá þeim degi til 1.2. 1984, af kr. 144.800,00 frá þeim degi til 1.3. 1984, 157.000,00 frá þeim degi til 1.4. 1984, af kr. 169.200,00 frá þeim degi til 1.5. 1984, af kr. 181.400,00 frá þeim degi til 1.6. 1984, af kr. 193.600,00 frá þeim degi til 1.7. 1984, af kr. 205.800,00 frá þeim degi til 1.8. 1984, af kr. 218.000,00 frá þeim degi til 11.8. 1984, 17% ársvöxtum af kr. 218.000,00 frá þeim degi til 1.9. 1984, af kr. 230.200,00 frá þeim degi til 1.10. 1984, af kr. 242.400,00 frá þeim degi til 1.11. 1984, af kr. 254.600,00 frá þeim degi til 1.12. 1984, af kr. 266.800,00 frá þeim degi til 1.1. 1985, 24% ársvöxtum af kr. 282.800,00 frá þeim degi til 1.2. 1985, af kr. 298.800,00 frá þeim degi til 1.3. 1985, af kr. 214.800,00 (sic) frá þeim degi til 1.4. 1985, af kr. 330.800,00 frá þeim degi til 1.5. 1985, af kr. 346.800,00 frá þeim degi til 11.5. 1985, 22% ársvöxtum af kr. 346.800,00 frá þeim degi til 1.6. 1985, af kr. 362.800,00 frá þeim degi til 1.7. 1985, af kr. 378.800,00 frá þeim degi til 1.8. 1985, af kr. 394.800,00 frá þeim degi til 1.9. 1985, af kr. 410.800,00 frá þeim degi til 1.10. 1985, af kr. 426.800,00 frá þeim degi til 1.11. 1985, af kr. 442.800,00 frá þeim degi til greiðsludags.

Í þriðja lagi að stefndu verði að viðlögðum kr. 1.000,00 dagsektum til stefnenda dæmd til að afmá úr veðmálabókum Reykjavíkur kaupsamning þann sem í máli þessu um ræðir og sömuleiðis verði þau dæmd til að afmá úr veðmálabókum Reykjavíkur lán að fjárhæð kr. 24.942,40 er þau hafa þinglýst á íbúðina. Loks verði stefndu in solidum dæmd til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Til vara krefjast aðalstefnendur þess að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnendum kr. 350.000,00 ásamt 30% ársvöxtum frá 24. mars 1983 til 5. júní 1984, 19% ársvöxtum af kr. 475.708,00 frá þeim degi til birtingardags stefnu en síðan dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist að kveðið verði á um það í dómsorði að dæmdir vextir skuli

leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 5. júní 1985. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum eins og í aðalsök.

Í aðalsök eru dómkröfur stefndu aðallega þær að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda, þ.m.t. varakröfu, til vara að stefnukröfur verði verulega lækkaðar. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum samkvæmt gjaldskrá LMFÍ í báðum tilvikum.

Í gagnsök eru dómkröfur stefnenda aðallega þær að stefndu verði dæmd til að greiða þeim skaðabætur að fjárhæð kr. 270.800,00 með dómvöxtum frá 12. apríl 1985 til greiðsludags. Til vara að stefnendum verði dæmdur afsláttur eða skaðabætur að mati dómsins.

Þá krefjast stefnendur þess að stefndu gefi út afsal fyrir íbúð á jarðhæð hússins nr. 12 við Goðheima gegn afhendingu á veðskuldabréfi, allt í samræmi við kaupsamning aðila um eignina dags. 14. mars 1983. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum.

Í gagnsök eru dómkröfur stefndu þær að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda og stefnendur dæmdir in solidum til þess að greiða þeim málskostnað í gagnsökinni skv. taxta LMFÍ.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Með kaupsamningi undirrituðum 24. mars 1983 keyptu aðalstefndu 3ja herbergja íbúð af aðalstefnendum í kjallara hússins nr. 12 við Goðheima hér í borg, en í húsinu munu vera fjórar íbúðir. Íbúðinni fylgdi 17,2% hluti í sameign í húsinu. Kaupverðið var kr. 1.250.000,00 og áttu kr. 900.000,00 að greiðast í reiðufé í sjö hlutum á einu ári. Síðasta hlutann kr. 75.000,00 átti að greiða 20. mars 1984. Með skuldabréfi tryggðu með veði í íbúðinni átti að greiða eftirstöðvar kaupverðsins kr. 350.000,00. Skuldabréfið átti að vera með fjórum gjalddögum og skyldu kr. 87.500,00 greiddar í hvert sinn. Fyrsti gjalddagi átti að vera 5. júní 1984 og síðan voru gjalddagar 5. júní næstu þrjú árin. Skuldabréfið átti að bera 30% ársvexti er skyldu reiknast frá 24. mars 1983, en þann dag var íbúðin afhent aðalstefndu.

Þá segir í kaupsamningi að afsal skuli gefið út 20. mars 1984, enda hafi kaupandi þá fullnægt skuldbindingum skv. framansögðu og er þá vísað til ákvæða kaupsamningsins m.a. um greiðslu kaupverðs. Ekki stendur skýrum stöfum í kaupsamningnum hvenær skuldabréfið skyldi gefið út. Í prentuðum hluta kaupsamningsins stendur að eignin sé seld í því ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér við skoðun og sætti sig við að öllu leyti.

Hinn 9. ágúst 1983 rita aðalstefndu svohljóðandi bréf og senda Þorsteini Steingrímssyni, eiganda fasteignaþjónustunnar, sem annaðist sölu íbúðarinnar:

„Við undirritaðir kaupendur kjallaraíbúðar nr. 12 við Goðheima í

Reykjavík samanber kaupsamningi dagsettum (sic) 24. mars 1983 leggjum hér fram kvörtun okkar vegna þess ástands sem umrædd eign reyndist vera í við nánari athugun.

Við hjónin vorum boðuð á húsfund í júní og okkur tjáð að fram þyrftu að fara umfangsmiklar viðgerðir á húseigninni vegna alkalískemmda. Þar sem okkur hafði aldrei verið tilkynnt um að neitt slíkt fyrirfyndist í húsinu þegar kaupin fóru fram eða við skoðun eignarinnar komum við af fjöllum. Tekið skal fram að hvorugt okkar hefur neina sérþekkingu á steinsteypu og gátum við engan veginn greint alkalískemmdir utan á húsinu.

Húseigendur eignarinnar Goðheima 12 óskuðu eftir úttekt Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á ástandi steypunnar í húsinu vegna gruns um alkalískemmdir og var sú athugun framkvæmd 30. júní 1982. Niðurstöðum rannsóknanna var skilað til húseigenda 22. júlí 1982, sjá ljósrit. Á húsfundinum í júní sl. lýstu aðrir íbúðareigendur furðu sinni yfir því að seljendur kjallaraíbúðarinnar skyldu ekki hafa tilkynnt okkur kaupendum um ástand steypunnar í húsinu þar sem þeim hafi verið ljóst um niðurstöður rannsóknarinnar sem framkvæmd var. Ljósrit af skýrslunni fylgir hér með málinu til áréttingar.

Af ofangreindu sést að hin selda eign hefur haft leynda galla með vitund seljenda og mun því valda okkur tilfinnanlegu tjóni fjárhagslega, auk þess sem þetta gerir okkur erfitt fyrir og þyngir greiðslubyrði sem er nóg fyrir eins og flestra sem í fasteignakaupum standa.

Bráðabirgðaviðgerð sem nú fer fram kostar okkur vart undir 30.000 kr. og er það samkvæmt 17,2% eignarhluta okkar. Eina varanlega viðgerðin gegn alkalískemmdum sem nú er þekkt er klæðning með áli eða stáli og mun sá kostnaður vart fara undir 100.000-150.000 á þessa íbúð. Það ber að athuga að við getum ekki selt íbúðina til þriðja aðila án þess að láta vita um ástand eignarinnar og má því gera ráð fyrir að verðmæti eignarinnar sé skert miðað við fyrri kaupsamning.

Við höfum hér gert grein fyrir máli okkar og vonumst eftir sanngjarnri leiðréttingu mála okkar hið fyrsta. Ef það reynist ekki hægt munum við að sjálfsögðu leita réttar okkar."

Með bréfi þessu fylgdi vottorð annarra íbúðareigenda í húsinu að Goðheimum 12, dags. 9. ágúst 1983, svohljóðandi:

„Við undirritaðir íbúðareigendur Goðheima 12 í Reykjavk viljum hér með votta að fyrri eigendum kjallaraíbúðarinnar hafi verið kunngerðar niðurstöður þeirrar rannsóknar sem fram fór á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins 30. júní 1982."

Með bréfi dags. 10. ágúst 1983 sendi Þorsteinn Steingrímsson aðalstefnendum Garðari Ingimarssyni og Þórunni Ingimarsdóttur framangreint bréf

aðalstefndu, vottorð íbúðareigendanna og niðurstöðu rannsóknar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Garðar og Þórunn voru umboðsmenn annarra aðalstefnenda við sölu íbúðarinnar.

Niðurstaða Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins er svo orðuð:

„Miðvikudaginn 30. júní s.l. var húseignin að Goðheimum 12 skoðuð að beiðni Sæbergs Ólafssonar.

Þegar litið er á húsið í heild sést að sprungunet er alldreift um flesta veggi. Skyggni við aðalinngang er mjög mikið sprungið og með talsverðum útfellingum. Stakar sprungur eru út frá einstaka glugga. Svalir eru allmikið sprungnar og útfellingar neðan á svalagólfum.

Kjarnar voru boraðir úr veggjum hússins 13. júlí til nánari athugunar. Tveir kjarnar voru boraðir úr vegg á suðausturhlið og einn úr skyggni við aðalinngang.

Við skoðun kjarnanna strax eftir borun komu fram örlítil merki um alkalívirkni í kjörnunum tveimur sem teknir voru úr veggnum. Eftir geymslu í fjóra daga í hita (+ 38° C) og rakamettuðu lofti komu fram greinileg merki um alkalívirkni.

Í fylgiskjali 1 kemur fram hvaða valkostir þykja vænlegir við viðgerð á alkalískemmdum húsa í dag. Til að stöðva útfellingar gegnum svalagólf og skyggni er nauðsynlegt að loka þeim að ofan með þéttri teygjanlegri málningu."

Hinn 27. mars 1984 ritaði lögmaður aðalstefndu aðalstefnanda Þórunni bréf og í því segir m.a. svo:

„Umbj.m. gera kröfu til þess að nú við útgáfu afsals verði gengið frá samkomulagi um bætur til þeirra vegna þessara galla og/eða þeim verði gefin yfirlýsing þess efnis, að seljendur eignarinnar ábyrgist greiðslu á fullnægjandi viðgerð."

Hinn 13. apríl 1984 var aðalstefnda Marteini ritað bréf og hann krafinn um greiðslu á kr. 75.000,00 sem í gjalddaga féllu 20. mars 1984. Hann er beðinn að greiða eigi síðar en 25. apríl 1984 og sömuleiðis er hann krafinn um dráttarvexti. Þessa greiðslu innti Marteinn af hendi 4. júní 1984 en greiddi ekki dráttarvexti. Greiðslan var móttekin með fyrirvara um vexti frá gjalddaga til greiðsludags.

Hinn 4. júní 1984 gerði aðalstefndi Marteinn skriflega tillögu til lausnar á deilu aðila. Efni tillögunnar er svohljóðandi:

„Seljendur veiti kaupendum afslátt af kaupverði eignarinnar kr. 100.000,00 eitt hundrað þúsund 00/100. Lækkun kaupverðsins komi fram á eftirstöðvaskuldabréfi er verði þá kr. 250.000,00 í stað 350.000,00. Með samkomulagi þessu verði öllum ágreiningi (sic) milli aðila settur niður og afsal og eftirstöðvaskuldabréf gefið út."

Hinn 13. september 1984 ritaði lögmaður aðalstefnenda aðalstefndu

ábyrgðarbréf og tilkynnti að með því væri kaupsamningi aðila frá 24. mars 1983 rift. Síðan segir eftirfarandi í bréfinu:

„Ástæður riftunarinnar eru stórfelldar vanefndir yðar á kaupsamningnum sem hér segir:

1. Greiðsludráttur varð á greiðslu skv. 7. lið. Gjalddagi var 20. mars 1984, en greiðsla barst 4. júní s.l. en vanskilavextir voru ekki greiddir.

2. Miklum mun alvarlegri eru vanskil yðar á greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs, þar sem hinn 5. júní s.l. féll í gjalddaga 1. afborgun kr. 87.500,00 auk 30% ársvaxta af kr. 350.000,00 frá 24. mars 1983 til 5. júní 1984, kr. 125.708,00 eða alls kr. 213.208,00 auk áfallinna dráttarvaxta af þeirri fjárhæð.

Vegna ástæðulausra og órökstuddra krafna yðar um afslátt af kaupverði hefur ekki verið hægt að ganga frá afsali og útáfu veðskuldabréfs eins og samningur kveður á um.

Seljendur munu að sjálfsögðu endurgreiða yður innborgað fé að frádregnum skaðabótum, húsaleigu og kostnaði öllum, sem af vanskilum yðar leiðir eða leiða kann. Er því skorað á yður að rýma húsnæðið nú þegar, eða ganga til samninga við umbj.m. þar um, svo að uppgjör geti farið fram. Verðið þér gerð ábyrg fyrir öllum drætti sem verða kann á því að húsnæðið verði rýmt og öllum kostnaði er af því kann að leiða."

Með bréfi lögmanns aðalstefndu dags. 26. september 1984 er riftun aðalstefnenda alfarið vísað á bug.

Aðalstefnandi Garðar, sem gaf skýrslu fyrir dóminum, kvaðst ekkert hafa vitað um að rannsókn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins hefði farið fram áður en íbúðin var seld. Hann kannaðist við að hafa fengið niðurstöðuna senda með bréfi Þorsteins Steingrímssonar fasteignasala, en ekki yfirlýsingu þriggja íbúðareigenda í húsinu frá 9. ágúst 1983.

Garðar kvað aðalstefndu hafa komið nokkru sinnum og skoðað íbúðina, einu sinni með foreldrum annars hvors. Aðalstefndum hefði verið bent á skemmdir á skyggni yfir aðalinngangi hússins, en ekki annað sem mætti telja galla á því. Garðar kvaðst ekki muna hver hefði bent aðalstefndu á skemmdir á skyggninu. Garðar kvað þau Þórunni hafa gert kröfu til þess að getið væri í kaupsamningnum um skemmdir á aðalskyggninu, en þess hefði ekki verið talin þörf.

Garðar kvað engar viðgerðir hafa komið til tals á milli íbúðareigenda í húsinu áður en kjallaraíbúðin var seld, en það hefði hver getað sagt sér sjálfur að húsið þarfnaðist málningar eða einhvers viðhalds. Hann kvaðst ekki sjálfur hafa komið auga á að húsið gæti verið skemmt af alkalíi og verið alveg grunlaus um það þegar sala íbúðarinnar fór fram. Garðar kvaðst ekki hafa vitað um aðrar skemmdir á húsinu en þær sem á því hefðu sést.

Garðar kvað eina þrjá fundi hafa verið haldna um kvartanir aðalstefndu, en öllum kröfum þeirra hefði verið hafnað.

Aðalstefnandi Þórunn kvaðst ekki hafa sýnt aðalstefndu íbúðina en verið þar stödd einu sinni þegar þau komu, en engar viðræður átt við þau. Þórunn taldi að aðalstefndu hefðu skoðað íbúðina í fjögur skipti. Þórunn tók svo til orða að þau hefðu sagt kaupendum frá skemmdum á skyggni yfir aðalinngangi hússins, en ekki hefði verið rætt um sprungur á húsinu sjálfu. Lýsingu á skemmdum á skyggninu hefðu þau viljað fá inn í kaupsamninginn en ekki fengið. Þórunn kvað aðalstefndu hafa verið bent á að ræða við aðra íbúðareigendur í húsinu um ástand þess en aðalstefndu hefðu sagt að þess þyrftu þau ekki því að þau þekktu húsið. Það hefði verið farið að sjá á húsinu að utanverðu enda fimm ár liðin frá því að það hefði síðast verið málað.

Þórunn kvað íbúðina hafa verið leigða árin 1981 og 1982 og fram til 1. febrúar 1983.

Þórunn kvaðst ekki hafa séð niðurstöðu rannsóknar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins fyrr en þær hefðu borist sér með bréfi Þorsteins Steingrímssonar fasteignasala. Hins vegar hefði hún vitað um að þessi rannsókn hefði farið fram þar sem hún hefði fengið sendan reikning vegna kostnaðar við hana sem hún hefði greitt líklega haustið 1982. Niðurstöðurnar hefðu ekki fylgt þeim reikningi. Sér hefði ekki verið kunnugt um að alkalískemmdir hefðu fundist í útveggjum en Júlíus, sá íbúðareigendanna sem hefði krafið sig um greiðslu reikningsins, hefði tjáð sér að skemmdir á útveggjum væru óverulegar. Þórunn kvaðst ekki minnast þess að hún hefði skýrt meðeigendum sínum frá þessu.

Þórunn kvaðst hafa verið á fleiri en einum fundi út af kvörtunum aðalstefndu en aðalstefnendur hefðu aldrei samþykkt að greiða neinar bætur.

Í framburði Þorsteins Steingrímssonar fasteignasala og Örnólfs Örnólfssonar, sölumanns hjá Fasteignaþjónustunni, sem sáu um sölu íbúðarinnar, kom fram að þeir hefðu ekki sýnt aðalstefndu íbúðina.

Þorsteinn kvaðst hafa samið vélritaðan texta kaupsamningsins og minntist þess að til tals hefði komið að setja inn í kaupsamninginn lýsingu á skemmdum á skyggni yfir aðalinngangi hússins. Ekki hefði þótt ástæða til þessa þar sem skemmdirnar hefðu verið augljósar.

Þorsteinn kvaðst ekki minnast þess að aðrar skemmdir hefðu komið til tals við gerð kaupsamningsins. Þorsteinn kvaðst fyrst hafa fengið niðurstöðu rannsóknar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins í hendur eftir að kaup höfðu farið fram. Fleiri en einn fundur hefði verið haldinn út af kvörtunum aðalstefndu, sá fyrsti fljótlega eftir að þær hefðu komið fram. Þorsteinn taldi að aðalstefnendur hefðu verið tilbúnir til að greiða einhverjar bætur en deilt hefði verið um hvernig það ætti að gera. Hann

kvaðst ekki minnast þess að aðalstefndu hefðu nokkru sinni boðist til þess að gefa út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs. Það hafi verið rætt við umboðsmenn aðalstefnenda að taka inn í afsal fyrirvara um að seljendur ábyrgðust greiðslu á fullnægjandi viðgerð á húsinu, eins og krafa er gerð til í bréfi lögmanns aðalstefndu í bréfi til aðalstefnanda Þórunnar dags. 27. mars 1984. Því hefðu umboðsmennirnir hafnað og talið fyrirvarann of óljósan bæði hvað snerti fjárhæð og greiðslu hennar.

Þorsteinn sagði að aðalstefnendur hefðu ekki viljað gefa leyfi til að aðalstefndu mættu veðsetja íbúðina, þau hefðu viljað fá skýrari stöðu í málið.

Örnólfur Örnólfsson sölumaður kvað aðalstefndu hafa gert tilboð í íbúðina 11. mars 1984. Örnólfur sagði að sölumaður frá Fasteignaþjónustunni hefði farið og skoðað íbúðina þegar hún var tekin í sölu og eftir þeirri lýsingu hefði íbúðin verið seld. Örnólfur kvað sér hafa verið ókunnugt um niðurstöðu rannsóknar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins þegar sala íbúðarinnar fór fram. Umboðsmenn aðalstefnenda hefðu aldrei minnst á rannsóknina. Örnólfur kvaðst hafa sérstaklega spurt aðalstefnanda Garðar að því hvort um einhverja galla á íbúðinni væri að ræða, þar sem hann hefði ekki skoðað íbúðina sjálfur, og þá hefði komið fram að dyraskyggni væri skemmt. Um þetta hefði aðalstefndi Marteinn vitað. Örnólfur kvað hafa verið boðað til fundar um útgáfu afsals og veðskuldabréfs 20. mars 1984, en af honum hafi ekki orðið af ástæðum sem Örnólfur kvað sér ókunnar. Næst hefði verið boðað til sams konar fundar 3. apríl og þá 4. júní, en Örnólfur kvaðst ekki hafa setið þá fundi og var reyndar ekki viss um hvort af þeim hefði orðið

Hinn 11. október 1983 rita Þorsteinn Steingrímsson og Örnólfur Örnólfsson svohljóðandi yfirlýsingu:

„Það staðfestist hér með af gefnu tilefni að við undirritaðir starfsmenn Fasteignaþjónustunnar, Austurstræti 17, minnumst þess að til umræðna kom við gerð kaupsamnings milli kaupenda og selj. íbúðar á jarðhæð hússins nr. 12 við Goðheima í Reykjavík að um múrskemmdir væri að ræða á útihurðarskyggni (sic)."

Aðalstefndi Marteinn kom fyrir dóminn og skýrði m.a. svo frá að þau hjónin hefðu fyrst fengið augastað á kjallaraíbúðinni að Goðheimum 12 í byrjun mars 1983. Þau hefðu fyrst skoðað hana bæði að kvöldlagi skömmu seinna og hefði aðalstefnandi Garðar verið á staðnum. Þau hefðu skoðað íbúðina hátt og lágt og gengið hringinn í kring um húsið og ekkert séð athugavert við það. Marteinn kvaðst hafa komið og skoðað íbúðina aftur seinni part næsta dags ásamt tengdaföður sínum sem væri prentari, en minntist þess ekki að þeir hefðu skoðað húsið að utan. Marteinn kvaðst ekki hafa skoðað íbúðina í fleiri skipti áður en kaupsamningur var gerður. Aðalstefnandi Garðar hefði einnig verið viðstaddur síðari skoðunina, en

hann hefði aldrei minnst á skemmdir á skyggni yfir aðalinngangi hússins og þær hefðu ekki komið til umræðu við gerð kaupsamningsins. Marteinn kvaðst ekki minnast þess að sér hefði verið bent á að tala við aðra íbúðareigendur til þess að fá upplýsingar um ástand hússins.

Marteinn kvað þau aðalstefndu fyrst hafa fengið vitneskju um skemmdir á húsinu á húsfundi sem haldinn hafi verið fljótlega eftir að þau fluttu í íbúðina sem verið hafi um miðjan maí. Á þessum fundi hafi hann fyrst séð niðurstöðu rannsóknar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Eftir fundinn hafi þau aðalstefndu fyrst farið að skoða skyggnið yfir aðalinnganginum og séð að það var skemmt og greinilega meira en aðrir hlutar hússins, en sprungur í veggjum hafi ekki verið mjög greinilegar. Þær hefðu komið greinilega í ljós eftir að málning hefði verið þvegin af húsinu að utanverðu. Sér hefði fundist húsið líta mjög þokkalega út. Haustið 1983 hefðu stærstu sprungurnar verið sagaðar upp og fylltar og húsið málað tvisvar. Þetta hafi verið bráðabirgðaviðgerð.

Marteinn kvað fyrsta fund út af kvörtunum þeirra aðalstefndu hafa verið haldinn 26. september 1983. Aðalstefnendur Garðar og Þórunn hafi setið þennan fund, málið hafi verið rætt, en hvorki gengið né rekið. Næsti fundur hafi líklega verið haldinn í mars 1984 og síðan 4. júní sama ár. Marteinn kvað þau aðalstefndu ekki hafa viljað taka við afsali án þess að það hefði fyrirvara um ábyrgð aðalstefnenda á göllum. Þessi fyrirvari hafi að líkindum verið ræddur á fundinum 4. júní, en aðalstefnendur ekki viljað sætta sig við hann. Marteinn kvaðst á þessum fundi hafa gert skriflega kröfu um að fá kr. 100.000,00 afslátt af kaupverði. Með þessa skriflegu kröfu hafi aðalstefnandi Þórunn farið til þess að bera undir systkini sín, en síðan hafi ekkert í málinu gerst þar til riftunarbréf lögmanns aðalstefnenda hefði borist.

Marteinn kvað þau aðalstefndu ekki hafa boðist til þess að gefa út veðskuldabréfið, það muni ekki hafa komið til tals. Hann minntist þess heldur ekki að þau hefðu verið beðin um að gefa veðskuldabréfið út.

Marteinn kvað aðalstefnendur ekki hafa viljað gefa út veðleyfi og því hefði hann ekki getað leyst út lán hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins sem honum hafi verið veitt. Marteinn kvaðst aldrei hafa fengið áskorun um að greiða samkvæmt þeim ákvæðum sem í veðskuldabréfinu áttu að vera.

Hinn 24. janúar 1985 bað lögmaður aðalstefndu yfirborgardómarann í Reykjavík um að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að lýsa göllum á húsinu að Goðheimum 12 vegna alkalískemmda og mæla fyrir um haldbærar úrbætur og kostnað af þeim. Þá segir orðrétt í matsbeiðninni:

„Þá verði enn lagt fyrir matsmenn að meta, hvað nú væri eðlileg lækkun á kaupverði eignarinnar vegna þessara galla."

Sama dag voru Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari og Ragnar Ingimarsson byggingaverkfræðingur dómkvaddir til að framkvæma hið umbeðna mat.

Matsgerð þeirra er dagsett 14. apríl 1985. Fram kemur í matsgerðinni að ljósmynd nr. 1 sem henni fylgir er tekin af Marteini Gunnarssyni í júní 1983 en ljósmynd nr. 2 í september s.á., eftir að háþrýstiþvottur hafði farið fram á eigninni.

Niðurstöðu skoðunar er lýst með svofelldum orðum:

„Suðurhlið: Veruleg sprungumyndun er á svalaveggjum á öllum hæðum hússins. Sprungumyndun er einnig töluverð við kanta svalagólfanna og nokkuð inn eftir þeim. Töluverðar sprungur eru um miðbik hliðarinnar svo og á austasta hluta hennar. Austurhlið: Hliðin er mikið sprungin. Áberandi eru láréttar sprungur milli gluggabanda, en tiltölulega fínriðið sprungunet er á flestum flötum hliðarinnar. Tröppur og skyggni við aðalinngang eru illa farin. Norðurhlið: Sprungumyndun er nokkru minni á þessari hlið, en hinum tveim fyrrtöldu. Nokkrar greinilegar sprungur eru þó á hliðinni og sprungunet má sjá á takmörkuðum flötum á hliðinni. Vesturhlið: Sprungur eru umfangsmiklar á þessari hlið, bæði stórar sprungur og umfangsmiklir sprungunets flekkir."

Í niðurstöðum matsmanna er fyrst fjallað um rannsókn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, sem að framan er getið. Síðan segir orðrétt:

„Myndir þær sem lagðar voru fram á skoðunarfundi bera með sér sæmilegt ytra útlit á húsinu áður en háþrýstiþvottur var framkvæmdur en jafnframt að undir málningunni voru umfangsmiklar sprungumyndanir. Ljóst er að núverandi málning er ekki orðin tveggja ára og farin að þarfnast endurnýjunar.

Með hliðsjón af ofanskráðu eru matsmenn þeirrar skoðunar að vænlegasti kosturinn sé nú að klæða húsið allt með loftræstiklæðningu. Heildarkostnað við þá framkvæmd metum við á kr. 993.000 00 — níuhundruðníutíuogþrjúþúsund krónur — Eignarhluti matsbeiðanda er 17,2% heildareignarinnar og kostnaðarhluti hans samkvæmt því kr. 170.800,00 — eitthundraðogsjötíuþúsundogáttahundruðkrónur. —

Ef gengið er út frá því að matsbeiðanda hafi ekki verið ljóst hvert var ástand útveggja hússins þegar samið var um kaup á íbúð hans, verður að ætla að umsamið kaupverð hefði orðið nokkru lægra, ef þetta ástand útveggjanna hefði verið honum ljóst. Mat okkar er að í dag hefði ofangreind vitneskja áhrif til lækkunar kaupverðs um kr. 100.000,00 — eitthundraðþúsundkrónur. —"

Matsmaðurinn Magnús Guðjónsson sagði að fjárhæðir í matsgerð væru miðaðar við verðlag 14. apríl 1985. Matsmenn hefðu gert ráð fyrir að eignin

yrði ekki verðminni eftir að viðgerð hefði farið fram sem lögð er til í matsgerð en hún hefði verið ef engar alkalískemmdir hefðu komið fram. Þegar matsmennirnir teldu að vitneskja um alkalískemmdir hefði áhrif til lækkunar kaupverðs um kr. 100.000,00 þá væri um að ræða söludag eignarinnar en ekki að eignin væri þessu verðminni eftir að gert hefði verið við hana.

Magnús kvaðst greina sprungumyndanir á veggjum hússins á myndum sem sýndar voru í réttinum, en þær eru hinar sömu og fylgja matsgerð nema dekkri á litinn.

Matsmaðurinn Ragnar Ingimarsson var veikur daginn sem aðalflutningur málsins fór fram.

Aðalstefnendur byggja kröfur sínar um riftun kaupsamningsins frá 24. mars 1983 á þeim forsendum að aðalstefndu hafi vanefnt hann í verulegum atriðum. Riftunarkrafan sé byggð á lögjöfnun frá 28. gr. kaupalaganna.

Í fyrsta lagi hafi þau ekki gefið út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs íbúðarinnar.

Í öðru lagi hafi þau ekki greitt hluta kaupverðs kr. 75.000,00 á gjalddaga 20. mars 1984 heldur fyrst 4. júní s.á.

Í þriðja lagi hafi aðalstefndu ekki innt af hendi greiðslur samkvæmt þeim ákvæðum sem veðskuldabréfið hafi átt að geyma, þ.e. kr. 87.500,00 hinn 5. júní 1984 ásamt kr. 125.708,00 í vexti, og sömu fjárhæð 5. júní 1985 og kr. 78.750,00 í vexti. Þessar fjárhæðir samanlagðar nemi kr. 379.458,00 eða nær þriðjungi kaupverðs íbúðarinnar.

Aðalstefnendum hafi ekki verið unnt að gefa út afsal fyrir íbúðinni vegna krafna aðalstefndu um afslátt eða skaðabætur sem þau hafi krafist að getið væri um í afsali. Með þessu hafi aðalstefndu reynt að þvinga aðalstefnendur til þess að veita afslátt af kaupverði íbúðarinnar eða greiða skaðabætur. Aðalstefndu hafi átt það úrræði að rita fyrirvara á afsalið eftir undirritun þess og höfða sérstakt dómsmál til innheimtu afsláttar eða skaðabóta úr hendi aðalstefnenda.

Skaðabótakrafa aðalstefnenda á hendur aðalstefndu sé miðuð við það að aðalstefndu greiði þeim sömu fjárhæð og aðalstefnendur hafi þurft að greiða fasteignasala fyrir sölu á íbúðinni. Ennfremur að aðalstefndu greiði húsaleigu fyrir tímann frá 1. apríl 1983 til loka nóvembermánaðar 1985 samtals kr. 417.800,00. Sé við það miðað að aðalstefndu greiði árið 1983 kr. 10.600,00 í mánaðarleigu, kr. 12.600,00 árið 1984 og kr. 16.000,00 árið 1985. Krafan um greiðslu húsaleigu sé byggð á niðurstöðum mats Indriða Níelssonar úttektarmanns Reykjavíkurborgar samkvæmt lögum nr. 44/1979 um húsaleigusamninga. Aðalstefndu hafi haft full not íbúðarinnar á þessum tíma og tjón aðalstefnenda vegna missis leigutekna nemi þessari fjárhæð.

Krafa aðalstefnenda um að aðalstefndu verði dæmd til að afmá kaup-

samninginn úr veðmálabókum Reykjavíkur og lán það sem þau hafi þinglýst á íbúðina að viðlögðum dagsektum skýri sig sjálf. Þessa kröfu sé heimilt að hafa uppi fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Varakrafa aðalstefnenda um greiðslu andvirðis veðskuldabréfs þess sem aðalstefndu hafi átt að gefa út samkvæmt kaupsamningnum sé sett fram, ef svo skyldi fara að riftun kaupsamningsins næði ekki fram að ganga. Vanefndir aðalstefndu á útgáfu og greiðslum samkvæmt veðskuldabréfinu séu slíkar að greiðslan kr. 350.000,00 sé nú öll gjaldfallin og beri aðalstefndu að greiða hana í einu lagi ásamt þeim vöxtum sem aðalstefnendur krefjist.

Af hálfu aðalstefndu er því haldið fram að aðalstefnendur hafi ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt kaupsamningnum. Á þeim degi þegar gefa hafi átt út afsal hafi þau ekki öll verið þinglesnir eigendur íbúðarinnar og því ekki haft formlega eignarheimild. Þá hafi aðalstefnendur neitað aðalstefndu um veðleyfi sem þeim hafi verið skylt að gefa þeim samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins. Af þessum ástæðum hafi aðalstefndu verið heimilt að draga greiðslur með þeim hætti sem þau hafi gert. Aðalstefndu hafi greitt alla útborgun kaupverðsins og í vanskilum sé aðeins fyrsta afborgun af veðskuldabréfi kr. 87.500,00 sem sé lítill hluti kaupverðsins. Riftun kaupanna sé því aðalstefnendum óheimil. Aðalstefnendur hafi engum áskorunum beint til aðalstefndu um að greiða. Aðalstefndu hafi í bréfi dags. 27. mars 1984 boðist til að fullnægja samningsskyldum sínum að vissum skilyrðum uppfylltum af hálfu aðalstefnenda. Aðalstefndu hafi lagt fram skriflega tillögu hinn 4. júní 1984 um lausn á deilu aðila um afslátt eða skaðabætur vegna galla sem aðalstefnandi Þórunn hafi ætlað að bera undir sameigendur sína. Frá aðalstefnendum hafi síðan ekkert heyrst þar til þau hafi rift kaupunum með bréfi dags. 13. september 1984, en þeirri riftun sé alfarið hafnað af aðalstefndu.

Af hálfu aðalstefndu er því haldið fram að krafa aðalstefnenda um að aflýst verði kaupsamningi og láni á íbúðinni eigi ekki að gera fyrir bæjarþinginu heldur fógetarétti og eigi krafa þessi að sæta frávísun ex officio.

Þá halda aðalstefndu því fram að aðalstefnendur geti ekki gert kröfu um greiðslu vaxta af skaðabótum þar sem sú krafa hafi fyrst verið sett fram við munnlegan flutning málsins og ekki boðað í stefnu að svo myndi verða gert. Þá hafi aðalstefnendum borið að setja strax fram kröfu um greiðslu ákveðinnar fjárhæðar skaðabóta. Óheimilt sé samkvæmt einkamálalögunum að draga það til munnlega flutnings málsins eins og aðalstefnendur hafi gert. Gagnstefnendur halda því fram að þau eigi rétt til skaðabóta og afsláttar af kaupverði íbúðarinnar þar sem í ljós hafi komið eftir að kaupin voru gerð að útveggir hússins séu haldnir alkalískemmdum. Aðalstefndu hafi framkvæmt almenna og eðlilega skoðun á eigninni og

enga þá ágalla séð á henni sem hafi gefið leikmönnum ástæðu til að ætla að húsið væri gallað. Aðalstefnendur hafi ekki talið sig vita um neina galla. Hins vegar hafi verið upplýst í málinu að aðalstefnendur hafi ekkert séð athugavert við húsið utanvert sjálf en jafnframt að þau hafi vitað um að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hafi gert rannsókn á húsinu og að niðurstaða þeirrar rannsóknar hafi verið sú að húsið sé haldið alkalískemmdum. Í niðurstöðum Rannsóknastofnunarinnar segir að ekki sé mikið um sprungur í veggjum hússins. Alkalískemmdir séu þess eðlis að rannsókn þurfi til þess að leiða þær í ljós. Aðalstefndu hafi ekki mátt vera það ljóst að húsið væri haldið þessum göllum.

Krafa um skaðabætur sé byggð á mati dómkvaddra matsmanna. Þótt sú viðgerð væri framkvæmd sem matsmennirnir geri ráð fyrir verði húsið ekki jafn verðmikið og það væri óskemmt. Því eigi gagnstefnendur auk skaðabóta rétt á afslætti af kaupverði.

Af hálfu gagnstefndu er því haldið fram að ekki sé hægt að krefjast skaðabóta og afsláttar í senn eins og gagnstefnendur geri.

Niðurstöður rannsóknar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins gefi það til kynna að sprungur hafi verið vel sjáanlegar utan á húsinu. Sprungur komi fram á myndum sem teknar hafi verið af húsinu í júní 1983 eða nokkru eftir að skoðun gagnstefnenda á húsinu hafi farið fram. Annar matsmanna hafi lýst því að sprungur mætti greina á þessum myndum. Gagnstefnendur hafi því séð eða mátt sjá það sem þeir telji nú vera galla á húsinu og þeir hafi því ekki fullnægt skyldu sinni til skoðunar. Af þessum sökum eigi gagnstefnendur ekki rétt á skaðabótum eða afslætti af kaupverði.

Niðurstaða dómsins.

Um fyrri aðalkröfu gagnstefnenda.

Þar sem niðurstaða um kröfur í gagnsök hefur áhrif á niðurstöðu um kröfur í aðalsök þykir rétt að gera fyrri aðalkröfu stefnenda í gagnsök fyrst skil.

Eins og að framan er rakið fór rannsókn fram á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á útveggjum hússins að Goðheimum 12 á miðju ári 1982. Niðurstaða hennar varð sú að veggirnir væru skemmdir af alkalíi sem verður að telja alvarlegan galla.

Gagnstefndi Garðar kvaðst sjálfur ekki hafa komið auga á að húsið væri skemmt af alkalíi, en reyndar mun yfirleitt ekki vera á færi annarra en sérfróðra manna að greina alkalískemmdir frá öðrum steypuskemmdum og oft þarf rannsóknir til.

Upplýst er að gagnstefndi Þórunn, sem átti rúman þriðjung íbúðarinnar og var annar af tveimur umboðsmönnum systkina sinna við sölu hennar,

vissi um framangreinda rannsókn þegar kaupin fóru fram. Hún vissi einnig að rannsóknin hafði leitt í ljós að útveggir hússins voru skemmdir en kvaðst ekki hafa vitað að um alkalískemmdir var að ræða. Þórunn virðist ekki hafa gert reka að því að kanna hvers eðlis skemmdirnar væru og ekki kom hún vitneskju sinni um þær til vitundar gagnstefnenda.

Þegar litið er til þessa verður að telja að minna máli skipti þótt skoðun gagnstefnenda á útveggjum hússins hafi ekki verið jafn rækileg og skyldi, en ósannað er að þeir hafi gert sér grein fyrir því að útveggirnir væru skemmdir af alkalíi eða gagnstefndu hafi mátt ætla að þeir gerðu það þegar kaupin fóru fram. Samkvæmt því sem að framan er rakið verður að telja gagnstefndu ábyrga gagnvart gagnstefnendum vegna þessa galla.

Hinn 14. apríl 1985 fór fram mat á því annars vegar hvað haldbærar úrbætur á gallanum myndu kosta og hins vegar hver áhrif vitneskja um gallann myndi nú hafa á kaupverð eignarinnar, en á þann veg verður að skilja matsbeiðni gagnstefnenda.

Matsmennirnir telja að úrbætur muni kosta kr. 170.800,00, en kaupverðið þá er kaupin voru gerð hefði orðið lægra vegna gallanna og lækkun myndi nema kr. 100.000,00 á verðlagi 14. apríl 1985. Báðar fjárhæðirnar eru því miðaðar við verðlag á matsdegi.

Niðurstöðum matsgerðarinnar hefur ekki verið hnekkt.

Gagnstefnendur gera kröfu til þess aðallega að fá greiddar skaðabætur að fjárhæð kr. 270.800,00 en til vara skaðabætur eða afslátt af kaupverði að mati dómsins.

Ljóst er að gagnstefnendur byggja aðalkröfu sína á báðum niðurstöðum dómkvaddra matsmanna og gera því í senn kröfu um að fá greiddar skaðabætur og að fá afslátt af kaupverði en slíkar kröfur eiga eins og hér stendur á ekki stoð í lögum. Gagnstefnendur hafa ekki leitt rök að því að kostnaður vegna úrbóta á alkalískemmdunum verði meiri á verðlagi 14. apríl 1985 en kr. 170.800,00 eða tjón þeirra sé meira en svo að það verði bætt með þeirri fjárhæð. Gagnstefndu hafa ekki hnekkt niðurstöðum matsmanna og ekki borið fyrir sig neinar sérstakar ástæður sem leitt gætu til þess að skaðabætur ættu að vera lægri. Niðurstaðan um fyrri aðalkröfu stefnenda í gagnsök er því sú að gagnstefndu ber að greiða þeim kr. 170.800,00 með dómvöxtum frá þingfestingardegi gagnsakar 6. maí 1985 til greiðsludags.

Um aðalkröfur aðalstefnenda.

Að framan er því lýst að aðalstefndu greiddu ekki síðasta hluta útborgunar kaupverðs kr. 75.000,00 á gjalddaga 10. mars 1984, heldur 4. júní s.á. og bættu þar með úr þeirri vanefnd. Aðalstefnendur tóku við þessari greiðslu án fyrirvara um annað en greiðslu vaxta frá gjalddaga til greiðsludags. Aðalstefnendur riftu kaupunum með ábyrgðarbréfi dags. 13. septem-

ber 1984 eða rúmum þremur mánuðum síðar. Þau þykja því ekki geta byggt riftunarkröfu sína á þessari vanefnd.

Í málinu er komið fram að fljótlega eftir 9. ágúst 1983 þegar aðalstefndu rituðu kvörtunarbréf út af meintum göllum á eigninni hófust viðræður aðila um kvartanir þessar og skaðabætur eða afslátt af kaupverði vegna meintra galla. Síðasti fundur aðila um þessa deilu var 4. júní 1984, en þá gerðu aðalstefndu kröfu um afslátt af kaupverði, kr. 100.000,00. Hvorugt var gert að gefa út afsal eða veðskuldabréf þá eða 20. mars eins og gert mun hafa verið ráð fyrir samkvæmt kaupsamningnum. Aðalástæðan mun hafa verið sú að deila aðila var óleyst. Ósannað verður að telja að aðalstefnendur hafi ekki haft formlega heimild fyrir eignarhaldi sínu á íbúðinni hinn 20. mars 1984. Eins og sakir stóðu á þessum tíma verður það tæplega talið aðalstefnendum (sic) til vanefnda sem riftun verði byggð á að þeir gáfu ekki út veðskuldabréfið á þeim tíma sem gert var ráð fyrir í kaupsamningi. Öðru máli gegnir um þá staðreynd að aðalstefndu greiddu eigi aðalstefnendum fjárhæð sem svaraði fyrstu afborgun og vöxtum af því veðskuldabréfi sem aðalstefndu áttu að gefa út samkvæmt ákvæðum kaupsamnings. Gjalddagi fyrstu afborgunar veðskuldabréfsins kr. 87.500,00 átti að vera 5. júní 1984 og þá voru áfallnir vextir kr. 125.708,00. Þessi greiðsla var í vanskilum hjá aðalstefndu þegar aðalstefnendur riftu kaupunum. Krafa aðalstefnenda er sú að riftun kaupsamningsins sem gerð var með bréfi dags. 13. september 1984 verði viðurkennd með dómi en riftunarkröfunni var hafnað af hálfu aðalstefndu með bréfi lögmanns þeirra dags. 16. september 1984. Aðalstefnendur hafa ekki gert varakröfur um riftun. Eins og mál þetta liggur hér fyrir dóminum verður að meta hvort vanefndir þær sem orðnar voru af hálfu aðalstefndu þegar riftunarkrafan var gerð voru slíkar að riftun skuli heimiluð. Þegar tekið er tillit til niðurstöðu dómsins um kröfur stefnenda í gagnsök verður ekki talið að vanefndir aðalstefndu á þeim tíma er kaupsamningnum var rift hafi verið slíkar að riftun kaupsamningsins hafi verið heimil og ber því að sýkna aðalstefndu af þeirri kröfu aðalstefnenda. Af þessari niðurstöðu leiðir að sýkna ber aðalstefndu af öðrum aðalkröfum aðalstefnenda.

Um varakröfu aðalstefnenda.

Riftun aðalstefnenda hinn 13. september 1984 hafði það í för með sér að frá þeim tíma gátu þeir ekki jafnframt krafist þess að aðalstefndu stæðu við ákvæði kaupsamningsins, þ. á m. að greiða hinn 5. júní 1985 þá fjárhæð sem þau áttu að greiða samkvæmt ákvæðum kaupsamnings um efni veðskuldabréfs enda var slík krafa ekki gerð. Af þessum sökum geta aðalstefnendur ekki byggt á því sem vanefnd af hálfu aðalstefndu að þau greiddu ekki á þessum tíma enda verður að líta svo á að riftun aðalstefn-

enda hafi sjálfkrafa haft viðtökudrátt í för með sér á þeirri greiðslu. Sá sem riftir getur ekki gert það tvennt í senn að halda við riftun sína og taka jafnframt við efndum samkvæmt þeim samningi sem hann hefur rift svo hvort tveggja hafi áhrif að lögum. Verður því ekki talið að aðalstefndu hafi tapað rétti þótt þau hafi ekki reynt að inna þessa greiðslu af hendi með einhverju móti.

Hins vegar liggur það fyrir að aðlstefndu vanefndu þá skyldu sína að greiða hinn 5. júní 1984 afborgun og vexti samkvæmt þeim ákvæðum sem veðskuldabréfið átti að geyma. Niðurstaðan í gagnsök er sú að aðalstefndu hafi átt skaðabótakröfu á þessum tíma á hendur aðalstefnendum þó ekki jafnháa og gjaldfallinni afborgun og vöxtum nam. Þessi munur þykir þó ekki nægja til þess að skapa aðalstefnendum rétt á að fá nú greiddar allar eftirstöðvar kaupverðsins, heldur einungis þær sem í gjalddaga eru fallnar samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins um efni veðskuldabréfsins.

Eins og kröfugerð er háttað í máli þessu þykir verða að dæma vexti sjálfstætt af kröfum í aðalsök án tillits til niðurstöðu í gagnsök.

Samkvæmt framangreindu ber aðalstefndu að greiða aðalstefnendum in solidum kr. 175.000,00 með 30% ársvöxtum af kr. 350.000,00 frá 24. mars 1983 til 5. júní 1984 og af kr. 262.500,00 frá þeim tíma til 5. júní 1985 og af kr. 166.250,00 frá þeim tíma til greiðsludags. Þá greiði aðalstefndu aðalstefnendum 19% ársvexti af kr. 213.208,00 frá 5. júní 1984 til 30. október s.á. og dómvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Um síðari aðalkröfu gagnstefnenda.

Samkvæmt framangreindum niðurstöðum ber að dæma gagnstefndu til að gefa út afsal til gagnstefnenda fyrir kjallaraíbúðinni í húsinu nr. 12 við Goðheima í Reykjavík gegn útgáfu skuldabréfs, með veðtryggingu eins og segir í kaupsamningi aðila, dags. 24. mars 1983, að fjárhæð kr. 175.000,00 með 30% ársvöxtum frá 5. júní 1985 og gjalddögum 5. júní 1986 og 5. júní 1987, en kr. 87.500,00 greiðast í hvort skipti ásamt áföllnum vöxtum.

Málskostnaður í báðum sökum fellur niður.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson borgardómari og meðdómsmennirnir Flosi Ólafsson múrarameistari og Vífill Oddsson verkfræðingur.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Marteinn Gunnarsson og Ingunn Steinþórsdóttir, skulu vera sýkn af kröfum aðalstefnenda, Auðbjargar, Erlu, Garðars, Guðfinnu, Kjartans, Kristínar, Páls og Þórunnar Ingimarsbarna, að öðru leyti en því að þau greiði þeim in solidum kr. 175.000,00 með 30% ársvöxtum af kr. 350.000,00 frá 24. mars 1983 til 5. júní 1984 og af kr. 262.500,00 frá þeim tíma til 5.júní 1985 og af kr. 166.250,00

frá þeim tíma til greiðsludags. Þá greiði aðalstefndu aðalstefnendum 19% ársvexti af kr. 213.208,00 frá 5. júní 1984 til 30. október s.á. og dómvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök greiði gagnstefndu, Auðbjörg, Erla, Garðar, Guðfinna, Kjartan, Kristín, Páll og Þórunn Ingimarsbörn gagnstefnendum Marteini Gunnarssyni og Ingunni Steinþórsdóttur kr. 170.800,00 með dómvöxtum frá 6. maí 1985 til greiðsludags.

Þá gefi gagnstefndu út afsal til gagnstefnenda fyrir kjallaraíbúðinni í húsinu nr. 12 við Goðheima í Reykjavík gegn útgáfu skuldabréfs, með veðtryggingu eins og segir í kaupsamningi aðila dags. 24. mars 1983, að fjárhæð kr. 175.000,00 með 30% ársvöxtum frá 5. júní 1985 og gjalddögum 5. júní 1986 og 1987, en kr. 87.500,00 greiðast í hvort skipti ásamt áföllnum vöxtum.

Málskostnaður fellur niður í báðum sökum.

Föstudaginn 19. desember 1986.

Nr. 252/1986. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Birni Pálssyni
(Eiríkur Tómasson hrl.)

Okur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var með áfrýjunarstefnu 27. ágúst 1986 skotið af hálfu ákæruvalds til Hæstaréttar til þyngingar, en ákærði hafði viljað hlíta héraðsdómi.

I.

Í ákæru máls þessa segir að háttsemi sú, sem ákærða er gefin að sök, teljist varða við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960 sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir 16. desember 1983 og 20. janúar 1984. Einnig er í ákærunni vitnað í „bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa."

Þar sem refsing fyrir ólöglega vaxtatöku byggist á nefndu ákvæði laga nr. 58/1960 í tengslum við 3. gr. sömu laga og gildandi auglýsingar um hámarksvexti hefði í ákærunni átt að tilgreina þær auglýsingar Seðlabanka sem í gildi voru á þeim tíma sem hér er um að ræða, en ákæran lýtur að ólöglegri vaxtatöku af lánum veittum á tímabilinu 16. júlí 1984 til 24. október 1985. Auglýsingar Seðlabankans, sem til er vitnað í ákæru, voru eigi í gildi á þeim tíma sem hér skiptir máli og bréf Seðlabankans 7. janúar 1986 er eigi refsiheimild, svo sem réttilega er tekið fram í héraðsdómi.

Þar sem háttsemi ákærða er nægilega lýst í ákærunni þykir þó hægt að komast hjá því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá héraðsdómi vegna nefndra galla á ákæru.

II.

1. Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærði hafi á tímabilinu frá 16. júlí 1984 til 13. október 1985 látið Hermanni Björgvinssyni í té þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í ákæru, en hins vegar eigi þær 300.000,00 krónur sem hann er talinn hafa lánað Hermanni 24. október 1985; ennfremur að ákærði hafi tekið við eða áskilið sér endurgjald fyrir lán svo sem ákæra greinir, að öðru leyti en því að ekki var um að ræða endurgjald fyrir lán 24. október 1985 og endurgjald fyrir lán 22. mars 1985 nam 30.000,00 krónum en eigi 80.000,00 krónum.

2. Svo sem í héraðsdómi greinir gilti auglýsing Seðlabanka Íslands 9. maí 1984 um vexti o.fl. er ákærði lánaði Hermanni Björgvinssyni 300.000,00 krónur hinn 16. júlí 1984 (atriði XIII í ákæru). Endurgjald það er ákærði tók fyrir lán þetta og svaraði til 80% ársvaxta braut því í bág við 2. mgr. 6. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 58/1960 sbr. áðurnefnda auglýsingu Seðlabankans. Ber að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómara að ákærði hafi í þessu tilviki tekið ólöglega vexti að fjárhæð 14.750,00 krónur en eigi 14.851,00

krónu eins og í ákæru greinir, en þar er miðað við að leyfilegir hámarksvextir hafi verið 20,6% á ári, en samkvæmt 4. lið II. kafla nefndrar auglýsingar 9. maí 1984 námu þeir 21% á ári.

3. Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, giltu um Seðlabanka Íslands lög nr. 10/1961 sem nú hafa verið afnumin við gildistöku laga nr. 36/1986 hinn 1. nóvember sl. Telja verður að ákærði verði aðeins dæmdur í refsingu samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960 að því leyti sem í gildi hafi verið ákveðnar reglur um hámark útlánsvaxta, settar af Seðlabankanum samkvæmt 13. gr. laga nr. 10/1961 og birtar í Lögbirtingablaði. Slíkar reglur er að finna í auglýsingu bankans 9. maí 1984 sem áður var nefnd. Í auglýsingu bankans 2. ágúst 1984, sem felldi úr gildi auglýsinguna 9. maí, voru ákvæði um útlánsvexti, en viðskiptabönkum jafnframt heimilað að ákveða aðra vexti með samþykki Seðlabankans. Auglýsingin 2. ágúst 1984 var felld úr gildi með auglýsingu 20. desember 1984, birtri í Lögbirtingablaði 28. s.m., en hún skyldi taka gildi 1. janúar 1985. Í II. kafla hennar eru ákvæði um útlánsvexti af ýmsum tegundum lána sem hér skipta ekki máli. Í lok kaflans segir að innlánsstofnunum sé með vissum skilyrðum heimilt að ákveða vaxtakjör af öðrum útlánum en að framan greini og að þeim sé skylt að auglýsa vaxtakjör sín á áberandi og skilmerkilegan hátt í afgreiðslum sínum og tilgreina nafnvexti og dæmi um ársvöxtun. Í lok III. kafla segir m.a. svo: „Ákvarðanir innlánsstofnana um vexti á grundvelli auglýsingar þessarar, svo og framangreindar ákvarðanir Seðlabankans um vexti og vanskilavexti gilda sem hámarksvextir í hliðstæðum og sambærilegum lánsviðskiptum og skuldaskiptum utan innlánsstofnana, sbr. lög nr. 58/1960 ...“ Seðlabankinn hvarf þannig frá því að ákveða sjálfur hámark vaxta, og breyttist það ekki við gildistöku auglýsingar bankans 3. maí 1985 er leysti auglýsingu 20. desember 1984 af hólmi. Auglýsingar bankans „um meðaltal vaxta nýrra, almennra skuldabréfa hjá bönkum og sparisjóðum og vanskilavexti“,sem grein er gerð fyrir í héraðsdómi, geyma ekki nægilega ákvörðun bankans um hæstu leyfilega útlánsvexti.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta þá úrlausn hans að engin gild fyrirmæli hafi verið til um hámarksvexti frá gildistöku auglýsingarinnar 2. ágúst 1984 til ársloka og beri því að sýkna ákærða af þeim ákæruatriðum sem í ákæru eru auðkennd

XIV (24. ágúst 1984), V (9. nóvember 1984), IV (13. desember 1984) og X (28. desember 1984). En að auki verður, með skírskotun til þess sem áður segir um nauðsyn á ótvíræðum ákvæðum um hámark vaxta ef beita eigi refsiákvæði 2. mgr. 6. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 58/1960, að telja að um slík ákvæði hafi heldur eigi verið að ræða frá ársbyrjun 1985 til loka þess tímabils sem hér um ræðir. Leiðir það til þess að ákærði verður einnig sýknaður af ákæru um ólöglega vaxtatöku í sambandi við þau lán sem hann veitti Hermanni Björgvinssyni á árinu 1985.

III.

Refsing ákærða fyrir brot það sem lýst var undir II.2. hér að framan er hæfilega ákveðin 60.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og vararefsing sektar 30 daga varðhald.

Samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að ákveða að sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður verði að hálfu greiddur af ákærða en að hálfu úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Pálsson, greiði 60.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 30 daga varðhald fyrir sektina ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði 30.000,00 krónur upp í saksóknarlaun fyrir Hæstarétti. Sakarkostnað í héraði og annan áfrýjunarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í Hæstarétti, Eiríks Tómassonar hæstaréttarlögmanns, 60.000,00 krónur, greiði ákærði að hálfu en ríkissjóður að hálfu.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Í ákæru er ákærða gefið að sök okur á tímabilinu 16. júlí 1984 til 24. október 1985 og eru brot hans talin varða við 2. mgr. 6. greinar laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti og fleira,

sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir, dagsettar 16. desember 1983 og 20. janúar 1984, sbr. ennfremur „bréf Seðlabanka Íslands dagsett 7. janúar 1986 vegna máls þessa um hæstu lögleyfða vexti af víxlum og skuldabréfum frá 21. september 1983 til 31. desember 1985."

Um ákæruskjalið athugast þetta:

1. Í 2. mgr. 6. greinar laga nr. 58/1960 eru greind refsiviðurlög við því ef maður áskilur sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er í lögunum. Ákvæðið geymir hins vegar ekki sjálfstæða lýsingu á þeim brotum sem þar eru lögð refsing við. Verður um hana að líta til annarra ákvæða laganna. Í ákæruskjalinu er ekki tiltekið hver þeirra ákvæða ákærði hafi brotið.

2. Ekkert ákvæði laga nr. 58/1960 greinir sjálfstætt hversu háa vexti mönnum sé heimilt að taka af peningalánum eða öðrum skuldum. Vísa einstök ákvæði laganna um þetta til annarra réttarheimilda, og þá einkum til ákvarðana Seðlabanka Íslands um hámarksvexti sem teknar eru á grundvelli heimildar bankans samkvæmt 16. grein laga nr. 63/1957 til að ákveða hámark vaxta, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 að því er varðar þann tíma sem ákæran tekur til.

3. Í ákærunni er um vaxtaákvarðanir þessar vitnað til auglýsinga Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir, sem dagsettar eru 16. desember 1983 og 20. janúar 1984. Sú skírskotun er þó án nánari tilgreiningar á einstökum ákvæðum auglýsinganna, þeim sem af ákæruvalds hálfu séu talin hafa verið brotin með þeim verknaði sem ákærða er gefinn að sök.

4. Þær tvær auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti, sem vitnað er til í ákæru svo sem sagt var, höfðu í raun réttri verið felldar úr gildi á þeim tíma, sem ákærði er sagður hafa framið brot sín, sbr. niðurlagsákvæði í auglýsingum Seðlabanka Íslands 20. janúar 1984 og 9. maí 1984, er birtar voru í Lögbirtingablaði 21. janúar 1984 og 11. maí 1984. Gat því aldrei til þess komið að ákærði teldist hafa brotið gegn þeim.

5. Að öðru leyti en nú var sagt eru engar einstakar löglega birtar ákvarðanir Seðlabanka Íslands um leyfða vaxtahæð sjálfstætt greindar í ákæruskjali. Er um þetta atriði látið sitja við það eitt

að tilgreina „bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa um hæstu lögleyfða vexti af víxlum og skuldabréfum frá 21. september 1983 til 31. desember 1985“ svo sem fyrr var sagt.

Bréf þetta er ritað sérstaklega vegna máls þessa og sent Rannsóknarlögreglu ríkisins. Í því er yfirlit um það hvaða vexti Seðlabankinn telji hafa verið leyfilegt að taka hæsta í tilteknum lögskiptum. Bréfið verður að virða sem stuðningsgagn við rannsókn málsins en ekki sem réttarheimild um refsinæmi verknaðar sem tilgreina skal í ákæru.

Þegar alls þess er gætt, sem nú hefur verið rakið, tel ég að ákæran í málinu fullnægi ekki skilyrðum 3. tl. 2. málsgreinar 115. greinar laga nr. 74/1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107/1976. Beri því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá sakadóminum.

Þar sem þessi niðurstaða hefur ekki hlotið samþykki meiri hluta dómenda mun ég samkvæmt 53. grein laga nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni málsins og er samþykkur dómsatkvæði þeirra.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. ágúst 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 12. ágúst er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 399/1986: Ákæruvaldið gegn Birni Pálssyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. mars 1986, á hendur Birni Pálssyni lögfræðingi, Bræðraborgarstíg 49 í Reykjavík, fæddum í Reykjavík 1. október 1931, „fyrir okur, með því að hafa á árunum 1984 og 1985 veitt Hermanni Gunnari Björgvinssyni, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, í 30 skipti peningalán og þá jafnframt áskilið sér og tekið við hærri vöxtum af peningalánunum en lögleyft var á því tímabili, í fyrsta skipti þann 16. júlí 1984 lánað honum kr. 300.000,00 sem greiðast skyldi þann 16. ágúst 1984 og þá um leið tekið við úr hendi Hermanns Gunnars tékka, dagsettan (sic) á gjalddaga lánsins, að fjárhæð kr. 320.000,00 fyrir höfuðstólnum og hinum áskildu vöxtum, sem námu því kr. 20.000,00 og svara til 80% ársvaxta í stað 20,6% ársvaxta, sem þá var hæst heimilt að áskilja sér af slíkum peningalánum, og því kr. 14.851,00 umfram hæstu lögleyfða vexti á því tímabili, og síðan eftir það veitt Hermanni Gunnari í 29 skipti peningalán með okurvöxtum, í síðasta skiptið þann 24. október 1985, og á þann hátt áskilið sér og tekið við á fyrrgreindu tímabili samtals kr. 468.963,00 umfram lögleyfða vexti, svo sem hér á eftir verður nánar rakið í sérstöku yfirliti um lánveitingarnar:

	Dagsetning láns	*Greiðslu-dagur*	*Lánsfjár hæð*	*Endur-greitt*	*Áskildir vextir*	
					pr. ár í %	*Miðað við tímabil kr.*
I	16. 9. 1985	11.11. 1985	350000.	380000.	50.8	30000.
II	9. 8. 1985	9. 9. 1985	300000.	320000.	72.6	20000.
II	9. 9. 1985	9.10. 1985	300000.	320000.	72.6	20000.
II	9.10. 1985	9.11. 1985	300000.	320000.	72.6	20000.
III	24. 5. 1985	24. 6. 1985	300000.	320000.	72.6	20000.
III	24. 6. 1985	24. 8. 1985	300000.	341000.	71.0	41000.
III	24. 8. 1985	24. 9. 1985	300000.	320000.	72.6	20000.
III	24. 9. 1985	24.10. 1985	300000.	320000.	72.6	20000.
III	24.10. 1985	24.11. 1985	300000.	320000.	72.6	20000.
IV	13.12. 1984	13. 1. 1985	300000.	319800.	79.2	19800.
IV	13. 1. 1985	13. 2. 1985	300000.	319800.	71.9	19800.
IV	13. 2. 1985	13. 3. 1985	300000.	319800.	71.9	19800.
IV	13. 3. 1985	13. 4. 1985	300000.	319800.	71.9	19800.
IV	13. 4. 1985	13. 5. 1985	300000.	319800.	71.9	19800.
IV	13. 5. 1985	13. 6. 1985	300000.	319800.	71.9	19800.
IV	13. 6. 1985	13. 8. 1985	300000.	341000.	71.0	41000.
IV	13. 8. 1985	13. 9. 1985	300000.	320000.	72.6	20000.
IV	13. 9. 1985	13.10. 1985	300000.	320000.	72.6	20000.
IV	13.10. 1985	13.11. 1985	300000.	320000.	72.6	20000.
V	9.11. 1984	3. 1. 1985	300000.	350000.	93.5	50000.
VI	18. 2. 1985	18. 3. 1985	250000.	268000.	78.0	18000.
VII	22. 3. 1985	24. 5. 1985	350000.	430000.	106.3	80000.
VIII	13. 5. 1985	8. 7. 1985	350000.	380000.	50.8	30000.
IX	18. 1. 1985	22. 3. 1985	300000.	350000.	79.1	50000.
X	28.12. 1984	15. 2. 1985	330000.	360000.	69.6	30000.
XI	10. 7. 1985	20. 9. 1985	350000.	400000.	63.4	50000.
XII	31. 5. 1985	4. 6. 1985	200000.	201000.	44.8	1000.
XIII	16. 7. 1984	16. 8. 1984	300000.	320000.	80.0	20000.
XIV	24. 8. 1984	24. 9. 1984	200000.	213330.	72.6	13330.
XV	25. 3. 1985	25. 4. 1985	200000.	213330.	72.6	13330.

Lögleyfðir vextir		*Vextir umfram lögl.*	*Hæstu lögleyfðu vextir á láns-*
pr. ár í %	*Miðað við tímab. kr.*	*fyrir tímab. kr.*	*tímanum miðast við..*
30.0	17733.	12267.	hæstu víxlavexti
30.0	8267.	11733.	hæstu víxlavexti
30.0	8267.	11733.	hæstu víxlavexti
30.0	8267.	11733.	hæstu víxlavexti
29.5	8129.	11871.	hæstu víxlavexti
29.5	17045.	23955.	hæstu víxlavexti
30.0	8267.	11733.	hæstu víxlavexti
30.0	8267.	11733.	hæstu víxlavexti
30.0	8267.	11733.	hæstu víxlavexti
28.1	7026.	12774.	hæstu skuldabréfa
31.0	8537.	11263.	hæstu víxlavexti
31.0	8537.	11263.	hæstu víxlavexti
31.0	8537.	11263.	hæstu víxlavexti
31.0	8537.	11263.	hæstu víxlavexti
30.5	8399.	11401.	hæstu víxlavexti
29.5	17045.	23955.	hæstu víxlavexti
30.0	8267.	11733.	hæstu víxlavexti
30.0	8267.	11733.	hæstu víxlavexti
30.0	8267.	11733.	hæstu víxlavexti
24.0	12833.	37167.	hæstu víxlavexti
31.0	7154.	10846.	hæstu víxlavexti
31.0	23328.	56673.	hæstu víxlavexti
30.5	18029.	11971.	hæstu víxlavexti
31.0	19590.	30410.	hæstu víxlavexti
31.7	13638.	16362.	hæstu skuldabréfa
29.5	23272.	26728.	hæstu víxlavexti
29.5	659.	341.	hæstu víxlavexti
20.6	5149.	14851.	hæstu skuldabréfa
23.0	4225.	9105.	hæstu víxlavexti
31.0	5695.	7635.	hæstu víxlavexti

Áskildir vextir fyrir tímabilið	kr. 786460.
Lögleyfðir vextir fyrir tímabilið	kr. 317497.
Vextir umfram lögleyfða fyrir tímabilið	kr. 468963.

Framanlýst háttsemi ákærðu telst varða við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960 um bann við okri, dráttarvexti og fleira, sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir, dagsettar 16. desember 1983 og 20. janúar 1984, sbr. ennfremur bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa um hæstu lögleyfða vexti af víxlum og skuldabréfum frá 21. september 1983 til 31. desember 1985.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta til lántakanda, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

I.

Við húsleit Rannsóknarlögreglu ríkisins í skrifstofu Hermanns Gunnars Björgvinssonar í Hafnarstræti 20 hér í borg, hinn 31. október 1985, fundust gögn sem talin voru benda til þess að Hermann Gunnar hefði tekið við fé af ákærða í máli þessu og að ákærði ætti talsverða fjárupphæð hjá Hermanni Gunnari.

Framburðum ákærða Hermanns Gunnars og gögnum málsins ber saman um það að ákærði hafi lánað Hermanni Gunnari fé á árunum 1984 og 1985. Upphafið að viðskiptum þeirra var að ákærði keypti verðbréf af Hermanni Gunnari sem aðrir höfðu gefið út en um áramótin 1983/1984 breyttu þeir til og upp frá því var um að ræða hreinar lánveitingar til Hermanns Gunnars.

Lánveitingarnar voru með þeim hætti að ákærði afhenti Hermanni Gunnari tékka fyrir lánsfjárhæðinni en tók við tékka á móti fyrir þeirri fjárhæð auk vaxta og var sá tékki dagsettur á gjalddaga lánsins, ýmist einum eða tveimur mánuðum síðar. Ákærði lánaði Hermanni Gunnari oft höfuðstólinn áfram, þannig að hann skilaði Hermanni Gunnari tékkanum og fékk í staðinn tékka fyrir áföllnum vöxtum og nýjan tékka fyrir höfuðstólnum að viðbættum áskildum vöxtum fyrir næsta tímabil og svo koll af kolli. Gengu sum lánin áfram með þessum hætti mánuðum saman. Einnig höguðu þeir lánunum þannig að ákærði fékk í hendur sjö eða átta tékka sem allir voru dagsettir fram í tímann með viku millibili og voru það afborganir og vextir af láninu.

Ákærði hefur viðurkennt að lánsviðskipti þeirra Hermanns Gunnars hafi verið með þeim hætti sem í ákærunni greinir með tveimur undantekningum:

Í fyrsta lagi hafi aldrei orðið úr að Hermann Gunnar hafi fengið lánið sem tilgreint er síðast undir lið III í yfirliti í ákærunni, þ.e.a.s. 24. október 1985. Um það lán hafi þeir aldrei rætt.

Í öðru lagi hafi lánið, sem tilgreint er undir lið VII í yfirliti í ákærunni, verið 380.000 krónur en ekki 430.000 eins og segir í ákærunni.

Hermann Gunnar hefur að sínu leyti skýrt svo frá að ákærði hafi ekki verið búinn að koma til sín og sækja vextina og fá nýjan tékka fyrir síðasta láninu undir lið III í yfirliti í ákærunni, eins og ætlunin hafi verið.

Þá hefur Hermann Gunnar staðfest að lánið undir lið VII í yfirlitinu hafi numið 380.000 krónum ásamt vöxtum.

Telja verður nægilega sannað með framburðum ákærða og Hermanns Gunnars, sem eru ríkulega studdir fjölmörgum sakargögnum, að lánsviðskipti þeirra hafi verið með þeim hætti sem segir í ákæru málsins að öðru leyti en því að allsendis ósannað er að ákærði hafi veitt Hermanni Gunnari síðasta lánið undir lið III. Ber framburðum þeirra beggja saman um þetta og staðreynd er að ákærði hefur undir höndum tékka frá Hermanni Gunnari fyrir næsta láni á undan. Ennfremur verður að telja ósannað gegn neitun ákærða að hann hafi verið búinn að áskilja sér vexti af þessu síðasta láni undir lið III í yfirlitinu í ákærunni.

Þá verður að telja að ákærði hafi fengið lánið undir lið VII í yfirlitinu endurgreitt með 380.000 krónum en ekki 430.000 eins og segir í ákærunni, enda verður ekki séð að sú tala eigi stoð í gögnum málsins.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið lánaði ákærði Hermanni Gunnari Björgvinssyni fé í 29 skipti frá 16. júlí 1984 til 13. október 1985, samtals 8.580.000 krónur.

Þegar viðskiptum ákærða og Hermanns Gunnars lauk vegna aðgerða yfirvalda 31. október 1985 hafði ákærði í höndum fimm tékka frá Hermanni Gunnari, samtals að fjárhæð 1.040.000 krónur. Hefur ákærði ekki reynt að fá tékkana greidda, enda telur hann það vonlaust.

Samkvæmt bréfi bæjarfógetans í Kópavogi, dagsettu 5. maí sl., var hinn 2. sama mánaðar lögð fram krafa í skiptarétti Kópavogs um að bú Hermanns Gunnars yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Af hálfu Hermanns Gunnars Björgvinssonar hefur ekki komið fram krafa um það að ákærði greiði honum skaðabætur vegna oftekinna vaxta.

II.

Samkvæmt 13. gr. núgildandi laga um Seðlabanka Íslands nr. 10, 1961 hefur bankinn rétt til þess að ákveða hámark og lágmark vaxta af útlánum viðskiptabanka og til þess að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum um bann við okri, dráttarvexti og fleira nr. 58, 1960. Með þessu lagaákvæði

er bankinn jafnframt skyldaður til þess að birta vaxtaákvarðanir sínar í Lögbirtingablaði og hefur það verið gert nánast óslitið frá stofnun bankans, sbr. þar sem segir hér á eftir:

Þegar ákærði lánaði Hermanni Gunnari fé í fyrsta skipti, 16. júlí 1984, var í gildi auglýsing Seðlabankans um vexti og verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. frá 9. maí 1984, sem birtist í Lögbirtingablaði 11. sama mánaðar. Samkvæmt henni skyldu forvextir af víxlum vera 18,5% á ári en af skuldabréfum 21%. Var þar tekið fram að vextir þessir skyldu vera hámarksvextir í skilningi okurlaganna.

Samkvæmt næstu auglýsingu bankans um sama efni frá 2. ágúst, sem birtist í Lögbirtingablaði 10. sama mánaðar, var ákveðið að þessir vextir skyldu vera óbreyttir og væru þetta einnig hámarksvextir. Viðskiptabönkum var þó heimilað að ákveða aðra vexti af þessum lánum með samþykki Seðlabankans.

Í 110. tbl. Lögbirtingablaðs, sem út kom 28. desember 1984, birtist auglýsing Seðlabankans frá 20. sama mánaðar um vexti og verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. Þar voru vextir af óverðtryggðum skuldabréfalánum ákveðnir 25,8% á ári en ekkert ákvæði var þar um víxilvexti. Líkt og í auglýsingu bankans frá 2. ágúst 1984 var viðskiptabönkum veitt heimild til þess að ákveða vexti með samþykki Seðlabankans. Í III. kafla auglýsingarinnar segir m.a. að ákvarðanir innlánsstofnana um vexti á grundvelli þessarar auglýsingar og „framangreindar ákvarðanir Seðlabankans um vexti" gildi „sem hámarksvextir í hliðstæðum og sambærilegum lánsviðskiptum og skuldaskiptum utan innlánsstofnana, sbr. lög nr. 58/1960."

Í sama tölublaði Lögbirtingablaðs birtist einnig auglýsing bankans „um meðaltal vaxta nýrra, almennra skuldabréfa hjá bönkum og sparisjóðum og vanskilavexti, sem gilda í janúar 1985." Er þar tilgreint lágmark, hámark og meðaltal skuldabréfavaxta en engir víxilvextir. Slíkar auglýsingar birtust síðan í blaðinu fyrir hvern almanaksmánuð ársins 1985. Samkvæmt þeim voru hámarksvextir það ár af skuldabréfum sem hér segir: Janúar 27%, febrúar-maí 34% og júní-desember 32%. Engir víxilvextir voru auglýstir af hálfu Seðlabankans það ár.

Samkvæmt bréfi Seðlabankans, dagsettu 7. janúar 1986, og vaxtatöflum bankans frá 21. apríl 1986 heimilaði Seðlabankinn þegar 13. ágúst 1984 að víxilvextir yrðu hæstir 23% og skuldabréfavextir 26%. Víxilvextir hækkuðu í 24% 12. september og héldust þannig til áramóta en skuldabréfavextirnir hækkuðu í 27% 27. nóvember og héldust þannig til áramóta. Seðlabankinn auglýsti ekki þessa hámarksvexti í Lögbirtingablaði, eins og lögskylt er samkvæmt 13. gr. laga um bankann, en viðskiptabankarnir hafa þó birt auglýsingar um vexti sína í blaðinu frá 15. ágúst 1984. Aftur á móti

auglýsti Seðlabankinn í Lögbirtingablaði 20. ágúst og 11. nóvember 1984 vexti af verðtryggðum skuldabréfalánum, sem tekin höfðu verið fyrir 11. ágúst 1984 með ákvæðum um breytanlega vexti.

Af því sem að framan er rakið er ljóst, að hámarksvextir samkvæmt 3. gr. laganna um bann við okri, dráttarvexti o.fl. og 13. gr. laganna um Seðlabanka Íslands voru aðrir á tímabilinu 13. ágúst 1984 til ársloka en Seðlabankinn auglýsti, og er því engin viðhlítandi refsiheimild tiltæk um hámarksvexti á þessum tíma. Breytir þar engu þótt viðskiptabankar hafi sjálfir auglýst vexti sína í Lögbirtingablaði. Samkvæmt 13. gr. seðlabankalaganna er vald til þess að ákveða vexti í höndum Seðlabankans og verður að skilja greinina svo, að það sé hlutverk bankans sjálfs að auglýsa hámarksvexti. Er í því sambandi á það að líta að í vaxtaauglýsingum bankans frá ágúst og desember 1984 er viðskiptabönkunum ekki falið að auglýsa vexti sína á annan hátt en með tilkynningum í afgreiðslum bankanna, og ekki síður hitt að vaxtaákvarðanir bankans eru þýðingarmiklar stjórnvaldsreglur sem eðlilega ættu að birtast í B-deild Stjórnartíðinda, þótt 13. gr. seðlabankalaganna geri frávik í því efni. Mikil réttaróvissa gæti hlotist af því ef vaxtahámark í landinu réðist af auglýsingum einstakra banka og sparisjóða, en það verður að telja einn af hornsteinum réttarríkis að settar lagareglur séu birtar almenningi með ótvíræðum og formlegum hætti.

Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærða af okri í sambandi við lánveitingar hans til Hermanns Gunnars Björgvinssonar 24. ágúst 1984, sbr. lið XIV, 9. nóvember 1984, sbr. lið V, 13. desember 1984, sbr. lið IV, og 28. s.m., sbr. lið X.

Auglýsingar Seðlabankans „um meðaltal vaxta nýrra, almennra skuldabréfa hjá bönkum og sparisjóðum og vanskilavexti", sem giltu árið 1985, bera ekki með sér að með þeim séu auglýstir hámarksvextir samkvæmt lögunum um bann við okri, dráttarvexti o.fl. Eru þessar auglýsingar alls ekki svo skilmerkilegar sem vera ætti enda þótt tilgreindir séu í þeim hæstu vextir, sem tíðkist hjá bönkum og sparisjóðum. Allt að einu þykir með hliðsjón af ákvæði III. kafla auglýsingar Seðlabankans frá 20. desember 1984, sem áður var tilfært, og orðalagi 3. gr. okurlaganna, mega telja að þær geymi fullnægjandi réttarheimild um hámarksvexti í skilningi þess ákvæðis.

Í ákæru er í öllum tilvikum sem til álita koma, nema einu, miðað við hæstu lögleyfðu víxilvexti þegar tilgreindir eru ofteknir vextir af hálfu ákærða. Lán ákærða til Hermanns Gunnars voru ekki víxillán og víxilforvextir geta ekki talist almennir útlánsvextir í skilningi 3. gr. okurlaganna. Þykir eðlilegast að miða við vexti almennra óverðtryggða skuldabréfa eins og þeir hafa verið ákveðnir með auglýsingum Seðlabankans og hér segir:

Dagsetning láns:	*Greiðslu-dagur:*	*Lánsfjár-hæð:*	*Endur-greitt:*	*Áskildir vextir í kr.:*
16.09. 1985	11.11. 1985	350.000	380.000	30.000
09.08. 1985	09.09. 1985	300.000	320.000	20.000
09.09. 1985	09.10. 1985	300.000	320.000	20.000
09.10. 1985	09.11. 1985	300.000	320.000	20.000
24.05. 1985	24.06. 1985	300.000	320.000	20.000
24.06. 1985	24.08. 1985	300.000	341.000	41.000
24.08. 1985	24.09. 1985	300.000	320.000	20.000
24.09. 1985	24.10. 1985	300.000	320.000	20.000
13.01. 1985	13.02. 1985	300.000	319.800	19.800
13.02. 1985	13.03. 1985	300.000	319.800	19.800
13.03. 1985	13.04. 1985	300.000	319.800	19.800
13.04. 1985	13.05. 1985	300.000	319.800	19.800
13.05. 1985	13.06. 1985	300.000	319.800	19.800
13.06. 1985	13.08. 1985	300.000	342.000	41.000
13.08. 1985	13.09. 1985	300.000	320.000	20.000
13.09. 1985	13.10. 1985	300.000	320.000	20.000
13.10. 1985	13.11. 1985	300.000	320.000	20.000
18.02. 1985	18.03. 1985	250.000	268.000	18.000
22.03. 1985	24.05. 1985	350.000	380.000	30.000
13.05. 1985	08.07. 1985	350.000	380.000	30.000
18.01. 1985	22.03. 1985	300.000	350.000	50.000
10.07. 1985	20.09. 1985	350.000	400.000	50.000
31.05. 1985	04.06. 1985	200.000	201.000	1.000
16.07. 1984	16.08. 1984	300.000	320.000	20.000
25.03. 1985	25.04. 1985	200.000	213.330	13.330

Með því að áskilja sér þessa vexti hefur ákærði gerst sekur um brot gegn 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga um bann við okri, dráttarvexti o.fl. sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands um vexti og verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. frá 9. maí 1984, sem birtist í Lögbirtingablaði 11. sama mánaðar, auglýsingu bankans um sama efni frá 20. desember 1984, sem birtist 28. sama mánaðar, sbr. auglýsingu bankans um meðaltal vaxta nýrra, almennra skuldabréfa hjá bönkum og sparisjóðum og vanskilavexti, sem giltu í janúar 1985, frá 20. þ.m. og birtist 28. s.m., auglýsingu um sama efni fyrir

Lögleyfðir vextir á ári: í %	í kr.	*Vextir umfram löglega í kr.:*
32	17.111	12.889
32	8.000	12.000
32	8.000	12.000
32	8.000	12.000
34	8.500	11.500
32	16.000	25.000
32	8.000	12.000
32	8.000	12.000
27	6.750	13.050
34	8.500	11.300
34	8.500	11.300
34	8.500	11.300
34	8.500	11.300
32	16.000	25.000
32	8.000	12.000
32	8.000	12.000
32	8.000	12.000
34	7.083	10.917
34	20.494	9.506
34	18.180	11.820
27	14.400	35.600
32	21.778	28.222
34	756	244
21	5.250	14.750
34	5.667	7.663
	Samtals	347.361

febrúar 1985, frá 21. janúar 1985, sem birtist 31. s.m., auglýsingu um sama efni fyrir mars 1985, frá 21. febrúar 1985, sem birtist 1. mars 1985, auglýsingu um sama efni fyrir apríl 1985, frá 21. mars 1985, sem birtist 29. s.m., auglýsingu um sama efni fyrir maí 1985, frá 29. apríl 1985, sem birtist 7. n.m., auglýsingu um sama efni fyrir júní 1985, frá 21. maí 1985, sem birtist 29. s.m., auglýsingu um sama efni fyrir júlí 1985, frá 21. júní 1985, sem birtist 28. s.m., auglýsingu um sama efni fyrir ágúst 1985, frá 19. júlí 1985, sem birtist 31. s.m., auglýsingu um sama efni fyrir september 1985, frá 16.

ágúst 1985, sem birtist 28. s.m., og auglýsingu um sama efni fyrir október 1985, frá 20. september 1985, sem birtist 27. s.m.

Þær auglýsingar Seðlabankans, sem tilfærðar eru í ákæruskjali málsins, eiga ekki við um brot ákærða og bréf bankans til Rannsóknarlögreglu ríkisins frá 7. janúar 1986 getur ekki talist réttarheimild.

Kröfugerð í ákæru beinist að fleiri en einum ákærðum en það á ekki við í máli þessu.

III.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins var ákærði sektaður einu sinni árið 1956 fyrir ölvun og óspektir.

Ákærði er í máli þessu sakfelldur fyrir að áskilja sér í vexti samtals 347.361 krónur umfram það sem heimilt var að lögum við 25 lánveitingar til Hermanns Gunnars Björgvinssonar. Ef litið er fram hjá lánveitingu ákærða 22. mars 1985 er honum í ákæru gefið að sök að hafa oftekið vexti sem nemur 325.147 krónum en samkvæmt þeim útreikningi, sem byggt er á í máli þessu er sú fjárhæð 326.867 króna. Þegar ákærða er ákvörðuð refsing verður, samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála, að taka mið af lægri tölunni, að viðbættum 20.494. krónum, sem dómurinn telur að ákærði hafi oftekið í vexti af láninu 22. mars 1985, það er 345.641 krónu.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. okurlaganna er skylt að dæma ákærða sektarrefsingu, sem sé ekki lægri en fjórfaldir ólöglega áskildir eða teknir vextir og allt að tuttugu og fimm faldir. Refsiákvæði þetta verður að telja einstakt í íslenskum lögum og var innleitt með tilskipun um leiguburð af peningum frá 27. maí 1859 og síðan tekið upp lítið breytt í lögum um bann við okri nr. 73, 1933. Ljóst er af sögu ákvæðisins og greinargerð fyrir þeim lögum, að því var aðallega ætlað að forða bágstöddu og lítilsmegandi fólki frá því að lenda í klóm okrara. Fram er komið, að Hermann Gunnar hefur orðið uppvís að því að reka sjálfur umfangsmikla okurlánastarfsemi og lána áfram fé það sem hann tók að láni hjá ákærða og öðrum.

Með hliðsjón af þessu, því að ákærði situr uppi með tékka frá Hermanni Gunnari, samtals að fjárhæð 1.040.000 krónur, sem nær vonlaust verður að telja að fáist greiddir, og því að ofteknir vextir, sem refsa ber ákærða fyrir, nema 345.641 krónu, er það álit dómsins að það væri harkalegt og ósanngjarnt að dæma ákærða alfarið í óskilorðsbundna sekt. Fordæmi eru fyrir því, bæði í dómum Hæstaréttar, sbr. XI. bindi, bls. 6 og XXIII. bindi bls. 206, og í úrlausnum héraðsdómara, að skilorðsbinda sektarrefsingar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 1.400.000 króna sekt til ríkissjóðs. Með lögjöfnun frá 57. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 þykir mega fresta greiðslu 1.000.000 krónà af sektinni og ákveða að sá hluti

hennar falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til þess að sæta varðhaldi í 5 mánuði, greiði hann ekki 400.000 krónur innan 4 vikna frá dómsbirtingu og varðhaldi í 7 mánuði, rjúfi hann framangreint skilorð og greiði ekki 1.000.000 króna innan 4 vikna frá því að honum verður tilkynnt, að hinum skilorðsbundna hluta refsingarinnar skuli fullnægt vegna skilorðsrofa.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Pálsson, greiði í sekt til ríkissjóðs 1.400.000 krónur en fresta skal greiðslu 1.000.000 króna af sektinni í 3 ár frá dómsuppsögu og sektin að því leyti niður falla að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði sæti varðhaldi í 5 mánuði greiði hann ekki 400.000 krónur innan 4 vikna frá dómsbirtingu og varðhaldi í 7 mánuði greiði hann ekki 1.000.000 króna innan 4 vikna frá því að honum verður tilkynnt að hinum skilorðsbundna hluta refsingarinnar skuli fullnægt vegna skilorðsrofa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 22. desember 1986.

Nr. 78/1985. **Hafnarbíó hf.**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
og gagnsök
((Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Uppboð. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson,Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1985. Dómkröfur hans eru þessar: „Aðalkrafa, að synjað verði um framgang uppboðsins, til vara að uppboðið nái einungis fram að ganga fyrir uppboðskostnaði, 18.334,00 krónum, án vaxta, til þrautavara, að uppboðið nái einungis fram að ganga fyrir 201.938,00 krónum, auk 158.043,00 króna í dráttarvexti til 1. júlí 1984, 3.569,00 krónur í lögtakskostnað og 5.198,00 krónur í innheimtukostnað, en með dráttarvöxtum af 201.938,00 krónum frá 1. júlí 1984 til greiðsludags, auk áfallandi kostnaðar við uppboðið." Í öllum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 23. apríl 1985. Hann krefst þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur með þeirri breytingu að umbeðið uppboð verði látið fara fram til lúkningar opinberum gjöldum 1983, 369.376,00 krónum auk dráttarvaxta frá 19. júní 1984 til greiðsludags, og til lúkningar á áföllnum og áfallandi kostnaði við uppboðið, þar með töldum 608,00 krónum vegna uppboðskostnaðar á árunum 1980 og 1981. Hann krefst ennfremur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Hinn 22. júlí 1983 beiddist gagnáfrýjandi þess að seldur yrði á nauðungaruppboði eignarhluti aðaláfrýjanda í fasteigninni Hverfisgötu 54 í Reykjavík til lúkningar ógreiddum fasteignagjöldum hans 1983, að fjárhæð 108.030,00 krónur, ásamt 23.885,00 krónum í dráttarvexti og 44,00 krónum vegna kostnaðar. Með beiðni dagsettri 29. júlí 1983 óskaði gagnáfrýjandi þess að sama fasteign yrði seld á nauðungaruppboði, að undangengnu lögtaki, til lúkningar opinberum gjöldum samkvæmt gjaldheimtuseðlum 1980-1981 að fjárhæð 1.604.280,00 krónur að meðtöldum dráttarvöxtum. Þá krafðist gagnáfrýjandi þess ennfremur hinn 2. desember 1983 að sama fasteign yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar opinberum gjöldum áfrýjanda samkvæmt gjaldheimtuseðlum, er talin voru að höfuðstól

356.370,00 krónur, ásamt dráttarvöxtum að fjárhæð 86.504,00 krónur svo og kostnaði að fjárhæð 3.560,00 krónur. Var vísað til lögtaksgerðar 11. nóvember 1983 sem uppboðsheimildar.

Hinn 27. febrúar 1984 fór fram uppboð á eigninni, en aðaláfrýjandi krafðist annars og síðara uppboðs. Var ákveðið að það færi fram í júní 1984. Áður en til þess kom að hið síðara uppboð væri haldið greiddi þó aðaláfrýjandi í þrennu lagi til gagnáfrýjanda samtals 2.178.274,00 krónur hinn 15. júní 1984. Ritaði hann samdægurs bréf til uppboðshaldara og mótmælti að hið síðara uppboð færi fram þar sem með hinni umræddu greiðslu hefði verið gerð full skil á uppboðskröfunum.

Hinn 26. júní 1984 var uppboðsmálið tekið fyrir í uppboðsréttinum. Áréttaði aðaláfrýjandi mótmæli sín við framgangi uppboðsins. Gagnáfrýjandi hélt við kröfur sínar um að uppboð næði fram að ganga en lækkaði uppboðskröfurnar vegna áðurnefndrar greiðslu aðaláfrýjanda í 3.674,00 krónur vegna fasteignagjalda auk dráttarvaxta af þeim frá 31. júlí 1984 svo og innheimtuþóknunar, en í 369.376,00 krónur, auk dráttarvaxta frá 19. júní 1984 og innheimtuþóknunar, vegna vanskila aðaláfrýjanda á opinberum gjöldum frá árunum 1980, 1981 og 1983. Átti ágreiningur aðilja um gjaldskuldirnar að meginstofni rót sína að rekja til þess að gagnáfrýjandi hafði með nánar tilteknum hætti bætt áföllnum dráttarvöxtum við höfuðstól gjaldskulda aðaláfrýjanda við áramót en síðan reiknað sér dráttarvexti af hinum nýja höfuðstól. Greiðsluna frá aðaláfrýjanda hafði gagnáfrýjandi látið ganga upp í gjaldskuldir hans vegna framangreindra ára þannig reiknaðar og eftir þeim reglum sem hann fylgir um færslu innborgana frá gjaldendum upp í gjaldskuldir vegna einstakra ára.

Aðaláfrýjandi reisti andmæli sín við framgangi uppboðsins hins vegar á því að gagnáfrýjanda hefði verið óheimilt að lögum að bæta áföllnum dráttarvöxtum við höfuðstól og reikna sér síðan dráttarvexti af hinum nýja höfuðstól svo sem hann gerði. Auk þess greindi aðilja á um nokkur smærri atriði sem ekki verða rakin hér.

Ágreiningsefni aðilja sættu skriflegri sókn og vörn fyrir uppboðsréttinum. Lögðu þeir það í úrskurð uppboðshaldara hinn 1. mars 1985. Hann kvað upp úrskurð sinn 6. mars.

Aðaláfrýjandi hefur nú greitt að fullu fasteignagjöld þau ásamt

dráttarvöxtum, sem hinn áfrýjaði úrskurður tekur til, og sæta þau því ekki ágreiningi fyrir Hæstarétti.

II.

Uppboðshaldara var að vísu ekki skylt samkvæmt 2. mgr. 190. greinar laga nr. 85/1936, sbr. 40. grein laga nr. 28/1981, að láta forsendur fylgja ályktarorði sínu þar sem hvorugur aðilja krafðist þess. Til þess var þó sérstök ástæða svo sem sakarefni var háttað og þar sem um var að ræða úrskurð sem áfrýjun sætir til Hæstaréttar hliðstætt dómi í einkamáli. Þar sem úrskurðurinn þó er án forsendna, svo sem sagt var, bar ríka ástæðu til að greina í ályktarorði fullum stöfum nöfn aðilja uppboðsmálsins, hver eignin var, sem selja skyldi nauðungarsölu, svo og, eins og hér stóð á, hvernig höfuðstóll uppboðskröfunnar skiptist í ógreiddar eftirstöðvar álagðra gjalda annars vegar og dráttarvexti lagða við höfuðstól þeirra eftirstöðva hins vegar, auk umkrafins kostnaðar. Þar sem hinn áfrýjaði úrskurður ber ekkert af þessu með sér þykir eiga að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til uppsögu úrskurðar að nýju.

Eftir atvikum er rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur og er málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 6. mars 1985.

Umbeðið uppboð fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda til lúkningar fasteignagjöldum 1983 kr. 3.674,00 auk dráttarvaxta frá 31/7 '84 til greiðsludags, svo og til lúkningar opinberum gjöldum 1983 kr. 369.376,00 auk dráttarvaxta frá 19/6 '84 til greiðsludags, ennfremur til lúkningar áföllnum og áfallandi kostnaði við uppboðið, þar með töldum kr. 608,00 vegna uppboðskostnaðar árin 1980 og 1981.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 23. desember 1986.

Nr. 223/1984. **Íbúðaval h/f**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Þorgils Axelssyni
og gagnsök
(Sveinn Snorrason hrl.)

Kaup á húsi í smíðum. Verðtrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. nóvember 1984 að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Aðaláfrýjandi krefst þess aðallega að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 157.310,75 krónur auk dráttarvaxta á mánuði þannig: 4,5% af 21.154,30 krónum frá 28. mars 1982 til 15. apríl s.á., af 43.111,90 krónum frá þeim degi til 21. apríl s.á., 4% frá þeim degi til 25. apríl s.á., af 57.556,30 krónum frá þeim degi til 10. júní s.á., af 67.077,70 krónum frá þeim degi til 25. júlí s.á., af 88.953,70 krónum frá þeim degi til 1. október s.á., af 96.682,65 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 5% frá þeim degi til 1. janúar 1983, af 101.912,40 krónum frá þeim degi til 1. apríl s.á., af 111.029,75 krónum frá þeim degi til 21. október s.á., 4,75% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 4% frá þeim degi til 21. desember s.á., 3,25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 2,75% frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 23.028,95 krónum. Verði aðalkrafa þessi ekki tekin til greina að öllu leyti krefst hann vaxta af höfuðstól 46.281,00 krónu með sömu vaxtaprósentum og að framan greinir.

Til vara krefst aðaláfrýjandi greiðslu úr hendi gagnáfrýjanda á 153.198,15 krónum auk dráttarvaxta á mánuði þannig: 5% frá 1. janúar 1983 til 21. október s.á., 4,75% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 4% frá þeim degi til 21. desember s.á., 3,25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 2,75% frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., og 2,25% frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 23.028,95 krónum.

Til þrautavara krefst aðaláfrýjandi greiðslu á 84.676,15 krónum með mánaðarlegum dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. janúar 1983 til greiðsludags eins og krafist er í varakröfu en að frádregnum 23. 028,95 krónum.

Í gagnsök krefst aðaláfrýjandi sýknu af kröfum gagnáfrýjanda.

Aðaláfrýjandi krefst málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. nóvember 1984. Dómkröfur hans eru þær að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess:

1) að greiða gagnáfrýjanda 19.700,28 krónur auk almennra sparisjóðsvaxta eins og þeir hafa verið ákveðnir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands frá 2. júní 1982 til greiðsludags.

2) að afhenda gagnáfrýjanda 4 víxla samþykkta af gagnáfrýjanda samtals að eftirstöðvum 53.931,70 krónur.

3) að gefa út og afhenda gagnáfrýjanda formlegt afsal fyrir Brekkubyggð 20 í Garðabæ.

Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti hélt gagnáfrýjandi því ekki fram að óheimilt hefði verið að verðtryggja kaupverð fasteignarinnar og eigi heldur því að um misneytingu eða okur væri að ræða. Þá byggir hann ekki á því að aðaláfrýjanda hafi verið óheimilt að áskilja sér verðbætur vegna breytinga á verðlagi fyrir samningsgerð. Hinsvegar telur hann verðbæturnar, reiknaðar eftir vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma, ásamt kaupverði hússins hafa verið að fullu greiddar 2. júní 1982 og meira en það svo sem kröfur hans í málinu sýna.

I.

Samningar málsaðila frá 6. apríl og 19. júní 1981 eru eftir efni sínu kaupsamningar um fasteign, Brekkubyggð 20 í Garðabæ. Aðaláfrýjanda bar að afhenda kaupanda húseignina í nóvember 1981 í umsömdu ástandi, þ.e. tilbúna undir tréverk og málningu, og ljúka öðrum nánar tilgreindum framkvæmdum á árinu 1982. Gagnáfrýjanda bar að greiða kaupverðið, 736.965,00 krónur, á tímabilinu 21. mars 1981 og til þess tíma er „húsnæðismálalán" fengist afgreitt. Gagnáfrýjandi taldi við aðiljayfirheyrslu „síðasta hluta húsnæðismálastjórnarláns hafa verið tilbúinn til útborgunar 5-6.11. 1982 ..." Auk framangreinds kaupverðs bar kaupanda að greiða sérstakar verðbætur á það miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar. Samningsákvæði um þær eru greind í héraðsdómi. Þó ber í því sambandi að geta þess að gagnáfrýjanda var heimilt „að greiða greiðslur eða hluta af þeim" fyrir þá gjalddaga er um var samið.

II.

Málsaðila greinir á um það hvernig verðbæturnar beri að reikna. Um þessi lögskipti aðilanna fer eftir samningunum frá 6. apríl og 19. júní 1981. Er þess þá fyrst að gæta hvert verðbótatímabilið hafi verið. Upphaf þess er ljóst þar sem aðilar miðuðu samninga sína við grunnvísitöluna 626 stig. Með því að verðbótaákvæðin eru miðuð við söluverð fasteignarinnar án tengsla við það hvernig framkvæmdum byggingarinnar vatt fram, þykir bera að tiltaka verðbótatímabilið svo að það hafi staðið samningstímann og lokið er síðasti hluti húsnæðismálastjórnarláns gagnáfrýjanda kom til útborgunar.

Í annan stað greinir málsaðila á um aðferð við útreikning verðbótanna, þ.e. hvort beita hafi átt svonefndum „línulegum" útreikningi eða ákvarða verðbæturnar einungis eftir gildistíma hverrar vísitölu, þ.e. svonefnda „þrepavísitölu". Í ákvæði kaupsamningsins frá 6. apríl um vísitöluálag segir svo: „en þó skal verðið breytast eftir því hvenær greiðslurnar hafa verið inntar af hendi. (Vísitala reiknast aðeins til greiðsludags greiðslu.)" Þótt ákvæði þetta sé eigi allskostar skýrt þykir það benda til þess að átt sé við „línulegan" útreikning enda vandséð hvaða erindi það hefur átt í texta samningsins ef

reikna átti verðbæturnar eftir „þrepavísitölu". Gagnáfrýjandi fékk reglulega senda frá aðaláfrýjanda reikninga yfir verðbæturnar þannig reiknaðar á skilmerkilegan hátt. Hann hefur samþykkt víxla fyrir reikningum fyrir tímabilið 1. janúar 1981 til 1. apríl 1982 og greitt þá að verulegu leyti. Þegar þetta er virt þykir bera að líta svo á að gagnáfrýjandi hafi orðið bundinn við skilning aðaláfrýjanda á verðbótaákvæðinu.

Telja verður að með þessum skilmálum hafi aðaláfrýjandi verið að tryggja sig fyrir hækkun byggingarkostnaðar á samningstímanum og viðhalda verðgildi þess fjármagns sem hann kann að hafa varið til smíði hússins. Málsaðilum var frjálst að semja svo sem þeir gerðu og verður eigi fallist á að verðtryggingarákvæðin fari í bága við ákvæði laga um kjaramál nr. 13/1979 eða stjórnvaldsfyrirmæli sett samkvæmt þeim.

III.

Samkvæmt framanrituðu ber að taka aðalkröfu aðaláfrýjanda til greina eins og hér segir:

Ógreiddir samþykktir víxlar fyrir verðbótum		kr.	76.960,65
Frá dragast greiðslur upp í sömu víxla		"	23.028,95
		kr.	53.931,70
Ógreiddar verðbætur	1/4 -30/6 1982	"	11.993,05
sama	1/7 -30/9 1982	"	7.728,95
sama	1/10- 5/11 1982	"	2.033,80
Eftirstöðvar kaupverðs (grunnverð)		"	46.281,00
	Samtals	kr.	121.968,50

Ber að dæma gagnáfrýjanda til greiðslu þessarar fjárhæðar ásamt vöxtum svo sem í dómsorði greinir.

Aðaláfrýjanda ber að gefa út til gagnáfrýjanda formlegt afsal fyrir Brekkubyggð 20, Garðabæ gegn greiðslu skuldarinnar.

Eftir atvikum telst rétt að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms og ákveða að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Þorgils Axelsson, greiði aðaláfrýjanda,

Íbúðavali h/f, 121.968,50 krónur með mánðarlegum dráttarvöxtum þannig: 4,5% af 21.154,30 krónum frá 28. mars 1982 til 15. apríl s.á., af 37.619,25 krónum frá þeim degi til 21. s.m., 4% frá þeim degi til 25. s.m., af 52.063,65 krónum frá þeim degi til 2. júní s.á., af 34.327,35 krónum frá þeim degi til 10. s.m., af 44.048,95 krónum frá þeim degi til 25. júlí s.á., af 53.931,70 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 5% frá þeim degi til 21. október 1983, 4,75% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 4% frá þeim degi til 21. desember s.á., 3,25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 2,75% frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 2,25% frá þeim degi til greiðsludags, og með ársvöxtum þannig: 37% af 11.993,05 krónum frá 1. júlí 1982 til 1. október s.á., af 19.722,00 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45% frá þeim degi til 5. s.m., af 66.003,00 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1983, af 68.036,80 krónum frá þeim degi til 21. september s.á., 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21.nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 30,8% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. september s.á., 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 27% frá þeim degi til greiðsludags, allt gegn afsali á fasteigninni Brekkubyggð 20 í Garðakaupstað.

Staðfest eru málskostnaðar- og gjafvarnarákvæði héraðsdóms.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ.Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála dómsatkvæði hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og Halldórs Þorbjörnssonar nema um II. kafla dómsforsendna þeirra. Í stað þess kafla tel ég að koma ætti eftirfarandi:

Málsaðilja greinir á um það hvernig reikna eigi þær verðbætur sem gagnáfrýjanda hafi borið að greiða. Varðar sá ágreiningur bæði verðbótabímabilið sjálft og þá aðferð sem beita eigi við útreikning á verðbótagreiðslum vegna hækkana á vísitölu byggingarkostnaðar.

Um hið fyrra er það að segja, að ekki sætir ágreiningi fyrir Hæstarétti, svo sem sagt hefur verið, að verðbótatímabilið eigi að teljast frá 1. janúar 1981 og að miða eigi við vísitölu byggingarkostnaðar 626 stig sem grunnvísitölu. Ennfremur verður að skilja samning málsaðilja svo, að hann kveði á um að verðbætur eigi að koma á allar greiðslur gagnáfrýjanda. Hafi verðbótatímabilinu því fyrst átt að ljúka er síðasti hluti húsnæðismálastjórnarláns gagnáfrýjanda kæmi til útborgunar.

Um hitt atriðið er ágreiningsefnið það, hvort reikna hafi átt verðbætur á einstakar greiðslur eftir vísitölu byggingarkostnaðar svo sem hún var samkvæmt auglýsingu Hagstofu Íslands á hverjum tíma, er greiðslur voru inntar af hendi, eða hvort beita hafi átt við verðbótareikninginn því sem aðiljar nefna „línulega" vísitölu, þ.e. að fundin væri sérstök vísitala á greiðsludegi reiknuð annars vegar út frá gildandi auglýstri vísitölu byggingarkostnaðar og hins vegar þeirri vísitölu er gildi tók við upphaf næsta vísitölutímabils, og væri þá í þeim útreikningi miðað við það hversu margir dagar væru liðnir af vísitölutímabilinu.

Í kaupsamningi aðilja 6. apríl 1981 segir svo um greiðslu vísitöluálags á umsamið kaupverð: „...en þó skal verðið breytast eftir því hvenær greiðslurnar hafa verið inntar af hendi. (Vísitala reiknast aðeins til greiðsludags greiðslu.)"

Ákvæði þetta, sem samið er af aðaláfrýjanda, er óskýrt. Gagnáfrýjandi fékk hins vegar reglulega senda frá aðaláfrýjanda skil-

merkilega reikninga yfir verðbæturnar reiknaðar eftir „línulegri" vísitölu. Hann samþykkti án athugasemda víxla fyrir þeim reikningum fyrir tímabilið 1. janúar 1981 til 1. apríl 1982 og hefur greitt þá að verulegu leyti. Verður því fallist á að skýra beri umrætt samningsákvæði á þann hátt sem aðaláfrýjandi heldur fram.

Er þá athugunarefni hvort samningsákvæði þessu þannig skýrðu beri eigi að síður að víkja til hliðar af því að það hafi farið í bága við ákvæði VII. kafla laga nr. 13/1979, og þá sérstaklega við a-lið 4. töluliðar 39. greinar.

Í 35. grein laga þessara segir að ákvæði kaflans gildi um skriflegar skuldbindingar þar sem skuldari lofar að greiða peninga, hvort sem um er að ræða lánað fé, endurgjald eða eftirstöðvar endurgjalds fyrir verðmæti sem hafa verið seld eða afhent. Ekki þykir þó eiga að skýra þetta svo að það eigi við um samninga sem fela í sér skuldbindingu af beggja hálfu um að þeir inni framlög af hendi á tilteknu tímabili eftir samningsgerð og verðbótaákvæðum er ætlað að bæta samningsaðilja upp aukinn kostnað við efndir samningsins vegna verðhækkana á þeim tíma.

Í þessu sambandi er aðgætandi, að eins og greinir í héraðsdómi var ekki litið svo á, að bann laga nr. 71/1966 við verðtryggingu fjárskuldbindinga stæði í vegi fyrir samningsákvæðum af þessu tagi í verksamningum eða kaupsamningum um hús í smíðum. Þegar m.a. er virt ákvæði 34. greinar laga nr. 13/1979 um markmið laganna verður ekki talið að með þeim sé þrengd umrædd heimild til verðtryggingar sem talin var lögmæt meðan í gildi voru lög nr. 71/1966, sem að meginstefnu bönnuðu verðtryggingarákvæði í samningum. Styður bæði fyrirsögn VII. kafla laga nr. 13/1979 svo og athugasemdir sem fylgdu frumvarpinu að þeim lögum, einkum athugasemdir við 33. og 34. grein frumvarpsins (34. og 35. grein laganna), þessa lögskýringu. Samkvæmt framansögðu verður ekki talið að ákvæði VII. kafla laga nr. 13/1979 hafi staðið því í vegi að aðiljar mættu semja um að verðbætur á greiðslur gagnáfrýjanda skyldu reiknaðar eftir því er þeir nefna „línulega" hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar.

Er þá loks athugunarefni hvort aðaláfrýjandi reikni sér, þrátt fyrir það sem nú var sagt, of háar verðbætur á greiðslur gagnáfrýjanda að því leyti að honum hafi einungis verið heimilt að reikna

sér verðbótaálag eftir hinni „línulegu“ vísitölu á greiðslur gagnáfrýjanda, þær er honum bar að inna af hendi fram að þeim tíma, er aðaláfrýjandi lauk verkum sínum við húsið, vegna niðurlagsákvæðis 35. greinar laga nr. 13/1979. Hvað sem því líður er á það að líta, að ekki er fullljóst hvenær á árinu 1982 skyldum aðaláfrýjanda samkvæmt kaupsamningnum var og átti að vera lokið svo sem sagt er í héraðsdómi. Eins og á stendur þykir ekki eiga að miða þar við fyrri tíma en 1. júlí 1982, sem áfrýjandi hefur í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti miðað við sem lok verðbótatíma. Samkvæmt þessu, og þar sem það virðist ekki skipta máli um þá greiðslu gagnáfrýjanda, sem inna átti af hendi eftir það, hvort reiknað er með „línulegri“ vísitölu eða hinni auglýstu vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. a-lið 4 tl. 39. greinar laga nr. 13/1979, fellst ég á útreikning og niðurstöðu í atkvæði hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og Halldórs Þorbjörnssonar um skuld gagnáfrýjanda og er samþykkur dómsorði þeirra.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar og Guðmundar Jónssonar.

Í VII. kafla laga nr. 13/1979 er fjallað um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Í greinargerð um frumvarp til laga þessara segir m.a. svo um þennan kafla: „Í tillögunum eru almenn ákvæði um helstu skilyrði, sem reglur um verðtryggingu verða að fullnægja. Gert er ráð fyrir því sem meginstefnu, að verðtrygging miðist við opinbera, skráða verðvísitölu, en einnig yrði heimilt að leyfa verðtryggingu, er miðist við gengi erlends gjaldeyris.“ Verður að líta svo á, að með gildistöku laganna hafi löggjafinn sett almennar reglur um verðtryggingu, án tillits til dómaframkvæmdar fram að þeim tíma.

Samkvæmt a-lið 4. töluliðar 1. mgr. 39. gr. laganna skal verðtrygging miðuð við opinbera skráða verðvísitölu eins og hún er reiknuð á hverjum tíma það er svokallaða „þrepavísitölu“ eins og Hagstofa Íslands reiknar hana. Ber að fallast á það með gagnáfrýjanda að verðbætur samkvæmt samningum aðilanna beri að reikna samkvæmt hinni opinberu skráðu vísitölu en aðaláfrýjanda hafi ekki verið heimilt að beita svonefndum „línulegum“ útreikningi. Verður ekki talið, að gagnáfrýjandi hafi firrt sig rétti til að bera

þetta fyrir sig við lokauppgjör aðilanna, hvernig sem á málið er litið.

Aðilar miðuðu samninga sína við grunnvísitöluna 626 stig. Rétt þykir að miða lok verðbótatímabilsins við það, þegar síðasti hluti húsnæðisstjórnarláns gagnáfrýjanda kom til útborgunar, en þá var vísitalan 1331 stig. Verðbætur reiknaðar á þessum grundvelli nema þá 189.182,00 krónum. Gagnáfrýjandi hefur greitt samtals 159. 884,50 krónur af víxlum þeim, sem hann samþykkti fyrir verðbótum. Standa þá eftir 29.297,50 krónur, sem gagnáfrýjandi á að greiða af verðbótum þannig reiknuðum. Eftir standa 46.281,00 krónur af grunnverði hússins. Samtals ber gagnáfrýjanda þá að greiða aðaláfrýjanda 75.578,50 krónur ásamt vöxtum sem reikna ber á sama grundvelli og meirihluti dómenda hefur ákveðið.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júní 1984.

Mál þetta, sem var dómtekið 7. þ.m., hefur Íbúðaval hf., Smiðsbúð 8 Garðabæ, nnr. 4496-4708, höfðað á hendur Þorgils Axelssyni tæknifræðingi Brekkubyggð 20 Garðakaupstað, nnr. 9580-3903, á bæjarþingi 18. maí 1983, aðallega til greiðslu eftirstöðva kaupverðs fasteignar. Gagnsökin var höfðuð á bæjarþingi 8. júní 1983 aðallega til endurgreiðslu ofgoldins kaupverðs hinnar sömu fasteignar og til heimtu afsals fyrir henni úr hendi aðalstefnanda.

Með kaupsamningi dags. 19. júní 1981 keypti gagnstefnandi endaraðhúsið nr. 20 við Brekkubyggð í byggingu af Sigurði Pálssyni byggingameistara f.h. aðalstefnanda, á kr. 736.965,00.. Kaupverðið var háð breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar. Gagnstefnandi fékk húsið afhent tilbúið undir tréverk þann 1. nóvember 1981 í samræmi við kaupsamning, en þá var eftir að múrhúða húsið að utan og mála og ganga frá þakköntum, götum og stígum.

Stefnandi greiddi grunnfjárhæð kaupverðsins í áföngum í samræmi við kaupsamning, allt nema kr. 46.281,00 sem hann átti að borga 6. nóvember 1982. Hann innti síðustu greiðslu af hendi 2. júní 1982. Aðalstefnandi reiknaði út verðbætur á þriggja mánaða fresti, fyrst 10. júlí 1981 og gaf út víxla fyrir þeim að viðbættum samningsvöxtum sem stefndi samþykkti allt þar til ágreiningur kom upp milli aðila um útreikning verðbótanna. Gagnstefnandi samþykkti síðast víxla fyrir verðbótum til 1. apríl 1982,þann 5.maí 1982, en synjaði samþykkis á víxlum sem aðalstefnandi sendi honum

7. júlí s.á. Voru þá ógreiddar samþykktar víxilkröfur upp á kr. 53.931,70 auk dráttarvaxta frá 16. mars 1982. Auk eftirstöðva kaupverðs og víxilkrafna krefur aðalstefnandi stefnda um verðbætur fyrir tímabilið 7. júlí 1982 til 1. apríl 1983, samtals kr. 34.069,10 auk vaxta og kostnaðar.

Í gagnsök er miðað við að aðalstefnanda beri að endurgreiða gagnstefnanda verðbætur og að gagnstefnanda sé rétt að halda eftir hluta af söluandvirði vegna ófullnægjandi skila eignarinnar af hálfu aðalstefnanda.

Endanlegar dómkröfur aðilanna eru þannig:

Dómkröfur aðalstefnanda:

Í aðalsök:

Aðalkrafa:

Að aðalstefnda verði gert að greiða aðalstefnanda kr. 157.310,75 auk 4,5% dráttarvaxta á mán. af kr. 21.154,30 frá 28/3/1982 til 15/4/1982, af kr. 43.111,90 frá þ.d. til 21/4/1982, 4% dráttarvaxta á mán. frá þ.d. til 25/4/1982, af kr. 57.556,30 frá þ.d. til 10/6/1982, af kr. 67.077,70 frá þ.d. til 25/7/1982, af kr. 88.953,70 frá þ.d. til 1/10/1982, af kr. 96.682,65 frá þ.d. til 1/11/1982, 5% dráttarvaxta á mán. eða broti úr mánuði frá þ.d. til 1/1/1983, af kr. 101.912,40 frá þ.d. til 1/4/1983, af kr. 111.029,75 frá þ.d. til 21/10/1983, 4,75% dráttarvaxta á mán. frá þ.d. til 21/11/1983, 4% dráttarvaxta frá þ.d. til 21/12/1983, 3,25% dráttarvaxta frá þ.d. til 21/1/1984, 2,5% dráttarvaxta frá þ.d. til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins allt að frádregnum kr. 23.028,95 sem stefndi greiddi áður en krafan kom til innheimtu lögmanns.

Verði aðalkrafa ekki tekin til greina að öllu leyti er einnig krafist vaxta af höfuðstól kr. 46.281,00 með sömu vaxtaprósentu og að ofan greinir.

Varakrafa:

Að aðalstefnda verði gert að greiða aðalstefnanda kr. 153.198,15 auk 5% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 1/1/1983 til 21/10/1983, 4,75% dráttarvaxta frá þ.d. til 21/11/1983, 4% dráttarvaxta frá þ.d. til 21/12/1983, 3,25% dráttarvaxta frá þ.d. til 21/1/1984, 2,5% dráttarvaxta frá þ.d. til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins allt að frádregnum kr. 23.028,95.

Þrautavarakrafa:

Að aðalstefnda verði gert að greiða aðalstefnanda aðra fjárhæð lægri en kröfufjárhæðir segja til um auk vaxta í samræmi við varakröfu og málskostnaðar að skaðlausu allt að frádregnum kr. 23.028,95.

Í gagnsök:

Að gagnstefndi verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og að

gagnstefnanda verði gert að greiða gagnstefnda málskostnað að mati dómsins.

Af hálfu aðalstefnanda hefur verið lagður fram málskostnaðarreikningur að fjárhæð kr. 180.000,00.

Gagnstefnandi hefur gjafvörn í aðalsök og gjafsókn í gagnsök samkvæmt gjafsóknarleyfi dags. 31. janúar 1984.

Dómkröfur gagnstefnanda eru sem hér segir:

Í aðalsök:

Að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar.

Í gangsök:

Aðalkrafa:

Að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda kr. 162.030,90 auk 4,5% dráttarvaxta á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 13.683,30 frá 10. janúar 1982 til 26. janúar 1982, af kr. 34.219,60 frá þeim degi til 25. febrúar 1982, af kr. 52.219,60 frá þeim degi til 10. apríl 1982, af kr. 70.298,20 frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% mánaðarvaxta af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 12. maí 1982, af kr. 119.567,20 frá þeim degi til 2. júní 1982, af kr. 162.030,00 frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 5% mánaðarvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. nóvember 1982 til 21. október 1983, 4,75% mánaðarvaxta frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 4% mánaðarvaxta frá þeim degi til 21. desember 1983, 3,25% mánaðarvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% mánaðarvaxta frá þeim degi til greiðsludags, að frádregnum kr. 53.931,70 og að gagnstefnda verði gert að skila víxlum pr. 26. mars 1982 kr. 21.154,30, pr. 15. apríl 1982, kr. 21.957,60 pr. 25. apríl 1982 kr. 14.444,40 pr. 10.júní 1982, kr. 9.521,40 og pr. 25. júlí 1982 kr. 9.882,95, samtals að eftirstöðvum kr. 53.931,70. Gagnstefndi afhendi gagnstefnanda formlegt afsal fyrir Brekkubyggð 20 í Garðabæ.

Varakrafa:

Til vara er krafist annarrar lægri fjárhæðar úr hendi gagnstefnanda auk dráttarvaxta í samræmi við aðalkröfu.

Þrautavarakrafa:

Verði svo litið á að gagnstefnandi skuldi gagnstefnda, er þess krafist til þrautavara að gagnstefnda verði gert að gera full skil á hinni seldu eign Brekkubyggð 20, Garðabæ, þ.m.t. frágangi utanhúss eins og gert sé ráð fyrir í kaupsamningi aðila og samningum gagnstefnda við Garðakaupstað, gegn greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs.

Hver sem niðurstaðan verður er þess krafist af hálfu gagnstefnanda að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati dómsins bæði í aðalsök og gagnsök.

Af hálfu gagnstefnanda hefur verið lagður fram málskostnaðarreikningur að fjárhæð kr. 194.000,00.

Aðilar eru sammála um að ef niðurstaða dóms leiðir til þess að útreikningar annars hvors aðila verði taldir lögmætir varðandi verðbótaútreikning, þá séu þeir skuldbundnir til að greiða á sama hátt verðbætur og/eða skuldir sínar fyrir það tímabil sem enn hefur ekki verið reiknað út með þeim hætti sem dómurinn kann að ákveða.

Meginmálsástæða gagnstefnanda er að aðalstefnanda sé óheimilt að verðtryggja kaupverð fasteignarinnar. Sérstaklega er því haldið fram að verðtryggingarákvæði samningsins séu ógild þar sem ekki hafi verið gætt ákvæða VII. kafla laga 13/1979 um lánstíma, viðmiðun við lánskjaravísitölu og heimild Seðlabankans. Þá hefur því verið hreyft að verðtryggingin feli í sér okur og misneytingu, en jafnvel þótt ekki verði fallist á þessar málsástæður er því haldið fram af hálfu gagnstefnanda að viðmiðun við „línulega vísitölu" sé ólögmæt. Janfvel þótt því verði játað að „línuleg vísitala" eigi rétt á sér telur gagnstefnandi að aðferð aðalstefnanda við útreikning verðbótanna sé ólögmæt. Sérstaklega heldur gagnstefnandi því fram að ólögmæt sé sú aðferð aðalstefnanda að reikna verðbætur á allar eftirstöðvar við lok hvers vísitölutímabils og innheimta þær þá þegar í stað þess að jafna þeim á ógreiddar afborganir. Sérstaklega er því haldið fram af hálfu gagnstefnanda að aðalstefnanda hafi verið óheimilt að áskilja sér verðbætur vegna breytinga á verðlagi sem urðu fyrir samningsgerð og sömuleiðis vegna verðbreytinga sem hafa orðið eftir afhendingu eignarinnar. Gagnstefnandi heldur því fram að samningur aðalstefnanda og bæjarstjórnar verði að skoðast sem hluti af samningi aðilanna og að vanefnd á honum eigi að leiða til þess að aðalstefnandi teljist hafa fyrirgert rétti til verðbóta.

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram að verðbótaútreikningur hans styðjist við ákvæði laga 13/1979, dómiðkun og samning aðilanna. Varðandi verðbætur miðað við breytingar á vísitölu eftir afhendingu bendir aðalstefnandi sérstaklega á að þá hafi verkinu hvergi nærri verið lokið. Varakrafa aðalstefnanda miðast við að einungis verði talið heimilt að miða við hækkanir á byggingavísitölu á þriggja mánaða fresti.

Aðilar gerðu upphaflega kaupsamning þann 6. apríl 1981 um húsið nr. 22 við Brekkubyggð á grunnverðinu kr. 695.250,00, en gagnstefnandi hafði þá þegar greitt þann 31. mars s.á. kr. 90.000,00 inn á þann samning. Samningurinn um Brekkubyggð 20 var síðan gerður sem viðbótarsamningur við hinn upphaflega samning.

Samkvæmt aðilaskýrslum virðast viðræður aðilanna hafa hafist laust fyrir jól 1980 og leiddu þær til þess að heita mátti að kaup um húsið nr. 22 við Brekkubyggð væru afráðin fyrir áramót. Kaupverðið var ákveðið í auglýsingu aðalstefnanda sem var kveikjan að viðræðum aðila. Stefnandi hófst handa við að selja sína íbúð fyrir áramót og var þá þegar rætt um að hann tæki á leigu íbúð af aðalstefnanda að Brekkubyggð 29 þar til hús hans yrði íbúðarhæft, og varð það að ráði. Gagnstefnandi seldi íbúð sína 23. mars 1981, og virðast öll helstu samningskjör milli málsaðila hafa verið ákveðin í marsmánuði og staðfest með innágreiðslu 31. mars. Greiðslutilhögun var ákveðin þegar á þessum tíma og miðuð við greiðslutilhögun samnings um sölu íbúðar gagnstefnanda auk útborgunar á húsnæðismálastjórnarláni, 1. og 2. hluta. Þá skyldu kr. 150.000,00 greiðast á 4 árum veðtryggðar og verðtryggðar miðað við lánskjaravísitölu. Með viðbótarsamningnum hækkaði kaupverðið sem svaraði þriðju útborgun hgúsnæðismálastjórnarlánsins, kr. 41.715,00, og í stað lánsins frá seljanda kom lán frá Verslunarbanka Íslands sem gagnstefnandi skuldbatt sig gagnvart aðalstefnanda til að greiða. Ekki var kveðið á um það í samningunum hvenær greiðslur tengdar lánum frá Húsnæðismálastofnun og Verslunarbankanum skyldu inntar af hendi, en samkvæmt gögnum málsins virðast aðilar hafa miðað við að síðasti hluti húsnæðismálastjórnarlánsins yrði greiddur í byrjun nóvember 1982.

Sökkull með plötu fyrir húsið nr. 22 við Brekkubyggð var steyptur í október 1980. Húsið að Brekkubyggð 20 var fokhelt í byrjun júlí 1981 og fékkst þá lánið í Verslunarbankanum.

Í 18. gr. samningsins er kveðið á um afhendingu eignarinnar og segir þar að framkvæmdum við húsið skuli lokið á árinu 1982. Gagnstefnandi kannast við að þessum verkum hafi verið lokið á réttum tíma, en nákvæmar hefur ekki komið fram hvenær húsið skyldi vera og varð fullbúið. Þá var sett varanlegt slitlag á bílastæði að bílskúr, gangstéttir og akbraut „botnlangans" sem raðhúsin standa við, ennfremur var komið fyrir ljóskerum til götulýsingar. Þessar framkvæmdir fóru fram á árinu 1982 í samræmi við samning aðilanna.

Þann 1. mars 1978 gerði aðalstefnandi samning við bæjarstjórn Garðakaupstaðar um úthlutun lóða fyrir keðjuhús og sambýlishús við Brekkubyggð. Skyldi byggingaframkvæmdum lokið á árinu 1982. Íbúðaval hf. skyldi kosta alla gatna- og stígagerð innan hverfisins. Í samningi aðila málsins segir í 18. gr. að slitlag hafi verið sett á aðalgötu frá Hofstaðabraut inn að Brekkubyggð 39. Í reynd hefur enn ekki verið malbikað nema að Brekkubyggð 21, malbikun gangstígs milli Hlíðarbyggðar og Brekkubyggðar er heldur ekki lokið, og loks er eftir að ganga frá bletti sem vinnuskúr aðalstefnanda stendur á. Aðalstefnandi kveður ekki hægt að ljúka mal-

bikun aðalgötu fyrr en búið sé að byggja öll húsin við Brekkubyggð og segist ekki hafa fengið samþykki fyrir göngustígnum fyrr en síðastliðið sumar. Framkvæmdastjóri aðalstefnanda segist gera ráð fyrir að öllum framkvæmdum á svæðinu verði lokið í sumar.

Við úrlausn málsins hafa dómendur einkum haft til hliðsjónar eftirtalin lögskýringar- og heimildargögn: HRD 1978 27 og 903, 1979 167, 1251 og 1294, 1980 1291 og 1981 1219, ÍST 30, athugasemdir, sem fylgdu frumvarpi til laga um stjórn efnahagsmála o.fl. nr. 13/1979, bréf Seðlabankans til Landssambands iðnaðarmanna, dags. 26. nóvember 1979, dskj. 51, bréf Seðlabankans til lögmanns gagnstefnanda dags. 10. nóvember 1982, dskj. 17, grein í Hagtíðindum 1983 bls. 59 - 63 um breyttan grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar, bréf Landssambands iðnaðarmanna til Verktakasambands Íslands dags. 8. mars 1983, dskj. 50, og vætti Björns Höskuldssonar, forstöðumanns þróunar- og gagnavinnsludeildar Reykjavíkurborgar, og Skúla Guðmundssonar, forstöðumanns framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins.

Við athugun á dómsúrlausnum Hæstaréttar kemur í ljós að þrátt fyrir hin fortakslausu ákvæði laga 71/1966 hefur þegar fyrir gildistöku laga 13/1979 verið talið heimilt að verðtryggja kaupverð húseigna sem seldar voru í smíðum, jafnvel miðað við „línulega vísitölu“ og jafnvel þótt greiðslutilhögun væri ekki miðuð við byggingaráfanga. Hins vegar virðist miðað við það í þessum úrlausnum að verðtrygging megi ekki haldast eftir afhendingu eða verklok. Af gögnum málsins virðist verða ráðið að verðtrygging, m.a. miðað við byggingavísitölu, jafnvel línulega, eigi sér stoð í viðskiptavenju þegar um er að ræða gagnkvæma samninga þar sem báðir samningsaðilar eiga að inna af hendi framlög á tilteknum tíma eftir samningsgerð.

Bann 1. gr. laga 71/1966 við verðtryggingu fjárskuldbindinga var fellt úr gildi með lögum 13/1979, 47. gr. Í 33. gr. laganna er veitt almenn heimild til verðtryggingar og þar með fallið frá þeirri neikvæðu framsetningu sem einkenndi 1. gr. laga 71/1966. Einnig er fallið frá hinni rúmu skilgreiningu fjárskuldbindinga í nefndu ákvæði og gildissvið takmarkað við hreinar fjárskuldbindingar eða peningalánsviðskipti; það er takmarkað við skriflegar skuldbindingar sem tilgreindar eru í peningum hvort sem stofnað er til þeirra með beinni lántöku, óviðkomandi öðrum lögskiptum aðila, eða þá að þær standa eftir að afloknum skilum efnislegra verðmæta eða þjónustu er aðilar hafa samið um, t.d. eftirstöðvar kaupverðs húsnæðis, sbr. aths. við 33. og 34. gr. frv. Megintilgangur ákvæða VII. kafla laganna virðist vera að tryggja örugga ávöxtun sparifjár með því að verðtryggja sparifé landsmanna og almannasjóða. Hins vegar virðist ljóst að ákvæðum þessum er ekki ætlað að takmarka samningsfrelsi manna miðað

við fyrri dómiðkun og venjur. Jafnvel á gildissviði laganna er gert ráð fyrir að miða megi við hvaða opinbera og skráða vísitölu sem er, sbr. a-lið 4. tl. 1. mgr. 39. gr., en ljóst er að formskilyrðum laganna er ekki ætlað að ná út fyrir gildissvið þessa kafla laganna eins og því hefur verið lýst.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið verður ekki fallist á það með gagnstefnanda að aðilum hafi verið óheimilt að semja um að kaupverð fasteignarinnar skyldi breytast miðað við „línulegar" breytingar á byggingavísitölu.

Verðbótaákvæði frumsamningsins eru svohljóðandi:

Söluverð hinnar keyptu eignar *er háð byggingavísitölu* frá Hagstofu Íslands *og er* það *miðað við* byggingavísitöluna þ. *1/1 1981, 626 stig.*

Verði hækkun eða lækkun á vísitölunni miðað við 626 stig á meðan að greiðslur fara fram vegna kaupa á þessu húsi, þá skal verðið breytast í sama hlutfalli % vís og byggingavísitalan segir til um á hverjum tíma, *en þó skal verðið breytast eftir því hvenær greiðslurnar hafa verið inntar af hendi.* (Vísitala reiknast aðeins til greiðsludags greiðslu.)

Fyrsti útreikningur á vísitöluálagi vegna þessa kaupsamnings verður gerður þ. 10.7. 1981, fyrir tímab. 1/1 - 30/6 1981 og síðan á 3ja mánaða fresti.

Vísitöluálag er kaupanda heimilt að greiða með 2ja og 3½ mánaðar víxlum (báðum jafn háum) samþykktum af honum sjálfum. Víxlarnir eru með venjulegum víxilvöxtum og öðrum bankakostnaði eins og þeir eru á hverjum tíma og bætast við víxlana og greiðast á sama tíma og þeir.

Í viðbótarsamningnum segir að verðhækkunin sé miðuð við vísitölu 1. janúar 1981, 626 stig „og breytist eins og vísitala segir til um hverju sinni."

Þegar litið er til aðdraganda samningsgerðarinnar eftir því sem honum er lýst hér að framan svo og þess sem fram er komið um upphaf byggingarframkvæmda verður ekki fallist á það með gagnstefnanda að ákvæði samningsins um upphafsviðmiðun verðtryggingarákvæðanna séu ólögmæt. Ekki hefur annað komið fram en að gagnstefnandi hafi gert sér fulla grein fyrir þýðingu þessa ákvæðis, og aðilum hefði verið í lófa lagið að hækka grunnverðið miðað við áorðnar vísitölubreytingar með sömu niðurstöðu.

Hins vegar virðast verðtryggingarákvæði samninganna ekki kveða skýrlega á um að miða beri við línulega vísitölu og ekki verður sú regla lesin út úr þessum ákvæðum að kaupandi eigi að greiða með víxlum allan mismuninn á eftirstöðvum grunnverðsins og þeirrar fjárhæðar sem eftirstöðvarnar hafa náð með vísitöluhækkunum að afloknu hverju vísitölutímabili. Þessi aðferð leiðir til óeðlilega þungrar greiðslubyrðar fyrir kaupanda á fyrri hluta greiðslutímabilsins og misræmis í framlögum aðila á samningstímanum miðað við það sem gert hefur verið ráð fyrir við samningsgerð.

Hins vegar hefur komið fram að gagnstefnandi hafði töluverða viðskiptareynslu, m.a. við gerð verðtryggðra verksamninga. Aðalstefnandi sendi honum skýra og greinilega verðbótaútreikninga með víxlunum og gagnstefnandi samþykkti þá og greiddi athugasemdalaust eða samdi um framlengingu á þeim langt fram á árið 1982. Þykir gagnstefnandi með þessu hafa fallist á verðbótaútreikninga aðalstefnanda með þeim hætti að hann geti nú ekki krafið aðalstefnanda endurgreiðslu þess fjár sem hann þannig hefur greitt eða losnað undan víxilskuldbindingum sem hann hefur samþykkt, enda hefur þeirri staðhæfingu aðalstefnanda ekki verið hnekkt að verðbæturnar hefðu ekkert orðið minni að verðmæti þótt þeim hefði verið jafnað niður á afborganir eftirstöðva höfuðstóls, og ekki hefur verið sýnt fram á að útreikningur aðalstefnanda miðað við „línulega vísitölu" sé óhagstæðari gagnstefnanda en vera á ef þessi aðferð er á annað borð við höfð.

Þegar þess er gætt að verki aðalstefnanda var enganveginn lokið við afhendingu eignarinnar tilbúinnar undir tréverk þykir ekki verða fallist á það með gagnstefnanda að verðbætur miðaðar við hækkanir eftir þann tíma eigi ekki rétt á sér. Hins vegar er ekki fyllilega upplýst hversu mikið verk var eftir eða hvenær á árinu 1982 skyldum aðalstefnanda samkvæmt samningi aðilanna var og átti að vera lokið. Gagnstefnandi hefur samþykkt víxla fyrir verðbótum miðað við vísitöluhækkanir fram til 1. apríl 1982 og þykir eftir atvikum mega miða verklok og lok verðtryggingar við þann tíma, en beiting verðtryggingar í stað dráttarvaxta á sér enga lagastoð. Óumdeilt er að aðilar gerðu ráð fyrir að eftirstöðvar kaupverðsins verðbættust til þess tíma þegar síðasti hluti húsnæðismálastjórnarlánsins yrði laus til útborgunar. Aðilum hefði verið heimilt að semja um almenna sparisjóðsvexti af eftirstöðvunum til greiðsludags, og þykir rétt, í samræmi við tilgang aðilanna að fylla samning þeirra með því að kveða á um vexti af þessum eftirstöðvum frá 1. apríl 1982 til 6. nóvember s.á., sem séu jafnháir þeim vöxtum sem Seðlabankinn hefur ákveðið af almennum sparisjóðsreikningum á þessu tímabili, enda þykir þessi tilhögun eiga stoð í kröfugerð aðalstefnanda.

Ekki verður fallist á það með gagnstefnanda að sú töf, sem orðið hefur á frágangi gatna og stíga skv. samningi aðalstefnanda við bæjarstjórn Garðakaupstaðar, eigi að hafa áhrif á greiðsluskyldu hans samkvæmt samningi málsaðila, enda þykja kröfur gagnstefnanda í þessu sambandi ekki eiga stoð í honum.

Þegar litið er til viðskiptareynslu gagnstefnanda þykir ekki verða fallist á þá málsástæðu að samningur aðilanna eigi að teljast ógildur með óbreyttu efni vegna misneytingar. Þá þykir gagnstefnandi ekki hafa fært fram við-

hlítandi rök fyrir því að slíkt misræmi sé milli kaupverðs og kostnaðarverðs að samningsverðið eigi að lækka af þeim sökum.

Þegar gagnstefnandi hefur gert skil við aðalstefnanda á hann rétt á afsali, og þykir hann því eiga rétt á að kveðið sé á um þennan rétt hans.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið þykir gagnstefnandi eiga að greiða aðalstefnanda kr. 100.212,70 með vöxtum eins og hér á eftir greinir gegn útgáfu og afhendingu afsals fyrir fasteigninni Brekkubyggð 20 í Garðakaupstað.

Vextir þykja hæfilega ákveðnir þeir er í dómsorði greinir. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Allur gjafvarnarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns gagnstefnanda, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminn skipa Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari, Guðjón Hansen tryggingafræðingur og Þór Guðmundsson viðskiptafræðingur. Meirihluti dómsins Guðjón Hansen og Þór Guðmundsson kveða upp dóminn.

Dómsorð:

Gagnstefnandi Þorgils Axelsson greiði aðalstefnanda Íbúðavali hf. kr. 100.212,70 með 4,5% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 21.154,30 frá 28. mars 1982 til 15. apríl 1982, af kr. 37.619,25 frá þeim degi til 21. apríl 1982,með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 25. apríl 1982, af kr. 52.063,65 frá þeim degi til 2. júní 1982, af kr. 34.327,35 frá þeim degi til 10. júní 1982, af kr. 44.048,95 frá þeim degi til 25. júlí 1982, af kr. 53.931,70 frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 4,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 3,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 2,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, með 34% ársvöxtum af kr. 46.281,00 frá 1. apríl 1982 til 1. nóvember 1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 6. nóvember 1982, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt gegn afsali fyrir fasteigninni Brekkubyggð 20 í Garðakaupstað.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafvarnarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs

talsmanns gagnstefnanda, Jóns Einars Jakobssonar hdl., kr. 60.000,0 greiðist úr ríkissjóði.

Guðjón Hansen
Þór Guðmundsson

Sératkvæði
Steingríms Gauts Kristjánssonar.

Ég er sammála meiri hluta dómsins um allt annað en málskostnað og tel að gagnstefnandi eigi að greiða aðalstefnanda kr. 60.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 23. desember 1986.

Nr. 237/1985. **Gunnar Trausti Guðbjörnsson**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
Íbúðavali h/f
(Othar Örn Petersen hrl.)

Kaup á húsi í smíðum. Verðtrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. október s.á. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. l. nr. 75/1973. Hann krefst þess að stefnda verði dæmt skylt að gefa út til sín afsal fyrir fasteigninni nr. 36 við Brekkubyggð í Garðabæ ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum og til þess að endurgreiða sér 1.334,00 krónur með ársvöxtum þannig: 45% frá 7. september 1983 til 21. s.m., 37% frá þeim degi til 21. október

s.á., 36% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 19% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi gerði stefndi þegar hinn 10. janúar 1982 skýra grein fyrir aðferð sinni við útreikning verðbótanna og síðan að loknu hverju verðbótabímabili. Áfrýjandi samþykkti og greiddi víxla fyrir verðbótareikningunum og tók við húsinu í október 1982, allt án athugasemda. Þótt ákvæði kaupsamningsins, sem rakin eru í héraðsdómi, um aðferð við útreikning verðbótanna séu ekki allskostar skýr, benda þau til þess að ætlunin hafi verið að reikna verðbæturnar eftir svonefndri „línulegri" vísitölu. Þegar þessi atriði eru virt þykir bera að líta svo á að áfrýjandi hafi orðið bundinn við skilning stefnda á verðbótaákvæðinu.

Í héraðsdómi var verðbótatímabilinu talið ljúka 15. janúar 1983. Samkvæmt kaupsamningi átti síðasta dagsett afborgun af grunnverði hússins að fara fram þann dag, en ekki var tímasett hvenær inna skyldi af hendi greiðslur þær er tengdar voru útborgun á láni húsnæðismálastjórnar. Upplýst er að síðast fóru þær fram í september 1983. Um var samið að framkvæmdum við húsið að utan skyldi lokið á árinu 1983. Í málinu er ekki upplýst hvenær ársins þau verklok áttu sér stað, en miða verður við að það hafi verið eftir 15. janúar 1983. Hvort heldur lok verðbótatímabilsins eru miðuð við síðustu greiðslu samkvæmt kaupsamningnum eða verklokin er ljóst að það er eftir fyrrgreint tímamark.

Stefndi gagnáfrýjaði ekki málinu og að auki krafðist hann staðfestingar héraðsdóms í greinargerð fyrir Hæstarétti. Ber með vísun til framanritaðs að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til með þeim breytingum á vöxtum sem fram koma í dómsorði.

Eftir atvikum telst rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að frá 1. janúar 1985 greiðist ársvextir þannig: 30,8% til 1. febrúar

s.á., 39% frá þeim degi til 1. mars s.á., 45% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. september s.á., 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 27% frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar og Guðmundar Jónssonar.

Fallast ber á með áfrýjanda að verðtryggingarákvæði samningsins beri að miða við svokallaða þrepavísitölu, sbr. a-lið 4. tölulíðar 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979. Í því sambandi skiptir hvorki máli að stefndi sendi áfrýjanda útreikninga, byggða á svokallaðri „línulegri vísitölu" í bréfum 10. janúar og 10. apríl 1982 og síðan að loknu hverju verðbótatímabili, né athafnir eða athafnaleysi áfrýjanda að öðru leyti.

Ákvæði samningsins um verðbætur á tímabilinu frá 1. október 1981 til 1. janúar 1982 eru óskýr. Samningurinn var saminn af stefnda. Verður hann að bera hallann af óskýrleika samningsins að þessu leyti. Ber því að skýra þetta ákvæði í samræmi við túlkun áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur í útreikningum sínum miðað greiðslur verðbóta við 1. janúar 1983. Stefndi hefur ekki sannað, að sá háttur á greiðslu verðbótanna sé í andstöðu við samninginn.

Samkvæmt útreikningi áfrýjanda, sem stefndi hefur ekki hnekkt, telst áfrýjandi hafa ofgreitt stefnda 1.334,00 krónur. Eigi verður séð, að áfrýjandi hafi innt greiðslur sínar af hendi með fyrirvara. Verður því ekki fallist á það með áfrýjanda, að hann eigi rétt á endurgreiðslu þessa fjár. Stefnda ber hins vegar að gefa út til áfrýjanda afsal fyrir fasteigninni nr. 36 við Brekkubyggð í Garðakaupstað.

Með vísan til þess, sem nú er rakið, er gagnkröfum stefnda hafnað.

Eftir atvikum þykir okkur rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. mars 1985.

Mál þetta, sem var dómtekið 28. febrúar 1985, hefur Gunnar Trausti Guðbjörnsson útlitsteiknari, Brekkubyggð 36 Garðakaupsstað, 3353-5007, höfðað fyrir dóminum 27. janúar 1984 á hendur Íbúðavali hf., Kambsvegi 32 Reykjavík, 4496-4708, með kröfu um útgáfu afsals og endurgreiðslu ofgoldins kaupverðs fasteignar. Stefndi hefur höfðað gagnsök til greiðslu eftirstöðva kaupverðs.

Þann 29. desember 1981 gerðu aðilar málsins með sér kaupsamning um keðjuhúsið nr. 36 við Brekkubyggð í Garðakaupstað ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. Var umsamið kaupverð kr. 890.550,00, en átti að verðbætast miðað við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar. Við samningsgerð var húsið í byggingu og tók seljandi að sér að smíða húsið þannig að það yrði afhent tilbúið undir tréverk í september eða október 1982 auk nokkurra framkvæmda við húsið að utan sem skyldi lokið á árinu 1983. Aðalstefnandi átti að greiða kaupverðið með afborgunum skv. 14 greiðsluliðum í kaupsamningnum. Síðasta dagsetta afborgun átti að fara fram 15. janúar 1983, en gert var ráð fyrir að greiðslur, sem miðaðar voru við aðra og þriðju útborgun láns úr Byggingarsjóði ríkisins, gætu farið fram eftir þann tíma.

Verðið kr. 890.550,00 var miðað við byggingavísitölu 1. október 1981, en verðbætur vegna tímabilsins frá 1. október til 31. desember 1981 átti að greiða með afborgunum frá febrúar til september 1983. Að öðru leyti skyldi fyrsti útreikningur vísitöluálags gerður 10. apríl 1982 fyrir tímabilið 1.1. - 31.3. 1982 og síðan á þriggja mánaða fresti. Kaupanda var heimilt að greiða álagið með tveggja og þriggja og hálfs mánaðar víxlum með eftir á greiddum víxilvöxtum. Gjalddagar á fyrstu víxlunum voru 10. júní og 25. júlí 1982 og síðan með 3ja mánaða millibili.

Aðalstefnandi hafði greitt fyrirfram kr. 10.000,00 11. desember 1981. Við undirskrift kaupsamnings greiddi hann kr. 60.000,00. Þann 10. janúar 1982 sendi gagnstefnandi aðalstefnanda útreikning á verðbótum fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1981 að fjárhæð kr. 106.755,55. Segir þar m.a.: „Hækkun á byggingavísitölu fyrir tímab. 1/10 - 31/12 1981, varð úr 811 stigum í 909 stig eða 12,1% = 0,1345% per. dag." Útreikningurinn var síðan gerður á þessum grundvelli, en síðan segir að þessi hækkun bætist við kaupverðið og vísitöluhækkanir verði eftirleiðis reiknaðar út frá þeirri fjárhæð eða kr. 890.550,00 + 106.755,55 = 997.305,55, og er þetta í samræmi við ákvæði kaupsamningsins. Þann 10. apríl 1982 sendi síðan gagnstefnandi aðalstefnanda útreikning á verðbótum fyrir tímabilið 1. janúar - 31. mars 1982 með sömu útreikningsaðferð. Stefnandi samþykkti og greiddi síðan 2 víxla fyrir þessum verðbótum að viðbættum vöxtum. Fóru

síðan skipti aðilanna fram í samræmi við greiðsluákvæði samningsins og verðbótútreikning seljanda.

Þann 12. október 1982 var húsið tilbúið undir tréverk og var þá afhent, en í nóvembermánuði kom upp ágreiningur með aðilum um verðbótaútreikning.

Þann 26. nóvember 1982 ritaði lögmaður aðalstefnanda gagnstefnanda bréf þar sem því er haldið fram að skuld aðalstefnanda sé of há samkvæmt útreikningum gagnstefnanda og gerð grein fyrir skuldinni samkvæmt þeim útreikningum sem aðalstefnandi telur rétta.

Um áramótin hafði aðalstefnandi greitt allar gjaldfallnar skuldir samkvæmt útreikningum gagnstefnanda. Þann 7. janúar 1983 sendi gagnstefnandi aðalstefnanda útreikning verðbóta fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1982 ásamt tveimur víxlum. Þann 15. janúar 1983 féllu í gjalddaga kr. 25.550,00 skv. 14. greiðslulið kaupsamnings. Þann 21. febrúar héldu aðilar árangurslausan fund um ágreiningsefni sín. Þann 24. janúar tilkynnti lögmaður aðalstefnanda gagnstefnda að stefnandi teldi sig hafa ofgreitt og að hann myndi ekki samþykkja víxlana fyrr en gagnstefnandi hefði gefið svar við þeim sjónarmiðum sem sett hefðu verið fram í bréfi dags. 26. nóvember 1982. Gagnstefnandi hafði fengið heimild aðalstefnanda til að taka við lánsfé úr Byggingarsjóði ríkisins, og tók hann sér fullnustu af því þann 9. mars 1983 kr. 57.846,00 og 7. september 1983 kr. 57.327,00. Þann 12. júlí 1983 greiddi aðalstefnandi gagnstefnanda kr. 35.000,00.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að stefnda verði dæmt skylt að gefa út til aðalstefnanda afsal fyrir fasteigninni nr. 36 við Brekkubyggð í Garðabæ ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum og til þess að endurgreiða stefnanda kr. 1.334,00 ásamt 45% ársvöxtum frá 7.9. 1983 til 21.9. 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaði samkv. framlögðum málskostnaðarreikningi, þ.m.t. útlögðum kostnaði við útreikninga Verkfræðistofunnar Ferils hf. eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu gagnstefnanda er þess krafist í aðalsök að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi í samræmi við lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Kröfur gagnstefnanda eru þessar í gagnsök:

Aðalkrafa:

Að gagnstefnda verði gert að greiða gagnstefnanda kr. 203.211,40 auk 45% ársvaxta af kr. 30.317,20 frá 1. janúar 1983 til 1. apríl 1983, af kr. 74.607,20 frá þ.d. til 1. júlí 1983, af kr. 105.489,80 frá þ.d. til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þ.d. til 1. október 1983, af kr. 114.408,85 frá þeim degi til 21. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985 en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

1. varakrafa:

Verði aðalkrafa ekki tekin til greina hvað varðar áframhaldandi verðbótaútreikninga er einnig krafist 37% ársvaxta af kr. 88.802,55 frá 1. október 1983 til 21. október 1983, 36% ársvaxta frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvaxta frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvaxta frá þ.d. til 1. janúar 1985, 32% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar 1985 en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

2. varakrafa:

Verði hvorki aðalkrafa né 1. varakrafa teknar til greina er krafist greiðslu á kr. 163.409,75 auk 45% ársvaxta af kr. 30.317,20 frá 1. janúar 1983 til 1. apríl 1983, af kr. 74.607,20 frá þeim degi til 21. september 1983, 37% ársvaxta af kr. 163.409,75 frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvaxta frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvaxta frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar 1985 en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Auk þessa er krafist 42% ársvaxta af kr. 181.129,55 frá 1. apríl 1983 til 12. júlí 1983, frá þeim degi af kr. 146.129,55 til 7. september 1983, af kr. 88.802,55 frá þeim degi til 21. september 1983.

Í öllum tilvikum er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar.

Krafa gagnstefnanda virðist sundurliðast þannig:

1.	Eftirstöðvar kaupverðs eða verðbóta fyrir tímabilið 1. október 1981 til 31. desember 1981	kr.	88.802,55
2.	Verðbætur fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1982	"	30.317,20

3.	Verðbætur fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1983	"	44.290,00
4.	Verðbætur fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1983	"	30.882,60
5.	Verðbætur fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1983	"	8.919,05
	Samtals	kr.	203.211,40

Aðalstefnanda var veitt gjafsóknarleyfi 13. september 1984.

Málskostnaðarreikningur aðalstefnanda er að fjárhæð kr. 98.768,00 og málskostnaðarreikningur gagnstefnanda kr. 90.000,00.

Málsástæður og lagarök:

Ágreiningur málsaðila snýst um þrjú meginatriði.

1. Aðalstefnandi telur að gagnstefnanda hafi verið óheimilt að byggja útreikninga verðbóta á svokallaðri línulegri vísitölu, og að honum hafi einungis verið heimilt að reikna verðbætur í þrepum miðað við breytingar á byggingavísitölu á samningstímanum. Hann telur línulega vísitölu hvorki eiga stoð í samningi né venju. Gagnstefnandi telur aftur á móti að línuleg vísitala eigi stoð í samningi og venju auk þess sem aðalstefnandi hafi samþykkt aðferðina í verki.

2. Aðalstefnandi telur, að verðbætur fyrir tímabilið 1. október - 31. desember 1981 hafi átt að greiðast án frekari verðbóta eða vaxta. Gagnstefnandi telur á hinn bóginn að ekki fái staðist með venjulegri túlkun að samningurinn geri ráð fyrir að verðhækkunin skuli greiðast meira en ári eftir að krafan stofnaðist án verðbóta eða vaxta, þegar samningurinn grundvallist einmitt á hinu gagnstæða.

3. Aðalstefnandi telur að gagnstefnanda hafi verið óheimilt að reikna verðbætur eftir afhendingu eignarinnar, enda hafi húsasmíðinni þá að mestu verið lokið. Gagnstefnandi telur sér heimilt að reikna verðbætur til greiðsludags, en lætur nægja að reikna þær til 30. september 1983. Varakröfurnar eru við það miðaðar að ekki verði fallist á verðbótaútreikning svo langt fram í tímann sem aðalkrafan gerir ráð fyrir og er þá gert ráð fyrir að vextir komi í stað verðbóta.

Aðalstefnandi telur, að frá afhendingardegi eignarinnar hafi einungis verið heimilt að reikna almenna sparisjóðsvexti af útistandandi skuld til greiðsludags.

Verði niðurstaða dómsins sú að línuleg vísitala sé heimil og heimilt að miða verðbætur við samanlagt upphaflegt kaupverð og verðbætur fyrir tímabilið 1.10. til 31.12. 1981, en að verðbætur eftir afhendingu séu

óheimilar, er ágreiningslaust með aðilum að höfuðstóll skuldar aðalstefnanda við gagnstefnanda sé kr. 88.802,55.

Til vara telur aðalstefnandi sig geta fallist á að verklok verði miðuð við 1. janúar 1983. Gagnstefnandi heldur því fram, að um hafi verið rætt að lokið yrði við húsið sumarið 1983 og til vara að rétt sé að miða verklok og lok verðbóta við 1. október 1983. Í þrautavarakröfu er á samsvarandi hátt miðað við 1. apríl 1983.

Af hálfu gagnstefnanda hefur komið fram að hann telur kröfugerð sína fela í sér að ef talið verður að verðbætur eigi að falla niður miðað við fyrra tímamark en 1. apríl 1983 eigi að reiknast vextir jafnháir almennum sparisjóðsvöxtum af ógjaldföllnum eftirstöðvum frá niðurfalli verðbóta til gjalddaga.

Álit dómsins.

Í samningi aðilanna segir svo:

Söluverð hússins er háð byggingavísitölu frá Hagstofu Íslands og er miðað við vísitölu þ. 1.10. 1981, 811 stig. Þó skal tekið fram, að verðhækkanir verða reiknaðar samkv. byggingavísit. pr. 1.1. 1982 á kr. 890.550,00 + verðh. fyrir tímab. 1/10 '81 - 1/1 '82.....

Að lokinni sundurliðun á greiðslu framangreindrar fjárhæðar kr. 890.550,00 segir svo um greiðslu verðbóta fyrir tímabilið frá 1. október til 31. desember 1981:

Hækkun fyrir tímab. 1/10 '81 - 1/1 '82, skal greiðast eins og hér á eftir greinir:

Mánuðina febrúar, mars og apríl 1983 skal greiða þ. 1. hvers mánaðar kr. 15.000,00 pr. mánuð = kr. 45.000,00. Ef hækkun fengist á láni frá Verslunarb. Íslands, þá skal sú hækkun ganga upp í verðhækkun fyrir framanskráð tímabil. Það sem eftir yrði af þessari verðhækkun skal greiðast með jöfnum greiðslum í maí - sept. 1983, þ. 1. hvers mánaðar, jafnhá fjárhæð á hverjum mánuði .....

Um verðbætur segir svo síðar í samningnum:

Vísitöluálag:

Söluverð hinnar keyptu eignar er háð byggingavísitölu frá Hagstofu Íslands og er það miðað við byggingavísitöluna þ. 1.10. 1981, 811 stig, en verður framv. reiknuð samkv. vísitölu pr. 1.1. 1982. (Sjá bls. 6.)

Verði hækkun eða lækkun á vísitölunni miðað við 811 stig á meðan að greiðslur fara fram, vegna kaupa á þessu húsi, þá skal verðið breytast í sama hlutfalli % - vís og byggingavísitalan segir til um á hverjum tíma, en þó skal verðið breytast eftir því hvenær greiðslurnar hafa verið inntar af hendi. (Vísitala reiknast aðeins til greiðsludags greiðslu) ....

Ekki er ágreiningur með aðilum um lögmæti verðbóta almennt og jafnvel ekki um lögmæti verðbóta miðaðar við „línulega byggingavísitölu" í samningum þar sem skyldum aðila er háttað eins og í þessu máli. Að því er varðar „línulega vísitölu" og verðbætur ofan á verðbætur snýst ágreiningurinn fyrst og fremst um það hvort aðferð stefnanda eigi stoð í samningi aðilanna. Gagnstefnandi hefur í útreikningum notað þá aðferð að í lok hvers vísitölutímabils reiknar hann út hver meðaltalshækkun vísitölunnar var hvern dag og reiknar verðbætur og eftirstöðvar kaupverðs samkvæmt því.

Verðtryggingarákvæði samningsins virðast ekki kveða á um „línulega vísitölu" þannig að ekki verði um villst. Sú aðferð gagnstefnanda að ætla kaupanda að greiða með víxlum allan mismuninn á eftirstöðvum grunnverðs og þeirrar fjárhæðar sem eftirstöðvarnar hafa náð með vísitöluhækkunum að afloknu hverju vísitölutímabili leiðir til óeðlilegrar greiðslubyrðar fyrir kaupanda á fyrri hluta greiðslutímabilsins og misræmis í framlögum aðila á samningstímanum miðað við það sem gert mun hafa verið ráð fyrir við samningsgerð. Hins vegar kemur það skýrlegar fram þegar í fyrsta útreikningi gagnstefnanda sem hann sendi aðalstefnanda 10. janúar 1982, að hann deilir hækkun byggingavísitölunnar niður á dagana í vísitölubímabilinu, og í bréfi hans 10. apríl 1982 kemur aðferð hans einnig greinilega fram. Í báðum þessum bréfum og síðari útreikningum sem gagnstefnandi sendi aðalstefnanda kemur einnig greinilega fram hvernig gagnstefnandi reiknar verðbætur á eftirstöðvar. Hafi aðalstefnandi talið að honum bæri að greiða miðað við „þrepavísitölu" mátti honum þegar í byrjun janúar 1982 vera ljóst, að gagnstefnandi hafði annan skilning, og hefði mátt ætla að hann hefði þá þegar leitað sérfræðilegrar aðstoðar og/eða krafist leiðréttingar af stefnda eða leitað samkomulags við hann. Gagnstefnandi (sic) samþykkti hins vegar víxla þá sem honum voru sendir og greiddi síðan, tók við húsinu án athugasemda í októbermánuði og hófst ekki handa um leiðréttingu sinna mála fyrr en í nóvember 1982. Þykir gagnstefnandi (sic) með þessu hafa fallist á verðbótaútreikninga aðalstefnanda (sic) með þeim hætti að hann geti nú ekki krafið aðalstefnanda (sic) endurgreiðslu þess fjár sem hann þannig hefur greitt eða samþykkt, og að því er varðar verðbætur til áætlaðra verkloka þykir einnig verða að byggja á því að aðalstefnandi hafi í reynd samþykkt aðferð gagnstefnanda.

Þótt ákvæðum um greiðslu verðbóta fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1981 hafi verið haldið utan við hin almennu greiðsluákvæði í kaupsamningnum, verður ekki annað séð af samningnum en að frestun á greiðslu verðbótanna hafi verið háð því að fjárhæð þessara verðbóta breyttist miðað við byggingavísitölu á sama hátt og grunnverð samningsins. Þessi skilningur er ítrekaður og nánar útfærður svo ekki verður um villst í bréfi

gagnstefnanda til aðalstefnanda 10. janúar 1982. Aðalstefnandi þykir þannig hafa skuldbundið sig til að hlíta þessu ákvæði.

Í úrlausnum dómstóla þar sem fallist hefur verið á vísitöluákvæði í samningum, þrátt fyrir lagaákvæði um bann við verðtryggingu, sbr. lög nr. 71/1966, sem felld voru úr gildi með lögum 13/1979, kemur fram að heimild til vísitölubindingar, sem talin hefur verið lögmæt, er miðuð við að báðir aðilar inni framlög af hendi á tilteknu tímabili eftir samningsgerð og að verðbætur megi haldast út það tímabil sem báðir aðilar eiga að inna af hendi framlög. Þessi sjónarmið hafa verið látin ráða um leigusamninga, sbr. HRD. 1980 bls. 1291 og um verksamninga og kaupsamninga um fasteignir þeirrar gerðar sem fjallað er um í þessu máli, sbr. t.d. HRD. 1978, bls. 27 í XLIX. dómabindi Hæstaréttar. Um samninga af þessari gerð hefur verið talið að lok verðtryggingarheimildar miðaðist almennt við afhendingu fasteigna. Ákvæði laga 13/1979 virðast ekki hafa breytt þeirri reglu sem dómstólar hafa þannig markað og verðtryggingarákvæði samnings aðilanna þykja ekki uppfylla skilyrði 39. gr. laganna, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands 9. febrúar 1981, varðandi verðtryggingu eftir verklok. Hins vegar er á það að líta, að verki gagnstefnanda var ekki að öllu leyti lokið við afhendingu, þannig að ráð var fyrir því gert, að hluti verksins yrði unninn um sumarið 1983. Ekki hafa komið fram nákvæmar upplýsingar um hversu mikið verk var þá óunnið, og ljóst er að ekki var ætlast til að það yrði unnið á samfelldum verktíma. Síðasta dagsetta afborgun grunnverðs samkvæmt samningnum átti að fara fram 15. janúar 1983, og þykir eftir atvikum réttmætt að miða lok verðbótaheimildar við það tímamark.

Hins vegar er ljóst, að aðilar sömdu um verðbætur til lengri tíma í þeirri trú að þeim væri það heimilt. Þeim var í lófa lagið að kveða á um vexti, sem í reynd fólu í sér ríkan verðbótaþátt, til þess að ná að verulegu leyti sama markmiði, og þykir eftir atvikum rétt með fyllingu á samningi aðila, að kveða á um samningsvexti jafnháa almennum sparisjóðsvöxtum á þær fjárhæðir sem ógreiddar og ógjaldfallnar voru 15. janúar 1983 og síðan dráttarvexti eins og fram kemur í dómsorði á hvern skuldalið frá eindaga.

Miðað við þessar niðurstöður þykir mega lýsa skyldum og skiptum aðila frá 1. janúar 1983 eins og hér segir til gjalddaga og greiðslu síðasta skuldaliðs samkvæmt samkomulagi aðila.

		Grunnverð		*Verðbætur*	
		Gjaldf.	*Greitt*	*Gjaldf.*	*Greitt*
1983	Flutt frá fyrra ári	758.330	758.330	260.510,40	260.510,40
1/1	Verðbætur 1.10.-31.12'82			30.317,20	
15/1	14. afborgun	25.550			

		Grunnverð		*Verðbætur*	
		Gjaldf.	*Greitt*	*Gjaldf.*	*Greitt*
1/2	Verðb.1.10.-31.12.'81 1.gr.			15.000,00	
1/3	Verðb.1.10.-31.12.'81 2.gr.			15.000,00	
9/3	13. afb. (II. hl. Húsn.m.)	57.846	57.846		
1/4	Verðb.1.10.-31.12.'81 3.gr.			15.000,00	
13/4	Verðb. 1.1. - 15.1.'83			7.843,18	
1/5	Verðb.1.10.-31.12.'81 4.gr.			12.351,11	
1/6	Verðb.1.10.-31.12.'81 5.gr.			12.351,11	
1/7	Verðb.1.10.-31.12.'81 6.gr.			12.351,11	
12/7	Lagt á reikn. h.f. í V.Í.		25.550		9.450
1/8	Verðb.1.10.-31.12.'81 7.gr.			12.351,11	
1/9	Verðb.1.10.-31.12.'81 8.gr.			12.351,11	
7/9	13. afb. (III. hl. Húsn.m.)	48.824	48.824		8.503
		890.550	890.550	405.426,33	278.463,40
					126.962,93

Samkvæmt þessu þykir aðalstefnandi eiga að greiða gagnstefnanda kr. 126.962,90 með vöxtum samkvæmt ofangreindu og með þeim takmörkunum sem leiða af kröfugerð gagnstefnanda eins og nánar greinir í dómsorði gegn afsali fyrir eigninni. Eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður, en gjafsóknarkostnaður aðalstefnanda, þ.m.t. gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns hans, Gests Jónssonar hrl., kr. 50.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari, Þór Guðmundsson viðskiptafræðingur og Guðjón Hansen tryggingafræðingur kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Gagnstefnandi Íbúðaval hf. gefi út til aðalstefnanda Gunnars Trausta Guðbjörnssonar afsal fyrir fasteigninni nr. 36 við Brekkubyggð í Garðakaupstað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins gegn greiðslu úr hendi aðalstefnanda á kr. 126.962,90 með 42% ársvöxtum af kr. 221.268,73 frá 15. janúar 1983 til 1. febrúar 1983, af kr. 206.268,73 frá þeim degi til 1. mars 1983, af kr. 191.268,73 frá þeim degi til 9. mars 1983, af kr. 133.422,73 frá þeim degi til 1. apríl 1983, af kr. 118.422,73 frá þeim degi til 13. apríl 1983, af kr. 110.579, frá þeim degi til 1. maí 1983, af kr. 98.228,44 frá þeim degi til 1. júní 1983, af kr. 85.877,33 frá þeim degi til 1. júlí 1983, af kr.

73.526,22 frá þeim degi til 1. ágúst 1983, af kr. 61.175,11 frá þeim degi til 1. september 1983, af kr. 48.824,00 frá þeim degi til 7. september 1983, með 45% ársvöxtum af kr. 30.317,20 frá 10. janúar 1983 til 1. apríl 1983, af kr. 74.607,20 frá þeim degi til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum af kr. 126.962,93 frá þeim degi til 21. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður aðalstefnanda, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns hans, Gests Jónssonar hrl., kr. 50.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 23. desember 1986.

Nr. 252/1984. **Hólmar Tryggvason**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Guðmundi Bjarna Daníelssyni
og gagnsök
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Fasteignakaup. Gallar. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973, 28. nóvember 1984. Hann gerir þessar dómkröfur:

1. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að gefa út og afhenda honum afsal fyrir einbýlishúsinu Kópubraut 8 í Njarðvík ásamt bílskúrssökkli og lóðarleiguréttindum gegn afhendingu veðskuldabréfs að fjárhæð 67.029,15, tryggðu með 2. veðrétti í nefndri fasteign.

2. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð 43.170,00 krónur með 19% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi 31. janúar 1984 til 13. ágúst s.á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 27. ágúst s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 26% ársvöxtum frá þeim degi til 25. s.m., 27,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. s.m., 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. mars 1986, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., en með 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

3. Að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

4. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 24. desember 1984 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðalkrafa:

1. Að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda í málinu, þeim er um er fjallað í aðalsök í héraði.

2. Að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 209.082,00 krónur með vöxtum svo sem hér segir: 37% ársvöxtum af 335.250,00 krónum frá 30. september 1983 til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 13. desember s.á., en síðan með sömu vöxtum af 135.250,00 krónum til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á.,

42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 15. maí s.á., en með 27% ársvöxtum af 209.082,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess sérstaklega krafist að dæmt verði að „vextir verði þannig reiknaðir að áföllnum vöxtum verði bætti við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti."

Til vara krefst gagnáfrýjandi þess í þessum þætti málsins (gagnsök í héraði) að fjárhæð sú, sem honum verði dæmd, verði ákveðin 135.250,00 krónur ásamt vöxtum eins og að framan greinir, bæði að því er varðar upphafstíma vaxta, vaxtafót og lagningu vaxta við höfuðstól, svo og um fjárhæðir þær, er vextir reiknist af, að öðru leyti en því að einnig frá 15. maí 1986 til greiðsludags reiknist vextirnir af 135.250,00 krónum í stað 209.082,00 króna. Jafnframt verði aðaláfrýjanda þá dæmt skylt að gefa út veðskuldabréf að fjárhæð 67.029,15 krónur, er beri 20% ársvexti frá 15. nóvember 1985. Verði veðskuldabréfið tryggt með 2. veðrétti í Kópubraut 8 og greiðist það með 4 jöfnum afborgunum 15. maí og 15. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 15. maí 1986, ásamt vöxtum er komi í gjalddaga á sömu dögum og afborganir.

3. Að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varakrafa.

Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ráða má af málflutningi að ekki sé ágreiningur um að hinar samrættu fjárkröfur aðilja hvors um sig á hendur hinum skuli látnar mætast að því leyti sem þær verða teknar til greina og aðeins kveðið á um það í dómi að mismuninn skuli greiða með vöxtum.

I.

Aðaláfrýjandi sundurliðar fébótakröfur sínar með þeim hætti sem greint er í hinum áfrýjaða dómi. Reiknar hann þær því samtals 183.170,00 krónur en dregur frá 140.000,00 krónur, sem ógreiddar eru af kaupverði, og krefur gagnáfrýjanda um mismuninn, 43.170,00 krónur.

Verður þá vikið að einstökum kröfuliðum.

Um 1. kröfulið:

Kröfuliður þessi er um greiðslu beins kostnaðar við úrbætur á ýmsum göllum á hinni seldu húseign svo sem sá kostnaður var metinn af dómkvöddum mönnum. Nánar er kröfuliðurinn þannig sundurliðaður samkvæmt matsgerðinni:

1.	Kostnaður við að skipta um járn og pappa á þaki og við aðrar lagfæringar á þaki	76.500,00 kr.
2.	Efni og vinna vegna ófullnægjandi festingar á burðarvegg	16.200,00 kr.
3.	Viðgerð á skemmdum á lofti í barnaherbergi vegna leka	750,00 kr.
4.	Kostnaður við festingu á miðstöðvarofnum	1.500,00 kr.
	Alls	94.950,00 kr.

Um 1. lið í matsgerð.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi var tekið fram í skriflegum kaupsamningi aðilja, að kaupanda, aðaláfrýjanda máls þessa, væri kunnugt um að húsið væri ekki smíðað allt af fagmönnum þannig að búast mætti við því að laga þyrfti ýmislegt af því sem búið væri að vinna í því. Þá verður að telja sannað að aðaláfrýjanda hafi verið greint sérstaklega frá því við undirritun kaupsamningsins að þakið á húsinu hefði verið klætt með notuðu bárujárni. Þegar hvort tveggja þetta er virt þykir aðaláfrýjandi, sem er húsasmiður, ekki geta krafið gagnáfrýjanda um skaðabætur vegna þess að húsþak var klætt með áður notuðu bárujárni og lagning þess og neglingu var ábótavant.

Ekki hefur verið hnekkt því mati héraðsdóms, sem skipaður var byggingafróðum meðdómendum, að ekki verði ætlast til að við skoðun kæmi aðaláfrýjandi auga á ófullnægjandi festingu þaks eða vöntun á loftræstingu. Er annmarki þessi slíkur, að hinn sérstaki fyrirvari í kaupsamningnum þykir ekki taka til hans. Ekki liggur fyrir í málinu hvað sérstaklega kosti að bæta úr þessu, en héraðsdómendur telja að fjarlægja þurfi klæðningu á þaki ásamt pappa svo og járn af þakinu. Þegar þetta er virt ber að dæma aðaláfrýj-

anda bætur vegna þessa og verða þær ákveðnar að álitum 50.000,00 krónur.

Um 2. lið í matsgerð.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms og fyrirvara gagnáfrýjanda í kaupsamningi verður hann sýknaður af þessum kröfulið.

Um 3. og 4. lið í matsgerð.

Gagnáfrýjandi hefur fallist á kröfur aðaláfrýjanda samkvæmt þessum liðum matsgerðarinnar. Verða þeir því teknir til greina með samtals 2.250,00 krónum (750,00 + 1.500,00 krónum) svo sem aðaláfrýjandi krefst.

Samkvæmt þessu verður 1. kröfuliður aðaláfrýjanda tekinn til greina með samtals 52.250,00 krónum (50.000,00 + 2.250,00 krónum).

Um 2. kröfulið:

Ekki er tölulegur ágreiningur um þennan kröfulið og aðaláfrýjandi viðurkennir skyldu sína til að greiða hann. Verður hann því tekinn til greina.

Um 3. kröfulið:

Staðfesta má úrlausn héraðsdóms um þennan kröfulið.

Um 4. kröfulið:

Aðaláfrýjandi hefur ekki sýnt fram á að sér hafi verið þörf á lögmannsaðstoð nema til undirbúnings málshöfðunar og verður úrlausn héraðsdóms staðfest.

Um 5. kröfulið:

Staðfesta ber héraðsdóm um þennan kröfulið.

Alls verða fébótakröfur aðaláfrýjanda samkvæmt þessu teknar til greina með 54.750,00 krónum.

II.

Kröfur gagnáfrýjanda, þær sem um er fjallað í gagnsök í héraði, eru á því reistar að aðaláfrýjandi hafi ekki fullnægt skyldum sínum um greiðslu kaupverðs.

Ákvæði kaupsamnings um þetta eru rakin í II kafla hins áfrýjaða dóms. Vanefndir aðaláfrýjanda telur gagnáfrýjandi vera þessar:

1. Af þeim 390.000,00 krónum, sem greiða skyldi 30. september 1983, hafi aðaláfrýjandi eigi goldið 200.000,00 krónur fyrr en 13. desember 1983. Þá hafi 140.000,00 krónur af þeirri greiðslu alls eigi verið goldnar vegna þeirra gagnkrafna sem aðaláfrýjandi hafi talið sig eiga. Réttmætar gagnkröfur aðaláfrýjanda séu ekki nema þær 4.750,00 krónur sem áður er frá greint að hann viðurkennir. Séu eftirstöðvar þessarar greiðslu því 135.250,00 krónur.

2. Aðaláfrýjandi hafi ekki gefið út veðskuldabréf að fjárhæð 134.058,30 krónur, svo sem um var samið. Greiddar hafi verið 67.029,15 krónur af þeirri fjárhæð; séu ógoldnar eftirstöðvar því 67.029,15 krónur. Verði þær að teljast fallnar í gjalddaga. Að öðrum kosti beri aðaláfrýjanda að gefa út umsamið skuldabréf fyrir þeim eftirstöðvum.

3. Aðaláfrýjandi skuldi umsamda vexti, 20% ársvexti, af þeim 67.029,15 krónum sem hann hafi goldið af þeirri fjárhæð sem hann átti að gefa út skuldabréf fyrir. Nemi sú skuld 6.703,00 krónum.

Samkvæmt þessu fær gagnáfrýjandi út kröfufjárhæðina 209.082,00 krónur (sic) (135,.250,00 + 67.029,15 + 6.703,00).

Ágreiningslaust er að aðaláfrýjandi hefur ekki greitt gagnáfrýjanda 140.000,00 krónur af þeim hluta kaupverðs sem hann átti að greiða í peningum. Til frádráttar þeirri upphæð kemur sú fjárhæð sem gagnáfrýjanda ber að greiða sem skaðabætur eftir því sem áður var sagt. Verður aðaláfrýjandi því dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 85.250,00 krónur (140.000,00 krónur — 54.750,00 krónur).

Aðaláfrýjandi átti að greiða 134.058,30 krónur af kaupverði með skuldabréfi með veði í eigninni og átti það að greiðast með jöfnum afborgunum, tveimur á ári, í 4 ár, í fyrsta sinn 15. maí 1984 svo sem lýst er í héraðsdómi. Hann hefur ekki enn gefið út skuldabréfið en greitt 4 fyrstu afborganirnar. Í greinargerð sinni til Hæstaréttar 7. apríl 1986 krafðist gagnáfrýjandi að aðaláfrýjandi gæfi út skuldabréf fyrir eftistöðvunum, 67.029,15 krónur. Krafa hans um að aðaláfrýjandi greiði þá fjárhæð alla í reiðufé virðist vera reist á að greiðslur 15. maí og 15. nóvember 1986 séu enn ógoldnar og skuldin af þeirri ástæðu öll gjaldkræf. Sú krafa var gerð við munnlegan málflutning og var ekki reifuð þannig að hún verði tekin til greina.

Hins vegar er rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða í peningum hinar gjaldföllnu greiðslur, en gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum, 33.514,50 krónur.

Loks hefur gagnáfrýjandi krafist þess að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 6.703,00 krónur vegna vangoldinna vaxta. Gagnáfrýjandi hefur ekki gert þá grein fyrir kröfu þessari að hún verði tekin til greina.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 118.764,50 krónur (85.250,00 + 33.514,50 krónur) ásamt vöxtum eins og síðar verður greint, og gefa út skuldabréf með veði í Kópubraut 8 í Njarðvík að fjárhæð 33.514,50 krónur með vöxtum og gjalddaga eins og í dómsorði segir, gegn afsali fyrir sömu fasteign.

III.

Aðiljar hafa í málinu hagað kröfugerð sinni um vexti með ólíkum hætti, og hefur aðaláfrýjandi krafist dómvaxta samkvæmt lögum nr. 56/1979 af kröfum sínum. Vegna framangreinds skuldajafnaðar þarf ekki að fjalla um þá vaxtakröfu sérstaklega.

Gagnáfrýjandi skýrir vaxtakröfu sína svo, að hún sé um dráttarvexti samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands. Hefur hann sérstaklega vísað þar til kafla IV, 2) b) í auglýsingum bankans dags. 16. september 1983, 20. desember 1984 og auglýsingar, dags. 21. febrúar 1985.

Aðaláfrýjandi mótmælir að vextir verði reiknaðir frá fyrri tíma en 13. desember 1983. Hafi ástæðan til þess að áður greindar 200.000,00 krónur af umsaminni greiðslu 30. september 1983 voru eigi greiddar fyrr en 13. desember á því ári verið sú, að gagnáfrýjandi hafi ekki fullnægt samningsskyldu sinni til að aflétta áhvílandi veðskuldum af eigninni fyrr en 8. desember 1983.

Gagnáfrýjandi hefur viðurkennt að dregist hafi að aflétta veðskuldunum. Verður ekki annað séð en að aðaláfrýjandi hafi greitt umræddar 200.000,00 krónur þegar eftir að hann fékk að vita, að þetta hefði verið gert. Eigi er fulljóst hversu háar hinar áhvílandi veðskuldir voru. Eins og hér stendur á þykir ekki rétt að dæma gagnáfrýjanda dráttarvexti af greiðslu þessari eða reikna vexti af kröfu hans frá fyrri tíma en 13. desember 1983. Verða vextirnir ákveðnir þeir sem síðar segir.

Gagnáfrýjandi hefur sérstaklega krafist þess að dæmt verði að honum sé heimilt að bæta áföllnum dæmdum dráttarvöxtum árlega við höfuðstól krafna sinna. Þeirri kröfugerð er mótmælt af hálfu aðaláfrýjanda.

Í 2. grein tilskipunar 27. maí 1859 var eiganda skuldar heimilað að krefjast sérstakra lögsóknarvaxta frá þeim degi, er hann leitaði réttar síns. Svo var litið á, að lögsóknarvextir þessir væru einfaldir ársvextir með vaxtafæti eftir því sem nánar var tiltekið í greininni. Með 5. grein laga nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., var lögtekið að skuldara væri skylt að greiða dráttarvexti af skuld sinni þegar frá eindaga hennar. Eftir sem áður var þó litið svo á að skuldareigandi mætti ekki leggja við höfuðstólinn áfallna dráttarvexti, og krefjast dóms fyrir dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð.

Sú breyting, sem gerð var á 1. - 3. gr. laga nr. 73/1933 með 31. grein laga nr. 4/1960, leiddi til þess að eftirleiðis hlutu vextir af sparifjárreikningum að hafa áhrif á dráttarvaxtafót í ýmsum tilvikum. Eftir sem áður voru lögin þó skilin þannig í framkvæmd að dráttarvextir væru reiknaðir sem einfaldir vextir, án tillits til þess að vöxtum af innstæðum á sparifjárreikningum var árlega bætt við höfuðstólinn.

Með 1. gr. laga nr. 71/1965 var 5. gr. laga nr. 58/1960 breytt í það horf að skuldari, er greiddi ekki skuld sína á réttum tíma, skyldi vera skyldur til, frá eindaga hennar uns hann greiddi skuldina, að greiða skuldareiganda þá dráttarvexti af henni sem Seðlabanki Íslands ákvæði samkvæmt 13. gr. laga nr. 10/1961. Í auglýsingum sínum um vexti kvað Seðlabankinn á um dráttarvexti af víxlum, tékkum og af lánum. Var þá vafi á hvaða dráttarvexti ætti að greiða af ýmsum öðrum kröfum. Ein út af fyrir sig raskaði umrædd lagabreyting því ekki að dráttarvextir væru í lögskiptum manna reiknaðir sem einfaldir vextir.

Er frá leið tók Seðlabankinn að gera ráð fyrir því í auglýsingum sínum að dráttarvöxtum af lánum væri bætt við höfuðstól. Slík ákvæði voru meðal annars í III. kafla í auglýsingum bankans dags. 17. nóvember 1983 og 20. desember 1984. Sambærileg ákvæði voru hins vegar ekki í IV. kafla 2) b) í sömu auglýsingum. Með auglýsingu dags. 18. janúar 1985 var síðast nefndu ákvæði breytt. Varð það nú svohljóðandi: „Greiði skuldari ekki skuld sína á réttum

tíma, er skuldareiganda heimilt frá eindaga til greiðsludags að krefjast vanskilavaxta (dráttarvaxta) af gjaldfallinni fjárhæð skv. ákvæðum III. 1) hér að framan". Verður að líta svo á að með þessu hafi verið samræmd ákvæðin um dráttarvexti og þeim skuldareigendum, sem IV. kafli 2) b) tók til, veitt sama heimild til að bæta dráttarvöxtum við höfuðstól og þeim er kröfur áttu sem féllu undir III. kafla.

Telja verður að sú heimild, sem Seðlabankinn hefur samkvæmt 5. gr.laga nr. 58/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1965, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961, til að kveða á um dráttarvexti, taki til ákvarðana bæði um vaxtahæð og vaxtareikning. Með auglýsingu sinni, dags. 18. janúar 1985, er áður var greind, rýmkaði bankinn áður veittar heimildir samkvæmt III. kafla 1) til að bæta áföllnum dráttarvöxtum við höfuðstól. Sú breyting verður þó ekki talin hafa haft afturvirk áhrif þannig að gagnáfrýjandi geti reist á henni rétt sér til handa til að bæta áður áföllnum dráttarvöxtum af kröfu sinni við höfuðstól hennar. Og þar sem krafa hans í máli þessu er um að öllum dæmdum dráttarvöxtum skuli árlega bætt við höfuðstólinn en án þess að þetta sé nánar afmarkað í kröfugerð eða í málsreifun, verður hún ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verða gagnáfrýjanda dæmdir vextir af hinni dæmdu fjárhæð svo sem hér segir: 32% ársvextir af 85.250,00 krónum frá 13. desember 1983 til 21. s.m., 25% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1985, 30,8% ársvextir frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 39% ársvextir frá þeim degi til 1. mars s.á., en 48% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvextir frá þeim degi til 1. september s.á., en 45% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1986, en 33% ársvextir frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 27% ársvextir frá þeim degi til 15. maí 1986, en síðan sömu vextir af 102.007,25 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 1986 en af 118.764,50 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Hólmar Tryggvason, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Bjarna Daníelssyni, 118.764,50 krónur með 32%

ársvöxtum af 85.250,00 krónum frá 13. desember 1983 til 21. s.m., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 30,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., en 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 15. maí 1986, en síðan með sömu vöxtum af 102.007,25 krónum frá þeim degi til 15. nóvember s.á., en af 118.764,50 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Ennfremur gefi aðaláfrýjandi út veðskuldabréf að fjárhæð 33.514,50 krónur, tryggt með 2. veðrétti í fasteigninni Kópubraut 8 í Njarðvík, er beri 20% ársvexti frá 15. nóvember 1985 og greiðist með tveimur jöfnum afborgunum, 15. maí 1987 og 15. nóvember 1987, allt gegn afhendingu afsals fyrir fasteigninni.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Guðmundar Skaftasonar.

Gagnáfrýjandi krefst þess „að vextir verði þannig reiknaðir að áföllnum vöxtum verði bætt við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti“ og vextir síðan reiknaðir af nýjum höfuðstól hennar.

Talið hefur verið að í lögum væri ekki almenn regla er af mætti leiða skyldu skuldara til að greiða vaxtavexti. Lög nr. 73/1933 um bann við okri, dráttarvexti o.fl. veittu kröfuhafa ekki sjálfstætt heimild til að krefja skuldara vaxtavaxta. Þó gat kröfuhafi krafist vaxtavaxta væri byggt á gildri réttarheimild svo sem samningi eða venju. Með breytingu á lögum nr. 73/1933 og lögum nr. 58/1960 og með 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands var honum

fengið vald til að ákveða hámark og lágmark vaxta. Þegar virt er orðalag þeirrar greinar og forsaga hennar þykir ekki viðhlítandi að skýra hana rýmra en svo að bankanum hafi einungis verið falið að kveða á um vaxtafót en ekki höfuðstól skuldar til vaxtareiknings. Tilgangur með þessum lagabreytingum var sá að fá bankanum vald yfir vaxtafætinum í hagstjórnarskyni en ekki vald til að mæla fyrir um rétt og skyldur í skuldaskiptum eins og hér hagar til. Hafa því augýsingar bankans ekki þýðingu fyrir úrlausn málsins að þessu leyti. Geta ber þess að auglýsingar þær er mál þetta varða kveða ekki á um töku vaxtavaxta, en setja útreikningum þeirra vissar skorður, ef taka þeirra er á annað borð heimil.

Með vísan til framanritaðs teljum við að hafna beri framangreindri kröfu gagnáfrýjanda. Að öðru leyti erum við samþykkir dómsatkvæði meirhluta dómara.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 4. maí 1984.

I.

Mál þetta var dómtekið 13. þ.m.

Upphaflega er málið höfðað af Hólmari Tryggvasyni verkamanni (sic), nnr. 4258-4509, Kópubraut 8, Njarðvík með stefnu, birtri 31. janúar 1984, gegn Guðmundi Bjarna Daníelssyni húsasmið (sic), nnr. 3053-5405, Miðtúni 1, Keflavík.

Með gagnstefnu, birtri 7. mars 1984, höfðaði Guðmundur Bjarni Daníelsson, hér á eftir nefndur gagnstefnandi, gagnsök gegn Hólmari Tryggvasyni, hér á eftir nefndur aðalstefnandi.

Dómkröfur aðalstefnanda í aðalsök eru þessar:

1) Að gagnstefnanda verði gert að gefa út og afhenda honum afsal fyrir einbýlishúsinu að Kópubraut 8, Njarðvík ásamt tilheyrandi bílskúrssökkli og lóðarleiguréttindum gegn afhendingu veðskuldabréfs að fjárhæð kr. 134.058,30 sem tryggt sé með 2. veðrétti í fasteigninni að Kópubraut 8, Njarðvík.

2) Að gagnstefnanda verði gert að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 43.170 með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979) frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

3) Að gagnstefnanda verði gert að greiða honum málskostnað skv. lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í aðalsök eru dómkröfur gagnstefnanda þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi hans.

Dómkröfur gagnstefnanda í gagnsök eru þær að aðalstefndi greiði honum kr. 137.500 ásamt 37% ársvöxtum af kr. 337.500 frá 30. september 1983 til 21. október s.á., 36% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 13. desember s.á., 32% ársvöxtum af kr. 137.500 frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, þannig reiknað að áfallnir vextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Þess er einnig krafist að aðalstefnanda verði gert skylt að gefa út skuldabréf að fjárhæð kr. 134.058,30 tryggt með 2. veðrétti í Kópubraut 8, Njarðvík, með 20% ársvöxtum frá 15. apríl 1983, til 4ra ára með gjalddögum 15. maí og 15. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 15. maí 1984. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda að mati dómsins og 19% ársvaxta á málskostnað frá dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Í gagnsök krefst aðalstefnandi sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar úr hendi hans samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

II.

Hinn 29. janúar 1983 gerðu aðilar málsins fyrir milligöngu Eignamiðlunar Suðurnesja kaupsamning um kaup aðalstefnanda á einbýlishúsi gagnstefnanda nr. 8 við Kópubraut í Njarðvík ásamt tilheyrandi bílskúrssökkli og leigulóðarréttindum. Aðdragandi kaupanna var skammur og er framlagt kauptilboð gagnstefnanda dagsett 18. janúar 1983.

Um er að ræða timburhús á einni hæð, u.þ.b. 143 m², að því er greinir í sölulýsingu fasteignasölunnar. Einnig að það sé einungis íbúðarhæft að hálfu, en að öðru leyti rúmlega fokhelt. Búið að einangra útveggi, efni í pípulögn fylgi, sólbekki vanti svo og í öll loft, einnig lausafög og fleira.

Uppdrættir að húsinu lágu ekki fyrir við söluna utan grunnteikning. Útlitsteikningar að húsinu höfðu verið samþykktar af byggingarnefnd Njarðvíkur hinn 25. október 1977 og burðarþolsteikningar hinn 1. febrúar 1978.

Kaupverð hins selda var umsamið kr. 870.000. Útborgun, kr. 590.000, skyldi greiðast á eftirfarandi hátt:

1) Við undirritun samnings kr. 100.000. 2) Hinn 1. apríl 1983 kr. 30.000. 3) Hinn 30. júní 1983 kr. 50.000. 4) Hinn 30. september 1983 kr. 390.000. Kaupandi skyldi yfirtaka áhvílandi veðskuld á 1. veðrétti að eftirstöðvum kr. 165.941,70 og gefa út og afhenda seljanda veðskuldabréf tryggt með 2. veðrétti í hinni seldu eign, að fjárhæð kr. 134.058,30 með 20% ársvöxtum frá afhendingardegi eignarinnar og greiðast á fjórum árum 15. maí og 15. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 15. maí 1984.

Samkvæmt kaupsamningnum skyldi afhendingardagur eignar vera eigi síðar en 15. apríl 1983 og útgáfudagur afsals 30. september 1983 enda hefði kaupandi þá fullnægt skuldbindingum sínum og seljandi aflétt veðskuldum á 2.-8. veðréttum auk fjárnáms óviðkomandi kaupanda.

Auk tíðkanlegs ákvæðis um að eignin sé seld í því ástandi, sem kaupandi hafi kynnt sér við skoðun og sætt sig við að öllu leyti, er í kaupsamningnum svofellt ákvæði: „Húsið er ekki fullgert og tekur kaupandi við húsinu eins og ástand þess er nú. Kaupanda er kunnugt um að húsið er ekki smíðað allt af fagmönnum þannig að búast má við því að laga þurfi ýmislegt af því sem búið er að vinna í húsinu." Auk þess var kveðið á um að byggingarefni, sem til væri í húsinu, fylgdi með, þ.e.a.s. efni í pípulögn að mestu fyrir utan miðstöðvarofna og 3,5 rúllur af einangrun í útveggi.

Hinn 8. ágúst 1983 var haldinn fundur með aðilum málsins á Eignamiðlun Suðurnesja vegna kvartana aðalstefnanda. Lofaði gagnstefnandi endurbótum m.a. að því leyti að þak yrði fest niður samkvæmt teikningum og „teiknað upp" fyrir 30. september s.á. en stóð síðan ekki við það og hafði ekki heldur á greindu tímamarki aflétt veðskuldum. Aðalstefnandi stóð í skilum með þrjár fyrstu greiðslur samkvæmt kaupsamningi en þegar kom að greiðsludegi 30. september 1983 voru aðeins greiddar kr. 50.000, sem gagnstefnandi hafði reyndar fengið áður með víxli á þeim gjalddaga.

Með bréfi lögmanns aðalstefnanda, dags. 29. ágúst 1983, til gagnstefnanda eru settar fram kvartanir vegna þess að þakhalli sé mun minni en samkvæmt teikningu, frágangur á þaksperrum, klæðningu og öðrum þakviðum sé heldur ekki samkvæmt teikningu og alls ófullnægjandi, þakjárn skeytt mikið saman, notað og skemmt og vegna þakleka séu innréttingar byrjaðar að skemmast.

Aðalstefnandi fékk Sturlaug Ólafsson, húsasmíðameistara, til að skoða og meta galla á umræddri húseign. Hann mat kostnað við nauðsynlegar endurbætur kr. 145.370. Í matsgjörðinni, sem er dagsett 12. október 1983, segir m.a.: „Má í meginatriðum rekja galla hússins til þess að ekki er farið eftir samþykktum teikningum." Að öðru leyti verða hér tilgreindir nokkrir kaflar úr matsgjörð Sturlaugs Ólafssonar:

„1. Ástandslýsing á þakjárni:

Þakjárn ber þess merki að hafa verið notað áður því víða eru göt eftir nagla sem ekki passa. Göt þessi standa opin og er óhjákvæmilegt að eitthvað (sic) vatn fari niður um þau. Endaskörun er á járninu sem aldrei verður vatnsheld á þaki með 6-7 gráðu halla. Þegar teikning er athuguð kemur í ljós að þar er teiknaður 12 gráðu halli þ.e.a.s. þakris lækkað um 50 sm. Samkvæmt byggingarlögum frá 1979 er lágmarks halli á bárujárnsþaki 14 gráður og samkvæmt rannsóknum Rb. „Lekaskemmdir af völdum

þakleka" kemur í ljós að þök með 6-7 gráðu halla geta *ekki* talist örugg gegn leka.

2. Ástandslýsing á frágangi á þakvið og loftrásum: Niðurfesting á sperrum er í engu samræmi við teikningar. Þar sem hægt var að komast að til skoðunar eru tveir naglar af sex teiknuðum á veggsyllu útveggjar. Sperruás er teiknaður með 5 stk. 5 tommunöglum en þar er engin sjáanleg negling. Það er því augljóst að þakið er ekki í stakk búið til að mæta því álagi sem það getur orðið fyrir, sérstaklega hvað sogkraft varðar. Vindhlífar milli sperra eru hreint fúsk og gegna ekki tilsettu hlutverki.

3) Ástandslýsing á burðarvegg undir sperruás: Samkvæmt teikningu á burðarveggur undir sperruás að vera boltaður niður í gólfplötu. Þar sem hægt er að komast að til skoðunar er enga bolta að sjá og verður því að gera ráð fyrir að eins sé komið þar sem búið er að klæða og mála.

4) Ástandslýsing á lekaskemmdum í barnaherbergi: Í barnaherbergi að sunnanverðu er loft aðeins farið að skemmast af völdum þakleka."

Kröfum, sem settar voru fram af hálfu aðalstefnanda og byggðust aðallega á framangreindri matsgjörð, var hafnað af hálfu gagnstefnanda að undanskildum liðum sem vörðuðu annars vegar frágang á þakviðum, sperrum og loftrásum á húsinu og hins vegar lekaskemmdir í barnaherbergi.

Í málinu hefur verið lögð fram svohljóðandi matsgjörð Vilhjálms Grímssonar, tæknifræðings, og Jóns B. Kristinssonar, húsasmíðameistara, dags. 24. nóvember 1983:

„Skv. endurriti úr bæjarþingsbók Keflavíkur og Njarðvíkur 8. nóv. sl. eru undirritaðir dómkvaddir matsmenn vegna matsbeiðni frá Björgvini Þorsteinssyni hdl. dags. 24. okt. sl.

Til vettvangsgöngu var boðað með símskeyti eins og lagt var fyrir í matsbeiðni. Við vettvangsskoðun mættu aðeins Björgvin Þorsteinsson hdl. og Hólmar Tryggvason. Skoðunin fór fram 17. nóv. og síðan aftur 18. nóv. sl.

Í matsbeiðni eru matsmenn beðnir m.a. um að láta í té skriflegt og rökstutt álit á eftirfarandi:

1. Hvaða gallar séu á þaki hússins, frágangi á þakvið, þakjárni, sperrum, loftrásum og klæðningu þaksins og að hvaða leyti frágangur þaksins er öðruvísi en gert er ráð fyrir í teikningum og byggingarsamþykkt.

2. Hvaða gallar séu á frágangi burðarveggs undir sperruás.

3. Hverjar séu lekaskemmdir í lofti í barnaherbergi og hverjar séu orsakir lekans.

Um lið 1.

Í byggingarsamþykkt er gilti 1967-1979 er ekki getið um lágmarksþakhalla, en í reglugerð frá 1979 er þess krafist að sé þakhalli undir 14° skulu þakplötur vera ósamsettar á lengdina.

Járnið á þaki hússins er að mestum hluta (ca. ¾) notað (gamalt) járn og samsett sem næst miðja vegu milli mænis og þakskeggs. Þakhalli er 8°. Auk þess engin þétting sjáanleg á plötusamskeytum.

Negling á sperrum er ófullnægjandi. Festingin er 2 málmvinklar á hverri sperru við útvegg, negldir með 2 stk. 2" nöglum. Skv. burðarþolsuppdr. dags. 8. des. 1977 af þakviðnum er gert ráð fyrir að notað sé gyrði sem neglt sé með 3 stk. 2½" nöglum í hvorn enda, sem er í knappasta lagi að okkar áliti.

Ennfremur vantar neglingu í mænissamskeyti sbr. áðurnefndan uppdrátt (dags. 8. des. 1977) sem nemur 2-3 stk. 5" nöglum í hver samskeyti. Sperrufesting í burðarvegg við mæni er ófullnægjandi á sama hátt og festing í útvegg.

Loftræsting á þaki er engin en skylt er að hún sé a.m.k. 8 cm^2 fyrir hvern m^2 þakflatar skv. byggingarsamþykkt sem gilti 1967-1979.

Um lið 2.

Fótstykki í burðarvegg undir sperruás er fest með skotnöglum með 50 cm millibili niður í steypta gólfplötu, sem er ófullnægjandi. Nota skal boltafestingar til þess að flytja sogátak frá þaki niður í grunn (c/c - 1,2m).

Stafir burðarveggs eru aðeins „stikknegldir" í fótstykki og vel negldir í staf. Einnig vantar gyrði frá staf og yfir veggjalægju að séð verður.

Um lið 3.

Leki í barnaherbergi er að öllum líkindum vegna óþéttrar járnklæðningar á þaki. Sjáanlegar skemmdir á lofti eru þær að vegna rakans hefur fylliefni sem hylja átti hefti bólgnað og orðið sýnilegt á ca. 1 m kafla.

Aðrir gallar sem fram komu við vettvangsskoðun voru eftirfarandi:

1. Allir miðstöðvarofnar voru lausir, nema í stofu.
2. Glugga vantar í forstofu.
3. Milliveggur er skakkur, þ.e. gólfflötur er hornskakkur um 13 cm í barnaherbergi við hlið anddyris.

Verklýsing og kostnaðaráætlun skv. framansögðu.

1. Þak.

Skipta þarf um járn og pappa á þaki. Einnig þarf að rífa upp hluta af timburklæðningu á þaki til þess að komast að þakfestingum.

Kostnað við þetta áætla matsmenn alls kr. 76.500,00 efni og vinna.

2. Burðarveggur undir sperruás.

Rífa þarf þilplötur af annarri vegghlið og bora fyrir múrboltum og bæta í veggstafafestingar.

Kostnað við þetta má áætla kr. 16.200,00, efni og vinna innifalin.

3. *Lekaskemmdir.*
Lekaskemmdir í lofti barnaherbergis. Mála og sparsla loft alls kr. 750,00.

4. *Aðrir gallar sem bent var á við vettvangsskoðun:*
4.1 Festing á miðstöðvarofnum alls kr. 1.500,00.
4.2 Gluggi í forstofu alls kr. 8.500,00. Ísetning innifalin með efni og vinnu.
4.3 Rétta af skakkan vegg á milli barnaherbergis og forstofu alls kr. 4.400,00.
Kostnaður samtals kr. 107.850."

Með bréfi lögmanns aðalstefnanda til gagnstefnanda, dags. 7. desember 1983, er lýst yfir skuldajöfnuði vegna bótakrafna að fjárhæð kr. 185.130 og krafist afsals fyrir umræddri fasteign gegn efndum að öðru leyti af hálfu beggja aðila á ákvæðum kaupsamings.

Samkvæmt veðbókarvottorði dags. 7. desember 1983 hafði gagnstefnandi þá aflétt veðskuldum af eigninni, sem honum bar samkvæmt kaupsamningi.

Hinn 13. desember 1983 greiddi aðalstefnandi gagnstefnanda kr. 200.000 og voru þá settir fyrirvarar af beggja hálfu.

III.

Sturlaugur Ólafsson og hinir dómkvöddu matsmenn komu fyrir dóminn, staðfestu matsgjörðir sínar og gáfu á þeim nokkrar skýringar.

Aðalstefnandi skýrði svo frá að er hann skoðaði umrædda húseign fyrir gerð kaupsamnings hafi aðstæður ekki verið góðar til skoðunar að utanverðu, m.a. verulegur jafnfallinn snjór á þaki. Hann kvaðst hafa tekið eftir ófaglegum vinnubrögðum á ýmsu innanhús, t.d. á þilplötum og gluggum, og hefði fyrirvari í kaupsamningi lotið að slíkum atriðum.

Þak hafi ekki verið klætt að innanverðu né heldur burðarveggur í stofu og hefði verið unnt að sjá festingar en hann hafi ekki hugað að þeim enda ekki haft ástæðu til að ætla að þær væru ófullnægjandi. Hann kvað ekki hafa verið búið að ganga frá pípulögn í stofu en ofnar að öðru leyti tengdir og hiti á þeim. Ekki kvaðst hann hafa haft ástæðu til að aðgæta með því að taka í ofnana hvort þeir hefðu verið festir. Hann kvað gagnstefnanda ekki hafa vakið athygli á göllum. Hann kvaðst ekki minnast þess að við samningsgerð hefði verið fært í tal að þakjárn væri að hluta notað, enda hefði hann ekki tekið eftir því fyrr en á tímabilinu frá undirskrift samnings þar til hann tók við húsinu, 15. apríl 1983, að mestur hluti þakjárns var notaður, rauðmálaður, en að öðru leyti galvaniserað járn. Hann kvaðst ekki hafa fengið teikningar að húsinu fyrr en eftir að hann tók við um-

ráðum þess og fljótlega eftir það hafi honum orðið ljósir aðrir gallar, sem um ræðir í málinu.

Gagnstefnandi skýrði svo fram að hann hefði hafið byggingu hússins Kópubraut 8, Njarðvík sumarið 1978 eða í byrjun árs 1979 og unnið að mestu einn að smíðinni, en bróðir hans, Guðbjartur, aðstoðað hann lítillega. Er þaksperrur hafi verið reistar hafi halli orðið of lítill fyrir mistök. Þeir bræður hafi farið á fund byggingafulltrúa Njarðvíkur, sem hafi samþykkt hallann en boðið að leggja yrði nýjar teikningar fyrir byggingarnefnd. Hann kvað byggingafulltrúann hafa við úttektargjörð gert athugasemd við festingar á þaki. Fokheldisvottorð hefði verið gefið út 1982 og járn sett á þakið skömmu síðar. Ekki hefði verið fengið leyfi til að hafa samskeytt þakjárn. Hann sagði, að er hann gekk frá fótreim undir burðarvegg hefði farist fyrir að koma fyrir boltafestingum. Með tilvitnuðum fyrirvara í kaupsamningi kvað gagnstefnandi hafa verið átt við frágang á milliveggjaplötum og önnur slík atriði og hefði hann viljað firra sig ábyrgð vegna galla þar sem hann er ófaglærður. Hann kvað hafa verið eftir að ganga frá „gesimskassa" að utan og hefði komið fyrir að snjó hafi skafið inn undir þakið og lekið örlítið inn á umræddan stað í barnaherbergi.

Er hann kom til að undirrita kaupsamning kvaðst hann hafa sagt Hannesi Ragnarssyni fasteignasala að gamalt járn væri á þaki hússins. Þetta hafi verið borið upp við aðalstefnanda sem ekki hafi gert athugasemd við það, en hann mundi ekki hvort þetta var meðan verið var að ganga frá samningsgerð eða á eftir. Hann kvaðst fyrir misgáning hafa tekið burtu kassa með pípulagningaefni sem fylgja átti með í kaupunum. Hann kvað af hálfu aðalstefnanda engan fyrirvara hafa verið gerðan eða aðvörun veitta um greiðsludrátt 30. september 1983.

Guðbjartur Daníelsson, sem er bróðir gagnstefnanda, kvaðst hafa verið ábyrgur trésmíðameistari að byggingu hússins og áritað uppdrætti. Hann kvaðst hafa aðstoðað við gerð sökkuls og við að reisa grind og þaksperrur svo og við uppstillingu burðarveggs undir mæni, en ætlunin hafi verið að þar yrðu múrboltar til festingar. Að öðru leyti hefði hann öðru hverju litið eftir framkvæmdum. Hann kvað mistök hafa orðið er þaksperrur voru reistar og hæð þaksins orðið of lítil, að því er hann taldi sem svaraði „dregarabreidd" eða 9". Byggingafulltrúi hafi gefið munnlegt leyfi til þeirra breytinga.

Magnús R. Guðmannsson, sem var byggingafulltrúi Njarðvíkurbæjar á því tímabili, sem hér um ræðir, kvaðst sumarið 1980 hafa gefið gagnstefnanda og byggingameistara leyfi til að þakhalli hússins Kópubraut 8, Njarðvík yrði minnkaður frá því sem vera átti, sem svaraði því að mænir væri 20 sm lægri. Hann kvaðst hafa haft vissu fyrir samþykkt byggingarnefndar, enda yrði breyting á teikningu lögð fram. Hann kvaðst ekki hafa gert sér

grein fyrir að þakhalli hefði minnkað meira. Breytingateikning Hrafns Jóhannssonar tæknifræðings 20. september 1983 hefði verið samþykkt í byggingarnefnd í október-nóvember 1983. Hann kvaðst ekki hafa sett skilyrði fyrir fyrrgreindu samþykki sínu um heilar þakplötur. Byggingarreglugerð, sem í gildi var við samþykkt hússins, hefði ekki mælt fyrir um slíkt. Húsið hafi hins vegar verið að mestu leyti byggt í tíð reglugerðar frá 1979 en samkvæmt henni hefði þurft að hafa ósamsettar þakplötur þótt þakhalli hefði ekki verið minnkaður frá því sem upphaflega var ráð fyrir gert.

Hann kvað úttekt vegna sökkuls hafa farið fram 26. nóvember 1979 og vegna lagna í grunni 10. júlí 1980. Í lok októbermánaðar 1980 hafi farið fram úttekt burðargrindar vegna fokheldisvottorðs. Þá hafi hann gert athugasemd vegna festinga á þaksperrum, en hins vegar ekki gengið úr skugga um lagfæringar áður en hann gaf út fokheldisvottorð.

Hannes Ragnarsson fasteignasali, (Fasteignamiðlun Suðurnesja), kvað gagnstefnanda hafa sagt sér frá því rétt fyrir undirritun kaupsamnings að gamalt járn væri á þaki. Ætlunin hafi verið að segja aðalstefnanda frá því en hann hafi sjálfur bryddað upp á því, er verið var að ganga frá kaupsamningi, að þakið væri tvílitt og gagnstefnandi þá sagt að eitthvað af járninu væri notað. Hann kvað aðalstefnanda hafa kvartað fyrir ýmsum göllum sem komið hafi í ljós þegar hann flutti inn í húsið, aðallega varðandi festingar á þaki svo og leka og festingar á millivegg. Á fundi með aðilum í ágúst 1983 á fasteignasölunni hafi orðið samkomulag um að gagnstefnandi annaðist lagfæringar, einkum varðandi þakfestingar, og léti teikna þakið upp.

Sigurður Ragnarsson, sölumaður á Fasteignamiðlun Suðurnesja, kvaðst hafa skoðað umrædda húseign er hún var tekin til sölumeðferðar. Tilvitnaður fyrirvari í kaupsamningi hafi verið settur vegna þess að varðandi frágang innanhúss, svo sem á milliveggjum, hafi ýmislegt verið hálfunnið og borið með sér að fagmenn hefðu ekki verið að verki. Hann kvað aðalstefnanda hafa minnst á það að fyrra bragði, er frá kaupsamningi var gengið, að ekki mundi vera nýtt járn á öllu þakinu. Hann kvað snjóföl að minnsta kosti hafa verið um það leyti er frá sölunni var gengið.

Dómendur hafa farið á vettvang og kynnt sér aðstæður.

Bótakrafa aðalstefnanda sundurliðast þannig:

1.	Kostnaður við úrbætur vegna galla	kr.	94.950
2.	Kostnaður vegna efnis í pípulögn	"	2.500
3.	Matskostnaður	"	15.720
4.	Lögmannsþóknun	"	30.000
5.	Kostnaður aðalstefnanda vegna ferða til lögfræðinga, Hrafns Jóhannessonar tæknifræðings, svo		

og alls umstangs hans, rasks, sem fylgja mun lagfæringum, þrifa og vegna skoðunar sérfræðings á göllunum og bætur vegna dráttar á aflýsingu veðskulda	"	40.000
	Kr.	183.170

Af ofangreindri fjárhæð hefur aðalstefnandi haldið eftir kr. 140.000, sbr. yfirlýsing um skuldajöfnuð 7. desember 1983, og krefst hann því mismunarins kr. 43.170.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök á því að um sé að ræða verulega galla á húsinu, sem gagnstefnandi hafi leynt við sýningu þess og beri því alla ábyrgð á, en honum hafi átt að vera kunnugt um þá þar sem hann hafi unnið sjálfur að smíði hússins ásamt öðrum og sé hann valdur að göllunum með missmíð. Aðalstefnanda hafi ekki verið unnt að sjá það sem áfátt var við húsið við skoðun, en hann hafi mátt treysta því að það væri byggt samkvæmt teikningum að því og að gerð þess bryti ekki í bága við ákvæði byggingarreglugerða. Aðalstefnandi telur að gagnstefnandi hafi lofað honum því að efni í pípulögn væri á staðnum en svo hafi ekki verið. Þá telur aðalstefnandi sig hafa rétt, eftir að hafa skuldajafnað vegna gallanna á húsinu, til afsals fyrir eigninni gegn útgáfu veðskuldabréfs fyrir eftirstöðvum kaupverðsins. Að öðru leyti vísar aðalstefnandi til meginreglna kröfuréttar og samningaréttar, þ.á m. að seljandi beri ábyrgð á leyndum göllum söluhlutar, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Þá byggir hann auk þess á almennu skaðabótareglunni.

Um málavexti, málsástæður og lagarök í gagnsök vísar aðalstefnandi til stefnu og annarra framlagðra skjala í aðalsök. Ljóst sé að niðurstaða gagnsakar sé algjörlega háð niðurstöðu aðalsakar og fari því málsástæður saman í aðalsök og gagnsök.

Í aðalsök og gagnsök eru málsástæður og lagarök gagnstefnanda sem hér greinir: Aðalstefnanda sé skylt að standa við gerða samninga (pacta sunt servanda) og greiða gagnstefnanda kaupverð hinnar seldu fasteignar samkvæmt kaupsamningi, enda fái hann ekki afsal fyrr en hann hafi staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Ákvæði í samningi, vanræksla skoðunarskyldu samkvæmt 46. gr. laga nr. 39/1922 og tómlæti um kvartanir samkvæmt 52. gr. sömu laga leiði til þess að gagnstefnandi beri enga bótaskyldu gagnvart aðalstefnanda vegna galla. Þá vísar gagnstefnandi til dómvenju um bætur vegna galla í fasteignakaupum.

A. V.

Verður nú tekin afstaða til einstakra kröfuliða í bótakröfu aðalstefnanda.

1. kröfuliður.

Að því er þennan kröfulið varðar, vísar aðalstefnandi alfarið til matsgjörðar Vilhjálms Grímssonar og Jóns B. Kristinssonar, sem áður hefur verið rakin. Kröfuliðurinn styðst við lögjöfnun frá 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922.

Ekki er fallist á andmæli gagnstefnanda þess efnis að aðalstefnandi hafi firrt sig rétti með tómlæti.

Um lið 1 í matsgjörð:

Í matsgjörð er réttilega greint frá ófullnægjandi festingum þaks, sem brýtur í bága við burðarþolsuppdrætti hússins. Einnig því, að skortur á loftræstingu á þaki brýtur gegn byggingarreglugerð, sbr. reglugerð frá 24. maí 1967, kafli 7.3.2., og reglugerð nr. 292/1979, kafli 7.5.12.2. Ekki varð ætlast til að aðalstefnandi veitti þessum göllum athygli við skoðun sína.

Við vettvangsskoðun dómenda kom í ljós að þakklæðning sást ekki nema farið væri á háan stað í nágrenninu. Jafnvel þótt sönnur yrðu taldar leiddar að því, að aðalstefnandi hefði, áður en gengið var frá kaupsamningi, séð að þakjárn á húsinu væri að hluta gamalt verður jafnframt að miða við að frekari og gaumgæfileg skoðun hefði tæpast verið framkvæmanleg vegna aðstæðna á þeim tíma. Frágangur járnsins var óforsvaranlegur, einkum þegar litið er til þess hve mjög þakhalli vék frá því, sem vera átti samkvæmt uppdætti (úr 12° í 8° halla). Auk þess sem fram kemur í matsgjörð sáu hinir sérfróðu meðdómendur við vettvangsskoðun dæmi þess að neglt hafði verið í lágbárur. Svo sem fram kemur af matsgjörð og til að koma fyrir vinklafestingu, sem gert er ráð fyrir í áður tilvitnuðum updrætti Hrafns Jóhannssonar tæknifræðings, dags. 20. september 1983, þarf að fjarlægja klæðningu á þaki að hluta ásamt pappa svo og járn af þakinu og verður þá ekki unnt, að áliti hinna sérfróðu meðdómenda, að nota pappa og járn að nýju.

Fjárhæð þessa kröfuliðar er í hóf stillt og verður hann samkvæmt framansögðu tekinn að fullu til greina með kr. 76.500.

Um lið 2 í matsgjörð:

Lýst er í hverju festingum burðarveggjar undir sperruás var ábótavant og mat kostnaðar við úrbætur er hóflegt að áliti dómsins.

Við skoðun aðalstefnanda á húseigninni var veggurinn óklæddur í stofu. Hann hefði átt að sjá hvernig festingunum var háttað og vegna sérþekkingar sinnar að gera sér grein fyrir að þær voru alls ófullnægjandi. Ber því að sýkna gagnstefnanda af þessum kröfulið.

Um lið 3 í matsgjörð:

Dómurinn fellst á það álit matsmanna, að leki í barnaherbergi muni stafa frá óþéttri járnklæðningu á þaki. Vegna þess hve lekastaður er innarlega

á lofti er afar ólíklegt, að leki stafi af því að snjór hafi skafið inn undir þakbrún.

Gagnstefnandi hefur ekki hrakið matsfjárhæð þessa kröfuliðar og verður hann tekinn til greina að fullu með kr. 750.

Um lið 4 í matsgjörð, festing á miðstöðvarofnum:

Samkvæmt matsgjörð voru allir miðstöðvarofnar lausir nema í stofu, en fram hefur komið, að er aðalstefnandi festi kaup á húsinu voru ofnar í stofu fristandandi en hiti á öðrum ofnum.

Tilvitnaður fyrirvari í kaupsamningi verður ekki skilinn þannig, að hann taki til þess að ofnafestingar vantaði, enda er ófrávíkjanleg verklagsregla að þær eru settar á veggi áður en ofnum er komið fyrir og þeir tengdir við vatnsleiðslur.

Galli sem þessi telst leyndur þótt eins rík skoðunarskylda hvíli á kaupanda fasteignar og er um aðalstefnanda í máli þessu.

Gagnstefnandi hefur ekki hrakið matsfjárhæð þessa kröfuliðar og verður hann tekinn til greina að fullu með kr. 1.500.

2. kröfuliður.

Gagnstefnandi tók með sér úr húsinu Kópubraut 8, Njarðvík, af misgáningi að eigin sögn, kassa með efni til pípulagninga, sem fylgja átti með í kaupunum samkvæmt kaupsamningi.

Í stefnu var fjárhæð kröfuliðarins kr. 4.460 samkvæmt reikningi, sem aðalstefnandi hafði sjálfur ritað. Við aðalflutning málsins varð samkomulag með aðilum um að kr. 2.500 yrðu lagðar til grundvallar um kröfulið þennan, þar sem það væri hæfilegt endurgjald fyrir pípulagningarefnið, og verður hann tekinn til greina með þeirri fjárhæð.

3. kröfuliður.

Fjárhæð kröfuliðar þessa er í samræmi við framlagðan reikning matsmanna. Samkvæmt dómvenju verður afstaða tekin til hans við ákvörðun málskostnaðar.

4. kröfuliður.

Hér er um að ræða fjárhæð, sem gagnstefnandi greiddi lögmanni sínum vegna aðgerða tengdra máli þessu og til undirbúnings höfðunar þess. Afstaða til kröfuliðarins heyrir málskostnaðarákvörðun til.

5. kröfuliður.

Kröfuliður þessi er ekki studdur öðrum framlögðum skjölum en reikningi Sturlaugs Ólafssonar vegna álits- (mats-) gjörðar hans, kr. 5.400. Af hálfu gagnstefnanda er þessum kröfulið sérstaklega mótmælt, svo sem raunar

einnig kröfuliðum nr. 3 og 4, og fullyrt að hann gæti komið með aðrar slíkar kröfur á móti.

Ekki þykja vera efni til að kröfuliður þessi verði tekinn til greina.

Samanlögð fjárhæð þeirra liða, sem samkvæmt framansögðu eru teknir til greina af bótakröfu aðalstefnanda, nemur kr. 81.250.

Krafa aðalstefnanda um að gagnstefnanda verði gert að gefa út og afhenda honum afsal fyrir einbýlishúsinu Kópubraut 8, Njarðvík ásamt tilheyrandi bílskúrssökkli og lóðarleiguréttindum gegn afhendingu veðskuldabréfs samkvæmt kaupsamningi hvílir á þeirri forsendu að bótakrafa hans verði tekin til greina að því marki að einhliða skuldajafnaðaryfirlýsing hans 7. desember 1983 fái staðist, enda felst í afsali yfirlýsing seljanda um að kaupandi hafi staðið full skil á kaupverði.

Þar sem þessari forsendu er ekki fullnægt svo sem áður var greint ber að sýkna gagnstefnanda af kröfunni.

B.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsök eiga sér stoð í kaupsamningi aðila og veita gögn málsins að öðru leyti fullnægjandi sönnun fyrir þeim.

Andmæli aðalstefnanda lúta að því að gagnstefnandi hafi með skuldajöfnuði þegar fengið efndir á útborgunargreiðslum kaupsamnings og honum verið boðnar efndir að öðru leyti. Vaxtakröfu hefur ekki verið andmælt sérstaklega. Gagnkröfur verða samkvæmt þessu teknar að fullu til greina, en til málskostnaðarkröfu verður þó tekin afstaða hér á eftir.

C.

Samkvæmt kröfugerð aðila og málflutningi þykja kröfur aðalstefnanda eiga að koma til skuldajafnaðar við kröfur gagnstefnanda.

Gagnstefnandi lækkaði höfuðstól kröfu sinnar um kr. 2.500 (úr 140.000 í stefnu), er hann hafði við aðalflutning samþykkt að greiða aðalstefnanda nefnda fjárhæð vegna efnis til pípulagna (sbr. 2. kröfuliður í bótakröfu aðalstefnanda). Samsvarandi breytingar voru gerðar vegna vaxtakröfu.

Verða því úrslit máls þessa þau, að aðalstefnandi verður dæmdur til að greiða gagnstefnanda kr. 58.750 (kr. 137.500 ÷ kr. 78.750) ásamt 37% ársvöxtum af kr. 337.500 frá 30. september 1983 til 21. október s.á., en 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 13. desember s.á., en 32% ársvöxtum af kr. 137.500 frá þeim degi til 21. desember s.á., en 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. janúar s.á., en 19% ársvöxtum af kr. 58.750 frá þeim degi til greiðsludags og bætist áfallnir vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Aðalstefnandi gefi út til handa gagnstefnanda skuldabréf að fjárhæð kr. 134.058,30 tryggt með 2. veðrétti

í fasteigninni Kópubraut 8, Njarðvík, með 20% ársvöxtum frá 15. apríl 1983, til fjögurra ára með gjalddögum 15. maí og 15. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 15. maí 1984. Rétt þykir að hvor aðili beri kostnað sinn af rekstri málsins og er þá tekið tillit til matskostnaðar aðalstefnanda.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Héðni Skarphéðinssyni húsasmíðameistara og Steinari H. Geirdal byggingafulltrúa.

Dómsorð:

Aðalstefnandi, Hólmar Tryggvason, greiði gagnstefnanda, Guðmundi Bjarna Daníelssyni, kr. 58.750 ásamt 37% ársvöxtum af kr. 337.500 frá 30. september 1983 til 21. október s.á., en 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 13. desember s.á., en 32% ársvöxtum af kr. 137.500 frá þeim degi til 21. desember s.á., en 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. janúar s.á., en 19% ársvöxtum af kr. 58.750 frá þeim degi til greiðsludags og bætist áfallnir vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Aðalstefnandi gefi út til handa gagnstefnanda skuldabréf að fjárhæð kr. 134.058,30 tryggt með 2. veðrétti í fasteigninni Kópubraut 8, Njarðvík, með 20% ársvöxtum frá 15. apríl 1983, til fjögurra ára með gjalddögum 15. maí og 15. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 15. maí 1984.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.